B. Th.

Velbaarne

Hr. Etatsraad Dr. Theol. & Philos. B. Thorlacius.

Professor eloquentiæ Lat., Ridder af Dannebrogen o. s. v. o. s. v.

Ærbødigst og taknemmeligst

fra

Udgiverne.

Mag. Jons Thorkelssonar Vidalins
(Fyrrum Biskups í Skálholts-stifti)

Húss-postilla

innihaldandi

Predikanir

yfir

øll Hátída og Sunnudaga Gudspjøll
árid um kríng.

Fyrri Parturinn
frá fyrsta Sunnudegi í Adventu til Trínitatis.

11ta Utgáfa.

Prentud í Kaupmannahøfn hjá C. Græbe.

1827.

„Þar segir ein raust: prédika þú! Og eg sagdi: hvad skal eg prédika? Allt hold er hey, og allur þess gódi er svo sem akursins blómstur; heyid uppþornar, blómstrid visnar, þvíad andi Drottins blæs þar'á; sannliga er fólkid hey; heyid uppþornar, blómstrid visnar, en ordid vors Guds varir eylífliga. Esa. 40, 6."

„Géf þú ad módur-málid mitt, minn Drottinn þess eg beidi, frá allri villu klárt og kvitt, krossins ord þitt útbreidi, um landid hér, til heidurs þér, helst mun þad blessun valda, medan þín nád, vort lætur láð lýdi og bygdum halda."

Hinni

dýrkeyptu Jesú Christi Brúdi

Kristiligri Kyrkju

Guds, í Íslandi,

minni hjartkjærri Módur, óska eg fridar og heilla

af sínum unnustá!

Elskuliga Módir!

Bædi er þad Guds bod og vidtekid hjá øllum þjodum, ad børn eru skyldug ad ala foreldra sína, ef þau géta. En fátækur er eg og vanburda til þess, modir! ad ala þig, jafnvel þott ad eingum af sonum þínum sé þad skyldara enn mér; þú ert og ecki í því míns lids þurfi, því Fadir þíns Elskuga, og allra hans brædra, hefir enda bundid á sín heit, er ritud standa hjá Esajam í 49da kap.: Konungarnir skulu vera þínir fostur-fedur, og þeirra Høfdíngs-kvinnur þínar fostur-mædur. Hvørs náduga fyrirheitis ad þu ert ordin hluttakandi, eins vel og hvør þjod í kristindominum, og í krapti þessa fyrirheitis hefir hann géfid þér, eptir rádstøfun Konunga vorra, marga gudhrædda og vísa kénnendur og forstjora, sem vaka yfir sálum barna þinna; en þott eg sé þeirra veikastur, og kunni ecki miklu vid þeirra verk ad bæta, samt veit eg skyldu mína ad þoknast þér í því eg kann og má, eptir þeirri nád, sem Gud hefir géfid mér. Eg les í Exodi bokar 35ta kap., ad

þegar Gud baud Mose ad láta gjøra vitnisburdar tjaldbudina, þá hafi hann skipad, ad til hennar skyldi leggja hvør einn eptir því sem þeir sjálfkrafa vildu, sumir gull, sumir silfur, sumir kopar og dýrmæt klædi og steina, en adrir geitaull og hruta-skinn, med ødru fleira, sem þar um gétur og var í minna gildi. Medal þeirra sídurstu reikna eg mig, og má vel reikna, søkum fáfrædis míns og overdugleika; en fyrir því ad eg veit, ad þinn Herra álítur meir viljann enn máttinn, þá voga eg ad bjoda þér eptirfylgjandi predikanir í þacklætis minning, ad eg hafi leigid, og liggi enn-nú á brjostum þér. Þigg því, modir! þennan litinn skeink af hinum aumasta þénara þíns Brudguma, og þínum minsta syni, sem vill á-stunda ad finnast

Skálholti, þann 7 Augusti 1717.

honum trúr, og þig af hjarta elskandi
allt til daudans,

Jon Thorkelsson Vidalin.

Til Lesarans.

Eptir þvi ad vel=edla og vel=æruverdugum herra Biskupinum, hr. Steini Jónssyni, hefir, naudsynligrar orsakar vegna, þóknast, ad láta setja þær citatiur, sem á spatíunni stódu í þeirri skrifudu bók, sem þessi er prentud eftir, inn í Predikanirnar, þá vil eg hafa lesarann hér=med advaradann, ad nær þessar Predikanir opinberliga lesnar eru, þá skuli hlaupa yfir citatiurnar, svo þær ecki lesnar séu. Citatiur eru ei gjørdar til þess, ad þær skuli lesast í einni predikun, þvi þær uppihalda lesaranum, og gjøra lesturinn lángsamann, heldur til þess, ad hvor sem vill, kunni ad sjá eptir þvi, sem citerad er af ritníngunni, og bera þad saman, þegar hann les út af fyrir sjálfan sig. Þetta synist mér naudsynligt ad géta um vid þá, sem lesa þessa bók. Befalandi alla lesendur og heirendur hér=med Guds heilags Anda adstod og upplysingu.

Skálholti, dag 9 Martii, 1718.

Og vil altid finnast eptir skyldu minni þeirra viljugur þénari í ollu þvi, sem mér er af Guds álfn tiltrúad.

Jon Vidalin.

Þad er þjódkunnugt, ad hin dýrmæta húss=postilla vors ódaudliga landsmanns, Biskups sál. Jóns Thorkelssonar Vídalíns, kom fyrst fyrir almenníngs sjónir frá Hóla=stóls prent=smidju 1718, og ad hún brádum vard svo ástsæl hjá alþýdu, ad menn létu hana, á þvi fylgjandi 70u ára tímabili, tíu=sinnum á prenti útgánga. Sídarsta útgáfa hennar kom út á Hólum 1798, og eru nú þvínær 30 ár lidin sídan; skømmu seinna breyttist svo hagur þessa stadar, ad ei var lengur þadan þvílíkra atburda von. Þad er því ei ad undra, ad bókin sé nú ordin vída sjaldgæf og jafnframt of=dýr, og ad allmargir hafi á seinni tídum kvartad yfir þessum vanhag. Vér urdum af bréfum og bodum þessa vísir, og tókum, sem kunnugt er, rád vor saman, ad bæta úr þessari andligu naudþurft landa vorra, þar tvísýnt þótti hvert þeim mundi brádum audid verda ad fagna henni frá innlendri prent=smidju. Med fylgi og fullthngi gofugra Islands elskara bædi hér og heima, en þó sérílagi fyrir landsfødurliga mildi vors Konúngs, er allranádugast styrkti oss med peninga=láni, hlotnadist oss, umkomu=litlum Islands sonum, sú gæfa, ad láta þenna þjódar=dýrgrip í ellefta sinni á prenti útgánga, og leggjum vér nú fyrri part hans á skaut ydvart, elskudu og heidrudu landar! fulltrúa um, ad þar heimsæki ydur kjær géstr af framandi landi. Med rádi einhvors hins merkasta Prests á Islandi høfum vér látid Postilluna prenta eptir hinni 6tu útgáfu, samanborinni vid þá fyrstu, sídurstu og tvær adrar. Vér høfum, samkvæmt heitum vorum, ekkert undanfelt í bókinni og eingu brjálad, hverki setníngum né orda=tiltækjum, en einasta lagad réttritun hennar eptir þvi, sem rithøfundum á seinni tídum hefir þótt betur eiga vid edli og uppruna ennar íslenzku túngu, og allvída breytt þeim svo kølludu málhvíldar=merkjum, þar sem þurfa þótti. Géfi þad gódur Gud, ad þessi vor tilraun, ad gagna og gledja ydur, verdi ydur øllum ad æskiligustu sálar=notum!

Í Kaupmannahøfn, á Pálma sunnudag. 1827.

Gunnlaugr Oddsson. Þorgeir Gudmundsson. Þorsteinn Helgason. Þórdr Jónasson.

Bæn fyrir predikun.

O, þu stori Konungur allrar veraldarinnar, sem býr í því ljosi, er einginn fær tilkomist! vér syndugir ormar skrídum á þessari blessadri stundu upp ur voru dupti fram á skør þinna fota, til ad fridmælast vid þína guddomliga hátign, er vér med saurugum verkum og illgjørdum vorum svo þrálıga modgad høfum allt í frá barnæsku vorri. En æ oss, Drottinn! vér erum svo vanmegna undir byrdi syndanna, ad þegar vér girnumst ad lypta oss upp í hædirnar til þín, þá draga vor eigin saurindi oss nidur aptur. Þu hefir ad sonnu fyrirgéfid oss margar syndir, og sparad oss midt í þeim, allt á þennan dag; en vort hjarta skélfur í oss og kvídir vid þinn stránga réttlæti, nær vér til þess hugsum, ad vér þverbrotnar manneskjur høfum svo lángsamliga forsmad þína miskunsemi, og sjálfir onýtt svo marga kvittun vorra synda, er vér þegid høfum, med þverudarsamligri idkun sømu glæpa og illgjørda. Hvørt skulum vér þá flýa undan þinni hendi? þu uppfyllir bædi himin og jørd; en þín miskunsemi er eins stor og þu sjálfur; hun hefir øllum þeim vel-géfist, sem hennar med bljugu hjarta og sundurknosudum anda leitad hafa; og ef vér sem erum hey-strá, megum ecki snerta þig, sem ert einn fortærandi eldur, þá leyf oss ad skrída ad Sonarins fotum, sem er hold af voru holdi, og þvo þær í tárum vorrar ydranar. En æ, vor Gud! vér vitum ad hann er í heiminn kominn til ad lækna þad sem kramid er: hvad kann þad oss ad gagna, ef vort hjarta er heilt? ef þad er hardara enn nockur steinn? því grátbænum vér þig, fyrir hans dýru kvøl og blodugar undir: slá þu, o, Herra! á þennan harda klett med Moses sprota, svo ad vatns-straumarnir, já, eitt brennandi vatns-flod megi spretta þar ut af, til ad þvo vorar ohreinar samvitskur! Lát einn gloandi ánda brenna upp allt sorp annarligra þánka ur voru hjarta, sem er þitt musteri, svo þín ord fái rum þar inni! Lát oss ecki heyra þad svo í dag, ad þad fordæmi oss á sídarsta degi, heldur gef ad þad verdi eptirlæti sálna vorra! Lát þess sætleika burtdrifa allt tomlæti og gáleysi frá oss, svo vér vardveitum þad í godu og sidsomu hjarta! þess bidjum vér þig, fyrir Jesúm Christum þinn Son, med hans eigin bæn, segjandi: Fadir vor, rc.

Bæn eptir predikun.

O, þu háleita Guddomsins þrenníng, einn Gud og sannur frá eylífd til eylífdar! vér aumir syndarar liggjum hér flatir fyrir augliti þinnar hátignar, til ad offra þér þacklæti vors munns fyrir þínar outsegjanligar velgjördir, er þín milda örlætis hönd oss óþacklátum og þverbrotnum manneskjum andsýnt hefir, bædi í andligan og líkhamligan máta; en æ oss, Drottinn! vér erum svo kaldir í bæninni, ad vér ottast megnum, ad þú viljir skirpa oss út af þínum munni, nema þu vermir vor hjörtu. O, vor Gud! lát þinn goda Anda, bidja ásamt vorum anda, med oumrædiligum andvörpunum, svo ad þér líka mætti forn vara vorra fyrir Jesúm Christum. Vér þöckum þinni guddomligri elsku fyrir þitt h. ord og þau háleitu sakramenta, á hvörjum þú fostrad hefir og nært vorar sálir, ad ei skyldum vér utaf sofna í daudanum. O, vor Gud! lát vorar illar athafnir, vort gáleysi og óþacklæti, aldrei því valda, ad þú sviptir oss þessari himnesku gáfu.

Géf ad þitt ord, sem vér í dag höfum heyrt og numid, megi blómgast í hjörtum vorum, svo ad þad færi þann ávöxt, er sýni sig bædi í ordum og verkum, svo þitt háleita nafn vegsamist í oss, hvörja þú virdist ad nefna þitt folk og eigindom. O, Drottinn! vort hjarta er þitt, eptir rétti sköpunarinnar, endurlausnarinnar og helgunarinnar, þad er þín kyrkja, en heimurinn, vort hold, og Djöfullinn girnast ad festa sinn fot þar inni, og æ því verr, ad þad tekst þeim framar, enn vér gjarnan vildum; o, vor Gud! yfirfall þau med þinni makt, og tak þína eign af þeirra hendi, svo ad þínir ovinir brirkt ecki þínum herflockum. Þú, voldugi Konúngur! sem ert sterkur og máttugur í stridi, lát hinn guddómliga krapt þinna heilögu orda verda svo ríkan í hjörtum vorum, ad oss velgi vid syndinni, svo sem annari óþekt. Géf þú ad minníng hinna fornu glæpanna verdi oss svo skélfilig, ad oss hrylli vid þeim, svo sem annari ófreskju. Géf oss ad temja vor hjörtu, vora tungu og eyru á þad, sem á ad vera sídan vor ædsta gledi og eptirlæti í dyrd himnanna, sem er þín elska, þín íhugan, þín lofgjörd og þacklæti fyrir þínar guddómligar dásemdir á medal vor, og veit, ad ver leggjum hid mesta kapp á, ad framkvæma þad í verkunum, sem vér þenkjum í hjartanu, tölum med munninum og heyrum med eyrunum, ad ei gaungum vér í þeirri blindi, ad hafa skyn gudhrædslunnar, en afneita hennar krapti.

O, Þú stóri Kouúngur himins og jardar! vardveittú Þinn smurda, vorn allra=nádugasta Arfa=Herra og Konúng, hans háborun Drottníngu, og vorn náduga Arfa=Printz, og allt Þad konúngliga hús. Vertú Konúngsins skjoldur og sól, og eitt ørugt vígi á=móti ǿllum hans óvinum. Lát hans ríkis=stjórn farsæla verda, og géf hønum lánga lífdaga; umgird hans tiguar=stól med hersveitum Þinna voldugu eingla; géf Konúnginum hlýdna, trúa, ørugga og rádholla undirsáta; lát hann svo stjórna í Þínu umbodi her á jørdunni, ad hann megi eylífliga med Þér ríkja í himninum. O, Herra Jesú Christe! Þú sem ert hinn mikli hirdir saudanna, fyrir blód Þess eylífa Testamentis, vardveittu kénnendur ordsins, Þína Þénara; lát Þá aldrei gleyma Því, ad Þeir eiga Þér reikníng ad standa fyrir Þitt dýra blód, med hvørju endurkeyptar eru Þær hjardir, er Þú hefir sett Þá yfir, en vert Þeirra vernd og forsvar móti ógudligum og óhlutvøndum mønnum, nær Þeir gjøra verk Þinnar kallanar trúliga, og trod Andskotann undir Þeirra fætur. Vor Gud! stjórna Þú valdstéttinni og Þeim er í dómunum sitja, upplýs hjørtu Þeirra, ad Þeir skilji réttinn og géf Þeim vitsku til ad dæma Þitt fólk, med vilja og ástundan ad gjøra Þar eptir. Tak ad Þér, ó, Gud! hús=stjórnar=stéttina, lát øll ektahjón elskast innbyrdis í falslausum kjærleika og uppala sín børn og hjú í aga og umvøndun til Drottins, en børnum og hjúum hlýdin og audsveip hjørtu, ad Þau séu foreldrum og húsbændum undirgéfin í øllu Því, er Þeim eptir Guds ordi og laganna skyldu tilsagt verdur.

O, Drottinn! annast Þú alla Þá, sem naudstaddir eru og bera Þíns Sonar kross á herdum sér, væg Þeim, vor Gud! fyrir hans skuld, sem lidid hefir, uppá Þad hann kynni ad hjálpa Þeim, sem freistadur er. Um alla hluti fram grátbænum vér Þig, himneski Fadir! forlát oss vorar blódugar illgjørdir og syndir fyrir Jesú Christi sáru kvøl og pínu. Minst Þess, ad hann fyrir oss í daudan er útgéfinn af Þinni guddómligri elsku, Þegar vér enn Þá vorum Þínir óvinir; virdstu Þarfyrir ad gleyma vorum yfirtrodslum, fyrir hvørjar hann fullnægju gjørt hefir, Þar vér fyrir hann og í hønum erum børn ordnir, og — nær vor æfi er ad Þrotum komin, vor Gud! og vér liggjum fyrir daudans porti, horfandi fram á veg allrar veraldar, rétt oss Þá Þína mildu hønd, vor Gud! og lát oss deya med vorn Endurlausnara í fadminum, svo vér megum eylífliga med Þér og hønum lifa. Bænheyr Þetta, nádugi Gud og Fadir! fyrir Jesúm Christum, í hvørjum allar vorar bænir eru: já og amen!

Fyrsta Sunnudag í Adventu.

Gudspjallid skrifar Matthæus í 21 Capitula.

Í þann tíma. Og þá er þeir tóku ad nálgast Jerúsalem, og komu til Betphage vid fjallid Oliveti, útsendi Jesús tvo sína lærisveina og sagdi til þeirra: Farid þid í þad kauptún, sem gagnvart ydur er, og strax munud þid finna øsnu bundna og folann hjá henni, leysid hana og leidid til mín. Og ef einhver segir nockud til yckar, þá segid þad Herrann hafi þeirra þørf, og jafnsnart mun hann láta þau laus. En þad skédi svo ad uppfyltist hvad sagt er fyrir spámanninn, er svo segir: Segid dótturinni Zíon, sjá, þinn kóngur kémur til þín hógvær, sitjandi á øsnu, og á fola klifbærrar øsnu. En lærisveinarnir geingu í burtu, og gjordu svo sem Jesús baud þeim og leiddu med sér øsnuna og folann, og løgdu sín klædi yfir þau og settu hann þar uppá. En margt fólk breiddi sín klædi á veginn, og adrir hjuggu kvistu af trjánum og dreifdu þeim á veginn. En þad fólkid, sem fyrir þeim géck og eptirfylgdi, kalladi og sagdi: Hósíanna syni Davíds, blessadur sé sá sem kémur í nafni Drottins, Hósíanna í hædstum hædum!

Exordium.

Í pistlinum til Phil. 2. kémst heilagur Pálus þannin ad ordi: Verid eins lyndir og Jesús Christus, hvør þótt hann væri Guds mynd, hélt hann þad ecki fyrir herfáng ad hann Gudi jafn var, heldur lítil-læckadi hann sjálfann sig, takandi á sig þræls mynd, og ordinn mønnum líkur. Postulinn segir, hann hafi þad ecki fyrir herfáng reiknad, þótt hann Gudi jafn væri. Þeir ed herfáng tekid hafa, stæra sig þaraf, brúka þad til yfirlætis, gjøra þaraf forkostulig sigurmerki, breyta vid þá herleiddu sem þeim líkar, svo þad var málsháttur hjá Grickjum, ad halda þann hlut fyrir herfáng, er einhver brúkadi ríkmanuliga. Jesús brúkadi ecki þannveg Guds mynd, þótt hann væri alls rádandi bædi á himni og jørdu, Matth. 28. samt hafdi hann ecki vald sitt vid yfir aumum manneskjum, hverjar hann var kominn ad endurleysa af myrkranna valdi, heldur gjordist þeim líkur, já, þeim undirgéfinn, þoldi mótmæli og alskonar hádúngar af syndurum, er hann med audvirdíngu þessari endurkeypti úr syndarinnar þrældómi, og hélt ecki Guds mynd herfáng ad vera, so hann med sinni þjóns-mynd, fengi herleidínguna ad herfángi tekid, Ps. 68. En afklædt hinn sterka hervopnada Djøful sinni harneskju, Luc. 11. og med hlekkjum myrkranna fjotrad, 2. Pet. Þegar Satan tók vora fyrstu foreldra til fánga í Paradís, og í þeim alla þeirra eptirkomendur, þá taldi hann þeim trú um þad, ad ef þau æti af eplinu, mundu þau Gudi lík verda, Gen. 3. en þau hlýddust á hans slægdarfullar fortolur, töpudu því Guds mynd, en gjørdust fjandanum lík, hverjum þau framar hlýddu enn Gudi, og fyrir þettad rán Guds myndar tók Jesús uppá sig þræls-mynd, og hélt þad ecki svo sem rán edur herfáng þótt hann Gudi jafn væri. En þótt ad vor Frelsari ecki brúkadi sína almættis tign í manndóminum, medan hans lægíngar-tími yfirstód hér á jørdunni, þá hefir hann samt eitt annad ríki af Gudi og Fødur, sem er hans voldug stjórnan í christiligri kyrkju med ordinu og sacramentunum. Þar um talar so Davíd undir Guds persónu: Eg hefi smurt minn konúng og sett hann yfir mitt heilaga fjall Zíon, Ps. 2. En þótt ad Guds ríki komi ecki þannveg, ad þad adgjætt verdi, svo sem Herrann segir, Luc. 17. þá sjáum vér þó nockra líking þess edur skugga í þessa h. dags Evangelio, þar ed Jesús rídur inn til Jerúsalem so sem einn konúngur, ecki einasta til ad uppfylla

spádóm Zachariæ, hvers hér getid verdur í gudspjallinu, og þannin hljódar, Zach. 9. Segid dótturinni Zion: sjá þinn kóngur kémur til þín hógvær, sitjandi á ösnu og á fola klifbærrar ösnu. Heldur til þess ad afreka og útvega sína christiliga kyrkiu, sem er einn konúngligur kjénnimannskapur, og þad med sínu eigin blódi, hvar um Esaias spáir, Cap. 62. á þennan hátt; sjáid Drottinn hrópar allt til enda jardarinnar, segid dótturinni Zion, sjá þitt hjálpræði kémur. Og sokum þess, börn mín, ad þetta hróp hefir og heyrst til vor, sem ad búum á enda veraldarinnar, og oss verdur ásamt ödrum þetta hjálpræði bodad, þá látum oss af þessu heilaga Evangelio yfirvega í þetta sinn, hvílíkum ad þessa kóngs undirsátum byrji ad vera. Gud fadir myskunsemdanna géfi oss nád sína þar til fyrir Jesúm Christum, amen.

Utleggíngin.

Þeir munu ecki allir sem til mín segja, Herra, Herra, inngánga í Guds ríki, segir Jesús, Matth. 7. heldur þeir sem gjöra vilja míns Födurs, sem á himnum er. Margir munu þeir vera í safnadi Christs hér á jördunni, sem eins eru lyndir og Júdar fordum daga, er sögdu: vér viljum ecki láta þennan drottna yfir oss, Luc. 19. þó er Christur allra þeirra konúngur, allir vill hann ad hólpnir verdi, og komist til sannleiksins vidurkénníngar, 1. Tim. 2. En svo sem þad, ad einn konúngur, hann er konúngur bædi þess er hann lætur undir exi draga vegna glæpa sinna, svo sem hins, er hann setur sér á hægra veg, svo eru og bædi vondir og gódir í Christí ríki, og hann drottnar eins vel yfir þeim, til hverra hann vill segja á efsta degi: farid frá mér allir illgjördamenn, Matth. 7. svo vel sem hinum, er hann kvedur þessum ordum: Komid blessadir míns Födurs, og eignist þad ríki, sem ydur er fyrirbúid í frá upphafi veraldar, Matth. 25. jafnvel þótt ecki láti þessir hverntveggju sér eins stjórna af anda Drottins. Hvad byrjar oss þá hér um ad þenkja Guds börn? Eg meina ad láta oss umhugad vera, ad lúka þessum konúngi skyldur þær sem hann af oss heimtir, og er sú helsta, ein audmjúk hlýdni. Jesús baud sínum lærisveinum ad fara í þad kauptún sem gagnvart þeim var, þar mundu þeir finna ösnu bundna og fola hjá henni, þau skipadi hann ad leysa og leida til sín. Þeim hefdi mátt til hugar koma, ad ei væri skipun þessi svarlig; þeir mundu áräsum mæta, ef þeir tæki svo annara manna eigur óadspurt; en þeir fást ecki um þad, heldur gjöra sem þeim bodid var. Gjör slíkt hid sama christinn madur, lát einskis bod edur bann vera þér jafnskylt sem þíns Guds; hlýdni er betri enn offur segir andi Drottins. 1. Sam. 15. Heyr hvad hinn eingétni sonur Guds segir, þegar hann innkémur í heiminn, Psalm. 40. Offur og fórnfæríngar þóknast þér ecki, en mín eyru hefir þú ígégnum stúngid, brennifórnir og syndaoffur viltu ecki, þá sagdi eg, sjá eg kém, í bókina er skrifad af mér, þinn vilja, minn Gud! gjöri eg gjarna. Hver Davíds ord S. Páll til Hebr. 10. heimfærir uppá vorn Endurlausnara. Hafi nú hinn eingétni sonur Födursins verid honum svo hlýdinn, hver þó med sínni forþénustu hefir sjálfum sér eckert forþénad, hvad miklu framar ættir þú Gudi ad hlýdnast, sem honum ecki einasta sál og líf skyldugur ert, heldur og þar ad auki ótal tíu þúsund punda, Matth. 18. og þau svo mörg, ad þú aldrei fær honum lokid þann sídasta peníng, ef hinn stóri Konúngur himins og jardar vill reikníng halda? Hvad þá christinn madur? Muntú ecki um alla hluti framm skyldur honum ad hlýdnast, sem fyrir þig hefir alt þetta goldid, svo Gud hefir uppgéfid alla skuldina, ad ecki yrdi þér kastad í hin ytstu myrkur, en straffad hann

sem var hreinn og heilagur, og fráskilinn syndurunum? Hebr. 7. Já, hann hefir hans eyru í gégnum grafid, eins og þræls þess, er ecki vildi laus verda á fagnadar=árinn, Exod. 21. hvern hans húsbóndi mátti festa á eyranu vid sinn dyrastaf, ad hann væri hans þræll upp þadan æfinliga. Muntú neita honum þinnar þénustu, er þvílíka smán hefir lidid þér til frelsis, þar þó Christi þræll ad vera, er eintómis frelsi, og hans þénusta, er øllu herradæmi ædri. Svo þad er sannkvedid, er sá guds=madur orti fordum: "Kóng minn Jesú eg kalla þig, kalla þú þræl þinn aptur mig, herra=tign aungva ad heimsins sid, heldr eg þar megi jafnast vid." Því segir og Páļus, Rom. 8. Þér hafid ecki medtekid þrælkunar=anda aptur til hrædslu, heldur hafid þér medtekid arfleidslunnar anda, fyrir hvørn vér kollum Abba Fadir; en ef vér børn erum, þá erum vér og erfíngjar, já, erfíngjar Guds og samarfar Christi. En segid mér, hvad munu øll ríki veraldarinnar vera ad reikna vid þad, ad eiga arfskipti vid hann, sem Gud ecki alleina hefir géfid eudimørk veraldarinnar til arfleifdar, Psalm. 2. heldur og sett hann sér til hægri handar, Psalm. 110. og mun leggja alla óvini hans til fótskarar honum, 1. Cor. 15. O, hvørsu blind er þá manneskjan? Menn leggja allt kapp á, ad komast í týginna manna þénustu, hvar þó tíu þjóna fyrir eins lukku ástundum, svo margur má þjóna lengi ádur enn hann kémst til þess, sem þó er í sjálfu sér ecki annad enn þrældómur, og ígégnum mikinn þrældóm brýst fávitska mannsins til annars meira, hvar þad gengur optliga mjøg andhælis til, svo ad þeir sem dyggvastir verid hafa og drottinn=hollastir, þeir fá hina verstu útreid ástundum, en þeir eru í hávegum er á svikrádum sitja, en ad gjørast hyrdmadur Christí, skeyta fáir um, jafnvel þótt hans þénusta standi øllum til boda, þar er ei Gydíngur né Grickur, ecki þræll né frelsíngi, ei ríkur né fátækur, ei vís né vankunnandi fráskilinn, heldur eru þar allir eitt í Christo Jesú, Gal. 3. En þess er at gjæta, børn mín, ad sá sem vill gánga Christo til handa, hann skal ecki tvískipta hjarta sínu, heldur géfa hønum þad allt. Ecki segi eg þad, ad hver einn skuli ei þjóna í þeirri kallan, hvar til hann er kalladur, eda ad undirgéfinn skuli ei undirgéfinn vera, því sá sem gjørir verk sinnar kallanar, hann þjónar Christo, sem þad hefir bodid; hann sem yfirvaldinu hlýdnast, hann gjørir og Christi skipan, er sagt hefir: Géfid keysaranum hvad keysarans er, Matth. 22; og hann sem leitar næríngar sinnar med ærligu erfidi, hann hlýdir hønum er þad bodord gaf: í sveita þíns andlitis skaltu þíns brauds neyta, Gen. 3. Hitt segi eg, ad sá sem vill þessa konúngs þegn vera, hann leiti fyrst Guds ríkis, og hans réttlætis, Matth. 6. og meti eckért af þessu jafnframt hønum, miklu sídur hlýdi annara bodi edur fortølum meir enn hans. Segid mér, hefir ei Gud bodid ad foreldrana skyldi heidra hvad mest af mønnum, og lagt bølvan vid, ef nockur þá vanheidrar? Devt. 27. En þó segir Jesús, sá sem elskar fødur edur módur framar mér, hann er mín ecki verdugur, Matth. 10. Gud hefir skipad ad madurinn skyldi yfirgéfa fødur og módur, og samtengjast sinni ektakvinnu, Gen. 2. En hvad segir Móses hér um? Devt. 13. Ef þinn bródir, sonur módur þinnar, edur sonur þinn, edur dóttir þín, edur þín eigin=kona, sem hvílir í þínu skauti, edur vinur þinn, sá sem er eins og þú, vilja locka þig, segjandi: Látum os fara og dýrka annarliga Gudi, þá skaltu drepa hann, þín hønd skal

vera fyrst á móti honum, til að deyða hann, og síðan alls Ísraels. Nú kynni einhverjum í hug að fljúga, hvílíkir skulu þá Christs þegnar vera? Mega honum ecki þjóna nema syndlausir og heilagir menn? Það em eg ecki, og gét ecki verið, á meðann eg lifi í holdinu, því eg em dauðligur maður, undir syndina seldur, Róm. 7. Og þegar eg vil gjöra hið góða, þá loðir það vonda við mig; hvað skal eg hér til segja? Þó eg sé skyldur Christo að þjóna af öllu hjarta, þá gét eg það ecki, því það góða sem eg vil gjöra, það gjöri eg ecki, en það vonda sem eg vil ecki gjöra, það gjöri eg. Heyr, christin maður, Guðs sonur er í heiminn kominn til þess, að kalla syndugа en ecki réttláta til yðranar, Matth. 9. Væri von á því, að vér gjætum fullnægt Guðs lögmáli, þá væri Christs forþénusta oss ónauðsynlig. En ecki hefir Guð sendt hann í heiminn til þess, að vér mættum þess óhultar synda, ecki yfirgnæfir hans náð í Christo þar til, að vér skulum í syndunum lifa, Róm. 6. heldur hefir hann þarfyrir liðið kvöl og dauða, að hann vissi, að vér mundum með syndinni Guðs náð og vinganоptliga af oss brjóta. Þar fyrir segir Johannes, 1. Pistl. 2. Börn mín, þetta skrifa eg yður til, að þér syndgist ecki, en ef nockur syndgar, þá höfum vér talsmanninn hjá föðurnum Jesúm Christum hinn réttláta. En gjætið þess, christnir menn, að syndinn er marghättuð. Þar eru syndir sem verða að óvilja, og af fávitsku, um hverjar Guðs lögmál svo talar, Num. 15. Ef nockur sála syndgast óvitandi, þá skal hún fórnfæra ársgamalli geit fyrir syndina, þvílík var synd Páls, er hann offókti Guðs söfnuð, fyrir því segir hann, eg hefi miskun hlotið, af því að eg gjörði það óvitandi í vantrú, 1. Tim. 1. Item Abimelechs, er hugði at taka Saram Abrahams hústrú frillu=taki, og vissi ecki að hún var hans eigen kona, Gen. 26. Aðrar ské af bráðræði einu, þá manneskjan sem er hneigð til hins vonda, gefur sér ecki stundir til at láta Guðs anda eður skynsemina við sig ráða, svo sem þegar Moses sló hellunna tvisvar, Num. 20. Þegar Davíð hét að farga Nabal, og öllu kallkyns í hans húsi, 1 Sam. 25. þegar hann fólkið taldi, 2. Sam. 24. Og það er það sem Pálus kallar, Gal. 6. að verða yfirstíginn af einhverri hrösun. Nockrar verða og af mannligum breiskleika, hver að jafnvel Guðs börnum fylgir, æ svo lengi þau bera eptir sér þennan dauðliga líkama, og það eru þeir gjörníngar syndugs manns, sem holdið og andinn eru að glíma um, og géta aldrei sættst þar uppá, því að hvert stríðir ámóti öðru, Gal. 5. Og þær fæðast þegar andinn lætur sigrast af holdinu, og verða hér ýmsir undir, því verr, að sú synd sem í oss býr, hverja Postulinn hold nefnir, Gal. 5 hún verður optliga sterkari. Þetta verða ástundum þúngar syndir, og sérdeilis Guðs=börnum nærri óbæriligar, en þó reiknar Guð þær ecki endurfæddum manni til dauða, þegar þær með hreinni og alvarligri yðran fyrir Lausnarans forþénustu bættar verða. Hvar fyrir? Því þar er engin fordæmíng hjá þeim, sem eru í Christo Jesú, þeim sem ecki eptir holdinu gánga, heldur eptir andanum, Róm. 8. En þeir kallast ecki að gánga eptir holdinu, sem með andanum leitast við að deyða holdsins gyrndir, jafnvel þótt tilberi að það fái yfir=hönd, allt svo leingi menn géfa því ecki taum, það menn þjóni því í þess gyrndum. Og því segir Davíð, Psalm. 19. Hver skilur hvað opt hann villist, afleys mig af mínum heimugligum syndum, og hallt þræli þínum aptur frá þvermóðskunni, að þær drottni ecki í mér, þá mun eg heill verða.

Nú eru þar aðrar syndir, sem maðurinn, ecki einasta gjörir með fullum ásetníngi,

um hverjar Drottinn talar Num. 15. Sú sál er drýgir syndina med uppréttri hendi, (þad er med ásettu rádi) hún vanvyrdir Drottinn, því hún forachtadi hans ord, og ónýtti hans bod; heldur og láta þeir syndina drottna í sínum daudligum líkama, fyri utan alla baráttu á móti henni, og ljá limu sína henni til vopna, hverja hún brúkar med sjálfskyldu Andskotanum til þjónustu, en Drottni til styggdar, svo sem einn handverks-madur sitt verkfæri. Þessir eru þeir, er Jesús kallar þræla syndarinnar, Joh. 8. Og þannveg eiga ad skiljast ord Joh. 1. Ep. 3. er hann segir: ad sá sem drýgir syndina, hann sé af Djoflinum. Hinn ágjarni þeinkir ecki um annad, en hvernig hann megi fylla sitt hús af annars sveita med réttu og rangu. Þjófurinn sem er hans stall-bródir, hyggur ad vakinn og sofinn, hvernig hann stela megi. Hinn drambláti þenur sig út sem annad lárberja tré, Psalm. 37. hann nýtur ei svefns né matar, ef einhver vyrdir hann minna, en hans þótti býdur. Hinn metordagjarni sparar aungva íllmensku til þess ad tilla sér upp í vyrdíngarnar. Jóab sveifst ecki ad taka lífid af Abner og Amasa, og þó med flærd og svikum, til þess ad hann sé óhultur um nafnbætur sínar. Hinn øfundsjúki etur sitt egid hjarta, hans ormur sofnar ecki, ef hann sér ad nockrum gengur vel, hann eyrir aungvu nema ad einhver steiti sig, og hefir aungva skémtan nema af annara ólucku. Hinn bakmálugi fiskar í annara ávyrdíngum, hann leitar smásmugliga eptir því er ødrum yfirséſt, hann þeinkir sig um, hvernin hann fái einhverju þar líkliga vidaukid, og gjørir tíu pund af einu, því sem andskotinn hefir honum í hendur fengid. Lygarinn spinnur sitt verk af sínum eigin ydrum eins og kóngulóinn, og brýtur heilann til at ljósta því upp, sem aldrei er tilhafid. Hinn flárádi grefur eina grøf baki brotnu til ad steipa hinum einfalda þar í. Allt þetta vinna þeir ed so eru lyndir med ástundan, fyrir utan allann Guds ótta, edur nockra mótstødu gégn Andskotans, heimsins og holdsins vélum. Þessir láta syndina drottna í sínum daudligum líkama. Og þetta er sú þvermódskan er David bidur Gud ad halda sér frá, Ps. 19. Ad sønnu er þad satt, at Guds sonur er fyrir þessar syndir dáinn, því hann er fórlíkun fyrir allar veraldarinnar syndir, 1. Joh. 2. Hvad og audséd er af dæmi Manassis konúngs, 2. Pat. 33. hinnar bersyndugu, Luc. 7. ræníngjans, Luc. 23. og annara láugtum fleiri. Þó er næsta hætt vid því, brædur mínir, ad slík ydni syndanna sem madurinn temur sér án allrar ydranar, án alls ótta fyrir Guds straungu hótunum, án alls ásetníngs til apturhvarfs, edur og med hégómligri rádagjørd, ad ætla sér þá ad ydrast, þegar oss gott þykir, sem kanské seint þyki, edur þegar oss syndin leid verdur, er máské aldrei verdi, ad þessi ydja, og inndruckinn vani til syndsamligs athæfis, megi snúast upp í fráleitt sinni, Róm. 1. upp í forbrenda samvitsku, 1. Tim. 4. um hverja Pálus talar, Eph. 4. ad þeir gángi í hégóma síns hugskots formyrkvadir í huxunum, fráskildir lífi Guds, fyri þad þeckíngarleysi sem í þeim er, søkum hardúdar þeirra hjarta, hverjir þá þeir hofdu mist alla tilfinníng, gáfu þeir sig til lausúngar, ad fremja allann óhreinleik med ágyrni, so sem voru Pharao, Júdas, Achithophel, og þeir adrir sem Postulinn kallar sjálfdæmda, Tit. 3. En þad segi eg í Guds stad, og í umbodi hans eingétins sonar Jesú Christí, míns herra, hvert eg á hendi hefi, ad jafnvel þótt ad nádin yfirgnæfi syndina, þá er sá aungvannvegin konúngsins Christí réttur þegn, né sannur limur hans kyrkju, er vísvitandi og ydrunarlaust framm fer í syndum og glæpum, med því móti sem ádur hefi eg

sagt; Því Guds sonur er til þess í heiminn kominn, ad kalla syndugа til ydranar, Matth. 9. en ecki til þess ad þeir skulu syndga uppá nádina; til þess ad menn skýrist í hans nafni til ydranar, Act. 2. en ecki til athugaleysis né undanndráttar; til þess ad þjóna honum í endurnýungu lífdaganna, en ecki til þess ad gefa djoflinum hinn mesta hluta þeirra, en ætla Gudi hinn sídasta part æfinnar, sem enginn veit nær þrýtur. Eg veit ad þeir sem komu um ellestu stund í víngardinn, fengu jafnt vid hina, sem borid hofdu hita og þúnga dagsins, Matth. 20. en þú hefir kalladur verit um sjottu og níundu stund, hvad veistu af því ad þú munir ná hinni ellestu, muntu kunna Gud fyri þad, þótt hann láti þig hafa jafnan hlut med þeim til hverra sagt var: Enginn þeirra manna sem bodnir voru munu smacka mína kvoldmáltíd, Luc. 14. Villtu heimta þad af konúngi himins og jardar, þú sem ecki ert einasta mold og aska, heldur landrádum sekur vid hinn lifanda Gud, ad hann lét kvelja sinn eingétinn son til þess, ad þú þess triggvar mættir í allri óhæfu þjóna Fjandanum, hver ad er Guds svarinn óvinur. Er þad ecki nóg, ad hann hefir látid greptra þig fyrir skýrnina med Christo til daudans (þad er til ad deya syndinni) svo ad líka sem Christur er uppvakinn frá daudum fyrir dýrd fodursins, so kunnir þú ad gánga í endurnýúng lífdaganna. Reinid þarfyrir christnir menn, hvert þér erud í trúnni, 2. Cor. 13. hvada lyst þér hafid til gódra verka, hvorn leida á syndinni, og ef þér finnid brest á slíku, þá gjætid ad ydur í Jesú nafni, forsmáid ecki ríkdóm hans þolinmædis og lánglundargéds, heldur gjætid þar ad, ad hans gjæska leidir til ydranar, so ad þér ecki safnid ydur reidi á dag reidinnar, og Guds réttlætis dóms, Róm. 2. Hver eyru hefir ad heyra hann heyri þad, og bidji Fodur ljósanna, frá hverjum ad kémur oll gód gjof, og oll fullkomin gjof, Jac. 1. ad gefa sér ydran til sannleiksins þeckíngar. Jesú lærisveinar logdu klædi sín yfir osnuna; og settu hann þar uppá; þeirra dæmi fylgdi fólkid, er breiddi sín klædi á veginn. Án alls efa hefir þessum til hugar komid, ad Jesús mundi í þad sinn ætla ad upprétta hid jardneska Israels ríki, því þad var háttur Gydínga ad breyta þannin vid þá sem nýliga hofdu stjórn tekid, hvad sjá má af 2. Reg. 9. Þegar spámannsins þénari hafdi smurt Jehú til konúngs, þá breiddi hver af hans herra þénurum sitt klædi undir hann á þad hædsta af troppunum, og sogdu: Jehú ríkir. Og þó nú ad bædi lærisveinarnir og fólkid villtust í þessu, þá er þad samt skéd af Drottni, til ad teikna þarmed hans konúngs-tign, hvern Gud Fadir hefir smurt yfir sitt heilaga fjall, Psálm. 2. En gjæt ad því, christinn madur, ad þessi Konúngur dýrdarinnar rídur hvern dag inn til sinnar borgar, sem er christilig kyrkja, og svo sem hann er einn andligur Konúngur, svo og er hans ríki andligt, því ad vopn herfarar vorrar eru ecki líkamlig segir Páлus, 2. Cor. 10. heldur kraptur Guds til ad nidurbrjóta gyrdíngarnar. Hann kémur til vor í ordinu og sacramentunum, í krapti síns Heilags Anda, sem straffar í manninum syndina, uppvekur ydranina, eblir trúna, kveikir elskuna til Guds, innrætir kjærleikann til náúngans, verkar þolinmædina. Þegar þú, christinn madur, finnur í hjarta þínu nockrar þessháttar hræríngar, þá vit þad, ad sá drottnarinn er þar kominn til síns musteris, sem Malachias um-spáir, Cap. 3. Þegar Pharisæi spurdu Drottinn ad fordum daga, hvenær Guds ríki kjæmi, svaradi hann þeim: Guds ríki kémur ecki svo þess gjætt verdi; þeir skulu ecki segja, sjá þad er þar, edur sjá þad er hér, því sjáid, Guds ríki er inni hjá ydur,

Luc. 17. Gud kémur ecki í hjørtu mannanna, eins og Herodes og Bernice ferdum, med stóru yfirlæti, Act. 25. Sjá þinn konúngur kémur til þín hógvær, segir gudspjallid. Þótt Christur búi í himninum, þá býr hann undir eins í sundurkrømdum hjørtum, Es. 57. Jesús sagdi fordum vid Nicodemum: Vindurinn blæs, og þú heyrir hans þit, en þú veitst ecki hvadan hann kémur, edur hvørt hann fer; svo eru og allir þeir sem af andanum fæddir eru, Joh. 3.

Nú er endurnýungin dóttir endurfædíngarinnar, bádar koma af anda Guds sem verkar í manninum fyrir ordid; en ecki veit hann edur skilur med hverju móti hinn alvitri Gud þad verkar; verkanina finnur hann, en verkunarinnar máta skilur hann ecki. Jesús reid einum asna inn til Jerúsalem, og svo þóknast Gudi ástundum margann fyrir fáfróda predikun hólpinn ad gjøra, 1. Cor. 1. En þegar hann svo vitjar þín, syndugur madur, þá breyt eptir þessu fólki, þeir breiddu sín klædi á veginn. En hverninn fær þú þad eptir þeim gjørt? Þad kénnir St. Páll, Eph. 4. Afleggid þann gamla manninn, eptir hinni fyrri umgengni, sem fordjarfast í gyrndum villudómsins, en endurnýist í anda ydar hugskots. Afklædumst þessum íllskunnar ham, og kostum honum framm fyrir fætur Jesú; honum byrjar þó med øllum ødrum hans óvinum ad leggjast til fótskarar honum, því ecki er þvílíkur óvinur Christs næst Fjandanum, svo sem holdid, hvers þánkar ad eru reidi og fjandskapur í gégn Gudi. En íklædumst einum nýum manni, sem eptir Gudi er skapadur, í réttlæti og heilagleika sannleikans, Eph. 4. Minnumst elskanligir á þad, ad Jesús Christus konúngur dýrdarinnar, hann var flettur sínum klædum, og hans blessadur líkami var allsnakinn reyrdur vid stólpann í þíng-húsi Pilati, hvar hann var húdstrýktur, til þess ad vér yrdum frelsadir frá eylífum húdstrokum í ytstu myrkrum, en íklæddir nýum hvítum skrúda med pálmavidu í vorum høndum, Apoc. 7. Já, þetta allt hefir hann þolad til þess, ad vér mættum honum íklædast so sem Pálus segir, Gal. 3. Skyldum vér þá ecki leitast vid ad deyda vora jardnesku limu, sem er saurlifnadur, óhreinleiki, gyrnd, íllfýsi og ágyrni, hver ad er afguda-dýrkun, Col. 3. sérdeilis þar Gud hefir oss sjálfur vopninn í hendur fengid, hver Páľus kallar ljóssins vopn, Rom. 13. og Guds alvepni, Eph. 6. Þad ætlar heimur þessi, ad hann hafi enginn not lífsins, nema hann lifi ad munudum sínum, svo sem væru menn alleina þar til í heiminn bornir, eins og Pétur segir, 2. Pistl. 2. ad þeir séu eins og skynlaus dýr, sem ana framm eptir því sem náttúran býdur, alleina til þess skøpud, ad þau slátrud verdi, nær þau faungud eru, og er líkíng þessi ágjæt, því svo sem villudýrin ecki um annad hyrda, enn ad fylla magann, og verda þar fyrir ástundum tæld og lockud med adskiljanligum veidibrellum, þar til þau eckert afvita, fyrr enn þau hafa fót sinn í snørunni. Svo eru og þeir er um eckert skeyta, nema um líkamans eptirlæti, fýsn augnanna, og drambsamligt líferni, 1. Joh. 2. Þeir gjæta ecki ad fyrr enn sálin uppvaknar í helvíti og kvølunum; hvad Postulinn greiniliga um þá segir, er ríkir vilja verda, at þeir falli í adskiljanligar freystíngar og snørur og gyrndir, heimskuligar og skadligar, er steypa manninum í tøpun og óluckú, 1. Tim. 6. En þeir sem Christo tilheyra, þad eru þeir sem eru hans trúfastir hyrdmenn og lærisveinar, þeir krossfesta sitt hold med þess gyrndum og tilhneigíngum, Gal. 5. og hrósa sér ecki nema af Kristí krossi, fyrir hvern þeim er heimur-

inn krossfestur, og þeir heiminum, Gal. 6. Þegar menn ráda einn þénara til vistar, þá gjöra menn skilmála vid hann, hvad hann vinna eigi, og hvad hann fá skuli í verka=laun. Svo hefir Jesús gjört, Luc. 9. Hann sagdi fyrir öllum mönnum, segir Gudspjallamadur= inn: hver sem mér vill eptirfylgja, hann afneiti sjálfum ser, og taki dagliga sinn kross uppá sig og fylgi mér eptir. Hann sagdi þad öllum, svo allir vita megi, hvors þeir vænta eiga í hans þénustu. Hann segir dagliga, so ad þeir sem Gud hefir aungvan útvortis kross á herdar lagt, skuli þó vera vidbúnir ad krossfesta sitt eigid hold, og deyda sína jardneska limu, Gal. 5. so ad þann vanti aungvan Christí kross, sem vill undir Krists merki strída, edur gánga á mála med þessum konúngi, því þad stendur þó óraskanligt um aldur og æfi, ad ígégnum margar hörmúngar byrjar oss inn ad gánga í Guds ríki, Act. 14. og er hans þénusta þó því betri, en allra annara, ad þótt hún þyki hörd adgaungu, þá er hans ok sætt og hans byrdi létt, Matth. 11. því hann hjálpar sjálfur til ad bera, hann er trúr og freistar einkis yfir megn framm, 1. Cor. 10. Sætleiki Guds nádar, og smeckur eptir= komandi farsældar deifir svo remmu krossins fyrir Guds börnum, ad hennar gjætir ecki. Eg heyri ad Pálus og Sylas eru gladir í fángelsinu, Act. 16. Postularnir gengu fagn= andi út frá rádinu í Jerúsalem, þegar þeir húdstrýktir voru, Act. 5. Jeg heyri ad Pálus óskar, ad Festus landsdómari og Agrippa konúngur væru eins menn og hann, ad þeim hleckjunum undanteknum er hann var bundinn med, Act. 26. hverja hann hefdi þó ecki látid fyrir alla dýrd veraldarinnar, hefdi hann átt annarshvers á mis ad fara. Þess finnis var píslarvotturinn Babylas, er beiddi ad grafa sig med þeim hleckjum, er hann var leiddur til aftökustadarins med, so ad ecki vantadi hann sitt brúdarskart í upprisunni, Evseb. Lib. 6. Cap. 36 og 40. So lítid akta þeir sem vel hafa smackad hvad sætur at Drottinn er, Ps. 24. So lítid akta þeir hvörsu med þennan forgengiliga líkama er höndlad. En vilji menn eptir=spyrja, hvör ad launin séu í Christí dýrdar=ríki, þá segir hann sjálfur, Matth. 5. sælir erud þér nær mennirnir hallmæla ydur og ofsókn veita, og tala ígégn ydur alla vondsku fyrir míns nafns sakir, þó ljúgandi, fagnid þér og verid gladir, því ydar verd= kaup er nógligt á himnum. En hvada verdkaup brædur, mínir? Hvílíkt ecki hefir auga séd, og ecki hefir eyra heyrt, og ecki hefir í nockurs manns hug edur hjarta komid, 1. Cor. 2. þad er þad verdkaup, er Drottinn hefir tilbúid þeim er hann elska. Hver sem nú saman= ber þá litlu hörmúng, er vér þola megum í Christí nádar=ríki, og þá ómrædiligu sælu, er hann mun launa oss med í sínu dýrdar=ríki, hann mun játa med Postulanum, ad mótlæt= íngar þessara tíma séu ei verdar þeirrar dýrdar, sem framm vid os mun koma í eylífu lífi, Rom. 8. O Jesú! unn oss þessarar farsælu vistar med þér eylífliga. O Jesú! lát oss vera þar sem þú ert, Joh. 17. O Jesú! virdstu ad þurka öll tár af þinna barna augum, Apoc. 7. O Jesú! lát vora hrigd snúast í gledi, Joh. 16. O Jesú! géf ad hverki líf né daudi, hverki englar né höfdíngja=dæmi, hverki hæd né dypt, né nockur sképna kunni ad skilja oss vid þann kjærleika, sem er í þér, Rom. 8. Og lát oss þér aldrei sleppa, þar til þú blessar os med eylífri blessan, og vér þig aptur med eylífu Hósíanna í hædstum hædum. Bænheyr þad ó Herra Jesú! þér med Födur og Heil. Anda, sé lof, prís, magt og veldi, um aldir alda, amen.

Annan Sunnudag í Adventu.

Gudspjallid, Luc. 21. Cap.

Í þann tíma Jesús sagdi til sinna lærisveina: Þar munu ské teikn á sólu, túngli og stjørnunum, og á jørdu kvalníng þjóda og ørvínglan; sjór og bylgjur munu hljóda, og menn munu fyrir hrædslu uppþorna, og af eptirbídíngu þeirra hluta, sem ad koma skulu yfir allan heiminn. Því ad kraftar himnanna munu hræraſt, og þá munu þeir sjá Mannsins Son komandi í skýunum med makt og miklu veldi. En nær þetta tekur ad ské, þá lítid upp og upphefjid ydar høfud, af því ad ydar endurlausn tekur ad nálægjast. Og hann sagdi þeim þessa eptirlíkíng: Skodid þér fíkju-tréd, og øll ønnur tré, nær þeirra aldin tekur út ad springa, þá vitid þér ad sumarid er nálægt. Svo líka nær þér sjáid þetta ské, þá vitid ad Guds ríki er nálægt. Sannliga segi eg ydur, þessi kynslód mun ei forgánga, þángad til ad allt þetta skér. Himin og jørd munu forgánga, en mín ord forgánga eigi.

Exordium.

Eg dæmi aungvan segir Jesús, Joh. 8. Hvad er þá þad hann segir, Joh. 5. Fadirinn dæmir aungvann, heldur hefir hann Syninum allan dóm í hendur fengid. Tvent var til þess, brædur mínir, ad Drottinn taladi þessi ord fyrir Gydíngum; þad eina, ad þeir dæmdu um hann eptir ytri ásýnd, þar þeir søgdu skømmu ádur: Þú ber sjálfur vitni um þig, þinn vitnisburdur er ecki gyldur; en hann svaradi þessu medal annara: þér dæmid eptir holdinu, eg dæmi aungvan, hann meinti eptir holdinu. Sú var og ønnur, ad hann í þad sinn ecki var kominn til ad láta dóm gánga yfir íllar athafnir mannanna, því íllgresinu byrjadi ad vaxa allt til kornskéru-tímans, Matth. 13. en ei ad sídur var þó Drottinn kominn til dóms á jørdu, svo sem hann sjálfur vottar, Jóh. 9. til þess ad þeir sjáandi yrdu, er eckert sáu, og þeir ed sáu, skyldu blindir verda, og er þad audvitad, hver ad sé þessi dómur, og yfir hverjum hann géck, sem voru þverbrotnir Gydíngar, hverjir ei vildu Jesum þeckja fyrir Guds Son, af því kraptaverkinu, er hann gjørdi á hønum, sem blindur var borinn, Jóh. 9. En dómurinn var þessi, ef þér værud blindir, þá hefdud þér ecki synd, en nú segid þér: Vér sjáum, þar fyrir blífur ydar synd, og þótt dómurinn sé svo réttvís, ad eckert sé réttvísara, þá er hann þó næsta þúngur og hrædiligur, því hann er undanfari hins ógnarliga dóms, er á hinum mikla degi alls holds mun án miskunar gánga yfir alla þá, sem ecki hafa trúad á Drottinn Jesúm; því svo segir Guds Sonur, Joh. 3. Hvør sem ecki trúir, hann er þegar dæmdur, af því hann trúdi ecki á nafn eingétins Sonar Guds. Þessi hinn strángi, en þó réttferdugi Guds dómur, géck yfir hinn vesæla Gydínga-lýd ad miklu leiti, þegar þeir høfdu uppfyllt mæling syndarinnar. Þess gétur Páluſ, Act. 28. er hann straffar þvermódsku þeirra, segjandi: Þar fyrir sé ydur vitanligt, ad hjálprædi þetta er heidíngjum géfid, og þeir munu þad heyra. Þessarar miklu Guds náðar erum vér og hluttakandi ordnir, er búum undir hinn ytsta heims-skauti, þennan skjelfiliga dóm yfir Guds eigin fólki, høfum ver og heyrt: En gjætum ad því er Páll segir til heidíngjanna, þeirra er vid christni tekid høfdu: Vel, þeir eru fyrir vantrúna afbrotnir, segir hann, en þú stendur fyrir trúna. Stær þig ecki, heldur vert ottasleiginn, Rom. 11. Satt er þad sem Drottinn segir, ad hann sem ecki trúir, sé þegar dæmdur, Joh. 3. En því trúa menn ecki? Því menn koma ecki til ljóssins. Því koma menn ecki til ljóssins? Því menn elska meir myrkrid en ljósid, af því ad þeirra verk eru vond. Joh. 3. Þad þykir inndælt ad sofa á kodda athugaleysisins, sem Andskotinn dillar sínum børnum á, med hans gamla vøggu-kvædi, er þannin lætur: Hvar er fyrirheit hans tilkomu, 2. Pet. 3. So hefir þad gengid í frá upphafi veraldar, og þar fyrir eru menn svo tregir ad

vakna vid Guds orda básúnu, þar til daudans edur dómsins básúnn hljód tekur yfir, og ecki er vært ad sofa lengur. En Gud vekur sídan med eylífu ópi og tanna-gnístran í Helviti Hver þad heyrir, hann hyggi þar ad, og gjæti þess, er Páll sagdi til þeirra í Athenuborg, Act. 17. Gud hefir tilsett einn dag, á hvorjum hann dæma mun alla jardarkríngluna med réttlæti, fyrir þann mann er hann hefir fyrirhugad. Þar fyrir vil eg láta mitt tal vera í þetta sinn, hvad oss eigi ad leida til þess ad búa oss undir hinn sídasta dag, sem vær ecki vitum nema ad morgni upprenni. Hjálpa hér til, ó þú allsherjar Dómari fyrir Jesúm Christum, amen.

Utleggíngin.

Þar munu ské teikn á sólu, túngli og stjornum. Þad sýnist audrádid vera, brædur mínir, ad ecki muni Endurlausnarinn hafa talad þetta svo vegna lærisveinanna edur fólksins, er honum í þad sinn nálægt var; því jafnvel þótt ad þeir til samans hafi í þeirri meiníngu verid, ad hinn sídasti dagur mundi vera skamt í burtu, svo sem sjá má af sumu því, er þeir hafa skrifad eptir sig látid, þá hafa sídan morg hundrud ár lidid allt til þessa dags; heldur er þad sagt vegna vor, yfir hvorja líkligt er ad heims-endirinn sé kominn; fyrir því ættum vér, ecki síst med ugg og andvara ad vænta tilkomu Drottins, því ef Herrans Postular ætludu á þeim dogum, ad hún mundi svo nálæg vera, hvorsu miklu nær mun hún þá vera oss, er svo miklu sídar lifum? Eg hygg ad teikn þessi flest, er Lúcas getur um í Evangelio, muni ecki fjarlæg dóminum verda; heldur nærri í sama vetfángi; því Herrann segir hér, ad vér munum þá sjá Mannsins Son komandi í skýum himins, og er audsært, ad þess muni ecki lángt ad bída úr því ad allt þetta skédur, sem máské ei annad verdi, enn fjorbrot veraldarinnar, þegar himnarnir munu med stór-brestum forgánga, og hofud-sképnurnar af hita brádna, 2. Pet. 3. Hvad medal annara má þar af ráda, ad Jesús segir, Marc. 13. ad um þann dag viti enginn madur, og ei jafnvel Englar á himnum. En ef teikn þessi skédu rúmum tíma fyrr enn himin og jord forgánga, þá kynnu þeir ed á jordu búa ad vita nockud hérum, hvad St. Petur fortekur, 2. P. 3. er hann segir, ad dagur Drottins muni koma sem þjófur á nóttu; En þjófurinn gjorir aungva vitneskju undan sér, annars væri hann ecki þjófur, svo er og dagur Drottins, því eins og tál-snara mun hann koma yfir alla þá sem á jordu búa, Luc. 21. Dragi því enginn sjálfan sig á tálar, edur meini ad af því ad þessi teikn, sem Lúcas skrifar um í gudspjallinu, eru enn nú ecki oll frammkomin, og vér merkjum aungva umbreitíng á sólu, túngli og stjornum, adra enn hún verid hefir í frá upphafi veraldar, eptir venjuligu náttúrunnar hlaupi, ad Drottinn muni þarfyrir seinka, svo sem nockrir kalla þad seinlæti; segir Petur, 2. Pet. 3. Heldur er hann þolinmódur vid oss, viljandi ei ad nockur fyrifarist, heldur ad allir snúist til ydrunar.

Látum oss ei þvílíkt í hug koma, brædur mínir! því þad eru spottaranna þánkar, er hann segir ad upp muni rísa á sídustu dogum, þeir ed gánga í sínum eigin girndum, segjandi: Hvar er fyrirheit hans tilkomu, 2. Pet. 3. því sídan fedurnir sofnudu, þá er allt hid sama svo sem frá upphafi skopunarinnar. Og hann dylur ecki hvar fyrir ad fyndugum monnum, sem alla hluti mæla eptir fáfrædi spillíngarinnar og smámunum vorum, sem þjóta upp eins og gufa, en lídum í burt aptur á augnabragdi, hvar fyrir, segi eg, ad oss þyki svo lángt úr verda, er hann talar um þetta efni, segjandi: En eitt sé ydur vitanligt elskanligir! ad einn dagur er fyrir Drottni svo sem þúsund ár, og þúsund ár svo sem einn dag-

ur. En þeir ed þetta ecki samanbera vid Guds fyrirheit, þeim þykir svo sem hann teflji og sé brygdmáll ordinn; svo er það og víst, að jafnvel þótt að bædi St. Páll og aðrir lýsi því, að heims-endirinn væri yfir þá kominn, 1. Cor. 10. þá hefir ecki Postulinn vænt hans svo brádliga, þar hann segir, 2. Tess. 2. Þér skulud ecki skjelfast skjótliga í hugskotum ydar, né trublast, hverki af anda né ordi, né af sendibréfi, sem vér hefdum skrifad, eins og dagur Drottins væri nær því kominn; kannské þess vegna, að einhver hafi tekid sér ordsok af hans fyrra pistli til þeirra, að skjelfa veikar og ístodulitlar samvitskur, þar ed hann skrifar: Eg hefir ei þerf ad skrifa ydur um tíma og hentugleika, því þér gjorla vitid, ad sá dagur Drottins mun koma sem þjófur á nóttu, þegar þeir segja: Þar er fridur og tryggleiki, þá er þeim skyndilig foreydsla nærri, svo sem jód-sótt þúngadri konu, 1 Tess. 5.

Látum oss því ecki andvaralaust lifa, brædur mínir, þótt Drottinn dvelji, því komandi mun hann koma og ecki seinka, Hebr. 10. En vér vitum ecki, á hverjum tíma ad hann kémur, ad kvoldi dags edur um midnætti, edur þá haninn galar edur snemma morguns, svo ad þegar hann kémur hastarliga, ad hann finni ydur ecki sofandi. Það eg segi ydur, það segi eg ollum, segir Drottinn, vaki þér, Marc. 13. Látum ecki vora ydran bída eptir sólarinnar formyrkvan, því þegar hún allra sídast tekur ad sortna, mun ydranar-tíminn úti vera; hún hefir svo lengi þjónad oss í heimi þessum, svo lengi afmarkad tilsetta tíma af Gudi, og borid vitnisburd um hans vitsku, hans dýrd, hans gjædsku og hans almætti, svo lengi hefir hún skynid yfir ógudliganu heim þennan, svo lengi upprunnid yfir rángláta og réttláta, ad allir hafa haft nogan tíma til ad ydrast og leita Guds ádur enn það sídarsta myrkur byrgir hennar fagra ljós, svo hún mun upp þadan aldrei ad eilífu skína. Hún hefir aldrei frá veraldarinnar upphafi formyrkvast ámóti náttúrunnar edli, nema ollu einu-sinni, þegar himin og jord byrgdu fyri augu sér, og svo sem skélfdust vid ad horfa þar á, ad þeirra skapari var eins og ein bolvan á krossinn uppheingdur, Matth. 27. En ef hin náttúrliga sólin misti sína birtu af því, ad sól réttlætisins formyrkvadist um stundarsakir, hvad er þá ad undra þótt hún aldeilis blind verdi, þegar hann kémur í skýum himins med hans heilogu þúsundum, Júdæ Pist. v. 14. Já, þegar þeir munu fyrir hinn hærsta og sídasta rétt kalladir verda, sem Konúng dýrdarinnar hafa ad nýu krossfestan, og sáttmálans blód almenniligt haldid, med hverju þeir helgadir eru, Hebr. 10. Lát þér þetta jafnan fyrir augum vera, syndugur madur, þegar þú sér hid blessada heimsins ljós, sem alla veroldina upplýsir; þú sér hana í dag upprenna, þacka Gudi þar fyrir, en þú veitst ei hvort hún ná muni sínu venjuliga takmarki ad kvoldi dags, þú sér hana í ægium gánga, og ad túnglid og stjornurnar taka aptur ad lýsa, en þú veitst ecki nema á þeirri somu nóttu renni upp Jacobs-stjarna, Christur, Num. 24. annad sinn, sem bædi sól og túngl mun formyrkva og ad aungvu gjora og stjornunum af himni ofan steypa, svo sem þá eitt fíkju-tré kastar sínum ávoxtum frá sér, nær það hristist af storminum. Lát þarfyrir sólina ecki undirgánga þína vondsku! Trú ecki svo nætur-myrkrunum fyrir þér, ad þú mynnistei vid Soninn, á medan þú ert enn á vegi med honum, svo ad hann verdi þér ecki reidur, Ps. 2 ef kanské hann birtist í skýum himins á þeirri nóttu. Haf þinn lampa tendradan, sem er ljós trúar þinnar, ad ei verdir

þú útilokadur, þegar brúdguminn kémur um midnætti, Matth. 25. Hlýd bodi Peturs er hann segir, 2. Pet. 3. Þar fyrir elskanligir, þar þér bídid eptir øllu þessu, þá kostgjæfid ad þér hreinir og óstraffanligir af honum fundnir verdid med fridi, og haldid seinlæti Drottins til reidinnar ad vera hjálprædi. En hyggjum ad því, hvørsu ad hann mun óbæriliga strángur og hardrádur verda øllum gudlausum og þverbrotnum, er sér hafa á nádartímanum reidi safnad. Hann mun ei koma svo sem fordum daga, liggjandi í einum stalli, ecki svo sem þér heyrdud fyrra sunnudag, sitjandi á øsnu, og á fola klifbærrar øsnu, Matth. 21. Ecki svo sem hann var útleiddur af þínghúsi Pilati, berandi eina purpura-kápu og þyrni-kórónu, Joh. 19. En þeir ed allt þettad hafa ad aungvu haft, þeir munu sjá hann svo sem einn strángan dómara. Eldurinn brennur fyrir hans augliti allt til nedsta Helvítis, Devt. 32. Í honum munu himnarnir sundurglidna, og høfud-sképnurnar smeltast. 2. Pet. 3. Kríngum hann mun geysa eitt hrædiligt stormvidri, allir hans mektugir Einglar munu honum fylgja, og hans heilogu þúsundir umhverfis hann skína, med skélfiligri Høfud-engilsins básúnu mun hann kalla lifendur og dauda í loptid upp til móts vid sig, 1 Tess. 4. Einginn sképna mun standast hans tilkomu, Mal. 3. Þá mun sólin formyrkvast af því ad Guds forsmánarar gengu formyrkvadir í hugunum, søkum þeirra þeckíngarleysis, vegna hardúdar þeirra hjarta, 2. Tim. 3. Þá munu kraptar himnanna hrærast, af því ad þeir hafa svo títt syndgad í himininn, og forsmád hann er í himninum býr; þá mun verda á jordu ángist og rádleysa þjódanna, svo sem þá sjór og bylgjur hljóda, sem viti þær ecki hvar þær eigi ad falla edur hvad af sér ad gjøra; þannin mun allt hold verda í tilkomu Drottins. Þegar Jeremías spáir um Babylons eydileggíngu, þá dunar hann svo sem eitt reidar-slag á þennan hátt: Þeirra bylgjur munu dynja, þeirra raddar hljód mun verda svo sem mikilla vatna, Jer. 51. En hvad miklu meira mun verda øskur hinnar stóru Babylon, veraldarinnar, þegar hún hrapar í díkid þad, sem vellur af eldi og brennusteini, Apoc. 21. med øllum þeim sem drucknir eru af víni hennar hórunar, Apoc. 17. O! hvørsu fegnir munu þá þeir ed smád hafa hinn fátæka Jesúm og hans limu, í velmakt sinni hér á jordunni, hvørsu gjarna munu þeir þá vilja hafa sadt hann, þegar hann húngradur var, svalad honum, er hann þyrstur var, hýst hann, þegar hann géstur var, klædt hann, þegar hann nakinn var, vitjad hans, þegar hann var sjúkur og í myrkva-stofu? Matth. 25. Hvørsu lítid munu þeim gagna metord þau, er þeir keyptu fyrir Guds vináttu? eptirlæti heims þessa, er þeir mottu framar enn Drottins kross? eignir og búgardar, fyrir hverja þeir seldu sálir sínar? sveiti daglaunarans, er þeir hafa innihaldid, hús eckjunnar og hins fødurlausa, er þeir hafa útsogid? braud hins einfalda og naudstadda, er þeir hafa svikid undir sig med okri og rángsleitni? Hvad lítid mun allt þettad duga þeim, nær veroldin og øll hennar dýrd stendur í bjørtu báli, en hinn réttláti himins og jardar Konúngur vill segja upp dóminn med þessu skélfiliga atkvædi: Farid frá mér bølvadir í eylífan eld, sem fyrirbúinn er Djøflinum og øllum hans árum, Matth. 25. O! Drottinn vor Gud, hvørsu mun hann þá ógnarligur verda í augum fordæmdra manna, er ecki eiga framar neinrar nádar von? Manoha og hans kvinna sáu Guds Son, er hann sté uppí fórnar-eldinum, og hann meinti þau mundu þar fyrir deya, Jud. 13. Esajas sá Gud sitjandi á háum stóli, og honum féllst hugur, svo hann sagdi:

Vei mér, eg mun upprættur verda, því eg hefi saurugar varir, og bý ámedal þess fólks er saurugar varir hefir, þar eg hefi séd Drottinn alsherjar-kóning, Esa. 6. Israels synir beiddu Móses ad gánga uppá fjallid og tala sinna vegna vid Drottinn, Exod. 20. Þegar Guds reidir sló í Hóreb, og sogdust eigi framar géta heyrt raustina Drottins Guds síns. Daniel sá Christum vid fljótid Chid-dekel, og þar var ecki máttur í honum, oll hans fegurd umbreyttist, svo hann hafdi aungva krapta, Dan. 10. Lærisveinarnir urdu óttaslegnir, er hann kom til þeirra ad lyktum dyrum, Luc. 24. Þessir voru þó allir Guds vinir; þeim birti hann sig í nád sinni og gjæsku; þó kunni ecki breiskleiki holdsins ad standast nálægd Guddómsins; hvad mun þá vid óvini Drottins ské í dóminum? þegar hann úthellir þeirri reidinni í einn augnabliki, sem þeir hafa safnad sér á reidinnar-dag, mann eptir mann um alla æfi. Þegar Jósúa, hinn ypparsti kénnimadur stód fyrir Engli hins mikla ráds og Andskotinn honum til hægri handar, til ad mótstanda honum í Jerúsalems bygginngu, þá stód hann í saurugum klædum, þar til Drottinn tók hans ránglæti frá honum, Zach. 3. og var þá Guds Sonur hans tals-madur. En hvernin munu allir gudlausir verda, þegar þeir standa fyrir dómara alls holds, þegar Gud sjálfur áklagar, en einginn afsakar, þegar ránglætid ei framar verdur burt-tekid, heldur tilreiknad? Þeir munu standa skomminni íklæddir, Ps. 109. og um aldir alda útreknir frá hinni himnesku Jerúsalem, Apoc. 3. Jóhannes segir, þeir drecka af víni Guds brennandi reidi, og kveljast med eldi og brennusteini í augliti heilagra Engla og Lambsins, Apoc. 14, og þeir munu aungva ró hafa nótt né dag, þeir munu eta túngur sínar út af ofrann, og lasta Gud himinsins út af kvol og sárindum sínum, og þeir munu daudans óska, og hann mun frá þeim flýa, Apoc. 9. Í ollu þessu fá þeir ecki einn dropa vatns til ad kjæla med túngu sína, Luc. 16. Þetta er ad sonnu ógnarligt ad heyra, brædur mínir, en þad er þó Guds ord, sem ecki kann ad ljúga; en ef þad kann ad ofbjóda nockrum ad heyra alleina, hvad mun þad þá vera ad sjá og reyna; ecki hefir Guds andi forgéfins talad þetta, og svo skýrliga uppteikna látid; eckert af Guds ordum mun á jordu falla, himin og jord forgánga, en hans ord forgánga aldrei, Luc. 21. Lát þau því duga þér til þess, ad þú verkir þína sáluhjálp med ugg og ótta, Phil. 2. ad ei komir þú í þennan kvalastad, edur sért varbúinn vid hinum sídasta degi, sem þú ecki veitst nær ad þér upprennur. Hugleid, christinn madur, hvad Jesús segir, Joh. 12. Hver sem forsmáir mig, og medtekur ecki mín ord, hann hefir þann sem hann dæmir, þad ordid sem eg taladi, þad mun dæma hann á sídarsta degi. Vert því ecki ugglaus edur óhræddur, barn Guds, þegar þú situr undir heyrn hans orda, því þar er þinn dómari, þad mun á hinum efsta degi uppskátt verda, hvornin þú hafir eptir því tekid, hvornin þú hafir eptir því lifad, hvorsu fús þú hafir verid á ad heyra þad, hvad vandliga þú hafir med þad hondlad, í hvad gódu og sidsomu hjarta þú hafir geymt þad, hvort þú hafir fært þar ávoxt af í þolinmædi, Luc. 8. Allt þvílíkt verdur bert þegar bækurnar verda upplátnar í dóminum, Apoc. 20. og eptir því muntu dæmdur verda. Því svo segir Páлus, ad Drottinn muni dæma leynda hluti eptir sínu Evangelio á sídasta degi fyrir Jesúm Christum, Rom. 2. Seig mér, barn Drottins: Mundir þú þora ad forsmá þann, er ætti ad dæma um líf þitt edur æru, edur svara honum fullum hálsi, sérdeilis ef þú þig sekann vissir, og þér uggrænt

þætti, að þú mundir falla á málinu? Það þorir enginn að gjora. Ecki eru dæmi til þess, að nockur hafi svo bitið höfuðið af skömminni; en það þora menn að segja, að prestar segi svo margt, það sé ecki allt satt, jafnvel þótt þeirra embætti sé Drottins, og þeirra verk þeirra Guðs, Esa. 49. Þetta voga menn að segja og hugsa undir heyrn Guðs orða, sem eiga að dæma þá á síðarsta degi. Veistu ecki, sagði Pilatus að eg hefi vald til að krossfesta þig, og vald til að láta þig lausann, en hann laug, því hann hafði eckert vald yfir hinum alvalda Konúngi, nema honum hefði verið géfið það af himnum ofan. En Christur hefir til þess vald í hans heilaga orði, syndugur maður! að fordæma þig, ef þú kastar því á bak þér aptur, og svo til að láta þig lausán, ef þú hlýðir því. Hvar fyrir láta menn þá hið géða orð Guðs svo sem vind um eyrun þjóta? Menn hræðast allan voða, en Guðs orð ecki; þér þykir þeim tíma vel varið, er þú gétur skotið þér undan þess heyrn, og mundir þar kanské aldrei koma, nema þú meir óttaðist menninna enn Guð; en muntu og géta skotið þér undan hinum síðarsta dómi, hvar þú skalt þó af þessu sama Guðs orði dæmdur verða? Og fyrst þú villt ecki heyra Christ, þar eð hann segir: Komið til mín allir þér sem erfiðið og þúnga eruð þjáðir, eg vil endurnæra yður, Matth. 11. þá skaltu þó heyra hann á síðarsta degi, hvert þú villt eður ecki, er hann segir: farið frá mér allir íllgjorða-menn. Í einu orði að segja, þar er enginn hlutur sem meir ætti að hvetja upp syndugan mann til að búast við dauðanum enn sjálft Guðs orð, hvort hann mun dæma, eptir hvorju hann mun dæmast, og fyrir hvors forsktun hann mun dæmdur verða. Sé það þér kénnt og predikað af hinum aumasta og vesælasta, af einum fátækum og lítilkunnandi, hvor haldinn er fyrir afrak og hreinsun veraldar, forsmá það eigi að heldur, ef það eru Guðs orð hann hefir í munni, og hans Evangelium, er sagði til sinna Postula og allra þeirra, er leitast við að feta í þeirra fótspor og hans umboð á hendi hafa: Hvor sem forsmáir yður, hann forsmáir mig, en hvor hann mig forsmáir, hann forsmáir þann er mig sendi, Luc. 10. Já, þótt það sé framborið af einhvorjum, sem eckert gjorir af því hann kénnir, þá kannast þó þar við, að Jesús sagði til sinna lærisveina: Á Móses stóli sitja Skriftlærðir og Pharisæi, allt hvað þeir segja yður að varðveita, það varðveitið og gjorið; en eptir þeirra verkum skuluð þér ecki gjora, því þeir tala, og gjora ecki, Matth. 23 Hvor sem nú um þetta vandliga hugsar, hann mun þess betur læra að búast við þessum hræðiliga degi, með dagligri iðran og apturhvarfi frá syndum og glæpum, og það þess heldur, sem líkligra er, að Drottins tilkomu sé ei all-lángt að bíða; því þótt þau teiknin er Lucas í þessu Guðspjalli umtalar, séu enn þá ecki öll framkomin, og líkast sé, að ei framkoma muni fyrr enn undir sjálfan dóminn, þá gengur það eins til hér, svo sem fyrir dauðligum manni, að helsóttin er lengi að búa um sig í hans líkama, áður enn hún slítur lífið af honum. Svo hefir og Guð opinberað oss í sínu heil. orði nockur teikn, þau er á síðustu dögum ské munu og eru viti hins efsta dóms, er vér vel megum þeckja og viðkannast á vorum dögum. Christur segir, Matth. 24. að Evangelium ríkisins skuli predikast um allan heim, til vitnisburðar öllum þjóðum, og þá muni endirinn koma. Sjáið hvorsu Guðs orða dómur skal yfir alla menn gánga; þar eru og mjög fáar þjóðir nú í heiminum, á meðal hvorra ei hefir skinið ljós Evangelii, þótt allir hafi ecki við því tekið; hann gétur um, þar muni verða

húngur, drepsótt og jardskjálftar í øllum stødum, Matth. 24 og kallar það upphaf hormúnganna; þetta høfum vér sjálfir reynt, brædur mínir, og er ecki lángt á að minnast. Gud gæfi vér værum þess svo minnugir sem vera byrjadi, ef menn vilja ecki ønnur teikn þeckja; þá mættu menn þau vidkannast er almennust eru, og Jesús umgetur, Luc. 18. Þegar Mannsins Sonur kémur, meinar þú hann finni trú á jordu? Nóg er af Guds ordi, nóg af Evangelíi lærdómi, til vitnisburdar yfir øllum mønnum, Matth. 24. En hvert hinn sanna Guds ótta er svo víða ad finna má stórliga efast um; edur segid mér, hvada hyrtni er það, ad almenníngur hefir á ad læra christiliga trú, edur kénna hana þeim er vidþurfa? En þó allra síst eptir henni ad lifa. Eg hygg það gángi til eins og á Nóa døgum, hvad og er teikn Mannsins Sonar tilkomu, Matth. 24. Þeir átu og drucku, þeir giptust og sig gipta létu allt til þess-dags, ad Nói gécк inn í ørkina og þecktu ecki flódid, fyrr enn það kom og tók þá alla í burtu. Já, nú á þessum døgum ádur enn þeir vita hvad hjónaband er, edur kunna meir enn einn asni ad uppfræda børn sín í christiligri trú og ærligum lifnadi. Þeir géta þau eptir sinni mynd, og ala þau upp eptir sinni mynd, Audskotanum til þjónustu á stundum, en ecki Gudi. En fyrst trúin er þannin, þá er ei von ad kjærleikurinn sé betri; svo ad rætist eirnin það sem Frelsarinn segir ad framm muni koma fyrir hinn sídasta dag, ad af því ránglætid vex, muni margra kjærleiki kólna, Matth. 24.

Þetta er svo víst framkomid, ad mig undrar ad menn ecki hafa gleymt nafninu, þar hlutinn sjálfan er valla hjá nockrum ad finna. Í einu ordi ad segja: Menn þreifa á því sem Páls skrifar, 2. Tím. 3. segjandi: Vitid ad á sídustu tímum munu verda fárligar tídir, þar munu verda menn sérgódir, ágjarnir, hólsamir, dramblátir, gudlastarar, foreldrunum óhlýdugir, óþacklátir, glæpafullir, hardbrjóstadir, heiptræknir, laussinnadir, óþýdir, gott hatandi, svikarar, þverbrotnir, uppblásnir, elskandi meir sælgjæti enn Gud, hafandi skin gudhrædslunnar, en afneita hennar krapti. Allt þetta hygg eg ad Nói þeckja mundi, ef hann nú mætti líta upp af grøf sinni, og það þeckir hver og einn, sá ed gjørir nockurn greinar-mun á millum dygda og ódygda. Á døgum Nóa slöckti hinn réttláti Gud bál óleyfiligrar elsku og lostagyrndar med vatnsflódinu, fyrr enn þeir nockud af vissu, en nú tekur kjærleikurinn svo ad kólna, ad hjørtu sumra manna má stockfredinn kalla, já, hardari enn kopar og stál. Hvad er líkligra enn ad hinn alvitri heimsins smidur muni bræda þau og smelta med hinu sídasta báli, fyrr enn nockurn varir? Þetta vil eg nú hafa sagt, brædur mínir, ydrunar- og athuga-lausum til vidvørunar, en ecki sturludum edur ángrádum samvitskum til skélfíngar, øllum til sidbóta og leidréttíngar lifnadarins, en aungvum til ørvæntíngar, því svo sem tilkoma hins mikla Guds og Drottins vors Jesú Christí mun hrædilig verda øllum ógudligum mønnum, svo mun hún gledilig verda øllum þeim, er á hann vona, og hennar med þolinmædi bída. Það kénnir oss St. Páll, 2. Tess. 1. segjandi: Það er réttvíst fyrir Gudi, ad endurgjalda þeim þjáníngarna er ydur þjá, en ydur sem þjáist, endurnæríngu medur oss, þegar Drottinn Jesús opinberast af himni med sínum megtugum Englum. Ad sønnu byrjar oss øllum ad mæta fyri dómstóli Drottins, 2. Cor. 5. og þar reikníng ad standa, jafnvel af hverju ónytju ordi, í dóminum, Matth. 12. en það er óhult ad mæta fyrir hans dómi, sem sjálfur er talsmadur sinna barna. Sá fer

ecki sekur af þínginu, sem sjálfur á ad dæma, en nú eru allir trúadir eitt med honum, svo sem hann og Fadirinn eru eitt, Jóh. 17. og hann er hofud líkamans, sem er christilig kyrkja, Eph. 1. Pad er og inndælt ad standa honum reikníng, sem sjálfur hefir betalad fyrir alla skuldina; þar fyrir segir Jesús, Jóh. 3. Sá sem trúir á Soninn; sá dæmist ecki; (hvar dómsins ord merkir fordæmíng) og aptur segir hann: Sá sem heyrir min ord, og trúir honum er mig sendi, hann hefir eylíft líf, og hann kémur ecki í dóm (þad er í fyrirdæmíng) heldur fer hann frá daudanum til lífsins, Jóh. 5. Því skyldu þá Guds born fælast hinn sídasta dag? Mun ein brúdur óttast síns brúdguma tilkomu, og ecki heldur á allar lundir búa sig til ad fagna honum? Mun eitt barn fela sig fyrir sínum fødur? En svo sem fadirinn er líknsamur, Ps. 103 svo vill hinn eylífi Fadir og fridar=hofdíngi, Esa. 9. vera oss nádugur ú þeim degi. Par fyrir segir hann og í þessa heil. dags Evangelió: En nær þetta tekur ad ské, þá lítid upp, og upphefjid ydar hofud, af því ad ydar endurlausn er nálæg. Pad er sem hann segdi: Þér skulud ecki lengur nid=urlútir gánga af þeirri sorg, er þér hafid í heiminum; því þá skulud þér í mér gledi hafa, Jóh. 16. Þér skulud ecki lengur stynja med sjálfum ydur, bídandi eptir arfleidslunni sem er endurlausn ydar líkama, Róm. 3. því hún er þá nálæg. Þér skulud ei lengur kveljast í fángelsi þessa daudliga líkama, því þetta er dagur endurnæríngarinnar, Act. 3. dagur endurfædíngarinnar, Matth. 19. dagur endurlausnarinnar, Eph. 4. dagur endurnýungar allra hláta, þá munud þér ecki framar syrgja þá Guds mynd, er þér í Adam topudud; því þér munud sjá í skýum himins hinn annan Adam, sem er Drottinn af himni, 1. Cor. 15. og þó hold af ydar holdi, hvor ad er ydar bródir, og þó ydar dom=ari, ydur ad ollu samlíkur, Ebr. 2. ad syndinni frátekinni, en þó ímynd síns Fod=urs dýrdarfullrar persónu, Ebr. 1. Hvor ydar forgengiliga líkami mun forklára og samlíka gjora sínum dýrdligum líkama, Phil. 3. Lítid upp þér sem lengi hafid leitad ad því, sem þar uppi er, Col. 3. þá skulud þér þad finna. Upphefjid ydar høfud, sem ásamt allri sképnunni hafid med útréttu hofdi bedid eptir ydar endur=lausn, Róm. 8. og sjáid ydar hofud komanda í skýum himins. Lítid upp þér sem med áhyggju hafid lengi þrád eptir hinni himnesku Jerúsalem, Gal. 4. sem þar uppi er, og gángid nú inn í hana, þá mun Drottinn segja: Komid þér sem naktir erud, eg mun géfa ydur hvítann skrúda og fá pálmavid í hendur ydar. Komid þér sem þyrstir erud, eg mun dryckja ydur af straumum lifanda vatns. Jóh. 4. Komid áér sem húngradir erud, eg mun metta ydur af nægdar=gjædum Guds húss, Ps. 36. Komid þér, sem erfidid og þúnga erud þjádir, eg mun endurnæra ydur, Matth. 11. Komid þér sem sýtid og grátid, eg mun þerra oll tár af ydar aug=um, Apoc. 7. Komid þér, sem borid hafid mitt sæta ok, og mína léttu byrdi, eg vil ydur endurgjalda med eylífri þýngd dýrdarinnar, 2. Cor. 4. Komid þér sem reikn=adir erud fyrir afrak og hreinsun veraldar, eg vil setja ydur til bords med Abra=ham, Isak og Jacob, Matth. 8. Já, komid blessud born míns Fodurs, og eignist þad ríkid, sem ydur er fyribúid frá upphafi veraldar, Matth. 25. Kom, O!

Herra Jesú, kom og innleid oss í þetta fagnadarsæla Lambsins brúdkaup og þína dýrd, þú sem lifir og ríkir ad eylífu, amen!

Þridja Sunnudag í Adventu.

Gudspjallid, Matth. 11.

Í þann tíma, en þá ed Jóhannes heyrdi í bøndunum verkin Christí, sendi hann út tvo af sínum lærisveinum, og lét segja hønum: Ertú já sem koma skal, eda eigum vér ad vænta eins annars? Jesús svaradi og sagdi til þeirra: Farid aptur og kunngjørid Jóhanni, hvad þér sjáid og heyrid: Blindir fá sýn, haltir gánga, líkþráir hreinsast, daufir heyra, daudir uppríса, og fátækum verda Gudspjøllin bodud, og sæll er sá sem ecki hneixlar sig á mér. En ad þeim í burtu gengnum, hóf Jesús ad segja til fólksins af Jóhanne: Hvad fórud þér út á eydimørku ad sjá? Reyr þann sem af vindi er skékinn? eda hvad fórud þér ad sjá? Mann mjúk-klæddann? Sjáid, ad þeir sem mjúkann klædnad bera, eru í konganna húsum. Eda hvad fórud þér ad sjá? Einn spámann? Eg segi ydur fyrir sann, þann meiri er enn nockur spámann; þvíad þessi er sá, af hverjum skrifad er: Sjá þú ad eg sendi minn Engil fyrir þinni augsýn, sá er þinn veg skal tilreida fyrir þér.

E x o r d i u m.

Hversu stór ad sé myndugleiki heil. Ritníngar, þad kénnir os best allra Drottinn Jesús, er hann sagdi vid Gydínga, sem ecki vildu trúa hønum fyrir kraptaverkin, er hann gjørdi: rannsakid ritníngarnar, því þér meinid ydur í þeim ad hafa eylíft líf, og þær eru þad, sem bera vitni af mér, Jóh 5. Vel hefir Jesús þetta hverutveggja samantekid, ad høndla um eylíft líf, og bera vitni af sér, því þad er eylíft líf, ad þeir þecki þig sannan Gud ad vera, og þann þú sendir Jesúm Christum, sagdi hann, Jóh. 17. An Jesú vitnisburdar verdur einginn hólpinn, og hver sem hann hefir og medtekur, hann hefir lífid í sér blífandi, og kann ecki ad fara á mis vid sáluhjálpina; þar um vitnar St. Petur, Act. 4. Ad ei sé í ødrum hjálprædid, og ad þar sé eckert annad nafn mønnunum géfid undir himninum, í hverju oss byrji sáluhólpnum ad verda, enn nafnid Jesú Christí. Nú, þar ed heil. ritníng høndlar um svo mikla og vegliga hluti, hvad kann henni þá jafnt edur samlíkjandi ad kallast, af øllu því, er syndugir menn hafa mætur á. Jesús sagdi vid kvinnuna í Samaría, ef þú vissir Guds gjøf, og hvør sá væri er vid þig segir: Gjef mér ad drecka, þá mundir þú bidja hann ad géfa þér lifandi vatn, Jóh. 4. En eg vil segja: Gud gjæfi, menn þecktu Gud vid sig talandi í heil. ritníngu, þá mundum vér fúsari vera ad drecka af hans nádar-straumum, er þar út af fljóta. Hver hefir ként oss ad þeckja Gud vorn skapara? Hver hefir opinberad oss hans vilja? Hver hefir vísad oss veginn hønum eptir ad fylgja? Hver hefir upplokid vorum augum, ad vér þeckjum syndina? Hver hefir sýnt oss hvørnin vér ættum ad blídka Gud, nær hann reidur er, og fá hennar kvittun? Hver hefir opinberad oss leyndardóm heil. Guddómsins þrenníngar, dýrd Fødursins, elsku Sonarins, ástgjafir Heilags Anda? Hver hefir sýnt oss þad sem margir kon-úngar og spámenn girntust ad sjá, og sáu þad ecki, Luc. 10. þad sem hulid var fyri spekíngum og vitríngum, en nú er opinberad smælíngjum? Matth. 11. Hefir ecki hinn nádugi Gud oss

allt þetta auglýst og fyrir eckert géfid í heil. ritníngu, fyrir sinn eingétinn Son, sem er í hans skauti, Jóh. 1. Af þessari andligu féhyrdslu audgadi Jesús lærisveina Jóhannis, þegar þeirra meistari sendi þá til hans, ad frétta hann ad, hvert hann væri sá sem koma skyldi, edur ættu þeir eins annars ad vænta, ecki í þeirri meiníngu, ad Jóhannes vissi þad ecki sjálfur, því hann hafdi ádur vid hann talad, Matth. 3. heldur til þess, ad þeim hjálpad yrdi í þeirra andligu fáfrædi, hvad hinn gódi meistari Jesús gjørdi med því móti, ad hann vísar þeim til verkanna, sem af hønum gjørdust, og undir eins til ritníngannа sem um Messíam spádu, og þó ad hvert eitt af þeim kraptaverkum sem hér standa í Gudspjallinu, sé nóg til ad vitna þar um, ad hann Guds Sonur væri, þar Gud er alleina sá sem dásemdar-verkin gjørir, Ps. 71. þá er þó eckert þeirra, sem svo berliga vitni um embætti Messíæ, svo sem þad sídasta er hér stendur: Fátækum verda gudspjøllin bodud. Hver blessud ord vér viljum í þetta sinn oss fyrir hendur taka, og af þeim sérdeilis tvent hugleida; sem er 1. Um þá fátæku er hér nefnast. 2. Um þad Evangelium, er þeim bodad verdur, med þeim lærdómum er þar af leida.

Þú myskunsami gódi Gud, sem oss hefir med ljósi þíns Sonar Evangelii, vísad hinn rétta veg sáluhjálparinnar, vertú í verki med oss, ad vér þetta framkvæmt gétum, þínu nafni til dýrdar, en oss til eylífrar velferdar, amen!

Utleggíngin.

Fátækir, sem hér nefnast, eru ecki alleinasta þeir, sem vantar audlegd heims þessa, heldur og allir þeir, sem á einhvørn hátt eiga vid bágan kost ad búa. Davíd var ríkur konúngur, og hafdi aura-nægtir, þó segir hann, Ps. 9. Miskunа mér, og lít á fátækt mína. Nú kunna menn þó ecki ad mótsegja því, ad vor Frelsari, ámedan hann umgeckst hér á jørdunni, hefir sérílagi útvalid hina fátæku og audvyrdiligu fyri heiminum. Sjálfur var hann í fátækt alinn, hans blessud módir fécк eckert annad rúm í gésta-herberginu, enn einn stall, til ad fæda hann í heiminn, Lúc. 2. sem á allra hluta vald bædi á himni og jørdu. Hans fóstur-fadir var ein trésmidur, Matth. 13. sem nærdi sig af hand-bjørg sinni. Hans lærisveinar voru fátækir fiski-menn. Flestallir þeir, er hann umgeckst med hér á jørdunni, voru fátækir og umkomulitlir. Skammast þín ecki þess vegna fátæktarinnar, kristinn madur, fyrst hann hefir hana útvalid, sem á þó allt silfur og gull, og øll dýrin í skóginum, Ps. 50. Ærlig fátækt er heilagur hlutur, þar hann hefir vígt hana, sem einn er heilagur, og þó alleina ríkur. Fyrirlít og ecki fátækann, þú sem audugur ert, því þad er ad forsmá hans skapara, sem gjørdist øreigi þinna vegna. Edur því skyldu menn þann óvyrdu, er Gud hefir svo mikils vyrdt, ad hann hefir fyrir hann píust, og látid hønum sitt Evangelíum opinbera? En hvar fyrir mun vor Frelsari segja hér, ad Evangelíum sé fátækum bodad? Sannliga, fyrst þessvegna, ad Jóhannis lærisveinar þeckja mættu, ad spádómur Esa. 61. uppfyltur væri; en Guds andi, sem fyrir Esaíam taladi, hefir gjørla fyrir séd, ad ei mundu þeir margir verda, er Christum medtæki, sem lifdu í velgengni heims þessa, svo sem raun gaf vitni. Skuli menn og sannleikann segja, þá kémur fátæktinn betur saman vid Christs Evangelíum, enn ríkdómurinn. Hans ríki var ecki af þessum heimi, Jóh. 18. og því er ecki von til, ad þeir muni vel skipast undir hans stjórnan, sem hafa gull-hnøttinn fyrir sitt athvarf, og ei vita af annari sælu ad segja, enn audæfum heims þessa. Þar fyrir sagdi Jesús fordum daga um hinn ríka ýngis-mann, ad hægra væri úlfbaldanum ad gánga í gégnum nálar-augad, enn ríkum manni inn í himnaríki, Matth. 19. ecki þessvegna, ad hann ríkur var, heldur af því hann ángradist, þegar Drottinn sagdi ad hann skyldi géfa eigur

sínar fátækum og fylgja sér eptir. Já, sannliga á fátæktin og armódur betur vid Guds Evangelíum, enn ríkdómur mikill. Því segir og Jakob Postuli, Cap. 2. Heyrid, brædur mínir elskuligir, hefir ei Gud útvalid fátæka heims þessa, ad þeir verdi audugir í trúnni og erfíngjar þess ríkis, er hann heitid hefir þeim, er hann elska. En þar er næsta hætt vid, ad þeir muni ecki hafa mikla ást á Gudi, sem ástunda mikid aura-safn. Hvar fyrir Páll-us segir, ad þeir sem ríkir vilja verda, þeir falli í freistíngar og snorur, og margar gyrndir skadligar og heimskuligar, sem steypa manninum í fordjorfun og ólucku, 1. Tim. 6. Og hér kvedur svo ramt ad, ad Endurlausnarinn segir: Þér getid ecki undir eins Gudi þjónad og Mammona, Matth. 6. Og því verr, hvad morg eru þau dæmin, ad menn elska meir akneyti sín og búgarda, enn Drottins kvoldmáltíd, sem þó er ollum tilbodin, þar fyrir lætur hann blindum, holtum og vonudum samansafna, Lúc. 14. Vér erum áhyggjusamir eins og Martha, og mædumst í morgu, en fáir hyggja ad því, ad eitt er naudsynligt, edur at útvelja þad góda hlutskiptid, eins og María, Lúc. 10. edur ad hafa þjáníng med Guds fólki, heldur enn Egyptalands audæfi, eins og Móses, Hebr. 11. En þótt ad þessu sé nú svo varid, munu þá allir útilokadir frá Evangelío, þeir ed ríkir eru, en hinir allir innteknir? Fjærri fer því. Abraham hafdi Gud gefid gull og silfur, þræla og ambáttir, úlfbalda og asna, naut og saudi, Gen. 24. og þó kallast hann fadir trúadra, Róm. 4. og þad var honum til réttlætis reiknad, ad hann Gudi trúdi, Róm. 4. og því Evangelío, er Gud honum sjálfur bodadi, ad í hans sædi skyldu blessast allar þjódir, Gen. 22. Job var ríkismadur, og var hann þó Guds vinur, Job 1. og 42. Davíd, Jósaphat, Ezechías og ótal fleiri, í gamla Testamentinu voru maktar-menn, og þó eru allir þeir fyrir Evangelíum trúarinnar hólpnir ordnir. Og ad menn viti ad þad ecki odruvís er í nýa Testamentinu, þá er þad alkunnugt, ad Nicódemus var einn hofdíngi Gydínga, þó kom hann til Jesúm á náttarþeli, og þádi undirvísun af honum, Jóh. 3. Jairus var samkundu-hofdíngi, þó leitadi hann Christí hjálpar, Marc. 5. Um hundrads-hofdíngjann sagdi Jesús sjálfur, ad hann hefdi ecki fundid þvílíka trú í Israel, Matth. 8. og hefir hann án efa eingiun smælíngi verid, þar hann uppbygdi Gydínganna samkundu, Lúc. 7. Jóhanna hústrú Chusæ, er var rádsmadur Heródis, Lúc. 8. hefir verid rík kona, þó trúdi hún á Drottinn. Jóseph af Arimathía var einn ráð-herra og audugur, þó var hann lærisveinn Christí, Matth. 27. Cornelius var ríkur, þó vottar Engillinn um hann, ad hans bænir og olmusugjordir séu uppstignar fyrir Gud, Act. 10. Dionysius Areopagita var ráð-herra í Athenuborg, Act. 17. Páulus Sergius var hyrdstjóri, og þó létu bádir þessir skírast, og tóku kristni af Páló, Act. 13. Og hvor kann oll þvílík dæmi upp ad telja? Og svo sem ad ecki eru allir ríkir þessari Guds nád fráskildir, svo verda og ecki heldur allir fátækir hennar hluttakandi. Jesús læknadi ecki alla halta edur blinda; svo hefir hann ecki heldur gjort alla fátæka sáluhólpna, jafnvel þótt hann fyrir alla lidid hafi. Fjærri sé því, ad fátæktin kunni nockrum ad afreka himnaríki fyrir sjálfa sig. Svo sem Gud hefir bolvad þeim, er réttlætir þann fátæka fyrir hans fátæktar sakir, og áfellir hinn ríka fyrir hans ríkdóms skuld; svo gjorir hann og sjálfur hvorugt í sínum réttláta dómi, því hjá honum er eckert

manngreinar álit, heldur á öllu fólki, er gjörir hans vilja, hefir hann þóknan, Act. 10. Ad sönnu er ríkdóminum hættara enn fátæktinni; en svo sem margur, því verr, brúkar audæfin til óhófs og drambsemi, til ad undirþrycka hinn volada og lítilmagnann, svo er og fátæktinni ei heldur altíd óhætt, og því afbad Agur hana, ad ei neyddist hann til ad stela, Prov. 30. Hvorttveggja þetta er eptir því sem med þad er höndlad. Ölmusugjördir Cornelíí voru Gudi eins þeckar, Act. 10. og smá-peníngar eckjunnar, sem lagdi meira í Guds kistuna af sínum fátækdóm, enn allir hinir ríku, Lúc. 21. Þar eru fátækir, sem ecki vilja erfida med höndunum, og læra því ad stela. Þar eru fátækir, sem öfunda hina ríku, formæla þeim fyrir einga adra sök enn þá, ad Gud hefir þeim meira lánad, hvör þó gjörir bædi fátækann og ríkann eptir velþóknan sinni, Prov. 22. svíkja þá í allri höndlan; meina ad þeir svo gjöra megi ad saklausu; hælast þar um í sinn hóp; hjálpa ödrum til ad breyta þannin, og kalla þvílíkt ad gjöra kjærleikans verk, svo sem hinn ríki egi aungvan rétt á sér, nema þann er hann nær med ofbeldi. Þeir una fátæktinni ílla, og stunda med öllum hætti, med réttu og raungu, ad drífa hana frá sér. Munu þetta vera þeir fátækir, er Jesús hér um talar í Gudspjallinu, brædur mínir? Lángt er frá því, heldur þeir ed fátæktina og allan annan Guds kross med þolinmædi lída, sá ed lætur sér nægja med sinn deildann verd. Gud telur ecki peninga þína, kristinn madur, heldur mælir hann þitt hugarfar; hann er einganvegin réttiliga fátækur, sem gjarnan vildi taka allt frá öllum ef hann mætti, jafnvel þótt eckert hafi hann, eins og sá er ecki ríkur, sem vill meira hafa, þótt hann hafi alls nægtir; svo er og hinn ecki fátækur fyrir Gudi, er med hjartanu gapir yfir öllu því hinn ríki á; hin'n ríka kann og ecki ad skada hans ríkdómur, ef hann brúkar hann Gudi til dýrdar, og náúnganum til gagnsmuna; sá er ecki treistir uppá óréttindin edur ránglætid, edur heldur sig til þess, sem ad eingu er neitt, vilji hönum ríkdómur til, þá festir hann ecki hjarta sitt vid hann, Ps. 62. hann reisir hinn fallna, styrkir mál eckjunnar og hins födurlausa, upphefur sig ecki í hjarta sínu, heldur fellst á Jakobs rád, er hann segir Cap. 1. Sá sem ríkur er, hrósi sér í lægíng sinni. Og fyrir því ad Gudi hefir þóknast margann audugann ad gjöra, til ad audsýna í því svo sem öllu ödru sína gjædsku vid mannanna sonu, en annars vegar er næsta hætt vid, ad audurinn sem er fagur, megi blinda mannsins hjarta, þá gjörir St. Páll rád fyrir þeim, sem ríkir eru í kristiligri kyrkju, 1. Tim. 6. (Svo lángt er frá því ad þeir séu frá Evangelío útilokadir) segjandi: Þeim sem ríkir eru í öld þessari, prediка þú ad þeir ecki metnist í hjörtum, og treysti ecki á audæfin, heldur á hinn lifanda Gud, sem oss alla hluti ánægjanliga gefur til notkunar, ad þeir séu gódgjarnir, ad þeir séu ríkir í gódum verkum, séu gjafmildir og fúsir á ad medbíta, safnandi sjálfum sér gódum grundvelli til hins eptirkomanda, svo ad þeir hreppi eylíft líf. Fari nú nockur þessum Postulans rádum fram, þá er svo lángt frá því ad hann fari hlutlaus af Guds velgjörníngum í Evangelío, ad hann hefir meiri orsök og efni til ad gjöra þad Gud hefir í Evangelío bodid, heldur enn hinn sem snaudur er, eda hvad er þad ad Christur segir, ad ei skuli vatns-dryckur ólaunadur vera í lærisveins nafni gefinn? Matth. 10. Hvad er hitt er hann býdur: Ad menn skuli gjöra sér vini af hinum rángláta Mammóna, svo ad þeir medtaki oss í eylífar tjaldbúdir? Lúc. 16. Allt er þetta til þess sagt, ad madurinn lockist

med Guds nádar fyrirheitum, til ad dýrka hann med hansgáfum, og náúnganum ad gagna; en ef ødruvís er, þá klíngir þar og ønnur bjalla, hún lætur á þennan hátt hjá Lúc. 6. Vei ydur sem ríkir erud, þér hafid ydar huggun úttekid. Og Jakob talar nockud skorinordt þar um Cap. 5. segjandi: Nú vel þér audugir, grátid og veinid yfir hørmúngum ydar, sem yfir ydur koma munu; ydar audæfi eru fúin, ydar klædi eru uppetin af møl, ydar gull og silfur er rydgad, og þeirra ryd vitnar á móti ydur, og mun uppeta ydar hold svo sem eldur; þér hafid geymt fésjódinn til hinna sídustu daganna, sjáid laun verkamannanna, sem hafa sleigid ydar lønd, er þér hafid innihaldid, þau hrópa; hróp þeirra er yrkt hafa, er inngengid í eyru Drottins alsherjar. Þann veg hefi eg nú sýnt, brædur mínir, ad ríkdómur og fátækt eru Gudi jafnkjær, þegar med hvorttveggja er réttiliga farid. Því vil eg þess ei dylja, ad eg hygg ad Frelsarinn í þessa dags Evangelío innibindi þá í þessu ordi, sem hann talar um, Matth. 5. segjandi: Sælir eru andliga voladir, því ad þeirra er Guds ríki. Þetta sýnist ráda meiga af sjálfum spádómi Esajæ 61. til hvørs ad Frelsarinn vísar Jóhanni í andsvari sínu; hvør spádómur svo hljódar: Andi Drottins er yfir mér, af því hann hefir smurt mig; hann hefir sendt mig ad boda Evangelium þeim hógværu, og ad binda vid þá, sem í hjørtum eru sundurknosadir. Þetta skilst mér ad vera sama og andliga voladir, Matth. 5. Þad eru þeir sem ad til þess finna, ad í þeim, þad er í þeirra holdi, býr eckert gott, Róm. 7. Þeir ed þeckja ad þeir hafa skort á þeirri hrósuninni, sem fyrir Gudi gyldir, Róm. 3. Þeir ed med hinum fortapada syni audmýkja sig fyrir sínum fødur, Lúc. 15. Þeir ed med tollheimtu-manninum voga ecki ad upplypta sínum augum til himins, heldur berja sér á brjóst og segja: Gud vertú mér syndugum liknsamur! Lúc. 18. Þeim er svo eru andliga voladir, og reikna sig svo ør-fátæka af øllu því, sem fyrir Gudi gylda kann, ad þeim mislíkar allt á sjálfum sér, þeim hygg eg ad bædi fyrst og sídarst tilheyri Evangelíum, hvort heldur þeir ríkir eru edur fátækir, því svo segir Drottinn, Esa. 66. A þann lít eg sem fátækur er og sundurkraminn í anda, og skélfist fyrir ordum mínum. Þegar Guds Sonur kom í heiminn, þá vildu menn af verkunum réttlátir verda; en hvad segir Jesús þar um? Nema ydar réttlæti yfirgnæfi meir enn hinna Skriftlærdu og Pharisæanna, þá kunnid þér ecki inn ad gánga í Guds ríki, Matth. 5. Þá tíundudu þeir myntu, anís og kúmen, þad var þeirra Guds-þjónusta; en gleymdu því sem mest var í løgmálinu, dómnum, miskunseminni og trúnni, Matth. 23. Þá færdu þeir stórar fórnir Marc. 7 á Herrans altari, og ætludu þar fyrir hólpnir ad verda. En Drottinn segir þar um, Esa. 66. Hvør ed slátrar nauti, þad er, sem hann slægi mann í-hel; hvør sem offrar nockrum smá-fénadi, þad er sem hann hálsbriti hund, svo mikid gylti sú útvortis Guds-þjónustan í hans augum. Þar fundust ecki margir, sem gjørdu svoddann játníng fyrir Gudi, sem Davíd; heldur hét þad svo: Eg þacka þér Gud, þad eg em ecki eins og adrir menn, Lúc. 18. Þessir þóttust ríkir vera af gódum verkum, og jafnvel ødrum lána kunna; en hvad segir Jesús vid Biskupinn í Laodicea, þú segir: Eg em full-ríkur og hefi enskis þørf; en þú veitst ecki, ad þú ert aumur og vesæll, blindur og nakinn; Apoc. 3. og þad hygg eg segja mætti um múga manns á þeim døgum. Þar fyrir var Evangelíum fátækum bodad, þar fyrir flycktust tollheimtumenn og bersyndugir til Jesum,

Lúc. 15. Þarfyrir komu jafnvel heidnir menn á hans fund. Þar fyrir sagdi hann til þessa fólks, Matth. 21. Sannliga segi eg ydur, ad tollheimtumenn og pútur munu gánga framar ydur inn í Guds ríki; því Jóhannes kom til ydar med réttlætisins veg, og þér trúdud honum ecki, en tollheimtumenn og pútur trúdu honum, en þér sem sáud þetta, ydrudust ecki eptir á, svo ad þér trydud honum. Og hofum vér nú svó nockud heyrt þar um, hvílíkir ad þessir fátækir séu, sem vor Frelsari talar um í andsvari sínu til Jóhannem.

Nú viljum vér hér eptir nockud um sjálft Evangelíum tala, sem þeim bodad verdur. Menn kynnu ad efast um hvornin þad skilja eigi, ad Jesús segir hér alleina, ad fátækum séu Gudspjollin bodud, þar svo St. Páll vottar, Tit. 2. ad heilsusamlig Guds nád sé opinber ordin ollum monnum. Hér byrjar oss þad ad athuga, ad jafnvel þótt Christi Evangelíum sé ecki nema eitt, þá verdur þó eitt og hid sama Evangelium med tvofoldum hætti predikad, sá eini hefir nockud af logmálinu altíd med sér, og frammbýdur Guds nád géfins veitta med forordi, ef menn ydrast syndanna og af þeim láta. Þvílík var sú prédikun Christi, er Marcús umgétur, Cap. 1. Jesús kom í Galileam, predikandi Evangelíum Guds-ríkis, segjandi: Tíminn er uppfyldur, Guds ríki er komid, gjorid ydran, og trúid Evangelío. Þess-háttar var predikun Jóhannis Baptistæ, er hann sagdi: Gjorid ydran, því Guds-ríki er nálægt. Oxin er sett til rótar trjánna; hvert þad tré sem ecki ber gódann ávoxt, skal upphoggvast og í eld kastast, Matth. 3. Hér er Oleum Evangelíi blandad med sterku logmálsins víni, til lækníngar þeim, sem medal ræníngja hrasadir voru, Lúc. 10. Med þessum hætti á Evangelíum enn nú ad kénnast í Guds sofnudum, hvar inni ad eru bædi vondir og gódir, Matth. 13. og þannveg byrjar Guds fjársjódum út ad skipta í hentugann tíma, svo hvor einn fái þad honum ber, því ei kom Jesús til ad uppleysa edur afmá, heldur til ad uppfylla logmálid, Matth. 5. Guds nád í Evangelío hrýn ecki á manninum fyrir utan eina lifandi trú; undan einni lifandi trú verdur ad gánga sonn ydran; sonn ydran er aldrei nema med sonnu ángri og hjartans trega; tregi hjartans kann ecki í manninum ad uppvekjast fyrir utan þeckíngu syndarinnar; þeckíng syndarinnar framkémur af logmálinu, Róm. 7. hvar fyrir þótt ad logmálid gjori aungvann hólpinn af sjálfu sér, samt þjónar þad undir Evangelíum, trúudum manni til sáluhjálpar, svo þegar bókstafurinn hefir deydt, þá lífgar andinn, 2. Cor. 3. Þegar logmálid hefir sundur-marid, þá læknar Evangelíum; þegar manneskjan af logmálinu þeckir, ad hún hefir ekkert annad forþjenad enn Helvíti, Guds reidi og eylífann dauda, þá tekur trúin vid honum og gjorir hann lifandi aptur fyri Jesú dauda og endurnýar hann til ad gjora framvegis Guds vilja. Þessa atferd brúkadi hinn ædsti Biskup og mikli Hyrdir saudanna optast til ad leida synduga menn til Guds ríkis; þá somu brúkudu og allir hans þénarar um alla æfi. Nói var réttlætis prédikari, 2. Pét. 2. Nathan straffadi Davíd, ádur enn hann huggadi hann, 2. Sam. 12. Atferd Jóhannis Baptistæ, er ollum kunnug, Matth. 3. Svo er nú þessi hinn almenniligi háttur og máti til ad predika Evangelíum, sem allir Guds-ords þénarar eiga ad vita og brúka. Annar er sá sem tilhlýdir ángrádum og sturludum manneskjum, þeim sem allareidu hafa þeckt syndina, og svo eru af hennar umþenkíngu sundur-mardir, ad þeir reikna sig óverduga Guds nádar, og svo fá-rádir, ad þeir vita

ecki hvad þeir eiga af sér ad gjöra; þeckja ad sönnu Guds náð, en ofbýdur þó stærd syndanna; Þeir vita ad sól réttlætisins Jesús Christur er þeim upprunnin, Mal. 4. en fyrir því ad þeir treystast ecki til ad lypta sínum augum til himins upp, Lúc. 18. og ad þoka syndanna skilur á millum Guds og þeirra, Esa. 59. þá sá þeir ecki ígégnum hana séd (fyrr enn Heilagur Andi rýdur trúarinnar smyrslum á þeirra hjartans augu) hvad fagurt hún skín; þeir þeinkja heldur á stærd syndanna, enn til fjölda Guds miskunsemda, og í einu ordi ad segja, þad eru þeir fátækir, er sérílagi um talad er hér í Gudspjallinu; þeim tilheyrir Evangelíum eintómis án lögmálsins strangu hótana. Hvar fyrir? Þvíad Guds Andi hefir allareidu verkad allt þad sem lögmálid átti ad verka, sem er þeckíngu syndanna og sanna ydran, er af henni kémur. Þeim verdur bodad ad hvar sem syndin yfirgnæfi, þar yfirgnæfi nádin miklu framar, Róm. 5. Þeim verdur sagt ad Mannsins Sonur kom til ad kalla synduga, en ecki réttláta til ydrunar, Matth. 9. Þeim á ad predika, ad blódid Jesú hreinsi þá af öllum syndum, 1. Jóh. 1. Og þó ad þeirra syndir séu raudar sem blód, skuli þær eins hvítar og snjór verda, Esa. 1. Þeim segir Davíd, Ps. 34. Nálægur er Drottinn þeim sem sundurkramdir eru í hjörtum og harmþrúngnir í anda. Til þeirra segir Esajas, Cap. 55. Heyrid þér sem þyrstir erud, komid til þessara vatna, og sá ed eingann peníng hefir, komid, medtakid og snædid. Komid, segi eg, og fáid ókeypis og fyrir eckert, bædi vín og mjólk. Til þeirra hrópar sjálfur Jesús, sem borid hefir syndir veraldarinnar, Matth. 11. Komid til mín allir þér sem erfidid og þúnga þjádir erud, eg vil ydur endurnæra; til alls þessa segir öll heil. Guddómsins þrenníng, amen. Ezech. 33. Þér segid, af því ad vorar yfirtrodslur og syndir liggja á oss, þar fyrir visnum vér upp í þeim, hvornin skyldum vér mega lifa? Þá seig þeim: Svo sannarliga sem eg lifi, segir Drottinn, þá vil eg ecki dauda hins ógudliga, heldur ad hann snúi sér og lifi. Ecki eru þess dæmi, ad Fadir miskunsemdanna hafi nockurn þann frá sér rekid, sem til hans komid hefir, Jóh. 6. Þetta er Evangelíum fridarins, sem hér bodad verdur, Esa. 52. Lát því ei syndugur madur, þína sálu vera óróliga í þér, því þú hefir frid vid hann fengid, hvors óvinur þú varst, þegar hann gaf sinn Son í daudann fyrir þig, Róm. 5. Þad skédur hjá gódum konúngum, nær þeim fædist einn sonur, ad þeir géfa einhvörn bandíngja lausann, en Gud Fadir lét hrópa til allrar veraldar í síns Sonar fædíngu, fridur á jördu og mönnum gódur vilji, Lúc. 2. Þetta er Evangelíum fagnadarins, Lúc. 2. Því Englarnir súngu: eg boda ydur mikinn fögnud, þann er skér öllu fólki. Lát þér því ecki svo ógna syndir þínar, þótt þær yfrid margar séu og stórar, ad þú ecki undir eins gledjist í Gudi heilsugjafara þínum, Lúc. 1. Meiri gledi er í himninum, segir Jesús, yfir einum syndara, sem ydran gjörir, heldur enn yfir níu og níutíu réttlátum, Lúc. 15. Nú fyrst ad sjálfur Gud og hans Heilagir fagna svo mjög þínu apturhvarfi, því skyldir þú þá hryggur vera? Þetta er Evangelíum Guds nádar, Act. 20. og embætti forlíkunarinnar, 2. Cor. 5. En þú hrædist öll þín verk eins og Job, og veitst ad jafnvel þitt réttlæti er svo sem nidlags-fat, Esa. 64. Nú er þetta nádarinnar Evangelíum, í hvörju syndaranum verdur frambodin náð út af náð, en ef þad er af náð, þá er þad ecki af verkunum, segir Postulinn, Róm. 11. Þín verk eru vond, en þetta er þó Evangelíum gódra hluta, Róm. 10. Þitt hjarta fordæmir þig;

en Jóhannes segir þó, ad Gud sé meiri þínu hjarta, og viti alla hluti, 1. Jóh. 3. Veit hann alla hluti, þá veit hann og þad, ad þú ert andliga voladur, því vill hann þér H mnaríkid géfa, Matth. 5. Enginn er sá snaudur, er hann á heilt kóngs-ríki, þó er syndarinn ríkari, þegar hann á Guds-ríki, og verdur þá ríkastur, þegar hann er sem fátækastur, og máttugur, þegar hann veikur er eins og St. Páll, 2. Cor. 12. Veit Gud alla hluti, þá veit hann og þad, ad þig húngrar og þyrstir eptir réttlætinu, Matth. 5. En ef þú sem vondur ert, kant ad géfa bornum þínum gódar gáfur; ef þú sem ert alinn í synd, mundir ei neita daud-þyrstum manni vatns-dryckjar, mun þá Gud sem er alleina gódur, tefja lengi ad svala þér med Heilogum Anda, þá þig lángar eptir honum, svo sem hjortinn eptir fersku vatni, Ps. 42. Þú fellur í þær syndir, er Gud hefir þér ádur fyrigéfid, og þad optar enn einusinni; þad er illa gjort, lát þig þad af hjarta ángra, og syndga ei þannin framar, ad þú ecki uppausir brunn miskunarinnar, en gjæt þó þess, ad þetta er Evangelíum forlíkunarinnar, 2. Cor. 5. Christur er kénnimadur ad eylífu, Hebr. 7. og situr til Fodursins hægri handar til ad bidja fyrir oss óafflátanliga. Jesús skipadi Petri ad fyrirgéfa sínum bródir, sjotíusinnum sjo-sinnum, Matth. 18. Hyxa ecki ad Fadir miskunsemdanna muni vera sídur nádugur, enn hann ætlar til ad þú skulir vera, sérdeilis þar hann segir: Verid miskunsamir, svo sem ydar Fadir er miskunsamur, Luc. 6. en brúka samt ecki þessa Guds nád til hyrduleysis, edur til ad géfa holdinu taum. Hæd ecki ad honum sem augad hefir skapad og eyrad hefir plantad, Ps. 94. og er hjartnanna og nýrnanna ransakari, Apoc. 2. því hann lætur ecki ad sér hæda, Gal. 6. Hafi Gud fyrirgéfid þér margar syndir, þá vit ad þér er þess vandara. Þeink á þann tíma, hvorsu ad syndin var þér óbærilig, ádur enn Gud huggadi þig med Evangelío, hún mun þó betur býta, ef þar kynni ad koma, ad hann yrdi fyrir alvoru reidur. Slockvid ecki Heilagan Anda, segir Páll Postuli, 1. Tess. 5. Gjæt ad því, syndugur madur, því kannské hann verdi ecki svo hægt aptur ad kveikja. Sjá, nú ertu heilbrygdur sagdi Jesús vid þann, sem hann læknadi vid dýkid Bethesda, syndga nú ei framar, ad ei hendi þig annad verra, Jóh. 5. Þú hefir eitt sinn legid vid dýki Guds nádar, og Engill hins mikla ráds hefir svo hrært þad, ad þér vard til andligrar heilsubótar. Sjá til ad þú ecki aptur missir heilsuna og verdir svo ad kvarta um med þessum manni, þad þú aungvann fáir sem ad kasti þér í dýkid, þegar Jesús er frágenginn. Hafi hann eitt sinn útrekid Djofulinn frá þér, þá gjalt varhuga vid, ad ei hverfi Satan aptur, og taki sjo anda sér verri, og verdi svo þitt hid sídara, argara hinu fyrra, Luc. 11. Nú hefi eg svo med fám ordum sagt, brædur mínir, hvílíkt ad sé þad Evangelíum, sem fátækum bodad verdur. Þennan veg géck Jesús til ad leita ad þeim, sem annadhvort harmþrúngnir voru, og sundurkramdir í mótlætinu, edur særdir og lemstradir af tilfinníngu syndanna. Hann hafdi ecki morg ord vid hina bersyndugu í Símons húsi, hann tók ordalaust hennar forsvar á hendur, og sagdi: Ad henni fyrigjæfust hennar morgu syndir, af því hún elskadi mikid, Lúkas 7. Hann skipti ecki morgum ordum vid hina blódfallssjúku, er géck bak til vid hann, og snerti fald hans klæda, hann sagdi alleina, vertú hughraust mín dóttir, þín trúa gjordi þig heilbrigda, Matth. 9. Hann hafdi og ecki lángordt vid hinn limafallssjúka, er þeir létu síga ofan af þakinu nidur fyrir hans blessadar fætur,

hann reisti hann strax upp með þessu huggunar orði: Vertú hughraustur sonur, þér eru þínar syndir fyrirgéfnar, Matth. 9. Hann átaldi ei stórum hór-konuna, til hvorrar hann sagði: Kona, hefir neckur fordæmt þig? En hún kvað nei við; þá sagði hin eylífa gjæska: svo fordæmi eg þig ecki heldur, far burt og syndga nú ei framar, Jóh. 8. Enginn er þvílíkur Guðs velgjörníngur, af ollum þeim fjolda sem hans føðurlig náð hefir tjáð syndugum monnum sem þessi, enginn húngraður verður svo feginn að eta, enginn þyrstur að drecka, enginn nakinn að klæðast, enginn þreyttur að hvílast, enginn útlægur að ná lands-vistum aptur, enginn sjóhrakinn landinu, enginn sjúkur batanum, enginn þræll frelsinu, enginn fjotraður lausninni, svo sem fátækur verður Evangelío, og einn syndari sem einskis von á nema eylífra Helvítis písla, svo sem hann verður því feginn segi eg, að Guðs náðar ljós skýn í hans hjarta, svo að hann sér með trúarinnar augum, að hans syndir kvittar eru. O! Herra Jesú Christi, þú saklausa lamb Guðs, sem burtuber allar veraldarinnar syndir, kénn þú oss að þeckja vorn óverðugleik, drag þú skýluna frá vorum døpru augum, svo að vér mættum sjá vora bligðan, straffa þú syndina í oss, með sannri yðran og ángri hjartans fyrir allt það illa, sem vér frá barnæsku vorri hofum drýgt á móti þér, og þá vér erum svo niðurslegnir í hjortum vorum, og þín volduga hønd er oss svo sterk orðin, þá rétt oss aptur þína náðar-hønd, að vér ei sockvum í djúp orvæntíngarinnar, heldur forlátum oss þar uppá, að þú sért oss af Guði géfinn til réttlætis, til helgunar og eylífrar endurlausnar, 1. Cor. 1. Bænheyr það Herra fyrir þína forþénustu, amen!

Fjorða Sunnudag í Adventu.

Guðspjallið, Jóh. 1 Cap.

Á þeim tíma. Gyðíngar sendu af Jerúsalem Presta og Levíta, að þeir skyldu spyrja hann að, hvør ert þú? Og hann meðkéndist og neitaði því ecki. Og hann meðkéndist, segjandi: Eigi em eg Christur. Og þeir spurðu hann ennþá að, hvað þá? Ert þú Elías? Hann sagði, ei em eg. Ert þú þá spámaður? Og hann svaraði nei, ecki. Þá sogðu þeir við hann. Hvør ert þú þá? svo að vér meigum andsvar géfa þeim er oss útsendu. Hvað segir þú af sjálfum þér? Hann sagði: Eg em hrópanda rødd í eyðimørku, greiði þér gotu Drottins, svo sem sagði Esajas spámaður. Og þeir sem út vorn sendir, voru af Phariseis. Og þeir spurðu hann að, og sogðu til hans: Því skírir þú þá, fyrst þú ert ecki Christur, eigi Elías, og eigi spámaður? Jóhannes svaraði þeim og sagði: Eg skíri í vatni, en sá stóð í miðið hjá yður, hvørn þér þecktuð eigi; hann er sá sem eptir mig mun koma, hvør eð var fyrir mig, hvørs skóþvengi eg em ei verðugur upp að leysa. Þetta skéði í Bethabara, hinumegin Jórdanar, þar sem Jóhannes skírði.

Exordium.

I þessu heilaga Evangelio er tvent sem þarf ad athuga. Þad eina ad Jóhannes segist ecki Elías vera, en Jesús segir þó um hann, Matth. 11. Ef þér viljid þad medtaka, þá er hann Elías sá ed koma skal, og hjá Matthæum segir hann, ad Elías kominn sé, Matth. 17. Þad er annad, ad hann neitar því, ad hann sé spámadur, en hans fadir Zacharías segir þó um hann, Lúc. 1. Og þú sveinn munt kallast spámadur hins hædsta. Þetta sýnist hvort ødru gagnstædt vera, en þess byrjar ad gjæta, sem St. Petur segir, ad spádómarnir eiga ecki út ad leggjast eptir eigin þótta, því þeir eru ecki ad mannligum vilja til vor komnir, heldur hafa Guds heilagir menn tilknúdir af Heilogum Anda talad, 2. Pet. 1. Og því er einginn vegur betri edur beinni til ad leggja þá út, heldur enn sjálf Ritningin. Hjá Malachíam Cap. 4. segir Andi Guds, sjá eg mun senda Eljam spámann til ydar, ádur enn kémur sá mikli og hrædiligi dagur Drottins. Sá Elías er nú Jóhannis í raun og sannleika; hann géck undan Guds fólki í anda og krapti Elíæ, svo sem Engillinn spádi, Lúc. 1. Elías var einn strángur vandlætari í Guds stad. Jóhannes var og ydranar predikari. Elías sagdi hinum ógudliga Achab konúngi til synda sinna, 1. Reg. 21. Jóhannes átaldi Heródem konúng, Matth. 14. Elías upprætti ad miklu leiti afgudadýrkunina úr Israel, 1. Reg. 18. Um Jóhannem segir Frelsarinn, Matth. 17. ad hann muni vidrétta alla hluti. Elías bodadi hinn sanna Gudsveg, 1. Reg. 19. Jóhannes kom med veg réttlætisins, Matth. 21. Um Elíam er spád, Malach. 4. ad hann muni snúa hjørtum fedranna til barnanna, og barnanna til fedranna, og þann sama spádóm þýdir Engill Drottins uppá Jóhannem, Lúc. 1. Og ad menn ecki efist um þad, ad Jóhannes sé Elías sá ed koma átti, þá skrifar Matth. 17. Ad þegar lærisveinarnir sáu á fjallinu Elíam og Mósen tala vid Jesúm, er hann forkláradist, þá hafi hann bannad þeim ad segja þá sýn nockrum, fyrr enn hann væri upprisinn, en þeir svorudu: Pharisæi segja ad Elías eigi ádur ad koma; en hann sagdi: Elías á ad sønnu ad koma og lagfæra alla hluti. En eg segi ydur, ad Elías er allareidu kominn, en þeir þecktu hann ecki, heldur gjørdu vid hann hvad þeim líkadi. Svo mun og Mannsins Sonur verda píndur af þeim. Þá skyldu lærisveinarnir ad hann taladi vid þá um Jóhannem, segir Matthæus Svo er nú Jóhannes sá rétti Elías, sem koma átti; en þó ecki einn og hinn sami Elías Thesbiter; og svo sem Guds Andi segir, Hós. 3. Ad þeir muni leita síns konúngs Davíds, sem þó er ei annad enn Christur, svo heitir Jóhannes hér Elías, jafnvel þótt hann ecki Elías væri. I ødru lagi neitar Jóhannes því, ad hann spámadur sé. Hér byrjar ad athuga, ad Gydíngar hafa án efa verid í þeirri villu, ad Gud mundi ecki einasta senda Elíam Thesbiter í eigin persónu til þeirra, heldur og einn annan spámann, líkann Mósi, hvad þeir dregid hafa af sjálfs Mósis ordum, Devt 18. Er hann sagdi: Spámann mun Gud ydur uppvekja af brædrum ydar, líkann mér, honum skulud þér heyra. Hvør ord alleina eiga um Drottinn Jesúm ad skiljast; svo sem St. Petur þad útleggur, Act. 3. Þad má og ráda af ordum fólksins, er sagdi um Jesúm: Jóh. 6. Þessi er sannarliga sá spámadur, sem í heiminn koma skal, eda hvad er þad annad, sem stendur, Maccab. 14. Ad Gydíngum og kénnimønnum sýndist ad Símon skyldi vera þeirra hertogi æfinliga, þar til sá vissi spámadur kjæmi. 1. Maccab, 14? Vilji menn og grandvarliga athuga spurn Gydínga, þá er hún þann veg: Ertú sá spámadur inn? Hvad talad sýnist um einhvørn vissann spámann, sem þeir væntu eptir; en svo sem Jóhannes því réttiliga neitadi, ad hann væri Elías eptir þeirra meiníngu; svo kvad hann og nei vid hinn med øllum rétti. ad hann sá spámadur væri, sem þeir eptir væntu, jafnvel þótt hann væri spámadur hins Hæsta, svo sem hans fadir Zacharías ádur sagt hafdi, og meir enn nockur spámann ad Christi vitni, Matth. 11. Og er þetta ad segja um persónu Jóhannis En af hans andsvørum, eigum vér kristiliga hógværd ad læra. Hvar um eg framvegis tala vil. Þar til styrki Guds gódur Andi fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggingin.

Hid fyrsta andsvar Jóhannis, er hann gaf sendimønnum Gydínga, er þetta: Eigi em eg Christur. Spurn þeirra var þann veg. Hvør ert þú? Og sýnist svo sem hann hafi

ei viljad bída eptir því, ad þeir spyrdu hann ad, hvort hann Christur væri, því hann hefir án efa vitad, ad þesshattar mundi erindid vera; þarfyrir fortekur hann þad strax, og segir: Eigi em eg Christur, og má þar af sjá, hvørsu ant hønum hefir þar um verid, ad enginn skyldi svo mikla hluti um sig þeinkja, hvar fyrir hann gétur og ecki bundist sídar í Gudspjallinu, ad tala svo skorinordt hér um, ad allir skilja mættu, er hann segir: Sá stód í midid hjá ydur, hvørn þér þecktud eigi, hann er sá sem eptir mig mun koma, hvør og fyrir mig var, hvørs skó-þveingi eg em ei verdugur upp ad leysa. Gudspjallamadurinn sem þetta ritar, hann hefir svo mørg ord hérum, segjandi: Hann medkéndist og neitadi því ecki, og hann medkéndist, og sagdi: Ei em eg Christur. Og er þad audsært þaraf, ad hann hefir á allar lundir viljad gyrda fyri þad, ad einginn skyldi þvílíkar øfgar í hug sér leida. Þann veg hafa allir Guds elskendur lyndir verid, ad þeir hafa fyrirordid sig, þá þeir á einhvørn hátt hafa ordid annadhvørt ad nálægjast Gud, edur og ad þeirra hefir undir eins gétid verid og hins stóra Konúngs, sem øllu rædur bædi á himni og jørdu. Heiløgum Jóhanni var þetta nærsta ættgengt ad blygdast fyrir sínum Gudi og Skapara. Þegar Guds módir María heimsókti módur hans Elísabeth frændkonu sína, er hún var ólétt ad hønum, þá fagnadi hún henni á þennan hátt: Hvadan kémur mér þad, ad módir Drottins míns kémur til mín? Lúc. 1. eins var sjálf María skapi farin, er hún sagdi til Engilsins: Eg em ambátt Drottins, verdi mér eptir ordi þínu. Abraham vissi ei hvad hann átti af sér ad gjøra, þegar Drottinn vyrdti hann vidtals, því sagdi hann: Eg vildi nú gjarnan tala vid Drottinn Gud, þótt eg sé dupt og aska, Gen. 18. Eg vil ei þar um tala, hvørsu Postular Drottins vordust allri þeirri lotníngu, er adrir syndugir menn vildu veita þeim, þá þeir kéndu Jesúm, edur gjørdu kraptaverk í hans nafni. Þegar Cornelíus féll til fóta Peturs, þá reisti Postulinn hann jafnskjótt á fætur, og sagdi: Statt upp, eg er einnin madur, Act. 10. Þegar fólkid í Lystris sagdi ad Gudirnir væru mønnum líkir ordnir, og til þeirra ofankomnir, Act. 14. af því ad Páll reisti þann á fætur med einu ordi, er fót-hrumur var frá módur-lífi, og vildu hafa fært hønum og Barnabæ fórnir, þá sundur-rifu þeir sín klædi, stucku inn í mannþraungina, hrópudu og søgdu: Þér menn! hvar fyrir gjørid þér þetta, vid erum menn, sama breiskleika og þér undirorpnir. Já, ecki einasta Guds heilagir menn og ástvinir hafa þann veg blygdast fyrir Gudi, sem meir enn skyldugt er, heldur og hafa hans voldugu Englar hid sama gjørt. Þad má medal annara lesa, Apoc. 19. Þegar Engillinn taladi vid Jóhannem, þá skrifar hann á þennan hátt: Og eg féll fram fyrir hans fætur ad tilbidja hann, og hann sagdi vid mig: Sjá ad þú gjørir ei þetta, eg em þinn medþénari og brædra þinna, þeirra er hafa vitnisburdinn Jesú, tilbid þú Gud. Hafi nú Guds heilagir menn og Postular, hafi Jóhannes Bapista, um hvørn Sannleiks-munnurinn vitnar, ad enginn sémeiri af kvinnunni fæddur, Matth.11. hafi hans blessud módir, sem hina mestu tign hefir af Gudi þegid allra syndugra manna, sem bornir eru í þennan heim, hafi Guds heilagir Englar, sem eru aldeilis án syndar, hafi þessir, segi eg, svo audmýkt sig fyrir hans hátign og veldi, hvad miklu framar byrjar þér þá syndugur ormur, ad audmýkja þig undir volduga Guds hønd, sem allur ert í synd,

og ecki eitt augnablik lifir án syndar í hans augliti; hafi Sonurinn gjorst Fodurnum hlýd-inn allt til daudans, já, allt til krossins dauda, Phil. 2. ef St. Páll, 1. Cor. 15. segir, ad á sídasta degi, þegar hann afhendir ríkid Gudi og Fodur, þá muni hann (þó eptir mann-dóminum) undirge'finn verda honum, sem alla hluti gjordi honum undirge'fna; ættir þú þá ecki ad skammast þín ad standa uppre'ttur í hans augliti, þú sem optsinnis ert óhlýdugur, þverbrotinn, tómlátur, og forsmáir hans miklu miskunsemi, sem dagliga er ný og fersk yfir þe'r á hvorjum morgni, Thren. 3. Hvar fyrir hafa Guds heilagir svo audmýkt sig fyrir Gudi? Því þeir elskudu hann. Því hafa þeir hann elskad? Því þeir þecktu hann. Því þecktu þeir hann? Því þeir lærdu fyrst ad þeckja sjálfa sig. Hvad þecktu þeir hjá sjálf-um se'r? Eckert nema eymd og volædi. Hvad hjá Gudi? Eckert nema dýrd og vegsemd. Gjor slíkt hid sama, og muntu finna, hvorsu ad þú ert minna enn eckert í Guds augliti. Ber þig saman vid hann, þótt nockud ólíkt se' saman ad bera, og nærsta sundurleitt, gjor þad þó, því slíkur samburdur mislíkar honum ecki, ef hann mætti duga þe'r til ad kannast vid eymd þína og hans dýrdarfullu hátign, hvorja þó daudligur madur aldrei kann ad þeckja svo sem hún er. Júdar spurdu Jóhannem ad, hvor ert þú? Ef þú spyr ad hvor Gud se', þá verdur ei svarad, nema med hans egin ordum: Gud er einn andi, Jóh. 4. þó ecki svo sem adrir andar, heldur fadir andanna, Hebr. 12. og svo dýrdligur, ad honum má vid eingann hlut samlíkja, Esa. 40. Um hann verdur ei nær komist ad tala, enn med þeim ordum, er undir eins medke'nna fáfrædi vora til ad útmála hans dýrd, sem er: ad hún se' ómælanlig, óendanlig, óransakanlig og óútsegjanlig. En spyr sjálfann þig ad, hvad ert þú? Í fyrstunni eckert, og sídan leir jardar, sem Gud skóp hinn fyrsta mann af, Gen. 2. Gud er eylífur, sá sem er, og sá sem var, og sá sem koma mun, Apoc. 1, en hvor ert þú? nockurskonar gufa, er se'st um hríd, en hverfur sídan, Jak. 4. Gud er ómælanligur, hann uppfyllir bædi himin og jord. Þad vottar Zophar af Naema, segjandi: Job. 11. Muntú med huganum ge'ta komist ad stærd hins Almáttuga, hann er hærri enn himininn, og djúp-ari enn Helvíti. En hvor ert þú? Mæl sjálfann þig, sem ert fárra fóta lengd, og megn-ar ecki med allri þinni áhyggju ad auka einni alin þar vid, Matth. 6. Gud er alvitur, allir hlutir eru berir og naktir fyrir hans augum, Hebr. 4. En hvor ertú? Þú veitst ecki hvad á morgun mun ske', Jak. 4. Gud er almáttugur, hjá honum er einginn hlutur ómátt-ugur, Lúc. 1. En hvor ert þú? Þú formátt ecki ad gjora eitt hvítt hár svart á þínu hofdi, Matth. 5. Drottinn er re'ttlátur og gódur, segir Davíd, Ps. 25. Og svo sem hann er í sjálfum se'r, svo er hann í sínum verkum. En hvor ert þú? Þínir þánkar eru vondir í frá upphafi, Gen. 8. og svo eru þín verk, því þar er einginn sá ed gott gjori, og ecki einn, Ps. 14. Gud er sannordur, oll hans bodord eru sannleiki, segir Davíd, Ps. 119. Ef ve'r ótrúir erum, þá er hann trúr, sjálfum se'r kann hann ecki ad neita, segir Páll, 2. Tim. 2. En hvor ertú? Spyr St. Pál ad, hann mun svara þe'r, Róm. 3. Verdi Gud sannordur, en allir menn lygarar. Hvad vyrdist þe'r nú syndugur madur? Muntú ecki, þegar þú svo heldur reikníng milli Guds og þín, munt þú ecki (segi eg) fulla orsok hafa til ad skammast þín fyrir hans augliti, sem þe'r svo miklu mátkari, miklu ædri, miklu betri, miklu re'ttlátari er, og í einu ordi ad segja, hjá hvorjum þú ert minna enn ecki neitt ad reikna, og fyrir ut-

an allt þetta, þá hefir hann þig svo auman, svo fáráðan, svo vondan og ónógan sjálfum þér um alla hluti upp úr þreckinum hafið, og sett þig í síns Sonar riki, Col. 1. En lítil-læckad hann, og gjört þér að öllu samlíkann, Hebr. 2. að því einu undantekun er hann var straffadur fyrir, en þú ert frelsadur frá, sem er syndin, Hebr. 5. Fyrir hvorja hann er deyddur, en þú fékkst lífgjöf fyrir hans dauda. Því skyldir þú þá annastur allra skapadra hluta Guds á jördunni, skyldir þú (segi eg) stæra þig edur metnast í hjarta þínu, svo sem værir þú nockud, fyrir utan Gud, og ei miklu heldur med audmýkt þíns hjarta, þacka honum þess inniligar, sem hann hefir gefid þér meira vit á ad þeckja þad, og meira til þín lagt enn allra annara. Einn Guds Engill hefir honum meira ad þacka fyrir hinn minsta dropa hans gjæsku, er hann hefir til hans lagt, heldur enn allar skynlausar sképnur, fyrir öll náttúrunnar gjædi og skopun allra hluta. En þú syndug manneskja hefir meira af honum þegid í hinum minsta nádar-mola andligra gjæda, heldur enn allar Englanna hersveitir í öllu því sem öllum þeim er tillagt, hvar fyrir? Þvíad, til þess, ad þú lifa skyldir fyrir nád Guds, hefir hann látid Son sinn, ecki Englanna, heldur Abrahams sædi uppá sig taka, Hebr. 2. og gjört þitt hold sem hann uppá sig tók Englunum svo miklu ædra, sem hann hefir framar þeim ædra nafn ödlast, Hebr. 1. og látid hinn lifanda Gud í mannligu holdi deya mannligum dauda, svo þú mættir gudligu lífi lifa; því hefir hann svo miklu meira til þinnar upphefdar unnid enn til Englanna, sem Jesúm hans Son hefir meira kostad ad endurskapa þig, heldur enn alla Englana ad skapa, fyrir því áttu honum svo miklu meira ad þakka enn þeir, sem hann hefir meira uppá þig kostad, en hvar med viltú honum þacka? Ekki etur hann kjöt hafranna, edur dreckur blód hinna feitu uxanna, Ps. 50. Offra honum lofgjördinni, og gjallt honum þín heit, þad er audmjúkur andi og sundurkramid hjarta, hvort hann mun ecki fyrirlíta, Ps. 51. Þú kant ad segja: eg jafna mér ei saman vid Gud, ei hef eg mig upp ámóti honum, eg veit eg á honum allt gott ad þacka, og ef hann vill dóm halda vid mig, þá hefir hann vald til ad kasta lífi og sálu í eylífann eld, Matth. 10. Þú segir vel, því allt þetta er meira enn satt, en ransaka hjarta þitt vel, hvort hugur hefir altíd fylgt máli, hefir þú audmýkt þig svo fyrir þínum Gudi sem byrjad hefir bædi med ordi og verki? Ef hann er þinn fadir, hvar er þá hans heidur? Gjæt ad því Jesús segir, Matth. 21. um þann son, er fadirinn skipadi ad erfida í víngardinum, og hann kvad já vid, en fór þó hvorgi; þad er ei nóg ad nálægjast hann med vörnunum, ef hjartad er lángt þar frá. Vér segjumst allir eiga ad elska Gud fram yfir alla hluti, og þad er þad sanna audmýktar-merki ad elska hann; en Gud nádi hvornin þad efnt er, þar vér látum oss á stundum alla hluti skyldari vera enn hans dýrd. Þegar holdid og Andskotinn freista þín til syndarinnar, en þér kémur þá í hug ad Gud hafi þad bannad, samt hlýdir þú holdinu í þess gyrndum, og lætur syndina í því drottna. Róm. 6. Er þad ecki ad upphefja sig á mót Gudi, og meta framar þess munad enn hans bodord? Hvorjir erum vér þá á medan? Ecki Guds þjónar, heldur þrælar syndarinnar, því hvor hann syndina æfir, hann er þræll syndarinnar, segir Jesús, Jóh. 8. Vér eigum ad hrædast og skélfast hans ógurliga nafn, en menn vanbrúka þad ástundum, til ad ljúga, stela og svíkja. Hvorjir erum vér þá? Þeir ad vísu, fyrir hvorra skuld Guds nafn lastad verdur medal heidíngjanna, Róm. 2. Vér seg-

jumst vera skyldugir ad hlýda hans ordi, og gjora þar eptír, en menn daufheyrast þar vid, sit ja undir einni predikun hyrdulausir, og gánga þadan ávaxtarlausir og sumum má valla þángad koma, sem þad er um hønd haft. Hvad erum vér þá? Forgleymanligir tilheyrendur, en ei gjørendur ordsíns, Jak. 1. Í krossi og mótgángi sést allra-best audmýktin fyrir Gudi. Sá audmýkir sig réttiliga undir hans voldugu hønd, er kyssir á vønd Drottins med þacklæti, því hann er hans sannur lærisveinn; en þar vill ástundum næsta mikid afbera, þar menn eru óþolinmódir undir Drottins krossi. Sumir skjóta sér undan hans sæta oki á allar lundir med óleyfiligu móti og leita þeirra bragda, er Gud bannad hefir. Er slíkt ad audmýkja sig fyrir Gudi? Fjærri fer því. Hvørjir erum vér þá? Líkir þeim er lída svo sem þjófar og mordíngjar, edur þeir sem falla inn í annars embætti, 1. Pet. 4. Því hvar er vor audmýkt fyrir Gudi, ef vér viljum eckert þola hans vegna, og svo sem vér erum nú skyldugir á allar lundir ad audmýkja oss fyrir Gudi vorum skapara, svo vill hann og ei heldur ad vér skulum forsmá vora brædur í heiminum, því hvor hann segist elska Gud, en hatar sinn bródur, hann er ljúgari segir Jóhannes, því ef hann ecki elskar sinn bródur, hvørn hann sér, hvørnin má hann Gud elska, þann hann sér ecki, 1. Jóh. 4. Nú er eckert verkfæri kjærleikans handhægra enn lítilætid, því þad verdur af øllum elskad, og med því dregur kjærleikurinn alla til sín, þá sem ecki kjærleikann hata; þess vegna segir Pálus um dygd þessa: Kjærleikurinn er ecki mikilátur, hann þýtur ei upp, hann leitar ecki eptir því sem hans er. 1.Cor.13. Og sokum þess ad hann vissi, ad lítilætid var band kjærleikans, þá bídur hann kristnum mønnum, ad þeir hafi hvor annan sér í vyrdíngum ædra, Phil. 2. Svo hefir og Jesús látid øllum sínum lærisveinum þad bodord eptir: hvor sem vill stór vera ydar á milli, hann sé hinna þénari, Matth. 20. Hefdi Jóhannes verid ágjarn hégóma dýrdar, þá hefdi hann ecki neitad því ad hann Elías edur spámadur væri, þar hann mátti þó hvørutveggja um sig játa, því ad þad eina vitnar Christur, Matth. 11. um hann, en annad hans fadir Zacharías, Lúc. 1. sem ádur er sagt, og allt fólkid hélt hann fyrir spámann, Matth. 21. en hann vildi á móti hvørugu taka, svo hann gjæfi Gudi einum dýrdina; ecki ólíkur í þessu sínum Herra, hvørs Engill hann var, Mal. 3. hvor þá hann var af hinum Skriftlærda kalladur gódi meístari, svaradi hann: Hvad kallar þú mig gódann? Enginn er gódur nema Gud einn, Marc. 10. Ecki neitadi Herrann því, ad hann gódur væri, vildi þó ecki þiggja þann titil af hans munni, er hann svo kalladi eptir sínum þánka, þad er eins gódann og Pharisæi voru, hvørja fólkid kalladi góda, af því þeir gáfu svo miklar ølmusur, en Sadúceos réttláta, af þvi þeir gáfu eckert eptir, tóku ei heldur neitt rángliga frá neinum, hvar til St. Páll sýnist líta, Róm. 5. er hann seigir, ad valla muni finnast nockur sá ed fyrir réttlátann deyr, því kanské einhvør findist sá ed dæi fyrir hinn góda. Þann veg forsmádi Christus og hans Engill Jóhannes fánýta virdíngu heims þessa, og ei var St. Páll øtruvís lyndur er hann segir: 2. Cor. 12. Ef eg hrósadi mér, þá væri eg þó einginn dári, því eg skal satt segja, en eg hlífist vid þad, svo ad einginn þeinki um mig fram yfir þad sem hann sér mig vera, edur heyrir af mér.

Jóhannes segir hér í Gudspjallinu: greidi þér gøtu Drottins. Ord þau eru tekin af Esajæ spádóms-bókar 40. Cap. þar ed svo stendur: Þar er rødd eins hrópanda í eydi-

mörku, greidi þér götu Drottins, og gjörid slétta vegu Gudi vorum í óbygdinni. Þegar menn ridja einn veg og gjöra hann færann, taka menn í burtu stór=grýti og allar ójöfnur svo greidt verdi um ad fara. Offsi og hroki veraldar þessarar eru torfærur þær sem Guds veg hindra í mannsins hjarta; hvadan kémur stríd og barátta manna á medal; hvadan kémur öfund og úlfbúd, hvadan vex agg, reidi og þræta, hvadan uppstígur ágyrni og fédráttur, hvadan framkémur mord og mannslag, hvadan er þad ad menn tortíast og tiggjast innbyrdis, þar til þeir umsídir mættu verda uppetnir? Zach. 11. Kémur ecki allt þvílíkt af hinni bölvudu drambsemi, er Satan inurætir í mannanna hjörtu? Hvornin á Zíons Konúngur ad rída um slíkann veg, þegar sá Drottnarinn kémur til síns musteris, Mal. 3. sem er mannsins hjarta. Þeir breiddu sín klædi á veginn fyrir hann, þegar hann sídarst innreid til Jerúsalem, og dreifdu kvistum trjánna á hans götu; þad var audmýktar og fridarmerki; því á og í burtu ad rydja stór=grýti drambseminnar og offstopans af hans leid, ecki med líkamligum verkfærum, heldur med Guds ordi, um hvört Páll skrifar, 2. Cor. 10. ad vopn herfarar vorrar séu ei líkamlig, heldur kroptug fyri Gudi, nidurbrjótandi hugrenníngarnar, og allar hædir, sem ad upphefjast á=móti Guds þeckíngu. En hvörjar munu þær hædir vera? Þad eru medal annara fjöll drambseminnar, því eckert mótstrídir sannri Guds þeckíngu meir enn þeckíngarleysi síns egin óverdugleika, sem er módir drambseminnar; því segir rödd hrópandans, ad allir dalir skuli upphefjast, og öll fjöll og hálsar nidurþryckjast. Hvad er þad annad enn þad sem Guds módir sýngur í lofkvædinu: Lúc. 1. Dramblátum hrindir hann af stóli, en uppvóf lítiláta. Og þótt ad þessi hrópandans rödd spái sérílagi um Guds nád í Evangelio, og lagfæríng allra hluta fyrir Christum, hvörrar frumkvödull Jóhannes var, þá má og þad vel heimfæra uppá þetta efni, því fátækum, þad er andliga voludum og audmjúkum í hjarta verda Gudspjöllinn bodud, og þad ecki sízt vegna þeirra orda er hér standa skömmu sídar í þessum 40 Cap. Esaíæ, á þennan hátt: Þar er ein rödd sem segir: Prédika þú, og eg sagdi: Hvad skal eg predika? Allt hold er hey, og allt, þess ágjæti svo sem blóm akursins, grasid uppþornar og blómstrid fellur af, þá Andi Drottins blæs á þad, já, fólkid er hey. Hvar er þá, segid mér, hvar er þá allt vort atgjörsi, og allt had menn dramba af í heiminum? Er þad audur og ríkdómur? Fallvalt er þad, og gjörir margann vondann, þad ablast med áhyggju, en tapast med sorg, og nema menn gjöri svo sem Jakob bídur þeim ríku, Cap. 1. ad hrósa sér í sinni lægíngu, þá er þad volædinu verra. Er þad metord og virdíngar? En Davíd segir, ad madurinn blífi þó ecki lengi í heidrinum, Ps. 49. og þrældómur eru þau reyndar. Er þad gofugt foreldri og afspreugi? En vér erum þó allir af Adam komnir, hann var útlagi Guds úr Paradís; fyrir hvörja sök, er oss alkunnugt, Gen. 3. Fegurd og prýdi líkamans? Þad er fallvallt, því blómstrid fellur af segir Esajas í 40. Cap. einn sjúkdómur fær því öllu umbreytt, því þegar þú tiptar Drottinn, þá folnar öll þeirra fegurd, Ps. 39. Fagur búnadur og skrautlig klædi? Þad sagdi einn af þeim gömlu, ad væri eins og ef þjófurinn stærdi sig af snörunni. Þróttur og styrkleiki líkamans? En hesturinn er enn þá sterkari, því skyldu menn hann þá ecki virda, en hinn Almáttugi hefir einga lyst á styrkleika hestsins, edur á fótleggjum mannsins. Hjá Drottni eru þeir allir vel þockadir, sem hann óttast og til hans miskunar vona,

Ps. 147. Hvad er þá framar, sem madurinn kunni svo ad metnast af? Kunnátta og vísdómur er mest tignadur í heiminum, og er hin ágjætasta Guds gjöf, en svo er hann bestur, ad hann sé med Guds ótta kriddadur, þad vottar St. Jakob, segjandi: ef nockur er vís, edur med skynsemi gáfadur medal ydar, þá auglýsi hann verk sín í gódri umgengni med skynsamligu hóglæti, Cap. 3. Og hvad eru allir vorir vitsmunir fyrir utan þetta? Páll segir, ad þeir séu hálfverk, 1. Cor. 13. og hvad meira er, ad þeir eru einskis verdir, og jafnvel skadligir, nema þeim Guds ótti og kjærleikurinn fylgi. Því segir Postulinn enn aptur: 1. Cor. 8. Ef einhvor þykist nockud vita, þá veit hann þó enn-nú eckert, svo sem vita byrjar, en ef nockur Gud elskar, hann er fæddur af hönum. Og þótt ad skynsemin og vitsmunirnir séu ein sú hin besta Guds gáfa, er hans gjæska hefir sæmt oss med, þá verdur henni med drambseminni svo spillt, ad hún verdur óviti argari; því segir Páls, 1. Cor. 3. einginn villi sjálfann sig, ef nockur þykist vitur vera medal ydar í öld þessari, hann verdi heimskur svo hann vitur verdi; þar skilst mér Postulinn meini, ad hann skuli gjæta ad hvad lítid hann veit, svo hann stæri sig ecki, því skynsemi veraldar þessarar, segir hann, er heimska hjá Gudi, 1. Cor. 3. Nú þó ad allar þessar Guds gáfur séu harla gódar, ef þær eru rétt brúkadar, þá er samt þess ad gjæta, ad þad er ecki vort eigid, og hann á frjálst, sem þad allt léuti, ad taka þad frá oss á hvörjum tíma, sem vér þad vanbrúkum. Af öllu þessu sjáum vér, hvad lítid ad þad sé, er daudligir menn brúka til stærilætis, gjætandi ecki þess, ad virdíngin elltir þann, sem hana flýr, en flýr fyrir þeim hana eltir, ef ei annarstadar, þá hjá Gudi. Postulinn segir til Gal. 6. ef nockur þykist vera nockud, þar hann er þó eckert, hann villir sitt hjarta, en ef vér eckert erum því vilja menn þá krefja þess, svo sem annarar vita-skuldar, ad vér séum virdtir af mönnum. Ei segi eg þad, ad þeim skuli ei heidur veita er heidur heyrir, Róm. 13. því þad er Guds bod; hitt segi eg, ad þeir sem vid eiga ad taka, skuli ecki una því illa, þótt af slíku megi bera ástundum, því sá sem játar fyrir Gudi, þad hann eckert sé i hans augliti, og þad af alvöru og hræsnislaust, þá sé eg ecki ad hann þurfi meir ad syrgja fyrir virdíngu sinni, heldur enn hinn, sem ekki er enn-nú fæddur. Hjá oss er ekkert gott, því skyldum vér stæra oss? Hjá oss er margt íllt, því skyldum vér ei skammast vor? Oss kann margt illt til ad falla, því skyldum vér ekki jafnvel hræddir vera? Oss kann sjálfa margt íllt ad henda, því skyldum vér ekki jafnvel hrædast oss sjálfa og leggja af ad forláta oss uppá þad sem ekkert er? Ef vér játum þad fyrir ödrum ad vér ekkert séum, og meinum þad ekki, þá svíkjum vér adra; en ef vér meinum þad og þekkjum þad, sem vér vel megum meina og þekkja, en hegdum oss ekki þar eptir, þá svíkjum vér sjálfa oss. Gud sá sem er allt í öllu, 1. Cor. 15. hann lítil-lækkadi sig þinna vegna, syndugur madur, og þú sem ekki ert neitt í neinu, vilt ekki brjóta odd af oflæti þínu hans vegna; Gud, segi eg enn nú, lítilækkadi sig til ad verda madur, en madurinn vill þó ekki lítil-lækka sig til þess, ad verda einn andi med Gudi. Þess meir sem þú andvirdir þig fyrir Gudi, þess meiri verdur hann i þér, og þess stærri sem hann i þér verdur, þess stærri verdur þú í hönum, þvi Gud mótstendur dramblátum, en litilátum géfur hann nád, segir Jakob, Cap. 4. Og hvad hellst sem stórt edur ágjætt kallast, þad er alleina stórt og ágjætt i Gudi, og fyrir utan hann aldeilis ekkert; hvar fyrir Páll segir: hvör hann hrósar sér,

hann hrósi sér í Drottni, 2. Cor. 11. Þar fyrir, nær sá Gudsmadur hefir upptalid allt þad, er adrir reiknudu ser til gyldis, sem er, ad hann væri hebreskur eins og þeir, Israels madur eins og þeir, Abrahams sædi eins og þeir, Christs þénari enn framar enn þeir, hann hafi ervidad meir enn þeir, optar í háska verid enn þeir, þá endar hann med þessu atkvædi: ef hrósa skal, þá vil eg hrósa mér af þeim hlutum, er veikleika mínum vidkoma, 2. Cor. 11. og enn framar segir hann: Cap. 12. eg mun miklu fegnastur hrósa mér af veikleikanum, svo ad máttur Drottins búi í mér; þar-fyrir em eg vel tilfrids í veikleikanum, í forsmáninni, í naudunum, í óssóknunum, í ángistinni fyrir Christum, því þá eg er veikur, þá er eg máttugur. Svo er þar nú einginn ríkdómur, einginn styrkleiki, einginn heidur, eingin fegurd, eingin skynsemi, einginn máttur, eingin dýrd, eingin prýdi, nema í Gudi alleina, og eckert þad menn kunni ad vegsamast fyrir, nema einsömul og hræsnislaus audmýkt fyrir hönum. Því vil eg enda þetta mitt tal til ydar, Guds börn, med Páls ordum í pistlinum til Gal. 6: Þad verdi mér ecki, ad eg hrósi mér nema af krossi Drottins vors Jesú Christí, fyrir hvörn mér er heimurinn krossfestur, og eg heiminum. Hönum, Drottni Jesú med Födur og Heilögum Anda, einum og þrennum ódaudligum Kongi, og alleina ríkum, sé lof og heidur, kraptur og styrkleiki, æra og vegsemd, sögd og súngin af öllum túngum Eingla og manna, nú hédan í frá og ad eylífu, a m e n!

A Joola-daginn.

Gudspjallid, Lúc. 2 Cap.

Í þann tíma. Og þad bar til á þeim dögum, ad þad bod géck út frá keysaranum Augustó, þad heimurinn allur skyldi skattskrifast. (Þessi skattskrift hófst fyrst upp þá Cyrenius var landsstjórnari í Syrlandi.) Og þeir fóru allir ad láta skattskrifa sig, hvör til sinnar borgar. Þá fór og Jóseph af Galilæa úr borginni Nazareth upp í Júdeam, til Davíds borgar Bethlehem, af því ad hann var af húsi og kyni Davíds, svo ad hann léti skattskrifa sig þar med María sinni festarkonu óléttri. En þad skédi svo, þá er þau vóru þar, ad þeir dagar fullnudust, ad hún skyldi fæda, og hún fæddi sinn frumgétinn Son, og vafdi hann í reifum, og lagdi hann nidur í jötuna, því ad hún féck eckert annad rúm í gésta-herberginu. Og fjárhyrdarar vóru þar í sama bygdarlagi um grandana vid fjárhúsin, sem geymdu og voktu yfir hjörd sinni um nóttina. Og sjá þú, þad Eingill Drottins stód hjá þeim, og Guds birti ljómadi í kríngum þá, og þeir urdu mjög óttaslegnir, og Eingillinn sagdi til þeirra: Hyrdid þér ecki ad hrædast! sjáid, eg boda ydur mikinn fögnud, þann er skér öllu fólki, því ad í dag er ydur Lausnarinn fæddur, sá ad er Christur Drottinn í borginni Davíds, og hafid þad til merkis, ad þér munud finna barnid í reifum vafid, og lagt vera í jötuna. Og jafnsnart þá var þar hjá Einglinum mikill

fjøldi himneskra hersveita, sem lofudu Gud og søgdu: Dyrd sé Gudi í upphædum, og fridur á jørdu, og mønnum gódur vilji.

Exordium.

Skélfilig ógnan mundi vesølu mannkyni hafa stadid af því hrædiliga straffi, med hvorju hinn réttláti Gud fargadi hinni vantrúudu verøld á døgum Nóa, nema hans gjæska hefdi gjørt sáttmála vid mannkynid, ad hann framar ecki vildi eydileggja jørdina med vatns-flódinu, og þessu til merkis settbog ann í skýinn, segjandi: þegar þessi bogi verdur í skýinu, þá vil eg minnast á sáttmálann á milli Guds og allra lifandi sképna, af øllu holdi á jørdunni, Gen. 9. Med þessum hætti lýsti hinn nádugi Gud fridi yfir jørdunni og þeim þar inni búa, og er þad víst, ad hann hefir litid undir eins til þeirra, sem á hans eingétins Sonar nafn trúa mundu. Fjærri sé því, ad regnboginn kynni því ad valda, ad Gud yrdi manninum nádugur, ei heldur þurfti hann ad láta minna sig á þad hann gjøra vildi, jafnvel þótt Ritníngin svo tali ad manna plagsid; allir hlutir eru opnir og naktir fyrir honum, Hebr. 4. En þar Jesús situr til hans hægri handar, og hann sér þar ljóma sinnar dýrdar og ímind sinnar guddómligrar persónu, Hebr. 1. voru holdi íklædda, og bidjandi fyrir oss; þá má hann ei annars enn minnast sinna miklu miskunsemda, sem verid hafa í frá upphafi, sídan hann lofadi, ad kvinnunnar sædi skyldi sundurmola høggormsins høfud, Gen. 3. Bid þér eins teikns af Drottni þínum Gudi, sagdi Drottinn til Achas, hvørt heldur þad er nidri í undir-djúpunum edur á hædum uppi; en hann sagdi: ei vil eg þess bidja, svo eg freisti ecki Drottins. Þá sagdi Spámadurinn: svo heyrid þér þá af húsi Davíds, hvort er þad of-lítid, ad þér þjáid menniна, þad þér einnin viljid ángra minn Gud; fyrir því mun Drottinn sjálfur géfa ydur eitt teikn: sjá þú ein jómfrú mun barn géta, og einn son fæda, og hann mun hún kalla Immanúel, Esa. 7. Þetta er teikn hins mikla Guds og Drottins vors Jesú Christi, hvor ad er Eingill sáttmálans á millum Guds og manna, Mal. 3. hann er øllum til merkis settur, ecki í skýum himins, heldur fæddur af einni jómfrú á medal vor hér á jørdunni, til stadfestu þar um, ad þeir fái allir kvittun syndanna, sem á hans nafn trúa, Act. 10. Sæl eru þau augu, er sjá hvad þér sjáid, sagdi Endurlausnarinn vid sína Lærisveina, Lúc. 10. En ecki taladi hann alleina um þad, ad líta sig og heyra med útvortis skilníngarvitum; margir sáu hann og hneixludust á hønum; þeir sáu hann, og þar var eckert girniligt á hønum, Esa. 53. þeir sáu hann og byrgdu fyrir sjónir hønum, Lúc. 22; þeir sáu hann og hræktu í hans andlit, Matth. 26; þeir sáu hann og sáu undir eins sína vild á hønum. En svo sem Gud setti sinn boga í skýinn til þess, ad hann væri nádarteikn øllum mønnum, og hefir hann þó sjálfum sér geymt ad straffa þeirra ógudligt framferdi, sem hans nád forsmádu, svo hafa þeir margir séd Christi þjóns-mynd hér í nádinni, er sjá munu hann reidann og ógnarligann, þegar hann kémur í skýum himins med makt og miklu veldi, Lúc. 21. En ef vér viljum vita um hvørja sjón hann talar, þá heyrum hvad hann sagdi vid Thómas Postula, Jóh. 20. af því þú sást mig Thóma! þá trúdir þú, en sælir eru þeir sem ecki sjá, og trúa þó. Þad er ad sjá Jesúm Christum, Guds og Maríu Son, vorn holdi klæddann, med augum hins innra manns, oss til réttlætis, til helgunar og eylífrar sáluhjálpar géfinn, 1. Cor. 1. oss, segi eg, sem ad í syndinni erum gétnir, og í syndinni fæddir, Ps. 51. reidinnar børn, Eph. 2. og Guds óvinir af náttúrunni, Róm. 5. Þessi dýrdarfulla sjón verdur ydur og øllu mannkyni frambodin í lof-saung heilagra Guds Eingla, þar þeir sýngja: Fridur á jørdu, og mønnum gódur vilji. Og viljum vér á þessum hátídis-degi þessi h. ord nockud gjørr yfirvega, og af þeim hugleida, hvørsu glediligur ad þessi fridur sé, og hvørnin vér eigum hønum ad taka.

Til þessa eyrindis framkvæmdar virdist ad hjálpa oss vor nýfæddi Immanúel, fyrir krapt sinnar forþénustu, amen!

Utleggingin.

Hvad mun því valda, brædur mínir, ad hinir himnesku Andar eru svo gladir á fædíngarnóttu mannkynsins Endurlausnara? Ecki þurftu þeir frelsis vid, því þeir høfdu ecki syndgad;

Jesús hafdi Abrahams og ecki Einglanna sædi uppá sig tekid. Hebr. 2. Hvad mun þá valda gladværd þessari? Guds Sonur er ad sönnu þeirra Herra, einnin eptir manndóminum; hefdi hann bedid sinn födur, þegar hann var í sinni mestu ángist staddur vor vegna, þá mundi hann hafa géfid honum meir enn tólf legíón Eingla, Matth. 26. Einglar komu og þjónudu honum, þá hann var hartnær yfirgéfinn, og svo ad segja Andskotanum ofurseldur, þad hann freistadur yrdi, Matth. 4. Fyrir því var þad ecki ad undra, þótt þeir gladst hefdu, ef hinum nýfædda Syni Guds hefdi nockur heidur edur upphefd hlotnast; en þad mátti ecki svo kalla, því Páls talar svo hér um: Phil. 2. ad hann hafi lítil-lækad sjálfann sig, takandi á sig þjóns-mynd, og ordinn mönnum líkur. Þad fyrsta hann sá þessa vesæla heims ljós, var hann lagdur í einn stall, Lúc. 2. og skömmu þar eptir vard hann landflótta, Matth. 2. og um allar sínar æfi-stundir hafdi hann ecki þar hann kynni höfdi sínu ad halla ad, Matth. 8. því sýnist svo sem ad hans kjörum væri ecki svo mjög ad fagna í þetta sinn. Hvad þá, brædur mínir? Vér vitum eptir St. Páls munni, ad Einglarnir eru þjónustusamir andar, útsendir þeim til þjónkunar, er sáluhjálpina erfa skulu, Hebr. 1. og þótt ad vér séum vesælir og syndugir, þá er þó meiri gledi hjá þeim í himninum, yfir einum syndugum, sem ydran gjörir, heldur enn yfir níu og níutíu réttlátum, Lúc. 15. Þar af er audsært ad þessar Guds hersveitir hafa svo tekid ástfóstri vid oss auma menn, þótt vér séum þeim ad öllum edlisháttum ólíkir, ad þeir gledjast yfir sérhvörju því happi, er nockur af oss hlýtur; en ef þeir svo gledjast yfir allri gjæfu vorri, því mundu þeir þá ecki venju framar lýsa þessum fögnudi, þegar oss á næturtíma upprann sú sól, er aldrei hefir nockur fegri yfir heiminn skinid, og þegar oss sú heill ad höndum kom af hvörri allra Guds barna, ríkra og fátækra, hærri og lægri stéttar, nálægra og fjarlægra, fæddra og ófæddra, tímanlig og eylíf heill og hamíngja uppsprettur og framflýtur. Þess gétur Jóhannes, Cap. 1. er hann segir, ad af hans fyllíngu höfum vér allir medtekid nád fyrir nád. Þar fyrir ljómar hin guddómliga birti í kríngum hyrdarana, svo sem vitnandi þar um, ad hann væri í heiminn borinn, sem ad er ljómi Födursins dýrdar, og ímind hans guddómligrar persónu, Hebr. 1. frá hvörjum ljósanna Födur ad öll góð gjöf og öll fullkomin gjöf kémur, Jakob. 1. hvörjum og þócknast hefir, ad í sínum Syni skuli öll fyllíngbúa, Col. 1. já, sjálf guddómsins fyllíng, hvor ed byggir í honum líkamliga, Col. 2. þad er í hans blessudum manndómi, er hann af voru holdi og blódi hefir uppá sig tekid, og gjört hluttakandi guddómligrar náttúru. Æ, oss auma og syndnga menn! vér sjáum ecki fyrir blindu holdsins, hvad mikid oss veitt er í Jesú holdtekju, myrkur vors skilníngs fá þad ecki höndlad, svo sem þad er; en Guds h. Einglum, er jafnan standa frammi fyrir hönum, Matth. 18. þeim er alkunnug sæla sú, er öllum Guds börnum er tilbúin, hvörri vér tapad höfum í Adams falli; þeim eru og ecki ókunnugar píslir fordæmdra er kveljast munu í augsýn heil. Eíngla, segir Jóhannes í hans opinberíngum, Apoc. 14. Því er ecki ad undra, þó Einglarnir fagni, þar hinn annar Adam, sem er Drottinn af himnum, 1. Cor. 15. var í heiminn borinn, til ad frelsa oss frá öllum þeim óskopum, því þeir elska mannkynid, en vissu ad í Jesú fædíngu var mönnunum géfinn sá kostur, ad forlíkast vid Gud, og settir verda í

hans Sonar ríki, Col. 1. Nú er þad víst ad sønnu, ad vér ecki ad fullu þeckjum hvad vér mist høfum, edur hvør ólucka oss búin væri, nema Guds Sonur væri í heiminn kominn syndugа menn sáluhólpna ad gjøra, 1. Tim. 1. en þó mættum vér ad svo miklu leiti þeckja vort andligt volædi, og svo mikid hefir oss sagt verid af hinni eylífu dýrdarvist í Himnaríki, ad ef vér legdum nockurn hug á vort mál, þá mundum vér allshugar fegnir verda, ad vér høfum hana aptur fengid, og róa øllum árum ad því, ad vér sleptum henni ecki aptur ad nýu. Eg hefi nóg sagt hérum, þegar eg segi þad med ordum Esajæ, hvørju syndir vorar til leidar koma: Ydar syndir, segir hann, skilja ámilli Guds og ydar, og ydar ránglætíngar valda því, ad hann byrgir sitt andlit fyrir ydur, og vill ydur ecki bænheyra, Esa. 59. Nú vitum vér þad, ad vér lifum ecki eina stund án syndar. Heyrid hvad Davíd kongúngur talar um allt hold, Ps. 14. Ps. 5. og 10. og 36. Sal. Ordskv. 1. Esa. 59. þar er einginn réttlátur, og ecki einn, þar er einginn skynjandi, og einginn sá ad Gudi leiti, allir hafa þeir afvikid, allir til samans eru þeir óнýtir ordnir, þar er einginn sá ed gott gjøri, og ecki einn.

Nú segir Páll, er hann færir þessi ord til síns máls, Róm. 3. nú vitum vér ad hvad sem Løgmálid segir, þad segir þad þeim sem undir Løgmálinu eru, svo ad allir munnar verdi tilbyrgdir, og allur heimurinn sakfallinn vid Gud. En ef Guds Sonur væri ecki í heiminn kominn til ad frida fyrir oss, þá værum vér allir undir Løgmálinu, og enn=þá í vorum syndum, því ad Løgmálid er fyrir Mósen útgéfid, en nád og sannleiki er skéн fyrir Jesúm Christum, sagdi Baptista, þegar hann hóf kristni=bodid, Jóh. 1. Svo adskilja nú syndir vorar á milli Guds og vor. Segid mér þá! er þad ecki mikillar gledi og fagnadar vert, ad hann er oss í heiminn borinn, sem heitir Immanúel, Esa. 7. þad er Gud med oss, í hvørs nafni hinn nádugi Gud hefir til sinnar kristni talad, þad er til allra þeirra, er á hans nafn trúa, Esa. 54: Þótt ad fjøll þessi hverfi á bak aptur, og þessir hálsar úr stad hræríst, þá skal mín gjæska ecki frá þér víkja, og sáttmáli míns fridar ecki vid þig skilja, segir Drottinn þinn miskunari. Ó, hvørsu glediligt er þetta! þegar einn fáradur syndari, hvørs samvitska vitnar ámóti honum, ad hann hafi eckert annad enn daudann forþénad, þegar hann, segi eg, huxar til þeirrar óguarligu tídar, nær konúngar jardarinnar og høfdíngjarnir, og hinir ríku og hinir voldugu, segja til fjallanna og til bjarganna: fallid yfir oss, og hyljid oss fyri augliti hans, er í hásætinu situr, og fyrir reidi Lambsins, Apoc. 6. Þess er og ad gjæta, brædur mínir, hvør hann er, sem ad vér vórum missáttir vid; ófridurinn er ad því leiti hrædiligur, sem hann er voldugur til, sem herjar á landid. Hvør er sá konúngur, er hann færir hernad á móti ødrum konúngi, ad hann eigi setji sig nidur og rádslagi, hvørt hann géti med tín þúsundum mætt honum, sem med tuttugu þúsund kémur á móti honum? sagdi Drottinn vid Lærisveinana, Lúc. 14. til ad sýna þeim hvør ad væri munur Guds og manna. Munum vér géta svarad hinum réttláta Gudi einu á móti þúsund, ef hann vill í dóm vid oss gánga, Job. 9. Hann er Herrann, vér erum þrælarnir, hann hefir skapad oss, vér vanskøpum oss dagliga, hann hefir oss allt gott gjørt, vér gjørum allt íllt ámóti honum, hann vegur fjøllinn á vigt, og hálsana med sínum minsta fíngri, Esa. 40. Vér megnum ecki ad gjøra eitt svart hár hvítt á voru høfdi, Matth.

5. Hjá honum er eingin umbreytíng edur mynd til umbreytíngar, Jak. 1. Vér erum ein vatns-bóla, vér megnum ecki hinum minsta vesalíng hid minsta mein ad vinna, án hans vilja, hann hefir vald til ad kasta lífi og sálu í eylífann eld, Matth. 10. Hvor vill fá stadist, nær slíkur Herra er reidur? Hvorsu fagnadarsæll er þá bodskapur þessi, ad vér fridkeyptir erum, og í sátt komnir vid hann, sem allt vald hefir bædi á himni og jordu? Matth. 28. Og ef vér viljum gánga nær og skoda, hvor ad sé mismunur Lögmálsins, sem fyrir Mósen er géfid, Jóh. 1. og Evangelíi, sem Christur hefir fært oss úr skauti Fodursins, þá er þad í mørgum hlutum andséd: Lögmálid var med stórri ógnan og reidarþrumum útgéfid; ef ad jafnvel eitt kvikindi snertir fjalls-ræturnar sagdi Gud, Exod. 19. þá skal þad dauda deya. Hid fyrsta nýa Testamentisins Evangelíum er med lofsaung heilagra Eingla bodad, og almennilign fridar-bodi yfir-lýst; allt fjallid Sinaí skalf og titradi af Guds ógnan, þar sáust leiptranir og eldíngar, svo ad Móses, sem var hinn mesti fullhugi, og svo var kunnugur Gudi, ad hann taladi vid hann eins og madur vid mann talar, Exod. 33. sagdi: eg em hræddur og skjálfandi, hvad Páls tiltekur til dæmis um þessi stóru undur, Hebr. 12. En hér ljómar Guds birta í kríngum hyrdarana, og Eingillinn segir vid þessa vesalíngs smala-menn: óttist ecki, þvíad í dag er ydur Lausnarinn fæddur, sá ad er Christur Drottinn, í borginni Davíds. Menn halda ad Einglarnir hafi gengid á milli Guds og Mósen, til ad afhenda honum Lögmálid, eda ad vísu á einhvorn hátt þjónad ad þessu; þad segir Stephanus hinn fyrsti píslarvottur Guds nærri med berum ordum tvisvarsinnum, Act.7. þad stadfestir St.Páll, Gal.3.og Hebr. 2.; en ei heyrist ad þeir hafi þá blídliga til hans talad, sem ei var von, því lögmálid verkar reidi, Róm. 4. og er vegna yfirtrodslunnar útgéfid, Gal. 3. Eg vil ecki fá mér til orda þær grimmu hótanir, er Lögmálinu fylgja; ef þú hlýdir ecki raustinni Drottins Guds þíns, segir Móses, Devt. 28. þá skulu allar þessar bölvanir koma yfir þig og höndla þig, bölvadur skaltú í borginni vera, bölvadur á akrinum, bölvud skal þín hyrdsla vera hvar þínar afgángs-leifar eru, og bölvadur skal þinn lífsins-ávöxtur vera, þinn jardar-ávöxtur og þinna sauda, bölvadur skaltú vera nær þú gengur inn, bölvadur nær þú útgengur! med ødru fleira, og allri þeirri ólucku er Lögmálsins yfirtrodsla steypir yfir syndugar manneskjur og hræðiligt er upp ad telja. O! hvorsu er þad ólíkt honum, er sagdi: Komid til mín allir þér sem erfidi drýgid og þúnga erud þjádir, eg vil endurnæra ydur, Matth. 11. Hann medtók tollheimtumenn og bersynduga, át og drack med þeim, Lúc. 15. til ad ávinna þá til Guds-ríkis; þoldi bríxli og ámæli vondra manna þeirra vegna; hann ed sagdi vid hina bersyndugu hór-konu: hafi einginn fordæmt þig, svo fordæmi eg þig ecki heldur, gack burt og syndga ecki framar, Jóh. 8. Svo ad þad má satt játa, ad hinn nádugi Gud hefir ecki um skør framm spád um sinn eingétinn Son, Esa. 42.: sjá minn þjón þann er eg annast, og minn hinn útvaldi á hvorjum eg hefi velþóknan, eg hefi honum minn Anda géfid, hann mun dóminn útflytja medal heidinna þjóda, hann mun hvorki kalla né hrópa, og hans raust mun ecki heyrast á strætunum, þann brákada reyr-legg mun hann ecki í sundurbrjóta, og þann lítt-logandi hør-kveik mun hann ecki útslockva, hann mun kénna ad halda dóminn med sannleikanum, hann mun ecki møglunarsamur né hrædiligur verda, svo ad hann á jordu dóminn uppbyrji og eyarnar munu

eptir hans logmáli vænta. Þegar þér nú þetta hvorttveggja samanberid, brædur mínir, og ef þér þykist nockru vid Gud sekir vera, þá er líkligt ad þér munid finna til í hjarta ydar, hvorsu gledilig ad sé Jesú fæding. Gydíngum var fognudur þessi allra fyrst bodadur, svo sem von var til, svo ad spádómarnir yrdu uppfyltir; þess géta þeir St. Páll og Barnabas, Act. 13. er þeir sogdu vid þá: til ydar byrjadi fyrst ad tala Guds ord, en vær adrir hofum þess sídan notid; þar fyrir spáir Esa. svo um Jerúsalem: myrkrid mun hylja jordina, og dimman þjódirnar, Esa. 60. en Drottinn mun upprenna yfir þér, og hans dýrd mun sjást yfir þér, og heidíngjarnir munu gánga í þínu ljósi; því lýsir Eingillinn í samtali vid hyrdarana, þar hann segir: eg boda ydur mikinn fognud, þann er skér ollu fólki. Hér er ecki Gydíngur né Griskur eda Schytiskur, ecki þræll edur frelsíngi, Gal. 3. heldur allir eitt í Christó Jesú, Col. 3. Eptir hans logmáli munu eyarnar vona, segir Esa. 42. þad eru heidnar þjódir, svo plagar Ritníngin þær optliga ad kalla. Þetta megum vér bædi ad raun og nafni tileinka oss, sem byggjum hólma þennan; ad sonnu hefir Guds eylíf fyrirhyggja skotid oss út undir hid ytsta heimsins skaut, kanské og ad morgum þykja megi, ad vér hofum var-hluta farid af margri fullsælu heimsins, en þar á móti hofum vér ecki ad segja af margri þeirri ólucku og andstreymi, sem annarstadar í heiminum plágar synduga menn, svo vér erum skyldugir ad vidurkénna, ad Gud hefir vel til vor gjort, ef vér kynnum med ad fara. En hvornin sem þessu er varid, þá hefir hann ecki gjort oss afskipta af andligum hlutum, sem mest á ridur.

Stutt stund er þad, ad vér eigum vid þetta tímanliga ad búa, hvort heldur oss gengur med edur mót, en eins vel er oss Jesú blessud tilkoma í holdid bodud og odrum, eins vel hans pína og daudi, eins vel hans upprisa, eins vel hans uppstiguníng, eins vel útsendíng hins Heilaga Anda, á eingu af þessu hofum vér nockurn skort, heldur enn hvor onnur þjód í heiminum, og ef eg má segja, þá erum vér betur hér med forsorgadir enn margir, því hofum vér eingu sídur ordsok til ad fagna og lof-syngja hinum góda Gudi í hjortum vorum, Col. 3. heldur enn allur heimurinn, já, oll Guds kristni, hvar helst sem hún er í heiminum; hún má játa þad satt ad vera, er Páls segir, Eph. 2. um heidíngjana: nú erú þér í Jesú Christó, sem ádur fjærri vorud, nálægir ordnir fyrir blód Jesú Christí, því hann er vor fridur, hann sem gjorir eitt af bádum, og gyrdíngu midveggjarins hefir nidurbrotid. Í kríngum Jerúsalems musteri var einn stein-veggur, þángad leyfdist heidíngjum ad koma, en ecki lengra, svo ad þjónustugjordin ecki saurgud yrdi af óumskornum monnum, og til þessa lítur Postulinn í þessum ordum. En sídan Guds Sonur er í heiminn borinn, þá er í Christo hvorki umskurn né yfirhúd, Gal. 5. því segir og Páls aptur, ad hann afmád hafi Logmál bodordanna, sem var innifalid í setníngunum fyrir sitt hold, svo hann gjordi í sjálfum sér tvo ad einum nýum manni, og gjordi frid, Eph. 2. Þetta er medal annars sá fridur, er Einglarnir boda, fridur millum Guds og manna, því Gud er madur ordinn, fridur millum himins og jardar, því Gud hefir í Christó alla hluti forlíkad vid sig, (semjandi frid fyrir blódid hans kross) hvort heldur þeir eru á jordu edur himni, Col. 1. fridur vid heilaga Guds Eingla, hvorra samneyti vér hofdum af oss brotid, því

segir Pálus, ad vér séum komnir til fjallsins Zíon, og til borgar Guds lifanda, Jerúsalem hinnar himnesku, og til margra þúsunda Einglanna, Hebr. 12. Fridur á milli Gydínga og heidíngja, því þad er í Jesú blessadri híngadkomu framkomid sem Drottinn spáir, Zach. 8. segjandi: á þeim dögum skulu tíu menn (þad eru margir) af öllum þjódum og túngumálum þrífa í klædafald Gydíngsins, segjandi: vér viljum med ydur fara, því vér heyrum Gud er med ydur. Þessi er Immanúel, hvör ed fyrst var sendur til fortapadra sauda af húsi Ísraels, Matth. 15. en hafdi þó adra saudi, er ecki voru af því sauda-húsi, er hönum byrjadi og þángad ad leida, Jóh. 10. svo þar yrdi eitt sauda-hús og einn hyrdir. O, hvílík dýpt audæfanna og Guds speki! Hér má þad satt játa er Pétur med stórri undran sagdi fordum, Act. 10. er Gud sendi hann til ad skýra Cornelíum og hans heima-fólk: nú reyni eg í sannleika, sagdi hann, ad þar er eckert manngreinar-álit hjá Gudi, heldur ad sérhvör einn, af hvörri þjód sem hann er, sem hann óttast og fremur réttvísina, hann er hönum þócknanligur, Act. 10. Þar fyrir sýngja og Guds Einglar hér í lofkvædinu: Og mönnum gódur vilji, þad kallar textinn velþóknan. Hvar mundi þessa velþóknan vera ad finna, brædur mínir? Ecki hjá vesælu mannkyni, allra sízt á þeim dögum, þegar Drottinn kom til sinnar eignar og hún þeckti hann ecki, og kémur þad hér fram sem Jóhannes segir, 1 Pist. 4. Cap: í því er kjærleikurinn fólginn, eckí ad vér elskudum Gud, heldur ad hann elskadi oss, og sendi sinn Son, ad hann yrdi forlíkun fyrir vorar syndir. Þetta er ecki af mannligum tilverknadi skéd, þvíán Christs er madurinn andstygd fyrir Gudi, heldur fyrir hans skuld, sem er hans elskuligur Sonur, í hvörjum hönum alleina velþócknast, Matth. 3. Þess hafa hinir ad-notid, hvörra hold og blód hann hefir uppá sig tekid, því einginn hefir um aldur sitt eigid hold hatad, Eph. 5. Þar fyrir er ecki ad undra, þótt Gud hafi velþócknan á þeim, hvörja hans Sonur skammast sín ecki brædur ad kalla, Hebr. 2. og þar ad auki fyrir trúna á hann eru ordnir einn andi med Gudi, 1. Cor. 6. Fyrir því samfagna nú Guds heilagir Einglar syndugu mannkyni, er svo brádliga höfdu þessi gledilígu umskipti fengid, ad verda Guds börn af Satans börnum, leysíngjar Christí af syndarinnar þrælum, Guds ríkis erfíngjar af örfum fordæmíngarinnar, Einglunum samlíkir og þeirra samlags-menn, af lagsmönnum Djoflanna; en svo sem ad þeir himnesku andar fagna þessu svo mjög, sem ádur er sagt, ad þeir boda frid og velþóknan Guds yfir jördunni, svo fagna og Christí lærisveinar, og þad fólkid, er hönum fylgdi inn til Jerúsalem, þar af, ad fridur er í himninum ordinn; þar um skrifar svo Lúkas 19: og allur fjöldi lærisveinanna tóku til ad lofa Gud med fögnudi og hárri röddu, fyrir allar þær jarteiknir, er þeir séd höfdu, segjandi: blessadur sé sá sem kémur í nafni Drottins, fridur á himni og dýrd í upphædum. Merk þetta vel, kristinn madur, hinn nádugi Gud hefir látid fridar-bod gánga um alla veröldina og lagt sínum Postulum uppá ad auglýsa forlíkun þessa, 1. Cor. 15. hvar fyrir þeirra hljómur er útgenginn um alla heimsbygdina, Róm. 10.; en Gud nádi hvad fáir þeir eru sem vilja fallast á þau rád, ad minnast vid Soninn, svo hann verdi oss ecki reidur, Ps. 2. Gud hefir látid boda frid á jördu. Lát þér vera ant um, kristinn madur, ad verda þess fullöruggur, ad þar sé og fridur fyrir þig í himninum. Allir Jesú Christí velgjörníngar eru í hans fædíngu öllum bodnir, einnin þeim sem fót-troda Guds Son, og sáttmálans blód al-

menniligt halda, med hvørju syndarinn er þó helgadur, Hebr. 10. Gud er ad sonnu frelsari allra manna, því hans Sonur hefir fyrir alla lidid, þó einna mest trúadra, 1. Tim. 4. Því þeir einir meiga frelsisins njóta, sem trúa á nafn eingétins Sonar Guds. Gef því ecki upp á vegi þinnar sáluhjálpar fyrr enn ad Heilagur Andi ber vitni þínum anda þarum, ad þú sért Guds barn, Róm. 8. En hvørnin máttu þad ødlast? Þad skédur ef þú gjørir einga sátt vid hans óvini, ecki vid Djøfulinn, því hann er Guds svarinn óvinur; vér høfum afneitad øllu hans athæfi í skýrninni, hvørja Petur kallar sáttmála gódrar samvitsku, 1. Pet. 3. ecki einúngis þessvegna, ad vér í henni endurfæddir erum, og høfum styrk samvitskunnar þaraf, ad vér erum sáttir vid Gud, og kvittir um sekt uppruna-syndarinnar, heldur og hins annars, ad hún minnir oss á, um alla vora æfi, ad halda vort loford af fremsta megni, og ad flecka ei samvitskuna med þeim verkum, sem Andskotanum eru til þjónustu, en Gudi til styggdar, ecki vid holdid, þvíad þess þánkar eru reidi og fjandskapur ígégn Gudi, Róm. 8. Einginn kann tveimur herrum ad þjóna, Matth. 6. en Kristur og Belíal eiga eckert hlutskipti saman 2. Cor. 6. Nú eru holdsins verk augljós, þad eru hórdómur, saurlífi, óhreinleiki, lausúng, skurdgoda-dýrkun, fjølkýngi, fjandskapur, þrætur, kappgyrni, reidi, þráttanir, sundurþyckja, flockadráttur, øfund, manndráp, ofdrykkja, ofneytsla og þessum líkt, Gal. 5. Ef vér þessar syndir æfum, og látum þær drottna í voru holdi, þá erum vér ecki Guds vinir, og ecki er hans fridur í oss, ecki kunnum vér heldur vid samvitskuna frid ad hafa, nema hún sofi, og mun hún þó sídar af illum draum vakna þegar vest gégnir, þegar Andskotinn kippir svæflinum undan høfdinu, og vér erum sízt búnir til mótgaungu honum í daudans harda strídi, og er þá hætt vid ad hennar ormur verdi ad þeim ormi sem aldrei deyr, Esa. 66. Já, nema vér dagliga tøkum uppá oss Guds herskrúda, og leggjum allt kapp á ad støckva þessum óaldar flocki, eptir því sem hvør einn verdur ásóktur, þá kunnum vér ecki frid vid Gud ad hafa, ecki Guds børn ad heita, og í eingri vissu um Guds ríki edur arf himnanna ad vera, því þeir ed Christó tilheyra, krossfesta sitt hold med þess gyrndum og tilhneigíngum, Gal. 5. Gjørid ei heldur samdrátt vid heim þennan, ef þér viljid Guds vinir heita, því Jóhannes segir, 1. Pist. 1: elskid ecki heiminn né þad sem í honum er, ef nokkur elskar heiminn, þá er ekki Guds elska í honum. Ekki segi eg, ad menn skuli ei hafa umgengni vid heimsins børn, annars mættu þeir fara út úr heiminum, 1. Cor. 5. segir Páll, hitt er og réttvíst ad umgángast fridsamliga vid þá sem eru af heiminum, verdi því ákomid, því Páll segir enn aptur Róm. 12: ef þad ské kann, ad svo miklu leiti sem í ydar valdi er, þá hafid frid vid alla menn, og Davíd hælir því, ad hann hafi fridsamur verid, Ps. 120. jafnvel vid þá sem fridinn høtudu; Ps. 119. Hitt segi eg, ad menn skuli ekkert samblendi edur samtøk hafa vid þá í íllskunni og prettvísinni, því þad er ad færa hernad ámóti Gudi, og verdi einhvør af oss til þess kvaddur, þá eiga menn ad brjóta þennan frid og óttast eigi mennina, svo vér kunnum ad hafa frid vid hann, er sál og líf gétur drepid eylífum dauda, Matth. 10. Réttvísin og fridurinn kyssi hvørt annad, segir Davíd, Ps. 84. Þar segist vel einginn vera, sem ekki fridinn kjósi, en allir vilja þó ekki réttlætid æfa, eins og hvørt kunni annars án ad vera; þar sem ekki er réttvísi, þar er aldrei fridur, þar sem ekki er hinn sanni fridur, þar er aldrei réttvísi. Þad er hinn sanni

fridur, ad halda eindrægni med gudrækni og gódri skyckun, en hata skammir og klæki. Þegar veraldarinnar synir eru megtugir ordnir, og hafa brotid undir sig adra, svo ad einginn vogar ad stýga á þad, strá er þeim mislíkar, þá hyggja-menn ad þeir séu í fridi, en þad er víst, ad þeir ed ødrum hafa rángliga tilgjort, hafa þá hvad minstann frid, er þeim sýnist einskis ófridar von vera, því fridur þessi heldur jafnan stríd vid samvitskuna, og nær þeir hafa eingann ad berjast vid, þá berjast þeir vid sjálfa sig; soddan fridi eiga øll Guds børn ad hafna, jafnvel þótt þad sé nú um stundir fridsemi køllud, ad lída og samþyckja, edur ad minsta kosti látast ecki sjá hinar verstu skammir og ódygdir, og hlutsemi køllud, ef nockur vandlætir þarum; en þad mætti þann einn gilda sem hefir frid vid Gud og samvitsku sína, því þótt hann jafnvel fridlaus yrdi og rækur frá mønnum, þá hefir hann altíd frid-land í Guds-ríki, og þótt Gud taki hann ei svo fljótt í burt úr heiminum, þá vardveitir hann þann hinn sama fyrir heiminum, Jóh. 17.

Þad er gott ad vera hlutsamur med sama hætti og Nói, Loth, Móses, Samúel, Davíd, Elías, Esajas, Micheas, Jeremías, Jóhannes Baptista, St. Páll og adrir Guds menn er héldu brixli Christi stærri virdíngu ad vera, enn heidur veraldar þessarar Hebr. 11. Esajas 9. nefnir vorn Immanúel fridar høfdíngja, en þó segir þessi høfdíngi: Matth. 10. meinid ecki þad eg sé kominn til ad senda frid á jørdu, eg er ei kominn til ad senda frid, heldur sverd, því eg er kominn til ad setja manninn upp í móti fødurnum, og módurina upp ímóti dótturinni, og sonar-konuna á móti módur bónda síns, og mannsins heima-menn verda hans óvinir. Hvor er þá fridur sá er Drottinn hefir fært oss af himnum? Þad er fridur millum Guds og manna, en ecki fridur millum Guds barna og hans óvina, fridur vid samvitskuna, en ecki vid syndina, fridur vid Guds Løgmál, en ecki vid holdid; en ef nockur af þeim er hann talar um, Matth. 10. samþyckir ecki þessa fridar-kosti, þá er sá hans óvinur, og á eingann frid vid þann sama ad gjøra, því sá sem ecki hatar fødur og módur, brædur og systur, fyrir hans skuld, hann er hans ecki verdugur, Matth. 19. Ad sídustu er þetta sá fridur Guds, sem ædri er øllum skilníngi, Phil. 4; minn frid géf eg ydur, minn frid læt eg hjá ydur, ecki svo sem heimurinn géfur þá géf eg ydur, segir Jesús vid lærisveinana, Jóh. 14. Þad er soddan fridur sem gjørir oss ríka í fátæktinni, frjálsa í þræ1dóminum, glada í sorginni, metta í húngrinu, innlenda í útlegdinni, og um alla hluti oss sjálfum fullnóga, þá vér eckert høfum. Þessi fridur gjørdi Job heilbrigdann í krøminni, Davíd réttlátann midt í syndinni, hann digtadi loffaunginn fyrir Pál og Sýlas í myrkvastofunni, Act. 16. hann gladdi Christí Postula þá þeir gengu fagnandi, og þó húdstrýktir út frá rádinu, Act. 5. hann huggadi Maríu undir síns Sonar krossi, og enn-nú í dag alla þá, er hann bera med henni. Og fyrir því, brædur mínir, ad þessi fridur er svo mikill og svo dýr, ad án hans er einginn fridur, og þeir ed þenkja á himnesk hluti, kunna eingann frid ad hafa, þegar þeir hans sakna, þótt øll verøldin hlæi á móti þeim, þá grátbæni eg ydur fyrir ydar velferdar sakir, ad endíngu med ordum Páls, þar hann segir: vér erum sendibodar vegna Christs, 2. Cor. 5. og svo sem Gud beiddi fyrir oss, þá bidjum vér í Christí nafni: sættist vid Gud. En þú nádarfulli himneski Fadir!

sem med dýrmætu blódi þíns eingétins Sonar, hefir endurkeypt velferd sálna vorra, géf þú þínum børnum ad elska þig, elskast innbyrdis, og halda eindrægni í andanum, svo allir þeckja megi, ad þeir séu þíns Sonar lærisveinar, Jóh. 13. Géf þeim ad hlaupa svo skeid lífdaga þessara, ad þeir fái yfirunnid fyrir hann, sem heiminn hefir sigrad, svo ad þínir þjónar mættu med Símoni í fridi fara eptir ordi þínu, Lúc. 2. nær þér þócknast ad þeir gánga skuli veg allrar veraldar; bænheyr þad Herra himneski Fadir, fyrir Jesúm Christum, amen!

Onnur predikun á Joola-daginn.

Gudspjallid, Jóh. 1 Cap.

I upphafi var Ord, og þad Ord var hjá Gudi, og Gud var þad Ord, þad sama var í upphafi hjá Gudi. Allir hlutir eru fyrir þad gjørdir, og án þess er eckert gjørt, hvad gjørt er. J því var lífid, og lífid var ljós mannanna, og ljósid lýsir í myrkrunum, og mirkrinn hafa þad ecki høndlad. Þar var einn madur af Gudi sendur, sá hét Jóhannes, hann kom til vitnisburdar, ad hann bæri vitnisburd af ljósinu, svo ad allir skyldu fyrir hann trúa. Eigi var hann þad ljós, heldur ad hann bæri vitnisburd af ljósinu. Þad var satt ljós, hvørt ed upplýsir alla menn komandi í þennan heim; þad var í heiminum, og heimurinn var fyrir þad gjørdur, og heimurinn þeckti þad eigi. Hann kom til sinnar eignar, og hans sjálfir medtóku hann eigi, en svo margir sem hann medtóku, þá gaf hann þeim makt Guds børnum ad verda, þeim sem á hans nafn trúa, eigi þeim sem af blódinu, eda þeim sem af holdsins vild edur af mannsins vilja, heldur þeim sem af Gudi eru fæddir. Og Ordid vard hold, og bygdi med oss, og vér sáum þess dýrd, dýrd svo sem eingétins Sonar af Fødurnum, fullann nádar og sannleika.

Exordium.

Daniel Spámadur í sinnar bókar odrum Capítula, segir frá því, ad Nebúcadnezar konúngi, hafi géfist sýn nockur í draumi, er hann kvad sídan ad væri horfin úr minni sér, og beiddi fjølkíngis-menn sína og spásagnara, ad þeir segdu hønum drauminn, en þeir tøldust undan bodi konúngs og svørudu þannveg: þar er einginn madur á jørdunni, er megi gjøra þessa konúngsins skipan, hvar fyrir einginn høfdíngi edur Drottinn hefir nockru sinni þvílíks krafist af nockrum Spámanni edur Chaldæo, því sá hlutur er konúngurinn æskir eptir, er svo dýrmætur, ad einginn má hann segja konúnginum nema godinn, hvør ed ecki byggja med holdinu. Nú jafnvel þótt ad Spámenn þessir væru Satans þjónar, þá má þó ecki því á móti segja, ad þessi þeirra afsøkun var gyld á alla vegu, en þess meira sem heidíngjar þessir høfdu til máls síns, þess meira høfum vér kristnir menn Gudi ad þacka, ad hann hefir oss þann í heiminn sendt, er þad hefir gjørt, er einginn manna gjøra kunni. Chaldæa-lands vitríngum þótti þad nýúngar ad kóngurinn skyldi leggja þeim uppá þennan hlut; en hinn alvitri Gud hefir gjørt einn nýann hlut á jørdu, ad konann hefir umkríngt manninn, Jer. 31. Hvørt spádómur þessi eigi ad skiljast um holdtekju Drottins edur ei, er eg ecki aldeilis viss um, samt flýgur mér í hug af þessu, ad þad hefir aldrei um æfi heyrst, ad nockur hafi undir eins mey og módir verid, ad hann sem uppfyllir himin og jørd kreptist í einum stalli, ad Gud er madur ordinn. Margvísliga og á marga vegu hefir Gud talad vid fedurnar í fyrnd-

inni, en þad er nýr hlutur, ad hann talar vid þá fyrir Soninn, Hebr. 1. og ad Gud íklæddur mannligu holdi, sá eingétni Sonur Fødursins, sem er í hans skauti, hann í eigin persónu opinberar syndugum mønnum allann hans vilja og veg sáluhjálparinnar. Spásagnararnir fortóku þad, ad Gud mundi byggja med holdinu; en hvad viljum vér þar um tala, ad Ordid er hold ordid, og bygdi med oss? Vér heyrdum þad, sáum med augum vorum og skodudum, og hendur vorar þreifudu á því, segir Jóhannes, 1. Pist. Cap. 1. Godinn eru mønnunum lík ordinn, og ofan kominn til vor, søgdu fordum þeir menn í Lystris, er Páls læknadi þann er haltur var borinn, og vildu hafa veitt þeim Barnabæ gudliga lotning, Act. 14. en þeir voru þó ecki nema menn, og hvad helst þeir gjørdu undrunarligt, þad gjørdu þeir í nafni Jesú Christi; en í manndóm Drottins er hinn lifandi Gud ofan stiginn, og hefir bygd festa á medal mannanna, já, hvilíkur Gud? af hvørs krapti og fyrir hvørs almætti ad øll furduverk á himni og jørdu gjørd eru. Um þetta allra-helgasta og dásamligasta efni gefur oss ordsøk ad tala vor upplesinn texti, hvørjum vér viljum gánga nockud nær, og þótt ad ei megi hinum góda Gudi fullþacka þar fyrir, ad einginn er sá medal vor, sem efi um guddóminn Christi né hans holdtekju, þá samt af því ad þetta heilaga Evangelium færir oss á þá leid, sem liggur til ad tala hérum, þá viljum vér af því alleina hugleida þad, ad Gud sé madur ordinn.

Hér til styrki oss gódur Gud med krapti síns Anda, amen!

Utleggíngin.

Í upphafi var Ord, segir Gudspjallamadurinn. Eg vil ecki í þetta sinn fá mér til orda, edur upptelja meiníngar manna, hvar fyrir hin ønnur guddómsins persóna verdur ord kalladur, þó er þad víst, ad Gydíngar nefndu svo Messíam á þeim døgum, og hefir þad øllum kunnugt verid, máské þessvegna, ad ord fyrirheitisins uppá hann hljóddi; ad eg ei tali þar um, ad hinn máttugi Gud skapadi fyrir hann alla hluti, þegar hann baud þeim ad verda med einu ordi, Gen. 1. edur og hitt, ad hann holdinu íklæddur, hefir med sannleiksins ordi opinberad oss Fødursins vilja, Jóh. 1. En hvørnin sem þessu varid er, þá segir Jóhannes, ad þetta Ord, edur Guds Sonur, hafi verid í upphafi hjá Gudi, hvørt sem vér nú tøkum þetta ord: Upphaf, fyrir upphaf eylífdarinnar, sem raunar er eckert annad enn sjálf eylífdin, í hvørri ad ei er fyrr edur sídar, heldur þúsund ár hjá Gudi, svo sem einn dagur, og einn dagur svo sem þúsund ár, segir Petur, 2. Pet. 3. edur vér tøkum þad fyrir upphaf skøpunar allra hluta, Gen. 1. þá er þad audsært, ad Sonur Guds er hønum sameylífur. Páls segir: 1. Cor. 15. ad þegar sagt verdur, ad allir hlutir séu Christó undirlagdir, þá sé þad bert, ad sá er undantekinn, er hønum hefir alla hluti undirlagt. Alíka vil eg hér um segja, nær sagt verdur, ad Guds Sonur hafi verid í upphafi skøpunar allra hluta, þá er audvitad, ad hann sjálfur hefir aldrei skapadur verid, og er þess-vegna, og hefir verid fyrir alla eylífd. Páls tekur af tvímælinn hér um, er hann segir: ad hann hafi verid ádur enn allir hlutir voru, Col. 1. og uppá þad, ad einginn leidi sér þad í hug, ad hann ecki sé Gudi Fødur sameylífur, þá segir Davíd konúngur, Ps. 45: þinn veldis-stóll ó Gud! er um aldur og ad eylífu. Einginn efi er á því, ad þetta er um Jesúm Guds Son talad, því strax eptir segir Davíd: þú hefir réttlætid elskad, en hatad ránglætid, þar fyrir hefir, ó Gud! þinn Gud smurt þig med oleó fagnadarins fram yfir þína hluttakendur, Ps. 45. og þessi hin sømu ord þýdir Páls til Hebreos 1. uppá Jesúm, hvør ed eptir manndóminum smurdur er med H. Anda, og hvad meira er, ad Drottinn sjálfur er því

F 2

samhljóda, er hann heimfærir uppá sig þau ord er standa Esa. 61: Andi Drottins er yfir mér, af því hann hefir smurt mig, segjandi: þessi ritníng er í dag uppfyld, ad ydur áheyrendum, Lúc. 4. Og svo einginn meini, ad þetta sé talad alleina um hina eptirkomandi eylífd, þá segir Micheas Cap. 5: Þú Bethlehem Ephrata, ert eingannveginn hin minsta á medal hertoga Júda, því af þér mun framkoma sá Drottnarinn í Jsrael, hvørs útgángur er í frá upphafi, og fyrir allar aldir. Þegar Davíd bidur Guds Son ad spara sín fáu ár, þá finnur hann ekkert dýrmætara til ad hræra hans blessudu miskunar-ydur sér til medaumkunar, héldur enn hans eylífa gétnad, þar hann segir: Ps. 102. minn sterki Gud, svipt mér ei burtu midt á mínum døgum, af eylífum gétnadi eru ár þín, ádur enn þú jordina grundvalladir, og himnarnir eru þín handaverk, þau munu forgánga, en þú blífur, allt mun þad svo sem fat fyrnast, og svo sem ødru klædi muntú umbreyta þeim, en þú blífur hinn sami, og þín ár þrotna ecki; hvør Davíds ord Pálus til Hebreos Cap. 1, enn aptur þýdir uppá Drottinn Jesúm og hans guddómliga náttúru; edur því mundi Esajas Cap. 9. kalla hann Fødur eylífdarinnar. edur eylífann Fødur, nema Guds Andi hefdi skotid hønum því í brjóst, ad hann hefdi ásamt Gudi Fødur verid frá eylífu? Ecki hefir Esajas talad þetta af sjálfum sér, því hann spáir svo greiniliga, ad á má þreifa, um þá hluti er einginn madur vita kunni, nema Gud væri med hønum. En eg em viss um, ad ef hann er Fadir eylífdarinnar, þá er hann ecki ýngri enn eylífdin, en fyrst hann eylífur er, þá er ljóst þar af, ad hann er sannur Gud, þess gétur og Jóhannes í Gudspjallinu, er hann segir: og Gud var þad Ord, hvør grein ad eptir ordshætti Ritníngarinnar merkir sama og hann sagt hefdi, þad Ord var Gud, svo sem þegar hann segir í ødrum stad: Andinn er Gud, þad merkir, Gud er einn andi, Jóh. 4. þetta vottar Gudspjallamadurinn med þeim verkum, er einginn kunni ad gjøra nema Gud einn, er hann segir: allir hlutir eru fyrir þad gjørdir. Hvør vill þá þenkja um Christ annad, enn ad hann sannur Gud sé? Mér koma í hug þau ord er sagdi heidinn madur Pýthagoras, án efa til þess ad hæda ad metnadi og ærugyrnd daudligra manna, sem þó ecki kunna ad skapa eina mýflugu, og vilja þó svo sem Gudir tignadir vera: Ef nockur þenkir, sagdi hann, þad hann muni Gud vera, þá skapi hann eina verøld líka þessari, og mun eg hann strax tilbidja. Jóhannes ítrekár þetta enn aptur, svo ad allir megi úr skugga gánga hérum, segjandi: án hans er eckert gjørt hvád gjørt er. Sé nú einginn hlutur án hans gjørdur, þá er þad audsært, ad hann sjálfur ógjørdur er og óskapadur, því á millum Skaparans og allrar sképnu kann einginn madur ad huxa edur ímynda sér nockurn hlut, þar einginn hefir sig sjálfann skapad, og sképna einginn hefir gjørt sinn Skapara, og svo ad vér ei meinum, ad Guds Sonur hafi verid alleina nockurskonar verkfæri í sképunarverkinu, þá segir Davíd med ljósum ordum í þeirri grein, er eg strax las af Ps. 102, ad hann hafi verøldina grundvallad, og ad himnarnir séu hans handaverk, og ecki einasta hefir hann þessa sýniligu verøld skapad, heldur segir og Pálus, Col. 1. fortakslaust: ad fyrir hann, þad er af hønum séu allir hlutir skapadir, sem eru á himni og jørdu, hvad sýniligt og ósýniligt er, hvørt heldur þad eru trónarnir edur herradæmínn, edur yfirvøldinn, edur valdstjórnirnar, allt er þad fyrir hann, og hans vegna skapad; med þessum hinum sídustu ordum vill Pálus merkjast láta Eingla Guds og hinar andligu verur,

fyrir utan Guð einn, allra hluta Skapara, sem einn af öllu óskaptur er. Nú væri það að sönnu nóg til að vitna um guddóm Frelsarans, að hann er eylífur og allra hluta skapari, en Jóhannes lætur ecki kyrt þar með, heldur segir hann: í því var lifið, og lífið var ljós mannanna, með hvörju hann teikna vill, að allt hvað lífs anda hefir, andligann edur líkamligann, það lifi af því sama lífi, og af hans fyllíngu höfum vér allir meðtekið. Hvörnin útmálar Pálus hinn sanna Guð fyrir Athenu-borgar mönnum, er hann fór til þeirra með kristni-boðið? Í hönum lifum vér, erum vér og hrærumst vér, Act. 17. Enhvað er það annað enn það, sem hinn sami Postuli vitnar um Christ? Col. 1: að í hönum standi tilsamans edur standist allir hlutir, það er: varðveitist og stjórnist af hönum. Því segir og Postulinn, Hebr. 1. að hann beri alla hluti með orði síns kraptar. Eg gét ecki borið allt þetta fólk sagði Móses við Guð, Núm. 11. þegar hann vildi hafa sig undan þeiginn einsamall að stýra Israels fólki, af hvörju orðtæki Ritníngarinnar eg það fylliliga álykta, að sá sem ber alla hluti með sínu kröptuga orði, hann stjórnar öllum hlutum með Guði Föður og Heilögum Anda bæði á himni og jörðu, hvað sjálfur Drottinn sampyckir, er hann segir: það sem Faðirinn gjörir, það gjörir Sonurinn einnin með, Jóh. 5. sem von er til, því hann segir berliga, að Faðirinn sé í sér og hann í Föðurnum, Jóh. 14. Jóhannes segir, að lífið hafi verið í Orðinu, en hvílíkt það líf sé, greinir hann sjálfur, Jóh. 5: svo sem Faðirinn uppvekur og lífgar þá dauðu, svo lífgar og Sonurinn þá hann vill; og þótt hann hafi það með mörgum dæmum sannað, þá er það samt af hans sjálfs upprisu allra kunnugast orðið. Aðrir Guðs menn hafa fyrir hans krapt uppvakið hina dauðu, en einginn hefir sjálfann sig af dauðum vakið, nema hann einn; þetta vottar hann sjálfur, því sagði hann við Gydínga: brjótið þér þetta musteri, én eg skal það á þrem dögum upp aptur byggja, en hann talaði um musteri síns líkhama, segir Jóh. 2. og um sálina segir hann: þar fyrir elskar Faðirinn mig, að eg læt mína sál frá mér, svo eg hana aptur taki, einginn tekur hana frá mér, en eg legg hana frá mér sjálfur, eg hefi vald til að leggja hana frá mér, og vald til hana aptur að taka; og þessara orðsaka vegna hafa heilagir Guðs menn í Ritníngunni ydugliga kallað hann Guð, því Guð er alleina sá eð dásemdarverkinn gjörir, Ps. 72. Eg hefi allareiðu nockur vitni þar til leidt af hinu gamla Testamentinu, og mætti þó enn fleiri telja, en Lærisveinarnir hans og Postular, sem voru uppfræddir af hönum, sáu hann og skoðuðu, 1. Jóh. 1. átu og drucku með hönum, uppá hvörra lærdóm hans kyrkja bygð er, þeir eð hans vitnisburð hafa með sínu eigin blóði undirskrifað, og látið lífið fyrir þennan sannleika, þeir hljóða allir einum munni upp um þetta. Hans vitni hafið þér heyrt, er Jesús elskaði, sem var Jóhannes, er Guðspjallið ritað hefir, en hann talar enn þá framar, 1. Jóh. 5. segjandi: vér vitum að Guðs Sonur er kominn, og að hann hefir géfið oss hjarta til að þeckja hinn Sannarliga, og að vér séum í hinum Sannarliga, það er í Guðs Syni, hann er sannur Guð og það eylífa líf. Róm. 1. géfur St. Páll Guði, allra hluta Skapara þann titil, að hann sé blessaður um allar aldir, en í sama Pistli Cap. 9. segir hann um Jesúm Christ: af hvörjum, (hann meinar feðrunum) að Christur er eptir holdinu, hvör að er Guð yfir öllum hlutum, blessaður að eylífu. Júdas Postuli Drottins, hann endar sinn Pistil með þessum orðum: Guði alleina vísum

Frelsara vorum, sé dýrd og magt, kraptur og veldi, bædi nú og um allar aldir; þeim somu ordum sem Guds eingétinn Sonur hefir skipad oss syndugum monnum ad kvedja Gud vorn Fodur í drottinnligri bæn, Matth. 6. med þeim somu ávarpar hann hér vorn Frelsara, hvad hann mundi ecki gjort hafa, nema hann vildi hafa honum gudligann heidur veittann. Drottinn Gud þinn skaltú tilbidja og honum einum þjóna, segir Móses Devt. 6. og 10. og med þessum somu ordum rak Jesús Djofulinn burt frá sér, er hann freistadi hans, og sagdist mundi géfa honum oll ríki veraldar, ef hann félli fram og tilbædi sig, Matth. 4. hvar af audsært er, ad einsomlum Gudi, en eingum odrum tilheyrir soddan lotníng. En hvad segir St. Páll um Jesúm, hann segir ad í hans nafni skuli oll kné sig beigja, bædi á himnum og jordunni, og undir jordunni, Phil. 2. og svo menn viti ad hér er einginn undantekinn, þá segir Postulinn Hebr. 1. í Davíds orda stad, ad allir Einglar Guds skuli hann tilbidja; en ef þad skulu Einglarnir gjora, hvorjir ed sjá ydugliga Guds Fodurs auglit á himnum, Matth. 18. því munu þá ecki skyldar til þess hinar ódæri skepnur? Þegar Jóhannes vildi hafa tilbedid Eingilinn, þann er taladi vid hann, Apoc, 19. þá varnadi hann honum þess og sagdi: sjá til, ad ei gjorir þú þetta, tilbid þú Gud; en er hann féll til fóta Guds Syni, þá aptradi hann honum ecki, heldur lagdi sína hægri hond yfir hann segjandi: Ottast ecki, eg em hinn fyrsti og sídasti, Apoc. 1. Og hvad opt var Drottinn vor tilbedinn, jafnvel í sinni áuand hér á jordunni, hin cananiska, Matth. 15. María systir Lazári, Jóh. 11., hundrads-hofdínginn, Matth. 8., og adrir miklu fleiri tilbádu hann, og hann audsýndi þar med, ad honum guddómligur heidur tilheyrdi, ad hann vard vid ollum þessum jafnskjótt og þeir beiddu. Ræníngiun sem med honum krossfestur var, tilbad hann daudvona, sjálfann kominn ad daúda, Lúc. 23. þá sýndi Jesús fyrir alvoru ad hann Gud var, því hvorsu mátti hann einum stórbrota manni himnaríkid géfa, nema hann sjálfur ætti þess vald á himnum. St. Stephanus frumburdur hans píslarvotta, hann tilbad hann midt í andarslitrunum, og var hann þá fullur af H. Anda, sem Lúcas vottar, Act. 7. heyrt hafdi hann med hvílíku kalli ad Jesús lést á krossinum, er hann sagdi: Fadir í þínar hendur fel eg minn Anda, Lúc. 23. en hann gjordi þess eingann mun og hins er hann sagdi: Herra Jesú medtaktú minn anda. Hvar fyrir? því hann vissi ad Fadir og Sonur voru eitt, og Sonurinn Fodurnum ad allri tign, dýrd og mætti samjafn eptir guddóminum. Heidíngjar þeir ed af Gudi eckert vissu, og voru án hans í heiminum, Eph. 2. þeir skopudu sér adskiljanligar meiníngar um god sín, er þá hofdu þó ecki skapad, og meintu ad einn væri odrum undirgéfinn, en þvílíkt er eckert um Jesúm ad þenkja, svo eylífur, svo almáttugur, svo alvitur sem Fadirinn er, svo er og Sonurinn, svo sem hinn heilagi Athanasius lærifadir hefir oss þad kéunt í sinni trúarjátníngu. Jehóva vor Gud, Jehóva hann er einn, segir Móses, Devt. 4. En ef ecki er nema einn Gud í verunni, og þad er ádur vottad ad Jesús sé Gud, hvornig má hann þá honum minni vera? Og því segir Postulinn til Hebr. 1. ad hann sé útþryckilig mynd hans persónu. Eg er Jehóva, þad er mitt nafn, og mína dýrd vil eg eingum géfa, segir Drottinn, Esa. 42. Væri nú ecki Guds Sonur Fodurnum ad ollu jafn, og væri þetta nafn ecki guddómligrar veru, í hvorju ad eru þrjár adgreindar persónur, því mundi Gud þá sjálfur

gjæskunnar brunnur, hafa opinberad sína dýrd med þessu nafni þeim, sem öll sálarinnar velferd á því rídur ad vita á hvörn þeir eiga ad trúa, og halda eingann honum jafnan? En hann hefir skipad oss ad trúa á Soninn. Hví mundi hann segja vid Mósen? Exod. 3: eg mun vera sá eg vera mun, og þad skaltú segja sonum Israelis: Sá ed vera mun, sendi mig til ydar. Hvi mundi hann segja fyrir munn Esajæ: eg er Jehóva, og fyrir utan mig, er einginn Gud, Cap. 45. Mundi nockud Guds eingétinn Sonur, sá ed er í Fødursins skauti vanheidra sinn Fødur þar med, ad gjøra sjálfann sig honum jafnann, nema hann vissi þad væri svo? Hví segir hann þá: Apoc. 1. eg em alpha og ómega, upphaf og endir, sá sem er, og sá sem var, og sá sem koma mun, hinn almáttugi; því mundi hann segja vid Philippum, er hann beiddist eptir ad meiga sjá Fødurinn: Philippe! sá sem sér mig, hann sér Fødurinn, trúir þú ecki ad eg em í Fødurnum, og Fadirinn í mér? Jóh. 14. Hví mundi sjálfur Fadirinn kalla hann sínu nafni? edur mun hann sína dýrd ødrum géfa? Hvi segir hann þá? Jer. 23: eg vil uppvekja Davíd eitt réttlátt sædi, sá ed mun ríkja sem konúngur, og þad skal honum vel luckast, og hann skal fremja løg og réttindi á jørdu, á hans døgum mun Júda hólpin verda, og Israel ugglaus búa, þad mun vera nafn hans, er hann mun nefna hann med, Jehóva vort réttlæti; því mun hann aptur ítreka þetta, í 33. Cap.? segjandi: á þeim døgum mun Júda hólpinn verda og Israel tryggiliga búa, og sá ed kallar, hann mun vera Jehóva vort réttlæti. Mun ei þetta vera hann, sem oss er af Gudi gjørdur, til réttlætis, til helgunar og til eylífrar sáluhjálpar? 1. Cor. 1. Hvar fyrir mun Gud alsherjar enn framar segja um sinn Son? Hos. 1: en eg skal miskunna húsinu Júda, og frelsa þá fyrir Jehóva þeirra Gud, og ei vil eg frelsa þá med boga edur sverdi edur strídi, hestum edur riddara lidi. Menn þreifa á því, ad þetta er í Jesú af Nazareth fullkomnad og framkomid, hann var alinn í fátækt, Lúc. 2. hann uppólst í armód, hann hafdi ei þar hann mætti hofdi sínu adhalla, Matth. 8. hans ríki var ecki af þessum heimi, ecki strídu hans þénarar fyrir hann, Jóh. 18. hann skipadi Petri ad slídra sverdid, Matth. 26. í sinn mesta ýfirlæti reid hann einni øsnu inn til Jerúsalem, Matth. 21. hvadan hann var eins og óbóta-madur til gálgans útleiddur, og hans bestu vinir og vildarmenn eru deyddir hans vegna allann daginn. En þó er í øllu þessu volædi, ríki Guds Sonar í hans barna hjørtum stærra ordid enn nockurt konúngs ríki hefir um æfi verid, svo eg má þad satt játa, er Severus Sulpitius segir, (Lib. 2. Histor: Sacræ) um dráp Guds barna undir Diócletianó keysara: Vér høfum aldrei frægari sigur unnid, enn þá vér ecki urdum med tíu ára ofsóknum sigradir. Mundi nú øllu þessu vera spád um Jesúm, edur hann nefndur því nafni, sem Gudi einum er eiginligt, og eingum ødrum má án syndar tilleggjast, nema hann væri einnar veru med Gudi Fødur, og honum samjafn ad øllu? Zacharías, ecki af sjálfum sér, ecki af eiginn hugbodi sínu, heldur fullur af Heiløgum Anda, segir um Jóhannem: Lúc. 1. og þú sveirn munt nefnast Spámadur hins Hæsta, en þad er kunnugt ad Jóhannes var fyrirrennari Jesú, og Eingill undan hans augliti sendur, Mal. 3. En ef hann er hinn allra hæsti, hvørnin má þá nockur honum hærri vera? Ef hann segir sjálfur, eg em hinn fyrsti og sídarsti, Apoc. 1. hvor kann honum þá fyrri ad vera? Og hvad haldid hefir verid um Messíam á hérvistar døgum Drottins, þad kénnir Jóhannes 5

segjandi: þess meir sóktu þeir eptir ad deyda hann, ad hann ecki einasta braut hvíldardaginn, heldur sagdi Gud ad vera sinn eiginn Fodur, gjørandi sig jafnann Gudi, hvad hann med þessum ordum gjordi: minn Fadir erfidar alt híngad til, og eg erfida; sem vildi hann sagt hafa, minn Fadir er ei bundinn vid sabbatsdaginn, ad hann ei stjórni øllum hlutum bædi á himni og jørdu, eptir vild sinni, svo lækna eg og þá sjúku, eptir því valdi sem eg hefi, og má því ecki á móti segja, ad þessir ránglátu menn toludu rétt í þessu. Páls er skorinnordur um þetta efni, þegar hann eggjar kristna menn á hógværd og lítilæti, segjandi: verid eins lyndir og Jesús Christur var, hvor þótt hann Guds mynd væri, hélt hann þad ecki fyrir herfáng Gudi jafn ad vera. Og hefi eg svo med nockrum røkum vitnad fyrir ydur, ad Jesús er Gud eylífur, almáttugur, alls heidurs verdugur, og Fødurnum ad øllu jafn eptir guddóminum; ecki þess vegna, brædur mínir, ad eg þurfi nockrum í þessum safnadi ad telja trú hér um, því þad játa allir med hjarta og munni, heldur ad eg i stuttu máli andsýni út af þessu heil. Evangelió, hvílíkur hann sé, er vort anma hold og blód hefir uppá sig tekid, hvar um Jóhannes framar talar med þessum ordum: og Ordid vard hold og bygdi med oss; hvor ord ecki eiga þann veg ad skiljast, svo sem ad guddómurinn sé í manndóm umbreyttur; hjá Fødur ljósanna er eingin umbreyting edur mynd til umbreytíngar, segir Jakob Postuli, Cap. 1. En þar hann nefnir Fødur ljósanna, þá meinar hann Gud, en þad er ádur vottad, ad Jesús sé sannur Gud, þar fyrir er því lángt fjærri, ad hann kunni hinni minstu umbreyting undirorpinn ad vera, og þótt ei væri annad til vitnis hér um, þá eru Jóhannes eiginn ord, er hér standa skommu sídar í Evangelió: Vér sáum hans dýrd, dýrd svo sem eingetins Sonar af Fødurnum. En nær sáu þeir hana? Ad sonnu í kénníngunni, í kraptaverkunum, ískýrninni, en ecki sízt þá hann forklárадist á fjallinu, Matth. 17. og var þad hinn sami er þeir høfdu etid og druckid med, 1. Jóh, 1. Svo er þá ecki guddómurinn umbreyttur í manndóm, heldur hefir Guds Sonur manndómliga náttúru uppá sig tekid, svo sem Páls til Hebreos Cap. 2. ad ordi kémst, ad hann hafi ecki Einglanna, heldur Abrahams sædi á sig tekid, teiknandi þar med, ad hann hafi manndóminn tekid í samfélag og einíngu sinnar guddómligrar persónu, og í þessum ordum: Ordid vard hold, er venjuligur ordsháttur Ritníngarinnar; svo segir Gen. 2: Adam vard ad lifandi sálu, þegar Gud blés lifandi anda í mannsins nasir, ecki þad ad líkaminn umbreyttist í sál, heldur teiknast med þessu orda tiltæki, hin allra nákvæmasta eining á millum sálar og líkhama, hvor mjøg svo er þessari lík, því svo sem sál og líkhami verda ad einni persónu, svo urdu og tvær náttúrurnar i Christó, einn Gud og madur, þegar hann hold og blód uppá sig tók; þetta vitnar allvída h. Ritning, bædi í spádómunum í gamla Testamentinu, sem og í medkénníngu þeirra er sáu og skodudu hann, og hvorra hendur á honum þreifudu, 1. Jóh. 1. og sáu þó hans dýrd, svo sem eingetins Sonar af Fødurnum. Hinn fyrsti vottur í gamla Testamentinu er sjálfur Gud, er hann sagdi ad kvinnunnar Sædi skyldi í sundurmerja høggormsins høfud, Gen. 3. Hvílíkt ad sé þetta kvinnunnar sædi, þad vitnar Esajas Cap. 9. med þessum ordum: Eitt barn er oss fædt, og einn sonur er oss géfinn, hvors hofdíngja-dómur er á hans herdum, og hans nafn er undarligur, ráд, hetja, kraptur, eylífur Fadir og fridar-høfdíngi. Sjáid hér, brædur mínir!

hann sem fæddur er, hann sem Spámadurinn barn kallar, hann nefnir hann undir eins Födur eylífdarinnar, af hvørju ljóst er, ad hann er bædi Gud og madur, og ad þetta sé meint um Jesum af Nazareth og ecki annad barn, vottar Esajas: Cap. 7. Sjá þú ad ein jómfrú mun ólétt verda, og mun Son fæda, og hann mun hún kalla Immanúel, þad er: Gud med oss; þetta segir Lúcas Cap. 1. framkomid ad vera. Mørg ønnur vitni mætti hér til leida ef þad tíminn leifdi, en í hinu nýa Testamentinu eru ecki færri. Hinn sterkasti vottur er Thómas Postuli, hvør ed ecki vildi trúa fyrr enn hann tók á, en þegar hann lét sínar fíngur í naglaførinn, og sína hønd í hans sídu, þá æpti hann upp af fagnadi, og sagdi: Drottinn minn og Gud minn! Jóh. 20. St. Páll sem var í þridja himin uppnuminn, og heyrdi þar óumrædilig ord, 2. Cor. 12. hann kallar hann hinn mikla Gud og Frelsara vorn Jesúm Christum, Tit. 2. og hinn sami segir: ad hann sé gjørdur af sædi Davíds eptir holdinu, Róm. 1. Mannsins Sonur, sem taladi vid Nicódemum, segist vera á himni, Jóh. 3. og aptur segir hann vid Gydínga: Jóh. 8. þér leitist vid ad deyda mig, einn Mann, sem segir ydur sannleikann; og sjálfur segir hann, þegar hann hafdi sjálfur aptur tekid sálu sína: andi hefir ei hold né bein, svo sem þér sjáid mig hafa, Lúc. 24. Vér vitum ad ecki fædist af manni nema madur, en Lúcas segir ad María hafi fædt sinn eingétinn Son, hvar fyrir ad Postulinn til Hebreos skrifar: ad hann sé hluttakandi holds og blóds eins og smá-børnin, Hebr. 2. Páll segir enn aptur, Col. 2. ad í honum búi øll fyllíng guddómsins líkhamliga, þad er reyndar fullkomliga og sannarliga.

Í fórnum gamla Testamentisins bjó Gud svo sem í skugga eptirkomandi gjæda, Hebr. 10. í Christó høfum vér sjálfann líkhamann, Col. 2. og hann býr í hønum eins og sál mannsins býr í hans líkhama. Kraptur Guds bjó í hans Spámønnum og ødrum heiløgum, en ecki vard hann ein persóna med þeim, hvad ljóst er þar af, ad Guds Andi veik frá þeim ástundum, en guddómurinn Christí hefir aldrei manndóminn vidskila ordid, frá því fyrsta augnabliki gétnadarins, og mun heldur aldrei verda um alla eylífd, því Eingillinn, er hann bodadi módur hans gétnadinn, Lúc. 1. segir: ad hann muni drottna yfir húsi Jakobs ad eylífu, þad er ad hann skuli aldrei hans konúngs-tign afleggja, hvør honum þó ecki er ødruvísi meddeild, enn fyrir íbúd guddómsins. Já, þótt hinn grimmi daudi sundursliti sál og líkhama í pínunni, þá mátti hann þó ecki leysa þad band einíngarinnar, sem var milli guddóms og manndóms, því hvørsu mátti hann af sjálfum sér og af eiginn kroptum uppríſa ella? Eigi veit eg hvørt nockurt vitni er sterkara edur ljósara um guddóm og manndóm Christí í einni persónu, heldur enn St. Páls. 1. Tim. 3. er hann segir: þad er mikill leyndardómur gudhrædslunnar (þad er kristinndómsins) ad Gud er opinberadur í holdinu, réttlættur í andanum, er sédur af Einglunum, er predikadur heidíngjunum, er trúad í heiminum, er uppnuminn í dýrdinni. Hvad er þetta, br. m., ad Gud sé réttlættur í andanum? Kann nockur ad réttlæta þann réttláta í Ísrael? En þess er ad gjæta, ad þetta ord, þad er ad vidurkénna sannan og réttlátann ad vera; svo skrifar Lúc. Cap. 7. ad allt fólkid og tollheimtumennirnir hafa réttlætt Gud, þad er prísad hann og medként sannan Gud ad vera; í andanum segir Postulinn, þad er eptir guddóminum, svo segir Petur, 1.

Pist. Cap. 3. um Christ, ad hann sé deyddur eptir holdinu, en lífgadur, þad er, lifandi eptir andanum, þad er guddóminum, og med sama hætti segir Páls, Róm. 1. ad hann sé auglýstur Guds Sonur í mætti eptir anda heilagleikans; svo er þá meiningin, ad í Christí holdi hafi guddómurinn svo auglýst sig, ad menn hafi játad og þeckt, ad Gud hafi í honum búid; er sédur af Einglunum, hvort heldur þad eru Postular Drottins, sem opt verda Einglar kalladir, Mal. 2. Apoc. 1. edur og Guds Einglar, sem gyrnast ad skignast inn í þennan leyndardóm, 1. Pet. 1. þá eru hvorutveggju þessir fullnógir til sanninda; er predikadur heidíngjum; er trúad í heiminum, þessi ord sýna oss, hvad hinir fyrstu kristnir menn hafa hér um haldid, og hvornin Drottins eigin Postular hafa Christum predikad; uppnuminn í dýrdinni, hann sem þeir vissu ad dó á krossinum, af daudum upprisinn, hann sem át og drack med þeim, á hvorjum þeirra hendur þreifudu, 1. Jóh. 1. hann sáu þeir til himins faranda, med guddómligri dýrd, og skýid tók hann í burtu frá þeirra augum, Act. 1. O, hvílík dýpt audæfanna og Guds vitsku! hér má allur Eingla og manna skilníngur í hina mestu undrun falla. Þetta er sá leyndardómurinn, sem hulinn er fyrir vitríngum, en nú er opinberadur smælíngjum, Matth. 11. Hvor vill útsegja hans gétnad? Esa. 53. Hann er fæddur af Fodurnum fyrir allar aldir, hvor vill þad útsegja? Hann er gétinn af Heilogum Anda í tímanum, hvor vill þad útsegja? Hann er fæddur af meyu einni, hvor vill þad útsegja? Oss fallast hendur af forundran, þegar vér heyrum ad Mósis stafur verdur ad hoggormi, Exod. 7. þegar Arons vondur blómgast, Num. 17. þegar sólin stendur kyrr, Jós. 10. þegar hún gengur um nockur strik til baka aptur, 2. Reg. 20. þá bjorgin klofna í sundur, Matth. 27. þá vatnid skiptist í tvo hluti, og stendur eins og múrveggur, Jós. 3. þegar eldurinn brennir ecki og gjorir eingann skada því sem í hann er kastad, Dan. 3. og er þad þó endir allrar vorrar undrunar, ad vér segjum þad sé ecki undarligt, þótt hann sem náttúruna hefir skapad, géti umbreytt náttúrunnar háttum. En hvad skulum vér um þad segja, ad Gud náttúrunnar-madur verdur? Og hann sem var fyrir allar aldir, hlýdir tímans logmáli? Ad Skaparinn fædist af sképnunni? Og hann sem himin og jord taka ecki, verdur í módurlífi innilucktur? Þessi gétnadur, þessi fædíng eru svo furdanlig, ad þegar kraptur hins Hærsta yfirskyggir rétt-trúada sálu, þá gétur hann slíka hluti vid henni, ad munnurinn fær þeim ecki útklakid, og lætur sér nægja þar med, ad allt tilefni þessa stórundrunarliga furdu-verks er innifalid í hans almætti, hans gjæsku, hans vitsku og ómælanligri miskunsemi, er þad gjort hefir. Honum sé lof, dýrd og heidur, um aldir alda, amen!

Annann dag Joola.

Gudspjallid, Matth. 23 Cap.

Í þann tíma sagdi Jesús til Gydínga-fólksins og hofdíngja kénnimannanna: sjáid! eg sendi til ydar Spámenn, Spekínga og Skriftlærda, og nockra af þeim munud þér aflífa og krossfesta, og suma munud þér húdstrýkja í samkundu-húsum ydar, og af annari borg í adra munud þér þá ofsækja, svo ad yfir ydur komi allt réttlátt blód, sem á jordina úthellt er,

í frá blódi Abels réttláta, allt til blóds Sachariæ sonar Barachiæ, hvørn þér drápud á millum musteris og altaris. Sannliga segi eg ydur, ad allt þetta mun koma yfir þessa kynslód. Jerúsalem! Jerúsalem! þú sem aflífar Spámennina, og grýtir þá er til þín eru sendir, hvørsu opt hefi eg viljad samansafna sonum þínum, líka sem hænan samansafnar úngum sínum undir vængi sér, og þér hafid ecki viljad! sjáid! ydar hús skal ydur í eydi látid verda, þvíad eg segi ydur, ad þér munud eigi sjá mig upp frá þessu, þángad til þér segid: blessadur sé sá sem kémur í nafni Drottins!

Exordium.

Þegar menn athuga á eina sídu Guds óútsegjanligann heilagleik, hans réttlæti og hans almætti, og svo annars vegar, ad heimurinn er nidursoktur í hid vonda, 1. Jóh. 5. hvar ed sjálf Gjæskann lítid annad sér, heldur enn þad sem henni er gagnstædiligast, sem er ilskan og ógudligar athafnir syndugra manna, þá megum vér med blygdun vors andlitis medkénna þad, satt ad vera, sem Móses segir, Num. 14. Drottinn er þolinnmódur og mjøg miskunsamur, fyrirgéfandi syndir og misgjørdir. Nú þótt ad øll veroldin ætti í einu hljódi ad prísa þessa Guds gjæsku, þá mætti þó sýnast, ad hann hefdi hvad mest auglýst hana sínu fólki á gamla Testamentisins døgum, því um þá má játa þad satt ad vera, sem Davíd segir, ad Gud hafi ecki svo gjørt øllu fólki, Ps. 147. En hvørju launadi sú þverbrotna kynslód sínum Gudi? Hann klagar sjálfur yfir þeim fyrir Móses, Num. 14 ad þeir hafi tíusinnum møglad á móti sér í eydimørkinni. Hann setti minníng síns nafns á medal þeirra, Exod. 20. Þar var hans eldstó og hans bústadur, Esa. 31. En þeir tóku vid tjaldbúd Mólochs, og vid stjørnu Guds þeirra Remphan, Act. 7. Þeir umveltu hans skickan, og yfirgáfu Guds bodord fyrir manna setnínga, Matth. 15. en aflífudu hans Spámenn, sem til þeirra voru sendir. Allra sídast sendi hann þeim Soninn, og sagdi, svo sem Jesús kénnir í eptirlíkíngunni: Matth. 21. Þeir munu feila sér fyrir Syni mínum; en þad vildi ecki svo til gánga, þeir søgdu: Þessi er erfínginn, látum oss ráda hann af døgum, já, vér viljum ecki láta þennan drottna yfir oss. Svo hafa þeir og sjálfann Guds eingétinn Son á krossinn uppheingt, hans þénara og Postula af lífi tekid, forsmád þeirra kénníngar, og eckert ógjørt látid þad Gudi kunni til styggdar ad verda; hvar um Jesús þeim bríxlar hér í Evangelió, og undireins fyrirsegir, hvad stórkostlig hefnd ad fylgja muni á eptir svo lángvaranliga forsmán Guds og hans heiløgu orda þegar þeir høfdu uppausid brunn miskunarinnar og uppfyllt mælíngu syndanna; því Drottinn er einn hegnari, einn vandlætandi Gud, já, einn hegnari er Drottinn á sínum mótstødu-mønnum, og sá ed ei mun gleyma því á sínum óvinum, segir Nahúm Spámadur. Svo er nú øll sú ólucka komin yfir þessa vesælu þjód, sem Gud og hans Spámenn hafa fyrir-sagt, af því ad þeir ecki þecktu sinn vitjunar-tíma, Lúc. 19. og þeirra hús er þeim í eydi látid; svo sem Drottinn spáir hér í Gudspjallinu, en þeir útreknir um alla verold, hafa hvørgi blífanligann samastad, nema þad er þeir þiggja verda af þeim er þeir sízt vildu. Nú høfum vér séd þeirra ófarir, brædur mínir, en gjætum ad því, ad hvad sem skrifad er, þad er skrifad oss til lærdóms, Róm. 15. ei sídur þetta heil. Gudspjall, enn hvørt annad, svo ad vér út af Gydínganna hrædiligu dæmi látum oss umhugad vera, ad leita Drottins medan hann er nálægur, Esa. 55. ad ei føllum vér í nockurt syndsamligt andvaraleysi; því ef Gud þirmdi ecki hinum náttúrligu kvistunum, þá er uggvænt ad hann oss ei þirmi, Róm. 11. Eg hefi í Guds nafni ásett í þetta sinn: ad tala um þá hluti út af Gudspjallinu, sem oss kunna ad hvetja til ad rækja Guds h. ord, og laga vorn lifnad þar eptir, svo ad ei komi yfir oss þær straungu hótanir, sem rætst hafa allt ofmjøg á hans fólki Gydíngunum. O Drottinn! hjálpa hér til í nafni Jesú Christi þíns eingétins Sonar, og géf þínum børnum nád H. Anda þar til, amen, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Þad er vidtekid hjá øllum gudhræddum mønnum, ad meun halda þad fyrir stóra synd ad fara ílla med Guds gáfur, sem hann hefir géfid oss til notkunar og lífs uppheldis, og sá er ei þeirra verdugur, sem ecki hyrdir þær og medtekur med stærsta þacklæti og lofgjord vid Skaparann. En ord Drottins, er eingin almennilig Guds gjøf; þad kostadi hinn eylífa vísdóm ecki nema fá ord ad skapa himin og jord af eingu efni, Gen. 1. af hvørjum hann allt til þessarar nálægrar stundar gefur allri skepnu sitt fódur. En í synda=fallinu gjørdist vanmátturinn svo máttugur, ad hinn gódi Gud vard ad taka til almættis síns, svo þad endurskapad yrdi sem syndin og Djøfullinn høfdu vanskapád, og þad kostadi hann svo mikid, ad opinbera oss sinn vilja og veg sáluhjálparinnar, ad þad eylífa Ord Fødursins, Jóh. 1. hinn eingétni Sonur Guds, sem er í hans skauti, hlaut þjóns=mynd á sig ad taka og gjørast oss ad øllu líkur, Phil. 2. ad syndinni frátekinni, já, ad þola hér í eymdum vors holds allskonar volædi og vesøld. Hvad virdist ydur þá børn Drottins? Hvílík skømm er þad einum synda=þræl, ad troda undir fætur sér hina dýrmætu perlu, Matth. 13. sem Drottinn dýrdarinnar hefir kostad svo mikid uppá, ecki sjálfum sér til nockurra nota, heldur hønum til lækningar, til miskunar og syndalausnar, sem var hans óvinur og barn reidinnar? Róm. 5. Eg vil ecki fá mér til orda, um Postula Drottins Jesú, hvørjir ad uppfyllt hafa leifar Christí harmkvæla á sínu holdi fyrir hans líkhama, sem er søfnudurinn, svo sem Páll um sig ritar, Col. 1. ecki í þeirri meiníngu, ad hid allra minsta vanti á Christí píslir til ad frida fyrir syndugt mannkyn hjá Gudi, svo ad þeir edur nockur annar þyrfti ad bæta hans forþénustu upp, heldur hins vegna, ad Guds Sonur hefir ecki einasta lidid oss til forlíkunar, heldur og til eptirdæmis, svo sem Postulinn til Hebræos 12. C. vottar. Þá hafa þessir Guds=menn ad dæmi síns Herra lidid allskonar hørmúngar, og ad sídustu daudann, til ad birta Guds søfnudi (hvørn Páls hér nefnir Christí líkhama) hans Evangelíum, og ad sýna þeim bædi med ordi og eptirdæmi hina réttu leid til himnaríkis. Nú fyrst hin eylífa Miskunsemi hefir audsýnt oss svo stóra gjæsku, oss sem búum á torfu þessari, svo ad segja útlægir frá allri veroldu, ad vér og meigum reiknast á medal hans safnada, þá verum ecki svo óþacklátir edur ræmulausir, ad vér forsmáum þennan dýra dóm, sem Guds ástvinir hafa varid bædi fé og fjørí til ad útbreida um veroldina, svo ad þessi Jesú Christí sendifor hefir og nád til vor, hvørja þeir ecki þecktu, edur vissu, hvørt vér mundum nockurn=tíma manneskjur verda., edur ei, heldur gjørdu þeir þad alleina út af hlýdni og elsku vid sinn Herra, og heitum kjærleika vid alla þá sem á hans nafn trúa mundu; því søkum þess, ad þeir høfdu vitnisburd H. Anda í hjarta sínu um þad ad þeir væru Guds børn og elskudu hann, og þecktu ad mótlæti þessara tíma var ei verdt þeirrar dýrdar, sem Gud hefir sínum tilbúid í eylífu lífi, Róm. 8. þá vildu þeir kosta lífi og velferd til þess, ad sem flestir kynnu hennar njótandi ad verda. Eptirdæmi hins h. Stephaní, hvørs signadri minníng ad þessi blessadi dagur helgadur er, þad heyrdum vér af Pistlinum sem nýliga var súnginn fyrir altarinu. O Herra Gud! hvílík var hans rokksemi, hans vandlæti, hans þolinmædi, þar ed hann ad dæmi síns Frelsara beiddi fyrir þeim, sem hann vildi hafa á Guds veg snúid,

Þegar hann stód fyrir daudans dyrum, vard honum þad fyrst ad vegi, ad bidja óvinum sínum miskunar, Lúc. 23. og sídan ad fela sínn Anda sínum Frelsara í hendur, svo kjæra hafdi þessi Guds ástvinur, bædi sína og þeirra velferd. Þad er kunnugt af St. Páls pistli til Rómverja Cap. 9. ad hann segir: eg æskti sjálfur ad vera útrekinn frá Jesú Christó fyrir brædur mína eptir holdinu; og ad Postulinn hafi ecki talad þetta fyrir sídasakir, heldur af fullri alvøru, og ef eg má segja, af nockurskonar elskunnar ofbodi, líku því sem Christó þrísti til þess ad láta hengja sig fyrir syndarann; þad votta þau ord er hann skrifar strax ádur á þennan hátt: eg segi sannleika í Christó, eg lýg ecki, ad samvitandi mer samvitsku minni fyrir H. Anda; af hvørju audsært er, hvad lítils hann hefir metid sína velferd hjá annarra, uppá þad hann fengi vitnisburdinn Jesú Christí útbreidt, þeim til syndalausnar og sáluhjálpar er hann bundu, offóktu og hroktu frá einni borg í adra, frá einum ránglátum dómara til annars, og mætti hér uppá mørg ønnur dæmi finna, ef þad tídin leyfdi. En þú sem ætlar þér med þessum Guds Einglum sømu víst ad hafa í eylífri himnaríkis-dýrd, gjæt ad sjálfum þér, ad þú ecki ad litlu hafir þann dýrmæta hlut, er þeir hafa svo mikils metid, og þegar þú heyrir Jóhannem hálshøggvinn, Matth. 14.; Jakob med sama hætti líflátinn, Act. 12.; Petur krossfestann, og allar Guds hetjur med smánarligum dauda af døgum teknar, fyrir þetta sannleiksins ord, og hina mestu gódgjørd, som einganu maka hefir, — þá ber saman hvad fráleitt ad sé þessu tómlæti og hjáræna sumra manna, þeir ed lifa á vorum døgum, og allar stundir þykja indælli enn þær, er þeir eiga Guds erindi og verk sinnar sáluhjálpar ad gjøra. Svo lángt er frá því, ad þeir hafi sig eptir nockud gott ad nema, af þeim sem til þess eru settir, edur láti sér umhugad vera, ad børn þeirra edur hjú læri þad er þeim kann til sidbóta og sálar-nota ad gagna, jafnvel þótt því sé nærri á hvørjum helgum degi yfirlýst, ad án Guds heilagu orda þekíngar kann madurinn sídur ad lifa andligu lífi, heldur enn líkhamligu, fyrir utan fædsluna. Þad vottar Jesús er hann sannfærdi Andskotann fordum daga med Mósis ordum, segjandi: madurinn lifir ecki af einu saman braudi, Deut. 8. heldur af sérhvørju ordi því er framgengur af Guds munni, Matth. 4. Hvad vill hér af verda, børn mín? Nema ad sá er andliga daudur, sem ecki hefir fóstur sálu sinni í Guds ordi, jafnvel þótt hann lifi fullur og feitur í líkhamanum. O, Jerúsalem! Jerúsalem! þú sem aflífar Spámennina og grýtir þá sem til þín eru sendir, segir Jesús; ad sønnu gjørir þad einginn medal vor; en hvad gjøra þeir ed forakta spádómana og þær kenníngar sem þar út af eru? Þá vantar eckert nema tækifærid til ad gjøra hid sama. Jesús grét yfir borginni er hann sá hana og sagdi: ef þú vissir hvad til þíns fridar heyrdi, þá mundir þú á þessum þínum tíma þar vaktan á hafa; en nú er þad hulid fyrir þínum augum, Lúc. 19. Mun hann enn nú ecki í dag segja hid sama í sínu heilaga ordi, vid alla hyrdulausa, sem ecki vita ad gjøra grein á trú sinni, edur skynja meir hvad kristinndómur er, enn blindur madur kann um liti ad dæma? Þetta munu ofgar þykja, en eg má spyrja, ef menn vita þad almenniliga, því haga þeir sér ecki þar eptir, og ef menn þad ei vita, því leggja þeir ecki allann hug á ad ná því, án hvørs þeir kunna ecki Guds børn ad heita, ecki himnaríki ad erfa, og ecki eylífar helvítis píslar ad umflýa? Eg vil ei tala um þad, hvørsu hyrdulausir ad margir eru í því, ad láta børn og úngdóm læra ad

lesa Guds ord, sem þó er eitt ágjætt medal til ad ná grundvellinum í hinum sanna kristindómi, og svo miklum fródleik í Guds ordi, sem nægir til sáluhjálpar; ecki er ad dyljast vid þad, ad margir únglíngar eru svo tornæmir, ad þeir fá ecki tekid allt þad af einum predikunarstól, sem þeir þurfa til andligs uppheldis; sædid ber ecki ávoxt þótt því sé kastad í jördina, nema þad rotni, 1. Cor. 15. ei heldur Guds ord í mannsins hjarta, nema menn smelti þad med ydugligri umþeinkíngu; ad þessu gjæta menn ecki, og ætla þad sé nóg, ef Guds ord þýtur um eyrunn í kyrkjunni, og jafnvel þótt sumir medtaki þad med fagnadi um stundarsakir, Lúc. 8. þá hefir þad ecki altíd svo mikla rót, ad þad færi ávoxt, nema þad sé nært og vökvad med sífeldri ástundan.

Gud skipadi Israel ad þeir skyldu brýna sitt h. lögmál fyrir börnum sínum, þá þeir sætu í sínu húsi, Devt. 6. En ef svo þótti mikid varda um lögmálid, sem er nockurskonar deydandi bókstafur, 2. Cor. 3. og eingann kann af sjálfu sér hólpinn ad gjöra, hvad skal eg þá segja um ord Evangelií, sem er kraptur Guds til sáluhjálpar öllum þeim sem trúa, Róm. 1. skyldi þad ecki med allri ástundan kostgjæfa? Edur segid mér, brædur mínir, er þad svo lítid, ad vér megum þessarar Guds gáfu med fridi og frelsi njóta, fyrir hvorja Guds eingétinn Sonur hefir lífid látid, og hans h. píslarvottar eptir hann, til ad stadfesta hans vitnisburd hjá mannanna sonum æfinliga, inn til þess hann kémur? Svo er nú Guds heilagt ord dýrmætt, svo er þad til sáluhjálpar naudsynligt, edur réttara ad segja, ómissandi. Nú vil eg þess géta, ad þetta tímanliga líf, þad er eymdum og audstreymi vafid. Madurinn af kvinnunni fæddur er fullur eymda og fárra lífdaga, segir h. Job. 14. og jafnvel þeir sem heimurinn lætur vel ad þeir una þó ecki á allann hátt vel vid hag sinn, hvar skulum vér fá annad betra rád vid slíku enn í Guds h. ordi? Mörg eru manna mein. Einn hefir fullsælu fjár, en er þó óheill ad líkhamans burdum; ecki gétur góts edur gardar bætt honum þad, Guds ord verdur ad hugga hann í hans veikleika, svo ad þótt sál og líf vanmegnist, þá læri hann samt af því ad vona á Drottinn, Ps. 73.; máské hann sé og heilbrigdur, en á öfundarmenn, þá eptir honum sitja, og láta hann ecki í fridi, hvorki nótt né dag; eckert stödugt rád finnur hann vid því í veraldligum munum, edur hjá sinni skynsemi, þótt hann sé all-vitur, því vorir vitsmunir eru hálfverk, 1. Cor. 13. Guds ord skal kénna honum ad varpa allri sinni áhyggju uppá Gud, hann mun því vel til vegar koma; kanské hann vanti og hvorki heilsu, metord né vinsældir, en þá er honum næsta hætt ad ecki falli hann í andvaraleysi, nema hann læri ad þeckja sig af Guds ordi; verda má hann gyrnist meira enn hann á, svo sem þad gjarnan fylgir audlegdinni; þad er verra enn vanheilsa líkhamans, þvíþad er nockurskonar sinnisveikja; vid því géfur Guds ord honum rád, ad eckert hafi hann inn i heiminn borid, muni því eckert í burtu bera, 1. Tim. 6. læri því ad vera ríkur af gódum verkum, og medbýta hinum naudþurftuga, ef hann vill réttiliga aud sinn brúka; kanské og hann sæki tímanliganu munad í audlegd sinni, og segi med hinum ríka: et og dreck sála mín, þú hefir til margra ára samansafnad, Lúc. 12.; en Guds ord minnir hann á, ad hafa sína unadsemd í Drottni, hann muni géfa honum þad hans hjarta gyrnist, Ps. 37. Annar er heill heilsu sinnar, en hefir skort á líkhamligri atvinnu og veraldar munum, honum segir Guds ord, ad þegar hann hafi þad hann kunni ad

eta og drecka og klædast med, skuli hann ecki framar umsorga edur fyrir morgundeginum umhyggju bera, Matth. 6.; svo ad hvørn kost mannligs lifnadar sem vér tökum, þá er Guds heilagt ord bót vid øllum meinum, svo sem Páles vottar, ad gudhrædslan sé til allra hluta nýtsamlig, 1. Tim. 4. Þetta vil eg nú ecki sagt hafa í þeirri meiníngu, ad þad sé nóg ad heyra Guds ord og læra þad, svo ad menn kunni greinir Ritníngarinnar, og adra frædi utanad, því Guds-ríki er ecki fólgid í ordum, heldur í krapti, 1. Cor. 4. Þad er ecki nóg ad hrósa Guds heilögum píslarvottum, en lifa þó ecki eptir þeirra dæmi edur kénníngu, þad gengur næst því ad uppbyggja leidi Spámannanna og prýda grafir réttlátra, og segja: hefdum vér verid á døgum fedra vorra, vildum vér ecki hafa verid þeirra stallbrædur í lífláti Spámannanna, Matth. 23. því svo sem ad Páll segir, Róm. 2. ad ecki heyrendur Løgmálsins séu réttlátir, heldur þess gjørendur munu réttlátir verda; svo kallar og Christur þá sæla sem ecki alleina heyra ordid, heldur þá sem vardveita þad, Lúc. 11. en ad vardveita ordid, þad er ad lifa þareptir. Forgéfins vardveita menn ordid í hjartanu, nema þeir láti þad sjá í líferninu, því af þeirra ávøxtum skulud þér þeckja þá, segir Herrann, Matth. 7. Gud lætur rigna hid sama regn yfir korn-akurinn og þyrnibúskinn, en yfir kornid til þess ad því verdi samansafnad í hløduna, en þyrnirinn verdur uppbrendur, Matth. 13. og þó er døggin hin sama; sjái hvør einn til hvørja rót hann hefir í hjarta sínu, til ad taka ámóti hinni himnesku døgg, sem ad er Guds ord, gjæti sérhvør ad, hvad lángt ad þessi vökvi sígur, og í hvada jørd hann fellur; døggin er gód, ordid er gott, allt þángad til þad kémur í vondt hjarta, og verdur þar ilmur daudans til daudans, 2. Cor. 2. og þeim til fordæmíngar sem eingann ávøxt færa, nema þyrna og þistla, sem til einskis annars duga, enn ad útkastast og í eldi brennast, Hebr. 6.; en eg veit ecki hvørt hún hefir í góda jørd fallid, nema ávøxtirnir þad auglýsi, Matth. 5. svo lýsi ydar ljós fyrir mønnum, ad þeir sjái ydar gódverk, og dýrki ydvarn Födur sem á himnum er. Ecki var ad álasa Gydíngum fyrir þad ad þeir ecki kynnu ritníngarnar; Páles segir um þá, ad þeir hafi haft ad sønnu vandlætíngu Guds, en ecki eptir skynsemi, Róm. 10; þeir voru bædi skriftlærdir og løgvitríngar, en þó kallar Jesús Phariséos blinda, blindra leidtogara, og ad þeir gleymi því sem mest er í Løgmálinu, dóminum, trúnni og miskunseminni, Matth. 23. Sadúcæi þóttust og spekíngar vera, og vildu þreyta spurníngar vid Christ, en Drottinn sagdi vid þá, þér villist og vitid ecki ritníngarnar, Matth. 22. Spekíngar Gydínga sem lifdu á Christi døgum voru í þeirri meiníngu, ad þeir aldrei kynnu ad forgánga edur ílla fara, því þeir væru Abrahams synir, Jóh. 8.; en Jóhannes kéndi þeim þad lángtum ødruvís, þegar þessir hvørutveggju komu til hans skýrnar, þá sagdi hann, Matth. 3.: Þér nødru-kyn, hvør hefir ként ydur ad umflýa tilkomandi reidi? þar fyrir gjørid verduga ávøxtu ydraninni, og segid ecki med sjálfum ydur: vér høfum Abraham fyrir födur, því máttugur er Gud ad uppvekja Abraham sonu af steinum þessum. Forfedur þessa lýds héldu mikid uppá hid fyrra musterid, er Salómon konúngur lét byggja, og meintu ad þad aldrei skyldi falla, af því ad þeir ecki rétt skyldu Guds fyrirheit; því segir Drottinn Gud fyrir munn Jeremíæ, Cap. 7: Setjid ecki traust ydar á falska hluti, segjandi: Musteri Drottins, musteri Drottins, heldur vandid vegu ydar og gjørdir ydar, og gjørid rétt á milli eins manns og annars, þegar þér

stelid, myrdid, drýgid hór, sverjid falskliga og dýrkid Bal, skyldu þér þá koma og standa fyrir mér í þessu húsi, sem kallad er eptir mínu nafni? og segid: Vér erum óhultir, svo ad þér gjörid allra handa svívyrdíngar. Þessa mælíng sinna fedra uppfyltu Ísraels synir á Christí dögum; þad er alkunnugt af Jósephó, þeirra eiginn sagna-meistara, hvörsu kappsamliga þeir héldu uppá musterid, og svo lengi þad stód, vildu þeir ecki þýdast hid rómversska vald; þar fyrir var þad ein höfud-sök hjá þeim, ad tala hid minsta í gégn þessu Guds-húsi, þad sýnir oss dæmi Christí, Matth. 26. dæmi Stephaní, Act. 6. dæmi Páli, Act. 21. hvörjir allir voru fyrir þetta hardliga áklagadir; en ecki ad sídur segir Jesús hér í Gudspjallinu: ydar hús skal ydur í eydi látid verda, þad er, ad hinn voldugi Gud vildi þar ecki lengi inni búa; þad tók til snemma ad rætast, þegar fortjaldid milli musterisins og hins allra-helgasta rifnadi í sundur í pínunni Christí, Lúc. 23. voru og ecki mjög mörg ár til þess, ad Jósephus skrifar, ad nockru fyrir eydileggínguna hafi rödd heyrst í musterinu, segjandi: Förum burt hédan. Nú vil eg minnast á þad Drottinn segir til Júda, Jer. 7: Farid þér til míns stadar, sem var í Siló, hvar eg lét mitt nafn fyrst búa, og sjáid hvad eg hefi gjört vid hann fyrir íllsku míns fólks Ísraels. Þar fyrir af því ad þér gjörid nú öll þessi verk, segir Drottinn, og ad þér heyrid ecki þá eg tala til ydar frá morgni til kvölds, þér gégnid mér ecki þegar eg kalla, þá vil eg gjöra vid þetta hús, sem kallad er eptir mínu nafni, uppá hvört þér treystid, og þennan stad, hvörn eg hefi géfid ydur og ydar forfedrum, svo sem eg hefi gjört Siló.

Nú vil eg segja í Guds stad, brædur mínir, gángid þér til hinnar sídari Jerúsalem, og skodid alla þá ólucku sem yfir hana er komin, og hvörsu spádómur Herrans Christí er rættur á henni, ad ei mundi þar steinn yfir steini vera, Lúc. 19. Christur segir: ydar hús mun ydur í eydi látid verda. Hvar fyrir? Því þad ecki var framar Guds hús, þad vottar hann sjálfur skömmu sídar er hann sagdi: skrifad er, mitt hús er bæna-hús, en þér hafid gjört þad ad ræníngja-bæli. Kristins manns hjarta er í endurfædíngunni uppbygt til þess ad vera Guds musteri. Vitid þér ecki, segir Páll, 1. Cor. 3. ad þér erud musteri Guds? og enn aptur segir hann, ydar líkamir eru musteri H. Anda, Cap. 6. Hvad verdur þá br. m. þegar Guds musteri verdur saurgad? Þad verdur ræníngja-bæli, þegar þad med íllum hugrenníngum, ordum og gjördum, sem af hjartanu framkoma, verdur gjört ad Satans herbergi, mun þad þá framar vera Guds kyrkja? Þess væri óskandi, ad ecki hendti kristna menn þad sama og Gydínga, ad þeir reiddu síg ofmjög uppá þad, ad þeir væru skýrdir, gengju til altaris, heyrdu Guds ord í kyrkjunni; allt þetta gjördu Gydíngar eptir þeirri þjónustu, sem á gamla Testamentisins dögum tídkud var. Þad er ad sönnu Gudi ad þacka, ad færstir á medal vor adhafast þær skammir, sem þeim er bríxlad um; fáir slá menn í hel, fæstir leggjast med kvinnu síns náúnga; þeir eru nú ecki heldur svo margir mjög, sem fundnir verda í opinberum þjófnadi; en verda má ad margur láti sérhvad af þessu ógjört, annadhvört af því ad hann er ecki svo skapi farinn, meir heldur enn af trúnni og elskunni til Guds og kjærleikanum til náúngans, edur og ad vær óttumst mennina, og annadhvört straff edur ámæli af þeim, og er slíkt eingin dygd fyrir Gudi. Ísinn brennur ecki, af því hann er kaldur, og vatnid rennur ei áfram, þá þad er stíflad upp, svo og hefir sá eckert hrós fyrir

Gudi, sem af náttúrunni er sidsamur, og ecki hneigdur til stór-glæpa, og hefir þó sérhvør einn svo mikid íllt í sér, ad hann getur med þess afláti Gud dýrkad, þad mundi sérhvør einn finna, ef hann gengi nockud skarpliga í rétt vid sjálfann sig, og léti sér ecki nægja skriftargáng Pharisæarans: eg þacka þér Gud, þad eg em ecki svo sem adrir menn, Lúc. 18. Þeir voru sidprúdir menn í útvortis háttsemi, og lifdu hardlífi, en þó heyrum vér þeirra vitnisburd, Matth. 23. af honum sem vissi hvad med manninum bjó, Jóh. 2. og svo sem þeir þóttust ecki þurfa Christs forþénustu vid, svo óttast eg ad menn ydrist nú ecki nema stórra klækja, en gjøri smá-syndirnar ad hinum stærstu syndum, og kasti þeim ydrunarlaust uppá Guds Sonar hrygg, því hann hafi nógu breidt bakid ad bera þær; þad hafdi sá gódi Herra, er hann var húdstrýktur fyrir mína skuld, sem veit míns Herra vilja, en gjøri hann ecki, og hefi því mørg slog forskuldad; Lúc. 12. Þad hafdi hann þegar hann bar sinn kross út af Jerúsalem minna vegna, sem læt svo illa vid, ad taka hans kross uppá mig og fylgja honum eptir, er hans því ecki verdugur; Matth. 10. Þad hafdi hann þegar hann bar mínar syndir uppá tréd, og lét sitt líf fyrir þær á hinum smánarliga krossins gálga fyrir mig, sem ad svo tregt veitir ad krossfesta mitt hold med þess gyrndum og tilhneigíngum; Gal. 5. en ad hann vilji taka í móti þeim syndunum og kasta þeim í hafsins djúp, sem einn heldur ecki fyrir synd, og ecki þeckir hann þad fyrir synd, jafnvel þótt hann megi þad vel þeckja af Guds h. ordi, ef hann gæfi sér stundir til ad ransaka Guds vilja og sitt framferdi, því hefir hann ecki lofad og eingu umheitid, ad þær kvittast skuli fyrir hans dauda, nema menn þeirra af hjarta ydrist. Eg tala um þær, sem einn veit og man, því um hinar óvitanligu, hvørra fjølda eingi[n]n veit, Ps. 19. vil eg ei ødruvísi tala, en ad einn syndari láti sig af hjarta ángra þad, ad hann getur ecki í þessu holdi eitt augnablik syndlaust lifad. O Herra Gud! þú hinn heilagi og réttláti, hvør kann ad vita, hvad opt hann syndgar? Allir heilagir hljóta þig fyrirgéfníngar ad bidja, Ps. 32. á þeim degi, nær reikníngskapurinn skal haldast; hvad munum vér þá ecki óhreinir ormar? Gud vertú oss syndugum líknsamur, og hjálpa oss ó Herra! fyrir þína gæsku, sem ecki vilt syndarans dauda, ad vér lærum ad þeckja vorn saurugleik, og sporna vid syndunum, svo vér mættum med alvarligri ydran og þíns Sonar blódi afþvegnir, vera vissir um fyrirgéfníng vorra afbrota, ádur enn vér forum burt hédan. Þad veiti gódur Gud fyrir Jesú blessadar undir og forþénustu, amen!

Þridja dag Joola.

Gudspjallid, Jóh. 21 Cap.

I þann tíma, sagdi Jesús til Peturs: fylg þú mér eptir. Petur sneri sér vid, og leit þann Lærisvein eptirfylgjanda, sem ad Jesús elskadi, sá er og um kvøldmáltídina hafdi á hans brjósti leigid, og sagt: Herra! hvør er sá er þig forrædur? Þá ed Petur leit nú þennan, segir hann til Jesú: Herra! hvad skal þessi? Jesús segir til hans: ef eg vil hann blífi til þess eg kém, hvad kémur þad vid þig? Fylg þu

mér eptir. Þá géck sú ordræda á medal brædranna: Þessi Lærisveinn deyr ecki. Og Jesus sagdi eigi til hans, hann deyr eigi, heldur ef eg vil hann blífi til þess eg kém, hvad kémur þad vid þig? Þessi er sá Lærisveinn, er um þetta ber vitni og þetta skrifadi, og vér vitum ad hans vitnisburdur er sannur.

E x o r d i u m.

Næst sjálfum Drottni Jesú Christó, og þeim ástgjøfum sem hinn gódi Gud hefir í honum géfid vondri manneskju, þá er eingin þvílík, svo sem rád og skilníngur, er hann hefir sálir vorar prýddar med, þau adgreina oss frá villu-dýrunum, grøsunum, eikunum og ødrum sképnum á jordunni. Eg veit ecki í hvørju madurinn væri betri enn hesturinn, nema ad hann stjórnadist af skynseminni, og hvad meira er, ad ein vitskola manneskja, hvorja Gud hefir med fásinnu straffad, hún er øllum ødrum sképnum midur á sig komin, hvad oss sem heilvita erum fyrir Guds þolinmædi, ætti ad þrýsta til þess ad brúka dýrgrip þennan til lofs og dýrdar hønum, er hann oss géfid hefir. En Gud nádi ad þar vill vera stór bresstur á hjá all-morgum og hjá flestum, og eg má segja hjá øllum nockur, svo ad Davíd hefir nóga orsøk til ad taka syndugum mønnum vara fyrir, ad ecki líkist þeir hestum og múlum, hvørjum menn verda beitsli og bitil í munn ad leggja, Ps. 32. Og samt þykjumst vér allir nógu vitrir, og erum nógu framvýgdir í því skada ad gjøra, í því ad dæma um adra, en ecki um sjálfa oss, í því ad leita eptir því sem vort er, en ecki annars, þvert ámóti Postulans bodi, 1. Cor. 10. svo þad gengur álíkt því er hann í ødrum stad segir, ad menn eru børn í skynseminni, en ecki í hreckvísinni, 1. Cor. 14. eg meina í hinni réttu vitsku, sem Ritníngin svo kallar, og þarí er fólgin, ad þeckja Gud og sjálfann sig, og veldur þad því, ad menn láta sér vera svo ant um þad, ad hnýsa um annara manna háttu, ad menn géfa sér ecki stundir til ad rannsaka sína eiginn, hvørju þó eckert er þarfara í voru sáluhjálpar verki, og er þessi spilling náttúrunnar svo rík í mannligu holdi, ad grein af henni hefir stúngid sér út, jafnvel hjá Guds ástvinum. Dæmi høfum vér á hinum h. Petri í upplesnu Gudspjalli; en uppá þad ad menn vita skyldu ad þvílíkt er synd, já, ein synd sem margt íllt af sér leidir, sem sídar mun sagt verda, þá átaldi Drottinn þennan sinn Lærisvein nærsta hardliga og røksamliga fyrir þetta. Nú þótt ad skapløstur þessi sé ecki hinn minsti ávøxtur spillíngarinnar, þá viti menn þó, ad Gud er svo vís, og svo máttugur í breiskleikanum, ad þar er eckert í náttúru mannsins svo íllt, ad hann kunni ecki gott af ad gjøra, því ad tilhnegíngarnar voru í øndverdu gódar og af Gudi skapadar, vanbrúkunin gjørir þær skadligar; en þiegar þær verda hreinsadar fyrir endurnýúngu H. Anda, þá kunna þær enn-nú allar Gudi ad þjóna til vegsemdar, og endurgétnum manni til sáluhjálpar. Þar fyrir, ad svo sem forvitnin er skadlig og háskasamlig, ef henni er beitt í þeim hlutum sem Gud hefir bannad, svo er hún þørf og gagnlig, sé hún brúkud til þeirra er hann bodid hefir. Eg vil um hvørttveggia tala med fáum ordum, eptir því sem Gud géfur nád til; hvar til hann styrkja vyrdist, med krapti síns Anda í Jesú nafni, A m e n!

Utleggíngin.

Fáa leidir gott af forvitninni, segir ordsháttur gamall; vér høfum nockrum sinnum heyrt, ad þær syndirnar er vér minstar høldum, þær kunna ad verda ad þeim stærstu, veldur þad því, ad menn bidja Gud ecki mjøg ræktiliga fyrirgéfníngar á þeim, eins og ad hann sé skyldugur til ad halda oss þad til góda, sem vér ecki misvyrdum á sjálfum oss, og gengur þad eins til um þetta, og um litla skeinu á líkhamanum, þá er vér forsmáum, ad hún verdur optliga ad lífs og lima tjóni, sé ecki vid gjørt; en þad má kunnugt vera, ad þessi ókostur er ecki haldinn fyrir neina synd af mørgum, og þó kanské fyrir dygd, fyrir ágjæti, fyrir

kostgjæfni, fyrir framsýni, og hinir sem hana ecki æfa, fyrir óþocka og rádleysíngja. Væri nú þetta einginn stór-synd í ødru, þá er hún þó í því, ad hún ecki er haldin fyrir synd, því eins kann ein lítil synd ad fordæma manninn fyrir Guds stránga dómi, svo sem ein stór, og verda þær þó þýngstar sem aldrei verda þecktar né med alvarligri ydran afþvegnar; þad sýnir oss dæmi Pharisæans og Tollheimtumannsins, hvør ed fór réttlátari hinum aptur í sitt hús, Lúc. 18. Nú er þessu þó ecki svo varid um forvitnina, ad hún sé lítil synd, og hafi menn ecki annad til dæmis, þá skygnumst eptir því, hvornin syndin fyrst innkom í heiminn. Páll segir oss þad hafi skéd fyrir einn mann, í hvørjum allir syndgudu, Róm. 5. Med hvørju móti var þad? Ritníngin greinir um þad nógu skýrliga hvornin Djøfullinn sveik vora fyrstu foreldra, sem er, ad þau skyldu fá gyrnd til ad þeckja hid illa, og forsmá Guds bodord, í því ad vita hvornin eplid smackadi, og ad verda Gudi lík, Gen. 3. Segid mér br. m. er ecki af þessari forvitni komin øll synd, og daudinn sem er hennar verdlaun, innrunninn til allra manna? Róm. 5. Bid eg ydur því ad athuga, sem kristnir heita viljid, ad ef agg, reidi, þræta, øfund, ágyrni, drambsemi, manndráp, hórdómur, frillulifnadur, afguda-dýrkan, gudlastan, Gal. 5. og adrar skammir sem steypa syndaranum í eylífa gløtun, ef þetta, segi eg, eru ókostir haldnir ydar á medal, hvørt ad forvitnin sem eg hefi sýnt, og enn þá framar skal sýna, ad sé módir alls þessa, sé gódur kostur edur svo lítil synd sem hún af almenníngi haldin er. Ad sonnu er þad satt, ad vér í eingann máta eigum vorum fyrstu foreldrum ad álasa, því þau brúkadi Gud til þess medals, ad vér sem nú lifum, kynnum ad verda hluttakandi hans gjæsku; þó verdur því ecki mótsagt, ad þessi þeirra forvitnis synd, hún var hin stærsta synd, sem af mannkyninu hefir framin verid; allar syndir sem sídan gjørst hafa, þær eru ad sonnu ámóti Gudi gjordar, þó menn fremji þær vid náúnga-ann, en þessi stefndi réttlínis á Guds dýrdarfullu hátign; allt hvad menn nú syndga, þad syndga menn af breiskleika edur illsku náttúrunnar, hvørrar þánkar eru vondir í frá barn-dómi, Gen. 8. en þau voru heiløg skøpud, og þar þau voru svo dýrdlig skøpud, þá gátu þau audveldliga haldid Guds bodord. Eg má ei fá mer þad til orda, ad þau steiptu øllum sínum eptirkomendum í tímanliga eg eylífa ógjæfu hér med, því Guds óumrædi-lig gjæska sem hefir fyrirgéfid þeim, hefir géfid mér og øllum ødrum stór-syndurum nóg medal, í síns eingétins Sonar dýrmætum og saklausum dauda, til ad fá þetta endurbætt oss til sáluhjálpar og miskunar; en hitt vil eg bidja ydur ad hugleida, hvørt ad Gud, sem vegna síns réttlætis straffadi svo hardliga þessa synd, forvitnina, á vorum fyrstu foreldrum, hvørt hann segi eg, muni kalla hana góda á oss, sem valla køllum hana synd ad vera. Nú svo sem ad þessi synd var í upphafi orsøk til allrar mannsins ólucku, svo er hún enn-nú til hvørrar syndar, ef menn rétt ad gá; af henni sprettur allt ránglæti mót Gudi, móti sjálf-um oss og móti náúnganum. Andskotinn sagdi i fyrstu vid konuna: Gud veit, ad nær sem þid etid af eplinu, þá munu upplúkast augu yckar, ad þid verdid svo sem Gud er, skyn-jandi gott og ílt, Gen. 3. Hér af kémur forvitni sú, ad menn vilja ecki láta sér nægjast med þad, sem Gud hefir opinberad oss í sínu h. ordi til sáluhjálpar, hvornin vér eigum ad trúa, hvornin vér eigum kristiliga ad lifa, heldur gjøra sér adskiljanligar grillur um Guds

fyrirhyggju, um hans veru, um þær þrjár persónur, um þau h. Sacramenta og margt annad, sem Guds speki hefir ei unt syndugum mønnum grant ad þeckja, og hefir þó allt þetta svo berliga auglýst hvørjum heilvita manni, sem ecki forsmáir uppfrædínguna, ad hann má þar vel vid una og hólpinn verda; en þeir sem þá vilja forvitnir vera, þeir hafa lært þad af Fjandanum, ad láta sér ecki nægjast med Guds gjøf, heldur eyda gódum gáfum og tímanum, sem Gud hefir géfid til ad rækja sína sáluhjálp og ad kénna ødrum, til þess ad skygnast inn-í Guds leyndardóma, og hid óransakanliga djúp hans guddómligrar speki, líkir Bethsemítum, hvørjir af forvitni skygndust inn í ørkina, og urdu þar fyrir af Gud slegnir mørg þúsund manna, 1. Sam. 6. Svo eru og margir af hinum med blindni slegnir, því Drottinn hefir høndlad þá í þeirra slægvitsku, og hann veit ad þratur vitrínganna eru hégómi, 1. Cor. 3. eins og Gud, sá sem vill ad allir menn verdi sáluhólpnir, 1. Tim. 2. hefdi ekki gjørt þetta ljósara, hefdi hann vitad þad mundi manneskjunni vera haganligra til sálar-nota; og þannin er nú forvitnin þeim skadlig, er sig hyggna og lærdasta kalla, hvar af øll vantrú, øll hjátrú, afgudadýrkun, mannasetníngar, já allar trúar-villur og Andskotans evangelíum er innkomid i heiminn; og hvør vill þá segja ad forvitnin sé ein lítil synd? Og þannin vanvyrda menn nú Gud med þessu er vér speki køllum, og syndgar svo forvitnin ein-midt ámóti hønum, en ei gjørir hún þad minna ámóti sjálfum oss og náúnganum, þótt ecki eigum vér svo søk þar á, þar vér erum ecki vorir eigin herrar; Gud á alla søkina, samt lendir skadinn hjá oss, hønum kunnum vér eckert íllt ad gjøra med forvitninni. Var komustum ei lengra þarmed, enn hinir er ætludu ad byggja sér turn upp undir himininn, Gen. 11. sjálfum oss er hún verst, og svo náúnganum.

Þegar Djøfullinn hafdi smeigt því inn hjá konunni ad óvyrda Gud, þá flaug henni þad strax í hug ad vita hvørnin eplid smackadi, og ad locka manninn til syndarinnar, Gen. 3. Svo gjørir hann enn í dag, þegar hann fær skotid í hug mannsins, ad agta Gud lítils, af því hann skilur ecki allt hans ráð, og þar kémur ei strax hefnd yfir vondar athafnir, þá hefir hann búid sér rúm í hans hjarta, til ad forvitnast um þad, er hann skilja kann, sem er um hagi náúngans; eingínn á meiri plágu enn sá, er þessum sjúkdómi er undirorpinn. Hvør er vesælli enn sá, hvørs hjarta ad Djøfullinn hefir med ágyrni inntekid? En mun nockud hinn ágjarni géta verid án forvitni? Hann spyr alla vegana eptir því, hvørnin ødrum gángi, hvad um þeirra eigur lídi, hvørjar útréttíngar þeir hafi, ecki til þess ad samfagna þeim, ef þad er vel, edur ad sampínast, ef þad er illa, heldur ad hann megi svæla undir sig á einhvørn hátt eigur þeirra, edur hindra þeirra útvegur sér til ábata, takist hønum þad ecki, þá legst hann uppá sængina eins og Achab, 1. Reg. 21. og unir ecki vid nema hann fái Naboth í hel komid. Øfundina gétur forvitnin af sér, og hún fóstrar hana. Eingínn øfundar annan fyrir þá hluti sem hann ecki af veit, en þad er plága hins øfundsjúka, ad hann gétur ei lifad án þess ad forvitnast um hag síns náúnga, jafnvel þótt eingínn drepsótt sé hønum þvílík, svo sem ef hønum lídur vel, og lídi hønum illa, þá er hønum þad ad sønnu ein stundar gledi, en heldur þó jafnan spurnum fyrir, hvørt þad muni ecki midur vera, og sé þad ei, líkar hønum illa; eins er hann og Andskotinn, hønum þykir vænt um mótgáng manneskjunnar, en samt er hann þó eins vesæll. Hinn drambláti er

forvitinn, því hann er ærugýrugur, hann spyrst fyrir, hvört nockrum sé meiri lotníng veitt enn sér, og finni hann brest þar á, þá eirir hann því ekki betur enn Haman, þá Mardochæus ei vildi heidra hann eins og adrir, Esth. 5. Og er þetta ein stór ólukka, ekki einasta þeim sem verda fyrir skadanum og ofbeldinu, heldur og hinum, er ala þessa óvætti í hjarta sínu og má þann med réttu djøful-ódann kalla, sem af þessum þremur Andskotans einglum er plágadur, því hvør þeirra hefir heila sveit djøfla, þad er skamma og lasta, og er forvitnin þeim svo handgengin, ad þeir verda ad brúka hana til allra sinna útréttínga í Satans erindum. Hvør er sú ólukka manna á medal, sem reidin og heiptræknin ekki af stad komi? Sundur-þykkja, tvídrægni, mord, mannsløg, stríd og blóds úthellíngar, mun þad ekki allt af henni koma? En hvad segir hinn vísi Seneca hér um? Viljir þú ekki heiptrækur vera, þá vert ei hnísinn. Þad er margra manna háttur, ad þeim er mikil forvitni á ad vita, hvad um þá er talad og rádslagad, en slíkt er stór þrældómur og fávíslig ordsýki, þvíad soddann menn skal aldrei vanta einn hræsnara, einn lygara, sá ed beri í eyrn þeirra falskar søgur, róg og bakmælgi, hvørt ad ablar stórs óróa í hjartanu, en hjálpar ekkert til erindanna framkvæmdar, og lætur optliga þann, er séfinn er fyrir slíku, taka uppá sig óþarfa mædu og umhyggju; og þótt menn forsvari slíkt med því, ad menn hljóti ad forvitnast um rádagjørdir óvina sinna, þá er þad einskis vert, því forvitnin, hvørsu forvitin sem hún er, skal aldrei fá ad vita helmínginn af því sem satt er, og þótt hún fengi, þá vill þad abla manninum lángtum meiri ókyrrleika í hjartanu, heldur enn vareigdar edur framsýni, og er þúsundsinnum betra, ad kosta þeim tíma, er menn brúka til hégómligrar forvitni, og til ad vita hvad hvør her-kéllíngin um hann talar, ad brúka hann, segi eg, til kostgjæfni og ástundunar í sínu kalli og embætti, og ad varpa sinni áhyggju uppá Drottinn, Ps. 55. því hitt mætti æra, ekki einúngis óstødugann, heldur og þann sem annars væri nógu rádsettur, þar veroldin er full af hrekkvísi, ótrú og óþakklæti, og er einginn vísdómur lakari, já, eingin heimska heimskari, enn sú, ad vilja allt þetta vita; þad er eins og ef nokkur hefdi yndi af því, ad hafa mok vid ófreskjur og ekki manneskjur. Hvad gjørum vér oss í lund? Munum vér ætla þad, vér munum med Einglunum búa, edur heiløgum mønnum, og vitum vér ekki ad þeir eru flestir sem unna sjálfum sér best? Torsókt mun þad, ad venja ilskuna og varmenskuna af því aldeilis; þar fyrir, þótt ad nokkur væri svo fjølkunnugur, svo sem í skrøk-søgum segir, ad hann kynni ad gjøra sér einn speigil, í hvørjum hann sæi alla bakmælgi, róg, lýgi, á-austur, rádagjørdir, vondar óskir, vanþakkir, ímisliga dóma um vorar athafnir og líffernis háttu, suma sanna, suma logna af þeim, sem þó eru jafnvel miklu verri, ef einhvør, segi eg, sæi þetta í einum speigli og horfdi þar í litla stund, þá mundi honum ofbjóda, sérdeilis þeim, er miklu á vid adra ad skipta, og kasta speiglinum í burt ef hann heilvita væri, og yrdi því hvad fegnastur ad hann aldrei aptur í hann liti, nema hann vildi vera eins og Ismael, ad hans hønd væri á móti hvørjum manni og hvørs manns hønd á móti honum, Gen. 16; úlfur af manni, og eins og Nebúchadnezar stallbródir varganna, Dan. 4. og þessir hlutir er menn leitast svo mjøg eptir ad vita, eru þó optast eins og þytur í skógi, hann varir ei leingi, eins rennur lýgin aptur þegar sønnu mætir, og væri þá betur heima setid, enn farid til ad mannspilla sér og hefna

á ödrum þeirra hluta sem dodna af sjálfum sér eins og sveppurinn þegar hann er fullvax-inn, og breyti menn ödruvís, þá ala menn illgyrni annara med forvitninni og grunseminni, er henni fylgir ávalt, svo sem skugginn líkhamanum, því þad er háski ad erta íllt skap og samvitskur vondra manna, hvörjir ed láta opt af, ef þeir meina ad strákskapurinn sé dulinn, en ætli þeir ad hann uppvís sé, þá drífa þeir íllt út med illu, svo framt þeir megna, þar þeir vita ad þeir ecki eiga til góds ad gjöra. O! hvad miklu betra er rád Salómons í því, ad láta sem menn sjái ecki óréttinn, og safna svo glódum elds yfir höfud óvin sínum, til ad færa hann á rétta leid. Tvær dætur hefir forvitnin, sem menn leika vid eins og smá-börn edur hvelpa medan þær úngar eru, en þegar þær vaxa upp í mannsins hjarta, og hafa lengi sogid módurina, þá verda þær skiædir gripir, þad er grunsemin og trúgyrnin, svo líkar systur, sem þær eru skyldar til. Sá ed misgrunar hvörn mann, getur aldrei nockurn trúann átt, þvíad þess trúrri og dyggvari ad einn er, þess heldur gremst honum þad, ad honum sé illa trúad, þar ed hann ecki til þess vinnur. Medal annara sýnir oss þad dæmi Isboseths Israels konúngs, 2. Sam. 4. hvör ed misti bædi ríkid og lífid fyrir þad, ad hann misgrunadi Abner um legord med Rispa frillu Sáls konúngs födur síns, 2. Sam. 3. þegar mágur Samsons tortrygdi hann um, ad hann mundi ætla dóttur sinni einlæti, þá olli hann því, ad Samson uppbrendi Philisteanna akurlönd med refunum, Júd. 15. Og svo skédur þad tídt, ad nær einn ærligur madur er misgrunadur, tekur hann sér uppá refs-ham, og gjörist ad þeim sem hann er ætladur ad vera. Þúsund má finna dæmi til þess, bædi í Ritníngunni og annarstadar, og þar ad auki er hún ílls hugar viti, því segir Plautus skáld um módurina, ad þar sé einginn forvitinn nema ad hann sé undir eins illgjarn; en Chrýsostomus, ad einn gódur madur ætli skjaldan ödrum íllt, og skjaldan ætli sá góds af ödrum sem er vondur sjálfur, þetta er hvörju ordi sannara, og sannast hér hid fornkvedna: ad margur ætlar mig sig, og mátuliga dyggvann; og svo sem ad hann, ed hefir sár eda örkumsl á líkhamanum, hann hryllir vid ef nockur kémur þar nærri, þótt aldrei snerti hann þad, svo ætlar hinn grunsami alls ílls til allra, jafnvel þeirra sem honum eckert íllt gjöra vilja, edur gjöra kunna, af því hann er sjálfur sér ílls medvitandi. Í einu ordi ad segja: hún gjörir einn konúng ad týranna, einn húsbónda ad bödli, einn þénara ad drottins svikara; hún er sáttarspillir millum hjóna, millum fedgina, millum brædra, millum gódra vina, og eru til þess óþrjótandi dæmi, og daglig reynsla kénnir þad; og er þó trúgyrnin hálfu verri, svo þad er satt, sem í fornvísunni stendur: eingum ad trúa ecki er gott, öllum hálfu verra. Eg veit ecki hvört ad Andskotinn á nockurt sárbeittara píslarfæri enn trúgyrnina, hún er tvíeggjad sverd, og skadar beggja vegna, bædi þann sem trúir öllu, og hinn, sem logid er á; ránka má oss vid því, ad Eva trúdi höggorminum, og Adam henni; fyrir talhlýdni Potiphars mátti hinn saklausi Jóseph í vardhaldi gista í mörg ár, Gen. 39; fyrir talhlýdni Davíds tapadi Mephibózet hálfum akrinum, 2. Sam. 19. og var hann þó sonur hans besta vinar; fyrir trúgyrni Assveri konúngs hafdi allur Israel nærri því lífid mist, Est. 3. og auk þessa, þá getur ecki hinn talhlýdni hjá því sneidt, ad vera allra þeirra narri sem ad honum ljúga, hvörsu vitur sem hann annars er, því einginn er trúgjarn nema hann sé og málugur, en mælgin er teikn heimskunnar; þess getur Salómon,

Prov. 29. segjandi: sástú málugann mann, betri von er á einum vitfirríng enn á hönum, og aptur Cap. 17. að jafnvel einn heimskíngi ef hann þegir, sé vitur haldinn; allt þetta kémur nú af forvitninni sem áður er sagt, og hefi eg nú svo útmálað þetta skrímsli að nockru leiti, en þó hvörgi nærri svo sem hún reyndar er.

En nú viljum vér í hinni síðari greininni skoða hvörnin vér kunnum að gjöra þennan ókost að hinum besta mannkosti fyrir náð Guðs og aðstoð Heilags Anda. Það er vitanlegt bræður mínir, að hinn fyrsti og beinasti vegur til allra dygða og mannkosta er sá, að þeckja sjálfann sig, en sá sem forvitnina brúkar til þess að ransaka sitt eigið hjarta, sín orð og athafnir, hann mun síður skignast um annara efni, og er þá líkast að hann kvittur verði við alla þá ókosti og óróa, er eg upptaldi í hinum fyrra partinum; svo sem maður ecki sær séðann sinn yfirlit í því vatni, sem er af vindinum uppblásið, heldur nær það lygnt er, svo er og ómöguligt, að sá kunni sjálfur sig að þeckja eður ransaka, sem eckert annað gjörir, enn að forvitnast um annara hagi. Það eru dýrmæt orð sem Frelsarinn talaði forðum: Matth. 7. þú hræsnari! drag fyrst út bjálkann úr þínu auga, og sjá til síðan að þú fáir útdregið flísina úr þíns bróðurs auga. Þar er í mannligri náttúru nockurskonar þótti, að vér metum sjálfa oss meira enn aðra, hann kémur af eingu meira enn því, að vér ransökum annara háttalag meir enn vort eigið, má það þó vita sérhvör einn, að hvörsu sem hann vera þykist kostum búinn, þá er hann þó ecki öllum betri, og hendir oss í þessu það sama og stjörnumeistarann forðum, að á meðan hann var að sjá eptir himin-túnglunum og góndi upp í loptið, féll hann í grifju eina sem varð fyrir fótum hans. En vitið það br. m. að allur vísdómur, svo sem að þeckja stjarnanna gáng, náttúru grasanna, steinanna, fuglanna, fiskanna, það er fávitska hjá því að þeckja sjálfann sig, og þess er öllum þeim unt, sem Guð hefir géfið heila rænu; það er ecki í öðru fólgið, enn að bera sinn lifnað saman við Guðs vilja, sem bæði er innskrifaður í vor hjörtu, Róm. 1. og oss kristnum mönnum þráliga opinberaður í hans heilaga orði, en því gleymum vér, og teljum oss það til ágjætis sem lítils eður einskis er vert, eður vanbrúkum það sem mikils er vert; enn hvað er það þó er vér kunnum að virða svo mikils á oss, að vér forsmáum aðra? Það eru annaðhvört luckunnar gjæði eður náttúrunnar eður náðarinnar. Eg vil einn formála hafa fyrir öllu þessu, og þann sem Páll 1. Cor. 4. hefir fyrir þeim, er stærðu sig af andans gáfum: Hvað er það maður, að þú ecki þeigið hafir, og fyrst þú hefir það þeigið, því stærir þú þig þá, svo sem þú hefðir það ecki þeigið? Um luckunnar gjæði, auð og metorð vil eg fátt tala; það er almenníngi kunnugt, að eingin verður af þeim ágjætari, margir verri, og er dárligt að hrokast upp af því sem hlotnast kann hinum versta manni; og hið sama má segja um náttúrunnar gáfur, þótt þær séu góðar, þær eru útvortis eða innvortis; útvortis er abl og fríðleiki, en um hreystina er það að segja, að asninn og uxinn eru enn-þá sterkari, og séu þeir betri fyrir það, þá mætti sá öfunda þá, sem öðrum fremur þykist fyrir ablsmuna sakir; en hvað fríðleikanum viðvíkur, þá eru rósinn og liljan miklu fegri, enn hin vænsta jómfrú, þvílausnarinn segir, Matth. 6. að Salómon í allri sinni dýrð hafi ecki svo skrýddur verið sem þær, og er þó vitanligt, að Guð hefir meira lagt til hins ljótasta manns; og hvörnin sem því er varið, þá er það óviturligt, að þeckja ecki sjálf-

ann sig af metnadi þess hlutar, sem einn kvilli getur í burtu frá oss tekid, og ellin ad vísu rænir alla þá er hennar bída, en daudinn annars; innvortis gjædinn er Gud hefir prýdt oss med, eru vitsmunirnir, þeir eru hinn ágjætasti hlutur, ef þeir eru til góds brúkadir, og þó allra helst til ad þeckja Gud og sjálfann sig, en sá ed þad gjörir, honum er ecki hætt vid ad forvitnast um annara manna rádslag edur háttsemi, hanx hefir nóg ad gjöra, ad rannsaka hvad hann hafi hvörn dag Gudi á móti brotid, og þenkja sig um, hvörnin hann megi fá þad kvitt hjá honum, og leidrétt framvegis. Í þessu og ödru þvílíku skyldu menn æfa forvitnina br. m., í stadinn þess ad hnýsa eptir náúngans háttum honum til meins, en sjálfum oss til einskis frama, og verdur hún þá ad hinni bestu mannprýdi og vegur til allra gódra dygda. Nádarinnar gjædi eru hinar andligu dygdir, trúin, vonin, þolinmædin og kjærleikurinn, sem er mestur af þessum, segir Páll, 1. Cor. 13. og svo þeir ávextir sem hér af spretta. Menn vilja vel segja, ad slíkt géti menn ecki vanbrúkad, því þad sé Guds Anda verkan í oss, en gjætum þess, ad svo sem ad Gud kann ad gjöra gott af illu, svo kann Andskotinn ad gjöra íllt af gódu. Eg heyri ad Páлус í hinum fyrra pistli til Corinthíos og hinum þremur fyrstu Capitulum deilir á þá kristnu í Corinthó, vegna þess, ad þeir stærdu sig af andligum gjædum; eg heyri ad Pharíseanum var þad til ránglætis reiknad, ad hann sagdist ei vera svo sem adrir menn, Lúc. 18. Hvad olli því br. m.? Vanþeckíngin á sjálfum sér, en forvitnin um tollheimtumanninn, er hann þóttist vita syndugri sér ad vera, sem þó fór réttlátur framar honum í sitt hús. Þad er ad sönnu mesti dáraskapur, ad vilja stæra sig af lukkunnar og náttúrunnar gjædum svo sem ádur er sagt, en þó er sá enn meiri, ad hreka sér upp af því sem nátturligir kraptar ekki í oss verka, heldur kémur án þeirra réttlínis frá Gudi, og er sú vísust von, ad hann svipti þann sínum gáfum, er svo illa med þad höndlar. Þú segir: hann tekur ekki þad góda frá manninum, því þad er honum þóknanligt; eg játa þad satt ad vera, en þad sem Guds nád hefir verkad gott med oss, þad er ekki lengur gott, þegar madurinn tilreiknar sér Guds gjörníng, en þad gjöra allir þeir, ed ödrum betri þykjast, og ekki forvitnast um sjálfa sig, hvad mikid þá vanti á þá skyldu er þeir eiga honum ad gjalda, og kalla sig góda af því ad adrir verri eru, ad þeirra hyggju. Mun nú ekki Gud reidast slíku, þegar háns gáfur eru þannveg til metnadar brúkadar? Jú, meir enn hinum er vér köllum stór-syndara. Vér sjáum í eptirlíkíngunni, Matth. 25. ad pundid var tekid frá honum sem ekki vildi leggja þad á mángarans bord, hvad eigum vér þá ad ætla um hann sem fer svo illa þar med, ad í stadinn þess, ad hann átti ad þjóna Gudi med því í audmýkt síns hjarta, þá slæst hann í lid med Fjandanum, er var í öndverdu hinum bestu gáfum prýddur, en þess géldur hann enn í dag, og mun ad eylífu gjalda, ad hann upphóf sig á móti honum er hann hafdi svo dýrdligann skapad, svo munu og allir þeir ed honum í þessu eptirfylgja. Hvör hefir meiri Guds dýrkari verid enn Salómon? 1. Reg 11. og þó vard hann straffadur med fásinnu. Var ekki Jehú hinn mesti vandlætari vegna Guds yfir Achabs húsi? 2. Reg. 9. þó vard hann ofurseldur í fráleitt sinni, 2. Reg. 10. Gjördi ekki Júdas kraptaverk med hinum lærisveinunum? Matth. 10. og þó eru hans afdrif mönnum kunnug. Og kann þad ekkert þvílíkum mönnum ad gagna, hvad leingi og hvörsu vel sem þeir hafa Gudi þénad, því

nær þeir sem bestir vera þykjast, og ætla sér einskis ábótavant, þá verda þeir eins og smá-born, þau er rífa þad sjálf í sundur er þeim vænst um þykir, svo verdur fyrir hinum, ad þeir hafa þess einginn not, er þeir hafa þó máské kostad miklu erfidi til, þegar þad skýn of-fagurt í þeirra augum, af því þeir ecki forvitnast um sjálfa sig, edur hugleida, ad þótt þeir gjordu allt þad þeir ættu ad gjora, þá ættu þeir samt ad kalla sig ónýta þjóna; Lúc. 17. og ecki einasta missa menn launinn hér fyrir, svo sem Endurlausnarinn segir um þá ed gjora góðverkinn sér til hrósunar, ad þeir hafi sín laun úttekid, Matth. 6. heldur verda menn og þar fyrir eylífliga straffadir, því einginn mun þvílíkur reikníngsskapur mæta oss í dóminum, svo sem misbrúkun Guds nádar; en í sannleika þá er einginn hennar misbrúk-un stærri enn sú, ad brúka hana þvert á móti því, sem hún er oss géfin til, þad er, til ad audmýkja oss og lítilæcka, en ad prísa Fodur ljósanna, frá hvorjum ad oll góð gjof og oll fullkomin gjof kémur. Jac. 1. Um allt þetta talar Drottinn Gud med skélfiligum ord-um, Ezech. 18. segjandi: ef hinn réttláti í burtu snýr sér frá sínu réttlæti og breytir vonds-ligana, og lifir eptir ollum þeim svívyrdíngum, sem hinn ógudligi gjorir, skyldi hann lifa? Já, allt hans réttlæti sem hann gjort hefir, skal ecki í minni leggjast, heldur skal hann deya í ollum hans misgjordum og syndum, sem hann gjort hefir; en eingin er meiri synd, eckert ránglæti meira, enn ad ræna Gud því sem er alleina hans, þad er, hid góda sem hann hefir verkad med oss, en brúka þad til ad forsmá adra. Sjáum því til, ad Andskotinn ræni oss ecki, 2. Cor. 2. og forvitnumst um hagi vora, hvort ad vér finnum í hjarta voru þótta nockurn, þad vér séum betri í vorum augum, enn adrir þeir ed vér kollum verri, því þótt þad vera kunni, þá er þad ecki oss ad þacka, heldur þeirri Guds nád sem med oss er, 1. Cor. 15. og ef vér finnum soddan hugrenníng, þá drepum hana strax med íhugun vors eiginn óverdugleika, og látum svo þennan veikleika náttúrunnar verda ordsok til ad blígdast fyrir Gudi, af hvors nád vér erum þad vér erum, 1. Cor. 15. og þad er ecki oss ad þacka, þótt ei sé hún ydjulaus í oss. Og þegar vér nú holdum reikníng vid sjálfa oss, þá berum oss ei saman vid hina, sem vondir eru; mun þad nockud bót fyrir þig, þótt annar sé verri? Þad heitir svo sem hinn latínski ordsháttur segir: ad hinn glámskygni drottnar á medal hinna blindu; heldur viljir þú í mannjofnud fara, þá ber þig saman vid Enoch, sem var uppnuminn, Gen. 5. vid Nóa réttlætisins prédikara, 2. Pet. 2. vid Abraham fodur trú-adra, Róm. 4. vid Mósen, er var hinn þolinmódasti madur á jordunni, Núm. 12. vid El-íam, 2. Reg. 2. vid Jóhannem Baptistam, Matth. 11. vid St. Pál, hvor þó er svo mjog áhyggjusamur um velferd sína, og eckert treysti sínu réttlæti, Phil. 3. O Herra Gud! hér kémur mér í hug þad, er Pétur segir: 1. Pet. 4. ef hinn réttláti verdur naumliga hólpinn, hvar mun þá byrtast hinn ógudligi og syndarinn? Ef St. Páll þóktist vidþurfa, ad verka sína sáluhjálp med ugg og ótta, Phil. 3. ó! hvad hræddir og skjálfandi mættum vér þá vera, sem dagliga inndreckum ránglætid, svo sem jordin vatnid, Job. 15. og því kalla eg þad óska-ráð ad vera, sem hann géfur Corinthu-borgar monnum: 2. Cor 13. Rannsakid sjálfa ydur, segir hann, hvort þér erud í trúnni, prófid sjálfa ydur, þeckid þér ydur ecki, ad Jesús Christus býr í ydur, nema þér séud ræfir ordnir. O! hvad stór þorf er syndugri

manneskju á slíku í útlegd þessari; vitid þér ecki, brædur mínir, ad daudinn stendur jafnan fyrir dyrunum, og ad hvørs eins dauda-dagur, er hans dóms-dagur? Jú, þad vitid þér, því eru menn þá svo óforvitnir um sitt háttalag í andligum efnum? Margur ætlar þad kanské, ad ef samvitskan ecki nagar hann eda klagar um neina stór-glæpi, ad hann hafi vitnisburd Andans um þad, ad hann sé Guds barn; Róm. 8. en því er ecki svo varid altíd, því einginn er svo heilagur, ad hann ecki hafi nóga ordsök til ad afbidja syndir sínar og gráta þær fyrir Gudi; þeckíngarleysid á syndunum og tómlætid í því ad ransaka sitt hjarta, þad veldur því, ad samvitskan finnur svo lítt til þeirra, og sefur hún þá, og má þad eingauveginn góda samvitsku kalla. Einn stórbrota-madur, sem af hjarta ángrar sínar illgjørdir, er miklu betur á sig kominn enn hinn, sem hvørki er heitur né kaldur, því Gud vill skirpa honum út af sínum munni. Apoc. 3. Og hvad miklu betur var farid hinni bersyndugu, sem ad laut bak til ad fótum Jesú, og þvodi þær í sínum tárum, og þerradi med hár-lockum sínum, kysti þær og smurdi med dýrmætu salvi, heldur enn hræsnaranum, er sagdi í hjarta sínu: ef þessi væri Spámadur, þá mundi hann vita hvor sú kona væri, er snertir hann, ad hún bersyndug er; mun ecki þessi sjálfbyrgíngur hafa skammast sín, þegar Drottinn sagdi: henni fyrirgéfst mikid, af því hún elskadi mikid, og hann sagdi til hennar: þér eru þínar syndir fyrirgéfnar, þín trú gjørdi þig hólpna, far í fridi! Eg kann ecki annad ad sjá, enn ad þetta var stór skeinkur, og þessi smýrslinn voru betur launud, heldur enn þótt hann hefdi géfid henni øll ríki veraldarinnar. En eg vil hér um segja, svo sem Páll um sig talar: Þess vegna hefir hann mér miskunad, segir hann, ad hann sýndi á mér alla stærd miskunar sinnar, þeim til dæmis, er á hann trúa mundu. 1. Tim. 1. Allir eigum vér hins sama von og kvinna þessi, ef vér látum oss af hjarta ángra syndirnar, en þad kann ecki ad ské, nema vér smásmugliga ransøkum hin instu fylsni vors hjarta, og er þessi forvitni, sem eg ádur sagt hefi, hin fyrsta trappa til himnaríkis, því af ransókninni kémur þeckíngin, af þeckíngunni ydranin, af ydraninni fyrirgéfningin, af fyrirgéfníngunni elskan, sem er hin einasta rót allra dygda og mannkosta, er í Guds augum kunna ad skarta. Hristid út, hristid út ydar hjørtu, ó! þér hin ástlausa þjód, segir Drottinn Gud hjá Zophóníám. Þad er ecki nóg ad menn játi alminniliga syndir sínar fyrir Gudi med munninum, segjandi: eg hefi alskins syndir gjørt, til orda og verka og vondra hugrenníngа, og kanské ad hugur fylgi þó lítt máli ástundum, en vér eigum ad leita grandgjæfiliga eptir þeim, og rekja upp allann vorn aldur, þad frekast vér til munum, allt í frá úngmennis árum, allra helst, nær vér gaungum til altaris, hvar vér eigum ad fridmælast vid Gud, í hans Sonar kvøldmáltíd. Ecki er þad heldur nóg ad vér høfum einusinni ydrast syndanna, og sérdeilis þeirra er oss mætti helst minni til reka, heldur eigum vér ad láta oss þær ángra, svo opt sem þær oss í hug koma, svo opt sem vér heyrum þær í Guds ordi straffadar, svo opt sem vér heyrum þær af ødrum drýgdar; og þá munum vér sídur þykjast upp yfir þeim í hjarta vorn. Vér eigum ecki ad gleyma því svo fljótt, ad Gud hefir tekid oss í sátt aptur, því þad heitir, ad vilja ecki aptur snúa med útlendínginum og géfa Gudi dýrdina. Lúc. 17. Ef vér gleymum ecki drýgdum syndum, þá vill Gud þeim gleyma, en gleymum vér þeim, þá

er hætt vid hann minnist þeirra, sérdeilis þar ecki er trútt um, ad oss kunni optar ad verda hinir somu glæpir, edur ad minsta kosti, ad oss lángi aptur til katlanna í Egyptalandi; Num. 11. og þótt aldrei væri, þá vitum vér þad, ad Petur afneitadi Christó einusinni, en aldrei optar; þó segja kristindóms sögurnar, ad svo opt sem hann eptir þad heyrdi hanann gala, hafi hann beiskliga grátid. En Gud nádi oss auma menn! hvad opt höfum vér nú afneytad vorum Skapara med Petri? Er þad ecki ad afneita Gudi, ad elska sképnurnar, já, syndina framar enn hann? ad vilja eckert lída hans vegna? ad vilja ecki láta ámóti sér hina minstu holds lyst hans vegna? ad leggja ecki ad eins hans ógurliga og dýrdarfulla nafn vid hégóma, heldur hafa þad ad hádi, ef eg mætti svó segja? ad vanbrúka ecki einasta hvíldardagana til adskiljanligra synda og lasta, heldur hafa leida á Guds ordi, hafa þad í fíblskapar málum, huxa allt annad nær þad er ként og predikad, og sylla hjartad, sem er Guds musteri, 1. Cor. 3. med saurnga þánka, þá sem þad er vant til, svo Guds ord hefir ecki rúm þar inni? er ecki þetta ad afneyta Christó miklu verr enn St. Petur? því hann gérdi þad af ótta, en vær gjorum þad ad raunarlausu, en fáa heyri eg gánga út og gráta med honum, fáa táraft þegar haninn galar í Guds h. ordi, svo vér neigum játa, ad jafnvel vor ydran hefir stór synd verid, því hún hefir enn-nú ecki þraungad oss til ad krossfesta holdid edur láta af syndunum. O vei! ó vei! hvorsu lángt erum vér þá frá Guds vegi? en vitum þó ecki nær sagt verdur: gjör reikníngskap þinnar rádsmensku, Lúc. 16. og kénnur allt þetta af forvitnisleysinu um vora eiginn hagi. Þú segir vel, ef einginn yrdi sáluhólpinn nema sá sem væri eins og Petur og Páll, þá yrdu fáir hólpnir; þú segir satt, því Endurlausnarinn svaradi þeim er spurdi hann ad, hvort þeir mundu ecki fáir verda, sem hólpnir yrdu á þennan hátt? Képpist vid ad gánga inn um hid þráungva hlidid, því þeir eru margir sem þar vilja inngánga og komast þad ecki, Lúc. 13. en hvad um þad? séu þeir nú fáir, sem satt mun vera, ad reikna hjá hinum sem tapast, er þad gagn fyrir þig? muntú hafa nockra skémtan af þeirra selskapi í helvíti? Jeg játa þad, ad þeir munu og margir sáluhólpnir verda, sem ecki eru Peturs edur Páls líkar, þad sýnir oss eptirlíkíngin um peníngsgjaldid, Matth. 20. en trú mér til, ad eins mikid heimtar Gud af þér, eptir þeirri nád sem þér er géfin, svo sem af Petri edur Páli; Drottinn er gódur reiknings-madur, hann heimtar eins mikid af þeim sem hann hefir eitt pund í hendur fengid, svo sem tín, eptir því sem tala rennur til. Matth. 25. Þad kénnir oss eptirlíkíngin um sædid er féll í góda jord, ad sumt færdi hundradfaldann, sumt sextugfaldann og sumt þrítugfaldann ávoxt, Matth. 13. Þar fyrir máttú óhætt halda þad fyrir víst, ad þótt ecki sértú svo heilagur sem Enoch, Gen. 5. svo fulltrúa sem Abraham, Gen. 15. svo þolinmódur sem Job, Job. 2. svo heitur í bæninni sem Elías, Jac. 5. svo hreinn í líferninu sem Baptista, Matth. 11. svo brennandi í elskunni sem Petur, Jóh. 21. svo alvarligur og röksamur í gudrækninni sem Páll, þá samt ef þú leggur alla ástundan á, ad þjóna Gudi (eptir þeirri nád sem þér er géfin) í heilagleikanum, í trúnni, í þolinmædinni, í bæninni, í elskunni, í alvörugéfninni, í kjærleikanum, þá ertú Guds barn; en hér um byrjar þér idugliga ad forvitnast kvold og morgna, og ad mæla þínar athafnir med þeirri nád, sem Gud hefir þér lént, hvort ecki

gétur þú meiru afkastad, og þar sem þú brest finnur, ad ydrast þess af hjarta, og bidja Gud ad fylla þad ábrestur; gjørir þú svo, þá muntú finna vitnisburd Andans um þad, þú sért Guds barn, Róm. 8. þá ertú innsigladur med anda fyrirheitisins, Eph. 1. til dags endurlausnarinnar, Eph. 4. og hvørt heldur þú lifir eda deyr, og med hvørju móti hinum nádugа Gudi þóknast ad láta þig gjalda hina sídurstu skuld, á sjó edur landi, í eldi edur vatni, í svefni edur vøku, þá ertú Drottins, Róm. 14. og einginn fær þig tekid af hans hendi, Jóh. 10. heldur þó þú deyir, muntú samt lifa og med hønum eylífliga ríkja, þar sem ad er gnógt fagnadarins og glediligt líferni til Fødursins hægri handar. Ps. 16. Þad veiti oss gódur Gud í nafni síns eingétins Sonar Jesú Christí, og géfi oss þar til styrk Heilags Anda, amen!

Sunnudaginn milli Jóla og Attadags.

Gudspjallid, Lúc. 2. Cap.

Og hans fadir og módir undrudust þad, hvad af hønum sagdist; og Símeon blessadi þau, og sagdi til Maríu módur hans: sjá þú! þessi er settur til falls og upprisu margra í Israel, og til merkis, hvørju í móti mun mælast, og sjálfrar þinnar ønd mun sverd í gégnum smjúga, svo ad augljós verdi hugskots hjørtu margra. Og þar var þá Anna spákona, dóttir Phanúels af kyni Aser, hún var og komin til sinna ára, og hafdi lifad í sjø ár med sínum eignar-manni frá meydómi sínum, og þessi eckja hafdi nær fjóra vetur um áttrætt, hvør ed eigi géck úr musterinu, þjónandi Gudi nótt og dag, med føstum og bæna-haldi. Þessi géck samstundis þángad ad, og prísadi Drottinn, og sagdi af hønum til allra þeirra sem endurlausnarinnar bidu til Jerúsalem. Og er þau høfdu allt fullgjørt eptir løgmáli Drottins, sneru þau aptur í Galílæam til borgar sinnar Nazareth. En Sveinninn vóx upp og styrktist í anda, fullur vísdóms, og Guds nád var med hønum.

Exordium.

Gud leit allt þad er hann hafdi skapad, segir Ritníngin, og sjá! þad var allt harla gott. Gen. 1. Stórt er þá volædi manneskjunnar er Audskotinn hefir fært yfir hana med syndinni, ad hinar bestu Guds sképnur snúast henni til hins mesta mótgángs opt og tídum. Eldurinn er hinn þarfasti hlutur, en hvørsu opt verdur hann oss ad skada? Vatnid í sama máta, og þó hljótum vér optliga tjón af því; jafnvel þær Guds gáfur sem í sjálfum sér ecki eru skadvænar, þær snúast oss til hins mesta óhagnadar, fyrir misbrúkun vora. Ill medferd á gótsi og peníngum hefir steypt mørgum dára í ólucku, metordinn hafa margann blindad, og sjálfa skynsemina hefir margur veraldar sonur svo vanbrúkad, ad hønum hefdi þarfara verid, ad hafa sinníngs bónda vit, enn ad falla svo hraparliga á sinn eigin bragdi, svo sem þeir gjøra er Páлus segir, 1. Cor. 3. ad Gud høndli í þeirra slægvitsku; um allt þetta kénnum vér Fjandanum og uppruna-syndinni, ad vísu ecki um skør fram, af þeirri rót er øll sú ólucka sprottin er synduga menn dagliga plágar, bædi í andligann og líkhamligann máta. En samt er oss þad vitanligt, ad hinn miskunsami Gud hefir svo bætt rád vort í sendíngu síns eingétins Sonar, ad oss má jafngóda kalla, nema vér spillum því aptur ad nýu; því Guds Sonur er í heiminn kominn til ad nidurbrjóta Djøfulsins verk; 1. Jóh. 3. en hitt er grátligt til ad

vita, ad þad hjálprædid sem hinn gamli Símeon svo mjøg fagnadi, og sagdi, ad Gud hefdi tilreidt fyrir augliti allra þjóda, Lúc. 2. þad vill svo fáum gagna, og svo fáir af hvørri Þjód hafa þess not, og sú frelsan er Gud gjørdi sínu fólki, Lúc. 1. verdur mørgum ad enn stærra þrældómi, lækningin ad eytri, og sjálf heilsugjøfin ad vanheilsu, fyrir vanræktar og þvermódsku þeirra sakir, er ecki þeckja sinn vitjunar tíma. Þess getur St. Páll er hann segir um sig: 2. Cor. 2. Vér erum Christi sætur ilmur í Gudi, bædi í þeim sem hólpnir verda, og hinum sem tapast, þessum ad sønnu ilmur daudans til daudans, en hinum ilmur lífsins til lífsins. Og hvad er þad annad er Símeon hér talar í Gudspjallinu, ad Christur sé settur til falls og upprisu margra í Israel? Eg vil þessi heiløgu ord nockud gjørr hugleida, og af þeim yfirvega: 1) Hvørjum Drottinn sé settur til falls. 2) Hvørjum hann sé settur til upprisu. Hér til styrki hinn nádugi Gud med nád síns Anda í Jesú nafni, amen!

Utleggingin.

Þessi er settur til falls segir textinn. Hvør er þessi? þad er hann sem Esajas umspáir, Cap. 28. med þessum ordum: Sjá! eg set grundvøll í Zíon, einn stein, einn útvalinn stein, (svo sem Petur þad útleggur, 1. Pet. 2). einn dýrmætann hyrníngar-stein, einn fastann grundvøll, sá sem trúir hann mun ecki flíta sér; þad er einn og hinn sami, sem Davíd kvedur um Ps. 118. segjandi: Sá steinninn sem uppbyggendur hafa forsmád, hann er ordinn ad høfdi hyrníngar, af Drottni er þad, og er undarligt fyrir vorum augum. Ad þessu sé svo háttad, vottar sjálfur Drottinn, Matth. 21. er hann heimfærir þennan Davíds spádóm uppá sjálfann sig, og þá sem ad lífléttu Soninn, er Fadirinn sendi, þegar þeir høfdu ádur líflátid hans þjóna, því hann segir strax eptir í sama kapítula vid Gydínga: þar fyrir mun Guds-ríki frá ydur tekid verda, og gefid þjód þeirri er færir ávøxt þar af; er því audrádid hvørjir þeir séu, sem ad Guds Sonur er til falls settur, sem eru fyrst Gydíngar, þeir mordíngjar, er Konúng dýrdarinnar af døgum rédu, 1. Cor. 2. og ei skipudust vid kénníngar hans h. manna og píslarvotta eptir hans himnaførr, jafnvel þótt þeir sæu teikn og stórmerki, med hvørjum Drottinn styrkti kristni-bodid; svo og eru þad allir þeir sem enn-nú í dag gánga í þeirra fótspor, og krossfesta Guds Son ad nýju, Hebr. 6. med vantrú og gudlausu framferdi; þessum er Zíons Hyrníngar-steinn til falls settur. En med hvørju móti er hann þá settur? Vildi Gud nockud ad þeir skyldu detta um hann sem falla? lángt er frá því, hann vill ad allir menn hólpnir verdi og komist til sannleiksins vidurkénníngar. 1. Tim. 2. Kom nockud Sonurinn í heiminn til ad fordæma heiminn? eingan veginn, heldur til þess ad heimurinn hefdi lífid fyrir hann. Jóh. 3. Var ecki Steinn þessi svo audsær, ad nockur þyrfti ad detta um hann? ad sønnu var hann svo audséu, ad einginn þurfti um hann ad rasa; borg sú er á fjalli stendur, getur ecki dulist. Matth. 5. Vildu þeir ei trúa sjálfum hønum, þá máttu þeir samt verkunum trúa er hann gjørdi. Jóh. 10. Hvørnin er hann þá til falls settur? Þar til svara eg: ecki til þess, ad neinn skyldi falla, heldur allir upprísa; Davíd kénnir oss þad í þeim ordum er eg strax umgat, þar hann segir, Ps. 118. ad uppbyggendur hafi forsmád þennan stein; og þessi sømu ord Davíds brúkadi St. Petur til ad sannfæra med hinn gudlausa høfudprestanna flock er fordæmdi Jesúm, Act. 4. segjandi: þessi er sá Steinn er þér uppbyggendur hafid ad eingu haft, hvør ordinn er ad høfdi hyrníngar, og ecki er í neinum ødrum hjálprædid; og þeir skipudust þó ecki meir vid þessi sannyrdi enn svo, ad þeir hótudu þeim, ad ei skyldu þeir kénna edur tala í þessu nafni

framar, jafnvel þótt þeim alkunnugt væri, ad þeir Petur og Jóhannes hefdu skømmu ádur í Jesú nafni gjort þann heilbrigdann sem haltur var borinn. Act. 3. Og er ecki ad undra, þótt Guds Sonur væri þess=háttar mønnum til falls settur fyrir þeirra hardúdar og þvermódsku sakir. Látum nú Júda fara, br. m., þeir hafa sinn dóm med sér, og sín laun úttekid, en gjætum ad sjálfum oss, ad ei verdi Jesús oss til falls edur ásteitíngar. Vér vitum hvørju Christur svaradi Jóhannis Lærisveinum, er hann gjordi þá frá sér til ad spyrja Drottinn ad, hvør hann væri? Farid og segid Jóhanni (sagdi hann) hvad þér heyrid og sjáid: blindir fá sýn, haltir gánga, líkþráir hreinsast, daufir heyra, daudir upprísa, og fátækum verda Gudspjøllinn bodud, og sæll er sá sem ecki hneixlar sig á mér. Matth. 11. Þetta høfum vér altsaman heyrt, og einginn efar um Drottins kraptaverk, med hvørjum hann auglýsti þad hann sannur Gud væri; en hvørt ad vér samt og ádur ecki hneixlumst á hønum sumir hvørjir, þad þyrfti nockud framar ad ransaka. Einhvør mun spyrja, í hvørju hneixlumst vér á hønum? svo spurdu Júdar fordum daga: Mal. 1. Í hvørju forsmáum vér þitt nafn? Drottinn svaradi: Þér offrid óhreinum mat á mínu altari, þó spyrjid þér, hvar med saurgum vér þig? Hann svarar: í því ad þér segid: Drottins bord er foragtanligt, því nær þér offrid hinu blinda er þad ecki illt? og nær þér komid fram med þad halta og sjúka, er þad ecki illt? Ber þetta hertoga þínum, muntú hjá hønum vel þockadur verda? segir Drottinn Zebaoth. Sama er á bréfinu gódir vinir; fórnir gamla Testamentisins eru afmádar med þeirri einu fórn er hinn ædsti Prestur hefir einusinni innborid í þad allra helgasta, Hebr. 9. samt eigum vér Gudi lifanda fórnir ad færa, þad er sjálfa oss, og vora skynsamliga þjónustu. Róm. 12. En þegar vér inngaungum í musteri Guds, daudir í hinum verstu syndum og glæpum ydrunarlaust, forsmáum vér þá ecki Guds háleita nafn? hneixlumst vér þá ecki á Christó? Þegar menn gánga óforhuxadir til Guds bords, ecki reina og prófa sjálfa sig, ecki gjora greinarmun á millum líkhama Drottins og annarar fædu, 1. Cor. 11. ecki ransaka sinn lifnad svo þeir megi ydrast, ecki reina hvørt þeir eru í trúnni, 2. Cor. 13. ecki hafa fullann ásetníng til ad betra sinn lifnad, halda menn þá ecki bord Drottins foragtanligt? saurga menn þad þá ecki? Segid mér í Drottins nafni, segid mér, er ecki þvílíkt ad hneixlast á Christó, edur segir ecki Páls? ad sá ed þvílíkt gjörir, hann sé sekur vid hold og blód hans. 1. Cor. 11. Hvad er ad hneixlast á Christó, ef ei þetta? Þegar menn ecki hyrda um ad læra hinn sanna kristinndóm, svo þeir fái hann ként børnum sínum og hjúum, og eru svo blindir, blindra leidtogarar, Matth. 5. og þó reka menn þetta blinda fé inn fyrir Drottins altari, til ad eta og drecka sjálfum sér dóm, miklu líkligra til ad verda þar Satans fórnir enn Guds offur, nema hann vilji meiri miskun á gjøra; segid mér, offra menn þá ecki hinu blinda? er ecki þad ad hneixlast á Christó? Þegar menn vilja undir eins þjóna Gudi og Mammona, Matth. 6. sitja í kyrkjunni, en hjartad er út á búgardinum edur hjá akneitunum, Lúc. 14. haltra menn þá ecki á bádar sídur med prestum Baals? 1. Reg. 18. Er þad ecki ad offra því halta og veika? er þad ecki ad hneixlast á Christó? er segir: einginn kann tveimur herrum ad þjóna. Matth. 6. Bjódum þetta einhvørjum veraldar høfdíngja, komum med óþvegnum høndum fyrir hans bord, gjøldum hønum einhvørn

vanmeta grip í skyldur sínar, svorum honum út af, nær vér eigum tal vid hann, reynum til hvørt hann þiggur þad vel af oss; og þó viljum vér heimta slíkt af hinum stóra Konúngi himins og jardar. Þetta er ad vísu ad hneixlast á Christó, ad óttast hann, sem ecki kann nema líkhamanum ad grauda, en hyrda ei hvad vér gjørum vid Gud, sem lífi og sálu gétur kastad í eylífann eld. Matth. 10. Eg spyr, hvar fyrir hneixludust Júdar á Christó? Því hann var fátækur. Guds fátækir eru enn=nú hjá oss; þeir eru Jesú limir, ef þeir undir eins eru andliga voladir. En hvad er tídara í heiminum, enn ad óvyrda fátækann, og ecki einasta óvyrda hann, heldur og ad taka frá hønum þad lítid hann á, og ad brúka hans sveita til óhófs og metnadar? J løfum klæda þinna er blód hinna þurfandi sálna, segir Drottinn, Jer. 2. vid Júda; þad má og heimfæra til þeirra, er selja hinn volada fyrir einn skó, Amos. 2. svo ad þeir sjálfir, þeirra synir og dætur, gángi svo sem velbúnar hallir og útskornir pílárar. Ps. 144. Er ecki slíkt ad hneixlast á Jesú, hvør ed kallar hina fátæku sína minstu brædur, Matth. 25. og vill reikna þad vid sig gjørt ad vera, sem þeim er gjørt. Hvad bar fleira til þess ad Gydíngar hneixludust á Drottni? Þad ad hann ecki hrópadi né hafdi mikid um sig, og einginn heyrdi rødd hans á strætunum; Esa. 42. svo ásælist og heimurinn hina spøku og kyrrlátu og forsmáir þá, hædir ad þeim, kallar þá óþocka og heimota, þeir ed ecki bera mannskap edur vitsmuni til ad halda vyrdíngu sinni, og brjóta ok hins drambláta af hálsi sér; er ecki þetta ad hneixlast á Christó? hvør ed ecki kom í heiminn til ad láta sér þjóna, heldur til ad þjóna ødrum. Matth. 20. Hvad er þad enn þá framar sem kom Gydíngum til ad hneixlast á Guds Syni? Þad, ad hann rak erindi síns Fødurs svo skørugliga, og vandlætti um glæpi og vantrú ógudligra manna. Ecki mun Djøfulinn vanta þá enn=nú í dag, sem ad fylgja þeirra fótsporum í þessu; hvør vandar svo um illar athafnir mannanna, ad ei sé hønum á hálsi legid? Hvør er sá, er hann þyckir vegna Guds og hans dýrdar, ad ei sé hann hlutsamur kalladur og sturli Jsrael? 1. Reg. 18. Ef nockur vill styrkja málefni eckjunnar og hins fødurlausa, þá gjøra þeir samdrátt á móti hønum, sem eingin fæda þykir lostæt, utan hún sé tekin frá munni hins vesæla og undirþryckta. Hvør er sá, ef hann vill halda góda skyckun í húsi sínu, ad ecki lasti hann illkvittir menn og hati? Og jafnvel þótt ad þeir sem vilja hlýda Gudi í þessu og vardveita samvitsku sína óflekkada, þótt þeir, segi eg, gjøri allt þetta eptir skyldu síns embættis, þá uppvekur þó Djøfullinn þeim andskota eptir sínu eigin nafni, svo þeim tekst ekki Guds verk ad gjøra. Símeon spáir um Christ, ad hann muni settur verda svo sem teikn, þad er móti mælist, þad er eptir mínum skilníngi svo sem eitt uppsett teikn, er menn plaga ad skjóta á; svo var og Drottinn, úr því hann inngékk þad kénnimannliga embætti; øll Satans børn gjørdu sér ad skyldu, ad vega ad hønum, hvar sem þeir kunnu med ordum og verkum, svo sem ljóst er af æfi=søgu hans, er Gudspjallamennirnir hafa oss ritada eptirlátid. Soddan eitt teikn eru allir hans Læri sveinar, allir hans eptirfylgendur í lærdóminum og vandlætinu; þess gétur sjálfur Christur, Esa. 8. þegar Spámadurinn beid eptir hvad Gud vildi segja, er hann hafdi byrgt sitt andlit fyrir húsi Jakobs: Sjá! hér er eg, og þau børn er Drottinn hefir géfid mér. Vér erum svo sem nokkurskonar teikn og merki hjá Jsraels fólki, hvørn spádóm ad St. Páll til Hebræos Cap. 2. heimfærir til Christum og hans barna, og

er það víst, að ekki er lærisveinninn framar enn meistarinn, hafi þeir húsbóndann kallað Belzibub, hvað munu þeir ei gjöra við hans heimamenn? Matth. 10. Nú er það að sönnu glediligt að þola fyrir hans sakir, er lofað hefir nógum launum á himnum, Matth. 5. en hitt er þeim böl, sem Christí eru, að þeir erfiða til ónýtis, jafnvel þótt að þeirra embætti sé Drottins, og þeirra málefni þeirra Guðs, Esa. 49. fyrir hinna þrjótsku sakir, er hneixlast á Christó, og líkast er að hann muni til falls verða. Sjálfrar þinnar önd mun eitt sverð í gégnum gánga, sagði Símeon, við Guðs móður, teiknandi án efa þar með harma þá, er henni mundu til handa bera, út af mótmælum þeim, ofsóknum og píslum er hann í anda sá, að Drottinn mundi þola verða, áður enn hann fengi oss synduga leyst frá eylífum píslum. Ein rétt-trúuð sál, er Christí andlig móðir, það vottar St. Páll til Gal. 4: Sona-korn mín, með hvörja eg þúngbúinn er, þar til Christur myndast í yður aptur að nýu. Mun ekki þessi Jesú móðir kénna í brjósti, nær hún sér Drottinn aptur að nýu krossfestann, Hebr. 6. fyrir augum sér af börnum vantrúarinnar, með hinum verstu syndum og glæpum, þeim til ólukku, sem eins vel og hún eru með Guðs blóði endurkeyptir, og fær þó ekki við því gjört, heldur enn María við píslum Sonar síns, ilsku þeirra vegna, sem að hneixlast á þeim, en þeir hlæja þar að, og það ángur, sem Guðs börn kvelur fyrir þeirra ógjæfu sakir, hafa þeir að skimpi og athlátri; það liggur þeim létt í skapi, þótt að menn fáist um þetta, og segja: að þar sjái ekki meira baun á sér enn þeim er láta sér þeirra ólukku til hjarta gánga; segið mér í Guðs nafni, segið mér: er ekki þvílíkt að hneixlast á Christó? Og er nú svo nokkuð hér um talað.

Nú viljum vér í síðara partinum læra, hvörnin hann sé til upprisu settur. Til upprisu margra segir textinn. Oss er kunnugt með hvörju móti að Jóhannes Skýrari hóf sinn lærdóm: Gjörið yðran, sagði hann, því að Guðs-ríki er nálægt. Matth. 3. Viðlíkann formála hafði St. Pétur fyrir Júdum, er hann í fyrstu boðaði þeim heilsugjöf þessa, þá þeir spurðu að, hvað þeir gjöra skyldu, svaraði hann þeim: gjörið yðran, og sérhvör yðar láti skýrast í nafni Drottins Jesú Christí til fyrirgéfníngar syndanna. Act. 2. Svo er þá Christus þeim til upprisu settur, sem yðrast syndanna, og trúa að þær verði sér í hans nafni tilgéfnar. Ein alvarlig yðran er hin fyrsta trappa til þessarar upprisu, eptir það að menn hafa þekkt veg sannleikans, en fyrir því að yðranin verkar ekki í mannsins hjarta, nema vér þekkjum syndina, þá er einsætt að læra Guðs vilja af hans Lögmáli og orði, ekki alleina til að laga sinn lifnað þar eptir, heldur og til að þekkja hvað oss er ábóta-vant, sem vér fyrir víst vita megum að all-mikið er, og fleira enn vér þekkja kunnum eður upp að reikna. En þótt að eínginn vita kunni hvað opt hann fellur, Ps. 19. samt eigum vér með hinni mestu athygli að halda dagligt ransak um sjálfa oss og vora lífernis háttu til þess, að vér þekkjum syndina og hennar ljótleik, svo þar af vaxi ángur og tregi í hjarta voru, en fyrir því að þetta hjartalag tekur einginn af sjálfum sér, þá vill þar til yðuglig og alvarlig bæn, ef yðranin á svo heit að vera, að hún Guði líki, því hann nægist ekki með hégóma nokkurn, hjartað á að bráðna og klökkna fyrir Guði, ef hann á syndina burt að taka; ekki dugir soddan yðran mikið sem hann umtalar hjá Jeremíam, Cap. 2. segjandi: í öllu þessu snerist ekki til mín hin fráfallna systir Júda af öllu hjarta, heldur voru það ei nema læti

hennar, segir Drottinn. Eckert kann þad ad duga hjá Gudi, sem hann ecki sjálfur med oss verkar, því af sjálfum oss til megnum vér eckert gott ad framkvæma; nema vor hrygd sé eptir Gudi, svo sem Páll ad ordi kémst, 2. Cor. 3. þá er hún ónýt, soddan ydran vill hann skirpa út af sínum munni, því hún er volg. Apoc. 3. Pad er ágjætt sem Nicephórus Calistus skrifar eptir hinum góda keysara Theódósió, er hann sagdi, ad þad væri eingin undur, þótt nockur dæi, þar hann væri madur, en þad væri eins Guds ad kalla þann aptur til lífsins med ydraninni, sem eitt sinn daudur væri; því er hér af audséd, ad menn skulu þiggja ydranina med bæn af Gudi, svo vel sem allt annad, ef hún á honum ad þóknast, og má þad ecki hindra nockurs manns alvörugéfni í ydraninni, þótt ei sé hann sér hinna verstu klækja og bodordabrota medvitandi. Nóg er þad til ad koma út tárunum á einu Guds barni, ad þad gétur ecki eitt augnablik syndlaust lifad, ef gjördir vorar ættu ad stikast á Guds réttlætis mælisnúru; eitt hjarta sem elskar sinn Gud er hægt ad bleyta, þad ángrast meir af sínum ófullkomligleika, heldur enn hinn gudlausi af minníngu allra sinna skamma og ódáda; svo ad Davíd í öllum sínum heilagleika, hann vætir sína sæng í tárum alla nóttina, Ps. 6. vegna sinna ávirdínga, þar hinn ógudligi Manasses finnur eckert til sinna stórglæpa, fyrr enn hann er beygdur í þúngum járn-vidjum, 2. Par. 33. Nú þótt ad sá hafi miklu aflokid, sem hefir straffad sjálfann sig, med alvarligum trega fyrir syndina, því þad á heima hjá þeim er Postulinn segir: ef vér dæmum sjálfa oss, þá verdum vér ecki dæmdir, 1. Cor. 11. samt er þad ecki nóg ad láta sig ydra syndanna, nema menn treysti því fullkomliga, ad hinn nádugi Gud muni sér uppgéfa alla skuldina, fyrir Jesú blessada forþénustu; ydranin kastar syndaranum nidur fyrir Guds fætur, til ad audmýkja sig undir hans voldugu hönd, en trúin reisir hann upp aptur, og gjörir hann þess full-öruggann, ad hann hafi fríann tilgáng til nádarstólsins, Hebr. 5. hvörsu sem hann sé hinum verstu syndum hladinn, og þad ecki fyrir nockurs manns eiginn verdugleik, ætt edur atgjörfi, því Gud er heilagri, voldugri og réttlátari enn svo, ad nockurt af þessu edur einhvör annar veraldligur hlutur megi fá hann kreinkt edur yfirtalad, heldur skédur þad alleina af hans skjærri og einsamalli gódgyrni og miskun, fyrir þad lausnar-gjald er hans eingétinn Sonur hefir ad sönnu útlagt fyrir alla veröldina; en þeir einir munu not af hafa sem á hans nafn trúa, Act. 10. Af ydraninni og trúnni framkémur elskan til Guds, ef þær eru annars svo sem þeim vera byrjar; ydranin sýnir oss vorn óverdugleik, og hvörnin vér höfum med glæpunum unnid til hinna bitru helvítis písla, en trúin Guds gjæsku og óransakanlig miskunar-ydur, í því ad uppgéfa þau mörgu tíu þúsund punda, sem vér ecki einasta einusinni, heldur ár eptir ár, verdum hinum góda Gudi skyldugir um, hvad ef vér ydugliga hugleidum og samanberum í hjarta voru, þá kunnum vér ei ad fara á mis vid þad, ad þar af kvikni ein brennandi elska til hans, er svo vel gjörir til vorr óverdugra, og fyrirgéfur oss margar syndir, og hún er hin einasta rót allra dygda og mannkosta, og jafnvel Lögmálsins uppfylling, svo sem Pálus um kjærleikann vottar, Róm. 13. því þad er víst, ad sá sem elskar nockurn, hann skirrist vid ad styggja hann, og verdi honum þad óvart, þá ángrar hann þad af hjarta, og unir illa hag sínum, nema hann fái komid sér aptur í samt lag og nád hans vináttu, er honum þykir

indælt ad elska. Svo eru og Guds børn lynd, verdi þau yfirstígin af nockurri hrøsun, þá standa þau brátt upp aptur til ad fridmælast vid Gud; þad sé eg á Davíd, Ps. 38. þad sé eg á Petri, Matth. 26. og ødrum fleirum, hvørjir, er þeir hafa ratad í nockurn glæp, hafa þeir ecki frid edur ró haft, fyrr enn þeir hafa sættst vid Gud, hvørn þeir af hjarta elskudu. En ecki er þess ad dylja, børn mín góð, ad þeir sem eru í miklum kjærleika vid Gud, og ordnir eru einn andi med honum, 1. Cor. 6. þeim er miklu vandara enn ødrum í slíku. Fadirinn heimtar meiri elsku af syninum enn af þrælnum, jafnvel þótt sídur gjøri hann barnid arflaust, heldur enn þrælinn útlægann úr húsinu. Þad mætti ætla ad margur hefdi meira til=unnid vid Gud enn Móses, þegar hann sló tvisvar á klettinn, Núm. 20.; en fyrir því ad hann var Gudi svo handgenginn framar ødrum, þá vard hann straffadur. Margur konúngur hefir látid telja lands=fólkid, til ad vita hvør hans makt væri, og hvad hann mætti reida sig uppá, þó vard þad Davíd til syndar reiknad, 2. Sam. 24. já, stórrar syndar, af því hann í þad sinn hafdi meira traust á mannaflanum enn á Gudi, er þó svo optliga hafdi barist fyrir hann, og lagt hans fjandmenn ad velli. Svo skulum vér og meina um þann sem Gud hefir eitt sinn ad sér tekid; honum veitir hægra ad bera ávøxt enn hinum, sem enn þá hefir ecki notid þeirrar nádar, og vinnur hann því til meiri hegníngar, Lúc. 12. ef hann afbregdur; svo er þessi elskan til Guds, sem af ydraninni og trúnni framkémur, nockurskonar sædi, hvar af allar gódar dygdir spretta, sem ádur er sagt, og af henni kémur hin nýa hlýdni og umbót lífdaganna, án hvørrar bædi ydranin og trúin daudar eru og maktarlausar, því þad er eingin ydran sem lofar manninum aptur ad gánga til somu synda, og þad er ecki hin sanna trú, sem ei verkar fyrir kjærleikann, Gal. 5. hvar um St. Jakob nógu skorinordt talar í síns Pistils 2. Cap., og þessi er hin andliga upprisa, hin fyrri upprisa. Sæll er sá sem hefir hlutdeild í henni, segir Guds Andi í Opinberíngar bókinni, 20. Cap. Og hefi eg nú svo med nockrum rokum sagt, hvørjum Christur sé til falls settur, og hvørjum til upprisu. Gud géfi ad hins sídara megi sem flestir njótandi verda. Gjørist því eigi stallbrædur Gydínga, er þennan Hyrníngar=stein forsmádu, hvør sem yfir hann fellur, þann mun hann sundurbrjóta, og yfir hvørn sem hann fellur, þann mun hann sundurmola. Matth. 21. O þér fávísu børn veraldarinnar! ó þér páfuglar þessa vonda heims! torveldara mun ydur verda ad berja hofdinu vid þennan stein, enn St. Páli ad spyrna ámóti broddinum, Act. 9. hann hefir fyrir ydur og allra manna skuld, høggormsins, þad er Djøfulsins haus í sundur molad, Gen. 3. Munud þér vera sterkari enn ydar høfdíngi, sem er gud veraldar þessarar, og drottnar í ydur, børnum vantrúarinnar? Eph. 2. Ef ad jafnvel eitt kvikindi snertir fjalls=ræturnar, þá skal þad dauda deyja, sagdi Gud vid Mósen, Exod. 19. undir þad hann útgaf sitt h. Logmál; en þegar sá steinninn sem einusinni er af fjallinu útskorinn og sundurbraut járnid og leirinn, gullid og silfrid, Dan. 2. þegar hann, segi eg, í annad sinn dettur yfir gudlausann heim þennan í hans sídari tilkomu, munu þá fjollin hylja ydur fyrir hans reidi? Apoc. 6. Munud þér fá stadist í hans augliti, sem jafnvel hin mektugu kónga=ríki hefir í sundurbrotid, edur vitid þér ecki, ad þér leir og aska erud? já, breiskt leirkér, sem optliga detta sundur af sjálfum sér, auk heldur ad þér kunnid ad búa vid þennan fortærandi eld. Gud er einn mektugur konúngur, himin=

inn er hans hásæti, jördin er skör hans fóta, Act. 7. og nær hann drepur fætinum við púfu þessari, við þessari madkaveitu, hvar inni vér syndugir ormar skrídum hvor um annann þveran, þá titrar hún og skélfur, eins og lauf-blad fyrir vindi; munud þér þá stadist géta hans tilkomu-dag? Mal. 3. Nær hans reidi tekur til ad brenna allt til nedsta helvítis, Devt. 32. því forsmáid þér þá hans réttindi, því haldid þér hans sendiboda fyrir eina skóþurku, og því háfa hans ord ecki rúm í ydur? Því jafnvel þótt ydur meigi hitna í brjósti um stundar-sakir, þegar Guds reidar-þruma slær um eyru ydar-af einum predikunarstól, þá er þó snjórinn lengur á steininum, þegar regnid ofan kémur, Jer. 18. heldur enn minníng hans ógnarliga nafns hjá ydur. Því vanvirdid þér hans sacramenta, því hneixlid þér hans vesælínga, því forsmáid þér hans volada, því rænid þér hinn fátæka, því hamlid þér réttinum ad hafa sinn framgáng, því hefjid þér hinn rángláta, og nidurdrepid hinum saklausa, því haldid þér inni sveita daglaunarans, því gjörid þér allt þetta, og ætlid Gud muni ecki færa ydur undir sinn dóm fyrir þessar blódugu skammir og illgjördir, ef þér segist hneixlast á Jesú? O þér eitur-ormar og nodrukyn! verid þó ecki argari enn Pharisæi og skriftlærdir, sem komu til Jóhannis skýrnar, Matth. 3. og sjáid til ad þér fáid umflúid tilkomandi reidi, gjörid ydrau, medan Guds-ríki er nálægt; leitid Drottins, medan hann er ad finna, Esa. 55. og minnist vid Soninn, ad þér eigi fyrirfarist á veginum, þegar hans reidi tekur til ad brenna. Sælir eru allir þeir ed leita athvarfs hjá honum, segir Davíd; já, sælir erud þér, sem eckert athvarf hafid í heimi þessum, því Drottinn er ydar hlutskipti; sælir erud þér sem alla hluti hafid yfirgéfid, og jafnvel sjálfa ydur, því þér skulud fá hundradfalt aptur og erfa eylíft líf, Matth. 19. sælir erud þér sem forsmáid allt yfirlæti og skarkala veraldarinnar, því þér leitid ad því sem þar uppi er, Col. 3; sælir erud þér, nær þér alla hluti þola viljid fyrir Guds sakir, því ydar verdkaup er nógligt á himnum, Matth. 5. sælir erud þér midt í hormúngunum, midt í áráslunum, midt í öllum þeim raunum, sem ydur til handa bera, því Guds kraptur fullkomnast í ydar breiskleika, og þá þér veikir erud, þá erud þér máttugir, 2. Cor 12. sælir erud þér, nær heimurinn kallar ydur afrak og hreinsun veraldar, því þá erud þér dýrmætir í Drottins augum, þér skulud sjá ydar gledi, nær þeir munu til skammar verda, segir Drottinn. Esa. 66. Þad sem heimsins börn troda undir fótunum, þad er Guds hásæti á medal vor; eins ydrandi syndara hjarta, Esa. 57. eins Guds vesælíngs sála, er hans himin á jördunni; mörg skúr rignir þadan, ad sonnu yfir þennan táranna dal, en allir þeir dropar falla í Guds sjód, Ps. 56. hann telur þá og geymir svo sem annad fúlgu-fé, hann grefur ecki þetta pund í jördu, heldur skilar því aptur med yfirmáta miklum ávexti, þegar þad verdur uppskorid med gledi, sem hér var í tárunum nidursád, Ps. 126. Hid náttúrliga regnid kémur frá himnum ofan, og frjófgar jördina, svo hún ber ávöxt; tár hinna andliga voludu í heimi þessum koma frá Gudi, þau færa þann ávöxt, er safnadur verdur í bindini Guds barna, í hinni stóru endurfædíngu, sem Lausnarinn um-gétur, Matth. 19. Ef eg leigi nockurs manns jörd undir bú mitt, þá krefur hann mig landskuldar hvört ár, og þad þess vegna, ad hann ætlar mig ecki fullvedja, edur má ecki sjálfur missa; en því er ecki svo varid fyrir hinum stóra akurmanni, Gudi alsher-

jar, Jóh. 15. Eg vil alshugar feginn byggja hønum hjarta mitt, láti hann plóg Løgmálsins, plóg ydranarinnar, plóg hørmúnganna gánga um þennan stór-grýtis-akur svo sem hann vill; láti hann gudlaus villu-dýr heims þessa spora hann í sundur og fótum troda, svo sem hønum blessudum líkar, þad er mér fyrir minstu, þegar eg veit hann er mér nádugur, og eg má altíd missa svo mikid, sem hann vill láta mig missa; því einskis freistar hann yfir megn fram, 1. Cor. 10. og þótt mér þykja megi, svo sem hann svari mér ecki hvørs árs rentu, sem þó ecki er, þá má eg þó vita, ad hann er bædi trúr og fullvedja, og er eg þess fulløruggur ad hann muni um sídir endurgjalda mér hina léttu birdi hørmúngarinnar, sem varir um augnablik, med yfirgnæfanligrar dýrdar eylífri þýngd, 2. Cor. 4., hvørrar njótandi ad verda, unni og veiti øllum Guds børnum hin háleita Guddómssins þrenníng, hvørri ad sé lof og dýrd, veldi og kraptur um aldir alda, amen!

A Nýárs-dag.

Gudspjallid, Lúc. 2 Cap.

I þann tíma. Eptir þad ad átta dagar voru lidnir, og þad barnid skyldi umskérast, var hans nafn kallad Jesús; hvad er kallad var af Einglinum, ádur enn þad hann var getinn í módur kvidi.

Exordium.

Komid og skodid verkinn Drottins segir skáldid, Ps. 66. hvad virdugligur hann er í verkum sínum vid mannanna sonu. Til þessa vil eg einnin hafa kvatt ydur, brædur mínir, á þessum hátídis degi, hvørnin Guds dýrdarfulla almætti dásamliga stjórnar árinu oss til nota; þad heyrum vér í hinum 74 Psálmi, þar David segir: þinn er dagurinn, þín er einnin nóttin, ljósid og sólina hefir þú tilbúid, jardarinnar enda hefir þú afmarkad, sumar og vetur hefir þú skapad. Hér yfir látum vér nærsta lítid, børn mín! Gud gjæfi ei findust þeir ed møgla þegar þessi hans rádstofun er ecki eptir vorum syndugum vilja; hvar fyrir? Þvi þad skédur dagliga, og vér høfum þess not á hvørri stundu, og þykir þad skylda Guds ad svipta oss ecki því hann eitt sinn gaf. Jeg heyri ecki ad Jónas hafi þackad Gudi fyrir lundinn á medan hann stód, en reidur vard hann þá hann visnadi, Jón. 4. Mundi ecki hinn blindi verda alshugar feginn, mætti hann hid blessada ljós sólarinnar augum líta, en hinum heilskigna þykir þad lítils verdt. Hvørsu lángar þann, er ómædir eptir vatninu? Þad sé eg á konúnginum Darío, er hann drack hinn sætasta drick æfi sinnar úr hest-farinu, en þó ecki sídur af eptirlíkíngunni, um hinn ríka mann, er hann æskti eins vatns-dropa af fíngri Lazari, þá hann vaknadi upp í helvíti og kvølunum, Lúc. 16. hvørn hann mun þó lítils metid hafa, þegar hann lék sér ad allri fullsælu veraldar. Jeg tek hina almenniligustu hluti, sem minst eru af mønnum virdtir, til ad sýna vort óþacklæti vid Gud, í stadinn þeirra hluta, er hans mildi øllum jafnt veitir, vondum og gódum, ríkum og fátækum, stund eptir stund, dag eptir dag, ár eptir ár. O, minn Gud! hvørju skulum vér þér gjalda? Eckert hefir snaudur fyrir ad géfa. Hvørju skulum vér svara? Ecki einu á móti þúsund, Job. 9. Hvad skulum vér af oss gjøra? Bágt er þángad ad flýa, sem hønd þín nái oss ecki, Ps. 139. Vér vildum ad sønnu géfa þér alla oss med sálu og líkhama, en þad er allt þitt, þú hefir oss þad ádur géfid. Gud nádi, þad vér høfum tekid þína limu, og gjørt þá ad Satans limum, léd þá til verkfæra ránglætinu, og syndinni til íbúdar, Róm. 6. svo vér mættum kvída því, ad hinn Heilagi í Israel, mundi láta þvílíkum saurindum útkasta edur þau í eldi brenna. Eitt høfum vér til ráds eptir, sem er forþénusta þíns eingétins Sonar; vér høfum óhlýdugir verid, Dan. 9. hann var hlýdugur allt til daudans, Phil. 2.; vér høfum Løgmálid brotid, hann er kominn til ad uppfylla Løgmálid, Matth. 5.; vér erum óumskornir í hjørtum og eyrum, Act. 7. hann hefir umskérast látid, svo hann

umskéri Israels hjarta og hans sædis hjarta, Devt. 30. Løgmálid lýsir bølvan yfir þeim sem ecki heldur allt þad sem skrifad stendur í Løgmálinu, Devt. 27.; en Guds eingétinn Sonur hefir bølvan Løgmálsins uppá sig tekid í sinni umskurn, því Páluss segir, ad sá sem umskérast lætur, hann sé skuldunautur alls Løgmálsins, Gal. 5. En þó hann Løgmálid uppfylti, þá hefir hann samt Løgmálsins bølvan þolad; hann einn sem gjørdi allt þad í Løgmálinu skrifad er, hann einsamall er á móti Løgmálinu ad sjálfs síns vilja dáinn; hann einn sem átti alla hluti hann betaladi þad hann rænti ecki, Ps. 69. og hann sem er Gud blessadur um aldir, Róm. 9. hann er svo sem ønnur bølvan uppheingdur. Látid þvílíkann guddómsins kjærleika upprickja ydar hjørtum í himininn um stundar-sakir frá jardneskum hégóma, til ad umskérast med Christó, af hvørs allra helgustu umskurn, er oss bodud verdur í þessu Evangelíó, vér viljum læra ad umskérast í andligann máta, Eph. 4. Vil eg því láta tal mitt vera þar um í þetta sinn: hvørnin hinni andligu umskurn háttad sé. Drottinn umskér þú hjørtu vor med sverdi andans, svo þetta vel luckist, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Ef þú vardveitir ecki Løgmálid, þá er þín umskurn ordin ad yfirhúd, segir Páll, Róm. 2. ad sønnu taladi hann þad Gydíngum til blygdunar, en þó má hér af sjá, ad hin ytri umskurn muni ecki hafa einhlýt verid til sáluhjálpar. Svo sem þad var nú fyrir Gydíngum, svo er þad og fyrir oss, brædur mínir, því ecki meigum vér vænta oss betri kosta enn hinir náttúrligu kvistirnir, Róm. 11; ecki eru allir þeir full-kristnir, sem opinberliga eru skýrdir, heldur þeir sem fyrir skýrnina eru med Christó greptradir til daudans, og lifa í endurnýungu lífdaganna, Róm. 6. Hafir og løf séu eylífum Gudi, sem fyrir vatns-sáinn í ordinu hefir endurgétid oss í Christó til lifandi vonar, 1. Pet. 1. En þar fyrir hefir hann endurgétid oss, ad vér skyldum Gudi lifa en syndinni deya. Þar skal koma einn dagur, segir Drottinn fyrir munn Jeremíæ Cap. 9, ad eg skal heimsækja alla óumskorna, sem eru í umskurninni; þar af ræd eg, ad margur muni hafa borid þetta teikn á sínum líkhama, sem ecki hefir haft þess mikil not í sínu hjarta, ecki sídur enn nú. Munu ecki allmargir géfast þeir, ed hrósa sér af gudhrædslunni, en afneita þó hennar krapti, 1. Tim. 3.; margur mun skýrdur med vatni og anda í fyrstu, sem illa lídur ad láta sig med Christó fyrir holdsins deydíngu umskéra. Allir heidíngjar eru óumskornir segir Drottinn, Jer. 9. en Israels hús er óumskorid í hjarta. Þar er ad óttast fyrir, ad Gud hafi enn nú í dag ordsøk til ad segja, ad Tyrkjar og Tatarar séu óskýrdir, en margir þeir ed sig kristna nefna, séu óskýrdir í anda, edur ecki umskornir þeirri umskurn, er Páluss umtalar, er hann segir: þér erud umskornir þeirri umskurn, sem ecki er med høndum gjør, hvør ad er umskurn Christi, Col. 2. þad er deydíng holdligra gyrnda, fyrir Christí dauda, Christí upprisu og Christí Anda. Nú verdur í Skriftinni sérdeilis gétid um andliga umskurn á tveimur líkhamans pørtum; báda nefnir Stephanus píslar-vottur Drottins, segjandi: þér hardsvíradir og óumskornir í hjørtum og eyrum, þér mótstandid jafnan Heiløgum Anda, Act. 7. hjartad kallar Ritníngin mannsins hugskot og krapta sálarinnar, er því fylgja, þad vill Gud láta umskéra sér til íbúdar; af hjartanu útgánga vondar hugrenir, manndráp, hórdómur, frillulífi, þjófnadur, ljúgvitni, lastmælgi, Matth. 15. þetta illyrmi ber ad úthreinsa úr hjartanu, ef Gud skal þar inni búa fyrir H. Anda. Syndir og glæpir eru Djøfulsins fóstur, hvør hann gétid hefir vid spiltri mannsins náttúru, fyrir samþycki viljans; en hvørsu má Guds eingétinn Sonur

sem er ljómi hans dýrdar og ímynd hans guddómligrar persónu, Hebr. 1. eiga sess vid Djöfulsins dætur? Hann hefir trúlofad sér hreina brudi, þá ed hvorki fleck né hruccu hefdi, Eph. 5. því er ei von ad hann vilji í sama herbergi lída þessar helvítis ambáttir. Rek út ambáttina med hennar syni, því sonur ambáttarinnar skal ecki erfa med syni hinnar frjálsu segir Ritníngin, Gal. 4. Synir ambáttarinnar eru holdsins verk, þau byrjar út ad reka í eydimørku, ásamt módurinni, eda ad minsta kosti, ad temja hana, svo ad Agar drottni ecki yfir Sara, né Ismael offæki Isaac, Gen. 21. Ef þín hønd eda þinn fótur hneixlar þig, segir Jesús, Matth. 18. þá sníd hann burt og snara honum frá þér, þad heitir ad umskérast í andliganu máta. Ecki hefir Gud þóknun á því ad nockur meidi edur hamli líkhama sinn, eins og Baals prestar, 1. Reg. 18. og þótt hann hefdi, þá væri sá fótur edur hønd betur afhøggvin, sem ætlar ad draga manninn til helvítis; betra er þau rotni hér á jørdunni, enn svídi eylífliga í helvíti; en þess þarf ei vid, þar er sverd andans, Hebr. 4. sem afsnídur svo ecki á sér, þad gjørir svida um hríd, en þad bætir eylífliga, þad verkar hrygd um stundar sakir, en eptir á gefur þad fridsamliganu ávøxt réttlætisins, Hebr. 12. Þér getid ecki undir eins druckid Christí kaleik og Djøfulsins, segir Páll. 1. Cor. 10. Hefdi Guds heilagleiki getad lidid Andskotans saurindi, mundi hann ecki hafa verid útsnaradur af himni, Gud vildi ecki lída Satans nálægd í himnaríki, eigi heldur í sínu ríki hér á jørdunni, sem er í Guds barna hjørtum. Guds ríki er inni hjá ydur, segir Frelsarinn, Lúc. 17. En hvor hann syndinni þjónar, þad er, hvor hana lætur drottna í sínum líkhama, hann hefir gjørst Andskotans madur, en rádid þegn undan Gudi; því segir Páus, Róm. 6: vitid þér ecki, ad hvørjum þér ljáist í þrældóm til hlýdnis, þess þrælar erud þér, er þér hlýdist, hvørt heldur syndinni til dauda, edur hlýdninni til réttlætis? Látid ei villa ydur; eg vil þjóna Gudi í verkunum, en hvad mér flýgur í skap, fæ eg ei vidgjørt. Þad er ad vísu satt, fuglarnir verda ad sønnu ad fljúga yfir høfudid, þad er bágt ad banna, en ecki þurfa þeir ad hreidra sig í hárinu. Eg vil þjóna Gudi í verkunum segir þú, hvad þá? ætlar þú ad þjóna syndinni í hjartanu? Sjá þá til ad þú fáir ei sama vitnisburd og Pharisæi, ad hid ytra sértú fagur, eins og daudra manna grafir, en innvortis fullur med alskonar óþeckt, Matth. 23. Þegar hjartad er gott, þá er meiri von á ad allt sé gott, því Gud álítur hjartad, 1. Sam. 16. Gódur madur af gódum fésjód síns hjarta, framber gott, segir hjartnanna rannsakari, Matth. 12. Einginn kann ad segja: mitt hjarta er hreint, eg em klár af syndinni, Prov. 20. Hitt kann eg af alvøru ad gjøra, ad bidja Gud ad skapa í mér hreint hjarta, Ps. 51. hvad ef ecki tekst ad øllu leiti vegna þeirrar syndar sem í mér býr, Róm. 7. þá tekst þad fyrir Jesú blód, sem hreinsar mig af øllum syndum, 1. Jóh. 1. því hann er kominn til ad kalla synduga, en ecki réttláta til ydranar, Matth. 9. Eg hafdi nærri því sagt, ad Davíds syndir hefdi betri verid enn Pharisæanna réttlæti; Davíd drýgdi ecki syndina med því hjartalagi, ad hún skyldi velgjørd heita, heldur af mannligum veikleika; en allt Pharisæanna réttlæti var ecki nema synd, því gódverk þeirra framkomu ecki af hjarta, heldur til þess ad birtast fyrir mønnum, Matth. 6. og þó vildu þeir þad skyldi fyrir Gudi gjalda. Sá Gud sem lætur þeim alla hluti þéna til góda, er hann elska, Róm. 8. hann lét Davíds synd honum fyrir bestu verda, 2. Sam. 12. en Pharisæanna réttlæti

snerist þeimjafnan í synd, svo sem allt það, er ecki framkémur af trúnni, Róm. 14., án hvørrar ómøguligt er Gudi ad þóknast, Hebr. 11. Einginn segir oss betur enn Móses hvørnin mannsins hjarta umskorid verdur, Devt. 30: Drottinn mun umskéra þitt hjarta, svo ad þú elskir Drottinn Gud þinn, af øllu hjarta þínu, og af allri øndu þinni, ad þú lifir. Elskan til Guds er það verkfæri, sem best affmídur syndir og lesti. Hinn ágjarni vinnur alla hluti fyrir ríkdóm; hvad sparar sá heiptræki til þess, ad hann fái sínum óvin fyrirkomid? Lítils hefir margur daudann aktad fyrir metorda sakir, og því skyldi þá ecki Gud vera svo sterkur í þeim er hann elska, svo sem Andskotinn í børnum vantrúarinnar, Eph. 2. Sá sem elskar vin sinn, hann kostar kapps um, ad gjøra sem mest eptir gédi hans. Allir hlutir eru sameiginligir vina á millum, ef það er falslaus elska. Elskan samteingir alla hluti, svo ad skynlausir og jafnvel daudir hlutir teingjast sín á milli, þess vegna, ad hvørs náttúra á vid annan. Ef þetta elskunnar løgmál er nú svo ríkt í náttúru hlutanna, því skyldi það ecki hvørjum mun framar á millum Guds og mannsins, sem eptir hans mynd er skapadur? Einginn efi er á því, ad sá sem fyrst væri kominn í fullkominn kjærleika vid Gud, hann teldi eingan hlut eptir sér ad gjøra hans vegna, hann gjæfi sig og allt sitt alleina Gudi, svo hann mætti hann einn ávinna, og hann yrdi eitt med honum; og allt hvad Gud býdur, og ødrum virdist þúngt ad vera, það yrdi honum sæt birdi, og því segir Páll, Róm. 13: ad sá sem elskar, hafi løgmálid uppfyllt. Gud er kjærleikurinn, segir Jóhannes, 1. Pist. 4. Cap. og sá sem er í kjærleikanum, hann er í Gudi og Gud í honum. O Herra Gud! hvílíkt er þetta? Hvornin má sá skora sig undan nockrum hlut, ad þola Guds vegna, í hvørjum Gud býr? Kann sá um æfi illa ad fara sem er í Gudi? Fellur hann í synd nockra, þá er Guds styrkvi armleggur nálægur ad reisa hann, Ps. 145. Ef hans hjarta fordæmir hann, þá er Gud máttugri hans hjarta, 1. Jóh. 3. Ef vondskufull heimsins eptirdæmi ætla ad villa hann, þá er ei Guds fíngur honum fjarlægur til ad benda honum á hinn rétta veg; og ef Satan fer á hendur einum med her freistínganna, þá hefir hann þann ad vistum med sér, sem ad er trúr, og eingan lætur freistast yfir megn fram, 1. Cor. 10. Því álýkta eg svo, ad eckert sé kroptugra, eckert ágjætara og eckert heilnæmara medal, til ad umskéra mannsins hjarta, enn elskan til þess eylífa Góda, sem er hinn lifandi Gud. Eg gat og þess fyrir skommu, brædur mínir, ad menn ættu sín eyru í andligan máta ad umskéra. Eyrun eru dyr hjartans, í gégnum hvør margt geingur, bædi íllt og gott; sæll er sá sem þessu fast heldur, en útskúfar hinn. Pálus varar oss vid, ad eingin fúl ræda útgángi af munni vorum, Eph. 4. hún á ecki heldur ad gánga inn um eyrun. Það er gømul afsøkun þeirra sem tamt er ad heyra lýti og skammir um sinn náúnga: eg gét ecki byrgt fyrir eyru mér; en kanské færri mundu illa tala, nema þig fýsti ad heyra. Eg vil vera fátaladur hér um, því bágt mun vera ad temja munn hinnar prettvísu kynslódar, er høggormaeytur fólgid hefir undir túngurótum sér, hvar hinn gamli dreki, er kallast Djøfull og Andskoti, Apoc. 12. hefir sér hreidur búid og lagt þar eggjum þeim, úr hvørjum um sídir mun kvikna sá ormur, er aldrei deyr, Esa. 66. nema túngan ádur umskorin verdi. Alleina vil eg tala um það fyrir Guds børnum, hvørt ad sé hid helsta medal til ad umskéra eyrun í andligan máta, það er Guds lifandi ord, sem er hárhvast sverd, útgángandi af hans

munni, sem ad skrýddur er blódlitudu klædi, Konúngur konúnganna og Drottinn drottnanna, Apoc. 19. Davíd kallar þad lystiligan grashaga, Ps. 23. En Gud nádi, hvad tregt er mønnum þó þángad komid! Páls nefnir þad krapt Guds til sáluhjálpar øllum þeim sem trúa, Róm. 1. En þar er ad óttast fyrir, ad þad verdi hinum vantrúudu, Guds kraptur til fordæmíngar, því Endurlausnarinn segir, Jóh. 12: Þad ordid sem eg tala, mun fordæma þá; og sannast hér ecki sízt, ad þad er eins og tvíeggjad sverd, er skér á bádar sídur, þá ed hjálpast, til ydrunar, hina til eylífrar refsíngar. Matur er mannsins megin, segjum vér; en hvad er sálin, ef hún missir Guds ord? Eins og St. Páll talar um eckjuna, þá ed í gyrudum lifir, hún er lifandi daud, 1. Tim. 5. frilla Djøfulsins er hún og helvítis eldsneyti. Hvad veldur nú þessum leida, børn mín? Þad sama er eg taladi í øndverdu um hinar almenniligu Guds gáfur, af því Guds ord er svo nægt í heiminum nú ordid, þá vegnar því eins og elementunum, ad þad er foraktad. Eg sé, ámedan mennirnir urdu ad fara med kristni-bodid í gégnum húdstrokur og krossfestíngar, þegar Pálus var hálshøggvinn, Petur krossfestur, Jakob med beinbroti líflátinn, Laurentius steiktur á rist, þá urdu þeir gladir ad þeir máttu lída nockud fyrir Jesú nafns skuld, þá vard Guds ord mønnum sætara enn hunáng og hunángs-seimur, Ps. 119. þá fanst margur sá er keypti þá dýrmætu perluna, sem Endurlausnarinn talar um, Matth. 13. fyrir alla aleigu sína. En nú þykir því øllu illa varid sem Gudi er géfid. Þú vilt kanské segja, þá væri rád ad géfa upp ad prédika Christum um hríd, og mundi menn þá eptir hønum lánga eins og á fyrri døgunum. Eg vildi ad eg gjæti órétt til sumra manna þánka; en því er verr, ad eg hygg ad nockrir muni finnast þeir ed gjarna mundu hafa umskipti á svínunum og Christó, med Gergesenis, Matth. 8. því heyrt hafa menn skrítni þeirra, er láta sér um munn fara, ad eigi sé þeim matur í messunni. Þú talar vel, væri Guds ord í burtu tekid, þá mundu menn leita þess med ángist; mundi þad og ecki gott rád, ad Gud tæki sólina af himninum um nockra daga, svo fengju menn vit á ad þacka Gudi fyrir hennar gagnsemi? Þad má eigi, segir þú, því þá mundu allir menn útaf deya, og einginn lifdi til ad gjøra Gudi þakkir, þar Davíd segir, Ps. 6: Þeir þakka ekki Gudi, sem í grøfina eru ofan farnir. Jeg játa þad satt ad vera; en mundir þú leingi lifa í Gudi, ef hans ord væru í burtu tekinn? Eigi hygg eg þad, því Frelsarinn segir, þau sén líf og andi, Jóh. 6. Hvar fyrir? af því ad sálin hefir ekkert líf fyrir utan þau. En trú mér til, ad þú sem snerir bakinu vid Guds miskunar-fadmi, ámedan þú máttir njóta hans orda, þú mundir verda illur apturhvarfs til ad leita hans, þá hann er ekki leingur ad finna. Þú segir: sólin má eigi burtu hverfa, svo mennirnir mættu lifa; en ef þú mættir sofa ámedan, þá hygg eg þad litlu skipta. Svo þyki þér og nú sem í syndunum sefur á eingu ríða, þótt sól réttlætisins burtu lidi og ætti aldrei apturkvæmt; en þad mundi annad heita, þá þú uppvaknar í sal myrkranna, hvar þeir elda sálum ógudligra manna. Þekk því gjæsku Guds, aumur madur! og kannast þar vid, ad eins og hann lætur hid fagra ljós heimsins renna upp yfir rángláta og réttláta, Matth. 5. til þess ad mannkynid megi lifa, jafnvel þótt sumir þar ekkert í þiggja vilji, svo vill hann einnin ad hin fagra birta Evangelíí, sem er ljós á vegum vorum, Ps. 119. skíni í kristiligri kyrkju, þótt þad verdi af morgum forsmád, uppá þad ad

eingum tapi hann af þeim hann ádur þeckti. Og þessi er ordsokinn, hvar fyrir hann ecki sendir húngur sinna orda í landid, Amos. 8. Ord Christí búi ríkugliga medal ydar, ad þér kénnid med allri vitsku, og áminnid sjálfa ydur med andligum diktum, sálmum og kvædum, síngjandi Drottni í ydar hjortum, segir Páll, Cól, 3. Þessi var íþrótt hinna fyrstu kristinna manna, í stadinn hvors ad Djofullinn hefir innfært í heiminn, bríxli, hád, kjeskni, skammarlig ord, og fíflsligt hjal, sem kristnum sómir ecki, Eph. 5.

Svo er eg hræddur um, brædur mínir! ad ef St. Páll mætti líta upp af grof sinni og sjá sig um í henni, sem nú Kristni nefnist, þá mundi hann ecki vída finna Jesú Christí trygda=pant, Eph. 1. sem hann hefir henni eptirlátid og kallast H. Andi, og hann mundi snarara þeckja hana fyrir Andskotans frillu, heldur enn brúdi hins Krossfesta. Edur hvar finna menn nú þad, sem hann vottar um sig og sína samkristna? 1. Cor. 4: þegar oss er formælt, þá blessum vér, þegar vér ofsóktir erum, lídum vér þad. Lángt mun vera ad leita eptir dæmi Stephaní, Act. 7. og Jakobs Postula, hvorjir ed beiddu fyrir þeim, er þá aftóku. Mig uggir og, ef Jakob mætti hverfa aptur í heiminn, þá mundi hann kalla sumra kristindóm djofla=trú, því svo segir hann í síns Pistils Cap. 2: Þú trúir ad Gud sé einn, því trúa og djoflarnir og skélfast þar af. Og Gud gjæfi þar findust ei þeir, sem ad nockru leiti eru verri enn djoflarnir; þeir gjora ecki eptir þeirra trú, því þeir hafa ecki von fyrirgéfníngarinnar, þar þeir eru útreknir frá ásjónu Guds eylífliga, og med myrkranna hleckjum fjotradir, 2. Pet. 2. En þótt Gud útbreidi bádar hendur, Esa. 65. þótt hann hrópi: Þú hefir drýgt hóranir med morgum elskuga! kom samt aptur til mín, segir Drottinn Gud, Jer. 3.; þótt hann láti dogum optar heyra: Eg vil ecki syndugs manns dauda, heldur ad hann snúi sér og lifi, Ezech. 33; þótt hann láti almenniliga útberast: Þvoid ydur, hreinsid ydur, takid ydar illsku breitni frá augliti mínu, komid sídan og eigumst log vid! Þótt ydar syndir séu raudar sem blód, þá skulu þær snjóhvítar verda, og þó þær séu eins og purpuri raudar, skulu þær verda hvítar sem ull, Esa. 1; þótt vér megum svo títt heyra, ad þegar hinn ógudlegi snýr sér frá ollum sínum syndum, er hann gjort hefir og vardveitir Guds bodord og gjorir dóminn og réttvísina, þá skuli hann lifa og ecki deya, Ezech. 18. allra hans misgjorda skuli ecki minst verda; samt lætur ecki illvirkinn af, og fólkid snýr sér ecki til hans, er þad typtar, Jer. 8; svo þad má satt játa, er David talar um hinn ógudliga, Ps. 14. ad hann segi í hjarta sínu: þar er einginn Gud. Því hræddust menn, ad Gudi mislíkadi ógudligt athæfi, þá mundi ecki svo mikill ofsi, ránglæti, hardýdgi, lygar, bakmælgi, rógur, agg, reidi, þræta, ágyrni, þjófnadur og allra handa Andskotans þjónusta drottna svo frekliga í heiminum, ad jafnvel sumt af þessu væri fyrir dygdir haldid. Hvad mun nú þessu valda, born mín? annad enn þad, ad menn tilbyrgja eyrun fyrir h. Guds ordi. Páluus kallar ord Guds: sverd andans, Eph. 6. Þad er sá beitti knífur, med hvorjum vor eyru eiga ad umskérast; en þessi benin svída mjog svo hinum gamla Adam, og þótt hann meigi þau ástundum þola, þá hafast þau svo illa, ad þar svellur um til eylífs dauda; hann hallar sér aptur á kodda syndanna, til ad samanhrúga sér lærendum, eptir því sem eyrun klæa, 2. Tím. 4.; hann er eins og Zippóra var fordum, er hún mátti

nauðug umskéra sinn son, Exód. 4. Þegar Móses kémur með knífinn, þá kalla menn hann blóð-brúðguma, eður blóðgírugann mann, gjætandi ecki að því, að Guð er útfarinn í bræði sinni til að deyða, ef ecki er viðgjört. Guð bauð sínu fólki, Exód. 21. að á sjøunda hvørju ár, skyldu þeir halda eitt hvíldar-ár, og á meðal annara boðorða setti hann, að á því ári skyldi ánauðugu fólki lausn géfast, en sá er ei vildi frelsi þiggja, hann mátti hans herra taka, og setja al ígégnum eyru hønum, og festa við dyr eður dyrustaf, og skyldi hann vera hans þræll upp þaðan æfinliga, Exód. 21. Ecki einasta á hvørju sjøunda ári, heldur á hvørjum sjøunda degi eigum vér þann kost, að leysast af Andskotans og syndarinnar þrældómi, því það er meiníng alls Evangelíí, sem oss prédikað er, að vér séum frjálsir við syndina, ecki til þess að lifa í henni, heldur orðnir Guði handgengnir, til þess að deya frá syndunum, svo sem Páll segir, Róm. 6: þér eruð frelstir af syndinni, orðnir þjónar réttlætisins. En ef nockur vill ei lausn þiggja og lætur sig festa á eyrunum við port helvítanna, Andskotanum til eylífs þrældóms, þá er auðsært, að hans síðara verður argara hinu fyrra, 2. Pet. 2. Ó Herra Guð! mér kémur í hug, hvørnin Guðs eingétinn Sonur víkur þessari logmáls-grein til sín, Ps. 40. er hann segir til síns himneska Föðurs: offur og fórnfæringar vildir þú ecki, en eyru mín hefir þú ígégnum stúngið; teiknandi með þessari þrældóms mynd, hina allra herfiligustu ánauð, er hann þoldi fyrir þræl syndarinnar, þar hann, sem allt vald er géfið bæði á himni og jørðu, Matth. 28. kom í heiminn, ecki til að láta sér þjóna, heldur að hann øðrum þjónaði, Matth. 20. þar hann hafði verri kjør enn hræ-kvikindi jarðarinnar, og fuglarnir undir himninum, Matth. 8. hvør þó ecki lætur einn titlíng á jørðu detta án síns vilja, Matth. 10. þar hann féck eckert rúm í gésta-herberginu, Lúc. 2. sem uppfyllir bæði himin og jørð, þar hann varð manna þurfi, sem uppfyllir alla vora nauðþurft eptir ríkdómi sinnar dýrðar, Phil. 4. og hann bar sinn kross, sem að ber alla hluti með orði síns kraptar, Hebr. 1. Þetta gjørði hann, segir Páll, þegar hann mátti velsælu hafa; og þó vill syndarinn ecki ljá hønum eyru sín til þess, að hann megi eylífliga með hønum ríkja, en á þó annars vegar eingann annann kost, nema pínast eylífliga. Guð náði það, að vér erum ecki ólíkt á oss komnir, og Ciceró skrifar um Catadúpos, hvørjir að búa við fossana í ánni Níló, það þeir heyri verr enn aðrir menn; svo gjørir niður veraldar þessarar oss daufa, svo vér gétum ecki gjætt að Drottins raustu. Jóhannes segir í hans Opinberana Cap. 1., að rødd Mannsins Sonar er til hans talaði, hafi verið svo sem lúðurs hljómur. Nærsta fagurt má gleðskapur veraldarinnar láta í eyrum syndugra manna, að vér fáum ecki fyrir hønum aðgjætt raustu brúðgumans, er hann svo hátt kallar. Hvað veldur þessu? því eyrun eru svo tøm á hitt, að menn þeckja ecki hvørt frá øðru. Mínir sauðir þeckja mína raust, segir hinn góði Hyrðir, Jóh. 10. Hvað vill hér á eptir fylgja, børn mín? þeir sem ecki þeckja hans røddu, þeir eru ecki hans sauðir. Hvað mun fyrir þeim liggja? Hvað vill Dómarinn segja á hinum mikla og stránga degi? ecki þecki eg yður, farið frá mér allir illgjørða-menn, Matth. 7. Þá mun sauðunum skipað verða að hægri hlið, en høfrunum á hina vinstri, Matth. 25. Allir vilja að sønnu í sauða-flockunum vera; en þeir sem ecki vildu þeckja Hyrðirsins raust í náðinni, þeir munu verða með høfrunum arf að taka í kvølinni. Hvør sem elskar mig og varðveitir mín orð,

til hans nun eg koma og minn Fadir, og vistarveru hjá honum gjora, segir Endurlausnar-inn, Jóh. 14. Hvad ágjæt ad sé þessi sambúd, veit einginn nema sá ed smackad hefir, hvad sætur ad Gud er; en hvar eiga menn ad fá þennan smeck, nema í hans ordi? þar verdur Jesús Christus framreiddur til andligrar nautnar, um hvorja hann sjálfur þann-veg talar, Jóh. 6: Hvor sem etur mitt hold og dreckur mitt blód, hann skal ecki daudann smacka ad eylífu. Lúkid því upp dyrum ydar eyrna, Guds elskulig born! svo Konúngur dýrdarinnar megi inngánga í ydar hjarta, Ps. 24; látid þær ecki læstar honum, svo hann læsi ecki aptur fyrir ydur himninum; drepid ei hendi á móti frambodinni nád, og bægist ecki til vandræda vid hann, sem ydur elskadi ad fyrra bragdi; hann hefir sitt líf í daudann géfid til þess, ad þér fá kynnud hans glediliga raust ad heyra, því einginn hefir um aldur Gud sénann, sá eingétni Sonur Fodursins hefir oss þad opinberad, Jóh. 1. O! hvad vitstola er þá manneskjan, sem tredur þann dýrgrip undir fótum, er útvegadur er, med Guds eigin blódi. Peinkid til þess, ad hann lángadi eptir ad lída helvítis píslir ydar vegna; látid ydur einnin lánga eptir honum, svo þér kunnid þær somu ad umflýa, en eylífliga med honum lifa. O þú eylífa ord Fodursins, Herra Jesú Christi! þú sem ert sætari enn hunáng, fridari enn sólin, glediligri enn Einglanna saungur, áhrær þú vor dofin eyru, uppljúk voru hjarta, endurnýa vorn anda, svo oss leidist um sídir endemi þessa vonda heims, en gjori fúsa ad renna eptir þér. Pú eylífa Gledi! lát þín fagnadarríku ord vera eptirlæti sálna vorra, svo ad vér hofum vora lystíng í logmáli þínu dag og nótt, Ps. 1. Og þegar vor augu sjá ecki leingur, vor eyru heyra ecki leingur, og vor túnga gétur ecki talad leingur, ad vér þá verdugir ályktast mættum hinn fagra saung: Heilagur, Heilagur, Heilagur ertú Drottinn Gud Zebaoth! Esa. 6. eylífliga ad heyra í þínu ríki, hvar eingin nótt er, Apoc. 22. og eingin umskipti ljóssins og myrkursins; þad bænheyri Gud Fadir miskunsemdanna, fyrir hid dýrmæta blód síns eingétins Sonar, og sendi oss þar til nád síns Anda, amen!

Sunnudaginn milli Áttadags og Prettánda.

Gudspjallid, Matth. 2 Cap.

Og er Heródes sá þad, ad hann var gabbadur af vitríngunum, vard hann reidur, og sendi út, og lét drepa oll svein-born til Bethlehem, og í ollum hennar endimorkum, tvævetur og þadan af ýngri, eptir þeim tíma, sem hann hafdi út-spurt af vitríngunum. Pá uppfyltist hvad sagt er fyrir Jeremíam Spámann, sem segir: á hædum hefir heyrst kall mikillar kveinunar, óps og ýlfrunar; Rachel æpti sonu sína, og vildi ecki huggast láta, því ad þad var med þeim úti.

Exordium.

Reidist en syndgid ecki, segir Pálus, Eph. 4. látid eigi sólina undirgánga ydar reidi. Mun nockud Postulinn géfa monnum leifi til ad reidast med þessum ordum? Edur er þar

nockur réttferdug reidi til? Því má ei neita ad þad sé rétt, ad hata þá sem Gud hata og hans réttindi; svo segist David hata samkundu hinna illgjørnu, Ps. 26., og Ps. 139. segir hann enn aptur: mun eg ei hata þá Drottinn, er þig hata, og hafa leida á þeim, er reisa sig upp á móti þér? med fullu hatri hata eg þá, og þeir eru ordnir mér ad óvinum. Þá sýnir madurinn ad hann elski Gud af alvøru, ef hann gjarnan stendur af sínum rétti, en þyckir Guds vegna, og þad er ad vísu sú reidi er fylgja á hvørjum kristnum manni, en þó einna mest þeim sem yfir adra eru í Guds stad settir. Ritníngin gefur Mósi þann vitnisburd, ad hann hafi verid hinn þolinmódasti madur á jørdunni, Núm. 12. og eigi finst þad ad honum hafi runnid í skap, þótt Israels børn svo optliga settu sig upp í móti honum, miklu heldur beiddi hann Gud fyrir þeim nær þeir høfdu syndgast; já, hann vildi hafa misst sína velferd fyrir þeirra, er hann sagdi vid Gud, Exod. 32: Munt þú fyrirgéfa þeim sína synd? annars drag mitt nafn út úr þeirri bók, er þú skrifad hefir, og er þad þó alkunnugt, hvørsu ákafliga hann reiddist, er hann kom ofan af fjallinu, og sá afgudadýrkun fólksins. Vidlíkt er dæmi St. Páls, er hann æskti sér ad vera útrekinn frá Christó fyrir brædur sína eptir holdinu, Róm. 9, og er þó kunnugt af Gjørnínga-bók Postulanna, hvørsu hann vandlætti vegna Guds um þá sømu. Svo og eru kunnug dæmi Phineæ Núm. 25. Samúels, 1. Sam. 15. Jónathans, 1. Sam. 14. Davids, 1. Sam. 17. Ezechiæ konúngs, 2. Reg 18. Nehemiæ, Nehem. 13. og annara Guds manna, sem hafa tekid sér þad nærri, er þeir hafa heyrt edur séd Gud dýrdarinnar vanvyrdtann af nockrum, hans h. nafn lastad, edur hans bodord undir fótum trodin, og er Gudi valla nockur hlutur þægari, sem andrádid er af þeirra straffi, sem í þvílíku hafa tómlátir verid, ad þeir hafa mátt bera þeirra syndir, er þeir hafa séd í gégnum fíngur vid, svo sem ljóst er af dæmi Elí kénnimanns, er hann sté fram yfir glæpi sona sinna, 1. Sam. 3. Sauls konúngs, er hann þyrmdi Amalechita konúngi, 1. Sam. 15. og Achabs, þá hann vægdi konúnginum af Syria, 1. Reg. 20. Nú þótt þessu sé svo varid, þá hygg eg ad eigi sé Postulans meining í þessu, ad hann eptirláti manninum ad reidast, edur tali um þess-háttar reidi, er eg samstundis umgat, því hann bidur í þessum ordum, ad sólin eigi skuli undirgánga mannsins reidi, hvad svo er ad skilja, ad madur ei skuli erfa leingur enn til kvølds þad honum er ámóti gjørt. En gudligt vandlæti og hatur á løstum og ódygdum á aldrei vid oss ad skilja; því meinar Postulinn hér, ad menn skuli temja reidina, þótt hún kunni ad smjúga í mannsins hjarta, og hvorki láta hana ná svo mikilli yfirhønd, ad hún framkomi í ordi né verki, og enn þá sídur ali fólskuna í hjartanu, svo hún verdi ad hatri, hvad því veldur ad manneskjan verdur úlfur af manni, þræll syndarinnar af Christi lærisveini, og Djøfulsins barn af Guds barni. Dæmi uppá þessháttar reidi høfum vér á hinum grimma Heródi í upplesnu Evangelió; út af hvørju vér hugleida viljum í þetta sinn: 1) Hvad skadligur og bárligur løstur ad reidin sé. 2) Hvørnin vér eigum ad stilla hana. Hinn gódi Gud vyrdist nádarsamliga ad framkvæma þetta erindi hjá oss, med adstod síns H. Anda í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Og er Heródes sá ad hann var gabbadur af vitríngunum, vard hann reidur, segir textinn. Hvar var hin fyrsta ordsøk til hans reidi? Þad var metorda gyrndin. Strax sem hann féck ad heyra af kénnimanna høfdíngjunum og skriftlærdum lýdsins, hvar Christur mundi fædast, skaut Djøfullinn honum í brjóst, ad lífláta þad nýfædda konúngs efni Jesúm; þad sýnir oss samtal hans vid vitríngana, og svo ávísan sú, er þeir fengu af Guds álfu í svefni, ad hverfa aptur til baka í sitt fodur-land um annann veg. Meiníngin var sú, ad hann kynni ad stadfesta sinn tignar-stól og sinna nidja eptir sig. Hvørnin metorda-gyrndin sé í fyrstu tilkomin, er audsært af falli Satans, og falli vorra fyrstu foreldra, af hvørju øll ólucka er innrunnin til allra manna, og ámedal annara reidin. Og fyrst módurin hefir gjørt oss Adams nidjum svo stórann skada, þá er audvitad, ad dótturin er henni lík, nema

verri sé. Hvor er sú ólucka í heiminum, er reidin ecki af stad komi? Hún er verkfæri allra lasta og ódygda; hún er eins og ein púta, sem lifir eptir hvors manns vild; svo þjónar reidin öllum skömmum, þegar á þarf ad halda. Hvor drap Abel, þegar Cain ofundadi hann? Gén. 4. Hvor kveikti eldinn í Balachs nösum, er hann vildi mótstanda Guds fólki? Núm. 24. Hvor kom Elíab til ad atyrda sinn bródur Davíd, er hann forsmádi hann? 1. Sam. 17. Hvor rak Saul til ad offækja sinn dóttur-mánn, 1. Sam. 19. og ad drepa kénnimennina í Nóbe? 1. Sam. 22. Hvor framkvæmdi Achabs vondann ásetníng? 1. Reg. 21. Hvad brúkadi Haman til ad svala drambseminni med? Est. 3. Hvornin féck Jóab metordum sínum haldid? 2. Sam. 3. og 20. nema med reidinni? og var þad honum þó ecki nema stundar-fridur; öllu þessu kom reidin af stad, og er hún svo einn almenniligur bödull allra skamma og ódygda. Eg veit ad bædi Aristóteles og Ciceró skrifa, ad hún sé brýni hugprýdinnar, og ad einginn vinni nockurt stórvirki, nema reidur sé; þad gétur valla satt verid, og eigi kémur þad saman vid sjálfa þá, er þeir segja, ad hugprýdin skuli vera á skynseminni grundvöllud; en sá sem reidur er, hann er vitl aus, og því segir Hóratíus, ad hún sé nockurskonar stutt ædi, teiknandi þar med, ad einginn sé munur þess, sem reidur og hins sem vitstola er, nema ad reidin varir skémur, ædid leingur; og eru þó dæmi til þess, ad sumir hafa búid svo leingi ad heiptinni, ad þeir aldrei hafa ordid heilvita aptur. Heiptin er eitt Andskotans reidarslag, Gen. 4. Hún afmindar alla mannsins limi og lidi, hún kveikir bál í augunum, hún hleypir blódi í nasirnar, bólgu í kinnarnar, ædi og stjórnleysi í túnguna, deyfu fyrir eyrun; hún lætur manninn gnísta med tönnunum, fljúga med höndunum, ëda med fótunum; hún skékur og hristir allann líkhamann, og aflagar, svo sem þegar hafid er uppblásid af stórvidri; og í einu ordi ad segja: hún gjörir manninn ad ófreskju og ad holdgétnum djöfli í augum þeirra sem heilvita eru; og ef hún svo afskræmir ásýnd mannsins fyrir ödrum mönnum, hvornin mun hún þá ecki afmynda sálina í Guds augliti? Segid mér, hvílíkur djöfull mun þar inni búa, sem álit mannsins verdur hid ytra svo afskræmt? hvílíkur eldur mun vera í því hjarta er hann lystir sig þannin út í hvorn einn lid og lim? Þad er öllum ljóst, ad eckert styrkir og eblir sambúd mannanna í heiminum, meir enn kjærleikurinn, því hann er band fridarins, Eph. 4. hann bindur saman hjörtu mannanna, og hann samteingir og vidheldur Christí líkhama, sem er hans kyrkja hér á jördunni. En hvad segir Salómon, Próv. 18: hvor gétur þolad einn reidann mann? Hvar af audséd er, ad hann, sem reidigjarn er, hann er óhæfur til samneytis annara manna, og óhæfur til ad vera Christí limur og hans kyrkju. Hvad er hann þá? Andskotans limur og þeirra stall-bródir, sem tönnlast og tiggjast innbyrdis, þar til þeir um sídir verda uppetnir, Gal. 5.

Eg hefi nockrum sinnum heyrt á tal þeirra, er segja menn verdi ad reidast, og láta til sín taka, annars verda menn forsmádir, og ad hvor madur gjöri sér dælt vid þann, sem eckert sinni hefir, því sé þad höfdíngskapur og stórmenska ad reidast ákafliga, svo ad þeir hröckvi undan, er einum mótþægja. Ecki rætist þetta ávalt, svo vel fari, því annadhvört reidist eg vid of-menni mitt, edur vid minn jafníngja, edur vid mér minni mann. Reidist eg vid þann sem er meiri máttar enn eg, þá er eg djarfligur, og reisi mér hurdar-ás um öxl

því svo segir Sýrach: Prátta ei við þann, sem er ríkari þér. Sé hann minn jafníngi, þá viti menn, að eckert er þvílíkt fól, að ecki eigi sér jafníngja, og þegar menn berja tveim steinum saman, þá er vanséð hvor þeirra fyrri brotnar. Sé hann minnimáttar, þá gjöri eg sjálfum mér órétt, að eg spilli mér á hönum, sem eg gét altíð náð jöfnuði af reiðilaust; og ef mig kostar það ómak nockurt, þá vil eg þó hugsa, ef eg væri hugprúður, að það séu smámunir að úthella reiði sinni yfir þann, sem einga mótstöðu gétur veitt, og því kalla eg sælla og samvitsku betra að fylgja ráðum þeirra Salómons, Próv. 25. og Páls Postula, Róm. 12. að safna glóðum elds yfir höfuð óvinar síns með góðgjörðum, svo hann skammist sín og roðni af blygðan, að hann hafi mér illa tilgjört, er ecki meir ræki hans mótgjörðir enn svo, að eg gét hönum að eta, nær hann er húngraður, og að drecka, nær hann er þyrstur; og hvor sem ödruvís kénnir, hann framfylgir svo kappsamliga Satans evangelió meðal mannanna, svo sem Guðs píslarvottar Christí lærdómi; þeir eð blessuðu nær þeir lastaðir voru, og höldu það að þeir voru ofsóktir, 1. Cor. 4. Eg vil eigi fá mér það til orða, hvörn skaða menn gjöra sjálfum sér með reiðinni. Sá sem er gjarn til reiði, hann er jafnan sinnisveikur; einginn er svo var í umgeingni sinni, að hann géti gjört hönum til máta, og eru þeir þó fæstir af oss, er svo regli niður athafnir sínar, að ecki verði að fundið; en hann sem reiðinn er, hann er eíns og eldur í sinu. Hvað sem ecki er eptir hans skapi, það grípur hann eins og eldurinn tundrið; og þar fyrir utan spillir reiðin heilsu líkhamans ecki all-lítið; því segir hinn Vísi: Vandfýsnin og reiðin stytta dagana og slíta ellinni, Sýr. 30. Eg vil ei tala um, hvörsu opt að hún spillir gótsi og formegun manna. Hinn reiðigjarni er eins og sá er býr í strá-húsi; hann kann að vera fullríkur að morgni, en ef eldurinn grípur það, verður hann húsgángs-maður að kvöldi. Skamma stund verður hönd höggi feigin, segjum vér; hvað margur hefir gjört það í bræði sinni, á einu augnabliki, sem hann hefir ydrast eptir alla sína æfi? Það er valla mannkostur þvílíkur sem að hafa vald á túngu sinni, og það er svo nauðsynligt að St. Petur segir, 1. Pist. 3: Hvor sem vill elska lífið, og sjá góða daga, hann haldi túngu sinni frá illu. En það er hönum ómöguligt, sem reiðinn er, því hann hefir eckert vald á neinum sínum lim, auk-heldur túngunni, er Jakob segir bágara sé að temja, enn alla náttúru dýranna, fuglanna og fiskanna, Jakob. 3. Nú þótt að það sé nógu stór ólucka, sem allareiðu er upptalið, þá er þó ecki búið þar með. Reiðin er að sönnu kölluð stutt æði, en ecki er það hjá öllum. Hjá allmörgum snýst hún upp í hatur, og einginn hatar sá annann, að hann hafi hönum ecki fyrst reiður orðið. Fáum þeim sem reiðast, þykir reiði sín ránglát vera, og með soddan móti verður hún að hatri í mannsins hjarta, og súrnar þar inni til þess hún skémmir kérið, og er þá illa farið með Guðs musteri, 2. Cor. 6., þegar það er gjört að soddan djöfla bæli, hvar Andskotinn inni ríkir með sjö öndum sér verri, Lúc. 11. því heiptin er aldrei einsömul; öfund, drambsemi, rógur, lýgi, bakmælgi, agg, þræta, tvídrægni, og margt annað illþýði fylgir henni gjarna. Páll segir í þeim orðum, er eg í öndverðu las fyrir yður: Látið ecki sólina undirgánga yðar reiði, með hvörju hann tekur oss vara fyrir, að þótt oss henda kynni að reiðast, þá skulum vér þó ecki láta reiðina að hatri verða; en strax þar eptir segir hann: géfið ei Djöflinum rúm, Eph. 4. og bendir oss til með þeim orðum, að

þar sem Audskotinn er húsbóndi, þar muni þetta hans hyski med honum samsæti eiga, og er þeim manni víst Helvíti, svo fljótt sem ondin skreppur út af kroppnum, sem af þessum pútum er kvalinn, nema hann hreinsi ádur sálu sína med heitri ydran, og er rádligt ad ætla ecki til, ad daudans beiskja skuli þad gjora; því vandhitt er á, hvort þar verdur tóm til þess, ef svo kann til ad bera ad hann komi ad skindíngu. En stór sár þurfa mikla grædslu. Þetta gróm er ecki svo fljótt útþvegid, er svo leingi hefir búid um sig í mannsins hjarta; en hitt er víst, ad svo sem þeir allir fá kvittun synda sinna, er fyrirgéfa út af hjarta sínum bródur hans misgjordir, nær þeir hennar leita af alvoru í nafni Jesú Christi; svo verda og hinum syndir sínar aptur haldnar, er ala hatur til náúngans, og Gud vill þá ecki heyra, þótt þeir útbreidi sínar hendur, Esa. 1. og bidji morgum ordum. Hvar fyrir? því þótt ad ei séu hendur þeirra fullar af blódi, fyrir ótta sakir, þá er þó hjarta þeirra; og hygg eg sá beri ecki lángt af mordíngjanum, sem hrædslan fyrir straffinu alleina hamlar ad slá sinn bródur í hel. Verda má ad Kain hefdi látid Abel lifa, Gen. 4. og Jóab og Abner, Amasa og Ashael, 2. Sam. 2. og 20. hefdu þeir óttast bodulsøxina. Og hefi eg nú ad nockru leiti sagt hvorsu skadlig ad sé reidin og heyptrækuin; en ecki er hún sídur dárlig og heimskulig. Hvorjir eru gjarnastir á reidi? Þad eru born; þad eru vesælir menn og heimskir; þar um talar Salómon, Próv. 12: Hinn fávísi hleypir fram reidi sinni, en sá er vitur, er hann lætst ecki sjá óréttinn. Segid mér, þér Babýlons gjædíngar! þér veraldarinnar Phaetontes,*) sem viljid dansa á allra manna hofdum, og sópa allt þad, er ydur mislíkar í burtu med hinum snarpa reidinnar vendi, viljid þér láta halda ydur líka þessum? Þér segid: margur stór og vitur hofdíngi hefir verid hneigdur til reidi; þad er þess verr, þá hafa þeir mjog svo nidurdrepid tign sinni. Hómerus skrifar um Agamemnon, er Grickir nefndu konúng konúnganna, af því ad hann var fyrir lidi þeirra í Trójumanna bardogum, ad þá hann hafi verid í gódu skapi, hafi hann verid godunum líkur ad mildi og vísdómi, en þegar reidin tók hann, grimmari enn hin verstu óarga dýr. Sjáid þó hvad hid heidna skáld dæmir hér um? Godunum eignar hann vitskuna og mildina, en reidina vorgunum. Þad er og rétt dæmt, því einginn kann meir Gudi ad líkjast, enn med gjæskunni. Þar fyrir sagdi Drottinn: verid miskunsamir líka sem ydar Fadir er miskunsamur, Lúc. 6.; og eckert lætur verr á einum konúngi, sem er nærstur Gudi, enn reidin. Þeim er ollum framar hrósad, sem stjórnad hafa med rétti og miskunsemi, enn hinum, er ríkt hafa med hardýdgi og ofbeldi, jafnvel þó þeir hafi átt ríki meira enn hinir. Alexander hinn stóri hefdi enn þá stærri verid, hefdi hann Clítum, Parmeniónem og Calistenem ódrepna látid, heldur enn þótt hann hefdi brotid undir sig allann heiminn; því var þad ágjætt er hans skólameistari Aristóteles skrifadi honum til (er hann heyrdi ad reidin og offinn tóku til ad aflaga gédsmuni hans) á þennan hátt: þeir sem reidast, þeir reidast sér meiri monnum; en þar er einginn stærri enn þú, því byrjar þér ecki ad reidast. Sjáid hér, hvort reidin og fólskan gjorir nockurn meiri mann, ef rétt er álitid; aldeilis ecki, því hún gjorir þann sem annars

*) Skáldinn dikta um Phaetontem, ad hann hafi verid sólarinnar sonur, og fengid af fodur sínum med bæn, ad hann mætti stýra sólar-vagninum einn dag; þad tókst honum svo illa, ad hann datt af himninum, þegar hann var kominn sem hærst í loptid. Því kallast allir offa-menn, sem hvorki þeckja Gud né sjálfa sig: Veraldarinnar Phaetontes.

væri mikill madur, ad kvikindi veraldar og athlæi skynsamra manna. Því var það viturliga talad af Cíceróni fyrir Júlió keysara: ad sá eini dagur, er hann gaf Marcelló landsvist, hann gjordi hann frægari enn allar hans sigurvinníngar. Kalla menn það ecki hinn mesta dáraskap ad farga sjálfum sér; en hinn reidi er býflugunni líkur, þegar hún stýngur, þá stýngur hún sjálfa sig í hel, og skilur lífid eptir í sárinu. Svo gjörir og optliga, sá ed lætur reidina fyrir sig ráda, drepi hann ecki sinn óvin, svo hann verdi aptur drepinn, þá drepur hann þó gott mannord sitt, hann drepur góda samvitsku, já, sálina ef til vill, ef hann meltir reidina med sér þar til hún úldnar í hjartanu. Sá sem dreckur óforvarandis nockud bannvænt, hann má sjá til hvornin hann fái því ælt upp aptur, það fyrsta hann verdur þess var, annars er daudinn vís; svo er og í þessu; hendi nockurn þá ávyrdíng, ad hann reidist bródur sínum, þá sjái hann til ad hann fái heiptina á burt rekid, það fyrsta hann verdur heilvita aptur, og kémur til sjálfs síns, annars myrdir hann sálu sína; hann myrdir einn mann í hjarta sínu, svo opt sem hann minnist med heiptrækni á það, sem vid hann var afgjort, svo opt sem hann æskir hefndar yfir sínum óvin, svo opt sem hann fagnar yfir þeirri hefnd, er hann allareidu fengid hefir yfir sínum náúnga. Því ef Christur segir, ad sá sem lítur eina konu til ad gyrnast hana, hann hafi allareidu drýgt hór med henni í sínu hjarta, Matth. 5. þá er líkligt ad heiptin muni ecki hafa meira frelsi í himninum, heldur enn óleyfilig elska, þótt hvørutveggja sé andstygd fyrir Gudi. Segid mér, hvada dáraskapur er þá það, ad spilla svo vináttu hans med fólskunni, sem sagt hefir: nema þér fyrirgéfid mönnunum þeirra misgjordir, þá vill minn himneskur Fadir ekki tilgéfa ydur ydar syndir, Matth. 6, ad menn ná henni ekki aptur, fyrr enn menn hafa sæst vid bródur sinn, og væri þá betur heima setid enn farid. Öllum þykir mikid fyrir ad bidja forláts á ávirdíngum sínum, og enn þá meira ad láta undan hönum sem oss hefir tilgjort; þetta verdur þó ad vera, ef menn skulu halda Guds vináttu. Christur bidur ekki fyrir þær syndir, sem hann veit ad hans Fadir ekki tilgéfur. Ó! Gud nádi oss, hvørsu illa er hönum þá farid, sem Guds Sonur vill ekki bidja fyrir? Því kalla eg það hinn mesta dáraskap, ad fremja það í brádrædi, fyrir hvørt menn annadhvørt skulu missa Guds ást í himninum, edur og vyrdíng sína hjá mönnunum. En eg hefi allareidu sýnt, ad sá verdur annadhvørt ad gjora sem heiptrækur er, og væri þá betra aldrei ad reidast, edur ad minsta kosti láta reidina ekki fá svo mikid vald yfir sér, ad hún brjótist út um munninn edur hendurnar. Og hefi eg svo nockud talad um það, hvad skadlig og dárlig ad reidin sé. Nú viljum vér sídan heyra med hvørju móti menn fái henni best í taumi haldid.

Það er ad tala yfir sig, ad segjast vilja edur kunna reidinni aldeilis frá sér ad hrinda. Fordild heidinna spekínga er það, en ekki þekkíng kristinna manna á sjálfum sér; það er eins óhægt, og einhvør segja vildi, það hann kynni öldúngis ad deyda spillíng náttúrunnar, svo hún hreifdi sér aldrei, og er það aldeilis ómöguligt, svo leingi vér berum eptir oss þennan daudliga líkhama. Það er og ekki réttvíst, aldrei ad reidast; reidast eigum vér syndum og glæpum; reidast eigum vér sjálfum oss, nær vér fremjum eitthvad af slíku; reidast eigum vér og vandlæta fyrir Guds sakir; því er það hvørki möguligt né gagnligt reidina aldeilis burt ad taka; en ad setja skordur vid henni, ad sem minst gángi hún yfir mál hóg-

lætisins edur kreinki samvitskuna, þar um á kristinn madur ad láta sér hugad vera, og er þad hid fyrsta, ád vér ydugliga hugleidum hvad skadligur og dárligur löstur ad reidin sé, hvar um eg nockud talad hefi í hinum fyrra partinum. Þar nærst er þad, ad menn varist þeirra selskap, er oss mest kunna ad egna til reidi, edur sjálfir eru med þessum skap-löst plágadir; þar um talar Salómon, Prov. 22: vert ecki vinur reidins manns, og gack ecki med hinum galda, ad þú lærir ecki hans vegu, og hneixlir sálu þína. Þar-ad-auki ad menn varist þær ordsakir, hvar af reidin plagar gjarnan ad kvikna í mannsins brjósti. Og er þad hid fyrsta, ad vér ecki búum yfir neinum illum ásetníngi. Hvad þessi blód-hundur Heródes hafi í sinni haft, er af Gudspjalls-histuríunni augljóst, sem var ad lífláta þad saklausa, nýfædda Konúngs-efni, Jesúm, ecki svo af reidi edur illu skapi í fyrstunni, svo sem af metorda-girnd, sem ádur er sagt; en er hann sá ad þessi hans illi ásetníngur hafdi ei framgáng, þá kveikti Djöfullinn fólskuna í hans hjarta, svo hann lét myrda þessi saklausu börn. Ecki var þetta hid fyrsta bragd Satans vid hann; ádur hafdi hann látid af dögum ráda sína eigin sonu, Alexandrum og Aristobulum, er þeir vóru rægdir vid hann, svo sem ad sætu þeir honum eptir ríkinu, og þó án ordsaka, svo sem af sögunum ráda má. Þetta er alltítt í heiminum; sá sem ecki kémur fram sinni illu fyrirætlan, hann reidist eingum hlut svo mjög, sem því, svo hann gétur ecki aflátid; þad sjá menn á Pharaóni, er hann féck ecki haldid Israel á móti Guds vilja, Exod. 14.; þad sýnir oss dæmi Sauls konúngs, er hann gat ecki Davíd fyrirkomid, 1. Sam. 21., Achabs dæmi, er hann ecki féck svælt undir sig Naboths víngard, 1. Reg. 21., Gydínga, er þeir feingu því ecki rádid vid Postulana, ad láta af ad prédika út af Jesú nafni, Act. 5. Dárligt er þannin ad vilja strída vid hinn almáttuga. Svo blindar nú reidin þann, sem illt hefir í sinni. Annad-hvört trúdi Heródes spádómunum, edur hann trúdi þeim ecki. Ef hann þeim ecki trúdi, hvad dró hann þá til þess, ad fremja þetta gudlausa mord? Og ef hann þeim trúdi, þá var þad glópska ad vilja berjast vid Gud; en þad sá hann ecki fyrir heiptinni, og þessari fólsku veldur nú illur ásetníngur. Vondskan er frilla Djöfulsins, og eitt frjóssamt kvikindi. Ein ilska gétur þúsund adrar af sér, og er reidin og heiptræknin fóstur-módir allra þeirra. Vakti því hvör kristinn madur hjarta sitt, og láti þar einga syndsamliga girnd inni drottna, heldur bidji Gud ad skapa hreint hjarta í sér. Ps. 51. þá mun honum sídur verda hætt vid reidinni. Ad sönnu er þad mannligt ad reidast, þegar einn hefir gott í sinni og fær því ecki framkomid fyrir annara ilsku sakir, (sem optliga skédur) og er þad skylt gudligri vandlætíngu; en þó skulu menn ecki géfa þann taum reidinni, ad menn trodi Guds bodord undir fótunum; því ei má illt gjöra, svo ad gott framkomi, Róm. 3. Gjörum heldur skyldu vors embættis med þolinmædi, en felum Gudi ávöxtinn á hendur. En hitt er víst, ad þess verri sem ásetníngurinn er, þess stærri verdur reidin og óréttvísari, ef ásetníngurinn ödlast ecki sinn framgáng. Þad veldur því, ad ef einn hreckvís madur gétur framkvæmt girnd sína, þá fagnar hann í hjarta sínu, á-medan honum þykir vænt um skömmina, hefir og marga, sem eins eru skapi-farnir og hann, hrósandi þvílíku, og kalla þad vel gjört, og þótt ecki séu þeir, þá vantar einn maktar-mann aldrei hræsnara, sem gyllir þad fyrir hans

augum, sem honum reyndar þykja þó klækir ad vera. En veri af því, ad hann nái fyrirætlan sinni, þad gremst honum, því hann veit ecki einasta ad illmenska sín er í ljós komin, heldur þar á ofan verdur hann spjadur og hlæddur af hverjum manni, svo sem sá ed tók til ad byggja og gat þad ecki fullendad. Þad sýnir oss dæmi mordíngjans Heródis, er hann sá, ad hann var gabbadur af vitríngunum, þá vard hann afar-reidur. Einginn hlutur er sá, er svo mjøg upperti íllt skap, svo sem forsmánin, og ecki einasta þá, sem vondir eru, heldur og góda menn, ef þeir eru annars nockud stór-hjartadir, og þess vegna, er þad hid annad rád á móti reidinni, ad líta ecki stórt á sig, heldur ad eignast sál sína í þolinmædi eptir bodi Lausnarans, Lúc. 21. Því fyrir utan þad, ad drambsemin spillir mannkostunum úr máta, hvorsu vel sem einn er ad sér um marga hluti, þá gjøra allir menn sér ad skyldu ad kéfja þann, sem mikil-látur er, og þykist ødrum betri, og gétur hann svo ecki á mis vid þad farid, ad eigi veri honum margt reidi-efni til handa, og því er gott ad temja sér nockurskonar mannúdleika, og um alla hluti fram kjærleikann, um hvorn Páls skrifar, 1. Cor. 13: kjærleikurinn er þolinmódur og gódgjarn; kjærleikurinn øfundar ecki; kjærleikurinn gjørir eigi illmannliga; eigi þýtur hann upp; hann er eigi ósidsamur; hann leitar ecki eptir því sem hans er; hann er eigi þúnglyndur; hann þeinkir ecki íllt, og er í þessari gullvægu málsgrein allt þad innibundid, sem afstýra má reidi og fjandskap, en efla frid og eindrægni manna á-medal. Veroldin képpist nú um stundir vid, ad tylla sér sem hæst, og sá er hlæddur af morgum, er þad gjørir ecki, svo sem hafi hann eigi vit á, ad halda virdíngu sinni, nema hann trodi sér fram. Ó! hvad betra er og óhultara, ad setja sig í hinn ytsta sess, eptir Lausnarans rádi, Lúc. 14.; þá mun virdíngin sjálfkrafa eptirfylgja þeim er svo gjøra. En hann sem tyllir sér á þá troppu, sem hann er eigi vaxinn til ad stíga uppá, hann má vel taka sér vara, ad ei þurfi hann ad brjóta odd af oflæti sínu, og ef svo kann til ad bera, þá er eingin ønnur von á honum, sem hefir gjørt mikid af sjálfum sér, enn ad honum gremjist þad, og hann képpist vid á allar lundir ad fá hefnd þar yfir; er honum því illa farid, hvorn veg sem þad tekst; nái hann hefndinni, þá stelur hann henni frá Gudi, er segir: mín er hefndin, eg vil endurgjalda, Róm, 12. En veri af því, verdur hann hlæddur af sínum líkum, veraldarinnar børnum, hvør ed forsmáir þá er Guds Syni fylgja í því ad forsmá óréttinn. Hvorsu miklu betra er þá ad hafa í fyrstunni snidid sér stack eptir vexti, svo ecki þurfi þeir ad snída hann upp aptur er þú sízt vildir, þar til hann verdur mátuligur, eda kanské of-lítill, og sagt verdi til þín: géf þessum rúm, Lúc. 14. þótt eigi sé hann heidarligri enn þú, sem þú mátt víkja fyrir; því er rádligt ad hafa sig í hófi, ef menn vilja ei géfa sjálfum sér né ødrum ordsøk til reidi og fjandskapar. Menn skulu ei heldur vera allt of-granskygnir eptir óréttinum, edur gløggvir í því ad leggja þad út á vondann veg, sem oss er tilgjørt, þad kann margt ad vera gért af fávísi, af brádrædi, af trausti til vináttu vorrar, af ótta, af annara fortølum, er sá reiknar sér ad vera til smánar gjørt, sem er allt of-vidkvæmur, hvorjum sín virdíng er sárari, en þótt hann væri skorinn eda brendur; og reidist þar fyrir optliga ófyrirsynju; en vildi kanské aldrei reidst hafa, þegar hann finnur sannleikann, og hefir í brædi sinni annadhvort gjørt stærri órétt edur þolad, heldur enn tilgjørdin var í fyrstunni, en skammast sín ad játa sídan, ad hann hafi farid villt, þótt hann þecki þad

nær honum er reidin runnin. Og þótt einhvör óvirdi nockurn af ásettu rádi, þá er þad vísliga sagt, er Salómon skrifar, Prov. 12., ad hann sé vitur sem lætur sem hann ecki sjái óréttinn, því órétturinn er eins stór, svo sem hann er af honum metinn, er hann lídur. Einginn reidist, nema hann ætli sig vanvirdtann á einhvörn hátt. Í öllu þessu er eckert betra rád, enn ad géfa reidinni stundir, og úthella henni ecki strax sem hún tekur einn; því bidin kann margt ad auglýsa, og þrotinn í hjartanu kann ad sjatna ámedan, og sá sem vís er, hann gjörir svo; þad er heilnæmt ad pretta sjálfan sig í sliku, og þegar menn reidir eru, ad ætla sér ad bída betri tíma til ad hefna síns vansa, en ámedan kann eitthvad ad ské; eg kann ad deya, og skal mig þá aldrei ydra þess ad eg hafi slept hefndinni. Hann kann ad deya, sem mér til-gjördi, og gét eg þá eigi heldur ydrast þess, ad eg tilgaf honum, hvör-jum eg þó gjarna vil samfagna í Himnaríki; og verdi hvörugt af þessu, þá kanské hann ydrist, og færi mér aptur virdíngu mína med ávexti, þá hefi eg vel bedid og tekid hlut á þurru landi. Verdi eigi heldur had, þá hefi eg tóm til ad huxa mig um, hvörnin eg fái þad bætt, er eg lidid hefi, med sem minstum skada beggja ockar. Alleina er ad vakta sig fyrir því, ad heiptin snúist ecki upp í hatur, ef menn geyma reidina, sem þeim er hætt vid, er ecki óttast Gud, og hvörjum ad föl er sín eylíf velferd fyrir virdíngu heims þessa. Guds-börn gjöra þad ecki, sem himnaríkid erfa vilja; þau láta sólina ecki undirgánga sína reidi, né géfa Djöflinum rúm, Eph. 4. En hvörnin sem öllu þessu er varid, þá fæ eg altíd tóm til þess, ef eg hepti reidina, medan hún er sem brádust, ad huxa um hvad betra sé ad líkjast mínum Frelsara, sem mótmælin þoldi, Hebr. 12. og drottna svo med honum eylífliga, heldur enn ad vada uppi med heiminum, og fyrifarast svo med honum og öllu því sem í honum er, 1. Jóh. 2.

Því vil eg brúka rád hins gamla Platónis, er hann baud þeim, sem reidur væri, ad skoda sig í speigli, á-medan hann væri hvad grimmastur og mundi hann hrædast sjálfann sig; en eg vildi skoda mig í minni mold og ösku, þegar nockud frá-lidi, ef eg gjæti stilt brædina, medan hún er sem mest, og skoda þar hvad lítid eg á undir sjálfum mér; eg, sem er eitt blómstur, er fölnar strax sem andi Drottins blæs á þad, Esa. 40.; ein vatns-bóla, sem þýtur upp af vindinum; ein gufa, er sést um stundarsakir, og hverfur sídan, Jak. 4., og nun eg þá brádliga skammast mín, og þeinkja heldur á vesöld mína, enn hefndina yfir honum, sem ecki hefir kanské meira syndgad enn eg á-móti Gudi, sem báda ockur skapad hefir, og í hvörs hendi ad stendur beggja ockar gjæfa og ógjæfa. Eg vil alleina gledja mig af því, ef honum þócknast ad láta mig þola órétt sinna vegna, Matth. 5. En eg aumka minn óvin, ad hann ecki þeinkir hid sama og eg vil þeinkja. Svo hugleidid nú, Drottins börn! allir þér sem elskid ydar tímanliga velferd, þér sem elskid ydar sáluhjálp, og allir þér, sem Gud elskid, géfid ydur stundir til ad þeinkja um hvad skadligur hlutur ad reidin sé, hvörsu skam-vinn ad sé sú gledi, er sá hefir af hefndinni, er hana tekur frá Gudi. Látid ydur í hug koma, ad sálir ydar búa í hey-húsi, því allt hold er hey segir raust Prédikarans, sem hróp-ar í eydimörku, Esa. 40. Hvörsu fljótt kann þad ad verda til ösku brent, þegar í því kviknar af heiptinni, og hvad erum vér þá? Hvad verdur af þeim, er sjálfur hefir eydilagt

þad herbergi, er Gud fe'ck sálu hans til ad búa í? Nema ad Guds reidi=eldur tekur vid øskunni og brennur í henni allt til nedsta Helvítis, Devt. 32. frá einni eylífd til annarar. Vertú því snarliga samþyckur þínum mótstødu=manni, á=medan þú ert enn þá á vegi med hønum, ad ecki ofurselji hann þig dómaranum, en dómarinn kvalaranum, og verdir þú svo í díblissu kastadur. sannliga segi eg þe'r, þú munt þadan ecki útfara, fyrr enn þú hefir goldid hinn sídasta peníng, Matth. 5. sem aldrei verda mun um alla eylífd. Þar frá vardveiti hinn miskunsami gódi Gud, alla þá sem á hans miskun og gjæsku treysta fyrir Jesú Christí forþe'nustu, amen!

A Þrettánda dag Jóla.

Gudspjallid, Matth. 2 Cap.

Nær ed Jesús var fæddur í Betlehem á Gydíngalandi á døgum Heródis konungs, komu vitríngar af Austurálfu til Jerúsalem, og søgdu: Hvar er sá nýfæddi konúngur Gydínga? Ve'r høfum se'd hans stjørnu í Austurvegi, og erum komnir ad tilbidja hann. En er Heródes konúngur heyrdi þad, ske'lfdist hann og øll Jerúsalem med hønum. Og hann le't samansafna øllum ke'nnimanna=høfdíngjum og skriftlærdum lýdsins, og forheyrdi af þeim, hvar Kristur skyldi fædast. En þeir søgdu hønum: í Betlehem á Gydíngalandi. Þvíad svo er skrifad fyrir Spámanninn: Og þú Betlehem á Gydíngalandi, ert einganvegin hin minsta ámedal høfdíngja Júda; þvíad af þe'r mun koma Hertogi sá ed stjórna skal yfir mitt fólk Israel. Þá kalladi Heródes vitríngana heimugliga til sín, og spurdi þá inniliga ad, á hvørjum tíma þad stjarnan hefdi byrtst þeim, og vísadi þeim til Betlehem, og sagdi: farid þe'r og spyrjid vandliga ad sveininum, og nær þe'r finnid hann, þá kunngjørid me'r þad aptur, svo ad eg komi einnin ad tilbidja hann. Sem þeir høfdu nú hlýdt konúnginum, fóru þeir af stad. Og sjá þú, ad stjarnan sem þeir høfdu se'd í Austurálfu, ge'ck frammi fyrir þeim, allt þar til hún kom og stód þar yfir, hvar ed barnid var. En er þeir sáu stjørnuna, gløddust þeir af miklum føgnudi, og geingu í húsid inn, og fundu þar barnid, med María módur þess, féllu fram og tilbádu þad. Og ad uppluknum sínum fjársjódum, offrudu þeir því gjafir, gull, reykelsi og myrru. Og feingu ávísan í svefni, ad þeir kjæmi ecki aptur til Herodem, og fóru svo annan veg aptur í sitt land.

Exordium.

Snemma taka børn til meina, segir ordsháttur vor gamall, og er hann sannur. Madurinn fædist til eymdanna, eins og neistarnir upp í loptid fljúga, Job. 5.; fullur hørmúnga og fárra lífs=daga, Cap. 14. Allar skepnur Guds, er hann gjørt hefir oss til þarfinda, þær eru adn ockru leiti sjálf=færar, skomnu eptir þad þær útkoma af módur=lífi; þeim hefir Gud og náttúran til=lagt af sjálfum se'r, hvad þar skulu hylja sig med og vardveita fyrir kulda og

illvidrum; madurinn fædist nakinn í heim þennan; þar fædast þeigjandi af módur-lífi, manneskjan med ópi og tárum, svo sem kvídi hún vid því, ad henni byrjar dd gánga í gégnum táranna dal, ámedan hún náir lífi ad halda. Jördin er dýranna sæng edur sjórinn fiskanna, nær þau útklakin eru. Manneskjan má ecki lífi halda, nema hún á alla vegu sé nærd og fóstrud. Þessi er uppruni vor, hvörjum þó á-stundum eckert þykir sér ómáttugt, nær vér drögumst á legg; er þetta þó hinn minsti hluti mannligra eymda, er vér þolum á ómálga aldri vorum. Og er þad ecki ad undra á oss, hvörra födur sagt var í öndverdu, ad í sveita síns andlitis skyldi hann síns brauds neyta, og næra sig af jördunni med erfidi alla sína daga, Gen. 3. Hann hafdi til þess unnid, og vér sídan sem af honum komnir erum. En þad eru undur, ad hinn annar Adam, sem er Drottinn af himni, 1. Cor. 15. hann skuli vid sama, og enn þá miklu lakari kosti búa, jafnvel þótt hann sé eptir holdinu af Adam kominn. Þad heyrum vér þó í þessa dags Evangelió, þar konúngur himins og jardar má svikum og ofsóknum hins grimma Heródis mæta. Valla var hann fyrr í heiminn borinn, enn ad Andskotinn uppfylti hjarta þess gudlausa konúngs til ad útslöckva ljós heimsins, og aflífa hann, sem öllum géfur líf og anda. Og fyrir því ad þessi umsátur Heródis voru upphaf Drottins hörmúnga, er hann þola mátti strax í inngaungu þessa náttúrliga lífs, þar sá refur med slægdarfullri undirhyggju leitadi svo frekliga eptir ad vita, hvar Drottinn væri fæddur, alleina til ad ráda hann af dögum, sem raun gaf sídan vitni um; þá vil eg tala framvegis um þeirra kjör í heiminum, sem honum vilja eptirfylgja í þessum táranna dal inn í hans dýrd, og þad í tvennu lagi. 1) Vil eg ræda um Guds barna mótlæti, hvad þarfligt þad sé. 2) Um Guds adstod í mótlætinu. Hinn gódi Gud stjórni túngu minni og hjörtum ydar med nád síns anda, sér til lofs og dýrdar, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Drottinn Jesús sagdi vid lærisveina sína, Lúc. 18: hvör sem ecki medtekur himnaríki svo sem úngbarn, hann kann ecki ad inngánga í þad. En eg vil segja, brædur mínir! nema þér gjörist eins og úngbarn þad er María lagdi í jötuna, þá fáid þér ecki inngeingid í Guds-ríki. Hér med vil eg ecki þad meint hafa, ad nockur af oss Adams-börnum kunni svo fullkominn, svo heilagur, svo réttlátur ad vera, sem hann, er ecki vissi af synd, 2. Cor. 5. heldur svo sem Drottinn segir, Lúc. 6.: verid miskunsamir, líka sem ydar Fadir er miskunsamur, og er þó syndug manneskja lángt frá því, ad jafnast vid Gud í miskunseminni, svo vel sem öllu ödru, heldur býdur Frelsarinn oss, ad breyta eptir honum sem mest verdur. Svo eigum vér Drottni Jesú ad líkjast í öllum vorum lífernis-háttum, ad svo miklu leiti sem oss er möguligt í þessum daudliga líkhama, og þad ecki sízt í krossburdinum. Hvörnin hans fæding, hans uppfóstur og allur hans aldur var fátækt og eymdum hladin, er oss alkunnugt af Gudspjallamannanna bókum. Meinum því ecki, brædur mínir, ad vér munum sleppa hjá ad drecka af lækunum med Christó, Ps. 110. hér í útlegdinni, ef vér viljum nýtt gledinnar vín med honum drecka í Guds-ríki, Matth. 26. Minnist þess ords, er eg sagdi ydur, segir Jesús vid lærisveinana, Jóh. 15.: ecki er þrællinn fyrir herra sínum; hafi þeir mig ofsókt, þá munu þeir ydur einnin ofsækja. Hann hlaut þann kaleik af ad drecka, er hans Fadir hafdi honum ásteinktann, svo ad Ritníngin uppfyltist, Jóh. 18. Vér skulum og Ritnínguna uppfylla, Matth. 26. med því ad drecka hans kaleik, hvör ed segir, ad í gégnum margar hörmúngar byrji oss inn ad gánga í Guds-ríki. St. Petur býdur oss, Act. 14. ad vér skulum hugga oss þar vid í mótgánginum, ad vorir brædur í heiminum hafa þvílíkt ad lída. En hvad miklu heldur ættum vér ad hressa géd vort þar vid, ad þetta er oss med sjálfum Guds Syni sameiginligt, hvör ad er höfundur og fullkomnari

trúarinnar, Hebr. 12. Því segir Páll, 2. Cor. 1., ad svo sem ad Christí píslir yfirgnæfi til sín, svo yfirgnæfi og sín huggun fyrir Christum. Vitríngar þessir, er Gudspjallid umgétur, offrudu hinum nýfædda Jesú gull, reykelsi og myrru. Allt vóru þetta konúngligar gáfur. Svo var hann fátækur, sem allt silfur og gull á, jørdina og allt hvad í jørdunni er, Ps. 50. ad hann mátti þetta þiggja af framandi mønnum; en þvílíks einskis krefur hann nú af oss, þar hann er inngeinginn í sína dýrd, utan hvad vér skyldugir erum ad hjálpa hans naudstøddum limum, med því sem Gud oss lánad hefir, um hvørja hann segir, Matth. 25: hvad þér gjørdud einum af þessum mínum minstu brædrum, þad gjørdud þér mér. Hvørs krefur hann þá af oss? Einnar sannrar og lifandi trúar; þad er þad gull, sem vér eigum Gudi, himnanna konúngi, ad bjóda, en hún reynist hvad mest í hørmúnginni. Þad er hægt ad trúa Gudi, nær allt ad óskum geingur. Valla vitum vér hvørt vér rétt-trúadir erum, fyrr enn í mannraununum. Þad orkar ecki á hreysti kappans fyrr enn á hólminum. Eigi vita menn, hvørsu ad stýrimadurinn er forsjáll nema í ólgu-sjónum og andvidrinu; og eigi hvørsu dyggur ad hyrdirinn er, fyrr enn hann sér úlfinn koma. Svo reynist og trúin vor í mótlætinu. Þad er sá eldur, er gull þetta skal reynast í, og svo sem gullid smeltist í eldinum, en tapar ecki þýngd sinni ef þad gott er; en heyid og hálminn brennir hann upp; svo reynast Guds børn í mótgánginum, styrkjast, eflast, vidurkveikjast og leidréttast, en í sama mótgángi kollsteypast veraldarinnar børn, tortýnast, eydileggjast, ørvænta og falla í víl og efasemi; hinir þacka Gudi, lofa hann og prísa, kyssandi á hans fødurligann hirtíngar vønd, med allri audmýkt og trúfastri von, hvør ed aldrei lætur til skammar verda, Róm. 5.; þessir lasta Guds h. nafn, møgla, leita allra annara medala enn ad snúa sér til hans sem þá typtar. Hér um talar St. Petur ágjætis vel, 1. Pist. 1. segjandi: þér erud gladir, jafnvel þótt þér um litla stund, ef vid þarf, hrigdir verdid med adskiljanligum freistíngum, svo ad reynsla ydvarrar trúar verdi gullsins reynslu dýrmætari, hvørt ed forgeingur, og verdur þó í eldi reynt, til lofs og heidurs og dýrdar í opinberan Jesú Christí. Med reykelsinu verda teiknadar bænir heilagra í opinberunum hins h. Jóhannis, Cap. 5. og 8.; en Gud nádi oss, hvørsu ad vér kaldir erum í bæninni. Í medlætinu gjørir madurinn gud af sjálfum sér, þegar allt ad óskum geingur, og þykist einskis þurfi vera, en veit ecki þad hann er fátækur og voladur, ber og nakinn, Apoc. 3. Menn segja, þar er fridur og tryggleiki; en vita ei nær enn ógjæfan brádliga yfir þá kémur, svo sem jódsótt ólétta konu, 1. Tess. 5. Gud nádi þann sem bænarlaus er í vondri verøldu þessari; betra er nakinn ad gánga í orrustu, og mállaus fram fyrir dómarann, heldur enn bænarlaus fram ad gánga í heiminum. En þetta reykelsi tendrast ecki betur af neinum hlut, enn af eldi mótlætínganna; því segir Davíd, Ps. 34: hinir réttlátu kølludu til Drottins, og hann bænheyrdi þá, og frelsadi þá af øllum hørmúngum þeirra. Menn fá ecki eld af stálinu nema menn slái því vid tinnuna, og svo læra menn ad þreyta vid Gud med heitri bæn í mótgánginum, svo sem von er til; því hann sem heitt skal bidja, honum skal mikid á því liggja, er hann bidur um. Vér erum svoddan sjálfbyrgíngar, þegar veróldin lætur eptir oss, ad vér þykjumst oss um alla hluti full-nógir vera, svo sem eckert hefdum vér ad þiggja af Fødur ljósanna, frá hvørjum þó kémur øll góð gjøf, og øll fullkomin

gjøf, Jak. 1. Mótlætid hlýtur ad verka í oss hitann og alvørugéfnina í bæninni, því annars erum vér kaldir og dofnir í því ad bidja Gud. Ecki hefdi hin kananeiska þreytt svo vid Drottinn med bæninni, nema hennar dóttir hefdi verid svo þúngliga plágud, Matth. 15.; ecki hefdi samkundu-hefdínginn leitad Krists, nema dóttir hans hefdi andast, Matth. 9. og konúngsmadurinn hefdi vel heima setid, hefdi eigi vanheilindi hans sonar rekid hann af stad, Jóh. 4. Og þótt ad oss dagliga liggi svo mikid á Guds adstod, ad vér erum allir uppá hana komnir, þá sjá menn þad samt ecki fyrr enn í mótgánginum. Svo kveikir nú Gud þetta sitt upplýstíngar-offur med eldi mótlætínganna hér á jørdunni, svo þad verdi einn sætleiks ilmur fyrir honum í himninum. Fyrir myrruna hafa lærifedur kristiligrar kyrkju, og medal annara Gregoríus hinn mikli, viljad skiljast láta deydíngu holdsins, af því ad hún beisk er, en géfur þó af sér ilm mjøg sætann. Eingin fórn er Gudi þekkari enn þessi, næst trúnni á Christum, og hún verkar ekki í manninum, nema fyrir trúna, en þó allra helst í mótlætinu. Þegar hinn gamli Adam tekur til ad verda fullur og feitur, og gjørast laus-látur, svo sem Móses sagdi um Israel, Devt. 32., þá leggur hinn alvísi Gud vid hann krossins beitsli, svo hann taminn verdi og krossfestur med Christó. Þad er, ad hin illa girnd, sem í oss býr, verdi afmád med krossgaungunni eptir vorum Frelsara. Hans bless-ada hold vard svo vanburda á krossinum, ad hann gat dáid og látid sína sálu frá sér. En hann vard lífgadur aptur eptir andanum, svo sem Petur segir, 1. Pet. 3. Þad er eptir guddóminum; þad skédi til þess, ad hann til-legdi vorum anda þann styrk, ad hid synd-umspillta hold gjæti dáid í oss, en vér eptir andanum lifad, vard svo hinn sami hlutur, sem afladi honum mannligs veikleika, ordsok til gudligs kraptar í oss, og hefir Jesús aldrei meira almættis-verk framid, enn þegar hann sem veikastur var. Svo verda eg þeir, sem af andanum fæddir eru, styrkvastir í Gudi, þegar holdid deydist og hinn gamli madur er sem veikastur. Þetta vottar St. Páll er hann segir, 2. Cor. 4.: alla tíma berum vér um-kríng deydíngu Drottins Jesú í líkhamanum, svo ad líf Jesú verdi og augljóst í vorum líkhama. Segid mér, br. m. kann nokkurt hlutskipti, nokkur heidur, nokkurt ríki þvílíkt ad vera, svo sem ad kallast og ad vera Guds-barn? Øll veraldarinnar metord eru þræl-dómur hjá því nafni. Madurinn blífur ekki leingi í heidrinum, segir Davíd, Ps. 49. Hvorsu há vold edur virdíngar, sem einhvor hefir, en þetta hlutskipti má einginn af oss taka. Vér erum teiknadir í hans høndum, Esa. 49. af hvors hendi einginn fær oss slitid, Jóh. 10. En hvad segir Postulinn til Hebræos, Cap, 12.: Hvorn Drottinn elskar, þann agar hann, og hann typtar þann son, er hann ad sér tekur. Ef þér øgunina þolid, þá mun Gud tjá sig ydur eins og børnum. Því hvor er sá sonur, er fadirinn ekki vandlæti um; en ef þér erud fyrir utan aga, hvors allir hluttakandi eru, þá erud þér hjá-born og ekki synir. Hér af ræd eg þad, ad krossinn Christi má reiknast pantur arfleifdar vorrar, og eitt trygda-merki, sem Guds Sonur hefir sett uppá sína elskuliga brúdi, og svo sem festi-peníngur þess bústadar, sem Guds-born hafa í hans ríki heima tekid; því hér høfum vér ekki stad-fastann samastad, heldur væntum eins annars, þar sem vor borgar-réttur er, sem er á himn-um, Phil. 3. Þad er þad merki, er St. Páll um talar, Gal. 6. er hann segir: ad heim-urinn sé sér krossfestur, og hann heiminum. Hédan af (segir hann) gjøri mér eingin ónád,

því eg ber teikn Jesú Christí á mínum líkhama; þar fyrir er mótlætid aldrei svo þúngt, og eingin hormúng svo mikil, ad sú huggun ekki yfirgnæfi, ad vér eigum vissa arf-von í Guds-ríki, medan vér berum Christí kross med þolinmædi. Þar um talar St. Páll, Róm. 8: sjálfur andinn ber vitni vorum anda, ad vér séum Guds-born; en ef vér born erum, þá erum vér og erfíngjar, já, erfíngjar Guds, en samarfar Christí; ef vér lídum med honum, ad vér einnin med honum dýrdligir verdum. Hann segir enn aptur, ad ef vér vonudum á Krist alleina í þessu lífi, þá værum vér vesælastir allra manna, 1. Cor. 15. Eg vil og þad segja, ad vér værum allra manna fávísastir, ef vér dýrkudum Gud fyrir eptirlæti þessa heims alleina, eins og hann hafi ekki annad þúsundsinnum meira og betra fyrirbúid þeim, er hann elska. Reidumst því ekki, brædur mínir, þótt vér sjáum hinum ógudliga vel gángi, Ps. 73. en Guds-born hormúngar lída. Þótt Gud hafi á-stundum margt látid eptir elskendum sínum, þá er þad reyndar ekki svo eiginligt kristindóminum, ad þeim lídi jafnan vel, sem eru Christí þegnar. Ogudligir hafa ekkert á himnum, svo hafa Guds-born ekkert í heiminum, og þótt þeim falli ríkdómur til, þá festa þau ekki hjartad vid hann, Ps. 62. Hér um áminnir St. Petur næsta heilnæmliga, 1. Pet. 4. med þessum ordum: elskanligir, segir hann, skélfist ekki svo sem ókunnugir af reynslu þeirri, er fram vid ydur kémur af eldinum, til ad freista ydar, svo sem hefdi ydur nokkud óvenjuligt tilfallid, heldur gledjist af því, ad þér erud hluttakendur hormúnga Christí, svo ad þegar hans dýrd opinberast, ad þér gledjist þá fagnandi. Þegar skýin hafa nokkra stund byrgt fyrir sólina, þá skín hún hvad fegurst. Þess meira sem vér lídum hér fyrir Krists sakir, þess heldur munum vér fagna, nær vér skulum med honum dýrdligir verda, Róm. 8. Sá kann aldrei huggadur ad verda, sem eigi harmadi. Má sá nokkud sigrinum hrósa, sem eigi bardist? Gud kann ekki ad afþerra þau tárin í eylífu lífi, er aldrei vora úthelt í þessu. Lítum því ekki til nærverandi hrellíngar, hvor ad er skammvinn, heldur til eptirkomandi farsældar, sem er eylíf, vitandi þad, ad mótlætíngar þessara tíma eru eigi verdar þeirrar dýrdar, sem vid oss mun opinber verda í eylífu lífi, Róm. 8. og hin létta hormúng, er vær hér lídum, aflar oss ómumrædiligs þúnga eylífrar dýrdar, 2. Cor. 4. Hvorja Gud oss géfi fyrir forþénustu Sonarins, amen!

Hvad því sídara vidvíkur, er eg hét um ad tala, þá stendur hér í Gudspjallinu, ad vitríngar hafi komid úr Austurvegi, og fært barni þessu gáfur. Þetta sýnir oss Guds almáttugs födurliga umhyggju og forsjón fyrir sínum bornum, midt í mótgánginum, midt í orbyrgdinni; og sannast á þessu medal annars, ad Jesús hefir oss til eptirdæmis lidid, 1. Pet. 2. Hinn alskygni Gud, fyrir hvors augum ad allir hlutir opnir og naktir eru, Hebr. 4. hann vissi vel hvad lá fyrir sínum eingéta Syni, og hvorsu hans hond hafdi ásett ad plága hann vorra synda vegna, Esa. 53. med lángri og mædusamri reisu, og lángri útlegd í Egyptalandi, og þad strax sem hann í þennan eymda-dal borinn var, samt lét Gud hann ekki aldeilis hjálparlausann, heldur sendi þessa ókéndu menn af fjarlægu landi, til ad bæta hans naudþurft, og hans fátækrar módur. Tvent hefir hinn gódi Gud med þessu almættis og miskunar-verki útrétt; hid fyrra, ad hann sýndi, ad þetta hjálprædi tilheyrdi heidnum þjódum, Esa. 49. hvorjir ad vóru án Guds í heiminum, og fjarlægir Israels rétti, Eph. 2. Þad fólk er sat í myrkrunum sá ljós mikid, Esa. 9. Því eigi er líkligt ad

þessir vísu menn hafi dulid þad fyrir londum sínum, er þeir sáu og heyrdu, hvar eptir síd-an fylgdi kristni-bodid medal annara þjóda. Hann sendi þessa framandi menn svo, sem í umbodi heidíngjanna, til ad hylla þennan nýfædda Konúng yfir sig, til þess ad hann drottna skyldi til ytstu veraldarinnar endimarka, Ps. 2. Ó! hvorsu ættum vér þessu ad fagna, hvorjir eigi vorum Guds fólk, 1. Pet. 2. en hann hefir þó kallad sitt fólk. Hvorsu ætt-um vér ad prísa hans réttlæti yfir hans eigin, og hans miskunsemi yfir oss, sem vorum ann-arligir, ad hinir náttúrligu kvistirnir eru afbrotnir, en vér innplantadir, sem vórum villivín-vidur, Róm. 11. Hann rak sinn eingétinn Son í útlegd á Egyptalandi, strax á ómálga aldri, en hann hefir flutt vín-vid af Egyptalandi aptur, af því þrældóms-húsinu, og gródur-sett hann í því landinu, er hann vildi géfa þeim, Ps. 80; þad má eg heimfæra uppá oss, hvorra fedur ad voru syndarinnar og Djofulsins ánaud undirokadir, er þeir geingu til mál-lausra skúrgoda, 1. Cor. 12. Aldrei kunnum vér nógliga ad mikla og upphefja hans gud-dómligu speki og fodurliga forsjón, ad hann med þessu vitrínganna dæmi sýnt hefir, ad sá væri í heiminn borinn, sem er vor fridur og gjorir eitt af bádum, og gyrdíngu midveggjar-ins hefir afbrotid, Eph. 2. þar hann afmád hefir óvinskapinn, hvort ad var logmál bod-ordanna, sem var innifalid í setníngunum fyrir sitt hold, svo hann gjordi tvo ad einum nýj-um manni og semdi frid, svo þar eru nú af Gydíngum þeim ed trúdu, og heidíngjum, er ádur ecki trúdu, ordid eitt sauda-hús og einn hyrdir, Jóh. 10. Þetta var hid allra mesta miskunar verk, vid þá er voru hinum sárustu eymdum vafdir og mesta sálar voda; en svo ad Guds fodurlig gjæska léti oss vita, ad honum og umhugad væri um líkhami vora, þá sér hann sínum elskuligum Syni, hvor ad í volædi alinn var, hann sér honum farborda med þessu móti sem ádur er sagt. Herra Gud! Hann kom til sinna eigin, og hans eigin med-tóku hann ecki, segir Jóhannes, Cap. 1. Árla sýndu þad Gydíngar; hans módir féck eckert rúm í gésta-herberginu, til ad fæda í heiminn himins og jardar Skapara, nema einn stall, Lúc. 2. En framandi menn, þeir ed eckert af Gudi vissu, þeir koma um lánga vegu til ad færa honum gjafir. Án efa hefir hinn gódi Gud þetta gjort medal annars til þess, ad þau eigi skyldu naud lída á flóttanum í Egyptaland. Máttugur var hann ad sjá þeim borgid med odru móti. Hann gat látid hvort hey = strá í jotunni ad gulli verda. Þad var ecki meira kraptaverk, ad leida þennan litla hóp í gégnum eydimorkina, án allra medala til Egyptalands frá Canaan, heldur enn morg þúsund Israels sona úr Egyptó inn í Canaans-land, og forsorga þá um heil fjorutýger ár í eydimorkinni. En Gud vildi hér-med sýna, bædi módur hans og fósturfodur, sem og ollum þeim, er þetta Evangelíum sídan heyrt hafa og á hans nafn trúa, ad jafnvel þótt hann Konúngur væri, þá væri hans ríki ecki af þessum heimi, Jóh. 18. og svo ættu allir þeir lyndir ad vera, sem honum vildu til handa gánga, ad láta sér nægja, 1. Tim. 6. sinn deildann verd, bædi í medlæti og mótlæti; og þegar vér hofum þad, vér skulum fædast og klædast med, ad vér látum oss þá nægja, ef Gud vill svo vera láta. Uppá sinn eingétinn Son hafdi Gud lagt alla byrdi synda vorra, Esa. 53. Sú ánaud tók til strax í voggu, annars hefdi hann ecki í armód fæddur verid, og landflótta ordid, en ef honum var svo umhugad um hann, þá er hann reidur var

syndarinnar vegna, að hann þetta gjörði; að hann sendi honum Eingla til þjónustu, þá hann freistaður var, Matth. 4; að hann sendi honum Eingil af himni í hans bitra dauða-stríði, Lúc. 22; því viltú þá örvænta um Guðs aðstoð í mótgánginum, sem í honum og fyrir hann ert sættur við Guð, Cól. 1. og Jesú Christí samarfi orðinn. Eru ecki öll vor höfuð-hár talin? Mun þá eitt af þeim falla á jörðu án vors Föðurs vilja, þar slíkt má ecki einn titlíng henda? Mátth. 10. og hvörsu dýrmætari erum vér þó titlíngunum, sem með Guðs blóði erum endurkeyptir, Act. 20; en ef Guðs vilji verður á oss, hvörju höfum vér þá að kvíða? Er hann fátækur, að hann géti ecki hjálpað? Eður harðsvíraður að hann vilji ecki? Því möglum vér þá, strax sem ecki er fyrir augunum það sem eta skal? Hvar fyrir þýngja menn hjörtu sín með sorgum þessarar næríngar? Lúc. 21. Því hripsa þeir náúngans brauð út af hans munni, sem valdið hafa, strax sem þá vantar? Því svíkja hinir með aðskiljanligum undanskotum og ráng-sleitni er yfirvaldinu eiga tolla og tíundir að gjalda? Því halda menn daglaunarans sveita inni? Því prettast menn á innbyrðis, í kaupum og sölum? allt þetta er af hinum Vonda, og gjöra það nockrir af því, að þeir eru svo lyndir; aðrir þess vegna, að þeir hyrða ecki um, þótt að þeir brúki leifar eckjunnar og arf hins föðurlausa til óhófs og ofmetnaðar; en flestir þess vegna, að þeir vantreysta Guði; en hvað miklu betra er að brúka Davíðs ráð, Ps. 55. og varpa sinni áhyggju uppá Drottinn, því hann mun því vel til vegar koma. Hann kann að géfa vatn af hellunni þegar hann vill, Ex. 17. Hann gétur sadt sitt fólk með manna, Ex. 16. nær honum þóknast. Hann gétur sýnt Agar brunninn á þurrlendinu, nær hún til hans kallar, Gen. 21. Hann gétur forsorgað Jónas í hvalfiskfins kviði, Jón. 2. og jafnvel látið hrafninn þann grádugasta hræfugl, færa Elíæ fæðslu, 1. Reg. 17. En vantrúin segir, að Guð gjöri ecki jarðteiknir eins og á Elíæ dögum. Eg játa það, þess þarf og ecki við, Guð hefir svo leingi sýnt oss gjæsku sína og almætti, að vér mættum vel trúa, þótt ecki sjáum vér teikn og stórmerki; en þó vil eg það segja, að væri þar til Elíæ trú, Elíæ bæn, og Elíæ kjærleiki, þá er Elíæ Guð einn og hinn sami, ef honum þætti kraptaverkanna við-þurfa. En mér sýnist eigi þurfa jarðteiknir til þess, eður að umbreyta náttúrunnar háttum, að Guð varðveiti þá sem honum treysta, og hann í anda og sannleika ákalla, og sjái þeim farborða, bæði þá illa og vel geingur; því þess hefir aldrei misbrestur orðið frá fyrstu heims skopun, allt til þessa dags. Það orð stendur stöðugt, segir Postulinn, 2. Tim. 2: að þeckir Guð sína; eða vill nockur skrifa honum fyrir, með hvörju móti hann hjálpa skal? Seig mér, hvör mindaði þig nær þú einginn varst? Ps. 139. Hvör forsorgaði þig í móður-lífi? Hvör leiddi þig út þaðan? Hvör gaf þér aldur og voxt, mál og vit? Gjörðir þú þetta sjálfur? eða hjálpaðir þú nockuð þar til með þinni áhyggju? Seig mér, er þá ecki lífið meira enn fæðslan? og líkhaminn meira enn klæðnaðurinn? Matth. 6. Hvör lætur grasið á jörðunni vaxa? Segir ecki Jesús, að það verði að akurkallinum sofanda, Marc. 4. Hvör plantar trén í skóginum? Hvör lætur sauðina fjölga á jörðunni? Hvör framleiðir fiskana af sjónum? Hvör géfur regnið á jörðina í hagstæðann tíma; Páll sagði Guð gjörði það til vitnisburðar um sjálfann sig, Act. 14. Væri þér einnin rignt í veröldina í dag, og þú sæir að allt þetta skéði, mundir þú ecki kalla það kraptaverk? Svo verða Guðs almættis-

verk einn almennur hlutur hjá oss, í hverjum vér þó ecki hid minsta skilja kunnum. Hann lætur mig þó margt mótlæti þola, segir þú; Því má eg húngra og þyrsta? Því hann vill kénna þér, ad madurinn lifi ecki af einusaman brandi, heldur sér=hverju ordi sem framgeingur af Guds munni, Matth. 4. Því em eg sjúkur og sár? Til þess, ad líkhamans vanheilsa verdi ad andans heilbrigdi. Því missi eg þad Gud mér ádur lánad hefir? Svo þú ecki festir hjartad þar vid, Ps. 62. Því verdur mínum kjærustu vinum og adstodar=mønnum í burtu=svipt? Svo ad Gud sé þinn besti vinur, og þú lærir ad þeckja, ad hjá hønum einum er hjálpin, Esa. 43. þá øll mannlíg hjálp er úti. Hlusta því til þess er Elíphas Temanítes sagdi vid Job, af hans bókar Cap. 5: Sannliga er sá madur sæll, er Gud typtar; fyrirlít þú ecki straffan hins Almáttuga; hann hrellir sjálfur og læknar; hann slær, en hans hendur græda; af sex hørmúngum mun hann útryckja þér, og í hinni sjøundu skal eigi snerta þig hid vonda; í húngrinu mun hann frelsa þig frá daudanum, og í strídinu af sverdsins hendi. Vel er þad satt sem Postulinn segir, Hebr. 12. ad øll typtan medan hún álíggur, þykir hún sorg, og eingin gledi vera; en hún géfur þó eptirá fridsamligan ávøxt réttlætisins. Þar fyrir geingur þad Gudsbørnum, svo sem hann um sig játar, 2. Cor. 4: vér høfum þennan féssjód í leyr=kérum, svo ad yfirburdir kraptarins séu af Güdi og ecki af oss; í øllu þjáumst vér, en verdum þó eigi adþreyngdir; vér efumst, en ørvæntum eigi; vér lídum ossókn, en verdum eigi yfirgéfnir; oss verdur nidurvarpad, en vér fyrirforumst þó ecki; hvar fyrir, brædur mínir? því ad oss hendir eigi nema mannlig freistni, 1. Cor. 10. Þad er svoddan mótlæti, sem mønnum er bæriligt, en hann er trúr, og freistar einskis yfir megn fram, svo ad margur Lazarus, sá er liggur fyrir dyrum hins ríka, fullur kauna, Lúc. 16. hann er betur til frids, en einn veraldar sonur, hvorn ágirndin dagliga plágar, hvørjum øfundin slítur, hvorn reidin brennir, hvorn hofmódurinn uppblæs, svo hann hefir eigi frid nema einhvor steyti; hvar á mót Guds vinur hrósar sér af hørmúngunum, vitandi ad hørmúngin verkar þolinmædi, en þolinmædin reynsluna, en reynslan vonina, en vonin lætur eigi til skammar verda, Róm. 5. Þvíad elska Guds er úthelt í hjørtum vorum fyrir H. Anda, sem oss géfinn er, Róm 5. Játum þad því satt ad vera er Jakob segir, Cap. 1: sæll er sá madur er freistínguna þolir, því nær hann reyndur verdur, mun hann ødlast kórónu lífsins, hvørri Drottinn hefir heitid þeim er hann elskar. Hennar njótandi ad verda, unni oss miskunsamur Gud, Konúngur eylífrar dýrdar, fyrir Son sinn Jesúm, amen!

Fyrsta Sunnudag eptir Þrettánda.

Gudspjallid, Lúc. 2. Cap.

Í þann tíma, og þá ed hann var tólf ára gamall, fóru þau upp til Jerúsalem eptir sidvenju hátídardagsins. Og er þeir dagar voru lidnir, og þau fóru heimleidis, vard barnid Jesús eptir í Jerúsalem, og hans foreldrar vissu þad ecki. En þau meintu þad, ad hann væri hjá selskapnum, og voru svo komin eina dagferd, og leitudu hans medal

frænda og kunníngja. Og þá ed þau fundu hann ecki, geingu þau aptur til Jerúsalem, og leitudu ad honum. En þad skédi svo eptir þrjá daga, ad þau fundu hann í musterinu, sitjandi midt á milli lærifedranna, heyrandi þeim og adspyrjandi þá. En allir þeir er hann heyrdu, undrudust yfir hans skilníngi og andsvorum. Og er þau sáu hann, hnickti þeim vid. En hans módir sagdi til hans: Son minn! því breyttir þú svo vid ockur? Sjá þú, fadir þinn og eg, leitudum harmþrúngin ad þér. Og hann sagdi til þeirra: Hvad er þad þid leitid ad mér? vissud þid ecki, ad mér byrjadi ad vera í þeim hlutum sem míns Fodurs eru? En þau undirstódu ecki þetta ord, sem hann mælti til þeirra. Og hann fór med þeim ofan, og kom til Nazareth, var þeim og hlýdinn. En hans módir geymdi oll þessi ord í sínu hjarta. Og Jesú jókst aldur og vitska, og nád hjá Gudi og mønnum.

Exordium.

Hvør sem ecki medtekur himnarîki sem annad úng=barn, hann mun ecki inngánga í þad, segir Endurlausnarinn, Marc. 10. Hvad skulum vér hér til segja, br. m.? Jeg ætla ad holdi og blódi muni þetta ofgar þykja, og er þess oll von, því þau erfa sjálf ecki Guds ríki, 1. Cor. 15. er þar fyrir líkligt, ad þau muni ecki kunna mikla grein á þeim hlutum, er til Gudsríkis heyra. Hvørnin kann madurinn ad endurfædast þá hann er gamall? Hvørt gétur hann horfid aptur í sinnar módur kvid, og fædst svo ad nýu, sagdi Nicódemus? Jóh. 3. Og slíkar tolur mun hold og blód telja sér; skal eg æpa aptur eins og úng=barn, og verda vitfyrríngur eins og úng=barn, og láta ollum látum eins og úng=barn? eda eru himnanna dyr svo þraungvar, ad eg verd ad skrýda á fjórum fótum inn í Guds ríki eins og úng=barn? Þraungvar eru þær ad sønnu, kristinn madur! og þad svo mjog, ad hægra er úlfbaldanum ad gánga í gégnum nálaraugad; heldur enn ríkum manni inn í himnaríki, Matth. 19., og leidin er þángad svo þraung, ad margir vilja hana gánga og géta þad ecki, ad vitni Christi, Lúc. 13. En ecki er þad meiníng vors Frelsara, ad þad sé vegur til himnaríkis, ad gánga í bernsku edur úngædi, heldur enn hitt ad manninum byrjadi aptur ad hverfa í kvid sinnar módur. Páls segir oss best hvørnin því hagar, med þessum ordum: Verid ecki børn í skilnínginum, heldur í hreckvísinni, 1. Cor. 14. Sá er aktíd nógu vitur, er sér lætur stjórna af anda Drottins; hinn er fávísari enn nautid og asninn, Esa. 1. sem mótstendur heilogum Anda. Þér þykir þad vesælmannligt ad æpa eins og barn, en ecki þótti þad Davíd, sem ad táradist fyrir Gudi um allar nætur, Ps. 6; ecki Ezechíæ konúngi, sem tísti eins og tranan, og kurradi eins og dúfan, Esa. 38; ecki Manassi, sem gjørdi heita ydran fyrir sínar syndir, 2. Par. 33. og voru þessir eingin lítil menni; ecki Petri, sem géck út og grét beiskliga, Matth. 26. og ecki hinni bersyndugu, er þvodi Jesú fætur í tárum sínum, og þerradi med hár=lockunum, Lúc. 7. Þessir breyttu eptir smá børnunum, og þannin ætla eg flestir hafi geingid inn í himnaríki. Gud nádi vort eymdarstand hér í heiminum; þegar vér vorum ómálga børn, og vissum eingin deili góds edur ills, þá var himnaríki vort; en nær vér drøgumst á legg, gjørast sumir helvítis eldibrandar. Gott er ad sonnu ad vaxa ad aldri, og undir eins ad vitsku og nád hjá Gudi og monnum, eins og barnid Jesús; en hvad ilsku kunni vidvíkur, þá ætla eg gott sé ad fara aldrei af barns=aldri; því kalla eg þann heppinn, sem ecki veit af fleiri ódygdum ad segja, enn hann er fæddur med; jafnvel þó allt sé holdligt þad af holdinu er fædt, Jóh. 3. En þad má þó ad miklu leiti bæta, med kristiligum aga og uppfrædíngu, án hvørrar syndumspilt náttúra, er eins næm á þad illa, svo sem tundrid tekur á móti eldinum. Um þetta vil eg nockud framar tala út af þessu h. Evangelió, er vér viljum í tvo hluti deila: 1) Um skyldu foreldranna vid børnin. 2) Um barnanna skyldu

við foreldrana. En þú sem ordinn ert hluttakandi holds og blóds, eins og smá-bornin, Herra Jesú Christi! stjórna þú hjörtum vorum, svo oss fúsa gjöri ad fylgja þínu blessada dygda dæmi, og send oss þar til náð þíns H. Anda, amen!

Utleggíngin.

Hid fyrsta sem foreldrarnir eru börnunum skyldugir um, þad er líkhamlig forsorgun, föt og fædi; þad kénnir sjálf náttúran; himin og jord hrópa þad dagliga; allir hlutir hafa forsorgun af því sem þeir eru fæddir af; villudýrin á mörkinni, þau grimmu ljónin, og hinar ólmu byrnur, afrækja ecki sitt fóstur. Tréd hefir sinn vökva af rótinni, og ormum jardarinnar géfur hún sína fædu, og vér erum sjálfir komnir af henni í öndverdu, og öll sín börn hefir hún fyrir almættis krapt Drottins fóstrad allt til þessa dags; þackir séu hönum ad eylífu, sem hana dásamliga frjófgar med feiti vagnleidar sinnar, Ps. 65. Þetta er ad sönnu skyldugt og naudsynligt; en þó er þad hinn minsti partur, jafnvel þótt sumir þykist öllu hafa aflokid, þegar svo er gjört; þad er þó hálfverk, nema minna sé, því betra er ad kasta afkvæmi sínu út á mörkina, en ad láta þad uppalast í öllum ódygdum, Djöflinum til þjónustu. Hvad er þá framar? Hvad heyrum vér af foreldrum Jesú? Þegar hann var tólf ára gamall, höfdu þau hann upp til Jerúsalem. Í Exod. 34. stendur, ad Drottinn hafi géfid þetta bodord: Þrísvar á ári hvörju skulu allir þínir karlmenn mæta fyrir augliti Drottins Guds þíns. Þessu bodi voru þau Jóseph og María hlýdug, og töldu ecki eptir sér ad reisa um lángann veg, allt frá Nazareth í Galílæa upp til Jerúsalem. Merk hér hvad fyrst á ad vera í kristiligu uppeldi, sem er ótti Drottins. Þad sem fyrst kémur í kérid, þad lyktar þad leingst af, segir hinn rómverski ordsháttur. Svo eru og börnin; þad fyrst er hjá þeim innplantad, því halda þau leingst, en eckert er þvílíkt, sem ótti Drottins; hann er eins og sædid þad menn í jördina leggja, þad kann eigi annad enn ad bera sér líkann ávöxt; þar fyrir á þad ad vera þitt fyrsta verk, kristinn madur, ad innræta hjá barninu elsku til Guds, og mun allt annad gott med minna erfidi á eptir fylgja. Læknisdóma géfa menn inn á tómann maga, og halda þad gott til heilsubótar. Vér fædumst í þennan heim sjúkir af syndinni, því í syndinni em eg alinn segir Davíd, og í syndinni hitnadi minni módur med mér, Ps. 51; en hvar mun þvílík lækning þar vid, sem elskan til Guds? lát þinn son drecka hana inn med módur-mjólkinni, og muntú afla hönum andligrar heilbrigdi, og þad ádur enn allt annad innkémur, ádur enn hid únga hjarta saurgast af heimsins óhreinindum, af vondri umgeingni og illum dæmum, ad þad sé þá fullt af elskunni til Guds og dygdanna, svo þá Satan kémur og ber ad dyrum med hanri lastanna, þá verdi hann snarliga brotinn á bak aptur, af þeim sem hönum er yfirsterkari, Lúc. 11. Lastadu blygdunarlaust, þar mun altíd eitthvad vid loda, segja hin hreckvísu Djöfulsins börn, sem tamt er ad bera íllt í höfdíngjanna eyru, til ad afla fjandmönnum sínum óþocka. Brúka hid sama vid barn þitt med ödrum hætti! Tala jafnan um Gud, hvad gódur hann sé, og hvörsu voldugur; ad hann hafi himin og jörd skapad; hvad mikid gott hann mönnunum veiti; hvörnin hann þá dásamliga forsorgi; hvörsu gódur hann sé þeim, sem hann óttast; hvad dýrdliga víst hann hafi tilbúid þeim med sjálfum sér, er hann elska

og nockud lída í heimi þessum hans vegna; hvorsu ágjæt gjof ad sé Jesús Christus, og hvornin hann hafi einnin úng=barn gjørst fyrir mannanna hjálpræðis sakir. Tala þetta fyrir barninu, kristinn madur; þad er sú hreina og skynsamliga mjólk, sem Petur um talar, 1. Pet. 2., ad vér skulum girnast, svo ad vér voxum til sáluhjálpar, og trú mér til, þad mun eigi ávaxtarlaust verda, jafnvel þótt bernskan sé rík í úngdómsins hjarta, Prov. 22; því af munni smá=barnanna og brjóstmylkínganna hefir hann sér lofid tilreidt, Ps. 8. Þetta má einfaldligt þykja, þad er þó þad, án hvors einginn hefir vitur ordid. Jeg skammast mín ecki ad tala þad til Guds barna, sem Mósi þótti eingin minkun ad tala til Israels sona, edur hvad segir hann? Devt. 6:. Þessi ord sem eg býd þér í dag, skaltú leggja uppá hjarta þitt, og brýna þau allt jafnt fyrir þínum bornum, og ræda um þau nær þú situr í þínu húsi, og binda þau til merkis á þína hond, og skrifa þau á þína dyrustafi, og þau skulu vera þér minníngar teikn fyrir þínum augum; hvar um taladi Mósis þetta? Um Guds logmál, sem þó deydir, 2. Cor. 3. Hvad miklu framar má eg þad segja um ord Evangelíí, sem eru líf og andi, Jóh. 6. Og fyrirþví ad allt logmálid er í tveimur bodordum innifalid, sem er ad elska Gud af ollu hjarta, og náúngann sem sjálfann sig, Matth. 22. þá undirvísa barninu strax á únga aldri, hvornin allir sén ordnir einn madur í Christó, Gal. 3. en hann sé hofudid, Eph. 1; hvad skammarligt þad sé, ad einn limurinn for=smáir annan, edur ad þeir tonlist og tyggist innbyrdis, þar til þeir mættu um sídir verda uppetnir; já, hvada merki hinn gódi Jesús hefir sett uppá sína lærisveina, ad allir skuli þeckja þá þar=af, ad þeir elski hvor annan, Jóh. 13. Brýn fyrir syni þínum kristiligar dygdir og gudræknligt athæfi, hógværdina, kjærleikann, miskunsemina, þolinmædina, rétt=vísina, gódfýsina, sparsemina, hugprýdina; afmála þær svo sem Drottins Eingla í hans augum, svo ad hann fái elsku til slíkra hluta, og hafi þá kjærari enn allt annad, og þecki hvorsu Gud hafi þá kjæra er slíkt idka, og hvornin ad allir ágjætir hlutir, sem menn hafa mestar mætur á í heiminum, plagi slíkri atferd eptir ad fylgja, svo sem er heidur, metord, ástsæla, og annad stundligt eptirlæti, er Gud veitir morgum af sínum vinum; en kunni odruvísi ad falla, þá sé dygdin sín eigin verdlaun í þessu lífi, og hafi fyrirheit eylífrar sælu í himnaríki. Lát hann sem allra seinast ná ódygdirnar ad þeckja, en elska aldrei; drep þeirra nafn út í hans eyrum, og gjør lestina ad skrímslum og ófreskjum; leid honum fyrir sjónir þeirra straff og illar útfarir, er þvílíkt adhafast, og ad hann muni slíkann kost eiga, nema hann gjaldi varhuga vid; med svoddan fortolum er kristiligt og skynsamligt ad hræda úngar manneskjur, en eigi med grílum, draugum og forinjum. Upphaf vitskunnar er ótti Drottins, Ps. 111. en ecki ad hrædast féndur og púka, hvorja þeir aldrei séd hafa, er hvad mest þar um rausa. Umfram alla hluti vert sjálfur hinn skjærasti dygda=speigill fyrir þínu afkvæmi; lát eckert ljótt sjást í fari þínu, hvad hinn úngi kunni eptir ad henda. Born=in trúa foreldrunum eins og Gudi, og meina þad sé allt gott sem þau gjora. Lát ecki hlídni undirgéfninnar, glæpast á agni ilskunnar. Fyrir eingum á meiri bligdun ad bera, enn fyrir einum ýnglíng. Þad er betra ad gjora ljótt eitthvad í Hofdíngjans augliti enn barnsins. Hvar á þinn sonur gott ad læra, ef hann sér eigi til fødursins annad enn þad íllt er? Munt þú, sem lýtum ert hladinn, hafa gétid hann svo næmann á dygdirnar, ad

hann læri þar sjálfkrafa, er hann sér aldrei fyrir sér nema ódygdir? Kunni þig því mannligt ad henda, svo sem oft skédur, þá tak þér vara fyrir, ad hinn úngi madur viti sem minst þar af, því eg vil heldur ad óvinur minn sjái íllt til mín, heldur enn sonur minn; þegar eg gjæti ad, hvorsu þúng Guds hönd vard yfir Jeróbóam syni Nebat, sem ad kom Israel til ad syndga, 1. Reg. 14. Þad er og ecki nóg ad þú vardveitir sjálfann þig, vakta og barn þitt fyrir vondum selskap, því íllt samtal spillir gódum sidum, segir Postulinn, 1. Cor. 15. og lítid súrdeig sýrir allt deygid, 1. Cor. 5. Jeg sé hér í gudspjallinu, ad Jósepf og María leitudu ad Jesú, á-medal frænda og kunníngja, sem voru gudhræddir menn, en ecki medal illþýdis; hvar fyrir? því hann var ecki þesshattar selskap vanur; þau fundu hann og í musterinu, sitjandi midt á milli lærifedranna; en ecki út á strætum medal gárúnga. Einginn kann um þad högum ad hyggja, hvad vondur selskapur gjörir; þad geingur tregt ad venja vonda náttúru á hid góda, hitt er létt ad temja góda á hid vonda. Júda hefdi kanské ecki verid hluttakandi í mansali *) Jósephs, hefdi ecki spilt honum selskapur brædra sinna, Gen. 37; Dína hefdi haldid æru sinni, hefdi hún ecki komid í lauslátar hendur, Gen. 34; Páls hefdi ei offsókt Guds kristni, nema hann hefdi ádur verid druckinn af súrdeigi Pharisæanna, Matth. 16. Þótt ad vér séum getnir og fæddir í syndinni, þá er þó barnanna hjarta líkt hreinum pappír, þar ed allir hlutir verda ritadir á; ef þad er gott, þad blífur, er þad íllt, þad er ecki heldur svo létt út ad skafa, svo ecki á sjái. Umgeingni hreckvísra manna er heimugligt eitur, einn nætur-þjófur, ein mordpíla, ein drepsótt, sem í myrkrunum lædist, Ps. 91. einn höggormur í barmi og rotnan í beinunum, Próv. 12. Halt því hinum úngu árum frá slíkri ólifjan. Barnid samþyckir þad kanské ecki strax sem þad heyrir; en trú mér til, ad eitt vondt ord grefur meir um sig í hjartanu enn flísin í holdinu. Ef nockur stíngur fíngrinum á vaxid medan þad er blautt, þá verdur þar hola eptir, og hún varir þegar þad hardnar, tekst og ecki heldur í burt, nema þad sé brædt aptur; svo er og barnid; þad einn úngur numdi, þad kann hann gamall; gétur og kanské ecki gleimt þó hann vildi, og þó hann kynni, þá er betra heilt enn bætt. Lát því sem minst verda spjöllin, svo eigi þurfi ad endurbæta. Þar er stórlæti nockurt í flestra manna hjörtum, Jer. 17. því madurinn er drambsamt dýr; þad er ad sönnu skadlig tilhneigíng, kann þó til gagns ad koma, sé henni vel stjórnad; lát þinn únga son læra ad forsmá þad sem íllt er, og virda þá ad eingu sem ecki vanda sjálfa sig; þad stórlæti er skadlaust, því Postulinn segir um þá, sem látast brædur (þad er kristnir) vera, en eru þó heidíngjar í hjartanu, ad med þvílíkum skuli menn ecki matar-nautn hafa, 1. Cor. 5. Ad þessu undangeingnu, þá venjid og börn ydar til idni og ástundunar! Svo sem leti og ómennska hefir aflad mörgum mikilla lasta, svo hefir idni og eljun margann ósóma í burtu tekid. Höfdíngi þeirra Athenuborgar-manna Sólon, hann setti fordum daga, ad sá sem ecki hefdi kénnt syni sínum neitt handverk, hann skyldi ecki eiga skilid af honum fóstur í elli sinni. Eg kann ecki ad segja, ad þad væri kristiligt, hitt segi eg ad þad var gagnsamt; þó eg valla viti hvad sá er foreldrunum skyldugur um, sem er uppalinn í leti og ómennsku, svo hann gétur ecki feingid sér atvinnu, þá hann er fullþroska. Og þótt allir fái eigi til þess komist

*) Man er þræll, ad selja Mansali, er ad selja í þrældóm.

ad setja barn sitt til menta, þá vitid ad ærligt erfidi er Gudi eins þægt; því hjá honum er hvörki þræll né frelsíngi, heldur allir eitt í Jesú Christó, segir Postulinn, Gal. 5. Þad væri eigi gott ad allir væru herramenn; eg ætla þá yrdu allir bændur, hvad veroldin eigi þolir fyrir mannanna ilsku sakir; bóndinn vid orfid er eins þægur Gudi, þegar hann gjörir verk sinnar kallanar, svo sem dómarinn í sínu sæti, edur presturinn fyrir altarinu. Jesús var ecki til bóka settur, því sögdu hans óvinir: hvadan kémur honum frædi þessi, Matth. 13. er hann hefir þó ecki á bækur lært? Þad skédi af Guds ásettu rádi, svo einginn kynni ad segja, þad hann hefdi sína speki af mönnum; en timburmannsins son, Marc. 6. var hann kalladur, og sjálfur smidur nefndur. Því er audvitad, ad hann muni ecki ydjulaus verid hafa í úngdómi sínum, heldur numid þad sama handverk. Þó mæla sumir eptir börnum sínum, ad læra ad leita síns brauds í sveita síns andlitis, vitandi ecki þad, ad sá sem uppelst idjulaus, hann er næst því ad deya ærulaus; því þegar hann kann eckert ad vinna, hvad gétur hann annad gjört enn ad hlaupa med þjófnum til ad stela og verda sídan dreiginn í gálgann til ad hánga? Margt mætti hér um framar tala, en eg læt hér vid bída í þetta sinn, og vil íhuga framveigis, hvad börnin eru aptur á mót foreldrunum skyldug.

Og hann fór ofan med þeim, og kom til Nazareth, var þeim og hlýdinn segir textinn. Hvílíkt er þetta, br. m.! Skaparinn hlýdnast sképnunni, Gud manninum, Herran ambáttinni. O! minn herra Jesú, hvílík er þjóns-mind þessi? Þad er ecki um skör fram talad, ad þú lidid hefir oss til eptirdæmis, 1. Pet. 2. Merki þad allir þeir ed undir foreldra valdi eru, og annara sem í foreldra stad settir eru, hvörsu ódidurkvæmiligt þad er, ad brjótast á móti þeim sem vér ecki einasta eigum sjálft lífid, heldur og fóstur og uppheldi ad þacka. Þér börn, verid hlýdug fedrum ydar í Drottni segir Páll, Eph. 6. því þad er réttvíst, heidra fodur þinn og módur, þad er hid fyrsta bodord med fyrirheiti: ad þér vel vegni, og þú sért lánglífur á jördunni. Hvar fyrir segir hann í Drottni? Því ecki einasta vegna foreldranna, heldur og Guds vegna á þeim ad hlýda. Gud er allra vor fadir, Eph. 4. og med því allra fegursta nafni hefir hann auglýst sína elsku til vor mannanna. Hann kunnum vér ecki ad sjá og lifa, Ex. 33.; því hefir hann sett foreldrana í sinn stad, ad vér skulum dýrka sig med hlídninni vid þá. Hinn fyrsta heidur og lotníngu, hefir Gud sjálfum sér skilid af manninum; þau eru innibundin í hinni fyrri bodorda-toblunni. Þad allra fyrsta í þeirri sídari hefir hann látid vera þad fjórda bodordid, svo sem hlýdnin vid foreldrana væri sá hlutur er umfram adra væri mest verdur; þetta er hid einasta bodord med fyrirheiti; og er ecki ólíkindi ad hin almáttuga Speki, sem leikur vid mannanna börn, Próv. 8. hafi þad gjört í þeirri meiníngu, ad úngdómurinn sem alla hluti vinnur fyrir fögur loford, en ecki hefir vit á ödrum dygdum enn hlýdninni, sem er rót hinna, skyldi hafa eitthvad þad ad gángast fyrir, sem í augun geingi; en þótt ad Gud hafi hér tímanligri blessan heitid, þá viti menn, ad hitt er eigi fráskilid, heldur þar sem þetta stundliga endar, þar tekur hid eylífa vid. Sæll er sá sem missir nockud af leingd lífdaganna, til ad ná sem fyrst inn í ríki himnanna, því leingi ad lifa er leingi ad syndga; þad má og ecki leingi kallast, sem einhvörn tíma skal enda taka; bregdist því leingd lífdaganna hér á jördunni, þá bregdst hún ecki á landi lif-

andi manna. Óhlýdni er galdra-glæpur, segir Skriftin, 1. Sam. 15. Hvar fyrir? eda hvad er galdur? Þad er afguda-dýrkan; en sá hinn ohlýdni gjörir sjálfan sig ad gudi; því segir Páls, Róm. 13. ad sá sem mótstandi valdstjórninni, hann mótstandi Gudi, en hann ed foreldrunum mótstendur, hann giorir hid sama. Þad er næsta merkiligt sem ad sagdi Jeremías spámadur vid sonu Jónadabs sonar Rechab, Jer. 35. Þegar Ísrael átti ad útleidast í herleidínguna med kvinnum og börnum, þá sagdi Spámadurinn, í Guds stad, til Rechabs sona: af því þér hlýddud bodordi Jónadabs födur ydar, og þér gjörid sem hann baud ydur, vardveitandi öll hans bodord, þarfyrir segir Drottinn allsherjar: þar skal ecki upprætast einn madur fyrir Jónadab syni Rechabs, ad eigi standi hann frammi fyrir mér alla tíma; og ad menn viti, ad hlýdninnar fyrirheit nái leingra enn til Ísraels sona, þá voru Rechabítar framandi menn, og ecki af Ísraels sonum, og var þannin fyrirheitid tekid frá börnum fyrirheitisins, en gefid þeim er eigi höfdu fyrirheit. Svo sjá menn nú, ad þar er eckert manngreinar-álit hjá Gudi, heldur á öllu fólki og túngumálum, sem gjörir hans vilja, hefir hann þócknan, Act. 10. Og svo sem Gud hefir í nád sinni blessad hlýdnina vid foreldrana, svo hefir hann og í sinni grimdar-reidi ohlýdnina straffad. Hrædilig eru þau ord er Drottinn taladi vid Samúel, 1. Sam. 3. um sonu Elí, þá þeir trássudu á móti sínum födur: eg skal gjöra einn hlut i Ísrael, ad hvör þad heyrir, hans eyru skulu klíngja þar vid; eg hefi svarid Elí húsi: svo sannarliga sem eg lifi, ad Elí húss misgjörd skal ecki forlíkud verda med gáfum edur fórnfæríngum ad eylífu; og hvörsu margur hafi hérfyrir straffadur verid, er oflángt upp ad reikna; fyrir þetta misti Rúben sína frumgétníngu, Gén. 49; fyrir þad héck Absalon í eikinni, 2. Sam. 18; fyrir þad vard Canaan, sonur Cams bölvadur, Gén. 9; þad sama útrétti Nerónis hönd til ad myrda sjálfan sig, og adrir hafa med ödru móti hegndir verid. Og hvad viljum vér lángt leita? gjætum ad óskopum þessa auma lands, þar sonurinn skipar födurnum; fadirinn þorir ecki ad tala í midt hóf vid soninn; fadirinn vinnur baki brotnu, sonurinn sefur á bædi sín eyru; fadirinn húngrar og þyrstir, sonurinn er fullur og feitur; fadirinn hefir einga ró fyrr enn hann hefir klakid því upp, sem hann gétid hefir, en sonurinn vill láta födurnum vera veitt í öllu því hann lætz gjöra, hvad þó eingvanvegin er, því fadirinn þiggur eckert af syninum, þótt hann ali hann; hinn gjörir eigi meira enn gjalda aptur þad honum lánad var. Ecki þarf eg ad segja, ad fyrir þetta komi hefnd Drottins og reidi yfir land vort, því þetta er nóg hefnd í sjálfu sér, þar þessir, sem svo eru uppaldir, gánga heilbrigdir bæja á milli, þad eru vorir ölmusu-menn, og vér fædum þá í Guds nafni; þad eru þeir ed útsjúga hús eckna og födurlausra, og þeir ed drecka annara Guds barna sveita, jafnvel þótt þeir eigi í sínum eigin, ad næra sig af jördunni, Gén. 3. Sólon var eitt-sinn adspurdur, hvar-fyrir hann hefdi eingar vidlögur haft vid födur-drápid? enn hann svaradi, ad hann hefdi alldrei þeinkt til þess, ad þad mundi nockrum i hug koma. Eg medkénni og þad, og þacka Gudi fyrir, ad hann hefir vardveitt land vort fra svo skélfiligri ólucku í lánga tíma, jafnvel þótt þess dæmi séu annarstadar. En sá ed

formælir fødur og módur, Próv. 20; sá ed hædir fødurinn, en foraktar módurina, Próv. 30; hann sem med illu einu launar alla þá mædu og þiáníngu, sem hans foreldrar hafa uppá hann kostad; hann sem med ógudlegu athæfi, skommum og løstum kvelur þad brjóst, fyrir hvørju hann borinn var, svo þetta hefir marga gudhrædda foreldra til dauda dreigid, mun hann vera lángt frá fødur=mordi? Og svo sem þad má hin stærsta gledi vera ad sjá sitt afkvæmi frammgánga í Guds ótta, svo hlítur þad ad vera hin mesta hjarta=sorg og hugar = ángist ad sjá sína eigin sálu illa fara. Børnin eru kveikt af foreldranna veru; en einginn hefir um aldir sitt eigid hold hatad, heldur fóstrar hann þad og nærir, Eph. 5. Zeleuchus Hofdíngi þeirra í Lócris, er hann hafdi þad í løg leidt, ad sá sem tæki med annars manns ekta=konu, skyldi augun missa, þá henti þad hans eigin son, hvar=fyrir hann lét stínga út hans þad eina auga, en sitt annad, til ad fullnægja løgmálinu. Þad auglýsti og Psamenítes Egyptalands konúngur, þegar børn hans voru svívirdt og illa útleikin, þá grét hann ecki heldur enn steinn, en þegar hann sá vini sína til lífláts leidda, þá táradist hann miøg svo, og er hann var ad ordsøkinni spurdur, svaradi hann því, ad í mótgángi vina sinna skyldu menn gráta, en barnanna ólucka væri stærri og sárari enn svo, ad hún tæki nockrum tárum, og allt mun heldur skorta, enn ad þvílík finnist enn=nú í dag, jafnvel á medal vor. Hvad sýnist þér þá, kristinn madur? hvílíkur ógjør=níngur er þad, ad sálga þeirra hjarta med óhlýdni og illu athæfi, er svo heitt elska, af hvørra sálu þín sála svo fast hángir, svo sem Jakobs af Benjamíns? Gén. 44. Þad var í løgum haft hjá Athenu=mønnum, ad sá sem ecki vildi foreldrana forsorga, hann skyldi ærulaus vera; eg kann ecki ad segja þad órèttvíst, því þar er eingrar æru von hjá honum, sem ecki vill unna þeim lífs uppheldis, sem honum hefir til lífsins hiálpad. Þar fyrir, børn mín, gjætid ad ydur fyrir Guds sakir, og leidid ecki yfir ydur tímanliga og eylífa ólucku med óhlýdni og forsmán foreldranna. Þér kallid allir Gud, ydar fødur, sem á himnum er, en hann vill ecki þess fadir heita, sem foraktar sína foreldra, því elski hann ecki sinn fødur, hvørn hann sér, hvørsu má hann Gud elska, þann er hann sér ecki? 1. Jóh. 4. O Herra Jesú Christi! þú sem Fødurnum hlýdinn gjørdist allt til daudans, já, allt til krossins dauda, Phil. 2. géf þú ad vér fyrir þínar og þíns og vors himneska Fødurs sak=ir verdum svo allri mannligri skickan undirgéfnir, 1. Pet. 2. ad þú viljir oss þeckja fyrir þín børn á hinum efsta degi, nær þú kémur ad endurgjalda sérhvørjum einum eptir sínum verkum, 2. Cor. 5. Sérílagi bidjum vér, gódi Gud! géf børnunum hlýdid hjarta, og vernda þau frá vondri verøld þessari, svo þau elski þig, elski foreldrana, elski yfirbodarana, elski dygdir og mannkosti, og í einu ordi ad segja, ad þau vaxi og þróist ad aldri, vitsku og nád hjá Gudi og mønnum. Bænheyr þad fyrir Jesú forþénustu, Amen!

Annann Sunnudag eptir Þrettánda.

Gudspjallid, Jóh. 2. Cap.

Í þann tíma; þar gjørdist brúdkaup í Cana Galíleæ, og mód=ir Jesú var þar. En Jesus og hans lærisveinar voru og bodnir til

brúdkaupsins. Og er þá þraut vín, sagdi módir Jesú til hans: þeir hafa ecki vín; Jesús sagdi til hennar: þú kvinna! hvad hefi eg med þig? mín stund er enn ecki komin. Módir hans sagdi til þjónustu-mannanna: hvad helst hann segir ydur, þad gjørid. Enn þar voru sex stein-kér, sett eptir venju Ebreskra manna hreinsunar, og hvørt eitt tók tvo edur þrjá mælira. Jesús sagdi til þeirra: fyllid upp kérin af vatni, og þeir fyltu þau allt á barma. Og Jesús sagdi til þeirra: hellid nú á, og færid kjæmeistaranum, og þeir færdu hønum. En þá kjæmeistarinn smackadi vatnid, þad ad víni var ordid, og hann vissi ecki hvadan þad kom, en þjónustu-mennirnir sem vatnid sóktu, vissu þad, þá kalladi hann á brúdgumann, og segir honum: allir menn géfa í fyrstu hid góda vínid, og nær þeir taka ølvadir ad gjørast, þá þad hid léttara; en þú hefir geymt hid góda, allt til þessa. Þetta er hid fyrsta jarteikn sem Jesús gjørdi til Cana í Galílæa; og hann opinberadi sína dýrd; og hans lærisveinar trúdu á hann.

Exordium.

Jeg hefi trúlofad ydur einum manni Christó, ad eg fái ydur hønum hreina meyu, segir St. Páll, 2. Cor. 11. Hvør skyldi hafa vogad ad koma svo ordum ad þeirri einingu, sem er á milli Guds og manna, hefdi ecki Guds Andi fyrstur lagt þad í munn sinna helgra manna? og er þad þó ecki ad undra, því ordin eiga eptir hlutunum ad líkja. Í leyndardóm holdtekjunnar vors Frelsara, er Gud samteingdur mannligri náttúru, þad himneska vid hid jardneska, þad eylífa vid hid daudlega, þad sýniliga vid hid ósýniliga, hid skapada vid þad óskapta, og þad med svo sterku bandi, ad ecki má adskilja, og þar-ad-auki eru þeir sem Gud elska, einn andi med Christó. Þennan oransakanliga leyndardóm hefir hinni eylífu Speki þócknast ad jardteikna med sambúd daudligra manna, þar madur og kona samankoma í ærligum og heiløgum ektaskap. Nú þótt ad himneskra og jardneskra hluta kunni valla nockur jøfnudur ad hugsast, auk heldur talast edur gjørast, þá er þó einingin á milli Guds og manna mjøg svo lík einum kristiligum ektaskap; beggja høfundur er hinn almáttugi Gud; hvørttveggja hefir kjærleikurinn samteingt; svo sem hrein elska festir gudhræddra hjóna sálir eina vid adra, svo hefir Jesús af eintómri elsku og kjærleika ofan stígid í vort auma hold, og gjørst safnadarins høfud, eins og madurinn kvinnunnar, Eph. 5; og Páłus talar enn-þá nær þessu í sama Kapitula, segjandi: vér erum limir hins sama líkhama, hold af hans holdi, og bein af hans beinum, og med sømu ordum útskírdi vor fadir Adam, þær teingdir, sem náttúran baud hønum, ad væri á milli hans og vorrar fyrstu módur, er hann sagdi: þessi er hold af mínu holdi, og bein af mínum beinum, Gen. 2. Þar fyrir ítrekar Páłus einnig hina fyrstu hjóna vígslu, Eph. 5. med þessum ordum: af þeim tveimur skal eitt hold verda. Vor Herra telur alleinasta eina ordsøk til þess, ad ekta-fólk skilja megi, Matth. 5. sem er hórdómur; svo skilst eigi Kristur vid nockra syndugs manns sálu, þá er hann hefir sér eitt sinn festa, nema hún taki frammhjá hønum heiminn, holdid og djøfulinn; og þó segir hin eylífa Miskunsemin, Jer. 2. sjá! þeir plaga ad segja: ef madur lætur konu sína eina, og hún geingur ad eiga annan mann, mun hann hverfa ad henni aptur? mun ecki þad land magnliga saurgast? en þú hefir hóranir drýgt med mørgum elskuga, snú þó aptur til mín segir Drottinn Gud. Ektaskapurinn er af Gudi innskiptadur til ad fjølga mannkyninu í heiminum; þad baud Gud í øndverdu, er hann sagdi: vaxid og margfaldist, og uppfyllid jørdina, Gén. 1. Þad ítrekadi hann eptir flódid vid Nóa, Gén. 9.

og þess sama ords almættis kraptur er enn-nú nýr og ferskur, og mun verda, allt til enda veraldar. Jesú brúdir er einnin nærsta frjófsöm margra barna módir; hennar Unnusta spá, er á henni farsælliga rætt, ad hin einsamla héfur fleiri börn enn hún sem manninn hefir; Esa. 54. Hann hefir med H. Guds ordi ótal barna vid henni gétid, 1. Pet. 1. hvør nu standa umhverfis hans bord á himnum, Ps. 128. svo sem pálma-vidar kvistir á vatns-bockum plantadir, Ps. 1. Þess gétur Jakob Postuli, Cap. 1: hann hefir sjálfkrafa gétid oss med ordi síns kraptar, ad vér séum nockurskonar frumburdir hans sképnu. Þessu hrósar brúdguminn, Esa. 8, segjandi: sjáid mín börn sem Drottinn hefir géfid mér. Þar yfir sagnar brúdurin, Esa. 49. med þessum ordum: hvør hefir gétid þessa? eg var óbyrja, burtflutt og ad herfángi tekin; hvør hefir uppalid þessa? eg var yfirgéfin og einsomul; hvar voru þessir? Kristilig kyrkja elur fjølda barna, því hennar Unnusti er alltíd hinn sami, og hans ár taka eingan enda, Ps. 102. Hann er sá madur Zemach, undir hvørjum eylífliga græ, Zach. 6. hvørs andi ad lífgar. Gydínganna samkunda er ein óbyrja, því hún hefir sleigid sinn mann í hel, en fadmar hinn afgamla og útdauda Moisen, hvørs bókstafur ad deydir, 2. Cor. 3. Nú fyrst hinum eylífa Gudi hefir þócknast ad teikna svo háleita hluti med hiónabands samvistinni. þá gjætum þess, brædur mínir, med hvad mikilli æru og vyrdingu, ad oss byrjar ad vanda þá heilogu stétt. Þar um vil eg nockud framveigis tala, út af þessu heilogu Evangélió. En þú sem oss hefir trúlofad þér í nád og miskunsemi, eylífi Sonur lifanda Guds! upplýs þú hjørtu vor, svo ad þetta vort áform farsælliga luckist, og géf þar til nád þíns heilaga Anda, Amen!

Utleggíngin.

Þar gjordist brúdkaup í Cana Galílea, segir textinn, og Jesú módir var þar. Sumir hafa tilgétid ad þessi brúd-hjón hafi verid ætt-menn Guds módur, og nockrir halda ad brúdguminn verid hafi Jóhannis Postuli, því hann einn skrifar þetta, og þeigir þó um nafnin, svo sem plagsidur hans er, nær hann um sjálfan sig eitthvad merkiligt skrifar; um þetta er eckert víst, rídur og á eingu. Hitt er audrádid, ad hér hafa gudhræddar persónur búid rádahag sinn, því ecki hefdi Jesú módir átt sess vid þau ella, og er þad af þessu ad læra, ad menn taki gudhrædda menn til rádaneytis med sér, þegar slíkt á ad byrja, en ecki hlaupa til slíkra efna fyrir rád fram; eigi heldur hlýdast á fortølur þeirra, er annad-hvørt sjálfir ecki vita fótum sínum forrád, edur fyrir eigin gagnsmuna sakir steypa einum óreyndum og fákjænum í þá gryfju, sem hann má æfinliga gista og aldrei blídan dag sjá. Í ektaskapar-málum er þad eins og í strídinu, þar má eigi villast tvisvar; sá sem eitt sinn féll í valinn, hann reis aldrei upp sídan, og hann sem byrjar sinn rádahag, má búast vid ad tebla vid slíkan kost allann sinn aldur, er hann tekid hefir. Eg heyri ad Jesú módir var hér ad heimbodi, og hans lærisveinar. En hvad segir hann sjálfur? Matth 12: sá sem gjørir vilja míns Fødurs sem á himnum er, hann er minn bródir, systir og módir; þad eru þeir ed óttast Gud og elska; slíkum eiga Guds børn eptir ad leita. Eingin er þvílík heiman-fylgja sem ótti Guds og ærligt uppheldi. Abraham lét Eleazar sinn þénara sverja sér vid Gud, ad hann skyldi einga taka syni sínum til ekta, af Canaans dætrum, Gén. 24. svo mikid þótti hønum á því rída, ad børn sín ecki skyldu draga ok med ógudligum, 2. Cor. 6. Drottinn alsherjar lagdi ríkt á vid sitt fólk, ad eigi skyldu þeir teingjast þeim gudlausu þjódum, er hann rak út úr Canaans landi, Devt, 7; þad bar til þess, ad eigi skyldu þeir villa hjarta þeirra frá Gudi, og temjast á alla þá óhæfu, fyrir hvørja hinir voru út-drifnir, eda ásamt þeim verda fyrir Guds

straungu hefndar=hendi, er alla=reidu var útrétt til ad hvolfa hinum fulla mælir syndanna yfir þeirra eigin höfud. Synir veraldar þessarar spyrja fyrst allra eptir audæfum og ríkdómi, svo sem öll er von til, því hvar þeirra féssjódur er, þar er hjarta þeirra, Matth. 6. Nú má þó ecki slíkar Guds gáfur lasta, þegar þad eru hans gáfur, og ecki braud hins volada, sveiti daglaunarans, edur hús eckjunnar, en eg sé þó aptur=á=mót, ad heimurinn mun fyrirfarast med öllu því sem í hönum er, 1. Jóh. 2. og hvør eru þá þess not, sem einn hefir sett fyrir sinn gud og ædsta hjartans traust? Þar er fljótt til ad svara: hann er gudlaus og huggunarlaus: og auk þessa, þótt vér skyldum eptir mannligum plagsid tala, þá játa eg þad satt ad vera, sem hann sagdi fordum: eg vil heldur manninn sem peníngin brestur, heldur enn peníngin þann er manninn vantar, því hvad skal audurinn hinum arga, edur boginn þeim, er eigi kann ad nýta hann? Þad væri eins og ad kaupa margar hörpur, handa þeim sem ecki kann á hörpu, eda bækur fyrir þann, sem ecki hefir lært á bók. Audur er gódur þeim er kann ad brúka hann, hinum er hann eins og rögum manni lángt vopn, en einginn veit þá kunst, nema sá sem gudhræddur er, og gjörir sér vini af hinum gamla ránglætis mammóna, þá ed medtaki hann í eylífar tjaldbúdir, Lúc. 16; og í stuttu máli ad segja, sá er einasta auds verdur, sem audinn forsmáir; ecki þad hann fyrirlíti Guds gáfur edur kasti þeim á glædur, heldur festir ecki hjarta sitt þar vid, og lætur ecki mammon drottna yfir sér, heldur drottnar yfir hönum. Og fyrst þessu er svo varid, þá er ecki ad slægjast til audsins, sem á ad vera þrællinn, heldur til Guds ótta, sem á ad vera herrann. Adrir eru gefnir fyrir ættum og göfugu foreldri; þad er ad sönnu ágjætt, því tídar ber þad vid, ad gódir koma af gódum, og stórmenni hafa betri rád til ad ala upp börn sín ef þeir vilja vel, heldur enn smælíngjar; þó er allt holdligt þad af holdinu er fædt, Jóh. 3. og allir eigum vér til Adams ad telja, og ecki taka menn alltíd dygdirnar í arf; eg vil heldur ad einn gjöri Abrahams verk, enn ad hann sé Abrahams sonur; því lítt gagnar þeim göfugt affspreingi, sem meir er til minkunar ætt sinni, enn hún kynni ad vera hönum til sóma, og næst er þad hvørjum sem sjálfur er hann. Þeir sem þá hafa enn minna vit, þeir gángast fyrir lit, og svo ætla eg allmargir bindi þad sáttmál, sem einginn má rjúfa svo ad skopum fari, nema daudinn. Fagurt góts er þad ad sönnu, en næsta fallvalt, því allt hold er hey, og allur þess blómi svo sem gras akursins, þegar Guds andi blæs þar á, þa visnar þad, segir rödd hrópandans í eydimörku, Esa. 40. Lítill kvilli, eitt óforvarandis tilfelli, ein mí=fluga, sem er hid minsta kvikindi, kann ad eyda mannsins fríðleik og hans styrk, svo þar er ecki eptir af. Dygdin er ein, svo sem hinn gamli Cíceró sagdi, sem er med diúpum rótum nidur=fest, hvør aldrei veikjast kann, og aldrei úr stad ad hræråst; og ef hann hafdi svo mikid traust á dygdinni, sem þó kunni ecki ad meta hana ödruvísi heldur enn annar heidíngi, hvad dýrt ættir þú þá kristinn madur gudhrædsluna ad kaupa, sem er til allra hluta nytsamlig? 1. Tím. 4. Gefid mér þessa, sagdi Samson hinn sterki, því hún þóknast mínum augum, Júd. 14; þad var diúpvitur röksemd fyrir dómarann í Israel. Dalíla þocknadist og=svo hans augum, en hann vard annars var, þegar hún olli því ad hann blindadur var á þeim sömu augum, er komu hönum til ad girnast hana, Júd. 16; og má af hans dæmi læra þad, ad svo verdi á svinnum sem ósvinnum;

en hvornin sem honum er farid, þá ætla eg ad margur enn nú í dag girnist þad er hann glæpist á, og sanni svo sídan ordskvid Salómónis konúngs, er best vissi af slíku ad segja, ad vond kona sé eins og reykur í augnnum. Eptir øllu þessu spyrja nú heidnar þjódir, Matth. 6. og þeir sem eins eru lyndir; en hvort nockur elskar Gud, edur rækir sinn kristinndóm, edur hefir Jesúm ad heimbodi, þar spyrja fáir eptir af oss, sem þó látumst kristnir vera, og eg hefi óvída heyrt adspurt í landi voru, hvort einn sem leitar konfángs, óttast Gud; hvort hann rækir hans bodord; hvort hann gjæfi ølmusu nema fyrir fordildar skuld; hvort hann væri réttsýnn, ástundunarsamur í sinni kallan edur eigi; hvort hann hefdi sinni edur hjarta til ad voga nockru ómaki edur ødrum munum, uppá sína og annara velferd, eda hefdi adrar kristiligar dygdir til ad bera. En hvort hann ríkur væri, kynni vel ad hræsna fyrir mønnum, kynni ad koma svo ár sinni fyrir bord, ad hann gjæti á einhvorn hátt sloppid minkunnarlaust fyrir almúga, kynni vel ad hylja úlfinn undir saudargjærunni, og í einu ordi ad segja, stela, svíkja, ljúga og ræna, undir hylmíngu gudræknínnar og hóglætisins; þar hefi eg heyrt nærri því med berum ordum umtalad, og svo er farid kristindóminum hjá allmørgum. Væri þá eigi betra ad taka Jesúm til ráds og heimbods med sér, sem allt vald er gefid, bædi á himni og jørdu? Matth. 28. hvor ed allt stundligt eptirlæti kann yfirgnæfanliga ad veita ástvinum sínum, eptir því sem hans alvitra rád sér þeim best haga; og ef hann þad ecki veitir, þá veitir hann þad sem er øllu ædra, øllum þeim sem hann óttast, sem er sjálfur hann og hans vinátta, sem aldrei bregdst, þótt himin og jørd forgángi. Þad var stór virding ad Jesú módir og hans lærisveinar voru ad veitslu þessari, en þad tekur yfir ad menn heyra í Evangélío, ad Jesús hafi hér sjálfur verid. Abraham vard gladur vid, ad hann sá dag Mannsins Sonar, Jóh. 8. og þeckti hann þó valla; enn hvílíkt er þetta? ad Jesús Christus sonur Guds lifanda, Matth. 16. voru holdi íklæddur, sannur Gud og sannur madur, hann virdist ad prýda samkomu þessa med sinni nálægd. O! minn Herra Jesú! Hvad er þó madurinn þess, ad þú minnist hans? eda Mannsins Sonur ad þú vitjir hans? hinn Réttláti þess rángláta, hinn Odaudligi þess daudliga, og Konúngur dýrdarinnar þjóns syndarinnar? En allt hefir þú þetta gjørt minn Herra! til þess ad kénna børnum þínum, hvornin þau eigi ad byrja þad sáttmál, sem þú hefir viljad láta vera líkíng þinnar guddómligrar elsku til vor aumra manna. Ecki er Jesús einasta nálægur þessum brúdhjónum, heldur eiga allar kristnar manneskjur þann sama kost, sem honum vilja til sín bjóda; þótt Jesús sé oss ecki nálægur sýniliga, svo sem hann var á døgum sinnar holdsvistar, þá eiga þó øll gudhrædd hjørtu kost á hans nálægd, því hann hefir sjálfur lofad, Matth. 28. ad hann vilji vera hjá oss allt til veraldarinnar enda. Ecki hefir hann þad einasta sagt til lærisveinanna, heldur til allra þeirra sem á hann trúa mundu, því Postulanna dagar þrutu laungu fyrir veraldarinnar enda, heldur má hér um ætla, þad sama sem Drottinn sagdi fordum til þeirra: Þad eg segi ydur, þad segi eg øllum, Marc. 13. Bjód Jesú med heitri bæn, til þíns brúdkaups, kristinn madur, og mun hann ad vísu verda þinn gestur; rétt-trúad hjarta þarf eigi leingi ad leita ad Jesú, þad er hans kyrkja, 1. Cor. 6. og mun Drottnarinn ecki tefja ad koma til síns musteris, þegar hann til þess kvaddur er, Mal. 3. Eitt

harmþrúngid og sundurknosad hjarta fyrirlítur hann aldrei, því þad er sú fórnin sem honum líkar, Ps. 51; þad eru þær vistir, er honum skal fagna med, og hans þegnskylda hjá mannanna börnum. Sé því Jesús hinn fyrsti og sídarsti géstur til allra vorra brúdkaupa; þar sem hann er, þángad vill Fadirinn og H. Andi koma, og vistarveru hjá þeim gjöra, Jóh. 14. sem Guds Syni hafa til síns brúdkaups bodid. Adrir vinir og géstir yfirgéfa oss og kannast valla vid oss eptir á, sérdeilis ef nockud skyldi á þeim liggja, svo ad vinskapurinn er úti, þegar af er könnunni; þeir hafa matar ást á oss, enn einga adra, flest = allir, en Jesús yfirgéfur aldrei þá, er honum treysta. Snarara kann fadirinn ad géfa syninum höggorm fyrir fisk, og stein fyrir braud, Lúc. 11. heldur enn Gud kunni ad neyta þeim um gódar gáfur, er hann med rétt=trúudu hjarta þar um bidja. Heldur kann módirinn ad gleyma sínu barni, ávexti síns kvidar, Es. 49. heldur enn Jesús kunni þeim ad gleyma, sem hann elska. Og fyrst þessi géstur er svo ágiætur, sem nú er sagt, þá séu öll kristin ekta = hjón alvarliga áminnt um, ad skicka sér svo í sínum ektaskap, ad þau fæli ecki í burtu frá sér, svo mildann, svo gjæskuríkann og svo voldugann herra. Páls leggur heilrædi hér til, Eph. 5. segjandi: Þér menn, elskid ektakonur ydar, svo sem Kristur söfnudinn, og gaf sig sjálfann út fyrir hann. Ómögulegt er ad sönnu dandlegum mönnum, ad vera svo fullkomnum í elskunni hvör vid annann, svo sem Kristur hefir vid oss verid, þó kunna menn ad breyta eptir hans elsku, svo mikid sem mögulegt er. Mér þykir líkligt, ad sá sem tídt hugsar til þess, hvörsu kjæra ad Jesús hafdi hans sálu, þegar hans sála vard hrygg allt í daudann, Matth. 26. til ad útvega syndugum sálum eylífa gledi, hann muni skyrrast vid ad hata sitt eigid hold, Eph. 5. og afrækja þad, sem á ad vera ein sála med honum. En Gud nádi, hvad fáir hugsa hér til? Og hvad ólíkur er sumra manna ektaskapar, undirbúníngur og sambúd, Christí elsku til sinnar brúdar. Losta og látgjædi taka margir til ráds med sér, þegar svo vegsamlegan rádahag skal byrja, þeinkjandi lítid um þad hvört þeir géti veitt sér og sínum ærliga forsorgun, eda hvört þeir beri vit og menníngu til ad ala börn sín upp í Guds ótta og gódum sidum. Allt ofmargir hlaupa saman med litlu meiri áhyggju, enn hestar og múlar, og þegar girndin er slökt um stundarsakir, þá yfirgéfur hvört annad, edur lifa í hiónabandinu eins og vargar; frillulifnadur er slíkt, og ecki ærligur ektaskapur, og þótt þad kallist svo yrir mönnunum, þá er Guds dómur ödruvísi enn mannanna dómar. Sá sem lítur eina Konu til ad gyrnast hana, hann hefir allareidu drýgt hór med henni í sínu hjarta, segir Lausnarinn, Matth. 5; þar af ræd eg, ad sá sem ætlar konu sinni einlæti (edur kona sem fegin vildi vera vid manninn skilin) þau hafa allareidu yfirgéfid hvört annad. Sá sem illa med henni lifir, hann hefir tapad hinum betra hluta ektaskaparins, sem er einíng hjartnanna, og í sundur slitid þad sem Gud hefir skipad ad eitt skyldi vera, Gén. 2. Christur gaf sit líf í daudann fyrir sína brúdi, Eph. 5. ad sönnu er þad valla heimtandi af syndugri náttúru, ad hún svo heitt elski, þó eru þessi mörg dæmi annarstadar í heiminum, ad margur vogar lífinu fyrir kvinnu og börn. En hvad gjöra menn í þessu idjulausa landi? þad sama sem Salómon segir um letíngjann: Eg vil ennþá sofa lítid, og ennú dotta nockud, og ennþá leggja mínar hendur saman litla stund, þángad til örbyrgdin kémur, svo sem einn ferda=madur, og skorturinn eins og ein

hetja; Prov. 6. Konurnar hafa og bodord af St. Páli í þessum sama kapítula, sem eg ádur umgat; hann segir: konurnar veri sínum mønnum undirgéfnar svo sem Drottni, þvíad madurinn er konunnar høfud, svo sem Kristur safnadarins, þar fyrir svo sem søfnudurinn er undirgéfinn Christó, svo eiga og konurnar ad vera sínum mønnum undirgéfnar í øllu; med elsku á slíkt ad vera, br. m. en eigi med ofbeldi. Madurinn er ad sønnu konunnar høfud og herra, Gén. 3, en hans herradæmi á ad vera innifalid í elsku og ecki ofríki. Høfudid sér fyrir líkhamanum, til þess ad hønum vel vegni, en ecki meidi sig edur steyti; hinir adrir limirnir útrétta þad sem høfudid ályktar, en þad á svo fyrir ad sjá, ad eigi sé til skada né hindrunar. Stjórni menn konum eins og Kristur søfnudinum, hann rædur aldrei nema til farsældar, þeim sem vilja láta sér af hans anda stjórna; en sú manneskja, sem ecki vill hans rádum hlýda, hún kann ecki ad heita hans brúdur; svo gét eg eigi heldur kallad þá ekta-konu sem ecki vill fara ad góds manns rádum; ecki heldur þann ekta-mann, sem illa rædur, ef hann hefir betur vit á. Í Mósis løgum bannadi Gud, ad nockur kallmadur skyldi færa sig í kvenna búníng, og ad ein kona skyldi búa sig eins og kallmadur; þetta er líklegast, ad hinn alvitri Konúngur hafi sett til ad halda góda skickun medal síns fólks, og til ad afstýra lauslæti og hneixlissamri umgeingni millum karla og kvenna; en þó kynnu menn þess til ad géta, ad á medal annara væri hérmed teiknad, ad einn kallmadur skyldi ecki láta þad vald, er hann eptir Guds bodi hefir yfir konunni, og konan eckert vald taka sér til, yfir manninum, því ein kona sem vill ráda fyrir bónda sínum, hún tekur uppá sig kallmanns búning; og einn ekta-madur er svo mjøg veltist úr sínu bónda-sæti, ad hann lætur konuna fyrir sig ráda, hann býr sig kvenna búníngi, og má ei framar húsbóndi kallast; og er hvørttveggja þetta ad umhverfa Guds skickun; því hvørttveggja hefir hann bannad, er þad því ein andstygd fyrir hønum. Þetta segi eg ecki þess vegna, ad eigi sé þad sómasamligt hverjum manni, ad þeckjast holl rád gódrar konu; hefdi Pílatus hlýdt konu sinni, þá hefdi hann ecki gjørst sekur í blódi hins réttláta, Matth. 27; Aurelíanus keysari gaf þann vitnisburd Zenóbiæ drottníngu, ad med hennar rádum og fylgi, hefdi Odenatus hennar húsbóndi, Persana sigrad; mundi þad skada Davíd ad hann hlýddi Abígael? 1. Sam. 25. edur Jóab rádi kvinnunnar í Abel Beth-Mahaca? 2. Sam. 20. Því segir og Salómon, Prov. 14. ad ein skynsøm kona byggi húsid. Svo kann og opt til ad bera, ad kvinnan sé framar viti borin enn madurinn, og er þá eingin minkun ad fallast á rád hennar; en þar fyrir á hún ecki ad hefja sig upp yfir manninn. Einn þénari kann ad skynja margt framar enn hans herra, samt er hann þó ecki herra. Þad kann og opt ad henda sig, ad einn rádgjafi sé vísari enn hans konúngur, samt er hann þó ecki nema rádgjafi; svo er og ein kona, aldrei nema kona, hvørsu sem hún er vel ad sér um alla hluti; hún kémst alldrei hærra enn ad vera høfudprýdi bónda síns, eins og Salómon talar um gódar konur; vilji hún meira vera, þá smánar hún bædi sig og hann, og heitir hún þá rotnan í hans beinum, Prov. 12. sem er eingin æru-titill. Gud hefir hlutunum nærsta vísliga hagad; manninum hefir hann gefid afl og vitsmuni, konunni fegurd og blídlæti; hvørutveggi eiga svo sínar gáfur ad brúka, ad Gudi þóckníst. Kallmadurinn á ad brúka styrkleika sinn til erfidis, en ecki til ofstopa, vitsmun-

nina til forsjónar, og ecki hreckvísi; konan fegurd sína, til ad þócknast manninum, því þad hefir Gud skapad í náttúrunni, en eigi til lauslætis, því þad hefir Djöfullinn innfært í Heiminn; blídleika sinn til ad ávinna mannsins gédsmuni, en ecki til ad svíkja hann til vondra verka, eins og Jessabel, 1. Reg. 21. Eg ítreka enn=þá aptur hina fögru Páls samlíkíngu um Christum og söfnudinn, því hvörgi er kristiligum ektaskap meiri virdíng gjör, enn í henni. Þótt Sonur Guds lifanda hafi virdt oss þess, ad kalla oss sína brúdi, þá er hans dýrd eingu ad minni, heldur öllu meiri í allra þeirra hjarta sem hann elska; hans brúdir hefir og alla sína æru og virdíngu þar af, ad hún er hans brúdir, og elski hann einn og virdi, og þar fyrir utan hefir hún einga. Konan hefir og einga æru, þegar hún óvirdir manninn. Páll segir, Eph. 5. ad sá sem elski sína ektakonu, hann elski sjálfann sig, og sama er um konuna ad segja, þegar hún manninn virdir, gjörir hún sjálfri sér virdíngu, og sú þad ecki gjörir, hún rýfur Guds skipan og setur skörina upp í beckinn; þvílíkt hjónaband er ecki öllu skickanligra, heldur enn ef einhvör geingi á höfdinu. Salómon segir, ad ein þægilig kona, sé kóróna mannsins, Próv. 12, og er þad í því mest innifalid, ad hún hlýdin sé, og gjöri hönum allt til sóma. Þeir sem nú Jesúm vilja hafa med sér ad heimbodi, þeir skulu med slíku skapi gánga ad eigast, þá mun altíd vel farnast og aldrei illa; þá mun Christí ok sætt finnast, og hans byrdi létt, Matth. 11. ef hönum þócknast ad spenna sín börn fyrir sinn plóg. Rómverjar sem og Grickir hafa nefndt hjónin med sama nafni sem akneyti þau er draga eitt ok. Nautin verda því svo von þegar þau samsveitast, ad eitt hjálpar ödru til, og eitt hegdar sér svo í sínu erfidi vid annad, ad plógurinn kunni sem léttast áfram ad gánga. Sjáum til, Kristnir menn, ad eigi séum vér lakari enn þau vinnudýrin, er Gud hefir sett oss yfir, og géfid oss til ad létta undir vort erfidi, med hvörju vér eigum ad næra oss af jördunni, þar hann hefir svo miklu meira til vor lagt enn þeirra, ad fyrir utan hinn fagra líkhama, er hann hefir oss géfid, og hina skynsemdarfullu sál, er hönum stjórnar, þá hefir hann endurkeypt oss med sínu eigin blódi, Act. 20. Höfum rád Jesú módur, er hún sagdi til þénaranna: hvad helst hann skipar ydur, þad gjörid! En hvör eru þá hans rád? Páll segir oss þad, Gal. 6: eitt beri annars byrdi, og þá munud þér uppfylla Christi lögmál; þad hefir ad sönnu Postulinn öllum sagt, en ecki síst hjónunum; þá mun hin almáttuga örlætis hönd, er sedur allar lifandi sképnur, bæta allann vorn brest, og snúa öllu vatni mótlætínganna í sætt vín gledinnar. Og þegar verold þessi hættir ad dryckja oss, med víni síns munadar, og þad tekur til fyrir yfirburdi þeckíngarinnar Drottinns vors Jesú Christi, ad smacka oss illa, þá vér finnum einga huggun í heiminum, og hann dryckjar oss med galli og ediki eins og vorn brúdguma, Matth. 27. þá mun Jesús géfa hid góda vínid; þá mun hann drecka oss til, af nægdargjædum síns húss, Ps. 36; þá mun hann láta oss smacka sætleik eptirkomandi aldar, hvör ecki er matur né dryckur, heldur fridur og fögnudur í H. Anda, Róm. 14. Hvörs njótandi ad verda hér í nádinni, og sídan eylíflega í dýrdinni, oss unni og veiti Gud himneskur Fadir, fyrir forþénustu síns eingétins Sonar Jesú Christi, amen!

Þridja Sunnudag eptir Þrettánda.

Gudspjallid, Matth. 8. Cap.

Í þann tíma; þá ed Jesús géck ofan af fjallinu, fylgdi hønum margt fólk eptir. Og sjá þú, ad líkþrár madur kom, tilbad hann og sagdi: Herra! ef þú vilt, þá getur þú mig hreinsad. Og Jesús rétti út høndina, áhrærdi hann og sagdi: Eg vil, vertu hreinn, og jafnsnart vard hans líkþrá hrein. Og Jesús sagdi til hans: sjá þú til, ad þú seigir þad eigi neinum, heldur far þú, og sýn þig kénnimønnunum, og offra þeirri gáfu, er Mójes baud til vitnisburdar yfir þeim. En þá ed Jesús géck inn í Capernaum, kom til hans Hundrads-høfdíngi nockur, bidjandi hann og sagdi: Herra! þjón minn liggur limafalls-sjúkur heima, og kvelst þúngliga. Jesus sagdi til hans: eg vil koma og lækna hann. Og Hundrads-høfdinginn svaradi og sagdi: Herra! eg em þess ei verdugur, ad þu gángir inn undir mitt þak, heldur seig þu eitt ord, og mun minn þjón heilbrigdur verda; þvíad eg em madur yfirvaldinu undirgéfinn, hafandi undir mer strids-fólk, og nær eg segi þessum: far, þá fer hann, og ødrum: kom þu, og hann kémur, og þræli mínum: gjor þetta, og hann gjørir þad. En þá Jesús heyrdi þetta, undradist hann, og sagdi til þeirra er hønum eptir-fylgdu: sannliga segi eg ydur: ad þvilíka tru hefi eg ecki fundid í Israel. En eg segi ydur: þad margir munu koma af austri og vestri, og sitja til bords med Abraham, Isak og Jakob í ríki himnanna; en ríkisins synir munu verda útreknir í hin ytstu myrkur, þar sem vera mun óp og gnistran tannanna. Og Jesus sagdi til Hundrads-høfdingjans: gack þu hédan, verdi þér eptir þvi sem þu trúdir! Og hans þjón vard heill á þeirri sømu stundu.

Exordium.

Valla er nockur sá vitnisburdur í heilagri Ritníngu, er svo kroptugliga votti, ad Gud og madur eru samteingdir í einni persónu Drottins vors Jesú Christi, sem þau ord er skrifud standa í Pistlinum til Cól. 2. Kap. þar Postulinn segir: ad í Christó búi øll fylling Guddómsins líkamliga. Nærsta bermæltur hefir PáluS verid um leyndardóm holdtekjunnar vors Frelsara í þessari máls-grein, því hvar Guddomsins fylling býr, þar býr Gud allur, og allur hans kraptur, hans almætti, hans guddómliga speki, hans réttlæti, og hans mikla miskunsemi, og allt annad sem mannlig hyggja kann ad gjøra sér í lund, um Guds óranns-sakanliga veru, og þar Gud býr líkamlega þar býr hann svo sem sálin í líkhamanum. Og svo sem sálir vorar eru samteingdar líkhamanum, svo ræd eg af þessum Postulans ordum, ad Gud hafi samteingdur verid Christi manndómligri náttúru; og þvílíka ordsháttu má fleiri lesa í sendi-bréfum hins heilaga Páls og annara Guds-manna. Nú þó ad vor Frelsari hafi allmarga votta sinnar guddómligu hátignar, og hennar íbúdar í voru holdi, þá hefir hann samt enn þá framar viljad styrkja þessi sannindi um sinn guddómliga krapt, med táknum og stórmerkjum, hvor einginn kunni ad gjøra nema Gud, sem alleina dásemdar-verkin gjørir, Ps. 136. Þetta ætti ecki ad minstu leiti ad styrkja trú vora, brædur mínir! í eymda dal þessum; því

hann er Gud, sem vort hold og blód hefir uppá sig tekid. Gud er í holdi voru frekstadur á allann hátt líka svo sem vér, þó án syndar, Heb. 5; Gud kann ad sampínast vorum eymdum; Gud hefir vora sjúkdóma borid, vorum ørkumslum á sig hladid, Esa. 53; Gud er píndur í vorn, og þó í sínu holdi, fyrir vorar, en ecki sínar syndir; Gud hefir med sínu eigin blódi Kristnina endurleyst, Act. 20; Gud hefir géfid oss sinn líkhama til nautnar, og med blódi sínu hefir hann dryckjad oss, Jóh. 6; Gud hefir i voru holdi lidid, og í því sama er hann inngeinginn í sína dýrd, Lúc. 24. og hefir sett sig til Kraptarins hægri handar, Heb. 1. Í þessari trú ætti oss ad styrkja medal annara, þad heil. Evangelíum er vér strax heyrdum lesid, í hvørju vor blessadi Endurlausnari med tvøfølldu kraptaverki auglýsti sinn guddómligan mátt og veldi; en søkum þess, ad eg fyrir víst veit, ad þar er einginn af ydur, sem efar hérum, og eg hefi þennan formála talad, lángtum heldur til uppvakníngar í þacklætinu vid Guds Sonar óummrædiliga gæsku, heldur enn til ad telja nockrum trú um þá hluti, sem allir játa sanna ad vera, og eingin tvímæli leika á, í nockurs manns hjarta, þá viljum vér heldur, á þessari hálfri stundu, íhuga hvørnin vér eigum þessar Guds dásemdir og velgjørnínga oss í nyt ad færa; og skulum vér því alleinasta í þetta sinn, oss fyrir hendur taka hid fyrra kraptaverkid, um lækníng hins lík-þráa, og þar af yfirvega: 1) Hvad skadsamligur og vidurstyggiligur sjúkdómur ad sé hin andliga lík-þrá, syndin. 2) Hvørnin vér eigum af henni heilir ad verda. En þú gódi meistari Jesú, sem vor kránkdæmi hefir borid, tala þú eitt ord oss til líknar, hjá þínum himneska Fødur, ad hann sendi oss sinn Anda, til þessa verks, og munum vér heilbrigdir verda; bænheyr þad, ó, Herra! fyrir þitt dýrmæta blód og forþénustu, Amen!

Utleggíngin.

Hér stendur í upphafi gudspjallsins, ad þegar Jesús var kominn af fjallinu, hafi honum mætt líkþrár madur. Øllum er oss kunnugt, hvørsu skjædur ad er þessi sjúkdómur, þar hann smígur í gégnum ædar og sinar, hold og bein, eins og nockurskonar eitur, og er svo ad segja almennilig rotnan líkhamans. Hvar fyrir Aron sagdi fordum daga, Núm. 12, er hann bad fyrir systur þeirra Mósis og sína, Maríam, þá hún hafdi møglad sjálf og gint hann til ad møgla á móti Gudi og Mósi, og vard þar fyrir med líkþrá slegin: álít mig, minn Herra, sagdi hann, eg bid, legg ecki á ockur gjøld syndarinnar, med hvørri vid høfum dárliga breytt og syndgad; eg bid, ad eigi verdi þessi, lík hræi því, hvors hálfur líkhami er uppetin, þá þad útgeingur af lífi sinnar módur. Svo banvæn sem nú líkþráin er, þá er þó syndin hálfu verri; bædi sálu og líkhama hefir hennar spillíng inntekid, einginn limur líkhamans, eingin tilhneigíng sálarinnar er sú, ad eigi strídi í gégn Gudi. Augun hlaupa eptir sinni fýsn og drambsømu líferni, 1. Jóh. 2; munnurinn býr yfir høggorma eitri, Róm. 3; hendurnar útrétta menn, til ad ræna og stela, til ad slá og deyda; fæturnar eru skjótar til ad hlaupa hinn breida veg, sem til glotunarinnar liggur, Matth. 7; eyrun daufheyrast vid Drottins ord, Ps. 58. en klæa eptir nýum lærdómum 2. Tím. 4. eptir róg og bakmælgi, eptir náúngans óhródri, og náliga øllu því, er menn vilja þar ílt í bera; nasirnar hitna af fólsku, þegar vér sjáum þann, er vér þykjumst eiga nockrar heiptir ad gjalda, edur ef einhvør virdir þetta fánýta ryk og øsku nockru minna, heldur enn hennar mikillæti hlýda þykir, þegar luckunnar svipvindi hefir hvirflad henni um stundarsakir í loptid upp til ad blinda þeirra augu, er oss samfara verda um eymda-dal þennan, edur mæta oss í honum, veit þó ei nær enn þad fellur aptur á jordina, hvadan þad kom, og verdur fótum trodid, þegar vedrinu slotar, sem þó litlu ádur numdi vid skýin, og fávísum

monnum þótti, sem ad færi á vængjum vindanna, Ps. 104. næst Gudi, yfir himin og haudur; skynsemin er aflogud, svo þegar holdid rædur fyrir hana, þá er hún óvinátta í gégn Gudi, Róm. 8; viljinn er hálfu verri, því hann keppir í móti andanum, Gal. 5. og af hjartanu framkoma illar hugsanir, agg, reidi, þræta, mord, manndráp, hóranir, Matth. 15. og annad því-um-líkt. Svo er þessi vesæla tjaldbúd ecki annad, enn eitt hospital daudsjúkra lima, sem af Andskotanum og syndinni eitradir eru. Þad játar Esajas, Kap. 1. þar hann segir: ad allt hofudid sé sjúkt, allt hjartad sé veikt, frá hvirfli og allt til ilja, sé ecki nema sár, kaun, benjar og þroti; adrar sóttir verda flestar med einhvorju móti læknadar, en líkþráin ecki, hún skilur eigi vid líkhamann fyrr enn líkhaminn skilar sálinni. Fúinn í grøfinni, er eydilegging heilbrygdra líkhama; hann má kallast úppbygging þeirra, sem rotna lifandi, því séligri er ein moldar-hrúga, enn líkþrá manneskja. Syndin er í eingu betri, nema midur sé; hún skilur eigi vid oss, æ svo leingi vér berum eptir oss þennan daudliga líkhama; því þótt vér séum fyrir Guds almættis-krapt í helgri vatns-laug endurfæddir, samt grær þó aldrei ad heilu um hid gamla mein Adams spillíngar, og hid eitrada høggorms-bit. Andinn er ad sonnu reidubúinn, en holdid er veikt, Matth. 26, og þau tvø berast bana-spjót eptir, svo eins líf er annars daudi; þótt vér séum greftradir med Christó fyrir skírnina til daudans, Róm. 6. þá lifir þó neisti syndarinnar í moldinni, sem optliga vekur hinn gamla Adam á fætur aptur. Þad geingur eins um vorn eymdar-hag í þessu lífi, eins og Jósúa skrifar um Israels sonu, Jós. 23. ad þeir forsómudu ad útreka hina kananisku eptir, Guds bodi, ad Gud hafi látid þeim eptir nockra af þeim þjódum, er hann formælti, þeim til ásteytíngar, þad er þeim til mótlætis; svo er þad og fyrir oss, sem geingnir erum yfir um Jórdan eptir Jesú, þad er í gégnum heilaga vatnslaug, til ad byggja í því fyrirheitna landinu, sem er ríki Guds Sonar; þar verdur þó alltíd nockud eptir oss til ásteytíngar, helst af því vér erum tómlátir ad stockva þeim ó-aldar flocki, sem Gud hatar, eins og Israel í Canaan, svo ad hér-um hafa einnin heilagir kvartad, og medal annara St. Páll, Róm. 7. þar hann segir, ad hid vonda lodi vid sig, þá hann vilji gjora hid góda. Nú er þann veg syndinni varid, br. m., og þad má um hana segja, sem Hanníbal sagdi fordum, um Rómverja og þeirra borg, ad bágt mundi úlfum þeim fyrir ad koma, nema skógurinn hoggvinn væri, er þeir plegudu ad flýja í; svo verdur og eigi heldur syndin afmád, fyrr enn þetta hennar hreisi er nidurbrotid; og er med svoddan móti, þess kostur betri, sem daudur er, heldur enn hins, er sig kallar ad lifa, allt eins og hins líkþráa. Þad sýnist mér St. Páll samþycki, þegar hann segir, ad daudinn sé sinn ábati, og ad hann girnist ad leysast hédan og vera med Christó, hvad hann kallar miklu betra, Phil. 1. En í því má líkþráin kallast heilbrigdi hjá syndinni, ad hún skilur vid manninn í daudanum, en syndin fylgir ølium þeim eptir daudan, sem ecki verda med Jesú blódi af-þvegnir í þessu lífi, svo þeirra reykur mun uppstíga um alla eylífd, Apoc. 14; þeirra eldur ecki slockna, og þeirra ormur ecki útaf deyja, Esa. 66. Líkþráin er afskræmiligur sjúkleiki; hún eydir mannsins fegurd, svo adra heilbrigda menn stuggar þar vid, og þeir fordast þeirra nálægd, jafnvel þeir sem af kristiligri medaumkan hrærast miskunar yfir eymdum þeirra. Þar fyrir baud Gud, Levít. 13. ad svoddan manneskjur

skyldu hylja ásjónur sínar. Ecki er syndin betri, ef vor augu væru svo skygn, ad vér sjá mættum hennar ó-mynd. Vér hofum vidbjód á þeim líkþráu, af því vér erum ecki allir eins af Gudi plágadir; en vor andlig ilsku-kýli og graftar-mein kyssum vær innbyrdis, og látum vel yfir þeim, nema þau hafist svo illa, ad fádæmi séu slíkra vanheilinda; og ber þad til þess, ad allir vér erum med slíku marki brendir, sumir meira, sumir minna, því einginn er sá ed gott gjöri, og ecki einn, Ps. 14. Gud gjæfi vér mættum skynja, hvad illa ad vorar skammir líta út í hans augliti, þar hann fyrir þeirra skuld vill snúa vid oss bakinu, og ecki andlitinu. Hvad segir Gud hjá Esajam, Kap. 1. um mannanna Gudsþjónustu? Látid af ad offra hégómligum gáfum, reykelsin eru andstygd fyrir mér; og skömmu sídar: ydar túnglkomu-hátídir, og hin vissu helgiholdin hatar mín sála, þær eru mér mædusamar, og eg em þreyttur ad bera. Sé nú þannin vort gudræknis-verk í hans augum, sumra hvorra, hvílíkar munu þá vera hinar verstu syndir og glæpir, sem ad hrópa í himininn? Vér vorum ad sönnu skaptir, eptir dýrdligri Guds mynd, en illyrmi klækja og lasta hefir uppétid vorn andligan frídleik, og holdsúi syndarinnar hefir spilt voru atgjörfi; mætti oss því til hugar koma, ad skýla líkþrá ásjónu vorrar, sem í Guds augliti er ósýn ordin, þar ásjána hins fegursta á medal mannanna sona, Ps. 45. Jesú Christí, sem er ímynd Guds dýrdarfullrar persónu, Hebr. 1. hún var byrgd, medan hann var sleginn fyrir vora skuld, Marc. 14. hvörja Andskotinn slegid hefir med andligum kaunum. O! hvad nádugur ertú líknsami Gud, ad þú svo vægdir syndugum mönnum, ad þeir sem þinn kross á herdum bera, voru adgreindir frá þeim, sem hid sama hofdu forþénad; en þína heilögu Eingla lætur þú ecki víkja frá oss, heldur þjóna oss og á höndum bera, jafnvel þegar vér sem verst útlítum í þínu dýrdarfulla augliti; þinn eingétinn Son hefir þú útrekid frá augliti þínu vor vegna, hann er madkur og ecki madur ordinn, Ps. 22; hans álit var andstyggiligra enn annara manna, Esa. 53. þetta var þínn trúi þjón, sem var hlýdugur allt til daudans, já, allt til krossins dauda, Phil. 2; en til vor útbreidir þú bádar hendur allan daginn, Esa. 65. sem óhlýdugir erum og gjörir oss í honum þín útvalin börn, Einglunum samlík, Matth. 22, já, samlíka hans dýrdarligum líkhama, Phil. 3. Líkþráir menn hafa illa lyktandi anda, er og þess öll von, þvíad allur náttúrligur vessi líkhamans er spiltur; þvílík er syndin, og þó öllu verri, jafnvel þótt ad vér finnum þar ecki til, hvorjir samdauna erum ordnir hennar ýldu. Páluss talar svo um hana í Davíds orda stad, Róm. 3, ad þeirra barki sé ein víd, opin gröf; en um grafir framlidinna talar svo Herrann, Matth. 23, ad þær séu hid innra fullar med daudra manna bein og alskyns óþeckt; svo er og þeim manni háttad, er grafid hefir sálu sína í syndugum kroppi, sjálfa dauda í syndunum, og varpad ofan á hana fúlum leir girnda og lasta; hún aflar vidurstyggiligrar andfýlu í Guds augliti, þeim er láta hana drottna í sínum daudligum líkhama, Róm. 6. og leifa henni ad eldast þar inni; hennar straff brennur allt til nedsta helvítis, Devt. 32, en hennar remma uppstígur fyrir Guds hásæti. Er þetta sá fadmur, sem vér eigum Brúdgumanum ad bjóda, þá hann frambrunar af fílabeins höllinni? Ps. 19; er þad sá koss, sem vér eigum ad fagna med þeim vörnunum, á hvorjar nádin er úthelt? Ps. 45; er þetta sú fegurd, sem hann á ad gángast fyrir, í hvörs augliti ad ecki himnanna himn-

ar eru hreinir? Job. 15; og hvad á þessi andardráttur skyldt vid harmþrúnginn og sundurknosadann anda, er Konúngur dýrdarinnar vill ecki fyrirlíta? Ps. 51. Vér búum oss í skart, hvor fyrir ødrum, og leggjum kapp á þad, sumir fyrir hæversku skuld, en sumir til lauslætis; en fáir hyrda um þad, hvort þeir hreinir sé'u í Guds augum. Vei! vei ydur Skriftlærdum og Pharíseis! segir Lausnarinn, Matth. 23. þér ed hreinsid þad ytra af kérunum, en hid innra er fult af ráni og óhæfu; þú blindi Pharísæus! hreinsa fyrst hid innra af bikarnum og diskinum, svo þeirra ytri partar hreinir verdi. Þessa ættu Guds børn ad gjæta, og þvo dagliga kám syndanna af hjarta sínu med heitri ydran og Jesú blódi, þá væri þess meiri von, ad vér yrdum ecki svo andramnir fyrir Gudi. Og þó margt meigi nú fleira hér um tala, þá viljum vér láta þetta svo sagt vera um skadsemi syndarinnar, en hugleida framveigis, hvornin vér eigum oss ráda ad leita, svo hún ecki kvelji oss í eylífri hel-sótt; hvar frá Gud vardveiti øll sín børn, í Jesú nafni, amen!

Nú fyrst ad þessi andliga líkþrá, syndin, er svo skadligur, svo hrædiligur, svo vidurstyggiligur, og svo banvænn sjúkdómur, sem nú hefi eg sagt, og þér munud allir med mér sanna, og þad sem yfirtekur, ad hún er svo lángvinn, ad hún mun aldreigi yfirgéfa oss, fyrr enn vér hana yfirgéfum, þá er einsætt ad leita þess medals, sem alleina vid henni á, ádur enn vér erum svo yfirkomnir, ad ecki er von til apturbata. Hvad viljum vér þá hértil gjøra? hvad gjørdi þessi líkþrái madur? Þegar vor blessadi Endurlausnari kom ofan af fjallinu, mætti hann honum og bad: Herra! ef þú vilt, þá gétur þú mig hreinsad; hans bæn var réttskickud, af því hann bad um líkhamans heilbrigdi, þá beiddi hann med forordi. Vér þurfum ecki þannin ad bidja móti syndinni, því vér eigum fyrir sálum ad sjá, hvørjar hann hefir med sínu dýrmæta blódi endurleyst, Act. 20. Hvar fyrir skyldum vér med forordi bidja, þar vér vitum hann vill vér hreinir verdum, og hann hefir svarid vid sitt líf, at hann ecki vilji syndugs manns dauda, heldur ad hann snúi sér og lifi? Ezech. 33. og þar fyrir er hann í þennan heim kominn, ad allir þeir sem á hann trúa, fyrirfarist ecki, heldur hafi eylíft líf, Jóh. 3. Þessi aumi madur játadi sinn veikleika fyrir Drottni; gjør slíkt hid sama, barn Guds! drag ecki dulur á þín afbrot fyrir Gudi, og fegra ecki þína ilsku, í hans augliti; þeink heldur þad sama sem Davíd, þegar hann sagdi, Ps. 32: eg játadi Drottni mína misgjørd, og þá fyrirgafstú mér þad. Kristur hefir algjørla vitad, ad þessi madur var líkþrár, ádur enn hann kalladi til hans, þótt hann ecki hefdi verid audkéndur af sínum búníngi, þá mun hans guddóms-speki ecki sídur hafa þeckt hans meinlæti, heldur enn hennar, sem géck bak til vid hann, Lúc. 8. og valla þordi ad snerta fald hans klæda. Lát þér af þessu til hugar koma, ad honum muni ecki ókunnug þín andlig líkþrá; en á medan þú þegir, þá er eingin von ad hann útrétti høndina. Holdfúinn og daudinn í sárunum er ad sønnu ljótur ásýndum; en ecki mun þad líta betur út í læknarans augum, þótt hann sé strokinn yfir med purpura farfanum. Hugsa til þess, hvad lítid þad gagnadi vorum fyrstu foreldrum, ad skýla sér med fíkjublødunum, Gén. 3. þá náttúran baud þeim, ad þau nakin væru; minna mun þér þad gagna, ad draga ský hyrduleysisins fyrir skømm þína, því þótt ad bædi Djøfullinn og þitt eigid hold géti svæft þig um stund, þá munu þid ecki stínga Israelis Vaktara svefnþorn; því ad ecki sofjar hann, Ps. 121. og hans auga sér hvad í myrkrun-

um er hulid, Sýr. 23. Adam vard feginn ad þiggja skinnkyrtilinn af Gudi, Gen. 3. til ad hylja sína blygdun med, og ad verja syndugan líkama sinn fyrir kulda og tímanligu frosti. Þú munt og verda ad kaupa einn nýan klædnad, af hinum ødrum Adam, 1. Cor. 15. svo ad blygdan þíns klædleysis ecki opinberist, Apoc. 3. og ad þú ecki brennir í eylífum eldi. Dyl því ecki þín afbrot fyrir Gudi, kristinn madur, þá mun hann þau hylja, og lypt skýlunni af þínum syndum, svo mun hann draga hana frá sínu augliti, því einganu þann, sem til hans kémur, vill hann frá sér reka, Jóh. 6. Þegar vér viljum ecki sjá edur þeckja vor lýti, þá sér Gud þau hvad best, því vorar heimugligar syndir setur hann fyrir sínu augliti, Ps. 90. en þegar vér sjáum, þá sér hann þær ecki, því hann hefir heitid, ad kasta þeim í hafsins djúp, Mich. 7. og minnast þeirra ecki ad eylífu. Verum því ecki svo einfaldir sem fiskurinn, hvor ad væntir sér einskis voda, þegar hann hefir høfudid falid, því þótt vér stíngum vor augu út, nær oss ofbjóda vorir klækir, þótt vér vildum segja fjøllunum hyljid oss, og hálsunum hrinjid yfir oss, Apoc. 6. þá skortir Gud ecki bein-skeyti til ad ramma vorn syndugan kropp, þegar hann hefir spannad sinn boga, Ps. 7. því allir hlutir eru berir og naktir fyrir hans augum Hebr. 4. Þegar hinn líkþrái beiddi, þá dvaldist þad eigi leingi fyrir, ad Jesús bænheyrdi hann, rétti út høndina og sagdi: eg vil, vertú hreinn. Þad var góds þocka merki hjá Persa-konungi, ad rétta ad einhvorjum sinn veldis-sprota; hvad lesa má um Esther Drottníngu, þegar hún géck fyrir konúnginn Assverum, Esth. 5. Hvor er þín veldisspíra, þú Konúngur dýrdarinnar? Þad er þín almættis hønd, sem allt verkar, í hvørja Fadirinn hefir allt vald géfid, bædi á himni og jørdu, Matth. 28; af hvorri einginn kann ad grípa saudi þína, Jóh. 10; hún er eigi stutt ordin, ad hún kunni ecki ad hjálpa, Es. 59; hún er eigi apturlokud, þad hún vilji eigi miskuna; hún er eigi aflvana, svo hún megni eigi ad frelsa; þad er Guds sterka hønd, og útréttur armleggur, Devt. 4; þad er hønd Guds, í hvørri ad eru filsni jardar, og styrkleiki fjallanna, Ps. 95; í hvørri allir heilagir eru, Devt. 33; já, í hvørri ad er øll lifandi sál, og allra manna andi, Job. 12. Þegar syndarinn stíngur hendinni í sinn eigin barm, og dregur hana út aptur hvíta af líkþrá, eins og Móses, Exód. 4. mun hann þá þora ad drepa hendi sinni á odd hins Almáttuga veldis-sprota, eins og Esther? Fjærri sé því, ad nockur beri minna traust til ad mæla vid Fødur miskunsemdanna, enn hún hafdi á konúngi hinum mikil láta; hann hafdi hana ad hersángi tekid, Esth. 2; en Jesús hefir oss af herleidíngunni útþrifid. Hann kvadst fús ad skipta med henni konúngs-ríkinu, Esth. 5; þad kunni hann ecki morgum ad bjóda, nema hann gjæfi upp sjálfur tignar-nafnid. En Jesús hefir øllum segja látid, sem hann elska: komid blessadir, børn míns Fødurs, og eignist þad ríki, sem ydur er fyrirbúid frá upphafi veraldar, Matth. 25; og er þó sjálfur konúngur ad eylífu, og hans ríkisstóll varir um aldur og æfi, Ps. 2. hann hefir ad fyrra bragdi rétt oss sína hønd, þá hann trúlofadi oss sér í náð og miskunsemi, Ps. 2; réttum honum aptur vorar trúar-hendur, og trúlofumst honum í elsku og undirgéfni. Hann réttir ad oss sinn og vorn trygda-pant, sem er heil. Andi, pantur arfleifdar vorrar, Eph. 1. hvorn hann hefir sendt oss af sínum Fødur; drepum ecki hendinni vid þvílíkri sæmd, og mótstøndum ecki heiløgum anda, svo eigi verdi Guds-ríki frá oss tekid, og ødrum géfid, Matth. 21. Eg vil, vertú hreinn, sagdi Jesús; en

hvad segir Gud vid oss? Esa. 1: Þvoid ydur, hreinsid ydur, takid ydar illa breytni frá augliti mínu, komum sídan og eigumst løg vid; þótt ydar syndir séu raudar sem blód, skulu þær verda hvítar sem snjór, og þótt þær séu raudar sem purpuri, skulu þær ull hvítar verda. Hvør sem sjálfur vel vill, hann þarf ecki ad efast um Guds vilja. Gud gaf sinn Son í daudan til þess vér kynnum ad hreinsast; því skyldi hann þá ecki vilja oss hreina, þar hann er allareidu útgéfinn? Þad veldur einasta vorum saurindum, ad vér viljum ecki hreinir vera, þykir heldur vænt um, ad velta oss í endemi syndanna, og gleymum því á medan, ad í hina himnesku Jerúsalem má eckert saurugt innkoma, Apoc. 21. Hér stendur í Evangélió, ad Jesús géck ofan af fjallinu. Hvad mundi vor Herra þar ad hafast? Hann taladi, fyrir fólkinu þá ágjætu predikun, sem skrifud er hjá Matth. Kap. 5.6.7, í hvørri medal annara, ad standa þessi blessudu og huggunarfullu ord: bidjid og mun ydur géfast, leitid og munud þér finna, knýid á, og mun fyrir ydur upplokid verda; því hvør sem ad bidur, hann mun medtaka, og hvør sem leitar, mun finna. Er þar nockur madur af ydur, ef sonurinn bidur hann um brand, at hann géfi hønum stein? ellegar ef hann bidur um fisk, ad hann rétti ad hønum høggorm? Þar fyrir, ef þér sem vondir erud, kunnid ad géfa gódar gáfur børnum ydar; hvar fyrir mun ecki minn himneskí Fadir géfa þeim gott, sem hann þar um bidja? Nú fyrst ad Sannleiksins Munnur hefir þannin talad, því skyldi eg efast um, ad hann vilji mig líkþráan hreinsa, fallinn reisa, viltan leidrétta, og harmþrúngin og sundurknosadan endurnæra? En eptir því eg sé ad Jesús, þegar hann géck ofan af fjallinu, þá stadfesti hann allt þad hann sagt hafdi, med þessum tveimur dýrmætu kraptaverkum, svo veit eg ad skyldan býdur mér, sem er hinn vesælasti ormur, er skrídur á hans fótskør, ad sanna mína vidurkénníngu, med alvarligri vidleitni þeirra verka og athafna, er hann hefir skipad ad dýrka sig med; sérdeilis þar eg heyri hann segir í þessari somu predikun, ad þeir muni ecki allir sem til sín segi, Herra, Herra, inngánga í Gudsríki, Matth. 7. heldur þeir sem gjøra vilja síns Fødurs, þess sem á himnum er. Því svo sem einn gódur læknir nægist ecki þar med, ad gjøra hinn sjúka heilbrigdan, heldur tekur hønum vara fyrir þeim hlutum, sem hans heilsu kunna framvegis ad skada, sérdeilis þeim, af hvørjum hann veit, ad hann hefir haft sín vanheilindi, svo ad ecki falli hann aptur í somu sótt; svo gjæskuríkur þykist eg vita ad minn heilsugjafari er, ad hann alvarliga vill, ad eg fordist alla þá ólifjan, sem hann veit ad mína sálu kreinkt hefir, svo ad ecki verdi mitt hid sídara argara hinu fyrra, 2. Pet. 2; þad kénnir mér hans líknarfulla tilhlutan, þá hann frelsadi hór-konuna frá áfellis-dóminum, og sagdi: kona! hefir nockur fordæmt þig? en hún kvad ney vid; og hann ályktadi med þessum ordum: svo fordæmi eg þig eigi heldur; gack hédan og syndga ecki framar, Jóh. 8. Drottinn segir til þessa líkþráa manns: far og sýn þig kénnimønnunum, offra þína gáfu, þá er Móses hefir bodid, til vitnisburdar yfir þeim. Í Levít. bókar 14. Kap. stendur, ad þeir sem hreinsadir vóru af líkþrá, skyldu offra tveimur fuglum, hvørra annar átti ad slátrast, en hin dífast í blód þess slátrada, og sídan laus géfast og burtu fljúga. Þetta minnir mig á, ad þeinkja þar um, ad Guds eingétinn Sonur er minna vegna, fyrir utan alla verdskuldan, slátradur, og á krossins altari fórnfærdur, Gudi til eins sætleiks

ilms, Eph. 5, en mér er dríft í hans blód, og þar fyrir em eg laus géfinn, sem hann lífllátid hefi, og í burtu floginn; samt veit eg þó mína skyldu, ad eg ad nockru leiti skal skírast þeirri skírn, sem hann skírst hefir, Matth. 20; þad er, ad minn gamli madur á med honum ad krossfestast, Róm. 6. ádur enn sála mín fær uppflogid til himna, og inngeingid í hans dýrd, á land lifandi manna, Ps. 116. Hvørt ad koma, og þar eylífliga med honum ad fagna, bædi mér og øllum Guds børnum, veiti og géfi miskunsamur og gódur Gud, fyrir forþénustu síns eingétins Sonar, og nád Heilags Anda, amen!

Fjórda Sunnudag eptir Þrettánda.

Gudspjallid, Matth. 8. Cap.

Og er Jesús sté á skip, fylgdu hans lærisveinar honum eptir. Og sjá þú, mikill ókyrrleiki gjørdist í sjónum, svo ad skipid lá undir áføllum, en hann svaf. Og hans lærisveinar geingu til hans, vøktu hann upp, og søgdu: Herra! hjálpa þú oss, vér forgaungum. En Jesús sagdi til þeirra: hvad hrædist þér litil-trúadir? Þá reis hann upp, hastadi á vindinn og sjóinn, og þar vard logn mikid. En menntrnir undrudust, og søgdu: hvílíkur er þessi? Þvíad vindur og sjór hlýda honum.

Exordium.

Hinn ógudligi heimur þessi, hvørs høfdíngi ad Satan nefnist, Jóh. 14, hann sýnist mjøg svo vel kunna ad samlíkjast vid hafid; sjórinn er ein óstødug høfud-sképna; þegar hann er sem blídastur, veit ecki fyrri til á stundum, enn hann umhverfist nærri í augnabliki og rís fjøllunum hærra. Svo er og eckert í heiminum stadfast; þegar hann fladrar uppá nockurn, eins og þjófgéfinn hundur, þá er Guds børnum af honum skadinn vís, og jafnvel hans egin børnum optliga. Þótt ad Satan og hans vínir hati Gud mest, og þá, sem eitt eru med honum, þá er hann þó í sjálfum sér sundurþyckur. Ecki elskast hans þjónustu-menn leingi innbyrdis, þegar þar er ad képpa um þad, sem þeir hafa gjørt sér ad Gudum. Svo sem Christi þénarar eru vidkvæmir nær þeirra høfud er meidt, svo er og Djøfullinn í sinni kynslód. Þegar Laban vantadi sín skúrgod, þá rann hann jafnskjótt eptir Jakob, Gén. 31. þótt hann væri hans mágur, og svo er heimur þessi innbyrdis; þegar hann má sjá á bak einhvørs þess, sem drambsemin og fýsn augnanna hafa fest sinn trúnad á, þá rýfur hann vinskapinn, jafnvel vid þá sem hann léat hafa hvad kjærasta. Jóab er ecki leingi vinur Amasæ, 2. Sam. 20, þegar hann óttast hann muni nockru tapa af virdíngu sinni; eigi heldur rækir Absalon bródernid vid Ammon, 2. Sam. 23, þegar heiptræknin blæs hann upp. Midt á medal þessarar hreckvísu kynslódar verdur hinn litli hópur Christi ad búa, og mæta adskiljanligum áráfum og hneixlunum; svo ad í villu mættu leidast, ef ské kynni, jafnvel útvaldir, Matth. 24. Svo sem Nói og hans hyski var í hinni vantrúudu verøld, Gén. 6; svo sem Loth var í Sódóma, Gén. 19; Abraham í Gérar, Gén. 20; Israel í Egyptalandi og Chaldæa, Exód. 1; svo eru Guds vínir í ó-øld þessari. Hvad er hér til ráds, brædur mínir, svo vel fari og menn séu vissir um, ad þeir eigi lídi skipbrot á sálu sinni? eitt veit eg sem aldrei skal bregdast; þad kénnir Drottinn oss hjá, Matth. 7, þegar hann ádur hafdi tekid sínum lærisveinum vara fyrir fals-spámønnum, segjandi: hvør sem heyrir þessi mín ord, og gjørir eptir þeim, honum vil eg líkja vid einn forsjálann mann, þann er bygdi hús

sitt á bjargi, en þar gjørdist regn og vatns-flódin komu, og vindarnir blésu og féllu yfir þad hús; en þad datt ecki, því þad var á bjargi bygt. Þetta bjarg er Drottinn Jesús; þad er sá hyrníngar-steinninn í Zíon, Esa. 28, sem Gud hefir bygt sína kristni á; hvør sem yfir hann bygdur er, hann mun aldrei kollsteypast, heldur stødugur blífa. Lærisveinar Drottins tóku til ad veikjast í trúnni, þegar hann svaf, en vedrid tók ad hefja sjóinn, svo þeim lá vid ad forgánga; þá tóku þeir þad til ráds, ad þeir vøktu hann, og gáfu hønum til vitundar neyd sína. Kristni Guds er lík einu skipi, sem veltist í ólgu-sjó veraldar þessarar, hún hefir Christum jafnan innan-bords. Tøkum því sama rád og lærisveinarnir hér tóku, þegar sjórinn, þad eru árásir, fjandskapur, illkvittni, hneixlanir, lastmæli og alskonar óhlutvendni þessarar vondu veraldar tekur til ad gánga á þetta Drottins skip, hvørs allir þeir hafa sér ad vænta, sem hjá hønum hafa far tekid; svo þeir meiga finna til þess er Páлus um sig talar, ad þar sé barátta hid ytra, enn stríd hid innra, 2. Cor. 7. Vil eg því af þessu h. Evangelíó og dæmi lærisveinanna, tala alleina um þá hluti, sem eiga ad gjøra oss fulltrúa, um hans adstod í øllum vorum naudsynjum. Hjálpa oss hér til nádugi Gud og Fadir, med krapti þíns Anda, fyrir Sonarins forþénustu amen!

Utleggíngin.

Þess má allvída gjæta í æfi-søgu Drottins vors, ad þegar hann hafdi einhvørja merkiliga prédikun flutt, þá stadfesti hann kénnínguna med einhvørju krapta-verki; svo gjørdi hann þegar hann géck ofan af fjallinu, hvar hann hafdi talad eyrindi ríkisins fyrir fólkinu, Matth. 5. og hann læknadi hinn líkþráa; svo gjørdi hann og hér, þar hann allan daginn hafdi ként fólkinu, med þeim føgru eptirlíkíngum, er skrifadar standa Matth. 13, um illgresid, um mustarðs-kornid, um súrdegid, um perluna og um féssjódinn, og adrar fleiri; en strax á eptir fylgdi þetta dýrdliga kraptaverk, er Gudspjallid umgétur, Marc. 4. Nú var þad ecki alleina gjørt fyrir lærisveinana, br. m., heldur hefir og Guds Andi þvílíkt stór-merki uppteiknа látid oss til lærdóms, ad vér, sem høfum tekid vid trúnni á Drottinn Jesúm, og erum í hans nafni skirdir, vér skulum læra ad treysta hønum í øllum vorum naud-synjum. Þessi var nú adferd Drottins, bædi á hans hérvistar-døgum, svo og strax eptir hans himnafør, leingi fram eptir æfi kristninnar; því skrifar Marcus, Kap. 16, um Postulana, ad þeir hafi geingid út, prédikandi allstadar, ad Drottni samverkandа og ordid styrkjanda, med eptirfylgjandi teiknum; en því var misjafnt tekid af heiminum, svo sem augljóst er af gjørnínga-bók Postulanna. Þetta dýrdliga krapta-verk skédi í návist hans elskuligra lærisveina. Mattheus skrifar, Kap. 13, ad margt fólk hafi safnast ad hønum, svo hann blessadur vard ad stíga á skip, fyrir mannþraunginni, en fólkid sat í fjørunni og heyrdi á. Flestir munu þeir hafa verid í þessum mikla hóp, sem meir hefir fýst ad heyra málsnilli hans, heldur enn ad skilja edur geyma krapt ordanna; þad ræd eg af því, ad eínginn spurdi hann eptir meiníngu eptirlíkínganna, nema hans lærisveinar, hvad hønum án efa mislíkad hefir, sem von var, því sagdi hann vid þá: ydur er unt ad vita leyndardóm himnaríkis, en þeim er þad ecki géfid, Matth. 13. Svo er kyrkju-gánga vor ástundum; allir flyckjast til ad heyra eins manns prédikun, sem talar snjallt, en rótfesta þó ecki meir í hjartanu þann heimugliga krapt, sem býr í ordinu, heldur enn þótt einn óviti taladi, svo þeir færi ávoxt þar af, og gjørist sannir Christí lærisveinar. Drottinn gjørdi þetta mikla krapta-verk fyrir svo fáum, af því þar voru svo fáir, sem gáfu mikinn gaum ad prédikuninni,

hann taladi fyrir múga manns af skipinu, svo allir heyra máttu og skilja Guds veg, hefdi þeim verid um þad hugad, og þad skédi nærri landi, en krapta-verkid gjørdi hann og í skipinu, midt á sjónum, þar fáir voru hjá honum innanbordsˌ og eigi nema þeir sem løgdu uppá hjartad, þad hann talad hafdi. Þar fyrir, barn Guds, viljir þú vera fullvíss um adstod Guds í sjó-róti veraldar þessarar, þá sjá til fyrst, ad þú sért Christi sannur lærisveinn; heyr hans ord, og lát þér vænt um þad þykja, ecki einasta um stundar-sakir, heldur geym þad í hjartanu; stunda eptir ad fá þess réttan skilníng, laga þinn lifnad þar eptir, fær þar af ávøxt í þolinmædi, Luc. 8, svo þegar andvidri hørmúnganna mætir þér, ad þú sért þá viss um, ad þú hafir Guds Son innan skips borda, þá máttu vera þess fullørnggur, ad Drottinn er øllum þeim nálægur, sem hann ákalla, Ps. 145. Þad er hid helsta á einu skipi, ad því sé vel stýrt, sérdeilis í ólgu-sjónum. Líkhamir vorir eru skip sálarinnar, hvørju hún stjórna á, svo hún nái høfninni umsídir, á landi lifandi manna, Ps. 116. á hinu fyrirheitna landinu; géf hønum ecki ofmikinn taum, þrælka hann eins og St. Páll; ræk holdid ad sønnu, en þó ecki svo, ad þú leyfir því sínar girndir ad rækja, Róm. 13. Lát ecki sálu þinni verda þad, sem Palínúró vard, þegar hann sofnadi vid stýrid, þá datt hann útbyrdis; eins kann sálu þinni ad verda, utan þú vakir og bidjir, svo þú fallir ecki í freistni, Matth. 26; og ef hún kann ad sofna, sem optliga skédur, þá sjá til, ad þú hafir Jesúm í skutnum, ad hann veki þig, nær hann sér þú ætlar ad forgánga. Sála þín sefur opt, þó líkhamans augu vaki; Drottinn sofnadi eptir náttúrligum hætti, því hann var ad allri hegdan fundinn svo sem madur, Phil. 2, svo hann kynni ad sampínast þínum eymdum, Hebr. 5; samt vakti hans Gudddómur, því hann er Israels vaktari, hvør ed ecki sefur og ecki syfjar hann, Ps. 121. Og þar hann nú í voru holdi situr til Kraptarins hægri handar, Marc. 16, þá hefir hann vakandi auga yfir sinni kristni, hvørja hann endurkeypt hefir, med sínu eigin blódi, Act. 20, já, á øllum hennar limum, sem hann þeckir fyrir sína lærisveina; bid því med skáldinu: vak þú minn Jesú, vak í mér, vaka lát þú mig eins í þér, sálin vaki þá sofnar líf, sé hún ætíd í þinni hlíf! Þegar þú svo gjørir, og þad af hjarta, og stundar eptir ad halda þér vakandi í hans þjónustu, og lætur ecki Satan dilla þér á kodda syndanna, þá máttu vera fulltrúa þar um, ad svefnlæti veraldarinnar skulu aldrei æra þig, þótt hún veltist um, og berji hæl og hnacka. Djøfullinn, sem er hennar høfdíngi, skal aldrei reisa svo mikla ólgu í henni, ad þér sé hætt vid ad forgánga; þad kénna mér hans fyrirheit, er sagt hefir: óttist ecki, eg hefi heiminn sigrad, Jóh. 16; þad segja mér hans ord, er sagdi: høfdíngi þessa heims er dæmdur, og med mig hefir hann eckert, Jóh. 14. Hafi hann eckert med hann, svo hefir hann ecki heldur med þá, sem í hønum eru, og hann í þeim, þeir sem eru limir hans líkhama, og hvad meira er, ad þeir eru ordnir einn andi med hønum; því segir Jóhannes, 1. Jóh. 5: hvad sem af Gudi er fædt, þad yfirvinnur heiminn. Hvad vill sá óttast sem hefir svoddan einn Fødur? Unglíngum setja menn fjárhalds-menn, og þykist sá gódu bættur, sem ødlast þann einhvørn sem er fullvedja, og líkligur til ad gjøra hønum rétt, og forsvara hann fyrir rángsleitni órádvandra manna, jafnvel þó þad gángi misjafnt til medal vor mannanna, samt láta allir ærligir menn sér

vera um þad hugad; en hvornin sem því er varid, þá eru allir þeir ed Gud óttast hans ómagar, og er þeim miklu betur rádstafad, heldur enn hinum voldugustu heimsins gjædíngum og vildarmonnum. Segid mér, hvad skal eins manns fulltrúi hafa til ad bera, nema máttinn og viljan? um hvorugt kunnum vér ad efast hjá Gudi. Máttinn sjáum vér í þessa dags Evangélió, þótt ecki væri annad til, sem þó fleira og stærra er, enn ad allar Eingla og manna túngur fái þad um allar aldir upptalid. Hann hastadi á vindinn og sjóinn, og þá vard strax logn mikid, svo þeir sogdu: hvílíkur er þessi, ad vindur og sjór hlýda honum? Enginn hlutur er Gudi ómoguligri enn annar, Lúc. 1; þad kostar hann ecki meira, ad steypa allri veroldinni um koll, enn ad drepa einn titlíng; hann hefir aldrei haft mikid fyrir neinn í allri sinni ríkisstjórnan, nema því, ad leysa syndarann úr helvíti, og þó gjordi vorum Frelsara elskan til síns óvinar þetta ok svo sætt, ad hann lángadi til ad drecka þann kaleik, er hans Fadir skeinkti honum, Lúc. 22. og aktadi ecki forsmánina, segir Postulinn. Gud gæfi ad elskan til hans, kynni ad gjora oss hans byrdi svo létta. Og þar ed oll Guds sképna, er svo eckert í hans hendi, þá má eg fulltreysta, ad hann sem eigi þurfti ad tala nema eitt ord, til hins brúsanda hafs, honum muni eigi vera um megn, ad vardveita mig hinn vesælasta orm, sem liggur á hans fótskor, í ólgu heims þessa. Hann talar til sjáfar-hafsins: híngad skaltu komast og ecki leingra, hér skulu þínar stoltu bylgjur leggja sig, Job. 38; því mun honum veita hægt, ad drepa offan í hinum drambláta, svo þar verdi logn mikid, edur og ad slá honum hogg vid eyra, Ps. 3, svo hans stadur finnist ecki meir, ef honum svo líkar. Svo mikils máttar er nú þessi stóri Konúngur himins og jardar; hvor vill þrífa mig af hans hendi, Jóh. 10. Kann nockud oxin ad gjora, nema henni sé beitt, eda sogin ad útrétta, nema henni sé stýrt, eins mikid kunna mennirnir mér ad gjora, nema Gud leyfi þeim; því vil eg segja med Davíd nær heimurinn hatar mig: Drottinn er mitt ljós og mín heill, fyrir hvorjum skal eg óttast? Drottinn er verndari míns lífs, hvorn skal eg hrædast? Ps. 27; en þad hann leyfir, skal mér kjærkomid vera; hann agar mig, því hann elskar mig, Hebr. 12; hann typtar mig, því hann vill leidrétta mig; hann særir mig, því hann vill græda mig, Os. 6; og er þad dáraskapur fyrir mig, sem læzt ávíta vin minn, ef honum yfirsést; sem stríki barn mitt, nær þad gjorir þad, sem eigi byrjar; sem læt skéra og brenna eitt fúid sár á mínum ástmanni, svo hann heill verdi, ad eg skuli ecki taka hinn sama af hendi Drottins. Þar fyrir skal eg eigi heldur efast um viljan, þad læri eg og af þessu Gudspjalli. Lærisveinarnir voktu Drottinn, og þad med umkvortan nockurri, og mistrausti á hans almætti; því Marcus skrifar Kap. 4, er hann segir frá þessu mikla kraptaverki, ad þeir hafi sagt: meistari! þú hyrdir ecki um þad, ad vér forgaungum. Hvad var þetta ad segja vid hann, hvors almætti þeir vel máttu þeckja? hvor ed svo morg kraptaverk hafdi gjort þeim ásjáandi; samt vard hann fljótari til ad hjálpa þeim, og ad hasta á vindinn og sjóinn, heldur enn til ad átelja þá, fyrir þessa efasemi og trúarleysu. Þetta hendir oss optliga, nær vér bidum eptir Drottni á þurrlendinu segir Davíd, Ps. 63; vér meinum hann sofi þótt vér vitum ad hann syfji ecki; vér kollum ad hans hond sé stutt ordin, þó oss sé alkunnugt af Guds ordi, ad hún ecki einasta kallast hin sterka hond Drottins, og útréttur armleggur med miklum undrum, Deut. 4, heldur og

hin milda hönd Drottins, sem gefur ad vér samansöfnum, og þá hann upplýkur henni, sedjumst vér af gjæðum, Ps. 146. Og þótt vér séum nú svo tvílrádir og efasamir, eigi ad sídur er hann oss hvad nærstur, þegar vér ætlum hann fjarlægan vera. Þegar Jósepþ lét sem hann ætladi ad taka Benjamín í vardhald, þá gat hann valla tárum haldid; þegar hann óttadi brædrum sínum med sinni reidi, þá féck hann þó ecki leynt sér fyrir þeim, Gén. 45. Ætlum ecki ad Fadir miskunsemdanna muni sídur nádugur vera, edur kénna í brióstí um sín born, þótt hann typti þau þeim til góda, því hann straffar, en ecki af hjarta, Harmagr. 3. hann burtrekur, en ecki eylífliga. Óhætt er því, aldrei steypir Drottinn nockrum þeim, sem hinn allra minsta trúar-neista geymir í hjarta sínu, svo djúpt nidur í afgrunn hörmúnganna, ad þeir aldeilis örvænti sér nádar hans, jafnvel þótt þeir séu á-stundum lángt leiddir, því líttlogandi hörkveik mun hann ecki útslöckva, Esa. 42. Gud straffadi syndir vorar um skamt med ó-áran nockurri, þar eptir vitjadi hann vor med land-plágu, hvör ed tók frá oss vora kjærustu ástvini, og hid besta fólk; mundi oss þá ecki þykja horfa til vandræda? Hvilík audn var þá í landinu, svo ad þeir sem holdliga voru sinnadir, tóku til ad efast um, ad vér mundum hér leingi bygdum halda. En hvörsu hefir hin milda hönd Drottins sídan kórónad árid? hvörsu hafa hans fótspor af feiti dropid? Ps. 65. Med hvílíkri árgjæsku hefir hann blessad oss, svo ad vér ecki einasta höfum eingann skort lidid, heldur flestir búid vid betri kost enn nockurn tíma ádur? er ecki þetta sýniligt almættis og gjæsku merki Drottins? Hvört skyldum vér leita í hörmúnginni, nema til hans, sem svo vís, svo máttugur og gjæskuríkur er? Eg vil taka mér orsök af þessu dýrdliga kraptaverki, til ad tala nockud vid ydur, sem um sjóin farid, og leitid næríngar ydar í hafsins djúpi. Hvör-su opt hefir hinn gódi Gud vardveitt ydur í lífs-háskanum? hvad tídt hafid þér mátt segja med Davíd, Ps. 18: hann sendi út af hædinni og sókti mig og dró mig upp úr miklum vötnum. Drottinn hefir optliga gjört furduverk á ydur, þegar dandans bönd hafa um-kríngt ydur, Ps. 18. og þér meintud þér ætludud ad forgánga, þá hefir hann þó rickt ydur upp úr daudans porti, Ps. 9. og frelsad ydar sálir úr helju. Þar er eigi lángt á ad minn-ast, vér lifum enn nú, sem eigi erum mjög til ára komnir, og munum þad, ad Drottinn hefir á sama degi kollvarpad sumum, en suma hefir hann vardveitt undrunarliga og ólíkliga fyrir manna sjónum, og þetta optar enn einusinni, ecki þar fyrir ad þeir sem týndust, hafi syndugri verid enn hinir sem afkomust, meir enn þeir sem turninn féll yfir í Silóa, edur þeir ed Pílatus slátradi í Galílæa vóru sekari enn adrir, Lúc. 13, heldur til ad sýna réttlæti sitt á þeim sem hann burt tók, oss sem lifum til eptirdæmis og vorum eptirkomend-um, en nád sína á hinum, er hann sparadi, svo hann med bádum höndum leiddi oss þverbrotnar manneskjur til ydranar, ad eigi söfnum vér oss reidi á dag reidinnar, og Guds réttlætis dóms, Róm. 2; en Gud nádi hvörn ávöxt þad færir. Eg gét ecki því hrósad, ad allir þeir ed voga lífi sínu út á sjóin, taki Jesúm í bát med sér; og eg þori ad segja, ad valla drýgja sumir menn fleiri edur meiri syndir, Gudi til styggdar, enn nær menn þiggja hina mestu blessan af hans örlætis hendi, svo ecki er ad undra, þótt hann megi lykja henni aptur á-stundum fyrir oss, og skamta oss úr hnefa, sem menn plaga ad segja, já, þótt hann straffi oss med skipreikum og manntjóni, til ad typta oss lífada kálfa. Alkunnugt er þad

øllum mønnum, hvilíkt framferdi, hvada munnsøfnudur, gjálífi, strákskapur, lýgi, rán og þjófnadur, ad æfdur er í þvílíkum selskøpum med lángtum meiri frekju og óskammfeilni enn annarstadar, svo hann þykist gódu bættur, sem verst gétur látid, og þad þykir kallmenska og snilli ad vera fremstur í flocki, nær menn slíkt adhafast. Þegar þér róid til fiskjar, látist þér bidja Gud fyrir ydur, en hvad mikill þar fylgi hugur máli, er af því audsært, er þér talid og gjørid, sumir hvørjir, nær þér erud undir vad sestir, þá formælid þér ydar veidarfærum, ydar verkfærum, ydar lagsmønnum, þegar ecki er allt eptir vild ydar; og þar þér ættud ad bidja Gud ad blessa, segi þér ad Andskotinn skuli taka. Svo sáir nú Fjandmadurinn illgresinu, Matth. 13. bædi á sjó og landi. Þegar Gud sendir ydur þad á aungulinn, er ydur ecki líkar, forsmái þér þad, blótid því, og kastid því aptur í hans nádar fadm, sem hann er þá hvad mest ad útbreida til ydar. O! þér rángsnúnir og þeckíngarlausir syndarar; láti Drottinn sinn vind blása á sjóinn, svo ydur þykir hætt vid lífstjóni, þá kallid þér ad sønnu til Drottins, sem og vera á, en gjætid ad, hvort þad muni eigi kunna ad eiga heima hjá ydur allmørgum, sem Drottinn sagdi vid Júda, Jér. Kap. 2: þegar neydin yfirgeingur, þá segja þeir: upp þú og hjálpa oss; en hvar eru þá gudir þínir, sem þú hefir gjørt þér? bjód þeim upp ad standa; lát sjá hvort þeir kunna ad hjálpa þér í neydinni, þegar svo til ber fyrir ydur; ó! þér gudlausir menn; hvar er þá Andskotinn, er þér svo títt ákallid, og bidjid ad taka bædi ydur og ydar stallbrædur? hvar er hann þá? mun hann nockud hjálpa ydur úr neydinni, þegar þér liggid undir áfollum? Mér mun saklaust vera ad ávarpa hann med sømu ordum og Elías taladi um Jessabels Bal fordum daga: kallid hátt því hann er einn gud og hefir mikid ad gjøra, 1. Reg. 18. Veit eg, ad hann hefir ríki svo mikid í heiminum, sem Gud ljær hønum, til ad straffa med syndir mannanna; en heldur mun hann uppæsa sjáfarhafid þeim til skada, ef hann þó hefir þad vald, en eigi mun hann hasta á sjóin né vindinn; þá makt gaf hinn almáttki Kóníngur Syni sínum, og ecki Fjandanum, sem er fángi og útlagi Guds. Einskis er af hønum nema ílls von, því hann rædur ecki fyrir ødru. En þegar þér svo kallid til Guds í neydinni, munud þér géta haft fullt traust á hønum, ad hann útrycki ydur þadan, Ps. 91, nær þér þannin leitid atvinnu ydar; eckert fyrirheit hafid þér þar um, nema þad, ad á hvørjum tíma, sem hinn ógudligi snýr sér frá sínu ógudligu athæfi, þá skuli hans synda ecki ad eylífu minst verda, Ezech. 18, og stendur þad ad sønnu óraskad um alla æfi. En gjætid ad, þér sem svo ógudliga lifad hafid, hvort ydur muni ecki fyrr koma til hugar, þegar þér ratid í lífsháska nockurn, ad sorga fyrir þessu auma lífi, hvort þér þó skulud einhvørn tíma missa, heldur enn ad befala ydar sálir Skaparanum af alvøru; ordsøk þá hefi eg til ad efast hér um, ad þar eru svo fáir, sem Gud hefir sýnt daudan, ad þeir lifi betur eptir enn ádur; en hvad er svoddan? Gud er nálægur øllum þeim sem hann óttast; en eg kann ecki ad segja, ad þeir óttist hann, sem hann eitt sinn hefir leyst úr helju, og eru þó eingu betri sídan. Þegar Gud géfur ødrum meira enn ydur, þá øfundid þér þá; þér erud rángeygdir, af því hann er gódgjarn, Matth. 20; Þér spillid veidum þeirra, ef þér gétid, og í því reki þér Satans eyrindi, því hann leitast vid ad koma því til vegar, ad manneskjan hafi sem minst gagn af ørlæti Drottins; ecki gjørdi svo Pétur og félagar hans, er Drottinn gaf þeim hina miklu

blessan, er Lúcas skrifar um, Kap. 5; þeir bendtu sínum félögum, ad þeir kjæmu og hjálpudu þeim, og meddeildu þeim af þeirri Guds blessan, er þeir feingid höfdu; en eg þori ad segja, ad nockrir af ydur eru svo lyndir, ad þeir nærri því heldur sockva vilja enn unna sínum nábúa nockurs af því þeir hafa of mikid. Svo og forsmáid þér hina adra, sem minna er veitt, svo sem væri þad ydar atburdum ad þacka, og þér mættud skamta ydur úr Guds hendi þad þér viljid, og gjætid lítid ad því, sem Páll segir: hvad er þad madur, ad þú ecki þegid hafir, 1. Cor. 4; sumir af ydur trúa á sinn fiski-galdur, og hefir þá Andskotinn sýnt kunst sína í hjarta ydar, þegar hann kémur ydur til ad dyrka sig, og þacka sér fyrir Guds gáfur. Ecki gjördi þad Petur; í þínu nafni vil eg netinu útvarpa, sagdi hann til Jesúm, Lúc. 5. En þegar þér brúkid rúnir og ristíngar, med hvörjum þér þó minna enn eckert fáid útrétt; kastid þér þá ecki netinu út í Fjandans nafni? ó! minn Herra og Gud! eg gét ecki nógliga dádst ad þinni þolinmædi, ad þú setur ecki krók í nasir Andskotans, Ezech. 29, eins og hvalsins í Egyptalandi fordum, og lætur þá draga Djöfulinn upp á aunglinum, er svo hæda þitt nafn, ad hann gleipi þá lifandi eins og jördin Córe, Datan og Abíram, Núm. 16. Lærid af Petri ad fiska, gódir menn, hann er hinn besti formadur; þótt hann sæti úti alla nóttina og feingi eckert, þá mögladi hann ecki, heldur sagdi: eptir þínu ordi vil eg netinu útkasta. Ecki örvænti hann, þótt Drottin léti hann bída eptir sér, en þegar hann blessadi hann, þá fyrirvard hann sig og gaf Gudi dýrdina. Ecki gjöra þeir svo, er hroka sér upp af Guds láni, svo sem væru þeir þess verdugri enn adrir. Fordist slíkan dáraskap, ef þér viljid vera vissir um Guds adstod í háskanum; takid med allri hjartans audmýkt á móti hans blessan, hvört heldur hún er mikil edur lítil, og sjáid ecki offjónum yfir þeim, sem hann hefir meira géfid; forsmáid og ecki hina, er hann minna lánar, heldur sé hvör ánægdur med sinn deildan verd, og gjaldi Gudi skyldugar þackir þar fyrir; hyrdid og faung ydar skynsamliga, og ónýtid ecki Guds gáfur; ef þér óvirdid þær, og leggid ad litlu, nær þér nægtir hafid, þá óvirdid þér Skaparan, sem þær géfid hefir; verid og minnugir kjærleikans, ad þér gleymid ecki hinum volada og þurfamanninum, og sýnid þacklæti ydar vid Gud, ecki einasta med ordi, heldur og verki, 1. Jóh. 3, vid hans fátæka naudstadda limu. Ecki fái þér honum betur launad, enn med svoddan móti, því jafnvel þótt ad madurinn sé vesæll til þess, ad hann kunni Gudi nockud aptur ad gjalda, þá vill þó Mannsins Sonur á hinum efsta degi segja: hvad þér gjördud einum af þessum hinum minstu, þad gjördud þér mér, Matth. 25; en um alla hluti fram, þá felid Gudi á hendur sál og líkhama, nær þér dragid út á djúpid til ad leita ydar næríngar; hugleidid ad þar eru valla tveir þumlúngar á milli lífs og dauda; hvílíkur vodi er þad þá og sálar-háski, ad trúa svo óstodugum hlut fyrir sálu sinni sem hafid er, nema menn séu þar um ádur fullvissir, ad hvört þeir lifa edur deya, þá séu þeir Drottins, Róm. 14. Sá sem út á sjóin fer, þad er eins og gángi hann í orustu; hann er ecki viss um ad ná laudinu aptur; en þótt ad hinum almáttuga Gudi sé ecki um megn ad vardveita sína, eins vel á sjó og landi, þá mætti mér þó til hugar koma, ad vanda mig hvad mest, og leita Drottins hjálpar, þegar eg sé háskan fyrir augunum. Eg hefi um þetta efni nockud lángtala verid, og þad fyrir því, ad eg hygg þess vel vid-þurfi, því margur er ódæll, hyrdulaus og óhlut-

vandur, skeitandi ecki um, nema ad fylla kroppinn, og gildir eina þótt sálin svelti; og vona eg ad Guds bornum muni þad ecki óþægt vera, er eg hér um sagt hefi; hinir verda sinn fram ad fara, er heilsusamligar áminníngar ad eingu hafa, og veldur þó ecki sá ed varir, þótt ad verr fari; þeir munu ad-komast rauninni, er þad forsmá, nær uppskéru-tíminn kémur. Og vil eg svo apturhverfa til hins, er eg í øndverdu hóf um ad tala, sem var, ad menn skyldu varpa allri sinni áhyggju uppá Gud, Ps. 55. og hønum alleina treysta, þá vér rotum í neyd einhvorja edur mótlæti. Ad sonnu er oss ecki bannad, miklu heldur leyft, ad leita mannanna hjálpar, nær oss áliggur, því mennirnir eru skapadir hvor ødrum til adstodar, og hafa Guds bod um þad, ad styrkja hvor annan innbyrdis, Gal. 6. Gud nádi, ad því er á eingan veg svo eptirfylgt sem byrjadi; en ef vér þetta rétt athugum, þá dregur mannlig hjálp oss svo skamt á veg á-stundum; suma vantar efnin, adra viljan, nockrir eru lángt frá oss, og ná eigi til vor þótt vildu, nær í raunirnar rekur; en Gud brestur aldrei máttinn, aldrei viljan, svo sem ádur er sagt, og menn skulu eigi þurfa ad senda lángt eptir hønum, því hann er nálægur øllum þeim sem hann ákalla, Ps. 145; héradauki er sumum vorum meinum svo háttad, ad einginn mannligur kraptur getur rádid bót á þeim; en þar er eckert þad bøl, sem allra meina Græbari kunni eigi ad lækna. Vel kunna mennirnir ad hjálpa lífi voru optliga; en þó svo, ad hann vilji hafa oss hólpid í þad sinn, annars ecki, því øll lifandi sál er í hans hendi, Job. 12; en þad skilur Guds og manna adstod, ad þótt hann deydi, þá lífgar hann eylífliga; því þad skal ské, sagdi Lausnarinn, Jóh. 11, ad hvør sem trúir á mig, þótt hann deyi, þá skal hann samt lifa. Gjætum og þess, brædur mínir, ad þótt vér af mønnum lidveitslu þiggjum, þá kémur hún samt frá Gudi; edur hvadan er þad, ad oss kémur hjálp á-stundum, þadan sem ólíkligast er, og vér væntum hennar sízt frá? Ecki var Móses, þá hann var landflótta, Exód. 2. til þess líkligur, ad leida Israel út af Egyptalandi; Gédeons ætt var hin minsta á medal Manassi, og hann minstur medal sinna brædra, Júd. 6; þó sendi Gud hann, til ad frelsa Israel af hendi Madíanítanna; hann sendi ókénda menn, af fjarlægu landi, til ad færa syni sínum vega nesti, er hann var enn þá í reisum, Matth. 2; hann sendi hønum einn framandi mann Símon af Cýrenía, til ad bera krossinn med hønum, Matth. 26; hann sendi Nicódemum og Jóseph af Arímathía til ad gjøra hans útfør heidarliga, Jóh. 19. Einginn madur kann um þad hogum ad hyggja, hvørnin Gud fer ad hjálpa, þegar hann er nádugur; hann kann ad géfa Israel vatn af hellunni, Núm. 20; hann gétur sendt Elíæ fædslu med hrøfnunum, 1. Reg. 17, og mettad margar þúsundir manna med fáum braudum og fiskum, Jóh. 6; og eg veit, ad þar er nærri einginn af oss, sem til ára erum kominn, ad eigi hafi hann einhvorn tíma reynt svoddan undrunarliga Guds adstod, ef vér hefdum vit á eptir ad taka, og tilreikna þad Gudi, sem hans er; en sumir trúa á mátt sinn og meginn, og þykjast sjálfir afreka alla hluti; jafnvel þótt eg ætli, ad hinum mektuga himnanna Konúngi verdi lítid fyrir því ad gjøra oss þrautirnar svo þúngar, ad mannligur kraptur nái skamt til ad kasta þeim af sér; þad hefir hann optliga sýnt; hvad vard úr þeim fimm konúngum, sem Abraham hrakti med nockrum húskøllum sínum? Gén. 14; hvad vard af øllum risunum í Kanaanslandi, sem hrucku undan Jósúa? Jós. 12; hvad

vard úr Pharaó er hann treysti á sína miklu makt og sagdi: hvør er Jehóva, ad eg skyldi hlýda hønum? Exód. 5; hvad vard úr hinum sterka Golíath, er Davíd rotadi hann med steins-høgginn? 1. Sam. 17. Nockrir treysta á vísdóm og framsýni, en þad er og hégómi. Hvad stodudu Absalon Achítóphels klókindi? 2. Sam. 16; edur Adónía Jóabs slægvitska? 1. Reg. 1; báda þá slógu þeirra eigin prettir um hálsin; hvar fyrir? Þvíad Gud var ecki til rádaneytis tekinn. Sumir gjøra þennan fallvalta mammon, ad sínu athvarfi, 1. Tím. 6, og vilja alla hluti med hønum útrétta, en þad er eitt vesælt traust; Guds gáfa er hann ad sønnu, ef hann er rétt feinginn, annars ecki; en eingum má hann duga, nema Drottinn hjálpi, og allra sízt má hann sálunni gagna, nema þeirra, sem gjøra sér vini af hønum, er medtaki þá í eylífar tjaldbúdir, Lúc. 16, og eru þar-fyrir ríkir í gódum verkum, 1. Tím. 6; en hvørnin sem øllum þessum er háttad, þá er hinum þó verst farid, er svo lítt treysta Gudi sínum, ad þeir meina ad høfdíngja og veraldarmanna gunst muni duga þeim framar, enn ást hins mikla alsherjar Drottins, er øllu rædur bædi á himni og jørdu, og gjøra því marga óleyfiliga hluti þeim í vil, en móti hønum, og ætla ad þeir muni kunna ad bera skjøld fyrir sig, er þó eckert eiga undir sjálfum sér, þegar Drottinn er reidur. Ófarir þeirra er svo hafa breytt, má allvída lesa í Ritníngunni; svo sem þegar Drottinn reiddist Júda kongúngum, er þeir leitudu hjálpar til Sýrlands og Egyptalands kongúnga, og kjøru heldur ad vera þeirra naudúngarmenn, enn ad láta Drottinn ríkja yfir sér og heita hans frelsíngjar. Hvílíkt skyldu øll Guds børn varast, heldur leita hans í allri neyd, til hvørs þeim er varpad í frá módur lífi, Ps. 22, og haga svo líferni sínu, ad hann þecki þá fyrir sín børn, sína ást-menn og brædur síns eingétins Sonar Jesú Christí. Heyrid þar fyrir ord Drottins, af Esajæ spádómsbókar, 33 Kap.: hvør hann geingur í réttvísinni og talar hvad rétt er, hvør hann hatar rángindin og ágyrndina, og heldur sínum høndum frá því ad þiggja skeinkíngar, hvør hann tilbyrgir sín eyru, ad ecki heyri hann manndráp, og lýkur augu sín til, ad eigi sjái hann þau illsku-verin, sá mun í hædunum búa, og bjørgin munu hans virki og verndar-hlíf vera, hans braud mun hønum géfast, sitt vatn mun hann víst hafa. En þú Dómari allrar veraldarinnar, sem í himninum býr! vertú sól og skjøldur þinna barna, sem á þig vona, og lát þau aldrei verda hinum skjæda mordíngja Djøflinum, edur hans limum ad herfángi; lát þau bída eptir þér med þolinmædi, og sleppa þér ecki þar til þú blessar þau og innleidir í þíns Sonar dýrd. Bænheyr þad nádugi Fadir! fyrir hans forþénustu, amen, í Jesú nafni, amen!

Fimta Sunnudag eptir Þrettánda.

Gudspjallid, Matth. 13. Cap.

Í þann tíma; adra eptirlíking lagdi Jesús fram fyrir þá, og sagdi: himnaríki er líkt þeim manni, hvør ed sádi gódu sædi í akur sinn, en þá menn sváfu, kom óvinur hans og sádi illgresi

med í bland hveitinu, og géck í burt. En er grasid spratt upp, og bar ávøxt, þá auglýstist og illgresid. En þjónustumennirnir geingu til hús-fødursins og søgdu hønum: herra! sádir þú ecki gódu sædi í akur þinn, hvadan kémur hønum þá illgresid? og hann sagdi til þeirra: fjandmadurinn hefir þad gjørt; þjónustumennirnir søgdu þá: viltu ad vér førum og útlesum þad? og hann sagdi: nei, svo ad þér upprætid eigi hveitid undir eins, nær þér útlesid illgresid; látid hvørttveggja vaxa allt til kornskurdarins, og á kornskéru-tímanum skal eg segja til kornskurdar-mannanna: lesid fyrst saman illgresid, og bindid þad saman í bindini til ad brenna því; en hveitinu samansafnid í mína kornhlødu.

Exordium.

Þad eru hrædilig ord sem Esajas Spámadur talar til Gydínga, Kap. 6. er hann segir: heyrid ávalt, sjáid ávalt, og þeckid þó ecki. Gud veri oss líknsamur! hvílíkt er þetta skélfiliga straff? hvad er vesælla enn ad hafa skilníngar-vitin af Gudi þegid, og hafa þó ecki not af þeim til þeirra hluta, sem þau eru til-gjørd? þad er ad vera líkur þeim skúrgodunum, er Davíd umtalar, ad þau hafi munn og mæli ecki, nasir og lyckti ecki, hendur og þreifi ecki, fætur og gángi ecki, Ps. 115. og er þó ecki ad undra þótt svoddan straff kjæmi yfir þá, sem þessa málleysíngja, þessa dauda hluti, stocka og steina gjørdu sér ad Gudum og dýrkudu þá, í stadin hins lifanda Guds, sem bædi þá og alla hluti skapad hefir; því Davíd segir hér strax eptir, ad þeir ed gjøra þau, séu líkir þeim. En þess er ad gjæta, børn mín, ad spádómur þessi Esajæ hefir átt sér leingri aldur, enn um hans daga; því þegar Drottinn Jesús framsetti fyrir fólkid eptirlíkínguna um sædid er féll í fernslags jørd, Matth. 13. og Lærisveinarnir spurdu hann ad, hvar fyrir hann taladi í eptirlíkíngum til þeirra, þá víkur hann þessum spádómi Esajæ til Gydínga er lifdu á hans døgum, og forsmádu Evangélium ríkisins, er hann bodadi þeim, segjandi: þar fyrir uppfyllist á þeim spádómur Esajæ, er segir: ad heyrandi muni þeir heyra og ecki skilja, og sjáandi muni þeir sjá og ei þeckja. Ecki er sú meiníng Frelsarans, ad Gud vilji ecki unna þeim skilníngs sinna heiløgu orda og réttinda, því hann vill ad allir menn hólpnir verdi, og komist til sannleiksins vidurkénníngar, 1. Tim. 2. heldur segir Esajas, og Drottinn eptir hønum, órdsøkina til þessarar andligu deyfu og blindni í sama stad, med þessum ordum: hjarta þessa fólks er hart ordid, og þeir heyra þúngliga med eyrunum, og lykja augunum aptur, svo þeir sjái ecki med augunum, og heyri ecki med eyrunum, og skilji med hjartanu, ad þeir snúi sér og eg lækni þá, Es. 6; hvar af audsært er, ad søkin er hjá mønnunum, og ecki hjá Gudi. Drottinn setti fram margar eptirlíkíngar í þessum sama Kapitula, og medal annara, þá ed samstundis var upplesin, en einginn var sá, ed spyrdi hann eptir hennar þýdíng, nema alleina hans Lærisveinar. Svo lítid øktudu þeir þessa Guds gjøf, þar fyrir var þeim ecki unt ad víta leyndardóm himnaríkis. Ecki þarf eg þessa føgru eptirlíkíng fyrir ydur út ad skíra; hinn stóri Biskup, 1. Pet. 2. med þá vellærdu túnguna, Es. 50. hefir þad svo vel gjørt, med fáum ordum, ad ecki er abótavant, þar hann svaradi Lærisveinunum þannin, Matth. 13: sá er sádi hinu góda sædi, er Mannsins Sonur, en akurinn er heimurinn; en hid góda sædid eru ríkisins synir; en illgresid eru synir hins vonda; en óvinurinn er sádi því, er Djøfullinn; en kornskurdar-tíminn er endir heimsins; en sláttu-mennirnir eru Einglarnir; þar fyrir svo sem illgresinu verdur samansafnad og í eldi uppbrent, svo mun og verda á heims-endirnum; Mannsins Sonur mun senda Eingla sína, þeir ed munu samansafna úr hans ríki øllum hneixlunum, og þeim ed yfirtroda løgmálid, kastandi þeim í elds-ofninn, þar mun verda óp og tannagnístran, þá munu réttlátir skína eins og sól í ríki síns Fødurs; hvør eyru hefir ad heyra, hann heyri. Þessi er útskíríngin, brædur mínir; og er þad mála sannast, ad hún er svo ágjæt, ad Gydíngar hefdu

vel mátt forvitnast nockud framar um skilning eptirlíkíngarinnar, svo sem Lærisveinarnir giørdu, hefdu þeir lagt nockurn hug á sitt mál. En þess er ad gjæta, børn Guds, ad fyrst ad spádómur Esajæ nádi til Gydínga, sem lifdu á Christi døgum, meir enn 700. árum sídar, og var þá af honum stadfestur, þá er audvitad, ad hann einnin nær til vorra daga, sem nú lifum; því svo sem þad ad Guds-ríki er til vor komid frá Gydíngum, sokum þess þeckíngarleysis, sem í þeim var, Eph. 4. svo eru og til vor komnar allar þær vidløgur og hótanir, sem á þeim munu ad fullu hrína, er gjøra sig þess enn-nú í dag óverduga, og forsmá Guds Son og undir fótum troda, Hebr. 10. Nú fyrir því ad eingin þørf er ad útskíra þessa prédikun Herrans, framar enn gjørt er, svo sem ádur er sagt, þá vil eg kvedja ydur þeim dýrmætu ordum er hann endar þessa sína útleggíngu med: hvør eyru hefir ad heyra, hann heyri! og alleina tala um þá hluti af Gudspjallinu, er oss vekja meigi til ad þeckja vorn vitjunar-tíma. Hjálpa oss þar til, ó, þú gódi Gud! med nád þíns Anda, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Frelsarinn segir í ondverdu Gudspjallinu, ad himnaríki sé líkt manni nockrum, er sádi gédu sædi í akur sinn. Af hans eigin útleggíngu er audséd, ad sædid merkir hér annad, enn í nærst fyrirfarandi eptirlíkíngu; þar merkir þad Guds ord, en hér mennina, sem Guds ord eiga ad heyra. Þessu góda sædi sádi Drottinn strax í upphafi skopunar; gott sædi voru þau Adam og Eva, þegar Gud sádi þeim nidur í aldingardinn; margt hefir þar gras fagurt verid, mørg føgur eyk, og margur blómligur ávøxtur, þó eingínn nærri til líka vid þau, því madurinn var eptir Guds mynd skapadur, segir Ritníngin, Gén. 1; báru þau þess-vegna lángt af ollum skopudum sképnum á jordunni, en jafnskjótt kom þar Fjandmadurinn, Gén. 3, og stack þeim andligan svefuþorn, svo þau tóku nidur fyrir sig, og virdtu meir þá sképnu Guds, sem þeim var miklu óædri heldur enn sjálfa sig, eptir slægdarfullri Djøfulsins áeggjan; sídan hefir hann aldrei vantad sædi, til ad spilla Guds akri med. Strax var þar einn mordíngi í Adams húsi, Gén. 4, og þótt ad Gud setti hann út frá þeim litla safnadi sinna barna, sem þá var á jordunni, þá vardi þad ecki leingi, þar til Óvinurinn sádi aptur illgresinu á medal hveitisins, og kom Guds sonum, sem voru þeir af nidjum Adams er Guds ótta gjættu, til ad elska mannanna dætur, sem voru Caíns afspreingi, hvar af óx þad illgresi, fyrir hvort ad Gud upprætti hina vantrúudu verold, Gén. 6, þegar honum í þad sinn virdtist kornskéru-tíminn kominn vera, og ecki var eptir nema illgresi eitt á jordunni, ad fráteknum Nóa og hans hyski, og þó var þar einn spottari, einn óhlýdinn sonur í hans húsi, Gén. 9, svo ad eptir flódid, þegar þar voru ecki nema átta kornstángir í Guds akri, þá var þó eitt illgresi á medal þeirra; og er framlidu stundir, kjæfdi þetta Andskotans sád-verk svo hveitid, ad þess gjætti valla, og þad svo mjøg, ad þad ætladi ad vaxa upp í himininn, þegar þeir bygdu turninn Babel, Gén. 11, og ætludu sér ad taka rádin af hinum Almáttuga, svo ad eigi skyldu þeir adskiljast, og svo hefir þad jafnan geingid fram eptir oldunum. Þegar Gud kalladi Abraham af Ur í Kaldea-landi, Gén. 12, og uppfræddi hann sjálfur í þeirri himnesku speki, þá sádi hinn alvitri Hús-fadir gódu sædi í Kanaans-landi, þó spratt þar upp strax eitt illgresi, einn hád-fugl Ismael, Gén. 21, einn ofsóknari, ein ambátt sem ad vanvirdti hús-módur sína, Gén. 16; í kvidi Rebeccu voru tvær þjódir, og sá meiri ofsókti þann minna, Gén. 25. Esaú gudlaus madur, hinn fróma Jakob, Gén. 27, og þó var ecki Jakobs hús fyrir utan

illgresi; þar var ein lauslát dóttir, Gén. 34; þar voru tveir mordíngjar, Gén. 34; þar var einn sonur, er fleckadi síns fødurs sæng, Gén. 35; þar voru níu brædur, er seldu sinn eigin bródur mansali, Gén. 37. Lángt er allt svoddan upp ad telja. Á medal Christí tólf Lærisveina var þar einn Drottins-svikari, Jóh. 6; þegar akur hans kristni var sem blómligastur, svo ad allir hlutir voru sameiginligir med þeim trúudu, og þeir seldu eignir sínar, og báru fram fyrir fætur Postulanna, Act. 4, þá skaut Djøfullinn þar strax illgresinu inn, þegar Ananías og Saphíra leyndu af jardar-verdinu, Act. 5; hvørnin Símon hinn fjølkunnugi, Act. 8, spilti Guds kristni, er ljóst bædi af Postulanna gjørníngum og ødrum kristinndóms søgum, og hvørsu mjøg Páls kvartar um vanskickunina í Drottins kvøld-máltíd, 1. Cor. 11, svo og skammarligt samrædi med nákomnum sér, er hann segir, ad ecki heyrist jafnvel medal heidíngjanna, 1. Cor. 5; þad má alkunnugt vera af hans bréfum til safnadarins í Korinthó. Fyrst nú ad Djøfullinn féck slíkt til vegar komid ámedan Gud taladi sjálfur vid mennina, eins og madur vid mann talar, á-medan hans eingétinn Son-ur voru holdi íklæddur, flutti eyrendi síns himneska Fødurs hér á jørdunni, medan heilagur Andi med sýniligum krapti og jardteiknum auglýsti sitt Guddóms almætti í mønnunum, og á-medal mannanna, þá ætlumst ecki til ad hann muni nú sídur verka í børnum vantrúar-innar, Eph. 2; þar vér meigum gløggliga vid þad kannast, af þeim løstum og skømmum, er dagliga í vøxt fara á-medal vor, ad Satan er ofan kominn, hafandi brædi mikla, Apoc. 12. Því mætti oss vera umhugad ad þeckja vorn vitjunar-tíma, er oss svo optliga bodadur verdur í Guds H. ordi, og vilji menn ecki Guds vitjunar-tíma þeckja, þá þecki menn þó Andskotans, því sídan kristni hófst í landi þessu, hygg eg hann aldrei hafi meira ríki haft vor á-medal í sumum hlutum, enn-nú um stundir. Á øllum øldum hefir hann sád illgresinu á-medal hveitisins, en þó hefir þad optast verid og vídast, ad skømmin hefir skømm heitid, og dygdin dygd, jafnvel hjá þeim sem ecki hafa dygdina elskad né hatad skømmina; en nú heyrist mér ad menn hrósi sér af løstunum, og setji dygdanna nafn uppá þá. Ismael er tekinn til ad offæckja Isak, og Agar ætlar ad reka Sara út úr húsinu; Abímelech er farinn ad drepa hina skilgétnu brædurnar, Júd. 9, svo hann fridlu sonurinn meigi einsamall ríkja. Agirndin er framsýni kølllud, drambsemin hofdíngsskapur, hræsnin vitska; þegar menn brjóta réttinn, kalla menn þad ad byggja hann; þegar menn sleppa skálkum og illrædis-mønnum óhegndum, þá nefna menn þad kjærleika og miskunsemi; hyrduleysi og tómlæti í sínu kalli og embætti, heitir spekt og fridsemi. Á døgum Christí ónýttu þeir Guds løgmál med sínum setníngum, Matth. 15, þá høfdu þeir ecki løg-bók nema Mósis løgmál; en þess væri óskandi, ad ecki ónýttu menn nú konúngsins løg med sínum eiginn þótta, nær þeim rædur svo vid ad horfa. Svo falsar nú Andskotinn Guds stedja á-medal vor, og setur hans mynd og yfirskrift á svikinn málm, og þetta verkar hann med slægd og kunnáttu svo mikilli, ad svo sem ad illgresid er vandþeckt frá hveitinu, ádur enn þad er fullvaxid, Matth. 7; svo þeckja menn ecki þessa úlfa, fyrr enn saudar-gjæran er af þeim dregin, og þeir bíta høfudid af skømminni, svo hún fær ecki leingur dulist. Veit eg ad fjandmadurinn brúkar einfeldni og hugleysi margra til slíkra hluta, og er þad nógu illt, því grátligt er til þess ad vita, ad fákjænskan og óttinn fyrir því sem eckert er, skuli

svo drottna í veröldinni, að fáir annaðhvört viti, hvað þeir eiga at gjöra, edur þori, þótt vita meigi; en hvörnin sem því er varið, þá vilda eg þess óska, að þegar Drottinn lítur af himnum ofan yfir mannanna sonu, Ps. 14. að hann hefði þá ecki órðsök til að klaga, eins og Jéremías Kap. 5, er hann segir: nú vel, sá aumi flockurinn er skyulaus, vitandi ecki neitt af Drottins vegi, og af síns Guðs réttindum; eg vil gánga til hinna voldugu og tala við þá, þeir munu vita af Drottins vegi, og síns Guðs réttindum; en allir saman höfðu þeir okið brotið og togin ísundur slitið. Hvar fyrir kémur nú öll þessi ólucka? því hefir Fjandmaðurinn svo mikinn framgáng? er hann sterkari enn Guð? fjærri sé því, hans Sonur hefir einusinni ræmt hann sínni harneskju og sínum vopnum, á hvör hann treysti, Lúc. 11. Hvað þá? hvör er órðsökin? þvíað menn vilja heldur ljá limu sína til íbúðar syndinni heldur enn réttlætinu til verkfæra, Róm. 6. Guð vill láta erfiða í sínum víngardi, Matth. 20; þar fyrir vill margur hafa sig undan þeginn, að ljást honum til þjónustu, jafnvel þótt að þeim sén launin vís á himnum, er honum til handa gánga, en það er inndælt að gjörast verk-þræll Andskotans, því hann leggur kodda undir höfuð syndarans, Ezech. 13. þótt menn fyrir víst viti, að hann launi með eldi og brennusteini, Apoc. 14. með ópi og tannagnístran, Matth. 13. svo sem Drottinn aðkveður síðarst í útskíríngu þessarar eptirlíkíngar. Þegar menn sváfu, kom Fjandmaðurinn og sáði illgresinu meðal hveitisins, segir í textanum. Ecki er með þessu meint ein stétt heldur enn önnur, en alleina tækifæri það sem óvinurinn brúkaði, til að sá illgresinu niðursáð í akurinn, það var svefntíminn; samt má eg taka mér orðsök hér af til að tala þar um, að eg hygg oss verði nockuð svefnsamt allmörgum í báðum þeim stéttum sem yfirráðin hafa, svo að fjandmanninum þar fyrir optliga géfist tækifæri til að spilla Guðs akri með illgresinu. Takið fyrst til á mínum helgidóm sagði Drottinn við Jerúsalems Eingla, er hann bauð þeim að slá þá alla sem ecki teiknaðir vóru, Ezech. 9. Eg vil fyrst taka á oss sem berum Arons skrúða. Hvörnin mun líða um hinar smáu kornsteyngurnar í Guðs akri? mun þær ecki vanta ástundum þann heilnæma vökva, er þær eiga að spretta af, svo að þeim kynni safnað að verða í bindini Guðs barna, þegar uppskéru-tíminn kémur? Eg hygg að í þessu sé mikill brestur hjá allmörgum, hvað Guð náðarsamliga lagfæri, og géfi þeim að ydrast, er í þessu er svo mjög abóta-vant. En segið mér, hvað gjöra þeir eð þannin breyta? sofa þeir ecki? mun ecki Fjandmaðurinn hafa nóga orðsök til að sá illgresinu þegar svo til geingur? Það er hægt að gjöra hveitið að illgresi, en að láta hveitið aptur - hverfa til sinnar fyrri náttúru, þegar það er einusinni orðið að illgresi, það heyri eg sagt að sé ómöguligt; svo er því og varið í Guðs Akri; margs úngmennis náttúra kann að vera góð, en því veldur Fjandmaðurinn, og þeir sem eiga hér um að hyrða, nær þeir forsóma sitt verk, og géfa honum rúm, að hún venst á það illa sem er auðnæmt, því hún heyrði lítið af því góða, og dregst svo únglíngurinn á legg að bágt kann vera við að gjöra, vennr svo aðra eptir sér, nær hann er gamall orðinn, svo að þessi drepsótt smýgur svo mann af manni, þar til hún spillir heilum akri. Þeir sem eta þetta illgresi sem hér gétur um í Evangélió, verða blindir edur glámskygnir. Hvað munu þeir verða sem uppalast með þeim, er svo eru uppaldir? blindir af blindum leiðtogurum; og þetta sjá nockrir af vorum kénnimönnum

og leggja þar ecki til; sofa menn þá ecki? mun Satan forsóma þetta tækifæri? eg vil ei tala um það, hvorsu lítið að sumir af oss vanda kenninguna af prédikunarstólnum; finnast munu þeir eð ætla sig vel hafa rekið Guðs eyrindi, ef þeir fylla upp eyru tilheyrendanna með háreysti nockru, og mælgi þeirri er hvorgi á heima, en gjæta ecki að því, hvort hinn sturlaði finnur huggun þar í, hinn fávísi leiðrétting, hinn dofni og hyrðulausi uppvakníng, hinn ógudligi og sá eð forsmáir Guð og hans réttindi, það sem honum tilheyrir, sem er hótun Guðs reiði og eylífrar fyrirdæmíngar. Hvort allir þessir finna það í einni prédikun, það athuga sumir menn ecki svo gaumgjæfiliga ástundum, þegar menn hripsa eitthvað út úr einni bók, til að gjöra afsökun sína, gjætandi ecki mjög smásmugliga að, hvort það gagnaði að tala á þeirri tíð, edur í þeim söfnuði, sem honum er á hendur falinn til umönnunar; samt þvo menn hendur sínar fyrir fólkinu, og kalla sig saklausa af blóði hins réttláta, Matth, 27, sem þó ecki hrín á þeim er tapast, sökum fáfræðis þessara vesalínga; en hann, sem í Guðs stað er settur, forsómaði að géfa hans hjúum í réttan tíma það sem byrjar, Lúc. 12, og ætlar að Guð muni ecki krefja þess af sinni hendi síðan, Ezech. 33, jafnvel þótt hinn fáfróði megi deya í sínum syndum, nema Guð vilji meiri miskun á gjöra, vegna hans tómlætis, er honum á að undirvísa, og áminna foreldra og húsbændur að gjöra skyldu sína, þar sem hann fær ei sjálfur tilkomist. Segið mér, er ecki þvílíkt að sofa? mun Óvinurinn ecki færa út sinn reit í Guðs akri við allt þetta? Eg vil ei fá mér til orða, hvorsu að margur leiguliði er ragur í því að straffa ódygðir og glæpi hjá þeim sem eru nockurs málsmetandi, ein máltíð matar, einn bikar áfeingsdryckjar, eitt hundraðsvirði edur minna ástundum, þvær af allar syndir hins guðlausa, hjá þeim er svo eru lyndir, launandi svo skammarliga sínum velgjörða-mönnum, að þeir pretta þá um gagn sálar sinnar, og þann mesta velgjörníng er þeir kynnu þeim aptur að sýna, sem er að segja þeim til synda sinna, svo vanhelga þeir Guð fyrir einn mjölhnefa, svo sem Drottinn að orði kémst, Ezech. 13; og þótt eckert af þessu í milli komi, þá heldur óttinn fyrir ofríki þess voldnga, mörgum af þeim er sig kalla umboðsmenn Christí svo í taumi, að þeir ecki þora munninum upp að ljúka, hvorjar helst skammir og klæki sem þeir horfa á. O, vei! o, vei! segið mér í Guðs nafni, segið mér, er ecki þvílíkt að sofa? Mun ecki fjandmaðurinn hlæa að þessu, nær Guðs þénarar draga hans plóg svo kappsamliga, og finna að það megi um vorar tíðir segja, er Drottinn sagði forðum um hyrðarana í Júða: allir þeirra vökumenn eru blindir og vita alls eckert, mállausir hundar eru þeir, og kunna ecki að gélta, þeir eru latir, liggja og sofa gjarna, Es. 56; og þessir hinir grádugu hundar, kunna þó aldrei saddir að verða; og þetta hið síðarsta veldur, að menn eru svo spakir í því að umvanda við aðra í Guðs stað. Balaks fémunir orka þess að asnan verður fljótari til að segja satt heldur enn spámaðurinn sem á henni situr, Núm. 22; svo þegar einn höfðíngi fær ecki að heyra sannleikan af presti sínum, sem á og má segja honum til syndanna, án allrar misvirðíngar, þá verður hann ástundum að heyra það af fjandmanni sínum, af hinum minsta þénara, af einum bónda, sem að gjörir skömm til kénnimannsins, er þetta ætti að gjöra sér til forsvars hjá Guði, en hinum til sálar-bata og eingrar minkunar, nema hann þykist meiri maður enn Davíð, er þoldi Nathan spámanni sannyrðin reiðilaust, 2. Sam.

12; og ef hann heyrir það af eingum af þessum, þá mun hann það heyra af Dómara alls holds á sídarsta degi. Og þótt menn séu nú svo spakir við höfdíngjana og þá hvørra vald menn óttast, þá vantar menn ecki suma hvørja ástundum að brúka síns embættis-myndugleika við lítilmagnan, ecki til að leidrétta hann, edur til að vandlæta í Guds stað, heldur til að ótta monnum með því valdi, er vér hofum til að leysa og binda syndina á jordu, Matth. 16. og til að hefna sín á þeim er menn þykjast varhendt eiga; Guð veit að eg lýg ecki, að þessi muni dæmin géfast, og þó fleiri enn eitt. En eg bið ydur, að þér athugið, þér sem þetta aðhafist, eg bið, segi eg í Guds nafni, að þér athugið hvað skélfilig hádung að þetta sé, og hvørsu að blóð Drottins Jesú, það dýra sátt-málans blóð muni hrópa í himininn, þegar það er svo almenniligt haldið af einum synda-þræl, er vænist að þessu Guds umboði, sem fyrir þeirra og allra manna syndir er krossfestur; segið mér þér dárar! mun Guð hafa nockrum umboðið að fóttroða þannin sitt eigið blóð? hvørs minsti dropi að er dýrmætari, enn að himin og jord megi í nockurn samjøfnuð koma. Þessu vil eg hafa vikið til þeirra er setja einn vesæling út frá heilogu altarisins sacramentó fyrir litlar edur eingar sakir, og optliga þær er þeir sjálfir þykjast við hann eiga. Vitið þér ecki, þér hræsnarar! að þvílík útsetníng er eitt Drottins reidarslag til þess að straffa með gudlausa menn, og hans nafns forsmánara; þó skammist þér ydar ecki að taka ydur það í hønd til að slá þá með, er ydur er íllt í skapi við. Hvørsu vel hafi þér geymt ydar Herra boðorðs? er hann segir: blessið þá er ydur bølva, gjorið þeim gott er ydur ofsækja, Matth. 5. að þér séuð børn míns Føður sem á himnum er. En þegar þér brúkið hans dýrdarfullu stórmerki til að refsa þeim er þér þykist eiga hefndir að gjalda, hvørs synir erud þér þá? ecki hans er skipaði að líða illgresið til kornskéru-tímans, heldur hins sem er mordíngi sálnanna, Jóh. 8; ecki hans sem géck íkríng, gjordi gott og græddi alla, Act. 10. heldur hans er geingur umkríng sem greujandi león, leitandi að þeim, er hann fái uppsvelgða, 1. Pet. 5. Þegar Drottinn Jesús géck um Samaríam fordum daga, þá sendi hann undan sér lærisveinana, að tilreiða sér herbergi í borginni, en bæjar-menn vildu ecki taka við honum, því hann hafði þann snið á sér, sem vildi hann reisa til Jerú-salem, en Samarítanar hotudu alla þá, er sóktu helgar tídir þángað, þá reiddust þeir Jakó-bus og Jóhannes og søgðu: meistari! villtu ecki að vér segjum að eldur komi af himni og fortæri þeim eins og Elías gjordi, en hann blessaður snérist við, straffaði þá og sagði: þér vitið ecki hvørs anda þér erud, því Mannsins Sonur kom ecki að hann tor-týndi sálum mannanna, heldur að hann þær hólpnar gjordi, Matth. 9. þetta gjordu þeir Jóhannes og Jakóbus af einfeldni og óþorfu vandlæti vegna Drottins, og þó átaldi hann þá svo harð-liga; en af hvørjum anda gjorið þér þetta? ecki Guds, heldur Andskotans. Segið mér, er ecki það að kalla eld af himni, að banna monnunum hina kroptugustu lækníng sálar sinnar og steypa þeim svo til helvítis, að svo miklu leiti sem í ydar valdi stendur? O, þér skynlausir vargar! látið af svoddan æði, nema þér sjálfir viljið þola bræði Drottins um alla eylífð, í því díki sem ríkur af eldi og brennusteini, Apoc. 21; vaknið upp og sofið eigi leingur! gjorið ydran, þvíað ydar hjarta er ecki rétt fyrir Guði, Act. 8. Hvør eyru hefir að heyra, hann heyri! Eg vildi og fátt eitt við ydur talað hafa, þér veraldar

höfdíngjar, med ydar gódu leyfi; munu þeir ecki finnast ydar ámedal er svefnhöfgvi renni á í dómara=sæti, edur nær menn eiga ad gjøra verk sinnar kallanar, sem Gud og konúngurinn hafa þeim á hendur falid; eg vil eigi tala um þad, hvørsu menn leita sér fordildar í ad spilla stefnum og vitnum þvert ámóti løgmálinu, nær mønnum rædur svo vid ad horfa ad útleggja løgin eptir því sem menn þykjast vid=þurfa í þad sinn, og aka þeim eins og seglum eptir vedrinu. Þau munu dæmi gefast, ad einn og hinn sami dómari hefir í einni søk dæmt eptir einu løgmáli, og þvert ámóti hinu sama í ødru eins máli, ecki fyrir nockur ólík atvik edur háttalag sakanna, heldur alleina eptir því sem hann hefir unnad þeim til, sem hafa verid fyrir dómi hans. Segid mér, er ecki þetta ad sofa? þykir ydur ecki von á ad akur Fjandmannsins grói vid þetta? hvørsu óhlífnir eru menn í því ad tradka málunum, og þótt eg segdi blygdunarlausir, þá segda eg ecki ofmikid, því menn gjøra þad svo berliga ástundum, ad þad er øllum heilvita mønnum augljóst, ad menn setja þær flækjur í dóma sína, sem einn talsmadur, edur há sem ætti ad verja høfud sitt, skyldi ecki annarstadar þora ad brúka sér til forsvars. Eg vil eigi fá mér til orda um opinbera réttar=neitun, hvørsu slægvitrir menn eru í því ad skjóta málum á frest án allra ordsaka, svo ad hinn fátæki og einstædíngurinn, og jafnvel ástundum þótt hann sé málsmetandi, ef dómarinn er hønum mótfallinn, þeir neydast til ad standa af rétti sínum, og þeim leidist edur hafa ecki efni á, ad sækja hann framar, og vilja heldur gefa eptir søk sína, enn spilla tídinni og voga gótsi og ómaki uppá þann rétt, sem menn eiga ad sækja í þvílíkar hendur. Hvad sýnist ydur nú gódir menn? mun ecki skálkurinn og hinn ógudligi vaxa vid allt þetta og æfa sømu skammir óttalaust, og þegar hønum svo hrockur yfir, søkum rángsleitnis þeirra er réttinum eiga ad stýra, þá kallar hinn óhlutvandi ad Gud hafi þócknan á sér, af því hann lætur hann vaxa til kornskéru=tímans; en þeir sem Gud hefir um=bodid, forsóma ad taka hneixlid og hid vonda í burt úr Israel, Devt. 17. Þegar nú svo ber vid, þá kalla eg ad rétturinn sofi, af því eínginn er til ad vekja hann; er ecki slíkt ad ráda Djøflinum verk=þræla til handa í sinn akur, sem ad miklu sídur forsóma hans verk enn hinir er Guds plóg eiga ad draga? og væri gott ef hér med væri kyrt látid. En þess væri óskandi, ad ecki lidu menn alleina hinar verstu skammir og óhæfu, heldur og tæki þær ecki í forsvar, svo sem er vanskickun og øl=ædi undir Guds orda heyrn, gudlastanir, vanbrúkun hans dýrdarfulla nafns til ad skémma sinn náúnga med, og margt þvílíkt fleira, sem heidvirdur madur mætti skammast sín ad nefna, en sumir ecki blygdast vid ad forsvara, edur ad minsta kosti nærri óstraffad láta; svo þad sem annarstadar í kristnum løndum er med útlegd, edur og ødrum þúngum álogum straffad, því sleppa menn hér aldeilis, edur og látast straffa þad svo sem litla yfirsjón, en eingan stór=glæp. Eg hefi lesid í guds=manns riti, er lifdi fyrir hundrad árum hér í landi, hvørs sál nú lifir í himninum, en minníngin er ágjæt á jørdunni; hann segist hafa talad vid einn mann, er sagt hafi, ad hann ecki vildi sverja rángan eyd, þótt hønum sex hundrud gefin væri, en hefdi hid sjøunda verid í bodi, þá mundi kanské hafa runnid á hann tvær grímur, skrifar þessi Guds=madur. Þetta var ad sønnu ein høfud=skømm er hann talar um, en ecki hygg eg menn þurfi ad kaupa svoddan nú um stundir sumstadar, þad mun fást ókeypis, ef dómarinn er velviljadur þeim er áliggur, sérdeilis ef ecki liggur vid

nema Guðs og konúngsins réttur. Segið mér, mun það ecki eiga hjá þeim heima er svo breyta, sem Drottinn segir við Júda, Ez. 16: øllum skjækjum verdur fé géfið til, en þú hefir géfið þínum fylgju-mønnum peninga. Er ecki þetta að sofa? er það að undra að þunnskipað er í Guðs akri af hveiti-staunginni, nær svo til geingur, og þótt Guðs þénarar kvarti hér um, og færi jafnvel slíkt undir løg ástundum, eptir skyldu síns embættis, þá fá þeir eingu á-orkað, mæta heldur áráśum þar-fyrir, og ei blygdast hinir þar við, þótt þeim sé hér-um brixlað, heldur slá við því hnackanum, svo sem menn plaga að segja, og gjøra eins og Salómon segir um skjækjuna, að hún strjúki sér um andlitið og segi: eg hefi eckert illa gjørt, Próv. 30; þeir blygdast þar við að sonnu um stundar sakir, en reka ei að síður Fjandans eyrindi, svo sem hefdu þeir vald sitt og veizlur af honum þegið, en ecki af Guði né konúnginum. Þyki nú nockrum svo sem að þetta hitti á sig, þá mun sá géfa hljóð af sér sem ákémur, en margt af þessu er almennara og kunnugra enn að hérað þurfi mørg vitni að leiða. Eg finn það ecki með því að grafast þar eptir, þetta er yfir allt, segir Drottinn um klæki Gyðínga, Jer. 2. Bréf og dómar manna skulu það satt gjøra, er eg ritað hefi, og sjálfir þeir eð æfa þvílíkt, munu það þeckja, þótt eigi vilji þeir að-gjøra, nema þeir séu forbrendir í samvitskum og hafi mist alla tilfinníngu, nema hinn grádugi hræ-fugl, Djøfullinn, hafi rigna látið í augu þeim heitum saur, eins og titlíngarnir í augu hins gamla Tobíæ fordum daga, Tob. 2; sagan segir, að hann hafi læknadur orðið með galli fiskjarins, þegar því var rýdið á hans augu, þá datt hreistrið af þeim, Tob. 11; en eg veit ecki hvað þessum muni til lækníngar verða, fyrst Guðs blóð fær þess ei orkað, og ecki það beiska gall og edik, er honum var borið, Matth. 27, þegar hann kvaldist fyrir þessar þeirra og allrar veraldarinnar syndir; eg veit ecki hvað þeirra augum muni upp-ljúka, nema hin stæka svæla helvítis elds, hún mun ljúka þeim upp að vísu. Annara manna augu skémmir reykurinn og sljófgar þau, en þessa mun hin eylífa svæla heilskygna gjøra, að þeir svo loksins sjái hvør annars skømm, sem hafa gjørt samband ámóti Guði og hans kristni, og ecki vildu uppláta sín augu ámóti hans réttlætis og náðar geislum, meðan þeir plágudu hans útvalda í ríki síns fødur, sem er høfdíngi þessa heims; og það er um þá rétt sagt, er Seneca skrifar um Claudíum, að hann ecki þeckt hafi að hann dauður var, fyrr enn hann sá líkfør sína. Segið mér nú í Drottins nafni, segið mér, er ecki þvílíkt að sofa? er ecki það að vera sáðmaður fjandmannsins, og spilla Guðs kornekru af øllum kroptum? hvør eyru hefir að heyra, hann heyri! svo heyri þér nú orð Drottins sem í landinu búið, þér sem hans umboð er á hendur falið, heyrið þér sem standið fyrir altari hins allra Hæsta, hvað hann býdur ydur, af Ezechíelis spádóms-bókar 33. Kap: eg hefi sett þig fyrir vørð yfir Israels hús, nær eg segi til hins ógudliga: þú skalt dauða deya, og þú varar hann ecki við, og segir honum það ecki, svo að hinn ógudligi kunni að vakta sig við sínu ógudligu athæfi, svo að hann megi lifa, þá skal hinn ógudligi deya fyrir sinna synda sakir, en hans blóðs vil eg krefja af þinni hendi. Og svo að þér kunnið með þess meira frelsi og myndugleika og betri samvitsku að straffa, ógna og áminna í Guðs stað, þá hagið líferni ydar svo sem Christí þénarar og ráðsmenn hans leyndardóma, 1. Cor. 4,

géfandi eingum nockra hneixlan, svo ad vor þjónusta verdi ecki løstud, heldur í øllum hlutum hegdum oss svo sem Gudsþjónustu-menn, eptir bodi St. Páls, 2. Cor. 6. Heyrid þér hinir voldugu í landinu, og þér sem Gud hefir sverdid í hendur feingid! heyrid þér ord Drottins, lærid gott ad gjøra, leitid eptir réttinum, gjørid rétt hinum undirþryckta, látid hinn munadarlausa løgum ná, og takid ad ydur málefni eckjunnar, Esa. 1, haldid dóminn og réttvísina, frelsid hinn undirþryckta af hendi ofsóknarans, og sturlid ecki hinn framanda, fødurleysíngjan og eckjuna, og gjørid eingum ofríki, segir Drottinn Zebaoth, Jér. 22; hyrid ecki med ydur, ad nær þér þessar Guds áminníngar ad eingu hafid, ad hann muni þá vera líkur ydur, þótt hann þegi, Ps. 50, og láti ydur vaxa til kornskéru-tímans, því hann mun straffa ydur og tala vid ydur undir augun, nema þér ydrist af hjarta; látid af illu og lærid gott ad gjøra; vandlætid í Guds stad, og upprætid hneixlid og hid vonda úr Israel, Devt. 22; annars mun þad heita fyrir ydur: ó, þér af Mósis og Arons húsi! hvør sem mig forsmáir, þann vil eg forsmá, 1. Sam. 2; þín sála skal vera fyrir hans sálu, 1. Reg. 20. Þér erud gudir kalladir, og allir erud þér synir hins Hærsta, gódir menn! en þó munud þér deya svo sem manneskjur, Ps. 82. Heyrid þetta til samans andligir og veraldligir; heyrid hvad Drottinn segir ad ályktun í útleggíngunni, ad illgresinu muni verda kastad í elds-ofninn, þar muni verda óp og tannagnístran. Ef þeirra dómur verdur svo strángur, sem fyrir ydar vanræktar sakir tapast, hvílíkur mun þá ydar dómur verda, nema þér gjaldid varhuga vid. O, þér kristnir menn! ó þér, sem med Guds Sonar blódi erud endurkeyptir og í hans dauda skírdir! Act. 20, géfid gjætur ad sjálfum ydur og allri hjørdinni, sem Gud hefir afrekad med sínu eigin blódi, hvør í sinn stad; pundid er stórt, reikníngskapurinn er mikill, Guds blód er dýrt, hans reidi er þúng, Dómarinn er strángur, lífid er stutt, daudinn er vís, helvíti er heitt, eylífdin er laung, og þér vitid ecki nær ed Húsbóndinn kémur; en í hvørja þá átt sem eykin fellur, þar liggur hún, Eccles. 11. Látid ydur því ecki villa med ógudligum heimsins dæmum, berid ydur eigi saman vid þá sem þér kallid ydur verri, þeirra fordæmíng verdur ecki ydar afbøtun, því hvør einn mun sína byrdi bera, Gal. 6; nema þér ætlid, ad ydur muni þar fyrir verda rórra í helvíti og kvølunum, ad adrir sæta þýngri hefndum enn þér þykist hafa tilunnid. Satt er þad ad sønnu, ad Guds réttlæti mun skamta hegníngunna eptir tilverknadinum, og vega straffid út eptir þýngd syndanna; en gjæt þess, ad øllum mun verda þar óbæriligt, og svo sem ad útvaldir í dýrd himnanna munu ei øfunda hvør annann, þótt einn skíni fegra enn annar, svo munu eigi heldur fordæmdir hafa neina ró af því, þótt einn kveljist meir enn annar; mæl því ecki vondsku þína saman vid hans, sem forþénad hefir heitara helvíti, heldur gjør ydran ámedan þar segist enn-þá: í dag, Hebr. 3, svo ei komir þú í þann kvala-stad, Lúc. 16, heldur skína megir eins og sól í ríki þíns Fødurs. Þad veiti hinn gódi Gud, øllum þeim sem undir hans merki strída, í útlegd þessari, fyrir Jesúm Christum, amen!

A Hreinsunar-hátíd Maríu.

Gudspjallid, Lúc. 2. Kap.

A þeim tíma; þá dagar hennar hreinsunar fullnudust eptir Mó-

sis løgum, høfdu þau hann til Jerúsalem, uppá þad þau á hendur fæli hann Drottni, svo sem skrifad er í løgmáli Drottins, ad allt hvad kallkyns var, þad er fyrst opnadi sinnar módur-kvid, þá skyldi kallast Drottni helgad; og ad þau gjæfi offrid eptir því sem segist í løgmáli Drottins, tvær turtil-dúfur, eda tvo dúfu unga. Og sjá, ad madur var þar í Jerúsalem, sá ed Símeon hét, og þessi mann var rettlátur og gudhræddur, bídandi eptir huggun Ísraels, og heilagur Andi var med honum. Símeon hafdi og andsvar feingid af heiløgum Anda, ad hann skyldi ecki daudan sjá, nema hann sæi ádur fyrri Krist Drottins. Og hann kom af andans tilladan í musterid; og þá foreldrarnir høfdu barnid Jesúm í musterid, og gjørdu fyrir hønum eptir sidvenju laganna, og hann tók hann þá uppá sína armleggi, lofadi Gud og sagdi: Drottinn! lát nú þinn þjón í fridi fara, eptir því sem þú hefir sagt, þvíad mín augu hafa séd þitt hjálprád, þad þú tilreiddir fyrir augliti allra þjoda; eitt ljós til uppbirtingar heidnum þjódum, og til dýrdar þíns folks Ísrael.

Exordium.

Margir veraldar høfdíngjar, sem og adrir vísir og gódir menn hafa sér óskad, ad þeir mættu lifa svo leingi í heimi þessum, ad þeir feingi bundid enda á fyriræilan sína, en þad hefir þeim misjafnt tekist. Augústus keisari er sagt, ad optliga hafi talad þad vid vini sína, ad hann vildi lifa mega, þar til hann hefdi ad fullu skipad ríkisstjórninni í því rómverska veldi, og verdur ecki á móti því sagt, ad hønum tókst þad ad miklu leiti. Eigi verdur því heldur neitad, ad í þessum ásetníngi var mikil hugprýdi. Hinn stóri Sólimann, tyrkjanna høfdíngi, æskti sér ad deya ecki fyrr enn hann hefdi unnid høfud-stadinn í keisarans ríki; en Gud lét þad ecki eptir hønum; daudinn vann á hønum ádur enn hann féck borgina unnid; og hendir þetta marga þá, sem alleina vilja lifa til þess ad feilast á adra, og útrétta gírugar hendur til þeirra hluta, sem eigi eru þeirra. Vísinda-mannanna ósk er sú gjarna, ad þeir mættu lifa svo leingi, þar til heir hefdu aflokid erfidi sínu, skriftum og bókum, og ødru því, er þeir fyrir stafni hafa; og er í slíku tvent ad skoda; eitt er nockurskonar ærligur metnadur, og elska góds nafns og ryktis eptir sig daudan, hvad ecki er lastverdt, því hún hefir mørgum komid til ydni og ástundunar; annad er vilji og ásetníngur til ad kénna ødrum, og sérdeilis eptirkomendunum, sem losligt er og mikillrar hrósunar verdt, því þad ber eptir sér elsku og hugþocka mikinn til mannkynsins, hvørju eckert er ágjætara, eckert Gudi þeckara, og ef eg má svo ad ordi komast, eckert Gudi líkara, því hann elskar øll sín handaverk. En hvørnin sem øllu þessu er varid, þá er eitt naudsynligt, og eitt er þad góda hlutskiptid, sem einginn má af þeim taka, Lúc. 10, er þad hafa útvalid, sem er ad hafa svo lifad, svo trúad og svo tilreidt sig, ádur enn madur geingur veg allrar veraldar, Jós. 23, ad hann sé fullviss þar um, ad hann í fridi fari af þessum heimi. Því prísa eg hlutskipti hins góda og gamla Síméónis; ecki svo mjøg í því, ad hønum hlotnadist ad sjá heimsins Skapara og Endurlausnara med sínum augum, svo sem hann hér segir í lof-saungnum, og ad taka hann uppá armleggi sína; svo sem hitt, ad hann út af fullu trausti um Guds nád og eylífa vist med honum, saung svo ad segja þenna glediliga lof-saung yfir sjálfum sér: nú lát þú Drottinn, þjón þinn í fridi fara eptir ordi þínu, þvíad mín augu hafa séd þitt hjálprædi. Svo þad má kalla, ad hans lík-

sálmur, og fædingar- og fagnadar-diktur Endurlausnaranum tilkvedinn, væri einn og hinn sami. Sæll er sá kvidur er þig bar, og þau brjóst er þú mylktir, sagdi kvinnan fordum vid vorn Herra; en hann svaradi henni: hvad um þad? sælir eru þeir sem heyra Guds ord og vardveita þau, Lúc. 11. Þetta kémur mér til þess, ad mér þykir meir koma til þess, ad Símeon beid med þolinmædi eptir huggann Israels, og ad heilagur Andi var med honum, heldur enn hins, ad hann sá Jesúm, og tók hann í fáng sér, ádur enn hann skyldist vid þetta líf; því einginn er þvílík sæla og einginn styrkur í daudanum svo mikill, svo sem ad hafa séd Jesúm med trúarinnar augum, og fadmad hann med hennar ørmum; Þad kénnir hann sjálfur er hann sagdi vid Thómam: af því þú sást mig Thóma, trúdir þú; en sælir eru þeir sem ecki sjá og trúa þó, Jóh. 20. Þenna kost eiga allir þeir ed ord Guds heyra, í hvørju Jesús Christus hinn krossfesti er oss fyrir augum afmáladur, Gal. 3. Sá sem eptir því geingur, hann mun med Símeoni allshugar feginn og gladur skiljast vid breckvísa verøld þessa, og kalla daudan sinn ábata. Og fyrir því ad þessa góda manns er minst í Gudspjallinu, er strax var upplesid, þá viljum vér af honum læra: hvørnin vér eigum fridsamliga ad lifa, svo vér kunnum í fridi hédan ad fara. Þar til hjálpi hinn nádarfulli Gud, fyrir forþénustu síns eingétins Sonar Jesú Christi, amen!

Utleggíngin.

Hvad manna ad Símeon þessi verid hafi, greinir écki ritníngin um; þeir ed skrifa ad hann hafi kénnimadur verid, færa eckert til síns máls; þad er eigi heldur líkligt, annars mundi Gudspjallamadurinn ecki hafa þagad um þad, heldur enn um Zachariam, fødur Jóhannis skírara, Lúc. 1. Líkligri er þeirra meiníng, er ætla ad hann verid hafi sonur Hillelis er Gydínganna meistarar segja ad verid hafi lærifadir Gamalíelis, hvør ed sagdi hina røksamligu meiníng sína um kristni-bodid, er øldúngarnir héldu rádstefnu um Postulana og þeirra lærdóm, Act. 5. Þetta er ad sønnu ecki víst, en ef svo er, þá var þad ecki ad undra þótt Gamalíel framar ødrum skygndist í þenna lærdóm, þar hann hefir án efa heyrt af sínum meistara, ad huggun Israels, eptir hvørri hann beid, mundi ecki fjarlæg vera, hvad hann rádid hefir af spádónum þeim, er voru af Messía, er þá tóku margir fram ad koma. Meistarar Gydínga høfdu marga lærisveina, Jóh. 4, sem sjá má af Christó og Jóhanne, Lúc. 10; svo hefir og án efa Símeon haft fleiri enn færri, og er þad víst, ad hann hefir ecki sízt talad fyrir þeim um þessa høfud-grein trúarinnar, er hljódadi um Messíam og hans tilkomu; því ecki hefir hann verid sá einasti, er vænti eptir hinum sanna Messía med áhyggju svo mikilli; þad segir oss Lúcas í þessum sama kapítula, af hvørjum Gudspjallid er tekid, þar hann skrifar, ad Anna dóttir Phanúelis af kyni Aser, hafi talad af honum til allra þeirra, er endurlausnarinnar bidu til Jerúsalem, hvørjir án efa verid hafa af skóla Símeonis, edur hans líka. Hvar-af oss sé þadként, ad menn velji til ad uppfræda børn sín, ecki einasta vísa menn og lærda, heldur sidsama og gudhrædda, þá ed undirvísi þeim í ótta Drottins, og kenni þeirra úngu ár á réttvísi og gudrækni, ef þeir vilja ad þau lifi svo í heimi þessum, ad þau sén vis um ad deya réttlátra manna dauda, Núm. 23, nær þau leysast hédan. Þad stendur hér í Gudspjallinu um Símeon, ad hann hafi réttlátur madur verid; ecki meinar ritníngin hér, ad hann hafi af sjálfum sér verid fullkomliga réttlátur; þad er ecki hjá mannligum kroptum ad finna; allir vér megum segja med Job. Kap. 9: vilji eg réttlæta mig, þá fordæmir minn munnur mig; ef eg segi mig saklausan, þá sýnir hann ad eg er ránglátur. Viljum vér fyrir Gudi réttlátir vera, þá megum

vér kasta frá oss bædi voru réttlæti og voru ránglæti; réttlætinu í þann máta, ad madur treysti ecki á þad, heldur reikni þad þreck ad vera, svo hann ávinni Christum og finnist í honum; hafandi ecki sitt réttlæti, sem er af lögmálinu, heldur þad sem er af trúnni á Jesúm Christum eins og Páls, Phil. 3; en ránglætinu þess-vegna, ad trúin er daud án verkanna, segir Jakob, Kap. 2; og Gud er heilagur, honum líkar ecki ógudligt athæfi, Ps. 5; hvad ecki er í þeirri veru sagt, ad madurinn géti aldeilis afklædst þessum vonda syndarinnar ham, ámedan hann lifir í holdinu, heldur á hann af fremsta megni ad leitast vid ad krossfesta hinn gamla manninn, Róm. 6. Júdar segja í skrök-sögu sinni einni, ad þegar Nói gjördi sonu sína frá sér til ad byggja veroldina, þá hafi hann feingid þeim í hendur nockrar rëliqvías edur menjar hins gamla Adams, födur vor allra, kanské líkar þeim ed pápistar hafa þykjast eptir sína helga menn, og eru í miklu gildi hjá þeim. Fávíslig er saga þessi ad sönnu, en þó minnir hún mig á ad hugleida med trega nockrum, ad forfadirinn Nói, sem var réttlátur madur, Gén. 6, og réttlætisins prédikari, 2. Pet. 2, til hvörs ad allir menn í hinni seinni veröldu eiga kyn sitt ad rekja, hann hefir oss eptirlátid nockrar leifar hins gamla Adams, er vér dagliga finnum í vorum limum, svo ad Páls segir: holdid gyrnist í móti andanum, og andinn í móti holdinu, og þetta er hvört á-móti ödru, svo ad þad þér viljid jafnvel ecki gjöra, þad gjörid þér, en ef þér leidist af andanum, þá erud þér ecki undir lögmálinu, Gal. 5; en ef vér ecki erum undir lögmálinu, þá erum vér réttlátir; og þannin var ad sönnu hinn gamli Siméon réttlátur. En ecki meinar þó Gudspjallamadurinn hér þetta réttlæti, edur þad oss verdur fyrir lausnarans forþénustu tilreiknad, heldur merkir þetta ord, réttlátur, í þessum stödum, þad sama og vér köllum gódan mann og rádsvinnan, þann er vandar ord sín og gjördir, bædi fyrir Gudi og mönnum, og svo merkir þad vída í ritníngunni. Vertú frómur og réttvís segir Davíd, Ps. 37, því slíkum mun ad sídurstu vel gánga. Hinn réttláti sá ed framgeingur í einfeldni síns hjarta, mun láta farsæl börn eptir sig segir Salómon, Próv. 28. Þessa réttvísi á hvör kristinn madur ad temja sér, annars er hann ecki kristinn; um hana hefir margur heidíngi vel talad, og hana svo tamid sér, ad lítid hefir sýnst ábótavant fyrir manna augliti, hvar med þeir hafa gjört skömm til kristinna margra hvörra, þeir ed eingan elska nema sjálfa sig, og hirda eckert um hvörnin þeir ásælast lítilmagnan. Aristóteles segir, ad hún sé hin kostuligasta dygd, og allar dygdir séu í henni fólgnar; þad er og satt, því án hennar meiga þær ecki dygdanna nafn bera. Vitskan og framsýnin er hreckvísi, ef ecki fylgir henni réttvísin. Hugprýdin er eitt boduls-sverd, nema hún stjórnist af réttvísinni. Örlætid hvört allir menn elska, þad er þó glópska og athlæi manna, ef þad vantar réttvísina; sá sem eys út fémunum sínum til ónýtis, edur géfur þeim er síst skyldi, en lætur þurfamanninn og daglaunaran missa, mun hann ecki ófvinnur og dári kalladur? Sparsemin er ein ágjæt dygd, en þó er hún best med réttsýni; sá sem sparar ödrum þad þeim byrjar ad géfa, hann er kargur og ecki sparsamur, og ef hann sparar sjálfum sér þad sem líkhaminn vidþarf, þá er hann sjálfs síns óþocki, ef hann gjörir þad af kérgju einni, og ecki til ad temja sitt hold, ad hann þess betur fái Gudi þjónad, eins og Páls segist þrælka sinn eigin líkhama; en hitt er löstligt og Gudi þægt, ef nockur sparar líkhama sínum, jafnvel leyfiligt eptirlæti fyrir hans

sakir. Eingin dygd er ágjætari enn miskunsemin, med henni kunna syndugir menn allra mest ad líkjast Gudi, skapara sínum, Lúc. 6; en ef hún er án réttlætis, svo menn vægja þeim sem Gud bidur ad straffa, þá er hún ein svívirdíng og mesti glæpur í augliti hins hærsta Dómara; og í einu ordi ad segja, réttvísin er sú mælisnúra, á hvorja ad stikast eiga ord vor og gjørdir. Veit eg ad einhvor kann ad segja: eg ber ecki vitsmuni til þess, ad sjá og þeckja hvad rétt er, hvornin má eg þá gjøra þad? mér kann optliga ad skjótast í slíku. Þar til svara eg, ad helst er þad í dómum og ødrum vandrædum, ad menn þurfa svo mikillar skynsemi med, og er þeim rádligt, sem eru sér fávitsku sinnar medvitandi, ad þeir séu þar frá, og ecki trodi sér inn í dómara-sæti, edur hlaupi til þessa mikla vanda, eins og lífadur hestur til bardaga, sem þó margur dári gjørir; en hvornin sem því er varid, þá er þad almenniligt, ad margur gjørir verr enn hann veit, en øllum kann yfir ad sjást, þad er mannligt, og má þad hvor madur ødrum játa; en í dagligri umgeingni, í kaupum og sølum, í umtali um náúngan, í spekt og kyrrlæti vid hann, í þeirri virdíngu sem menn eiga ad sýna foreldrum og yfirbodurum, þá er einginn heilvita madur svo fávís, ad hann ecki nockurn-vegin viti hvad hann á ad gjøra, ef hann gefur sér stundir til ad athuga þad. Og hvad um gildir, erum vér ecki allir nógu vidkvæmir og granskygnir til ad þeckja þad, sem oss sjálfum er á-móti brotid? en þessa hugrenníngu skyldum vér brúka, nær vér eigum nockru vid adra ad skipta, því hér ætla eg dugi sú ágjæta regla, sem Frelsarinn hefir oss eptirlátid: hvad þér viljid ad mennirnir gjøri ydur, þad gjørid þeim einnin, Matth. 7. og sá sem hana hefir jafnan fyrir augum sér, hann mun sídur syndga. En þetta forsmáir nú heimur þessi og þykir í því lítill vísdómur vera; samt ætlar hann sér ad deya Símeónis dauda, jafnvel þótt þeim verdi ad skindíngu í burtu svipt á-medan þeir hvad mest eru ad æfa svik, pretti, fédrátt, undirferli, fjandskap, og allra handa rángsleitni, eins og ad þvílíkra sé himnaríki. En eg segi ydur í umbodi Guds, fyrir hvorjum eg stend, ad nema þér gjørid ydran, leggid af lygar og pretti, ágirnd og undirhyggju, og adra þvílíka lesti, sem mótstrída réttvísinni, þá munud þér ecki inngánga í Guds ríki. Þetta kénnir mér Jesús Christus, hvor sjálfur er alls holds dómari, og rædur fyrir himninum, er hann sagdi, Lúc. 18: hvor hann ecki medtekur Guds ríki svo sem úngbarn, hann mun ecki inngánga í þad. Verid ydur nú saman vid svoddan eitt barn, og rannsakid hvort þér erud þvílíkir í gódlyndinu og einfaldleikanum, og ef þér kunnid ad finna þess nockurn mun, þá vitid ad þér erud eins lángt frá himnaríki; þar er ei vid ad dyljast, nema þér viljid reyngja ord Drottins. Segid mér, hvorjir munu sitja til bords med Símeóni, med Abraham, Ísak og Jakob í ríki himnanna? Matth. 8, þad segir Davíd oss, í Ps. 15, med þessum ordum: Drottinn! hvor mun búa í þínni tjaldbúd? hvor mun stadnæmast á þínu heilaga fjalli? hann sá ed framgeingur flecklaus, og gjørir réttvísina, og talar sannleikan út af hjarta; hvor ed ecki bakmælir med sinni túngu, og náúnga sínum eckert illt gjørir, og leggur ecki sínum náúnga neitt lastligt til; hvor ed einkis aktar hinn ógudliga, en í heidri hefir hinn gudhrædda; hvor ed heldur þad er hann sver sínum náúnga; hvor hann gefur ecki fé sitt út uppá okur, og tekur ecki mútur yfir þann saklausa; hvor ed þetta gjørir, honum mun vel vegna æfinliga. Hér sjáid þér hvorjir ad verda muni bord-géstir í lambs-

ins brúdkaupi; ydur hefir fyrir laungu bodid verid; lángt er sídan húsbóndinn lét segja: mínir uxar og alid fé er slátrad, allt er til reidu, komid til brúdkaupsins, Matth. 22; rannsakid nú sjálfa ydur hvort ad þér erud skríddir brúdkaups klædi, ef hann kann ad koma um midnætti, þad er, nær ydur minst varir. Eg veit þér segid, ad Gud hafi morgunn syndirnar fyrirgéfid; ó já, þad er satt, en þó þeim einum, sem þeirra hafa ydrast út af hjarta. Látid af illu og lærid gott ad gjora, Esa. 1; þetta vitid þér hin rángsnúna kynslód, en merkid þad þó ecki, samt uppetid þér þó Guds fólk, og alid sjálfa ydur, en Drottinn ákalla þeir ecki, Ps. 14. Svo snúid aptur í Guds nafni, snúid aptur, eg grátbæni ydur fyrir hid dýra blód Jesú Christí og ydar velferdar sakir, leitid fridarins, og fylgid honum eptir, Ps. 34; óttist Drottinn og gjorid réttvísina, Act. 10, svo Gud fái velþóknan á ydur, og burtkasti ecki eylífliga. Og er þad svo sagt um réttlæti Símeónis. Í annan máta stendur hér um Símeon, ad hann hafi gudrækinn verid. Svo sem ad øll sú skylda, er vér eigum náúnganum ad sýna, og oss er fyrirskrifud í hinni sídari bodorda-toblunni, hún er í réttvísinni innifalinn; svo er og hin er vér eigum Gudi ad gjalda, og oss bodin er í hinni fyrri, í gudrækninni fólgin. Hann var gudhræddur madur, segir Lúcas; hann brúkar þad ord, er merkir Guds-dýrkara, þann ed rækir hans bodord, ecki svo af ótta, svo sem af elsku og virdíngu. Þannin á og kristinn madur lyndur ad vera; þótt þad sé ecki ónýtt ad hrædast Gud, af því hann er réttlátur og strángur vandlætari, Exód. 20, þá er þad eigi fullkomin Guds-dýrkun. Ottinn dugar til þess ad reka syndaran til Guds, þegar hann hugleidir þad, ad hann hafi hans reidi forþénad; en íhugan Guds fodurligrar gjæsku, hans speki, hans þolinmædi, uppvekur elskuna í mannsins hjarta, sem lætur oss verda eitt med Gudi, og kveikir svoddann unadsemd í vorri sál, ad menn forsmá alla hluti jafnvel hjá krossi Drottins, eins og St. Páll, Phil. 3; svo eg má segja, ad óttinn er fadir gudhræddslunnar, en elskan til hans er módir ad henni. Ottinn gétur hana í fyrstunni, (því segja gudlausir menn, ad óttinn hafi gudina gjort) en elskan tekur vid henni, elur hana og nærir í hjarta mannsins, á medan hún er ecki fullburda, eins og ein módir sitt fóstur, þar til hún kémur í ljós, og auglýsir sig í gódum verkum, og smámsaman vex hún eins og annad úngmenni, eptir fullkomnum mælir Christí aldurs, segir Páls, Eph. 4; svo ad þvílík dásamlig sképna heilagsAnda, skín svo sem eitt ljós ámedal hinnar hreckvísu kynslódar, svo sem ein sól á himninum; ecki eins og sól Ezechiæ konúngs, hvor ed géck til baka, 2. Reg. 20; ecki eins og sól Jósúæ, hvor ed stód kyrr, Jós. 10; heldur eins og sól Davíds, hvor ed gledur sig af ad hlaupa sinn veg, Ps. 19; því sá ed Gud elskar, honum þykir inndælt ad gjora þad honum líkar, og lætur sér jafnan í því framfara. Cícero útmálar gudrækninа þannin, ad hún sé réttvísi ámóti Gudi; hann sagdi vel, því hann sagdi allt þad hann vissi edur vita kunni, og var ecki meira von af heidnum manni, og hefir hann þó enn-þá talad kristiligar (ef eg má svo segja um einn heidíngja) í ødrum stad hér um, þar hann segir: ef gudhræddslan er í burtu tekin, þá gétur þad eigi ødruvís ordid, en ad allur trúskapur og allt samneyti manna ámedal, og hin kostuligasta dygd réttvísin fari og í burt; þetta er vísliga talad, því sá sem ecki Gud óttast, sem ad í augnabliki gétur kastad honum í afgrunn helvítis, hann mun eigi verda mjøg hlífinn vid sinn jafníngja; þad sjá

menn á hinum gudlausu Satans þrælum, er segja í hjarta sínu: þar er einginn Gud, Ps. 14; hvorki halda þeir ord né gjordir, og eingum hlífa þeir, sem þeir fá hönd yfir. Til þessa eru dæmi, jafnvel í landi voru ecki mjøg gømul, og er hér af audsært, ad þad er dagsatt er hinn sami skrifar, ad gudleysid taki allan trúskap í burtu úr veroldinni, og spilli svo sambúd mannanna, ad ecki er vært í heiminum án þess ad menn óttist Gud; og þetta vald Guds er svo ríkt ámedal mannanna, ad jafnvel afguda-dýrkun heidíngjanna, sem voru án Guds í heiminum, Eph. 2, hefir því valdid, ad þeir ecki uppátu hvor annann; svo eg vil hér um segja, vidlíkt og Aurelíus Alexander keisari svaradi þeim, er vildu gjora samkundur kristinna manna ad dryckju- og legu-kofum, ad miklu betra væri ad Gud þar med einhvorju móti dýrkadist, enn ad þær skyldu brúkast til slíkra ódáda. Þad var roksamligt og konúngligt svar af heidnum manni; svo vil eg segja, ad betra er til ad halda samvist mannanna vid í heiminum, ad dýrka Gud med einhvorju móti, þegar eigi eru til þess brúkadar hinar verstu syndir og glæpir, sem Djøfullinn lætur sér þjóna med, heldur enn hafa einga tru á hønum; því þad mundi gjora veroldina ad herbúdum Madíaníta, hvar einn ryckti sverdi ámóti sínum eiginn bródur og lagsmanni, Júd. 7. Satt er þad sem Jóhannes segir, ad hvør sem ecki elskar sinn bródur, hvørn hann sér, hvørnin kann hann Gud ad elska þann hann sér ecki? 1. Jóh. 4; en eg þori og ad segja, ad hann sem ecki elskar Gud, sem hefir skapad hann, endurleyst og helgad, hvørnin gétur hann sinn bródur elskad? því bágt mun oss sem vondir erum og undir syndina seldir, Róm. 7, ad elska óvini vora, blessa þá er oss bølva, gjora þeim gott, sem vid oss misgjøra, Matth. 5, nema vér gjørum þad fyrir Guds sakir, og verdur því óttinn og elskan til Guds undan ad gánga, og sé hún alvarlig, þá er einsætt ad hitt á eptirfylgir, því sá sem hann elskar, hann vardveitir hans bodord, 1. Jóh. 5, og er þetta eitt af þeim helstu, sem nú sagda eg, ad elska óvin sinn. Hvad sem nú heidíngjar ritad hafa um gudhrædsluna, er alltsaman gódra gjalda verdt, og dugar ad vísu til þess, ad sýna oss kristnum mønnum, hvørsu ad hún hafi þótt ómissandi, jafnvel þeim er mest litu eptir því nálæga, og ecki svo eptir því sem þar uppi er; en St. Páll kénnir oss hennar nytsemi miklu betur, 1. Tím. 4, segjandi, ad gudhrædslan sé til allra hluta þarflig, hafandi fyrirheit, bædi þessa lífs sem nú er, og svo hins komanda. Í gamla Testamentinu hafdi þessi høfud-dygd mikil fyrirheit um tímanliga farsæld, svo sem allvída má lesa, bædi í Móses bókum og annarstadar; kanské þess-vegna ad Guds fólk á þeim døgum høfdu fleiri bodorda og setnínga ad geyma enn vér kristnir menn, svo og voru ecki fyrirheitin svo ljós, um dýrd hinnar eptirkomandi sælu í Guds ríki; en sídan Jesús Christus hefir afmád óvinskapinn, løgmál bodordanna sem var innífalid í setníngunum, fyrir sitt hold, svo sem Páls ad ordi kémst, Eph. 2; sídan vér høfum feingid ad sjá og heyra þad sem margir konúngar og spámenn girntust ad heyra og sjá, og sáu þad ecki, Lúc. 10; sídan hafa Guds ástvinir ecki svo stór fyrirheit um líkhamliga farsæld, og þad til þess, ad sætleiki eptirkomandi aldar, hvørn vér smøckum í hinu góda Guds ordi, Hebr. 6, hann yfirgnæfi allan tímanligan fognud og medlæti, svo ad þeir ed Gud elska og lída fyrir Christi sakir, eru gladir í hørmúngunum, og halda þad mikinn fognud, nær þeir rata í ýmisligar freistíngar, svo sem Jakob bídur, Kap. 1; vitandi þad, ad reynsla trúar vorrar,

hún aflar þolinmædis. Ecki er vid þad ad dyljast, br. m! ad sá sem vill gudhræddur vera, hann má búa sinn hrygg undir Christí ok, 2 Tím. 3, eins og þegar einn kappi býr sig til orustu, og þótt Gud láti honum heppnast lucku og heidur í veröldinni, sem hann og hefir mörgum af sínum ástvinum veitt, þá er þar þó alltíd einhvör barátta, annadhvört hid innra edur hid ytra; sé þar ecki annad, þá er þar Andskotinn og hans þrælar, sem jafnan ofsækja þá sem geingid hafa á mála med Christó. Satan keppist vid af öllu megni ad nidurbrjóta Guds-ríki, og alldrei lætur hann af ad skjóta sínum örfum á Guds her í veröldu þessari, svo leingi sem hann heitir Djöfull og Andskoti, og þarf til þess mikla gudhrædslu og alvörugéfni ad fá honum og hans árum í móti stadid, bædi sýniligum og ósýniligum. En þegar hinn mikli Guds kraptur er svo máttugur í breiskleika sinna ástvina, ad þeir fá stadist áráfir vondra manna; þegar hann styrkir þá og stöduga gjörir í sínum ordum og trúnni allt til æfiloka, þá kalla eg ad hvad mest sanniſt ord St. Páls, ad gudhrædslan hafi fyrirheit þessa lífs, og hefir hinn almáttugi Gud þad optliga og undrunarsamliga framkoma látid, og lætur enn-nú í dag, á öllum þeim er honum treysta. St. Páll kallar hina útvöldu Guds, þau kér í hans húsi, er hann hefir til heidurs sett, Róm. 9; á þessi kér fellur dupt nockud ástundum, svo þad hendir sig, ad þau verda jafnvel grómtekin. Vondir menn eru ein þvága, sem hann hreinsar þessi sín kér med, svo þau verdi hæf til þjónustugjördarinnar, og setur þau svo aptur inn í Guds hús, nær þau eru hrein ordin, en þvögunni kastar hann í burt, ad hún verdi fótum trodin. Gud leyfir ad þeir ed hann óttast, verdi ástundum nidurþryctir, en aldrei undirþryctir; sá sem fæst vid einn gudhræddan mann, þad er svo sem berji hann einn klett med vendi, vöndurinn slitnar, en kletturinn verdur hinn sami; eins og sá er vill kjæfa eldinn med olíu, hún fortærist, en eldurinn logar þess gladar; þad er eins og ad binda Samson med streingjum, þeir hrucku í sundur eins og hör-þrádur, er hann rétti sig, Júd. 16. Samson hélt sínum mikla styrk, allt þar til skjækjan féck rakad hans hár af; Guds börn eru ósigrandi, allt svo leingi þau halda sér vid Drottinn Jesúm, hvör ad er safnadarins höfud, Eph. 5; en þegar þeim verdur þad, ad taka hina flárádu Dalíla, veröldina, í fadm sér, þá missa þau allt sitt afl; hún stíngur þeirra augu út og gjörir þá Philístæis, þad er Satans börnum, ad herfángi, já, ad spotti og athlátri, nema menn dansi eptir þeirra pípu, og er þá daudinn vís, nema menn deydi sjálfa sig ad nýu eins og Samson, Júd. 16, þad er, drepi hinn gamla Adam med hans girndum og tilhneigíngum, og burt-kasti fýsn augnanna og drambsömu líferni, ad menn verdi heilskygnir aptur og sjáum ljósid í hans ljósi, er oss hefir fyrir sinn dauda sett til arfskiptis heilagra í ljósinu, Col. 1. Svo er nú gudræknin á sig komin, og svo er hún þorf og nytsamlig, já, ómissandi í þessu lífi, en þó gagnar hún hvad mest í daudanum, því hann verdur þeim inngángur til lífsins, er Gud óttast, til ad medtaka þar fyrirheit eptirkomandi aldar. Sá sem hefir í lífinu tamid sér réttvísina vid náúngan, og óttan og elskuna á Gudi, hann fagnar daudanum, og segir gladur med Símeoni: nú láttú, Drottinn, þjón þinn í fridi fara, eptir ordi þínu; því eins og Símeon hafdi andsvar feingid af heilögum Anda, ad hann skyldi eigi daudan sjá, nema hann sæi ádur Krist

Drottins, svo bera og þessir jafnan med sér vitnisburd heilags Anda í sínu hjarta, ad þeir séu Guds born, Róm. 8, nær sem þau leysast í burt hédan. Hvornin kann svoddann einn Guds ástvinur daudanum ad kvída? Daudinn er ad sonnu hrædiligur, því hann er verdlaun syndarinnar, Róm. 6; enn hvorjum er hann hrædiligur? þeim sem ecki eru heiminum daudir, en ecki þeim, hvorra líf Kristur er, en daudan kalla þeir sinn ábata, Phil. 1. Daudinn er oss syndugum monnum eins og myrkrid er bornunum, þau óttast þad þessvegna, ad þau ætla í því muni búa nockurskonar vodi; og sérdeilis þau, sem heimskir menn leggja í vana sinn ad fæla med grílum og ófreskjum; svo er daudinn, af því menn heyra svo mikid um hans grimmleika talad, því kvída menn svo fyrir honum, og veit þó einginn hvad mikill hann er; hvor veit hvort menn finna meir til í daudanum, enn í fædíngunni? þetta man einginn; einginn er heldur aptur kominn til ad segja oss hitt. Þar er varla nockur svo lítilfjorlig tilhneigíng, ad hún ecki forsmái daudan; heiptrækni aktar daudan ad eingu; þad sýnir oss þeirra dæmi, er selja sitt líf fyrir líf óvina sinna; hvad margur hefir dáid fyrir ást kvenna, sem er hégómi í sjálfu sér. Sýrach kénnir oss, ad honum sem á-móti geingur, þyki daudinn sætur; ótti fyrir vanvirdu nockurri, gjorir daudan léttan; medaumkanin gjorir hid sama. Þegar Ottó keisari vildi heldur taka lífid af sjálfum sér, enn ad láta stráhoggva lid sitt nidur med sverds-eggjum, þá vóru margir af hans fylgjurum, er alleina af medaumkan logdu hendur á sjálfa sig; en ef hégóminn virdir daudan svo lítils, hvad léttur mun hann þá vera þeim, sem fara í fridi hédan, og vita ad hann er inngángur til lífsins? Ritníngin talar um daudan, svo sem endurlausn af fángelsi; allur Israel sá Aron leysast, segir Núm. 20 Kap.; eg girnist ad leysast hédan og véra med Christó, hvad miklu betra er, segir Páll, Phil. 1. Svo þykir og ollum þeim, er heimurinn er krossfestur vegna Krists, og þeir heiminum, Gal. 6; þeir andvarpa med Pauló og segja: æ, eg syndugur madur! hvor mun leysa mig frá þessum daudliga líkhama? Róm. 7; óttast því ei ad deya, kristinn madur, heldur ad deya illa, þad mun þér til eylífs lífs gagna. Þad er gott daudan ad óttast, til þess ad fordast þad, med hvorju vér forþénum hinn eylífa dauda. Tímanligur daudi er ecki í sjálfum sér óguarligur, nema vér segja viljum, ad þad sé íllt ad sleppa úr fángelsi, úr þrældómi, úr sjóvolki; því hvad er þetta líf annad? Þad er hrædiligt sem eptir hann kémur, ef odruvísi fer enn vel. Þad er vitanligt, ad daudinn er Guds bornum inngángur til eylífrar sælu; og því skylda eg þá ei vilja gánga eitt sinn í bardaga til ad vinna heilt konúngs-ríki? En þeim er tapast, verdur hann leid til eylífra kvala. Nú veit eg ad þjófurinn hrædist ecki stigan, sem liggur upp í gálgan, en snoruna hrædist hann; svo er þad og dárligt fyrir þann, sem hefir leitad eptir helvíti alla æfi sína, ad hann skuli hinn tímanliga dauda hrædast, og ecki miklu heldur hinn eylífa, sem á eptir fylgir; hann mætti óska og feginn verda, ad helsóttin og fjorbrotin mættu vara um alla eylífd, ef hann mætti þar med sleppa frá hinum eylífa eldi, sem fyrirbúinn er Djoflinum og ollum hans einglum, Matth. 25, því þar mun betur bíta. Þar fyrir, ó þú syndugur madur! nær þú sér hinn nakta og vilt ei klæda hann, hinn svánga og vilt ecki metta hann, og hinn þyrsta og vilt ei géfa honum ad drecka, já, nær þú sér óvin þinn húngra edur þyrsta, og vilt ecki géfa honum ad eta edur drecka; nær hinn voldugi og hinn vesæli standa bádir

fyrir dómi þínum, nær þú átt ad vandlæta í Guds stad, edur hjálpa hínum naudstadda til réttarins, nær reidin tekur þig, nær lostinn blindar þig, nær ágirndin kvelur þig, nær ofundin freistar þín, og í einn ordi ad segja, nær Djofullinn, holdid og heimurinn vilja locka þig til ad styggja þinn Gud, lát þá daudan vera þér ógnarligan; ímynda þér hann þá svo sem einn skélfiligan helvítis-ár, þann er búinn sé til ad gleipa sálu þína og færa í eylífar píslir; lát sem hann fyrir dyrunum standi, og eigi ad heimta þig undir hins voldugа Guds dóm, til ad gjøra reikníng fyrir þad, er þú ætlar samstundis ad fremja. Þannin skulu menn daudan hrædast, og hann ed svo gjørir, og temur sér þetta hugarfar, og lifir þareptir í Guds-ótta og trúnni á Christum, hann þarf ei ad kvída, hann mun med Símeoni daudanum fagna, hann mun í fridi burtu leysast og deya réttlátra manna dauda. Hvad oss øllum, já, øllum sínum børnum, hvar helst þau eru um heiminn, unni og veiti, Gud fridarins, Gud fagnadarins og Gud lífsins og daudans, fyrir sinn eingétinn Son Jesúm Christum, amen!

*) Fyrsta Sunnudag í Níu-vikna-føstu.

Gudspjallid, Matth. 20. Kap.

Í þann tíma; sagdi Jesús til sinna lærisveina þessa eptirlíking: himnaríki er líkt einum hús-fødur, sem útgéck snemma morguns verka-menn ad leigja í sinn víngard. En ad gjørdum samníngi vid verkamennina ad dagligu peníngs-gjaldi, sendi hann þá í sinn víngard. Og nærri þridju stundu géck hann út og leit adra idjulausa standa á torginu, og sagdi til þeirra: farid þér og svo í víngardinn, og hvad réttvíst er, mun eg géfa ydur; og þeir geingu burt þángad. Og hann géck enn út aptur um sjøttu og níundu stund, og gjørdi slíkt hid sama. Nærri elleftu stundu géck hann út, og fann enn adra standa idjulausa, og sagdi til þeirra: hvarfyrir standid þér hér allan dag idjulausir? þeir søgdu til hans: Þvíad eingiun hefir leigt oss. Hann segir til þeirra: farid þér og í minn víngard, og hvad réttvíst er, skulud þér fá. En þá kvøld var komid, sagdi herrann vín-gardsins til síns rádsmanns: kalla þú verkmennina, og gjald þeim verkkaupid, og tak til frá hinum seinnustu allt til hinna fyrstu. Þá komu þeir, sem nærri elleftu stundu leigdir voru, og medtók hvør þeirra sinn pening; en hinir sem fyrstir komu, þeir þeinktu ad þeir mundu fá meira; en hvør þeirra medtók sinn pening. Og þá er þeir høfdu hann medtekid, møgludu þeir á-móti hús-fødurnum, og søgdu: þessir enir seinustu

*) Gudspjallid á 6ta Sunnudag eptir Þrettánda, er sjaldan innfellur, ásamt prédikuninni, sem þar til hlýdir, má lesa þann 26ta Sunnudag eptir Trinitatis.

hafa eina stund erfidad, og þú gjørdir þá jafna vid oss, sem borid høfum hita og þúnga dagsins. En hann svaradi og sagdi til eins þeirra: vinur! eigi gjøri eg þér órétt; ertú ecki ásáttur ordinn vid mig um einn pening? taktú hvad þitt er, og far í burt; en þessum hinum seinasta vil eg géfa svo sem þér. Eda lofast mér ecki ad gjøra af mínu hvad eg vil? eda ertú þar-fyrir rángeygdur, þó-ad eg sé gódgjarn? Svo verda seinastir hinir fyrstu, og fyrstir hinir seinustu, þvíad margir eru kalladir, en fáir útvaldir.

Exordium.

Þegar St. Páll, 1 Cor. 2, skírir frá, hvør ad hafi verid atferd sín í kristni-bodinu, er hønum var á hendur falid, þá talar hann svo medal annara orda: þegar eg kom til ydar, brædur! þá kom eg ecki med yfirlæti ordanna edur spekinnar, er eg bodadi ydur Evangelium. Þad má vída sjá í heil. Ritníngu, ad Gud hefir ecki viljad láta sín eyrindi vera bundin vid málsnilli mikla. Þegar Móses afsakadi sig fyrir Gudi, frá sendiførinni til Pharaó, taldi hann þad mest til, ad sér væri þúngt um mál þá svaradi Gud hønum: eg skal vera med munni þínum og kénna þér hvad þú mæla skalt, Exód. 4; vidlíkt féck Jeremías ad heyra, er hann taldist undan ad flytja Guds eyrindi til Jerúsalems manna, og sagdi: ack, Drottinn! eg er úngur og kann ecki ad tala; en Drottinn svaradi: seig ecki, jeg er úngur, heldur til þeirra sem eg sendi þig, skalt þú fara, og þú skalt tala allt hvad eg skipa þér, Jer. 1. Hví mun hinum Almátuga hafa þóknast ad haga þessu svo? Sjálfur hefir hann manninum munninn géfid, Exód. 4; skyldi hann þá ecki vilja láta brúka gáfur sínar sér til dýrdar og lofs; þar hann eingan hlut hefir í náttúrunni forgéfins skapad, aukheldur málsærid, sem er ein med þeim bestu Guds gáfum? Páll kénnir oss ordsøkina hér til med berum ordum, 1 Cor. 1, segjandi: Kristur hefir sendt mig, ecki til ad skíra, heldur til ad prédika, ecki med spakmælum, svo ad krossinn Christí verdi ecki ad eingu. Hvørnin má krossinn Christí af spakmælunum nockra nidrun hafa? þad kénnir Páll strax eptir í sama Kap.; því sú ræda um krossinn, segir hann, er heimska þeim sem fyrirfarast, en oss sem hólpnir verdum, kraptur Guds. Eínginn hlutur er svo foraktanligur fyrir heiminum, svo sem Christí kross, svo ad þá sem hann á herdum bera, kallar Postulinn afrak og hreinsun veraldar; eckert er þó kroptugra medal, til ad draga synduga menn til himnaríkis heldur enn hann. Afreks-verk hefir alldrei þvílíkt unnid verid, hvørki á himnum né undir himninum, svo sem þad, er Jesús Guds Sonur vann á krossinum, þegar hann forlíkadi heiminn vid Gud, en nidurbraut Djøfulsins ríki, og tók herleidínguna ad herfángi. Þetta sitt sigurmerki hefir hann feingid sínum strídsmønnum, ad þeir beri þad fyrir hertoga sínum, í hans bardøgum hér á jørdunni. Skyldi nú svo dýrmætur hlutur hafa sitt ágjæti af mannligri speki edur málsnilli, þá væri hønum þad ecki lítid nidurdrep, hins og annars vegna, ad þad má satt um oss játa, sem Páll enn aptur segir: ad vér erum ecki margir skynsamir eptir holdinu, 1 Cor. 1; ecki margir gøfugir, en hjá Gudi er eckert manngreinar-álit, Act. 10, hann þeckir best sína; hann hefir sáfródum látid í fáfrædi undirvísa, svo hann gjørdi þá hyggna; en þad er þó sú fákjænska, sem er allri mannligri vitsku ædri, 1 Cor. 1; hann hefir med hinu sama fáfrædi leidt þá hyggnu til Guds ríkis, sem hafa viljad fylgja rádum Páls ad verda heimskir, svo þeir vitrir yrdu. Þad sé eg á Nicódemó, Jóh. 3, hvørn Jesús høndladi med svo sem annan brjóst-mylkíng, jafnvel þótt hann væri meistari í Israel; og ecki hefir þetta einasta verid adferd St. Páls, heldur og annara Christí Postula, hvørjir í þessu hafa fylgt dæmi síns Meistara; því jafnvel þótt ad allvída meigi rekja spor hans guddómliga vísdóms, þá eru þess og mørg dæmi, hvørnin hann tekid hefir líkíngar af almenniligum hlutum, til ad kénna fáfródum Guds gøtu, til þess ad hinn heimugligi kraptur Guds speki, sem í hønum bjó, mætti samfara verda þeim hlutum er þeir best þektu, og dagliga fyrir augum sáu, er skyldi án afláts minna þá á þau lífsins ord, sem framflutu af hans blessada munni. Til dæmis hér-um, vil eg taka hina føgru eptirlíkíng, er stendur í þessu h. Evangélió, út úr hvørri margur veraldar-vitríngur

hefir rángar meiníngar spunnid; eg vil med fám ordum tala nockud framar fyrir ydar kjærleika um hennar réttan skilníng, þad framast eg veit af Guds ordi, og þar med hugleida: hvornin vér eigum ad sticka oss í Guds víngardi, svo oss verdi ecki þadan med ósæmd í burtu vísad. Jesú! þú blessada vín-tré, á hvorju vér innplantadir erum, send oss þinn Anda, sá ed leidi oss í allan sannleika, og kénn oss réttan skilníng þinna h. orda, amen!

Utleggíngin.

Allt frá upphafi mannsins sköpunar og inn til þessa dags hefir Drottinn útgeingid, til ad leigja verkamenn í sinn víngard, og enn nú gjörir hann þad med ydranar og syndanna fyrirgéfníngar prédikun. Rödd Hrópandans heyrist enn-nú í eydimörku veraldar þessarar hjá oss, segjandi: gjörid verduga ávöxtu ydraninni, öxin er sett til rótar trjánna; hvört þad tré sem ecki ber gódan ávöxt mun upphöggvast og í eld kastast, Matth. 3. Húsfadirinn hefir leigt verkamenn í sinn víngard, en ecki letíngja; þar á Guds eyrindi ad gjöra, um hvört Jeremías svo segir, Jer. 48, ad bölvadur skuli sá vera, sem verk Drottins gjörir svikssamliga. Einginn hefir sig sjálfur leigdan í þenna víngard; þad er sannkvedid hér-um, sem Esajas talar undir persónu Guds, Es. 65: eg er fundinn af þeim sem ecki leitudu ad mér; og mætti þad stór fásinna vera, hvor sem þar rétt ad hygdi, þar vér svo fundnir erum, og í hans víngard, þad er í ríki Guds Sonar settir, ad láta sýslanir þessa heims vefjast svo fyrir sér, ad menn þeinki annadhvört ecki á Guds verk, edur og gjöra þad med hángandi hendi; þarfara væri þeim ad aldrei hefdu þeir leigdir verid, og stædu enn-nú á torginu idjulausir; því svo segir Endurlausnarinn hjá Lúc. 10, um þá er ecki vildu medtaka Guds ríki: eg segi ydur, ad Sódómæ mun bæriligra vera á þeim degi heldur enn þeirri borg. Hvílíkt er þetta br. m? Húsbóndinn er útgeinginn ad leita þrælsins, konúngurinn ad bjóda honum, sem hafdi burtu hlaupid, hinn alleina Ríki hinum allsþurfanda, dómarinn útlaganum, brúdguminn henni, sem drýgt hafdi hóranir med mörgum elskuga, og hann sem oss hefir elskad í Jesú Christó, þegar vér vorum hans óvinir, Róm. 5, oss sem ad elskudum heim þenna, og þad sem í honum er, fýsn augnanna og drambsamt líferni, 1 Jóh. 2. Þess gétur Jóhannes, 1 Jóh. 4: í því er kjærleikurinn, ecki ad vér elskudum Gud, heldur ad hann elskadi oss, og sendi Son sinn til forlíkunar fyrir syndir vorar; þó fæst hin auma manneskja svo litid um þá idju, er henni bodin er í Guds víngardi, eins og menn væru þángad leigdir til ad bada í rósum, og ecki til ad bera hita og þúnga dagsins; hefir þá Jesús sveist blódinu, Lúc. 22, til þess ad vér skyldum í syndarinnar eptirlæti lifa? hefir hann vín-pressuna trodid, Es. 65, til þess ad vér skyldum færa súr vínber? hefir hann litad sinn kyrtil í víni, og sinn möttul í vínberja blódi, Gén. 49, til þess ad syndarinn blód sáttmálans almenniligt haldi? Hebr. 10, hefir hann þar-fyrir afdruckid hinn fleytifulla kaleik Guds reidi, ad vér skulum sitja ad heimbodi hinnar vondu Babýlon, af hvorrar hórdóms-víni ad þjódirnar drucknar eru? Apoc. 18. Fjærri sé því! St. Páll kénnir oss þad lángtum ödruvísi, Eph. 2, er hann segir: vér erum ný sképna í Christó, til ad gjöra gódverk þau, er Gud hefir tilbúid, ad vér gaungum í þeim; en hvor eru þau verk er hann tilbúid hefir, eda hvílík idja er oss ætlud í hans víngardi? þad telur Páll upp, Gal. 5: kjærleiki, fögnudur, fridur, þolinmædi, gódgirni, gjæska, trú, hógværd, sparneytni. En

mér er spurn: mun brúdguminn plocka mørg þvílík ber, þegar hann inngeingur í aldingardinn til ad skémta sér þar med henni, sem hans hjarta elskar? Eg er hræddur um, ad þad farnist ecki betur sumum af trjánum, heldur enn eikinni sem Frelsarinn bølvadi, þegar hann fann eingan ávøxt á henni, Matth. 21, nema midur sé, því hún bar einga; en eg hygg því verr, ad finnast muni þeir ed beri ílla eina. Gud klagadi Jerúsalem ad hún bæri súr vínber og villi-vínvidi, Es. 9; en þess væri ad óska, ad ecki yrdi sagt til kristninnar, svo sem hún nú tekur til ad gjørast, eins og til Jerúsalem fordum: Samaría hefir ecki ad helmíngi syndgad sem þú, þú hefir margfjølgad þínar misgjørdir meir enn þær, og þú hefir réttlætt þínar systur med þínum svívirdíngum, Ezech. 16. Forum eigi villir vega, br. m., og þenkjum ecki ad vér munum því alleina fyrirhlýta, ad vér leigdir séum, þad væri hálfu verra, enn ad segja: Abraham høfum vér fyrir fødur, en gjøra þó eingin Abrahams verk, Jóh. 8. Vér erum ad sønnu leigdir, vér erum skírdir, vér erum Christó í skírninni innplantadir, enn hann segir, Jóh. 15: eg er hid sanna víntré, og minn Fadir er akurmadurinn; hvørn þann kvist á mér, sem ecki ber ávøxt, mun hann burt taka. Hann segir og ecki: hvør sem mér er einu-sinni innplantadur, heldur hvør sem blífur í mér, og eg í hønum, hann ber mikinn ávøxt, því án mín gétid þér eckert gjørt, en ef nockur blífur ecki í mér, hann er útkastadur eins og vín-kvistur, og uppþornadur, og þeir samansafna þeim og í eld kasta, og þeir munu brenna. Adur enn Adam féll frá Gudi, þá var hann af hønum settur í einn aldingard, hvørn hann skipadi hønum ad yrkja, Gén. 2; og fyrst því var svo háttad í heilagleikans standi, þá er líkligt ad Gud muni eigi vilja láta þad nú ødruvísi vera í sínum víngardi, þar vér erum syndarinnar vegna, undir þad løgmál skyldir, ad neyta vors brauds í sveita vors andlitis, og næra oss med erfidi af jørdunni alla vora lífdaga, Gén. 3. En ef þad á svo ad vera í þeim útréttíngum, sem vér nærum á þetta líkamliga líf, hvad miklu framar mun þad skyldt í voru sáluhjálpar eyrindi. Vér høfum allir stórt pund af Gudi medtekid, einginn þarf meira med enn hønum tiltrúad er; nockrir hafa audlegd veraldar þessarar, sumir embætti, nockrir vitsku og speki, og sumir afl og atgjørfi líkamans. Af øllu þessu byrjar reikníngskap ad standa; en hvørnin fórst hønum þad, er bar sitt pund fram ávaxtarlaust, hvørt ed hann hafdi í jørdu grafid? hann féck þann dóm, ad þeir skyldu kasta hinum ónýta þjón í hin ytstu myrkur, hvar vera mundi óp og tanna-gnístran, Matth. 25. Hvad mun þá verda um hann, sem ecki einasta skilar ávaxtarlausu pundi sínu, heldur leggur þad á Satans bord, til ad uppbyggja þar med hans ríki? lítt gagnar hønum ad vera leigdur í Guds víngard, því hans idja er sú eina þar inni, ad gjøra Kristis kyrkju ad Belíals krambud, líkur þeim, er Gud talar um, Ez. 16: þú hefir tekid mitt gull og mitt silfur, sem ad eg gaf þér, og gjørt þér manns-líkan af, til ad hórast med. Hinn ónýti þjón sagdi vid húss-fødurinn: medtak hvad þitt er, en húss-fadirinn mun vid hinn vonda þjón aptur segja; tak hvad þitt er, sem er fordæmíng daudans, gack í burtu frá mér í eylífan eld, sem fyrirbúinn er Djøflinum og øllum hans árum, Matth. 25. Dragi því einginn sjálfan sig á tálar, edur ætli þad, ad í Drottins víngardi sé eckert, edur illt ad gjøra, Húss-fadirinn hefdi ecki átalid þá, sem allan dagin stódu idjulausir á torginu, hefdi því eins háttad verid í hans víngardi; þar fyrir er þad ecki nóg ad leggja høndina á

plógin, en líta aptur; því sá ed það gjörir, hann er ecki hæfur til Guds-ríkis; en þótt það sé sjálf-sögd skylda vor ad erfida í Guds víngardi, svo mikid sem vér berum mátt og megn til, þá veri eingin svo blindur, ad hann ætli ad hann hafi til skuldar ad reikna hjá Gudi; ad sönnu segir Páll, Róm. 10: ad sá sem gjörir hvad lögmálsins er, hann lifi í því, og það sama segir sjálft lögmálid. Hvör eru þá launin, ef menn skulu tala eptir Guds réttlæti? ecki annad enn hann lifa skuli, og ecki deya, Levit. 18. Vér heyrum ecki ad vorum fyrstu foreldrum hafi heitid verid launum nockrum, þótt þau vardveittu Guds bodord; en ef þau bryti það, áttu þaú dauda ad deya; svo kunna vor gódverk alldrei neitt ad forþéna af Gudi; það kénnir oss Endurlausnarinn, Lúc. 17, segjandi: er þar nockur af ydur, sem hefir einn þræl, er plægir, edur heldur hjörd á beit, ad hann segi til hans, strax sem hann geingur inn af akrinum: kom híngad og sit til bords; en mun hann ecki segja hönum? bú til það eg snædi, gyrd þig og þjóna mér, þar til eg hefi etid og drukkid, sídan skaltú eta og drecka. mun hann þacka þeim þræl fyrir, ad hann gjördi hvad hönum skickad var? eg meina nei. Svo og þér, þegar þér gjört hafid allt hvad ydur bodid er, þá segid: vér erum ónýtir þjónar, því vér gjördum hvad vér áttum ad gjöra. Svo hafa gódverkin eingin verdlaun eptir réttinum, en hinum vondu tilheyrir straff ad réttu. Gódverkin eru jafnan skylda; en hin vondu eru afgjörd á móti skyldunni. Hin bestu gódverk forþéna eckert, því það er eins og ad betala skuld sína; en hid minsta afbrot vinnur til reidi, því þá vantar svo mikid til skulda-lúkníngar: þess gétur Jakob Postuli, 2 Kap: sá sem heldur allt lögmálid, en verdur brotligur í einu bodordi, hann er sekur vid öll. Ad sönnu stendur hér í eptirlíkíngunni, ad húss-fadirinn hafi gjört samning vid verkamennina, um einn peníng; en ecki er það svo ad skilja, br. m. svo sem þegar madur semur vid mann, heldur talar Drottinn þetta ad mannligum plagsid. Peníngur þessi er Jesús Kristur, hinn sanni Israels sikill, med hvörjum fórnirnar leystar vóru frá líflátinu á gamla Testamentisins dögum, en syndugar sálir fyrir Jesúm Christum frá eylífum dauda. En samníngurinn skédi í öndverdu vid vora fyrstu foreldra eptir fallid, þegar Gud af einskjærri náð og miskun sinni hét því, ad kvinnunnar sædi skyldi í sundur-merja höggormsins höfud, Gén. 3. Hann verdur ítrekadur svo opt sem vér heyrum af Guds ordi, ad vér séum af náð hólpnir vordnir, og ecki af verkunum, Eph. 2. Ad Gud hafi eptir miskun sinni gjört oss hjálpliga, en ecki af verkunum, sem vér gjördum, Tít. 3; þegar oss sagt verdur, ad hvör sem á Jesú nafn trúir, skuli ecki fyrirfarast, heldur hafa eylíft líf, Jóh. 3; og þessi samníngur hefir einn og hinn sami verid frá hinu fyrsta fyrirheiti, og mun verda allt til veraldarinnar enda vid alla þá, er forláta sig uppá Sonarins forþénustu med hreinni trú, því Jesú þessum bera allir spámenn vitni, ad í hans nafni fái þeir allir syndanna fyrirgéfníng, sem á hann trúa, Act. 10, og er hér af audsært, ad þetta er einginn almenniligur samníngur, heldur líkt því, þegar einn gódur og rádvandur madur heitir nockrum einhvörju gódu án allrar verdskuldunar; þá reiknar hann sig skyldugan það ad halda, uppá það ad hans ord bregdist ecki; og ef ad finnast kann einhvör svo lyndur á-medal vor, sem vondir erum, hvad miklu framar mun Gud, sem er alleina gódur, vera bundinn vid sín loford, Lúc. 11, þar hans ord forgánga alldrei, þótt himin og jörd forgángi, Lúc. 21; hvar fyrir einginn kann út af þessu

lausnarvns orda=tiltæki ad reikna til nockurrar verdskuldunar hjá Gudi, heldur blífur hid sama, sem Páll segir, Róm. 3, ad allur heimurinn verdi løgfallinn fyrir honum. Og svo sem þad, ad þeir sem komu um sjøttu, níundu og ellefta stund, feingu af nád þad þeir feingu; svo er og samníngurinn vid þá fyrstu af einskjærri nád gjordur, því sjálfrádur var Herrann ad láta sinn víngard audan liggja, nema hans gæska hefdi knúd hann til ad leita eptir þeim, er hann mætti hjálpa. Eg veit ad nockrir hafa steytt sig á þeim ordum, er skrifar Jakob Postuli, 2 Kap. og þannin hljóda: sér þú ecki ad trúin hefir samverkad hans verkum, og trúin er af verkunum til lykta leidd, og skriftin er uppfyld, er segir: Abraham trúdi Gudi, og þad vard honum til réttlætis reiknad; sjáid þér þar fyrir, ad madurinn réttlætist af verkunum, og ecki af trúnni alleina. Þetta hefir nockrum þótt gagnstædt því, er bædi St. Páll, og øll h. Ritníng med einu hljódi vottar, sem er þeirrar meiníngar, ad madurinn verdi af trúnni hólpinn, og ecki af verkunum, Róm. 4; en þess er gjætandi, hvor ad sé meiníng Jakobs í þessum pistli; hann átti ordastad vid þá er héldu sig vel kristna, ef þeir trydu á Gud, og játudu hann einn ad vera eins og Djøflarnir; er auglýstu ecki trú sína med kristiligum verkum; þad birta þessi ord, er standa skømmu ádur í sama kapitula: ef bródir edur systir eru nakin, og skortir dagliga næríngu, en einhvor ydar segir; farid í fridi, vermid ydur og mettist, en géfid þeim þó eigi þad líkamanum er þarfligt, hvad gagnar þad? svo er og trúin, ef hún hefir eigi verkin, hún er daud fyrir sjálfa sig. Hér gjorir Jakob bert fyrir mønnum hvad hann meinar; svo sem þad er ecki miskun ad segja: verm þig og mettast; svo er þad og ecki heldur trú, ad segja: eg trúi á Gud og hans Son, en afneita Gudi med verkunum aptur á=mót; svo sem þad er eckert miskunar=verk ad géfa allar sínar eigur fátækum, en hafa þó ecki kjærleikan, 1 Cor. 13; svo forþéna og eigi heldur verkin neitt í sjálfu sér; vilji eg segja, ad verkin vinni til nockurs hjá Gudi, þá vil eg og segja, ad efnid í einum smídisgrip forþéni laun, af því hann er vel gjordur, en svo sem hann kunni ecki ad gjora sig fyrir utan hagleik mannsins, svo hafa og verkin allt sitt ágjæti af trúnni, sem er Guds verk í manninum, Jóh. 6. Segid mér þá, hvar er þeirra verd=skuldan? trúin samverkar verkunum segir Jakob; eg játa þad, því án hennar væru þau synd, Róm. 14; hún verkar þad med þeim, ad þau syndlaus reiknast, forþénar þó eckert. Trúin fullkomnast af verkunum; menn sjá, ad einn er sterkur, af því, ad hann kann ad lýpta miklu, annars vissi einginn þad hann sterkur væri; ljósid þeckist ad vera ljós af birtunni. Abraham audsýndi sig ad vera trúadan, af því hann gjordi hvad Gud baud honum; þannin fullkomnast trúin af verkunum, en ecki ødruvísi, nema einhvør vildi segja, ad verkin væri partur af trúarinnar veru, og væri þad eins og ad segja, ad þad væri mann=inum verulígt ad gánga og standa. Hitinn fylgir eldinum, harkan jarninu, birtan sólunni; þó er hvørki hitinn eldur, né harkan jarn, né birtan sól, eigi heldur eru verkin trú, þó þau fylgi trúnni, og ecki réttlæta þau, þó þau framkomi af þeim sem réttlátur reiknast fyrir trúna. Abraham trúdi Gudi, og þad var honum til réttlætis reiknad, segir Jakob; en eckert gott verk gétur Skriftin um, Gén. 15, þegar Gud matti hans trú svo mikils, heldur alleina um þad, ad hann hafi Gudi trúad til þess, ad hans sædi skyldi verda svo sem stjørnur himins, en Jakob tekur þad saman vid hans trúarverk, þegar hann vildi offra sýni

sínum, Gén. 22, til ad styrkja þar med sína meiníngu, sem er sú, ad trúin sé daud án verkanna, af verkunum réttlætist madur, og ecki af trúnni alleina. Um auglýsíngu trúarinnar talar Jakob hér, og ecki um sjálfa trúna, um trúarjátníngana fyrir mönnum, og ecki um trúarinnar krapt fyrir Gudi; þad kénna mér hans eigin ord í sama kapitula: sýn mér þína trú af verkunum. Og ad þér vitid, br. m., ad þetta er meir en hégómi einn, þá merkir þetta ord ad réttlæta, í h. Ritníngu optast ecki annad enn: ad auglýsa sig edur adra réttláta ad vera. Þú hefir réttlætt þínar systur med þínum svívirdíngum, segir Drottinn um Jerúsalem, Ez. 16; hvörnin kunni hún ad réttlæta, sem sjálf var öllum skömmum vafin? en þad kunni hún ad gjöra, ad sýna ad hún væri sér réttlátari. Ad þú réttlætist í þínum ordum, þegar þú dæmist, segir Davíd um Gud, Ps. 51; hvör vill Gud réttlæta? sem sjálfur er alleina réttlátur; en ad birta hans réttlæti fyrir mönnum, þad kunna menn ad gjöra. Tollheimtumennirnir réttlættu Gud, er þeir skírdir vóru med skírn Jóhannis, Lúc. 7; hvörnin gátu þeir Gud réttlætt, syndugir menn og framar ödrum löstum og lýtum hladnir? en ad þeckja og opinbera réttlæti Guds, þad var þeirra skylda. Jakob segir: madurinn réttlætist af verkunum; en hvörnin kann madur ad réttlætast af því sem er eins og nidurlags-fat, Es. 64, af því sem er synd, Róm. 14, af því sem er skylduverk ónýtra þjóna, Lúc. 17; en þess eru verkin umkomin ad auglýsa, ad Gud býr í manninum fyrir trúna, ad trú mannsins er kroptug fyrir kjærleikan, ad þad sé lifandi og ecki daud trú, hvör ed stjórnist af h. Anda til gódra verka, eptir bodi vors Endurlausnara, Matth. 5: svo lýsi ydar ljós fyrir mönnum, ad þeir dýrki ydar Födur, sem á himnum er. Nú er þessu svo varid, br. m. ad eínginn hefir til neinnar skuldar ad telja hjá Gudi, og þad er þad Endurlausnarinn hér segir í eptirlíkíngunni undir persónu húss-födursins: vinur, eigi gjöri eg þér órétt, &c. Fyrst eínginn hefir af Gudi neitt forskuldad, er þad þá ecki nógu stór nád, ad hann hefir alla leigt í sinn víngard, þad er, alla kallad til ydranar og syndanna fyrirgéfníngar; en þótt adrir beri þar hita og þúnga dagsins, og séu strax ad morgni kalladir, munu þeir meiga líta raungu auga til þess, þótt hann sem um eingan hlut er nockrum skyldugur, þótt hann, segi eg, miskunni einhvörjum á dauda-stundunni? MunSamúel mega sjá offsjónum yfir Paulo? Jeremías yfir Tollheimtumanninum Matthæo? Matth. 9. Jósías yfir Manassi? Babtista yfir Tító og Tímótheó, edur þessir allir yfir ræníngjanum á krossinum? Lúc. 22. Fjærri sé því, Gudi er í sjálfs valldi ad láta hvörn einn hafa svo mikid fyrir himnaríki, sem honum þóknast, því allir medtaka af nád og ecki af verdskuldan; og þó einn sveittist blódinu í Guds víngardi frá því fyrsta hann hefir vit á og til þess hann gjæfi öndina upp, þá hefir hann ecki med verkunum meira forþénad af himnaríki, heldur enn hinn sem í andlátinu var kalladur; því á-milli hins eylífa, sem er Guds ríki, og þess er enda tekur, sem eru daudligra manna verk, er eíngin jöfnudur, svo eitt meigi med ödru kaupast ad réttum sölum. Svo vill nú Drottinn hafa sýnt, ad hinir fyrstu verdi hinir sídustu, þegar menn vilja gánga í rétt vid Gud og mögla vid húss-födurinn, og sídastir hinir fyrstu, þegar hann vill nádugur vera, þeim sem hann er nádugur, Róm. 9, og er þó ecki hér fyrir nockurt manngreinar-álit hjá Gudi, því margir eru kalladir, en fáir

útvaldir; Balaam, Sál, Achab, Júdas, og adrir miklu fleiri, þeir vóru kalladir, en þeir breyttu eptir fodur sínum, og stódu ecki í sannleikanum, Jóh. 8. Gud hefir ecki sagt þeim sem kalladir eru, heldur þeim sem er trúr allt til enda, vil eg géfa kórónu lífsins, Apóc. 2; útvalníngin er ad sönnu altíd viss hjá Gudi, því hann hefir útvalid þá sem hann veit í kolluninni stödugir standa munu, en eingan hefir hann kallad med þeim skilmála, ad hann skyldi eigi kunna frá ad falla, en vér erum ecki vissir um vora útvalníngu med ödru móti enn því, ad svo leingi sem trúin er í oss kroptug fyrir kjærleikan, Gal. 5; svo leingi erum vér Guds-born, og því rædur Pétur rétt, 2 Pistl. 1, talandi um trúna og hennar ávexti: fremjid í trú ydar dygdina, í dygdinni vitskuna, í vitskunni sparsemina, í sparseminni þolinmædina, í þolinmædinni gudrækninа, í gudrækninni bródurligan kjærleika, í kjærleikanum elskuna, því nær þetta er hjá ydur, og yfirgnæfir, þá gjörir þad ydur ecki idjulausa, edur forgéfins erfidandi, til þeckíngar Drottins vors Jesú Christí; því hvörjum sem þetta eigi fylgir, hann er blindur, og leitar ad veginum med hendinni, gleymandi því, ad hann er af gömlum syndum hreinsadur; þar fyrir kostid kapps um, brædur, ad gjöra ydar kallan og ydar útvalníngu vissa, því nær þér þetta gjörid, munud þér alldrei falla. Med svoddan móti, en eingu ödru, verdum vér vissir um útvalníngu vora, þar fyrir hefir og Gud vísad oss í sinn víngard til ad erfida, en ecki í heimin til ad rannsaka sitt leyndarráð; en svo menn best viti hvörnin þad saman hángir, þá segir Páll þad med fám ordum, Róm. 8, á þennan hátt: hvörja hann ádur þeckti, þá hefir hann fyrirhugad, hvörja hann fyrirhugad hefir, þá hefir hann kallad, en hvörja hann kallad hefir, þá hefir hann réttlætt, en hvörja hann réttlætt hefir, þá hefir hann dýrdliga gjört. Hvörrar dýrdar og eylífrar farsældar oss unni ad njóta um eylífar aldir Gud ríkur af nád fyrir sinn eingétinn Son Jesúm Christum, og sendi þar til sinn h. Anda, amen!

Annann Sunnudag í Níu-vikna-föstu.

Gudspjallid, Lúc. 8 Kap.

Í þann tíma; þá ed margt fólk var samankomid, og þad dreif til hans úr stödunum, sagdi hann í eptirlíkíngu: sá géck ut sem sádi, ad sá sædi sínu; og þá hann sádi, féll sumt utan hjá veginum, vard fótum trodid, og fuglar loptsins átu þad. Og sumt féll á hellu, og nær ed þad spratt upp, visnadi þad, af því ad þad hafdi eigi vökvan. Og sumt féll á-medal þyrna, og þyrnirnir spruttu upp med og kjæfdu þad nidur. Og sumt féll í góda jörd, og þad vóx upp og bar hundradfaldan ávöxt. Þá ed hann sagdi þetta, kalladi hann: hvör eyru hefir ad heyra, heyri hann! En hans lærisveinar spurdu hann ad, hvör ed væri þessi eptirlíkíng. En hann sagdi: ydur er unnt ad vita leyndar-dóma Guds-ríkis, en þeim ödrum í eptirlíkíngum, svo ad sjáandi þá sjái þeir eigi, og áheyrandi þá skilji þeir þad eigi; en þessi er eptirlíkíng-

in: sædid er Guds ord; en hinir vid veginn eru þeir sem heyra þad, en eptir þad kémur Djøfullinn og tekur burtu ordid úr þeirra hjørtum, svo ad þeir skuli ecki trúa og verda hjálpligir. En þeir á hellunni eru þeir, sem medtaka ordid med føgnudi, þá þeir heyra þad, og þessir hafa ecki rót, hvørjir um stundar-sakir trúa, og á freistingar-tímanum falla þeir frá. En þad sem féll á millum þyrnanna, eru þeir, sem þad heyra, og velkjast í sorgum, audæfum og girndum þessara lífdaga, kéfjast og færa eingan ávøxt. En þad sem í góda jørd féll, eru þeir, sem heyra ordid, og behalda því í gódu og sidsømu hjarta, og færa ávøxt í þolinmædi.

E x o r d i u m.

Ef þér várdveitid mína setnínga og mín réttindi, sá madur sem þad gjørir, hann skal lifa af því, segir Drottinn, Levít. 18. Réttvíst er þetta løgmál, svo sem allir dómar Drottins, en óbæriligt er þad syndugum mønnum, því hvør er sá ed løgmálid haldid géti? Eingin af øllum Adams nidjum, nema hann einn sem gjørdist bølvan fyrir oss, Gal. 3, er løgmálsins bølvan forþénad høfdum. Bølvadur veri sá sem ecki heldur allt þad sem í løgmálinu stendur, svo hann gjøri þad, segir Móses í Guds umbodi, Devt. 27; þessi kostur var óbæriligur þeim sem ecki géta eitt augnablik syndlaust lifad, og er þad víst ad hinn nádugi Gud hefir ecki sitt h. løgmál útgéfid í þeirri meiníngu, ad nockur mundi þad haldid géta, heldur til þess, ad menn skyldu laga sinn lifnad þar eptir ad svo miklu leiti, sem mannligur kraptur fær orkad, og svo í ødru lægi til þess, ad syndugir menn vita mættu hvad mikid þá brestur á ad uppfylla þad sem løgmálid býdur, svo þad yrdi vor tiptunar-meistari til Christum. Nú þótt ad løgmálid sé strángt, þá hefir hinn gódi Gud látid því altíd fylgja Evangelíum, allt frá því hann útgaf þann fyrsta nádar-bodskap, ad kvinnunnar sædi skyldi í-sundurmerja høggormsins høfud, Gén. 3. Stór var sú nád ad sønnu, og svo stór, ad øll verøldin gétur hana alldrei fullþackad; en svo sem hún er mikil, svo er og mikid þeirra straff, sem hana forsmá. Þegar Israel vildi sig hafa undanþeginn ad tala vid Drottinn í Hóreb, er hann útgaf sitt h. løgmál, Exód. 20, þá sagdi Gud vid Mósen: eg vil uppvekja þeim einn spámann af sínum brædrum eins og þú ert, Devt. 18, og eg vil leggja mín ord í hans munn; hann skal segja þeim allt hvad eg býd honum, og hvør sem ecki heyrir mín ord, sem hann talar í mínu nafni, af þeim hinum sama vil eg þess krefja. O, vor Gud! vert þú oss nádugur; hvørsu illa er þeim farid, sem Gud vill krefja skuldar sinnar? honum mun verda í hin ytstu myrkur kastad, og mun ecki þadan útfara, fyrr enn hann hefir borgad hinn sídasta peníng, Matth. 18, sem aldrei verdur um alla eylífd. Þótt løgmálid væri bædi strángt og réttvíst, þá géck þó ecki hinn nádugi Gud eptir þeim sektum, sem þad mønnunum á hendur sagdi, vegna þess lausnargjalds, er hann hafdi sjálfur tilbúid oss og fyrirhugad í sínum eingétnum Syni, sem var sú eina bót vid því sári, er Djøfullinn veitti Adam og øllu hans hyski; forsmái hana nockur, þá segir Móses oss í þeim ordum, er eg strax umgat, hvad vid því liggur, sem er, ad Gud muni krefja þess af hendi hins sama. Ef nockur syndgadi á-móti Mósis løgum, þá vard þad þó forlíkad í gamla Testamentinu med offrum og fórnfæríngum, í hvørjum ad Kristur var fyrirmyndadur, svo sem Paulus Hebr. 10, vottar, á-medan syndin var undir Guds þolinmædi; en nú þar skugginn er í burtu horfinn, en vér høfum sjálfa hlutina, Róm. 3, þá verdur syndin burt-tekin med sannri trú á Jesúm Christum. Þetta verdur oss bodid í øllu Guds Evangélió, sem er hid andliga sædid, af hvørju hinn nýi madur gétinn verdur í hjarta voru, um hvørt Frelsarinn talar í þessa dags Evangelió. En þad er grátligt til ad vita, ad þessi nád er svo morgum frambodin, kénd og prédikud, en svo fáir hafa þess not, sem hér má sjá, fyrir þeirra eigin forsómunar sakir. Vér viljum þetta h. Gudspjall nockud gjørr yfirvega,

og af því hugleida: hvad Drottinn segir um þá fernslags jörd, er tók vid sædinu. Ó, vor Gud! lát þitt ord, sem í dag verdur ként, falla í góda jörd, svo vér færum þar af ávöxt í þolinmædi. Bænheyr þad himneski Fadir! fyrir þinn eingétinn Son Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Vor Endurlausnari talar þannin um hina fyrstu tilheyrendur í upphafi Gudspjallsins, ad sumt af sædinu hafi fallid utan hjá veginum og ordid fótum trodid, og fuglar loptsins hafi uppetid þad. Hann leggur þad sjálfur svo út, ad þad séu þeir, sem vid veginn eru, en eptir á komi Djöfullinn og taki ordid úr þeirra hjörtum. Þeir eru vid veginn segir Jesús, og ecki á veginum. Þad mun valda, ad ordid er Djöflinum svo audsókt í þeirra hjörtu; væru þeir á Guds vegi, mundi þad leingur vefjast fyrir hinum illa óvin ad grafast eptir þessum dýra féssjód. Eg em vegurinn, sannleikurinn og lífid; einginn kémst til Fodursins nema í gégnum mig, segir Lausnarinn, Jóh. 14; á þessum vegi sáluhjálparinnar eiga oss Guds h. ord ad leida, annars fálma menn eptir veginum og eru blindir, 2 Pet. 1; en hvörsu má nockur sjá ljósid í hans ljósi, 1 Tím. 6, nema fyrir Christum í hans ljósi, sem er Guds ord, ef menn snúa þar vid bakinu og ecki andlitinu, en horfa allir uppá sinn veg, Esa. 53. Hjá Matth. 7, rædir Frelsarinn um tvenna vegu á þennan hátt: gángid inn um hid þraunga portid, því hid vída port og hinn breidi vegur leidir afvega til glötunarinnar, og þeir eru margir ed hann gánga. Þessir eru þeir, er vid veginn standa, br. m., á hvörra vegum ad býr sorg og armæda, og þeckja ecki veg fridarins, Esa. 59, hvörra vegur ad er háll, og þeir munu dreifast á-fram í þokunni og í henni hrapa, Jer. 23. Lausnarinn segir, ad sædid falli utan hjá veginum; hann meinar akur-reinarnar, þad sem í þær fellur vardveitist, því jördin er plægd, og allir varast ad gánga þar um; en þeir sem vid veginn standa í Guds akri, eru sú jörd, er plógur lögmálsins hefir alldrei geingid um til ad mýkja akurinn, eigi heldur Guds vagn, sem ad er Evangelí í lærdómur, til ad feita jördina. Hvad sem þar fellur í, verdur af fuglum himins, þad er vondum öndum, uppetid, edur og fótum trodid, því þá er perlum fyrir svín kastad, Matth. 7. Hvörnin býr Gud í mannanna hjörtum? í sínu h. ordi. Hvörnin á þad hjarta tilreidt ad vera sem hann vill búa í? ángrad og sundurkramid, Esa. 57. Þad sem ecki fellur í svoddan hjarta, þad fellur utan hjá veginum, utan hjá Guds akur-reinum, og verdur fótum trodid, því allir vegir Drotrins eru miskun og sannleiki öllum þeim, er vardveita hans sáttmál, Ps. 25, en vegur ógudhræddra mun fyrirfarast, Ps. 1. Jesús segir ad Jóhannes hafi komid med veg réttlætisins, Matth. 21; en hvörnin var sá vegur er Jóhannes kéndi? Gjörid ydran, því Guds-ríki er nálægt, Matth. 3. Sá sem ecki geingur á þessum vegi, hann geingur ecki á Guds vegi, ecki á réttlætisins vegi, ecki á fridarins vegi, í einu ordi ad segja, hann geingur utan hjá veginum. Prédikarinn segir Kap. 11, ad hinir ógudligu gángi á vegum síns hjarta; en hvörnin vegur er í þess manns hjarta, sem daufheyrist vid Guds h. ordi? þad er almennilig þjódbraut lasta og verstu klækja, hvar agg, reidi, þræta, manndráp, hórdómur, frillulifnadur, sem af hjartanu framkoma, Matth. 15, hafa trodid sér gadd í ísköldu mannsins hjarta, svo Guds ord fái ecki rúm í þeim, og ef nockud af sæd-

inn kann ad hrjóta þar inn, verdur þad fótum trodid. Þessir eru þeir, er fyrir sída=sakir gánga inn í Guds helgidóm, til ad birtast fyrir mønnum. Þér hræsnarar! vel hefir Gud um þá talad fyrir munn Ezechíæ, 33 Kap.: þú mannsins son! þeir koma til þín svo sem folkid er vant ad koma, og þeir sitja fyrir þér svo sem mitt fólk, og heyra þín ord, en þeir gjøra þar ecki eptir, heldur gjøra þeir háð=vísur þar af med munni sínum; þeirra hjarta stundar eptir ábata; þú ert þeim eins og amors=vísa, sú ed lætur vel og er føgur ad leika, því þeir heyra þín ord, en gjøra þar ecki eptir; og er þad skélfilig fásinna, br. m. er hinn slægi Djøfull hefir blindad mannanna hugskots=augu med, ad menn leggja eyrun vid skammarligum ordum og fiflsligu hjali, en byrgja þau fyrir Guds Evangélió; þau standa opin fyrir hafgýu=saungum veraldarinnar, en Brúdgumans raustu heyra þau svo þúngliga, ad ecki er sýnt þau muni bregda vid fyrr enn høfud=eingilsins básúna lætur í skýum himins; dæmafród æfintýri og lyga=søgur láta menn sér inndælt ad heyra, en vilji nockur framm=telja Guds dásemdir, um stórvirki vorrar skøpunar, um miskunarverk vorrar endurlausnar, um leyndardóm vorrar helgunar, þar velgir menn vid svo sem ødru léttmeti, svo eg sé ecki annad í sumra manna fari, enn ad þeir muni þeinkja hid sama um Guds ords þénara, sem Athenuborgar=menn kvádu upp um Paulum, er hann taldi þeim kristiliga trú, en þeir søgdu: hvad mun ord=snápur þessi vilja sér? Act. 17. Gjætid þó ad í Guds nafni, kristnir menn! hvílíkur hlutur ad Guds ord er, þad er fódur sálna vorra, Matth. 4, því án þess mundum vér deya; þad er líf og andi, Jóh. 6, því án þess erum vér í syndunum daudir; þad er leidarvísir til himnaríkis, Ps. 119, því fyrir utan þad munum vér ofan fara í hin ytstu myrkur, hvar vera mun óp og tannagnístran. Og fyrst vér þetta vitum, og þad er í hjørtum vorum, fyrir dómi samvitsku vorrar, sannprófad, þá þykir mér sá ecki kvalrádur vera og ecki mikid kvída helvítis=píslum, sem lætur þad eins og annann vind um eyrun þjóta, svo sem þad komi ecki vid hann, sem af Gudi er talad, og altíd muni eitthvad til eylífs lífs verda. Næst þessum talar Endurlausnarinn um þá, er hann samlíkir grýttri jørdu, í hvørja þegar sædid féll og spratt upp, þá visnadi þad, af því þad hafdi ecki vøkvan; þessir eru þeir, sem heyra Guds ord og medtaka þad med føgnudi, og hafa þó ecki rót því ad um stundar=sakir trúa þeir, en á freistíngar=tímanum falla þeir þar frá. Eg kann ecki annad ad segja, enn þessum er ad nockru leiti betur háttad enn hinum; því líkligri er sá til apturhvarfs, sem ad smackad hefir hvad sætur ad Gud er, heldur enn hinn sem ávalt mótstendur h. Anda; þó er þad med því móti, ad þeir láti sig leidrétta af anda Drottins, nær þeir villt fara, annars munu þeir búa vid verri kost enn hinir, því þad ordid, sem þeir heyrdu, mun fordæma þá, Jóh. 12. Pétur féll frá á freistíngar=tímanum, en Jesú blída tillit snéri honum aptur svo hann gékk út og grét beiskliga, Matth. 26; Aron féll frá þegar hann óttadist fólksins reidi, Exód. 32, en hann hvarf aptur á Guds veg, svo hans synd var hønum ecki til dauda reiknud. Sjálfur Móses var ecki lángt þar frá, er hann sló tveimsinnum á klettinn, Núm. 20, hvar til hann þó ei hafdi Guds bodord; en allir þessir vóru næsta leiditamir aptur á Guds gøtu. Júdas féll og frá, en skipadist ecki vid Christí áminníngu í kvøldmáltídinni, Jóh. 13, ecki vid hans blída ávarp í grasgardin=um, Lúc. 22, og ecki nema til ílls vid hinn harda dóm, er hann sá ad ætladi ad gánga yfir

sinn herra, Matth. 27. Sál féll og frá á freistingar-tímanum, en leitadi ecki Guds í sínum mótgángi, heldur galdra-konunnar, 1 Sam. 28, því féll hann á sitt eigid sverd, 31 Kap. Achab medtók ordid med fögnudi, svo hann sat í seck og ösku og grét fyrir Gudi, 1 Reg. 21, en ecki ad sídur féll hann frá og sendi til frétta vid Bal, en lét aflífa spámenn Drottins. Því er eg viss um, ad þessir muni óbæriligri kost eiga enn hinir, sem alldrei hafa á Guds vegi geingid; en hvad mun þessu valda, br. m.? ecki annad enn ad hjartad er hardt, svo ad sædid fær eingan vöxva. Guds ord hafa eigi gétad unnid svo á þrjóskuna, ad þad hafi smelst í þeim fyrir hreina ydran, ad hid himneska sædid hafi feingid nockra fasta rót. Margir vilja Guds vinir vera þegar allt leikur í lyndi; en þegar sólbruni mótlætínganna tekur til ad hafa sínar verkanir í Guds akri, þá visna þeir ávextirnir brádliga, sem ecki eru vel gródursettir. Ef menn láta steininn í eld, þá verdur hann glóandi um hríd, en ecki mýkist hann nema hann ad ösku brenni; eins er þess manns hjarta, sem spámadurinn klagar yfir, Jer. 8, ad sé hardara enn demant. Drottinn typtar þá med vendi síns ords, en þeir finna þar ecki til; hann hellir yfir þá oleó fagnadarins, þad geingur eigi inn í steininn. Þegar Gud géfur regn á jordina, þá fellur þad eins yfir frjóssama stadi og ófrjóssama, harda og mjúka. Þad er víst, ad hvörirtveggju bera nockurn ávöxt medan þad yfirstendur, en þegar sólin tekur ad brenna, þá verdur sú grein þessára, ad hvad sem yfir hina hordu og ómjúku stadi féll, þad þornar brádliga upp, því þad fann eckert sér líkt í hellu-steininum, sem þad kynni ad vardveita; hin plátsin færa ávöxt þess meiri og meiri sem sólin meir verkar, því þeirra mýkindi halda því er þau hlutu, og hid besta þar af stígur ecki upp í loptid aptur, heldur snýst ávextinum í vökva og vessa; svo verdur og Guds ord prédikad vondum og gódum, bljúgum og hardsvírudum; í þessum brennir eldur mótlætínganna allann vökva í burt, en í hinum verkar hann fridsamligan ávöxt réttlætisins, Hebr. 13. Alldrei hefir Guds kyrkja meir eflst enn í mótgánginum; þegar Jesú nafn mátti ecki nefna fyrir utan lífs-háska, þá frjófgadist Guds aldingardur best; þegar kraptur Jesú blóds, sem var í ordinu, fann Guds akur mýktan med blódugum ydranar-tárum í hjartanu, þá kviknadi kjærleikurinn, þá spratt upp þolinmædin, þá gréri trúin, þá vóx lítilætid, þá lifnadi miskunsemin, þá dafnadi hógværdin, þá brann elskan til Guds, hvad heitast, svo ad hvörki líf né daudi, hvorki Einglar né valdstéttir né hofdíngja-dæmi, hvorki hid nálæga né þad eptirkomanda, hvörki hæd né dýpt, né nockur önnur sképna kunni ad skilja Guds elskendur vid þann kjærleika, sem er í Christó Jesú, Róm. 8. En sídan mönnum tók til ad leidast ad draga okid med Christó, þá hefir ecki plógur lögmálsins rist svo djúpt í mannanna hjörtum. Menn vilja allir med honum ríkja, en fáir med honum lída, og hyggja, ad mátulig gudhrædsla dugi nóg til sáluhjálpar; þar-fyrir kólnar hjarta mannsins, svo ad Guds ord, þad himneska sædid, verdur ecki í bein og merg inndruckid; fyrir því vex og kornid í Guds akri mjög svo þunt, svo ad ein staungin æpir til annarar, og Andskotinn hefir med báli óleyfiligrar heimsins elsku brent oss marga díla þar inni; þar fyrir tem þér kristiliga ydran, ó, þú Guds barn! sem vilt sáluhjálpina erfa, á-medan Gud lætur þér ad óskum gánga, og lát minníng þinna synda og hans ástgjafa mýkja hjarta þitt, svo ad h. Andi sem býr í ordinu megi una þar inni, þvíad þú veitst ecki nær ed hiti freist-

ínganna tekur til ad brenna, og þú þurfir brádliga á ad halda, og þótt þad verdi eigi fyrr enn á daudans stundu, sem hvoru dag yfir hángir, þá þeink ad þær eru þá vísar; en eingum hefir veitt af á þeirri hordu tíd, þeim einum hefir þá best vegnad, vid hvorja Andi Drottins hefir talad í hjartanu, í því ordinu, sem þeir ádur mundu og rótfestu þar inni, til heilnæms veganestis í gégnum hinn myrkva daudans dal, inn á land lifandi manna. Hinum þridju tilheyrendum dregur vor Herra dæmi, af því sædi sem féll á=medal þyrna, en þyrnin spruttu upp med og kjæfdu þad nidur; þad eru þeir, segir hann, er heyra ordid, og velkjast í sorgum, audæfum og girndum þessara lífdaga, kefjast og færa eingan ávöxt. Hvílika hindrun ad þetta íllgresi gjöri akur=løndum Guds, eru fleiri dæmi til, enn segja þurfi. Margan hefir búksorg og áhyggja frá Gudi dregid; þar sem þinn féssjódur er, þar er þitt hjarta, segir Endurlausnarinn, Matth. 6; hvornin fá menn þá undir eins Gudi þjónad og mammóna? Endurlausnarinn segir, ad þyrnin hafi vaxid upp med og kjæft sædid nidur. Ecki segir hann, ad kornid hafi ecki og nockud vaxid, en þó er þad eigi ad meiru leiti en svo, ad hann reiknar þad fyrir eingan ávöxt; hvar fyrir? af því þyrnin høfdu yfirhønd, en korn=staungin þrosskadist aldrei, svo ad axid nædi út ad springa. Líkt er þetta gudhrædslu sumra manna, þeir ed gjarna rækja ord Drottins; þeir hafa þad um hønd; þeir bidjast fyrir; þeir tárast fyrir Gudi; þeir sýngja og lesa; þeir heyra gjarna talad um Gud og hans h. dásemdir, og látast þad sjálfir gjöra med fullri alvøru, en straffa adra sem þá eru tómlátari í sinni þjónustu; en þegar bródir edur systir eru nakin, og hafa skort á tímanligri næríngu, þá géfa þeir þeim þó ecki hvad líkhamanum er naudsynligt, Jakob. 2; þegar þeir sjá þjófinn, hlaupa þeir med honum ad stela, Ps. 50, ef ecki med almenniligri launúng, þá med yfirvarpi laga og réttinda; sjái þeir nockud girniligt, verdur búksorgin þeim svo óbærilig sem Achab, ad þeir nærri því leggjast upp á sængina, 1 Reg. 21; nær þad er ecki fyrir augunum sem éta skal, þá er ecki trúin á Gud betur grundvøllud enn svo, ad menn spyrja med heidíngjunum: hvad skulum vér eta, eda hvorju eigum vér ad klædast? Matth. 6. Um asnans skugga og um geitar=hárin tønlast þeir og tyggjást innbyrdis, þar til þeir mættu um sídir verda uppétnir, og ef einhvor gjörir nockud af vid þá, þad rækja þeir inn til daudans; sjái þeir veg til ad féfletta einhvorn, spara þeir ecki róg né lýgi; þyki eitthvad indælt vera, þá stendur Guds elska og hans ord til baka, en holdinu er þjónad í þess girndum og tilhneigíngum. Svo vaxa nú þyrnin upp fullum fetum, en sædi Guds orda dempast, og bera ecki ávöxt, og á gudhrædslunni bér ecki fyrir íllgresisins ofvexti, hvort hún sé nockur í hjartanu, þad vita eigi adrir nema af ávøxtunum, hitt er deginum ljósara, ad aldrei kémst hún leingra enn í munninn, en hinir limirnir erfida í Satans akri; og sýnist mér ad þessir elski Gud med sønu elsku og hans limu, er þeir segja: vermid ydur og mettist, Jakob. 2, enn géfa þeim þó eckert; slíkt er í raun og sannleika ad hrósa sér af gudhrædslunni, en afneita þó hennar krapti, 1 Tím. 3, og svo sem Jesús sagdi vid Júda, ad útsjúga hús eckna og fødurlausra undir hylmíngu lángra bæna, Matth. 23; og kann þad ecki ad fara á annan hátt, því eigi verda vínberin saman=lesin af þyrnunum, né fíkjurnar af þistlunum, Matth. 7. Gudhrædsla svoddan manna, er eins og tal hins heimska fyrir Gudi, um hvort Salómon segir: ad þad sé eins og þyrni=

kvistir í hönd hins drukna, Próv. 26. Þyrnirinn er næsta bráð=þroska; veldur það því, að hann dregur til sín allan vökva úr jörðunni, svo þau grösin, er í nánd vaxa, þau fá ekki til viðurlífis, og þess betri vökva sem hann nýtur, þess líkligra er að hann betur blómgist; svo er hreckvísin, þegar hún er plöntuð í nálægð dygðanna, (svo kalla eg skin gudhræðslunnar) þá tekur hún þess meira afl. Þegar ódygðin er brynjuð með líkingu Guðs herskrúða, þá hefir hún stóran myndugleika, jafnvel þótt það sé ekki nema hamur einn, og Satans eingill í ljóssins eingil umsteyptur; en eigi að síður mun rætast á þeim spádómur Esa. 10: eldurinn mun uppbrenna hans þyrna og hans þistla á einum degi. Þyrnirnir eru blómligir næsta; en sárt stínga þeir ef ógjætiliga er á þeim tekið; þannin er áhyggja og búksorg þessara lífdaga; hún lofar öllu fögru, gulli og silfri, fullum kornhlöðum, yndi og eptirlæti; en þeir eð slíta hjarta sínu þar með, þeir finna þó ekkert yndi, heldur eins og hinn vatnssjúka þyrstir æ þess meir, sem hann meira dreckur; svo er þess frekari ágirndin, sem meiri er auðurinn, og hún étur sjálfa sig, og elur sig þó sjálfa; hún er bæði húngur og fylli, yndi og sorg, og er þó aldrei svo mikið eptirlætið, að ekki sé meira andstreymið, og það sem yfirtekur, að hún kefur þá unaðsemd, er menn eiga í Drottni að hafa, og mettar sína þræla með harma=brauði einu, og dryckjar þá með óminnis=öli, svo þeim gleymist að safna sér féssjóð á himnum, hvörjum ekki kann mölur né ryð að granda, né þjófar eptirgrafast, Matth. 6. Ó, þú dýrkeypta Jesú brúð, kristilig kyrkja! lát þér það til rifja renna, að þinn unnusti er með þyrnum kórónaður á yckar heiðurs=degi, en þú ræktar þá þyrnana best, sem hans blessaða höfuð hafa hvað sárast stúngið í pínunni, það eru þínar syndir og þitt eptirlæti, þú sem ert afrekuð með Guðs eigin blóði, Act. 20; svo það er ekki all=lítið sorgar=efni, hvar sem þess gjætir, að hið óforgengiliga sæði Guðs orða, sem Pétur talar um, það þróast valla svo hér á jörðunni, að bindini hans barna verði fullt í heiminum. Rómverjar kölluðu það óþacklátan akur, sem ekki svaraði kostnaðinum og erfiðinu; en það má hinn allsvaldandi hús=faðir að réttu segja um sinn akur, því ef nockur vill meta til samans Guðs eingétins Sonar dýrmæta blóð, hvörs minsti dropi að er kostnligri enn öll ríki veraldarinnar og þeirra dýrð, og svo hinn fjórða part af þeim, sem orðið heyra, að hinum óreiknuðum, sem þar fyrir utan eru, þá mun hann játa að Christí erfiði og hans akur ávexti sé ólíkt farið og eingan vegin saman að jafna; hvör eyru hefir að heyra, hann heyri það! Hvörjir eru hinir fjórðu tilheyrendur, br. m.? það eru þeir sem Jesús samlíkir því sæðinu, er féll í góða jörð og bar hundraðfalldan ávöxt. Þetta þýðir Drottinn uppa þá, sem behalda orðinu í góðu og síðsömu hjarta, og færa þar af ávöxt í þolinmæði. Guð hefir lofað að sitt orð skyldi ekki koma tómt til sín aptur, því hefir hann ekki lofað, að það skuli hjá öllum verka sáluhjálpina; hvar fyrir? því þar eru svo margir sem því ekki halda í góðu hjarta, og ekki allir sem ljá því rúm í hjartanu; hið sama orð var prédikað Pharaó og öllum hans þénurum; en þó segir Ritníngin, að sumir af þeim hafi óttast orð Drottins, en Pharaó forherdti sitt hjarta; hið sama Jesú Christí Evangelíum kéndi Paulus og Barnabas í Ikonío, og þar trúði mikill fjöldi, bæði Gyðínga og Grickja, en Júdar þeir eð vantrúaðir vóru, æstu upp heiðíngjana í=móti bræðrunum, Act. 14; hið sama Guðs orð kéndi Jesús öllum þeim, er til hans heyrðu og sáu hans krapta=

verk, þó sögðu nockrir að hann jarðteiknir gjörði fyrir Belzebub, Lúc. 11; aðrir leituðu eptir teikni af himni, þó fanst þar ein kona, er fagnaði hans kénníngu, og sagði: sæll er sá kviður er þig bar, og þau brjóst er þú mylktir. Andsvar Jesú uppá orð hennar minnir mig á að tala um, hvörsu gleðiligt að er Guðs h. orð í þess manns hjarta, sem hefir lyst-íng sína í hans lögmáli, Ps. 1; hann sagði: hvað um það; sælir eru þeir sem heyra Guðs orð og varðveita það. Eg þykist vita að mörg muni svo lynd sem kona þessi, er hún lét á sér heyra, að hún vildi hafa verið Jesú líkhamlig móðir, hefði hún þann kost mátt eiga; en eg heyri að hvörri einni kristinni sálu er boðinn betri kostur, sem er að heyra Guðs orð og varðveita það. Ecki hafði María miklu blíðlæti heimsins að fagna, þótt hún væri móðir að Konúngi himins og jarðar; en það heyri eg, að hún hafi varðveitt öll hans orð í sínu hjarta, Lúc. 2. Það heyri eg og, að Símeon segir í þessum Kap. að hennar öndu muni sverð í-gégnum smjúga; það hefir án alls efa verið, þegar hún stóð undir krossinum, og hún sá hans hendur og fætur í-gégnum stúngnar, er hún elskaði svo sem sitt eigið hjarta. Af þessu sé eg Maríu sæla að vera, því þau orð, er hún varðveitti í sínu hjarta, hafa hjálpað henni slík óskop að þola; það sama veit eg að Guðs orð verkar í allra þeirra hjörtum, sem hann elska, og eru Jesú andligar mæður. Mitt ok er sætt og mín byrði létt, segir Endurlausnarinn, Matth. 11; ecki þykir það heimsins börnum, þeir eð okið í-sundur brjóta. En hvör mun það létt gjöra? það gjörir Guðs orð, sem rétt-trúuð sála varð-veitir í hjartanu, hvört eð telur henni trú um það, að mótlætíngar þessara tíma séu eigi verðar þeirrar dýrðar, sem fram við oss mun koma í eylífu lífi, Róm. 8. Sælir eru þér nær menniruir hallmæla yður, og tala í-gégn yður alla vondsku fyrir míns nafns sakir, þó ljúg-andi, segir hann enn aptur, Matth. 5, fagnið og verið glaðir, þvíað yðar verðkaup er nógligt á himnum. En hvör mun gjöra oss vissa um þessi verðlaun? það gjörir h. Andi, sem býr í orðinu, því er einn harmþrúnginn og sundurknosaður andi varðveitir í góðu og siðsömu hjarta, því hann er pantur vorrar arfleifðar, Eph. 1. Svo sem eg er þess full-viss, að mér verður eingin skotaskuld úr lánuðu fé, á-meðan eg pant hefi, svo og lángtum framar er eg þess fullörugger, að mér muni öll harmkvæli þessa heims með eylífri gleði endurgoldin verða, (jafnvel þó eg þess óverðugur sé) á-meðan eg varðveiti Guðs orð í góðu og siðsömu hjarta, því Andi Guðs ber vitni mínum anda, að eg sé Guðs barn, Róm. 8. Og færir ávöxt í þolinmæði, segir Herrann; hvörugt gétur annars án verið. Sá sem varðveitir Guðs orð, hann færir ávöxt í þolinmæði, og hann sem ávöxt í þolinmæði færir, hann varðveitir Guðs orð; þess gétur Jóhannes í hans fyrsta bréfi Kap. 2, með þessum orðum: ef nockur segir eg elska Guð, og varðveitir ecki hans boðorð, hann er ljúg-ari. Vilt þú kristinn maður vita, hvört að Guðs orð býr í hjarta þínu eður ei, þá reyn og prófa sjálfan þig, hvört þú manst það af Guði er sagt; hvört þú hefir lyst á að tala um hann; hvört þér misþóknast, er þú heyrir hans nafn lastað; hvört þú gleðst af því, þá hans orð hefir framgáng; hvört þú elskar þá er hann elska; hvört þú ert fljótur að tilgéfa misgjörðirnar; hvört þú kénnir í brjósti um þá, sem nauð líða, og elskar þá ecki einasta með orði og túngu, heldur með verki og sannleika; hvört þú auðmýkir þig fyrir

Gudi med þacklæti þíns hjarta, þegar þér vel vegnar; hvört þú kyssir á hans vönd, nær hann þig typtar; þegar þú freistast af Andskotans, heimsins og holdsins vélum, en þér kémur þá undir-eins í hug hvad Gud hefir bannad, hvört þú lætur þá af, og elskan til Guds rædur meir enn fýsn holdsins; finnur þú þetta hjá þér, þótt þad sé í veikleika og á-stundum megi af-bera, þá er þad víst ad Guds ord og hans Andi drottnar í hjarta þínu, en annars ecki; því svo segir Lausnarinn: ef nockur elskar mig, þá skal hann mín ord vardveita, Jóh. 14. En ef skap þitt býdur þér allt annad, þá segi eg þér í nafni Jesú Christí hins krossfesta og blessada, sem þína sálu hefir frá helvíti endurleyst: tak þér vara og bid Gud ad skapa í þér hreint hjarta, og géfa þér nýan anda; þvíad eg þori ad setja mína sálu í ved, ad þú geymir vanfæra sál í heilbrigdum líkhama, og herbergjar vondan gést í vænu húsi; en veitst ecki nær á vegginn skrifad verdur: þú dári! á þessari nóttu skulu þeir þína sálu frá þér taka, Lúc. 11. Hvad gagnar þad þá manninum, ad hann ætti alla verold þessa, og lídur svo skipbrot á sálu sinni? O, þú eylífa ord Fodursins, sem varst í upphafi hjá Gudi, fyrir hvörn ad aldirnar skapadar eru! endurskapa þú hjarta vort, ad vér verdum ný sképna í þér; lát þú þitt sæta ord vera vort ædsta eptirlæti hér tímanliga, svo ad vér meigum þess óumrædiliga fagnadar njóta eylífliga. Veit oss þad, ó Herra Jesú Christe! fyrir þitt dýrmæta blód og blessada forþénustu. Þér sé med Fodur og h. Anda, dýrd, heidur og lof, frá því nú er, og um aldir alda, amen!

Sunnudaginn í Føstu-inngáng.

Gudspjallid, Matth. 3 Kap.

Í þann tíma kom Jesús af Galílæa, ad Jórdan til Jóhannem, uppá þad ad hann skírdist af hönum; en Johannes varnadi hönum þess, og sagdi: mér er þorf ad eg skírist af þér, og þú kémur til mín? en Jesús svaradi og sagdi til hans: láttú nú svo vera, þvíad svo hæfir oss allt réttlæti upp ad fylla. Og þá lét hann þad eptir hönum. En er Jesús var skírdur, sté hann jafnskjótt upp úr vatninu. Og sjá, ad himnarnir lukust upp, yfir hönum, og Johannes sá Guds Anda ofan stíga sem dúfu, og yfir hann koma. Og sjá, ad roddin af himni sagdi: þessi er Sonur minn elskuligur, ad hvörjum mér vel þoknast.

Exordium.

Eg vil uppvekja þeim einn spámann af þeirra brædrum, eins og þú ert, sagdi Drottinn vid Mósen, Devt. 18. Þessi ritning er á vorum Frelsara Drottni Jesú Christó ad fullu uppfyld, þar ed hann, strax eptir sína allra-helgustu skírn í ánni Jórdan, var settur af Gudi sínum Fodur til kénnimannsskapar og spámanns-embættis nýa Testamentisins, og smurdur med oleó fagnadarins, fram yfir sína hluttakendur, Ps. 45; svo ad uppfyltist þad sagt er fyrir munn Esa. 61 Kap., og hin eylífa spekin Guds uppá sjálfan sig þýdir, Lúc. 4: Andi Drottins er yfir mér, af því hann hefir smurt mig; hann hefir sendt mig til ad prédika voludum, ad leggja vid þau sundurknosudu hjortun, til ad prédika þeim herteknu frelsid, þeim faungudu lausnina,

hinum blindu, ad þeir verdi heilskygnir, ad eg frelsi hina sundurkrømdu. En hvørnin má eg þad skilja, ad þessi mikli Spámadur sé eins og Móses, þar hann var madur syndugur, en þessi án syndar? þess er ad gjæta hér í, ad Gud spáir ad hann muni eins og Móses verda, en Móses þó ecki jafn honum; líkur ad sønnu í allri mannligri hegdan og edli uppáteckinnar náttúru, en næsta ólíkur eptir þeirri dýrd, sem hann átti í upphafi hjá sínum Fødur; og í sannleika er vor Endurlausnari Mósi í mørgum hlutum líkur; Móses var einn madur, Kristur er og hold af voru holdi, og bein af vorum beinum; Móses var af Gudi sendur, en um sig talar Jesús hjá Jóhanne: svo sem Fadirinn sendi mig, þá sendi eg ydur, Jóh. 20; Móses útleiddi af Egyptalandi, Jesús hefir frelsad oss af syndarinnar þrældómi; Gud úthelti sínum Anda yfir Mósen, og gaf honum vitsku og speki til ad dæma sitt fólk, miklu framar þó yfir Jesúm Christum, því honum hefir hann án mælfugar géfid, Jóh. 3; Gud tók af Anda Mósis og lagdi yfir oldúngana í Ísrael, Núm. 11; af Jesú fyllíngu høfum vér allir medtekid, Jóh. 1; þar var eigi svo plágadur madur sem Móses, Núm. 12, hvør hefir svo plágadur verid sem Jesús; Móses var hertogi í Ísrael, sá ed leiddi Guds fylkíngar í eydimørkunni, Jesús Guds Sonur er hinn mikli hertogi, sem af Bethlehem er útgeinginn, Mich. 5, til ad fæda hans fólk Ísrael. Ísrael hræddist fyrir augliti Drottins í Hóreb, Exód. 21, og sagdi vid Mósen: eigi viljum vér framar heyra raustina Drottins Guds, far þú uppá fjallid, og tala vid hann fyrir oss. Af hvørju ráda er, ad Móses í þad sinn hafi verid medal=gángari millum Guds og hans fólks; þeirrar meiníngar hefir og verid Stephanus píslar vottur Drottins, er hann sagdi um Mósen, Act. 7, þegar hann þýdir þenna merkiliga spádóm uppá vorn Frelsara, segjandi: þessi er hann, ed var í samkundunni í eydimørkunni med Einglinum, sá ed taladi vid hann og fedur vora, sá ed medtók þad lifandi ord, ad hann gæfi oss þad; en þótt ad Móses í þann máta væri medal=gángari milli Guds og Ísraels sona, þá hefir þó Sonur Guds eitt ædra embætti ødlast, vordinn árnadar=madur hins betra Testamentis, sem stadfest er, uppá betra fyrirheit, Hebr. 8. Vid þenna mismun á milli Mósis og Christi medalgaungu hefir Paulus kannast, Hebr. 12 Kap., med þessum ordum: þér erud ecki geingnir til þess fjalls sem þreifanligt er og med eldi brennur, né til þoku edur myrkurs og óvedurs, né til lúdur=þits, edur raddar=ordanna, vid hvørja þeir óttudust, er hana heyrdu. þad eigi yrdi til þeirra ordid talad, heldur erud þér komnir til fjallsins Zíon, og til medal=gángara hins nýa Testamentis, Jesúm, og til blódsins ádreifíngar, þad betur talar enn Abels blód. Þetta er þad dýrmæta blód Guds eingétins Sonar, Apoc. 1, Jesú Christi, med hvørju hann þvær oss synduga menn, sem komum í þenna heim, í skírnar=lauginni af øllum vorum syndum; og uppá þad hann helgadi øll vøtn til hjálpsamligs medals endurfædíngarinnar, þá hefir hann látid sjálfan sig í ánni Jórdan skíra, svo sem vér nú samstundis heyrdum af þessa dags Evangélió; af hvørju vér viljum einasta yfirvega: hvad stór og mikill ad sé kraptur skírnarinnar í framkvæmd vorrar sáluhjálpar, og hvørjir ad séu hennar ávextir. Þú miskunsami Gud! sem bædi hefir plantad og ávøxtinn géfur, géf þú, ad um þenna þinn háleita leyndardóm svo talad og eptirtekid verdi, ad þitt allra=helgasta nafn vegsamist á=medal vor, en vér mættum þinnar eylífu miskunar sáluhjálplig not hafa, fyrir fulltíngi þíns elskuliga Sonar, í krapti h. Anda, amen!

Utleggíngin.

Drottinn sagdi vid Nicódemum fordum daga, Jóh. 3: ad hvad sem af holdinu fædt væri, þad væri hold; en hvílík ad sé vor holdlig fædíng, þad útmálar Guds Andi allra best fyrir munn Páls, er hann segir, Eph. 2, ad vér séum af náttúrunni reidinnar børn. Hvad kann þeim annara ad vera, sem undir Guds reidi eru, þar hún er einn fortærandi eldur, sá ed brennur allt til nedsta helvítis? Devt. 32. En hvørnin erum vér nú vid þetta velædi kvittir vordnir? þad høfum vér ødlast í skírnar=sánum; þess gétur St. Páll, Eph. 5, segjandi: Kristur hefir hreinsad søfnudinn med vatnslauginni í ordinu; hann seg=

ir enn aptur, ad Gud hafi þrifid oss út af valdi myrkranna og sett oss í ríki síns Sonar, Col. 1. Nær mun þetta hafa gjorst? ad vísu í skírninni! Hvort er vald myrkranna? þad er Djøfulsins ríki, Eph. 6. Hvort er Guds Sonar ríki? þad er fridur og fognudur í h. Anda, Róm. 14. Þér vórud fordum myrkur, segir Páll um heidíngjana, ádur enn þeir voru af Gudi endurfæddir, en nú erud þér ljós í Drottni, Eph. 5. Eins vórum vér allir á oss komnir, ádur enn Guds eylífa miskun endurbætti voru syndugan gétnad med vatni og anda. Svo mikill munur sem nú er á milli ljóssins og myrkursins, milli dags og nætur, milli sólarinnar og þeirra hluta sem hún upplýsir; svo mikid djúp sem þar er stadfest á millum Lazarum í fadmi Abrahams og hins ríka sælgætíngs, þar hann píniſt í helvíti og kvølunum, Lúc. 16; svo stór mismunur er ad sínu leiti milli þeirra, sem alleina af holdinu, og þeirra sem í skírninni verda af Andanum fæddir, því vor Lausnari segir hjá Jóh. 3, Kap. vid Nicódemum: nema einhvør verdi endurfæddur af vatni og anda, þá kann hann ecki inn ad gánga í Guds ríki. Þetta tala eg ecki í þeirri meiníngu, ad eg hafi hinn minsta þánka þar=um, ad smá=børnin sem annadhvort í módurlífi burtkallast, eda deya strax eptir þad þau borin eru í heiminn, edur hindrast á einhvørn hátt frá skírnarinnar blessan, ad þau muni ecki eylífs lífs erfíngjar verda, heldur af því, ad Drottinn átti ordastad vid Nicódemum, einn fullordinn mann, sem ecki var svo uppfræddur í þeirri Guds ríkis=stjórn, sem Kristur hóf hér á jordunni, med endurgétníngu syndugra manna fyrir vatn og anda, er nýúngar þóttu hjá þeim sem af umskurninni voru, sérdeilis Pharísæunum, af hvørjum Nicódemus var, þá eptir því (segi eg) ad hann vildi undirvísa honum í lærdómi nýa Testamentisins, þá sýnir hann honum ad sá ed nú vilji hólpinn verda, hann megi skírast láta. Einn konúngur er ecki bundinn vid þau log sem hann sjálfur géfid hefir, svo hann megi þeim ecki umbreyta, nær þad ei skédur á=móti Guds logum; því skyldi þá hinn mikli Stjórnari allrar veraldar vera svo fastur vid sína setnínga, ad hønum leyfdist ecki ad gjøra sínum sképnum gott med þeim hætti, sem hans alvitra rádi haga þykir? Guds setníngar skylda oss undir hans hlýdni í øllu því sem í voru valdi er, en ecki sjalfan hann, svo hann þad ecki útrétta kunni sem hann vill, med þeim hætti sem hann sjálfur vill. Foroktun skírnarinnar og ecki hennar brestur fordæmir syndugan mann, en sá kann ecki ad forakta sem eigi kann ad adgreina íllt og gott. Hjá Gudi er einginn hlutur ómáttugur, Lúc. 1. Því mun þá þessi vera? máttugur er Gud ad uppvekja Abraham sonu af steinunum, Matth. 3; því þá ecki ad flytja þeirra sálir í Abrahams skaut, hvørra lífsstundum hann sjálfur rædur? ef Gud vildi endurfæda manninn án skírnarinnar, mundi hann þad ecki géta edur meiga? sannliga! eg sé hann hefir endurfædt þá, sem á gamla Testamentisins døgum lifdu, fyrir medal umskurnarinnar. En ef hønum þóknadist øldúngis fyrir utan nockurt medal ad endurgéta manninn til eylífs lífs, mundi þad ecki í hans valdi standa? einginn efi er á því! St. Páll styrkir mig í þeirri trú, Róm. 4, talandi þar um, med hvørju móti Abraham hafi verid reiknud trú sín til réttlætis; med hvørju móti var hún tilreiknud, segir hann, hvort þegar hann var í umskurninni edur yfirhúdinni? ecki í umskurninni, heldur í yfirhúdinni. Hafi nú Gud Abraham, fodur trúadra endurfædt, fyrir utan sakramentanna medal, því skal hann ecki kunna og vilja þad sama gjøra vid þá, sem ecki verdur svo lángs lífs audid, ad

þeir megi í skírninni endurfædast. Ad eg ecki tala um Adam, Seth, Lamech, Mathúsalem, Enoch og Nóa, med ótal þúsund ödrum, sem menn sylliliga trúa ad nú lifa med Gudi í himninum, og andadir eru ádur enn sakramentin vóru inn-stiptud. Og ad menn viti ad þessu sé eins varid sídan sakramentin inn-sett vóru, þá sé oss vitanligt, ad hann sem kunni hólpin ad gjöra þau börnin í gamla Testamentinu, sem burt-kölludust innan þess áttunda dags, hvör ætladur var til umskurnarinnar, Gén. 17, hann sem miskunnadi sig yfir þá, sem deydu í eydimörkinni óumskornir, Jós. 5, hann sem úthelti heilögum Anda yfir Cornelíum og þá sem vóru í hans húsi, ádur enn þeir nockurn-tíma skírdir vóru, svo ad Petur sagdi: hvör má banna þeim vatnid, sem medtekid hafa h. Anda eins og vér, Act. 10. Hans djúpu miskunnar-ydur, Lúc. 1, sem eingan botn hafa, þau eru ecki öllsaman útrunnin í skírnar sáinn, heldur renna hans miklu miskunnar-lækir einnegin til þessara smælíngja, af hvörjum Fadir miskunsemdanna vill ecki ad nockur fyrirfarist, Matth. 18. Þeim sem trúadir vóru af umskurninni hnickti vid þad, ad h. Andi féll yfir heidnar þjódir, Act. 10, sem eckert af Gudi vissu ádur enn þeir skírdir vóru; svo skédur þad enn nú í dag, ad þad sem ómöguligt er fyrir mönnunum, þad er möguligt fyrir Gudi, Matth. 19.

Davíd konúngur, þótt hann stór-syndugur madur væri, þá er eckert ad heyra annad á hans kvedlíngum, enn ad hann hafi ætlad sér eylífa vist hjá Gudi, þegar hann harmadi sinn son, hvörn hann gétid hafdi med Bersabe, hvör ed framar ödrum hans börnum mátti kallast gétinn og fæddur í syndinni, sá ed og deydi ádur enn hann umskorinn vard; hann huggadi sig med þessum ordum, þegar hann reis upp úr duptinu, þar hann grét synd sína fyrir Gudi: eg kém til hans og hann ecki til mín, 2 Sam. 12; af hvörju audséd er, ad hann hefir verid fulltrúa þar-um, ad hann væri undan sér farinn í þá glediligu vist, hvar ad er sadníng fagnadarins, svo sem hann þad sjálfur kallar. Hvad fjarlægir ad séu Guds og manna dómar, er á-medal annara audséd af Jónæ spámanns sögu, þegar hann nærri því bríxladi Gudi um sína þolinmædi, Jónæ 4, med þessum ordum: eg veit þú ert nádugur og miskunsamur, þolinmódur og næsta gódgjarn; en Gud svaradi hönum þessu medal annara: munt þú réttiliga reidast? þú hlífdir lundinum, uppá hvörn þú ecki erfidadir, og eckert gjördir þú til hans fullkomnunar, því hann vóx á nóttu og næturgamall visnadi hann; skyldi eg þá ecki þyrma Niníve, þeim stóra stad, í hvörjum ad eru fleiri enn hundrad og tuttugu þúsundir, er ecki vita til hægri né vinstri handar, og mörg villi-dýr. Hafi nú brunnur miskunsemdanna svo nádugur verid, ad hann vildi þyrma þeim ógudliga stad vegna óumskorinna heidíngjanna barna; hafi hann heldur viljad þola þeirra ílsku, sem í himninum var uppstígin fyrir hann, heldur enn ad eydileggja öll dýrin, sem þar inni vóru, Jón. 1; því skyldi eg þá ecki gánga úr skugga þar-um, ad hann muni miskuna sig yfir eitt ómálga fóstur, sem eckert kann til þess, ad þad ei leingur lifir. Nú þótt ad Gudi vorum sé í sjálfs-valdi ad taka manneskjuna í sátt vid sig og endurgéta til eylífs lífs, med hvörju helst móti sem hönum þad þóknast, eptir sinni almættis gódgirni, samt er þad hinn versti glæpur, ef nockur forsmáir edur forsómar þetta hjálpsamliga medal. Þótt einn hús-fadir megi med ödru móti útrétta þá hluti, er hann skipar sínum þénara, mun hinn þar-fyrir vera sýkn-saka, ef hann forsmáir síns herra rádstöfun? Gud hafdi nóg rád ad slá

í hel konúng Amalekítanna, þótt ecki hefdi hann brúkad Sáls hönd þar til; en af því hann var tómlátur í Guds eyrinda framkvæmd, þá vard Israels-ríki rifid af hans hendi og géfid hans þénara, 1 Sam. 15. Mundi nockud Achab og hans hús umflýa óluckuna, þá hann forsmádi Drottins vilja í því ad drepa Benhadad Sýrlands konúng? 1 Reg. 20, jafnvel þótt hinn sterki Gud hefdi þúsund vegi til ad tortýna honum. Þad sem umskurnin var í gamla Testamentinu, þad er skírnin í því nýa. En hvörsu mikid hafi vardad um umskurnina, vottar sjálfur Gud, Gén. 17, þegar hann stiptadi þad h. sakramentum, segjandi: allt kallkyns, sem ecki umskér yfirhúd síns holds, hans sál skal upprætast frá mínu fólki, því hann hefir ónýtt minn sáttmála; hvörju samkynja er, þad Drottinn taladi vid Nicódemum, og eg hefi ádur áminst. Nú þótt ad barnanna velferd sé hér undantekin sem ádur er sagt, þá viti þó hinir gömlu, sem forsóma á þeim svoddan hjálpræddisins medal, ad Gud vill þess krefja af þeirra hendi; þar-fyrir skélfdist og Zippóra, kvinna Mósis, þá hann tafdi ad umskéra sinn son, Exód. 4, annadhvort fyrir hennar umtölur edur einhvörn annan tilgáng, en Gud mætti þeim í gésta-herberginu og ætladi ad slá Mósen í hel fyrir þessa forsómun; því skyldi ecki syndugum mönnum framar öllu ödru þykja mikils verdt um þennan háleita hlut? Sá stadur hvar vor Endurlausnari lét skírast, hefir án efa verid Betabara, þar ed Jóhannes skírdi, sem ráda má þar-af, ad Drottinn géck strax eptir skírnina út í eydimörkina ad freistast, og eptir freistínguna kom hann til Jóhannem í Betabara aptur, hvar hann var ad þessu guds-verki, Jóh. 1. Þetta ord merkir ferju-stad, af því mikla dásemdarverki, sem Gud gjördi vid sitt fólk, þegar hann leiddi þad, í þessu sama plátzi, þurrum fótum ígégnum ána Jórdan inn í Kanaans-land, og verdur svo hér um skrifad, Jós. 3, ad örk Drottins hafi stadid midt í fljótinu. Þetta ætti ad minna oss á, ad Jesús Christus er hin sanna örk sáttmálans á milli Guds og manna, hvör ed í skírninni saminn verdur; hann er sá rétti nádar-stóll, hvörn Gud hefir sett fyrir trúna á hans blódi, hvar med hann frambýdur þad réttlæti, sem fyrir honum er fullkomid; þar fyrir ert þú, minn Jesú, ofanstíginn í Jórdan, allt réttlæti upp ad fylla; þú hefir stadid midt í vatns-flódinu, svo vér þurrum fótum inngeingjum í Guds-ríki; þú eylífi Jehoschua, sem oss hefir hólpna gjört í hærstum hædum, þig hefir Gud, þinn Gud dásamliga miklad, lángt fram yfir Jósúam á þínum skírnar-degi, þegar hann gaf þér fyrir skírnar-sáinn í ordinu heidnar þjódir og endimörk jardarinnar til arfleifdar, Ps. 2. Þú blessada sáttmáls-örk! í þér er bundinn sáttmáli gódrar samvitsku vid hinn stránga og réttláta Gud, 1 Pet. 3, hvörs útlagar vér erum vordnir í Adam, og landrádum vid hann sekir med Djöfulsins þjónkan; þú hefir sundurklofid, ecki vatnsföllin, heldur himnana, sem med yfirtrodslu lögmálsins vóru tilbyrgdir; þú ert ádreifdur med því rétta sáttmáls blódi, sem í vorn skírnar-sá er útrunnid oss til réttlætis og helgunar. Þú stóri Hertogi Guds heilögu þúsunda! þú hefir fyrir þína h. skírn flutt oss yfir um Jórdan, og slitid vora útlegd; þú hefir fært oss frá Egyptalandi til Kanaan, frá myrkrunum til ljóssins, frá Djöfulsins valdi, og sett oss í þitt ríki, Col. 1. Sjái hér nú, kristnir menn, hvad mikid oss skírnin gagnar, og þótt Gud rati adra leid inn í þad fyrirheitna landid med þeirra sálir, er hann sjálfur burt kallar, ádur enn þeim þessa medals audid verdur, þá er audvitad

hér-af, hvad mikln svoddan Guds rádstofun orkar til vorrar sáluhjálpar, í fám ordum ad segja: hún er pad fyrsta port til sáluhjálparinnar. Endurlausnarinn kallar sig dyr saudanna, Jóh. 10; hér verdur hann allra fyrst á vegi fyrir öllum þeim, er sídan eiga líffins veg ad gánga inn í Guds dýrdar-ríki, og hún er hin fyrsta trappa til andligs lífs, svo sem hinn líkhamligi gétnadur til þess holdliga. Vér erum í skírninni endurgétnir, því Paulus segir, ad vér svo margir sem skírdir erum, vér höfum í-klædst Christó, Gal. 3; en aptur segir hann, 2 Cor. 5, ad ef nockur er í Christó þá sé hann ný sképna, og fyrir þessa nýu sköpun býr Kristur í vorum hjörtum, Eph. 3. Fyrir hana kollumst vér Guds musteri, 2 Cor. 6; fyrir hana verdum vér innplantadir á hid sanna vín-tréd, Jóh. 15, Jesúm Christum; fyrir hana heitum vér limir Christí líkhama, 1 Cor. 12. Vér höfdum í falli vorra fyrstu foreldra mist hid sanna réttlæti, svo ad vorar bestu athafnir vóru eigi betri í Guds augliti enn nidlags-fat, Esa. 64. Jesús hefir bætt vort rád med sínu réttlæti, en þad kunni ecki þeim til ad reiknast, sem voru Guds óvinir; því hefir hann í skírninni endurfædt oss og gjört oss Guds-born af Djöfulsinsbornum, svo hans eingétins Sonar dýrdarfulla og yfirgnæfanliga réttlæti yrdi tilreiknad hans brædrum, en ecki Andskotans limum. Pad er ecki um skor fram ad Drottinn segir vid Jóhannem: lát þú svo vera, þannin byrjar oss allt réttlæti upp ad fylla. Ad Kristur þyrfti ecki sinna vegna ad skírast, er kunnugra medal vor enn um þurfi ad tala, því hvørnin kunna menn ad skygna glasid, eda sólina bjartari ad gjöra? heldur er Kristur skírdur svo vel sem umskorinn, uppá þad ad hann helgadi sakramentin, og forþénadi oss arftöku Guds-barna fyrir þau sonn. Kristur var ad sonnu alltíd vort réttlæti, þvíGud sendi Soninn í heimin, ad hann vort réttlæti yrdi, 1 Cor. 1; hann er ordinn bölvan fyrir oss, ad vér yrdum Guds réttlæti í honum, Gal. 3; hann er Jehóva vort réttlæti, Jer. 23, og þetta réttlæti hefir vor Herra med sínum allra-helgasta dauda oss útvegad; en hér vantadi þad medal, med hvørju oss skyldi þetta réttlæti tilreiknast, svo þad kynni á oss ad hrína, hvort eg segi skírnina ad vera, og fyrir skírnina endurgétnínguna; því erum vér og í hans dauda skírdir; því trúi eg þess fastar sem St. Páll heldur styrkir mig í þeirri trú, er hann segir, Tít. 3: ad hann hafi oss hólpna gjört fyrir endurgétníngar vatns-láinn og endurnýúngar h. Anda, hvørjum hann hefir nógliga úthelt yfir oss, svo vér réttlættir fyrir hans nád, yrdum erfíngjar eylífs lífs eptir voninni.

Svo er nú vor skírn bygd á Christí allra-helgustu skírn, en af vorri skírn framkémur réttlætíngin fyrir Gudi, sem er fyrirgéfníng syndanna. Pessu sýnist mér ad Fadirinn lýsi, þegar vor Bródir, sem oss er ad öllu líkur, ad syndinni undantekinni, þegar hann sté upp úr ánni Jórdan, segjandi: þessi er minn elskuligur Sonur, í hvørjum mér velþóknast. Til hvors er þinn Sonur í heimin kominn? nádugi Fadir! synduga menn sáluhólpna ad gjöra. 1 Tím. 1; því hefir hann í sinni skírn allt réttlæti uppfylt? til ad kalla synduga og ecki réttláta til ydranar, Matth. 9; því lét hann skírnina vera inngáng síns kénnimannliga embættis? því hann vildi hún yrdi vor inngángur til hins andliga kénnimannskapar; því er herrann af sínum þénara skírdur, skaparinn af sképnunni, Gud af manninum sólin af morgunstjörnunni, hinn heilagi af syndaranum, meistarinn af lærisvein-

inum? svo ad þú fyrir þessa og alla adra hans forþénustu gjördir synduga menn þína þénara, þínar sképnur, þíns Sonar lærisveina, verduga og hæfiliga í hans nafni ad framkvæma á ødrum sínum líkum þetta sitt eyrindi, og ad skíra med vatni eins og Jóhannes, þar Drottinn sjálfur vill med Anda skíra. Þetta hefir hønum þóknast fyrir sjálfan sig ad útrétta, í hvørjum þú hefir alla þína velþóknan. Muntú þá hafa óþocka á þeim, sem hann ecki skammast sín brædur ad kalla fyrir sømu skírn, ef hann hefir í sinni skírn allt réttlæti uppfylt? munt þú þá gánga í dóm vid ránglátan, sem í hans dauda er skírdur? ecki er þad ætlandi til þinna heitu miskunar ydra, sem géfid hefir oss Soninn, þegar vér vorum enn-þá þínir óvinir, Róm. 5, ad þú munir ecki géfa oss alla hluti med hønum, Róm. 8. Þar hann hefir í endurgétníngar-lauginni gjørt oss ad þínum børnum; þar fyrir vegsømum vér þína guddómligu hátign í bljúgustu audmýkt vors hjarta, enn-nú í dag standandi í þínu augliti, med þíns þénara St. Peturs ordum, af hans fyrra Pistils 1 Kap. segjandi: blessadur sé Gud og Fadir Drottins vors Jesú Christí, sem af sinni mikilli miskunsemi hefir endurgétid oss til lifandi vonar, fyrir upprisu Jesú Christí frá daudum, til þeirrar arfleifdar sem ecki kann ad skémmast, ecki saurgast og ecki ad rotna, hvør oss er ætlud á himnum. Hvørnin madur sé eptir holdligu edli, þad sýnir oss St. Páll, á þeim sem ad eingu nýta sína endurfædíngu, og ecki hirda um hana ad endurnýa; um skilnínginn talar hann, ad holdsins vitsmunir séu reidi og fjandskapur í-gégn Gudi, Róm. 8; um viljan, ad holdid girnist í móti andanum, Gal. 5; um girndirnar, ad þær strídi í móti sálunni, 1 Pet. 2. Þótt ad þessi vanheilsa sálarinnar verdi nú aldrei fylliliga læknud, svo leingi vér lifum í þessu holdi, svo sem Paulus þad nógliga vottar, med mikilli harmakløgun yfir sjálfum sér, Róm. 7; þá samt verda vorar sálir í skírninni fyrir verkan h. Anda tilbúnar til ad mótstanda því illa, og vorir limir til réttlætisins íbúdar, eptir þeirri mæling sem ad þetta forgeingiliga kann ad þola, svo ad þegar h. Andi straffar í oss syndina, uppvekur trúna, eflir þolinmædina, styrkir vonina, kveikir elskuna til Guds og náúngans, annadhvørt fyrir ordsins heyrn, í hvørju hann býr, edur og fyrir gudrækiliga þánka, þá gétur sá hønum samsinnt og aukid sína endurnýúng, sem hønum ecki mótstendur, annadhvørt med hirduleysi, þverúd edur sjálfskapadri vantrú, hvør ad sønnu er í voru valdi, svo sem allt hid illa, en ecki trúin, hvør ad er Guds verk, Jóh. 6; og segir vor Endurlausnari oss allra-best greinarmun á millum þessara tvennslags flocka, þeirra sem nockur, og þeirra sem eingin not hafa sinnar endurfædíngar, Jóh. 15: eg em þad sanna víntré, en Fadir minn er víngards-madurinn; sérhvørn þann kvist sem ecki ber ávøxt mun hann burttaka, og hvørn þann sem ávøxt ber mun hann hreinsa, ad hann beri meiri ávøxt. Svo verdum vér nú í skírninni endurnýadir til gódra verka, hvad Paulus vottar, Róm. 6: vér erum jardadir med Christó fyrir skírnina til daudans, ad líka sem Kristur er upprisinn frá daudum fyrir dýrd Fødursins, svo eigum vér ad gánga í endurnýúngu lífdaganna; þannin verdum vér nú í skírninni andliga endurfæddir, réttlættir og endurnýadir; og þótt ad vor gódverk, ef nockur væru; séu ófullkomin, og ecki í sjálfum sér betri enn margra heidíngja, þá samt líka þau Gudi betur, því þau framkoma af þeim sem í skírninni eru Guds børn ordnir, og réttlættir í heil. vatnslaug fyrir þann fullnad, sem Gudi er goldinn í Christí saklausum dauda,

en oss tilreiknadur fyrir endurfædínguna. Eg fæ mér ecki til orda um þá sem þar fyrir utan eru, 1 Cor. 5; Gud veit þad sjálfur, sem manninn skapad hefir, af hvørjum krapti verkast í þeim þær dygdir, sem oss mundi torsókt eptir ad breyta, og hvørt álit þær hafa í Guds dýrdarfulla augliti, er hønum kunnugast sem er Dómari alls holds. Eg þacka alleina hans almáttugri gódgirni, ad hann hefir oss, sem á hans nafn trúum, þenna veg tilbúid, og opinberad til sáluhjálparinnar,og fæ mér ordsøk hér út af ad þenkja, hvad miklu óbæriligra oss muni verda á dómsins degi heldur enn þeim, ef vér afrækjum þessa Guds nád, og gaungum ecki verdugliga þeirri kallan, hvar inni vér erum kalladir. Dragid ydur þar fyrir ecki sjálfir á tálar, br. m., svo sem mundum vér þar fyrir meira frelsi hafa til ad syndga, ad vér erum endurgétnir. Þessi Guds gódgirni á ad krossfesta í oss hinn gamla Adam, en ecki ala hann á eitri syndarinnar; hún er af Gudi skipud til ad temja holdid, en ecki til þess ad rækja þad svo mjøg, ad þad fremji sínar girndir, Róm. 13. Þad er nógu-stór velgjørníngur, sem Gud oss gjørdi í skírninni, ad hann tilbjó svo vorar sálir daudar í syndunum, ad h. Andi kynni í þeim ad lifa, og verka gudrækiligt athæfi, þótt ecki heimtum vér þad af hønum, ad hann láti sér þad allt þóknast sem voru holdi gott þykir; skulum vér þá í syndunum blífa svo ad nádin yfirgnæfi? segir Páll, Róm. 6. Fjærri sé því, segir hann, vér sem daudir erum syndinni, hvørnin skyldum vér framvegis í henni lifa? ef vér erum innplantadir líkíng hans dauda, þá munum vér og verda líkíng hans upprisu, segir hann; hvør St. Páls ord eg svo skil, ad fyrst Gud hefir deydt afl syndarinnar í oss med síns Sonar dauda í skírninni, þá hafi hann géfid oss svo mikinn andakrapt, ad vér gétum upprisid af dauda syndanna,svo þær ecki drottni framar í vorum daudligum líkhama; og væri ecki svo, ad nockud af þessu stædi í voru valdi, sem endurfæddir erum, mundi ritníngin ecki svo tídt skipa oss ad deyda hinn gamla manninn,er sig fordjarfar í girndum villudómsins; edur hvad er þad Páll segir? Róm. 12: samlagid ydur ecki heimi þessum, heldur ummyndid ydur med endurnýúng ydvars hjarta. Í øllum þvílíkum greinum ritníngarinnar sé eg ecki annad, enn ad Guds Andi vorkénni ecki endurfæddum manni ad þóknast hønum. Sú er þá meiníngin, jafnvel þótt ad vér í eingan máta algjørdir séum, edur kunnum Guds løgmál upp ad fylla, samt hefir Gud géfid oss í skírninni svo mikla krapta, ad vér gétum viljad hid góda, jafnvel þótt hid vonda lodi vid oss, Róm. 7, og þurfum ecki ad mótstanda h. Anda, en adhyllast holdsins verk. Svo látid ydur nú sagt vera, br. m. ad þér þessum gudrækiligum áminníngum hlýdugir séud, og yfirvegid Guds óútsegjanliga gjæsku, sem ydur í h. vatnslaug hefir andliga endurgétid, ecki til þess ad þér ljáid limu ydar ránglætinu til íbúdar, heldur ad þér helgid Gud í þeim, svo sem nýar sképnur. Álítid þann sóma sem Guds fødurlig gjæska hefir ydur í skírninni veittan, þar ydur er makt géfin Guds børnum ad vera, Jóh. 1, hjá hvørri sæmd ad allrar veraldarinnar tign og herradæmi er endemi ad reikna, Gal. 3. Þér erud í skírninni Christó íklæddir; hvørsu megid þér þann fagra skrúda nída og ata med saurugum holdsins verkum; vitid ad Christur og Belíal eiga eckert hlutskipti saman, 2 Cor. 6; hvørsu megid þér þá tveimur svo ólíkum herrum þjóna? þér erud í skírninni Christi limir vordnir; varid ydur þad þér gjørid ecki Christi

limi ad Satans limum, 1 Cor. 6; þér erud í skírninni vígdir og helgadir til ad vera Guds musteri, en þann sem þad saurgar vill hann straffa, segir Páluś; þér erud innplantadir á hid sanna víntré, Christum, Jóh. 15; sjáid til ad þér ecki verdid afhøggnir og í eld kastadir. Allt hvad Gud hefir ydur gott gjørt í andligum efnum, ad hann hefir géfid ydur sinn eingétinn Son; ad hann hefir ydur fyrir hann opinberad sinn vilja; ad hann lét hann húngra og þyrsta; ad hann lét hann afklædast, húdstrýkjast, hrákum og sløgum ógudligra manna undirgéfinn, og med þyrnum kórónadan verda, og um sídir þola hinn smánarliga krossins dauda; ad hann hefir tilreiknad ydur ránglátum hans blessada réttlæti, sem alleina fyrir honum gildir, og útsendt sinn Anda í ydar hjørtu til eins pants og innsiglis þar uppá: þad alltsaman, svo mikid sem þad er, sem er þó svo mikid, ad himin og jord eru ecki heystrás-virdi þar hjá ad reikna, þad alltsaman, segi eg, er oss í skírninni gefid; því er þad skomm vor, ad afrækja þessa stóru Guds nád og gánga í lid med Fjandanum og hans árum, sem eingu launa þá þjónustu er menn veita þeim, nema eylífri kvøl og píslum, í því dýki sem vellur af eldi og brennusteini, Apóc. 19; hvar frá oss og øll sín børn vardveiti gódur Gud, í nafni Jesú Christí, amen!

Fyrsta Sunnudag í Føstu.

Gudspjallid, Matth. 4. Kap.

Í þann tíma; þá var Jesús leiddur af anda á eydimørk, uppá þad ad hann yrdi freistadur af Djøflinum. Og þá hann hafdi fastad fjørutygir daga, og fjørutygi nátta, húngradi hann sídan; og freistarinn géck til hans, og sagdi: ef ad þú ert Guds Sonur, þá seig þú ad steinar þessir verdi ad braudum. En hann svaradi og sagdi: skrifad er, madurinn lifir ecki af einusaman braudi, heldur af sérhvørju ordi, því sem framgeingur af Guds munni; þá tók Djøfullinn hann med sér í borgina helgu, og setti hann uppá musteris-bustina, og sagdi til hans: ef ad þú ert Guds Sonur, fleig þér hér ofan af, þvíad skrifad er: ad hann muni bjóda einglum sínum um þig, ad á høndum beri þeir þig, svo ad þú steytir ecki fót þinn vid steini. Jesús sagdi til hans: en aptur er skrifad: eigi skaltu freista Drottins Guds þíns. Og en aptur flutti Djøfullinn hann med sér uppá eitt mjøg ofurhátt fjall, og sýndi honum øll ríki veraldarinnar, og þeirra dýrd, og sagdi til hans: allt þetta mun eg géfa þér, ef ad þú framfellur og tilbidur mig; þá sagdi Jesús til hans: far í burt frá mér Andskoti! þvíad skrifad er: Drottinn Gud þinn skaltu tilbidja, og honum einum þjóna; þá forlét Djøfullinn hann; og sjá þú, ad einglar komu til hans, og þjónudu honum.

Exordium.

I 1 Sam. 17; verdur oss ként um Davíd, er sídan vard konúngur í Israel, og risann Golíath, hvørsu þessi var af hinum ad velli lagdur med einum slaungu-steini. Þessi frækleikur Davíds var svo mjøg ágjætur, ad kvinnurnar geingu út af Israels borgum, og súngu: Saul vann sigur á þúsund, en David á tíu þúsund, 1 Sam. 18. Nú þótt ad þetta afreks verk Davíds sé merkiligrar hrósunar verdugt, þá hefir þó Sonur Davids, Matth. 1, Herrann Jesús Christus, eitt annad miklu meira unnid á hinum helvítska Golíath, Andskotanum, sá ed brixladi fylkingum Guds lifanda, æ sídan hann sveik vora fyrstu foreldra í Paradís, þár hann hefir høggormsins høfud í sundurbrotid, Gén. 3, med þeim steini, sem uppbyggéndur hafa forsmád, þad er med sjálfum sér; því sjáid, hér er meiri en Golíath, hann var einn madur, Satan er einn Djøfull; þótt Golíath væri ógurligur, þá var hann allur þar sem hann var sédur; Satan er ein hamhleipa, svo hann bregdur sér jafnvel í ljóssins eingils líki, 2 Cor. 12; Golíath fylgdu ad sønnu mørg þúsund Philistéanna, en Andskotanum fylgir óflýandi her; þridjúng stjarnanna dregur hinn fárligi dreki í sínum hala, Apóc. 12, og mikla sveit ógudligra manna, sem hans merki fylgja. Þennan sterka hervíking, hefir Jesús sonur Davíds sigrad, og afklædt hann sinni hardneskju og sínum vopnum, á hvør hann treysti, Lúc. 11. Hafi nú kvinnurnar í Israel prísad Davíd med þessum dýrdar dikt, fyrir þann sigur, er hann vann á risanum, því skyldu þá ecki Zions dætur, sem eru Guds andligar meyar, síngja og spila í sínum hjørtum fyrir þeirra Konúngi, segjandi: Davíd vann sigur á tíu þúsundum, en Jesús sonur Davíds á óteljandi þúsundum þúsunda, á margra þúsunda høfdíngja, á þúsund véla meistara, og hefir sínar h. þúsundir af hans valdi hertekid. Medal annara Drottins vors frægdar-verka, heyrum vér í þessa dags Evangelió eitt einvígi, millum þess allra besta og hins allra versta, millum þess stóra Michaels, og hins gamla dreka sem kallast Djøfull og Andskoti; ecki á himninum, svo sem Apóc. 12, verdur umgétid, sem er Guds hásæti, heldur á jørdunni, hvørja Satan kallar sitt ríki. Og søkum þess, ad þetta huggunarríka efni verdur á þessum h. degi prédikad í kristnum søfnudum medal vor, þá viljum vér þad nockud framar yfirvega, og af vorum Hertoga læra: hvørnin vér eigum holdsins, heimsins og Andskotans freistíngum í móti ad standa; en styrk oss hér til Drottinn, med nád þinni, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggingin.

Vágt er øll véla-brøgd Satans upp ad telja; en Gud nádi oss, fleiri mættum vér þeckja, heldur enn ad vér hyrdum um ad varast. I þessu h. Evangelió heyrum vér, ad hann med þrefoldu athlaupi, rædur á Lausnarann; í fyrstu segir hann: ef þú ert Guds Sonur, þá seig þú ad steinar þessir verdi ad braudum; med hvørju ad líkligt er, ad hann hafi viljad reyna, hvørt hann væri hinn fyrirheitni Messías edur ei, því hann vissi ad Messíæ voru allir hlutir undir fætur lagdir, Ps. 8; og hann var herra og erfíngi allra hluta. Ef þú ert Guds Sonur, segir hinn vondi; þad má ecki satt vera sem þú heyrdir vid Jórdan, ad þú Guds Sonur værir, þar hann lætur þig húngra; hvørsu ágjætliga hefir Gud sína velþócknan á þér ad hann hefir þig yfirgéfid hér í eydimørku á-medal villu-dýra? Marc. 1, og ef svo vera kann, ad hann reyni þig med svoddan móti, þá bind enda hér-á, og reyn aptur hvørsu sannsøgull og haldinordur hann er, og seig ad steinar þessir verdi ad braudum, svo þú neyta meigir. Eg efast ecki um, ad hold og blód muni og þvílíkar fortølur hafa fyrir þeim, er mótdrægt eiga í heiminum. Gud hefir lofad þad hann vilji minn fadir vera; hvørnin er eg þá vordinn ad hjá-barni? hann segir ad lífid sé meira enn fædslan, og líkhaminn meir enn klædnadurinn, Matth. 6; nú hefir hann mér hvørtveggja í fyrstu

géfid, því fæ eg þá ecki eitthvad þessu til vidurhalds? betra væri mér þad eg hefdi hvörngs hluttakandi vordid, heldur enn eg á hvörutveggja naud lídi; ef eg er hans sonur, því géfur hann mér þá stein fyrir braud, edur höggorm fyrir fisk? Lúc. 11, þar hann hefir þó sagt sig ad vera Fødur miskunsemdanna, 2 Cor. 1, en eg sem vondur er, og mörgum syndum hladinn, vildi þad ecki gjøra vid mitt barn. Þetta prédikar hold og blód, þegar þad er ecki fyrir augnunum sem eta skal. Hvad skal hér til segja kristinn madur? þad sem Jesús Andskotanum svaradi: madurinn lifir ecki af einusaman braudi, heldur af sérhvörju því ordi, sem framgeingur af Guds munni. Med þessum ordum hefir ecki Christur sagt þér, ad þú skulir burtkasta allri áhyggju fyrir líkamligri næríngu, ecki lofad ad géfa þér þitt braud, nema í sveita þíns andlitis, Gén. 3; ecki heitid ad hrafnarnir skuli færa þér fædslu, 1 Reg. 17, þegar þú sefur med hinum lata; heldur svaradi Frelsarinn Andskotanum út-af med þessu móti, og kéndi þér undir eins, ad jafnvel þó hann léti þig lída brest á líkamligri farsæld, skyldir þú ecki ætla ad hann muni eigi kannast vid þitt faderni, svo leingi sem þú hann óttast, og rænir hann ecki sínum heidri; því hvörn þann son sem fadirinn elskar, þann agar hann, Hebr. 12. Ef Gud vill ad eg lifi, þá gefur hann mér braud til ad lifa af; lætur hann mig lída skort á braudi, þá vill hann samt ad eg lifi í trúnni og voninni. Eg vil bera mig eptir minni atvinnu med øllum þeim hætti sem Gud hefir lofad, og eptir því ordi sem framgeingid er af hans munni; þóknist honum ad mitt erfidi skuli ecki blessast eptir minni tilætlan, þá veit eg samt ad hann hefir ecki burtkastad mér strax í daudans hendur; géfi Gud mér ecki braud svo eg fái lifad, þá lætur hann mig deya, svo eg eylífliga lifi. Er mér vandara um enn hans eingétnum Syni, hvörn hann lét húngra, svo hann freistadur yrdi? á eg ad láta mig þad undra, þó hann freisti mín um stundar-sakir, sem ecki er nema ættleidíngur? Þad sem hinir Egyptsku søgdu vid Jóseph, Gén. 47, þad sama vil eg vid minn Gud segja, þegar húngurs naudin tók til ad kvelja þá allt til dauda, þá søgdu þeir: lát oss med voru lífi og eignum vera Pharaónis þræla, þad vér lifa meigum og ecki deya. Taki Gud þad hans er, ef honum svo þóknast, og jafnvel sjálft lífid, hvört hann sjálfur gaf; eg vil bædi med því og øllu sem mér tilheyrir, vera hans þræll, svo eg æfinliga med honum ríki; þad vardar mig ad litlu, þótt hann láti mig ecki lifa af braudi, þegar eg lifi af þeim ordum, sem framgengin eru af hans munni, ad hann vilji ecki freista mín yfir megn fram, heldur géfa freistíngunni þann enda, ad eg stadist fái, 1 Cor. 10. Madurinn lifir ecki af einusaman braudi, segir Lausnarinn; ordin eru tekin af Deut. bókar 8 kap., þar Móses sagdi vid Israels sonu: þar-fyrir hefir Gud þvíngad þig og látid þig húngur lída, ad hann gjæfi þér man, hvört þú þecktir ecki og ecki fedur þínir, svo ad þeir kéndu þér þad, ad madurinn lifir ecki af einusaman braudi, heldur sérhvörju því ordi, sem framgeingur af Guds munni. Eg er hræddur um, ad þetta mál kunni hjá sumum af oss heima ad eiga; hvad munu þeir ed nú allvída í heiminum uppvaxa heyra af fedrunum, svo þeir kénni þeim þad? færid híngad, berid híngad, svo ad vorar hyrdslur fullar verdi, og þar sé einginn skortur í húsum vorum, en ecki ad leita næríngar sinnar eptir því ordi, sem framgeingid er af Guds munni, ecki ad læra nockud þad sómi er í, med

hvorju þeir kunni sjálfir sína næríngu ad útvega, svo þeir viti og megi med gódri samvitsku segja þad þeir eti sitt eigid braud, 2 Tess. 3.; svo ad þegar skorturinn uppá-fellur, þá fara menn ad hnoda braud af steinum, þad er af þeim hlutum sem Gud hefir ecki þar til skickad, og aldrei þar til ætlad; því eru svo margir þeir ed med óleyfiligu og ó-ærligu móti leita sinnar næríngar, og bída ecki eptir því ad Gud hjálpi, bædi þess vegna, ad þeir lærdu aldrei nema ódygdir af fedrum sínum til ad leita brauds med, heyrdu og um fátt annad talad, hins og annars, ad þeir hafa á Gudi eckert traust, þar þeir vita, ad hann ecki brúkar slíka atferd til ad fæda sína. Þegar Jesúm húngradi talar Satan um braud, því hann vissi þad var þad helsta sem hann mætti gángast fyrir; þessa slægsmuni hefir hold og blód af sínum meistara lært; þad sem hvor er gefinn fyrir, þar-um þeinkir hann optast, þad sem einhvor vid-þarf, þad brúkar Satan til ad locka manninn til vondra verka; og svo sem einn klókur veidi-madur, hann leggur þad agn fyrir dýrid, sem hann veit því lost-ugast þykir, og þá, þegar hann hyggur þad hafa mesta eptirlaungun, svo fiskar og Satan med þorfinni, og kryddar agnid med vellystíngunni. Seig þú ad steinar þessir verdi ad braud-um; þetta sagdi hann vid Guds Son, og hann lætur ecki af ad prédika hid sama, fyrir ødrum sem eiga Guds børn ad heita, jafnvel þótt þá dragi eingin naudur til, og er því æ verr og midur, ad honum tekst meir enn skyldi í slíku, hjá allra handa fólki. Eg spyr? hann er uppskér, hvar hann ecki sádi, gjorir hann ecki steina ad braudum? hann sem út-sígur hús eckna og fodurlausra, Matth. 23, undir hylmíngu laga og réttinda; hann sem svík-ur sinn náúnga í kaupum og sølum; hann sem leggur agn ónaudsynligra og skadsamligra hluta fyrir hans óframsýni og fáfrædi, til ad láta hann húngra á hinni vondu tíd, en feitir sjálfan sig þar med; sá ed inniheldur sveita þess er erfidar; sá ed svíkur þann í sínu erfidi sem hann elur, klædir og launar honum: munu ecki allir þessir og þeir ed þeim líkir eru, munu þeir ecki, segi eg, gjøra steina ad braudum? þetta eru kraptaverk Andskotans, er hann verkar í børnum vantrúarinnar, med hvørjum hann stjórnar sínu ríki, og leidir margan einfaldan til sinnar þjónustu. Satan apar eptir Gudi, hvør ed alla hluti gjordi af eingu, og Satans vildarmenn eptir Christó hans Smurda, hvor ed stadfesti sitt ríki med furdu-verkum. Þegar Fjandinn hefir kent einum ad feita sig af eingu, nema annara blódi, hvort ad þeim óvørum er flotid burt úr ædunum, þá þenur hann sig út sem annar ístru-magi, Ps. 73, svo ad fáfródir menn glápa á hann svo sem annad furdu-verk, og meina þad sé af himnum komid, sem hann talar og býdur, jafnvel þótt eingin sé hégómi slíkur í Guds dýrdarfulla augliti. Ad eg nú ecki tali um þá sem þiggja Guds ølmusu, hvørja hann skipar í sínu nafni ad géfa þeim, er hann virdist ad kalla sína limu, en undir skini þeirrar fogru nafnbótar, stela þeir, ljúga og ræna, eru bakmálugir, óþacklátir, illyrdtir, hádgjarnir, formæla þeim er brjóta þeim sitt braud, og í stadin þess ad sannir Guds limir leita sér ølmusu í hans ótta, hjá þeim sem hann hefir skipad ad medtaka þá, svo sem sjálfan sig, þá fremja þessir allra handa skammir og lesti í hans nafni, ljúga vid þad og svíkja, sverja og formæla, uppá þad þeir fái sínum ódádum skýlt fyrir mønnum; þessir hygg eg framar øllum ødrum gjori steina ad braudum, verda þó af oss á-stundum jafnframt ødrum, sem rétta tiltølu eiga, bordsettir í því almenniliga hospítali, sem Gud, allsherjar-konúngur, hefir

stiptad í sinni kristiligri kyrkju. Munum vér þessa mikil not hafa, br. m. í upprisu réttlátra, ef vér gjørum þad vísvitandi? eda þykjumst vér trúir rádsmenn vera yfir Guds gótsi, sem hann hefir oss til umráda og ecki æfinligrar eignar feingid, þar vér gjørum eingan greinarmun á þessum, og køstum forsorgun Guds fátækra lima fyrir Andskotans limu, gjørandi þannin ecki steina ad braudum, heldur braud ad steinum í þeirra grádugum munni, hvørjum leindar-braud smackast lystiliga, en sídan uppfyllist munnurinn med smá-steina, svo sem Salómon ad ordi kémst í hans ordskvidum, 20 kap. og sjálfa oss ad þeirra hluttokurum í syndinni, undir skini miskunseminnar og gódrar meiníngar, en allra helst mannords vegna, hvørt oss mun þó ecki fylgja eptir daudan, allra sízt inn í eylíft líf, því þar hafa ecki fyrirheit nema þær ølmusur, sem géfnar eru í lærisveins nafni, Matth. 10. Þad má vel skiljast um þá sem eru sannir Christi lærisveinar, takandi sinn kross uppá sig, og fylgja honum svo eptir. Þetta gjørum vér, brædur, og þykjumst vel gjøra, jafnvel þótt oss megi alkunnugt bodord St. Páls, 2 Tess. 3, er hann segir: þegar vér vorum hjá ydur, budum vér ydur þad, ad ef nockur vill ecki erfida, þá skal hann ecki eta; því vér heyrum ad nockrir gánga á-medal ydar óskickanliga, gjørandi eckert, heldur huísa sáfeingiliga (hvørt mark vér meigum þeckja á nockrum vorum ølmusu-mønnum) þessum bjódum vér, segir Pálus, fyrir Drottinn vorn Jesúm Christum, ad þeir erfidi med spekt, og eti sitt eigid braud; en ef nockur hlýdir ecki þessu voru bodi, þá teiknid mér þad til, og hafid ecki umgeingni med hønum, svo hann skammist sín. Um hina fyrstu freistínguna høfum vér nú heyrt þannin talad; en þegar Satan merkir, ad hønum tekst ecki ad locka Jesúm med efaseminni, reynir hann til á hinn veginn, og vill freista hans med oftrausti. Nógu-vel taladi Satan um sjálfan sig, Job. 1, ad hann sagdist hafa geingid um-kríng; því fyrir utan þad hann gengur um-kríng sem greniandi león, leitandi ad þeim sem hann kunni upp ad svelgja, þá er hønum þessi atferd næsta tøm, er hann brúkar hér vid Christum, ad fara um-kríng og leitast vid á allar sídur, eins og einn slægvitur hertogi, þá hann umsitur eina borg, en bæarmenn hafa med øllum lids-afla fyrirbúist í þeim stad, sem þeir ætludu fér mestrar hættu von, þá fer hann ad þeim óvorum í-kríng, og rædst þar til sem eingin er vorn fyrir; svo gjørir Djøfullinn; géti hann ecki flækt manninn í hyrduleysi, leitar hann til med ofmiklum áhuga, ef ecki í mistrausti, þá med oftrausti, ef ecki med hofmód, þá med hugleisi, ef ecki í heimsku, þá med sérvitsku og svo framveigis. Ef þú ert Guds Sonur, þá fleig þér hér ofan af; alkunnugt er oss, br. m. hvad margur er á-medal vor, sem óvarliga fer med sitt líf, svo sem væri þad einn hlutur, er hann kynni strax aptur ad kaupa, eins og adra voru; svoddan apaskap, kalla menn hugprýdi, og hvør dárinn metst vid annann, svo sem væri þad gódur hlutur. Ad spara ecki líf sitt fyrir Guds sakir, þegar hann vill þad svo hafa, og menn hafa Guds ord fyrir sér, ad þad sé hans vilji, þad er hinn ágjætasti hlutur og elskumerki til Guds, því eingin elskar einn meir, enn hann géfi sitt líf út fyrir hann, Jóh. 15; svo er þad og kostuligt, ef nockur vogar lífi sínu landi og lídum til varnar, því þad er kjærleikans verk; Gud hefir þad og samþyckt, og bodid allvída hjá sínu fólki Israel; og eg sé, ad Lausnarinn ecki óvirdti hundrads-høfdingjan, þótt hann strídsmadur væri, Matth. 8; eigi heldur vísadi Jóhannes strídsmønnunum frá sinni skírn, heldur gaf þeim bodord, hvørnin þeir

lifa skyldu í sínu standi, Lúc. 3. En þad skédur tídast, br. m. ad þeir sem eru djarfastir í heimskunni, þeir eru ragastir í þessum hlutum, og kémur þad ecki til af hugprýdi, heldur af óviturleik og einrædi, af því Gud hefir vardveitt þá svo tídt í háskanum, þá meina þeir ad þad skuli alltíd eins gánga; enn hvor vill skylda hinn Almáttuga til þess? hann vill ecki láta trúa sér til þeirra hluta, sem hann ecki lofad hefir. Gud hefir lofad ad hans Einglar bæri oss á höndum sér, Ps. 91; en ecki nema á vegum vorum. Því ordi stal Djöfullinn undan, þá hann taladi vid Christ, og máské hann steli því og úr þínu hjarta, þá hann gyllir fyrir þér háskan, og þú meinar þad sé allt þinn vegur sem þér hefir einusinni fleist yfir; slíkt er ad freista Drottins, hvor synd ad hefir hinn vesta vitnisburd í Ritníngunni; en ef þú í burtu deyr, midt í þessari hrædiligu synd, hvad mun þá af sálunni verda? lát því ecki locka þig af fiflsligri ákésd, edur fánýtu hrósi, (sem þó er ecki nema í heimskra munni) til ad lída skipbrot á sálu þinni, fyrir hvorja GudsSonur er dáinn, Róm. 14. Nú þótt dáraskapurinn sé stór hjá mörgum í þessu, þá er hann þó ecki minni í ödrum efnum. Satan vissi, ad skrifad var um Messíam: snart mun sá Drottnarinn koma til síns musteris, Mal. 3; hefir honum mátt því líkligt þykja, ad ef hann þæktist Messías vera, þá mundi honum hér flest=allt leyfast. Þegar Gud hefir nockrum stórt umdæmi í hendur fengid, og sett hann uppá þad háa í sinn stad, þá er hætt vid, ad hold og blód megi ad honum hvísla: hér kann mér einginn ad grauda, og hvad eg adhefst, þad má gott þykja. Fyrir þessar Satans umtölur hefir margur hálsinn brotid; og af því hann mundi ecki til þess stadar, er hann var tekinn frá, sem er leir jardarinnar, þegar honum var lypt upp í hædina, þá vard fallid hærra enn hann vardi, svo ad þad leirkérid, sem óvarliga var med=farid, datt í smámola. Þegar menn eru í Guds stad settir, þá þeinkja þeir lítt þar til, ad þeir eru af sama efni gjördir og adrir menn; þetta hefir mörgum komid til ad ætla, ad hann væri Guds ígyldi, þegar hann réd fyrir ödrum, svo ad nockrir hafa lidid þad hræsninni, ad setja þad háleita nafn uppá eina vatusbólu, hvar um Caligula, Neró, Domitianus og adrir, bera ljósast vitni. Þar verdur ecki á=móti mælt, ad madurinn er eitt drambsamt dýr, Jer. 17; strax sem luckunnar svipvindi hefir brugdid vorri mold og ösku í loptid upp um stundar=sakir, þá vilja sumir menn vera eins og ryk í allra manna augum, gjætandi ecki þar ad, ad þegar vedrinn slotar, þá fellur duptid á jördina, hvadan þad kom, svo þeir sem blindir urdu í þessum þyt, verda heilskygnir aptur, og troda þad undir fótunum, fyrir hvorju þeir hræddust litlu ádur. Hér vid kannast Davíd konúngur, sem bædi á sér og sínum reynt hafdi, luckunnar mislyndi, er hann segir, Ps. 1, ad þeir ógudligu séu eins og ryk þad, hvorju vindurinn feykir, þar fyrir kunni þeir ecki ad standast í dóminum; fyrir því, hafi Gud nockurn hátt settan, og gjört hann ædri ödrum mönnum, er þad í vísdómi eda í yfirvaldi, er þad í aud og ríkidæmi, er þad í líkhamans styrkleika, edur ödru atgjörfi, þá þeinki hann med sér, ad hann á ecki þar med ad höndla, svo sem honum sjálfum líkar, heldur svo sem Gud hefir bodid, og hafi fyrir augum sér þad Páll segir; hvad er þad madur! ad þú hafir þad ecki þegid? 1 Cor. 4. Þér erud gudir segir Davíd, Ps. 82, en þó skulud þér eins og menn deya. Tökum oss ordsök þar af ad þeinkja, ad þótt Gud hafi sett uppá

oss nockra líkíng sjálfs síns, edur skugga sinnar tignar í því ad ráda fyrir ødrum, þá kémur þó sá dagur um sídir, ad menn skulu standa reikníngskap af þeirra rádsmennsku, Lúc. 16. Pad var vel tilfundid sem tals-madur þeirra í Scytía, sagdi vid hinn stóra Alexandrum: ef þú ert gud, þá átt þú ad medbíta mønnunum þín gædi, en ecki ad taka þeirra frá þeim. Ecki var Guds eingétnum Syni ómáttugt ad stíga ofan af musteris-bustinni, en hann vildi ecki gjøra kraptaverk, Andskotanum til eptirlætis, eigi heldur til skémtunar Heródi edur hans vildarmønnum, Lúc. 23. Hann gjørdi sín dásemdarverk aldrei forgéfins, heldur mønnunum til góda; hann læknadi sjúka, Act. 10; mettadi húngrada, Jóh. 6; uppvakti dauda, Jóh. 11; snéri vatni í vín, þegar medþurfti, Jóh. 2. Pú sem af Gudi hefir, framm yfir adra mikid þegid, gack í hans blessud fótspor, og ef þú vilt sýna þína yfirburdi í nockru, þá gjør þad til gagns og nota þínum brædrum í heiminum, og lát eingum illa lída af Guds gáfum fyrir þína vanbrúkun; en sýn ecki fordild þína þar med, Andskotanum og vondri verøldu til athlátuns og augna-gamans. Nú høfum vér þannin heyrt þessar tvær freistíngar; en þegar Satan finnur ad hann ecki neitt orkar, med efaseminni edur oftraustinu, med hvørjum hann plagar almenniliga ad pretta manninn í heiminum, og eru hans dagligar veidibrellur, þá tekur hann til þess, sem hann vissi ad sterkast var, sem er óleyfilig girnd til audæfa og metorda. Textinn segir, ad hann hafi fært Herrann uppá eitt ofur-hátt fjall, og sýnt hønum þadan øll ríki veraldarinnar og þeirra dýrd, sagt sídan: allt þetta vil eg géfa þér, ef þú fellur fram og tilbidur mig. Hér var ærid mikid í bodi, e. G. b.! og er þad mála sannast, ad margur hefir lotid Andskotanum fyrir minna; minna var þad sem Balam vann til þess, ad hann vildi formæla Israel, Núm. 22; minni var gulltúngan og kápan og þeir 200 siklar silfurs, sem Achan misti lífid fyrir, Jós. 7; eigi var Naboths víngardur svo mikils virdi, sem Achab tapadi fyrir lífinu, ríkinu og allri sinni velferd, 1 Reg. 21; eigi var hátída-klædnadurinn og þau tvø centener silfurs, sem Gezi laug út af Naman hinum sýrlendska, 2 Reg. 5, mikid ad reikna hjá þessu, og hvad vóru þeir 30 silfur-peníngar sem Júdas keypti, Matth.27, fyrir Skapara himins og jardar? Hvørsu næm ad sé þessi Andskotans snara til ad veida syndugar sálir, þar eru ótal dæmi uppá. En gjæt ad þeim ordum, kristinn madur, sem þinn Endurlausnari segir: hvad gagnar þad manninum, þó hann eignist alla verøldu, en lídi tøpun á sálu sinni, Matth. 16. Eg medkénni ad góts og peníngar eru stór Guds gáfa, þegar þau eru af Guds hendi medtekin, en ecki hripsud af munni síns náúnga, hins fátæka, eckjunnar og hins fødurlausa; en eigi eru þau þess verd, ad falla á kné fyrir Andskotanum, til þess ad eignast þad sem ecki er nema til þýngsla, og til ad þrælka fyrir þeim ómaga, sem ecki hefir vit á hvad vid hann er gjørt; til ad þjóna einum nídingi, sem aldrei saddi sinn þénara, hvad þeir þó allir gjøra, sem annadhvørt afla fjárins med ránginduni, edur festa sitt hjarta þar-vid. Hin grimmu villidýrin á mørkinni hafa sinn vissan skamt, og þau taka ecki brádina nema húngrud; en grædgi hins fégjarna tekur aldrei enda; hann etur altíd, og er þó altíd soltinn; hann óttast ecki Gud, og eigi skammast hann sín fyrir mønnunum; hann þyrmir ecki fødur né módur; hann undirþryckir eckjuna og rænir hinn fødurlausa, hvørju eckert er herfiligra meistara-sticki Andskotans, enn ad horfa uppá einn Guds

vesæling, sem naudstaddur er, og slíta þann bita brauds frá hans húngrudum munni, sem hin milda Drottins hönd hefir honum rétt til ad sedja hann á. Pad er satt, sem Páll segir, ad fégirndin sé rót alls hins illa, 1 Tím. 6. Vilji menn uppræta illgresid af akrinum, þá skulu menn rótina einnvegin burttaka; eg efast og ecki um, ad sá sem ágirndinni hefir útskúfad úr sínu hjarta, hann hefir og girdt fyrir marga lesti; því hvad er þad illt, sem ecki fylgir einum fé-púka? meinsæri, manndráp, lýgi, svik, fals, agg, þræta og annad, sem hér út af fædist; svo ad einn af þeim Spøku fordum, er hann var adspurdur, hvort ad væri hid versta dýr á jørdunni? þá svaradi hann: ad þad væri león og birnir á fjøllunum, en ágjarnir menn í bygdinni. Eg veit ecki líkari skurd-god enn Mammon og Móloch, svívirdíng Ammons barna, 1 Reg. 11, hvør ed sitt nafn hefir af ríki; þessum afgud offrudu heidnir menn, og á-stundum Gydíngar børn sín, og létu þau gánga í gégnum eldin hønum til þjónustu, 2 Reg. 21; hvørjum ecki ólíkir eru þeir, sem kveikja í hjørtum barna sinna strax á únga aldri óleyfiliga elsku til auds og fjárafla, og kénna þeim ad þéna Mammóna fyrr enn Gudi, og ad hafa sitt yndi og eptirlæti í óþørfum maurum, lángt framar enn í gódum sidum og dygdum, þar til ad líf og sál standa í bjørtu báli. Og þótt nú ad metorda-girndin haldist af flestum ad vera nær manndygdunum, þá eru þó bádar skadligar, og haldast gjarnan í hendur, þó svo, ad þar sem metorda-girndin er ein-saman, þá er hún þess stærri ef ágirndin henni ecki fylgir; því ágirndin er þúng og dregur þann til jardarinnar, sem vill keppast uppá þad háfa; en í því eru þær svo líkar, sem ein systir kann nockurn-tíma ad vera annari, ad þær gjøra bádar lækningunna ad skjædari sjúkdómi og sadnínguna ad sulti; því eins og hinn ágjarni vill þess meir, sem hann meir hefir, og vantar altíd einnin þad, sem hann hefir; svo er og hinn metorda-gjarni aldrei ánægdur med þad stand, sem hann er í, heldur keppist altíd upp eptir. Pad er og fullkomliga satt, ad metorda-girndin hefir ecki færrum steypt enn fésínknin; fyrir hana er øll ólucka innkomin í heiminn; þegar Djøfullinn vildi heldur stjórna enn hlýda, þá hrapadi hann mørgum til óluckn. Eg þykist vita ad, Eva hafi ecki gengist svo fyrir eplinu, heldur muni þad hafa gengid henni í augu, ad hún ætti Gudi lík ad verda, Gén. 3. Hvad miklu illu hefir nú metorda-girndin af stad komid sídan í heiminum? hún sló Maríam Arónis systur med líkþrá, Núm. 12; hún lauk jørdunni upp undir Córe, Dathan og Abíram, Núm. 16; hún heingdi Absalon upp í eikina, 2 Sam. 15 og 18; hún blandadi øsku Zambrí saman vid konúngsins hús-øsku, 1 Reg. 16; og er þad nú lítils-verdt og næsta makligt, þó hún slái sinn eiginn mann um háls, en þad er miklu hryggiligra og aumkunarverdara, þegar heilum løndum og ríkjum illa lídur fyrir eins hroka, og þad kostar margra manna góts og velferd, þegar tveir stórir þrátta. Gud gjæsi menn vildu þó gjæta þar ad, ad sú æra sem menn hafa af metordunum, er eingauvegin verd þess erfidis, sem þar er uppá kostad. Annadhvort komast menn þar til med réttu edur raungu; ef med réttu, þá skulu menn leingi þrælka, ádur enn menn koma til nockurs, og fyrir mikid erfidi komast menn til annars stærra, því þá menn eru þar komnir, taka menn vald yfir ødrum, en missa valdid yfir sjálfum sér; því ein kostgæfin yfirvalds-persóna er ecki sjálfrád, heldur allra þeirra þénari

sem hann er yfirbodinn, og má tídt vaka þegar hinir sofa. En hafi hann gengid hinn ránga veg med Satans listum, þá heitir tignar=sætid stóll hádúngarinnar, og er svívirdíng bædi fyrir Gudi og mønnum, svo sem Prédikarinn segir, Kapít. 7, ad sá sem rángliga tekur sér valdid til, muni hatadur verda; því hygg eg þad rétt væri sem Jóas, Israels konúngur, sagdi vid Amazíam Júda konúng: þú hefir slegid Edom, þar fyrir er þitt hjarta upphafid; haf þú þína vegsemd og sit í þínu húsi; hvar fyrir skyldir þú skipta þér af illu, svo þú fallir og Júda med þér, 2 Kron. 25. Svo er nú ágirnd og ofmetnadur næsta skadligir lestir. Þar fyrir, vilji Satan freista þín þar med, kristinn madur, þá slá hann med Guds ordi, svo sem Jesús gjørdi: vík frá mér Satan, þvíad skrifad er: Drottinn Gud þinn skalt þú tilbidja, og hønum einum þjóna. Nú er þad øldúngis ómøguligt undir eins Gudi ad þjóna og Mammóna, Matth. 6; viljir þú þar fyrir ad þitt hjarta sé Guds musteri, þá rek Satan út þadan med hans bølvadri aura=elsku. Satan á ecki þad hann gefur, heldur er þad allt þjófstolid, sem af hans hendi er þegid. Vei þér Satan! hvor hefir gefid þér øll ríki veraldarinnar, svo þú megir þau aptur gefa? Þú átt ecki rád á einni mý=flugu, nema Gud leyfi; og þótt þú mættir nockru hér um ráda, þá viljum vér ecki taka þínu bodi, en sleppa hønum sem bædi himin og jørd hefir í sinni hendi, sem oss hefir sál og líkhama gefid, sem oss hefir frelsad frá þínu valdi, Col. 1, sem hefir gefid sitt líf í daudan fyrir oss, Jóh. 10, sem hefir sendt sinn Anda í vor hjørtu, Gal. 4, sem ad ber vitnisburd vorum anda, ad vér séum Guds børn, Róm. 8. O, þú eylífi Konúngur dýrdarinnar! sem ad ert hógvær og af hjarta lítilátur kénn þú oss ad eptirfylgja þínu blessada dýrdar=dæmi hér í heimi, svo vér megum þér sídan inn í þína eylífu dýrd fylgja, og til þess himneska hábords upphafdir verda, til ad sýngja þeirri háleitu Guddómsins Þrenníngu eylífa dýrd og lof um allar aldir alda, amen!

Annann Sunnudag í Føstu.

Gudspjallid, Matth. 15 Kap.

Í þann tíma; og Jesús géck burt þadan, og fór í lands=bygdir Týri og Sídónis; og sjá þú, ad kanversk kona géck út af þeim sømu takmørkum, kalladi eptir hønum, segjandi: Herra, sonur Davíds! miskuna þú mér, mín dóttir kvelst illa af Djøflinum. Og hann svaradi henni eingu ordi; hans lærisveinar geingu til hans, bádu hann og søgdu: láttu hana fara, af því hún kallar eptir oss; en hann svaradi og sagdi: eg em ecki sendur nema til fortapadra sauda af húsi Israels. En hún kom og tilbad hann, segjandi: Herra! hjálpa þú mér. En hann svaradi henni og sagdi: þad er ecki gott ad taka braudid barnanna, og kasta því fyrir hvolpana. En hún sagdi: satt er þad, Herra! en þó eta hvolparnir af molum þeim, sem detta af bordi drottna þeirra, þá svaradi Jesús og sagdi til hennar: o, kona! mikil er þín trú; verdi

þér svo sem þú vilt. Og á þeirri sømu stundu vard hennar dóttir heilbrigd.

Exordíum.

Vér bidjum í vorri drottinligri bæn, børn Guds elskulig: eigi leid þú oss í freistni. Nú er tvøfold freistni til; ønnur kémur af Gudi, ønnur af Andskotanum; ønnur leidir til lífsins, ønnur til helvítis. Sú sem af Gudi kémur, hún er hennar lækning, sem kémur af Satan. Þad er ecki ótamt hinum almáttuga Konúngi, ad láta Djøfulinn detta á sínu eigin bragdi, og sína freistni hans freistingar yfirvinna. En þó ad þessar athafnir Guds og Djøfulsins hafi sama nafn, þá eiga þær þó ecki saman nema nafnid; Djøfullinn geingur ecki í berhøgg vid mennina, því hann veit þeir fælast sig, heldur hefir hann tvo stallbrædur, sem ecki eru svo uggvænir, en þó ecki øllu sídur skadvænir, annar er hid ytra, annar hid innra; Þessi er vort hold og blód med þess tilhneigíngum, hinn er veroldin med sínum illum dæmum; hinn sídari af því hann er vondur, og liggur í því vonda, 1 Jóh. 5, þá leidir hann til hins illa; sá fyrri er hálfu verri; margur kann sá ad fordast adra, sem ecki gétur fordast sjálfan sig. Hold og blód er gamall skutul-sveinn Djøfulsins, sem framreidir allra-handa sætar, en þó eitradar vistir. Þegar Andskotinn býdur manneskjunni til snædings, enn sálin liggur blind í sænginni eins og Ísak, og veit eigi hvørt þad eru heldur Jakobs edur Esaú hendur, sem hún þreifar á, jafnvel þó hana grilli til ad þeckja raustina, Gén. 27; svo mikid lángar hana í þann ferska rétt, veit þó ecki ad gjøra grein á, hvørt heldur hann er med boganum veiddur, eda af hjørdinni tekinn. Vei þeirri borg, hvør ed bædi hefir óvinina utan fyrir portunum, og líka inni á strætunum; en eingu betur erum vér á oss komnir í andligum efnum; alla vega umkríngir holdid oss, á hægri sídu med girnd audæfa og metorda, á vinstri hlid med ørbyrgd og ørvínglan; fyrir framan oss stendur sjálfs-þóttinn og virding vors eigin ágjætis; á bak vid oss assokun og þeckíngarleysi syndarinnar, innvortis sløg samvitskunnar, illar girndir og tilhneigíngar. Þessi er nú Andskotans freistni og eldligar pílur þess breckvísa, Eph. 6; en søkum þess þær eru syndugri manneskju svo skædar, ad þar er eingin lífs- edur heilsuvon, ef Djøfullinn, heimurinn og holdid mega sínu fram-fara, þá freistar Gud mannsins, sálunni til heilsubótar; en Gud freistar vor, bædi sjálfra vor vegna og svo náúngans. Þad sem Djøfullinn gjørir med illum heimsins eptirdæmum til ills, þad gjørir Gud til eptirdæmis med krossburdinum til góds. Margur mundi halda sig saklausann, nema Gud typtadi hann og rydi mótlætínganna vatni á vor blindu augu, svo ad vér sjáum vora ómynd. Þegar Gud birtist fedrunum í gamla Testamentinu, þá skédi þad opt í einu leiptrandi skýi, og svo trúi eg þad verdi enn-nú í dag, ad valla fái menn rétt Gud sénan, nema hans dýrd bregdi fyrir oss í þoku mótlætínganna; því á-medan vel geingur, þykist madurinn svo sem sjálfskilid eiga allt þad hann þiggur af Drottni; en þegar hann tekur þad burt, þá leita menn hans med ángist. Kunnugliga talar David hér um, Ps. 30: eg sagdi þá mér vel géck: eg skal aldrei skiljast frá Drottni, því þú Drottinn veitir stadfestu mínu bjargi med þinni þóknan; en þegar þú byrgdir þitt andlit fyrir mér, þá skélfdist eg, þá kalladi eg til Drottins og eg grátbændi hann. Aptur freistar Gud þeirra er hann vill, ødrum til eptirdæmis, svo sem Abrahams og Jobs, hvad ljóst er af hans søgu, er øllum er skrifud til eptirdæmis. Og sjáum vér nú af þessu, ad Gud freistar mannsins bædi þeim til gagns, er hann leggur sinn kross á herdar, svo og ødrum til fyrirmyndunar. Í þessu h. dags Evangelió, høfum vér dæmi einnar kvinnu, hvør ed þá fyrst leitadi ad Christó, þegar naudin þrísti henni þar til. Og viljum vér þad nú med þess lærdómum yfirvega, eptir því sem Gud géfur nád til. Hjálpa oss þar til nádugi Gud fyrir þinn son Jesúm, amen!

Utleggíngin.

Þegar Markús segir frá þessari históríu í hans gudspjalla, kap. 7, þá gétur hann um, ad Jesús hafi svo sem falid sig í þessum stad, því hann hafi geingid inn í eitt hús, og hafi

eigi viljad láta neinn vita það. Hvar varstú nú minn Herra, sem segir: eg er fundinn af þeim sem ecki leitudu ad mér; þú sem ad hrópadir, Matth. 11: komid til mín allir þér sem erfidid og þúnga erud þjádir, eg vil endurnæra ydur? Hvar varstú þá? er nockud þín hönd stutt vordin ad þú kunnir ecki, eda þitt eyra svo tillukt, ad þú viljir ecki hjálpa? sannliga er það ecki, heldur kémur það hér fram sem hin eylífa Spekin segir: eg leik mér vid mannanna sonu, Próv. 8. Svo plagar Fadir miskunsemdanna ad breyta vid sín börn; hann hylur sig um stundar-sakir, svo ad manneskjan leiti hans andlitis. Vissi Jesús ad Lazarus vinur hans lá veikur, Jóh. 11, samt var hann fjarlægur honum á-medan hann tók hann burtu. Eigi var honum ókunnugt ad vín-skortur var í Kana, en þó dróg hann undan ad snúa vatninu í vín, þar til hans stund var komin, Jóh. 2. Ýmisliga breytir Gud vid sína; hvör hefir nockurn-tíma hans rádgjafi verid? Róm. 11. Hann deildi á konúngs-manninn þá hann leitadi hjálpar vegna Sonar síns, Jóh. 4; hann baud hundrads-höfdíngjanum ad gánga samstundis heim og lækna þjón hans, Matth. 8; hann fann strax krapt út af sér gánga, þá hin blódfallssjúka hrærdi vid hans klæda-faldi, Marc. 5, en fyrir þessari naudstoddu konu hylur hann sig. Þó kann ecki sól réttlætisins ad leyna sér, því segir og Markús, ad þessi kona hafi heyrt af Jesú og þar fyrir til hans komid, því hann hafi eigi gétad dulist. Hvör er þá bón hennar? hún hrópadi og sagdi: Herra, Sonur Davíds! miskuna þú mér. O! hvad dýrmætur hlutur er krossinn, hann kann ad reka manninn út af Týró og Sídon, það er af vondri veröldu þessari til ad leita ad Christó. Hann er einn andligur segul-steinn, sem mannanna stál-hjortum uppríckir í hædirnar til Guds lifanda. Herra sonur Davíds! segir þessi kona; fáord er bæn hennar, en eckert er hér eptirskilid það sem audmjúkri syndugs manns bæn á ad fylgja; med herratitlinum játar hún sína undirgéfni; var hann herra, þá var hún hans ambátt, en med nafni Davíds-sonar telur hún sig í ætt vid hann; ecki það hún væri af Davíd komin, heldur af Adam, hvörs nidji Davíd var. O, minn Jesú! þeir eru þín módir og þínir brædur, sem eru þínir lærisveinar, Matth. 12; en þínir lærisveinar eru allir þeir er þitt ok uppá sig taka, og fylgja þér eptir, Lúc. 14; medal hvörra þessi útlendíngur var eigi hinn sídasti. Það var henni ecki nóg, minn Jesú! ad þú varst hennar herra, það er annad ad kunna, annad ad vilja; en það hún kallar þig Davíds son, það er: hold af hennar holdi og bein af hennar beinum, það var biturt skeyti, sem án alls efa hefir stúngid þín miskunar-idur; þetta styrkir St. Páll, Hebr. 2, segjandi: honum byrjadi brædrunum í öllu samlíkur ad vera, uppá það hann miskunsamur væri, og trúr biskup í því sem hjá Gudi átti ad gjöra; því sökum þess hann lidid hefir þá hann var freistadur, þá kann hann og ad hjálpa þeim sem freistadir eru. Miskuna þú mér segir konan; hún kémur til Jesúm, ecki svo sem til annars læknirs, þeim er menn bjóda laun fyrir sitt ómak, ecki heldur í trausti sinnar forþénustu; miskuna þú mér, segir hún, en ecki minni dóttur; játandi þar med, ad ecki þyrfti hennar dóttir einasta miskunar vid, heldur væri og sjálf hún óverdug í Guds augliti sinna synda vegna, það hann skyldi hjálpa hennar lífs-afkvæmi, hvört hún eigi einasta hafdi gétid og fædt í syndinni, heldur uppalid medal ógudligra manna vid Satans þjónustu, og í hans dýrkun. Lær hér af, syndugur madur! nær þú framkémur fyrir Gud

ad þiggja nockud af hans örlætis hendi, ad afneita sjálfum þér og öllum þínum verdugleik, og gjör ecki þín gódverk, ef nockur eru, ad hinni verstu synd, med ofmiklu trausti á þeim, edur dálæti vid sjálfann þig, heldur seig þú med þessari konu og Davíd: miskuna þú mér Gud eptir mikilli miskunsemi þinni, og eptir mikilleik miskunsemda þinna, afmá þú mitt ránglæti, Ps. 51. Þessi fáráda manneskja leggur ordsökina til, hvar fyrir hún svo grátbæni: mín Dóttir kvelst illa af Djöflinum. Ó, neyd! ó, neyd! ó, sorg! ó, sorg! hvad gódur skóla-meistari ertú? og hvörsu sýnt er þér um ad gjöra hinar fárádu túngurnar vel talandi? eckert er hér eptirskilid, sem eitt manns hjarta kynni ad hræra til medaumkunar, svo hér var á eingan veg hægt undan ad komast fyrir þann, sem allt vald hefir, bædi á himni og jördu, Matth. 28; og er þó undir eins svo líkusamur sem Fadirinn er börnunum miskunsamur, Ps. 103, hún kallar hann herra, því treystir hún ad hann gjæti; hún kallar hann son Davíds, því vard hann ad vilja; hún bidur um miskun; hvört vildi þá brunnur miskunarinnar láta sína læki renna, ef ecki í svoddan trúar-skaut? en þetta eykur mjög svo á, ad hún bidur fyrir sitt eigid lífs-afkvæmi, hvörs sál ad héck af hennar sál, eins og Jakobs og Benjamíns; hún segir: mín Dóttir, þad var sárt; hún kvelst, þad var hersiligra; hún kvelst illa, þad var óbæriligt, og þad af Djöflinum, þad yfirgéck alla tímanliga hörmúng. Líkamligur sjúkdómur liggur ærid þúngt á, og næsta hart er ad sjá uppá sína þegar svo tilfellur; en þad geingur nærst hinum bitru helvítis píslum, þegar Andskotinn fær leyfi til med sínum ílsku-krapti ad búa í syndugs manns holdi, og slíta þad og kremja eptir sínum vilja. Hvad fast mun hin heita módur-ást hafa þreyngt ad hans hjarta, er sjálfur segir, Esa. 49: kann nockud módirinn ad gleyma sínu barni, syni síns kvidar, og þó hún gleymi því, þá vil eg samt ecki gleyma þér. Sjá eg kém, vill þessi kona segja: eg er ein vesæl módir eg bid um miskun, ecki um muni þessarar veraldar, ecki um líf óvina minna, alleina bid eg ad mitt barn, sem er Guds volud sképna, ad þad mætti fríast frá Djöfulsins valdi og ofríki. Mun ecki Jesús hafa þeinkt til sinnar módur, sem stód sídan undir hans krossi, þegar hann héck þar svo sem madkur en ecki madur afmyndadur af Djöfulsins þrælum? mún nú ecki hann sem í bitrustu daudans ángíst og helvítis kvölum staddur, sá aumur á sinni módur, mun hann ecki, segi eg, hafa aumkast yfir þessari voludu manneskju? Eigi er þad ad efa, sem sídar gaf raun vitni; en þó segir textinn oss, ad hann hafi ecki svarad henni einu ordi. Hvílíkt er þetta, ofan á alla hennar neyd eykur þetta næsta miklu. Hin blessada réttlætis sól, Mal. 4, upprann henni um stundar-sakir, en ský þagnarinnar dró fyrir hana aptur. Hvad skal hér til segja? kann ecki þad eylífa ordid ad tala? heyrir hann ecki, sem eyrad hefir plantad? er hann afundinn, sem öllum býdur til sín ad koma? Matth. 11; hvar eru nú þín ord, minn herra Jesú! er þú sagdir fyrir munn Esa. 65 kap.? þad skal ské ádur enn þeir ákalla mig, vil eg svara, og á-medan þeir eru ad bidja, vil eg bænheyra þá. Þetta sýnist hér allt ad eingu verda; en vér viljum hér standa vid um stund, G. e. b.! þad væri ecki gott fyrir oss, ad vér skyldum öllum stundum bænheyrdir verda; þeir eru eigi allir, sem Gud fái til sín leidt med taumi nádarinnar, nema hann slái ödruhvörju med svipu tiptunarinnar. Þegar vel géck, snérum vér bakinu vid Gudi; vér fórum illa med hans gáfur; vér forsómudum ad brjóta vort

brauð hinum þurftuga og volaða; oss fanst eckert til, þegar Guð lét oss falla allt í kjör, og eigi þáðu menn Guðs örlæti, svo sem af honum komið, heldur svo sem af vorum handafla, vorum atburðum, vorri framsýni: er þá að furða þótt hann megi þegja um stundarsakir við oss? svo að vér höldum oss ecki saklausa, og lærum, að öll góð gjöf og fullkomin gjöf kémur að ofan frá Föður ljósanna, Jac. 1; og ecki gjörir Guð einasta þetta við hina þrálátu, heldur og við sín elskulig börn. Sannliga hefir hann ként í brjósti um eymd þessarar konu, en þó svarar hann henni ecki einu orði; hann vill þeir biðji svo þeir fái, leiti svo þeir finni, knýi á, svo fyrir þeim upplokið verði, Lúc. 11. Heyrið Davíð konúng, sem var ástvinur Drottins, hvörsu hann klagar yfir hans þögn við sig, hvört heldur hann talar það undir sinni eður Messíæ persónu: hvar fyrir ert þú fjarlægur mínu hjálpræði, og svo fjærri mínu hrópi, Guð minn! dag og nótt kalla eg til þín, og finn þó einga hvíld, Ps. 22. Nú, þótt að Guð svo þegi við oss á-stundum, þá mun hann samt hjálpina ecki leingi undan-draga; svari hann ecki svo sem vér viljum, þá svarar hann svo sem hann vill; vér vitum eigi hvörs vér biðjum, en hann veit hvað oss er fyrir beztu. Ef vér yrðum altíð bænheyrðir, þá kannské hann gæfi oss höggorm fyrir fisk, eður stein fyrir brauð, já, höggorms-eyru fyrir unskorin eyru, steinhjarta fyrir kjötligt hjarta; enn það sama er ámóti hans föðurligu hjartalagi. Hann bænheyrði ecki Elíam þá hann bað hann að taka sína sálu frá sér, 1 Reg. 19; heldur gaf hann honum krapt til að mótstanda Jessabel og öllu Achabs húsi; hann heyrði ecki svo brádliga harmaklögun Jobs, en hann gaf honum yfirmáta mikla þolinmæði, Job. 2; hann tók eigi kaleikin frá sínum elskuliga Syni, heldur sendi honum Eingil af himni, Lúc. 22; og svo gjörir Guð enn nú við hans sam-arfa, taki hann ecki frá þeim hörmúngina, þá sendir hann þeim þó krapt til að bera hana. Hvört er betra að reka fjandmanninn burt, eður að géfa megn og mátt til að sigra hann? Hefði Golíath á bak aptur hörfað, hvar var þá Davíðs sigur? 1 Sam. 17; hefði eigi Israel barist við Kananíta, þá hefði hann ecki eignast það fyrirheitna landið; hefði eigi Jakob glímt við Guð, þá hefði hann eigi hlotið Israels nafn, Gén. 32; og hefði ecki þessi kona þreytt með bæninni við hinn Almáttuga, þá hefði hún eigi heyrt þessi fagnaðar-orð: kona, mikil er þín trúa. Þegar Lærisveinar vors Endurlausnara formerktu, að hann svaraði henni eingu, þá hræðust þeir af meðaumkan, og segja: lát þú hana fara, fyrst hún kallar eptir oss. O, hvað gott eptirdæmi hefir þú hér, kristinn maður! sælir eru miskunsamir, segir Endurlausnarinn, því þeir munu miskun hljóta, Matth. 5. Guðs miskunsemi þurfum vér dagliga við, og án hennar kunnum vér ecki að lifa. Viljir þú að Guð sé þér náðugur, þá vert ecki afundinn við þann sem þig biður, eða frásnúinn þeim sem af þér vill lán taka, Matth. 5; því hvörsu má Guð opna þér sína miskunar-brunna, ef þú tilbyrgir þína læki fyrir hinum nauðstöddu. og sé svo að þú hafir eigi efni á að miskuna með verki, svo sem þú vildir, þá álítur þó Drottinn hjartað. Sá sem miskunar meir enn hann hefir ráð til, hann hefir gjört sitt miskunar-verk jafnvægt sínum vilja, og hefir miskunað meir enn hann kunni að miskuna. Ecki er hér talað um einn heldur enn annan af lærisveinunum, heldur hafa þeir allir í einu hljóði meint að inntaka Drottins miskunar-hjarta. O, Guð gæfi kristnir menn vildu vera samtaka í bæninni! hvað er það vér segjum í vorri trúarjátníngu?

Eg trúi samneyti heilagra. Er það alleinasta að játa einn og hinn sama Guð? að vera með einni skírn skírdir? að koma saman í einu Guðs húsi, og meðtaka einn og hinn sama líkhama og blóð Jesú Christí? Nei, einganvegin, heldur þar að auki að halda eindrægni í andanum, Eph. 4, með bænum og fyrirbeiðslum fyrir öllum mönnum, 1 Tím. 2. Biðjið hvörjir fyrir öðrum, segir St. Jakob, kap. 5, að þér heilbrigðir verðið, því mikið má bæn hins réttláta, þá hún er heit. Sjálfur Drottinn segir, Matth. 18: ef tveir af yður samþyckja á jörðu um hvörn þann hlut, sem þér biðjið, þá skal yður það veitast af mínum Föður, sem er á himnum; og ef Guð heyrir svo teggja bæn, hvað miklu framar mun hans föður-hjarta komast við, þá einn heill söfnuður úthellir sínum bænum í eindrægni andans? Guð elskar mennina þá hann sér að hvör þeirra elskar annan. Einn vatns-dropi, ef hann er einsaman, þá þornar hann bráðliga, en falli hann í sjóinn, þá geymist hann ótíndur; svo eru og tára-dropar kristinna manna, ef þeir falla saman, þá verður þar eitt vatns-flóð af, sem allt upp í himinin vex, þar til það fellur í náðar-strauma hins Almáttuga Guðs, sem framfljóta af hans hásæti, og renna svo aptur ofan til vor á jörðina. Damparnir sem uppstíga af jörðunni, samansafnast í loptinu, þegar þeir verða ofur þúngir og þéttir, þá sundurdreifast þeir af vindinum, sem ecki kann í-gégnum þá að brjótast og falla aptur yfir ýmsar álfur jarðarinnar, henni til frjófgunar. Andvarpanir Guðs barna, sem uppstíga af heitu hjarta, þær samansafnast fyrir Guðs hásæti, þar til þær verða hans miskunar iðrum ofur þúngar, svo að himnaríki líður ofríki, Matth. 11; þar af verður hin hjálpsamliga nátt-dögg Guðs góðgirni og miskunar, sem fellur af því himneska Hermón yfir þá jarðnesku Zíon, Ps. 133, hvörri Andi Drottins sundurdreifir og útskiptir meðal mannanna sona. Það er eigi nóg, þótt einn eður tveir biðji fyrir öllum; þó Guð hafi mikið gjört fyrir bæn Mósis, Abrahams, Elíæ, Elízei, St. Páls og annara Guðs ástvina, þá er Guð ecki skyldugur að gjöra svo öllu fólki; munu og fáir vera þeim líkir á vorum dögum. Margra trú hygg eg að nú megi leggja við Abrahams og Elíæ trú. Fyrir almenniligri plágu, skal almenniliga biðja, því á-stundum er Guð svo lyndur, að hann vill straffa þá góðu með þeim vondu í landinu. Hafið því ráð Endurlausnarans, m. e. Lúc. 18: biðjið óaflátanliga og letjist ecki, því hvar fyrir skyldi Guð eigi frelsa sína útvalda, þótt hann undandragi hjálpina? sannliga segi eg yður, hann mun frelsa þá. Hvört svar géfur nú Frelsarinn sínum lærisveinum hér uppá? eg em eigi sendur nema til fortapaðra sauða af húsi Israels. Þetta sýnist nockuð þúngskilið í fyrsta áliti, en hefir þó sinn staðfastan grundvöll í ritníngunni. Eptir sínu spámanns-embætti var hann eigi sendur nema til Gyðínga; eptir sínu kénnimannligu embætti var hann öllum sendur, því fyrir alla hefir hann forlíkað; hann bannaði að sönnu lærisveinunum að gánga á veg heiðíngjanna eða í samverskar borgir, heldur til fortapaðra sauða af húsi Israels, Matth. 10; þó segir hann hjá Jóhannem, kap. 10: eg hefi og aðra sauði, sem ecki eru af þessu sauða-húsi, þá byrjar mér og hér til að leiða. Ecki heyri eg að Jesús hafi á sínum hérvistar-dögum prédikað meðal heiðíngjanna, því það var hans spámanns-embætti, hans tími var enn þá ecki kominn; for-tjaldið var enn nú ecki sundurrifið; þar var enn nú eigi niðurbrotinn sá veggurinn, sem á millum var, Eph. 2, eður vorðið eitt af báðum; það skéði allra fyrst í hans pínu, dauða

og upprisu, því skommu þar eptir baud hann sínum lærisveinum ad fara út um allann heiminn, Matth. 28. St. Páll þorir ad segja, Róm. 3: er Gud alleinasta Gud Gydínga, og eigi Heidíngja? sannarliga og svo Heidíngja, þvíad Gud er einn, hvør ed réttlæta mun umskurnina í trúnni og yfirhúdina fyrir trúna; svo var nú Jesús sendur alleina til Gydínga eptir sínu spámanns-embætti; en svo sem Fadirin sendi hann til Gydínga, svo sendi hann sína lærisveina til Heidíngja. Eptir hinu kénnimannliga embættinu, er hann øllum heimi sendur, því Jóhannes segir fortakslaust: hann er forlíkun fyrir vorar, og ecki einasta fyrir vorar (þad er Gydínganna) heldur og fyrir allrar veraldarinnar syndir, 1 Jóh. 2. Eptir sínu konúngliga embætti var hann og øllum sendur, því hans Gud hafdi géfid hønum endimørk jardarinnar og heidnar þjódir til arfleifdar, Ps. 2, og er þad eptirtekta-verdt, ad þau tvø kraptaverk, sem Drottinn gjørdi medal heidinna þjóda, annad þetta, annad hjá Gergesenis, Matth. 8. Þau vóru bædi til ad auglýsa hans almættis herratign, því í hvørutveggja sinn rak hann Djøfulinn út, sem kallar sig Drottinn veraldar þessarar. Hvad gjørir nú þessi kvinna til vid afsvar þetta? hún lætur ecki af, heldur sætir þessu tækifæri, þar hún sér lærisveinarnir tala hennar máli. Lær hér, kristinn madur, ad þreytast ecki í bæninni, þótt Gud hjálpi ecki strax, sem þú kallar, þá hefir hann þó ecki forgleymt miskunsamur ad vera; fødurligt hjarta hefir Gud, hann er ecki svo sem stockur eda steinn. Forgéfins hefir hann þá straffad gudleysi mannanna, sem gánga til mállausra skúrgoda, ef hann væri þeim sjálfur líkur. Gud er ecki eins sinnadur og madurinn, ef nockur ølmusumadur liggur jafnan vid dyr hins ríka, þá heitir hann þrábæninn, ósfickanligur, heimtufrekur. Þad verdur svo fyrir oss mønnunum, því vér megum eigi margra þorf ad fylla; en afgrunni miskunarinnar er ecki svo háttad, þess optar sem hann er bedinn, þess kjærara er þad hønum, því hann kann ad uppfylla alla vora naudþurft, eptir ríkdómi sinnar dýrdar, Phil. 4. Þeir neyddu hann, segir um þá tvo sem til Emaus geingu, Lúc. 24, Gud vill láta þvínga sig med heitri bæn, og þad er hønum inndælt ad þola ofríki af trúudum syndara. Sú þrákélkni er góð, sem Gudi þóknast, og sú orusta mætti létt falla, þar sem madur er viss um sigurinn. Sá sem af tinnunni vill eldin fá, verdur optar ad slá enn einusinni. Viljir þú og ad Guddómsins gjæsku-neistar støckvi út af hellu hjálprædisins, þá verdur þú optar en einu-sinni ad slá med hamri bænarinnar, og ecki afláta, þar til þú á einhvørn hátt bænheyrdur verdur. Menn skulu og audmjúkliga bidja. Matthæús segir, þessi kona hafi tilbedid hann. Markús segir, hún hafi fallid til fóta Jesú, Marc. 7. Þad ordid er ad eylífu satt sem Davíd segir, Ps. 34: Nálægur er Drottinn þeim harmþrúngnu í hjørtum, og þá sundurkrømdu í anda frelsar hann. Hvør sem vill uppausa vatn af nockrum brunni, hann má beygja sig. Hvør er brunnur þess sjáanda og lifanda? hans ed sér þótt eingin sjái, hans ed lifir í oss, þó ad vér deyum. Hvør sem vill af hønum náð og miskun uppausa, hann krjúpi audmjúkur á sín hjartans kné. Jósúa féll til jardar nidur, og jós moldu yfir høfud sér fyrir Drottni, Jós. 7; Davíd lagdist flatur á jørdu fyrir hans tignarveldi, 2 Sam. 12; sjálfur Guds Sonur kastadi sér flotum á jørdina fyrir sínum himneska Fødur, Matth. 26. Og því skyldum vér þá eigi beygja kné vor fyrir Fødur Drottins vors Jesú Christí, Eph. 3. Sá sem vill vera mikill í him-

naríki, hann skal fyrst gjöra sig lítinn hér á jarðríki. Það er ecki vegur til að ljúka upp Guðs miskunar ydrum, að standa inst í kyrkju og biðjast fyrir, en forsmá tollheimtumanninn sem stendur lángt í frá, Lúc. 18. Tak þín skó-föt af, sagdi Gud vid Mósen, því sá stadur er heilagur er þú stendur á, Exód. 3. Vor bæna-stadur er heilagur stadur, þar er Guds musteri; hvar helst það er, þar er öll heilög Guddómsins þrenníng á tali vid oss; öll óhreinindi drambseminnar, allt endemi sjálfs-þóttans á þar í burtu að vera.

Hvört andsvar fær nú þessi ángráda manneskja uppá þessa sína audmjúka bæn? Það er eigi gott ad taka braudid barnanna og kasta því fyrir hundana. Hörd var þessi ræda; hvörsu mátti Drottinn þúngligar svara? en ecki félst henni hugur vid allt þetta, heldur svarar hún: satt er það Herra, en þó eta hundarnir af molum þeim, sem detta af bordum drottna þeirra. Þótt Abrahams munnur hefdi hér kominn verid, til ad képpa med bæninni vid Gud um Sódóma, Gén. 18, þá hefdi hann ecki kunnad betur ad mæla. Ecki þyckist hún vid sannyrdi þessi, heldur þess meir hún er ovirdt, þess audmjúkari er hún ad bidja; hina hördustu freistíngu gjörir hún ad sætustu huggun. Þau ordin Christí, er henni bríxludu um sinn óverdugleik, þau brúkar hún sér til forsvars, og það sem sýndist ad horfa henni til mestu örvæntíngar vard henni til ædstu blessunar; og er hér af audséd, ad Gud lætur þeim alla hluti til góda verda, sem hann elska, Róm. 8. Hún slær vorn Herra, ef svo mætti ad ordi komast, med hans eigin sverdi: satt er það Herra, eg em hundur í þínu augliti, og hefi eingan rétt med börnunum; það er réttvíst ad þau mettist fyrst; þú hefir tilreidt eina mikla máltíd fyrir þeim, og þínir uxar og alid fé er slátrad, Matth. 22; en í slíku géstabodi munu nockrir molar á gólfid falla, sérdeilis þar börnin, sem mett eru, hyrda eigi svo vandliga þar um; þessir molar nægja mér aumri hund-tík, eg em þinn hundur; en mun nockud húsbóndinn slá sinn hund frá sér, þá hann vill fylgja honum eptir? eg er eigi svo væntin, ad eg girnist ad sitja til bords med börnunum; leyf mér þó samt ad tína molana med hundunum, þá bráud-mola sem þín börn vilja ecki nýta; leyf mér og minni dóttur þá upp ad tína, og þó vid höfum þá ecki forþénad, þá veit eg ad þú, sem ert einn Herra, og þar ad auki Davíds Sonur, minn Skapari, og þó minn bródir, þú munir eigi ockur allra vesölustu sképnur, en þó þínar sképnur, ad sönnu hund-tíkur, en þó þínar hund-tíkur, í húngri og vesöld út-af deya láta. Fyrir þessari svo öflugri trú, lét hinn Almáttugi sigrast; hans hjarta brast í honum, svo hann hlaut henni miskunsamur ad vera, Jer. 31, og brunnur miskunsemdanna vard ad opnast í slíkri hræríngu, svo ad þadan útflaut einn lifandi nádar-straumur til ad endurnæra þessarar kvinnu sorgbitid hjarta. Þannin verdur hann hér yfirunninn af sinni eigin gjæsku, sem þó er ósigrandi; hann verdur til fánga tekinn, sem hefir herleidínguna ad herfángi tekid; hann þurfti valla eitt ord til ad útreka Djöfulinn, Matth. 4; enn med mörgum ordum fær hann ecki þessa trú frá sér rekid, svo ad altíd verdi sönnur á hans máli; hvörn þann sem til mín kémur, vil eg ecki frá mér reka, Jóh. 6. Athuga þú nú, kristinn madur, nockud um þín efni hér út-af; munt þú í Guds augliti betur vera á þig kominn enn einn hundur? þú ert ad sönnu kristinn, þessi kona var heidin; þú ert skírdur og inntekinn í Guds sáttmála, hún var ecki;

þú heyrir Guds heiløgu ord dagliga, en hún alleinasta ryktid af Jesú; en hygg ad hvad Endurlausnarinn segir: Drottníngin af Arabía mun upprísa á efsta degi og dæma þessa kynslód, því hún kom lánga vegu ad heyra speki Salómónis, og sjáid hér er meiri enn Salómon, Matth. 12; svo er eg og hræddur um, ad kona þessi muni dæma marga þá, er kristnir kallast; hún sem hér ber hunds-nafn, taldi ecki eptir sér ad leita ad Christó, og fylgja honum eptir, þó hún yrdi ecki svo fljótt bænheyrd; en hvør er nú sá er leiti ad Drottni, eda kalli af alvøru til hans í hørmúngunni? Drottinn typtar oss, en vér finnum þar ecki til; hann slær oss, en vér betrum oss ecki, Jer. 5. Menn hafa hardara audlit enn steininn, og vilja ecki snúa sér. Hundarnir hafa nockra rækt á sínu afkvæmi; þessi heidna manneskja var af insta hjarta-sorg tilknúd ad leita sér hjálpar hjá þeim himneska Lækni, vegna sinnar dóttur, sem plágud var af Djøflinum; en hvad fáir eru nú þeir, sem færa sín børn til Jesúm med kristiligum aga og umvøndun, og géta eigi jafnvel lidid ad ómennskunnar Djøfull sé frá þeim rekinn, med Guds ords kénníngu og gódri tilsøgn. Þessi kvinna géck út af Týró og Sídon, þeim ógudligu stødunum, til Jesúm; en hvad tregt er oss komid til ad gánga út af vondri verøldu þessari og fylgja honum, jafnvel þó sálin liggi vitstola í ædi syndarinnar. Þessi kvinna reiddist ecki þó henni væri ofugliga svarad; en hvad gjøra þeir, sem møgla á-móti Gudi, þá eckí geingur allt ad óskum, og formæla hans høfud-sképnum, þá þær eptir skipan síns Herra eru oss mótfallnar, hvørjar Gud hefir oss þó géfid af óumrædiligri gjæsku sinni, til ad halda vid voru óþackláta lífi. Hundar komu og sleiktu Lazari sár, en ecki féck hann ad sedja sig af þeim molum sem duttu af bordi hins ríka, Lúc. 16; svo finnast og margir ómiskunsamir, hardúdugir enn í dag, hvørjir ed hafa gnægt veraldar þessarar, en láta þó sinn náúnga húngur lída, og ef þessir ógudligir lestir skyldu finnast medal kristinna manna, sem ecki er ad efa, hvad erum vér þá betri enn heidíngjar í Guds dýrdarfulla augliti? O, vor Gud og almáttugi Skapari! vert þú oss syndugum líknsamur, og tilreikna oss ecki vorar illgjørdir eptir þeirra verdskuldan, heldur minstu þinnar mikillrar miskunsemi. Vor dóttir, þad er vor sála, kvelst þúngliga af Djøflinum, hvørri hann ógnar med hrædiligri minníng illgjørdanna. Illa høfum vér lifad, en þú Christe! ert fyrir vorar illgjørdir uppheingdur; fleiri eru vorar ránglætíngar heldur enn tár vorra augna, en lángtum fleiri eru þó dropar þinnar miskunar, sem ad upprenna yfir oss syndugum mønnum ný og fersk á hvørjum morgni, Harmagr. Jer. 3. Allra manna syndugasta játum vér oss, hvør í sinn stad, en þeckjum þig þó ad vera hinn allra Helgasta, sem fyrir oss rángláta ert bølvan ordinn. Vér erum eigi betri enn hundar, í þínu dýrdarfulla augliti, þar vér høfum forþénad ad útilokast frá þeirri himnesku Jerúsalem, Apóc. 21; en samt erum vér þó þínir hundar og viljum heldur svo heita, enn Andskotans óska-børn; vér kjørum heldur ad tína molana undir þínu bordi, enn hafa full hús med ógudligum; meigum vér ecki børn kallast, þá gjør oss svo sem einn af þínum leigumønnum, Lúc. 15; meigi og þad ecki, þá lát oss rétt hafa med þínum hundum. Þótt vér teljum oss óverduga ad sitja til bords med Abraham, Isak og Jakob, Matth. 8, þá viljum vér samt í þínu leyfi skrída undir bordid med hinni Kananisku. Gott er oss ad áhanga Drottni, med hvørju helst móti þín eylífa miskun vill þad vera láta; þótt vér fáum

ecki þau kjør sem ríkisins synir, þá holdum vér fullgott ad vera dyraverdir í húsi Drottins vors, Ps. 84; þad nægir oss, þegar vér alleina ecki útkastadir verdum í hin ytstu myrkur. O, þú líknarfulli Gud og nádugi Fadir! þegar vér allra sídarst útgaungum af Týró og Sídon, sem er af heimi þessum fyrir tímanligan dauda, en Andskotinn girnist ad kvelja vora sálu med eylífum pínslum; miskunna oss þá fyrir Jesú Davíds sonar skuld, og lát oss verda eptir því sem vér viljum, sem er, ad vér frelstir af synd, dauda, Djøfli og helvíti, meigum þér þjóna í réttlæti og heilagleika um allar aldir alda, amen, í Jesú nafni, amen!

Þridja Sunnudag í Føstu.

Gudspjallid, Lúc. 11 Kap.

Á þeim tíma; Jesús rak út Djøful þann er mállaus var; og þad skédi, þá Djøfullinn var útfarinn, ad hinn mállausi taladi, og fólkid undradist þad. En nockrir út af þeim søgdu: fyrir Belzebub djøfla-høfdingja þá drífur hann Djøflana út. Adrir freistudu hans og leitudu af hønum eptir teikni af himni. En er hann sá þeirra hugrenníngar, sagdi hann til þeirra: hvørt ríki, sem í sjálfu sér er sundurþyckt, þad mun eydast, og hvørt hús mun yfir annad hrapa. Og ef Andskotinn er í sjálfum sér sundurþyckur, hvørnin má hans ríki þá standast, fyrst þér segid mig fyrir Belzebub útreka Djøflana? En ef eg fyrir Belzebub útrek Djøflana, fyrir hvørn útreka þá ydrir synir? þar-fyrir skulu þeir og verda ydrir dómendur. En ef eg rek út Djøflana med Guds fíngri, sannliga er þá Guds ríki komid til ydar. Nær ed sterkur hervopnadur vardveitir sitt anddyri, þá er allt med mak hvad hann á; en nær annar yfirsterkari kémur og yfirvinnur hann, þá flettir hann hann øllum hertýum, á hvør ed hann treysti, og í-sundurskiptir svo hans herfángi. Hvør hann er eigi med mér, sá er á móti mér, og hvør sem samansafnar ecki med mér, sá sundurdreifir. Nær óhreinn andi fer út af manninum, ráfar hann um þurra stadi, leitar ad hvíld og finnur ecki, þá segir hann: eg vil apturhverfa í hús mitt, hvadan eg for út; og þá hann kémur, finnur hann þad sopad og prýdt; þá fer hann og tekur med sér sjø adra anda sér verri, og sem þeir eru þar innkomnir, byggja þeir þar, og verdur svo þess manns hid seinasta verra hinu fyrra. En þad skédi þá hann taladi þetta, ad kona nockur út af folkinu, hof upp sína raust og sagdi til hans: sæll er sá kvidur sem þig bar, og þau brjóst sem þú mylktir. En hann sagdi: já ad vísu; sælir eru þeir sem heyra Guds ord, og vardveita þad.

Exordíum.

Ecki er lán leingur enn léd er, segja menn í fornkvednum ordshætti, og er hann sannur; því þegar eigandinn aptur-heimtir, þá er hans réttur úti ad brúka, sem lánid tók; og svo sem þvi er háttad almenniliga á=medal vor mannanna, svo er þad einnin á sig komid á milli Guds og Satans; Andskotinn hefir á-stundum næsta djarftækur verid til ad høndla med hans sképnur, þá hønum fyrir einhvørn tilgáng hefir þad leyft verid, en einganveginn má hann ráda yfir þeim, móti vilja hins Almáttuga. Ad sønnu heyrdum vér ei alls fyrir laungu, ad hinn blygdunarlausi Djøfull baud vorum Herra, ad hann vildi géfa hønum øll ríki veraldarinnar og þeirra dýrd, Matth. 4; en hvad mikid ríki hafdir þú þá í heiminum Satan! er þú þordir ecki ad búa í svínunum, fyrir utan leyfi Drottins vors, Matth. 8. Syni sínum hefir Gud feingid rád yfir veroldinni, hvørn hann sett hefir erfíngja allra hluta, Hebr. 1; hønum hefir hann géfid allt vald bædi á himni og jørdu, Matth. 28, en ecki Djøflinum. Þar=fyrir, þótt ad Drottinn kalli hann høfdíngja þessa heims hjá Jóh. 14, þá er þad ei svo ad skilja, ad hann med frjálsu hafi nockra stjórn á jørdu í þeim hlutum, sem valdstjórninni vidkoma, heldur meinar Lausnarinn þar med heiminn, sem eru þeir ógudligu, þad eru vantrúarinnar børn, Eph. 2, í hvørjum Djøfullinn máttugur er til ad drífa þá eptir vild sinni til allskyns synda og lasta. Ei þordi hann ad granda Jobs líkhama, fyrr enn Gud gaf hønum leyfi þar til, Job. 2; ei gat hann Pétur siktad, því vors Endurlausnara bæn mátti meira, Lúc. 22. Og svo sem Andskotinn hefir eckert med Christum, edur þá sem í hønum eru, svo kunna ei heldur hans børn Guds børnum ad granda, framar enn Gud leyfir; øll vor høfud-hár eru talin, og ecki fellur einn titlíngur á jørdu án hans vilja, Matth. 10. Nú þó ad Satan vel viti, ad hann megnar eckert med øllum sínum illsku=krapti, á-móti einu Guds ordi, þá fær hann ei vid sinni illsku gjørt ad áreita Gud og hans útvalda. Aldrei er svo sterkur kastali, ad ei þurfi ad vaka svo leingi strídid yfir-stendur; nú er líf þetta ecki annad enn sífeld barátta, Job. 7. bædi hid ytra og innra; því er þørf ad sálin vaki í hjartanu, sem er slot líkhamans, og bidji, svo ad vér føllum ecki í freistni, Matth. 26. Eg sagdi fyrir skømmu, børn mín! ad Andskotinn hefdi eckert med þá sem eru Gudi handgeingnir, en þad gyldir á=medan þeir eru í hans þénustu, en ecki annars. Svo margir sem ecki geingu út=af sínu húsi þá nótt, sem páska=lambid var ad kvøldi etid, þeir urdu frí fyrir mord-einglinum í Egyptalandi, Exód. 12. Guds ósýnilig kyrkja hér á jørdunni er hús þad, hvar inni hid saklausa Guds-Lamb, sem burttók heimsins syndir, verdur dagliga slátrad og offrad í rétt-trúadra hjørtum, þeim himneska Fødur til sætleiks ilms; gángir þú út af þessu húsi, kristinn madur, þá kann eg ecki ad segja þig óhultan fyrir dráps=einglinum; en þykir hitt líkara, ad þú meigir í hans hendur falla. Í þessu h. Evangelíó høfum vér eptirdæmi bædi uppá Andskotans illskufulla medferd á syndugum mønnum, og svo hans barna hrekkvísi á-móti Gudi og hans børnum. Vil eg því í þetta sinn tala: 1) um Djøfulsins vald yfir syndugu holdi á hinum fyrri døgunum, og svo nú: 2) um hans illsku í því ad spilla vorri andligri velferd. Styrk oss þar-til nádarfulli Gud med krapti þíns Anda, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Mjøg svo aumkunarliga hefir þessi manneskja haldin verid, sem hér umgétur í Gudspjallinu; því hvad kann vesælla ad vera, enn þegar túnga mannsins er bundin í hans munni, svo hann fær ecki talad vid adra menn sér til skémtunar, eigi kvartad um þá hluti, sem hann ángra. Einn mállleysíngur er í heiminum svo sem fyrir utan heiminn; hann hefir túngu og talar ecki, og ecki øllu betur enn ein líkneskja er hann á sig kominn. Nú eykur þad þó miklu á, ad ráda er af Gudspjallinu, ad þessi plága hafi verid af Djøflinum, og er því ecki ad neita, ad Gud hefir Andskotanum leyft mikla hluti í líkhamligum efnum á døgum gamla Testamentisins, á hérvistar døgum vors Frelsara, á døgum hans h. Postula, hvørja hann sér=i=lagi útsendi í sínu nafni, til ad planta sinn vín=

gard á medal mannanna sona hér á jördunni, og svo nockra stund fram eptir öldunum, til ad styrkja og auka þessa nýu plantan, med auglýsíngu síns máttar yfir Djöflinum. Hans óútsegjanligri miskunsemi og nád höfum vér þad ad þacka, ad vér finnum ecki svo mjøg þar-til á vorum døgum, ad Djöflinum sé leyft ad hafa vald yfir manneskjunni í líkhamligan máta. Fjærri sé því, ad eg segi: þad Gud kunni ecki ef hann vill, ad brúka Andskotann til ad straffa syndir mannanna, því hann er í hans hendi, svo sem øll hans verk; hitt efast eg um, hvort þad sé hans vilji nú um stundir. Sá alvitri Konúngur hefir þúsund vegi og máta til ad stjórna sínu ríki; eins og eitt kóngs-ríki umbreytist á marga vegu eptir tídunnum, svo sjáum vér einnveginn, ad þad er skéd í Guds ríki hér á jördunni. Ad sønnu er hann ecki sjálfur í nockru umbreytanligur, heldur umbreytir hann øllum hlutum, eptir því sem hans guddómligu speki haga þykir; hann taladi sjálfur vid fedurnar fyrir flódid; hann gjørdi slíkt hid sama vid Abraham og hans eptirkomendur allt til Mósen; Móses tók réttindin af hans munni, og féck þau Israels sonum, og hann gaf þeim, fyrir hans hønd, sitt h. Løgmál, skrifad á stein-töblum til ad lifa eptir, Exód. 24; hann stjórnadi sjálfur eins og einn veraldligur konúngur sínu fólki, þar-til þeir vildu ei leingur láta hann drottna yfir sér, og hann gaf þeim Saul konúng í brædi sinni, Hós. 13; hann taladi þó vid hans eptirkomendur fyrir munn sinna Spámanna, og jafnvel í herleidíngunni lagdi hann sitt ord í þeirra munn; en í tímans uppfyllíngu hefir hann talad vid oss fyrir Soninn, Hebr. 1, og látid hann, sem er útgeinginn af hans skauti, Jóh. 1, opinbera mønnunum sinn vilja; en þegar hann sté til himna og inngéck í sína dýrd, þá sendi hann Postulum sínum h. Anda af sínum Fødur, Jóh. 15, sá er leiddi þá í allan sannleik, Jóh. 16, og kéndi þeim ecki einasta hvad þeir tala áttu fyrir þeim, sem sáluhjálpina erfa skyldu, heldur og fyrir herrum og konúngum, Matth. 10, sem ofsóktu Guds Evangelíum. Þessir eru þeir, sem oss hafa Guds vilja skrifadan eptirlátid í Gudspjøllum, sendibréfum og opinberunum, fyrir hvor ad Guds kyrkja stjórnast enn-nú í dag hér á jördunni. Sídan þeirra daga vitum vér ecki til ad Gud hafi talad vid mennina, nema í þessu sínu h. ordi, hvort ed enn-nú dagliga kénnist og prédikast medal vor. Af þessu sjáum vér hvørsu margbreytt ad hefir verid ríkisstjórn þess máttuga alsherjar-Konúngs hér á jördunni. En hvad Satans útréttíngum vidvíkur, þá sé eg, ad hann hefir leyft hønum marga hluti ad fremja á gamla Testamentisins døgum; hønum þóknadist ad láta hann slá sinn þénara Job, med sárum og kaunum, Job. 2, uppá þad hann reyndi hans þolinmædi, og sýndi Andskotanum hvørsu ad Guds kraptur væri í mannsins breiskleika máttugur, 2 Cor. 12; hann leyfdi töframønnum Pharaónis marga undarliga hluti ad gjøra, fyrir Satans krapt, Exód. 7. 8, uppá þad hann med þeim og þeir med hønum yrdu til skammar fyrir Móse Guds þénara; Gud leid hønum ad áklaga Jósúam, hinn ypparsta prest, Zach. 3, svo hann af hinum ædsta Biskupi sálna vorra straffadur yrdi, og annad því-um-líkt er ad lesa í søgum gamla Testamentisins. Hvar fyrir mundi nú Gud gjøra þetta? ecki þess vegna, ad hann ei gjæti med sínum almættis krapti alla hluti verkad, eptir því sem sjálfur vill hann, því fyrir hønum er eckert ord ómáttugt, Lúc 1, heldur eins og hann lét Pharaónem standa og ecki um koll steypast, þar til hann optsinnis aud-

sýndi sína miklu makt á honum, Róm. 9, svo lét hann á þeim dögum Andskotann brúka á-stundum sína makt til ad láta mannkynid sjá, hvad miklu Gud væri honum sterkari, svo þeir lærdu ad trúa á einn Drottinn Gud, og eingan annann. Aldrei hefir þó Andskotinn feingid svo mikla makt til ad opinbera sig mönnunum, svo sem á holds-vistar dögum vors Lausnara, og lítur þad eins út, svo sem Gud hafi viljad geyma sínum eingétna Syni þá sterkustu orustu móti honum, svo hans sigur yrdi þess frægari medal mannanna. Hann taladi vid hann sjálfan eins og madur talar víd mann, Matth. 8; hann kvaldi dóttur þeirrar Kananisku, Matth. 15; hann kastadi þeim Djöful-óda á vatn og eld, Matth. 17; hann bjó í þeim tveimur Gergesenis, Matth. 8; hann gjördi þennan mállausan, sem vor texti um-talar. Hvar fyrir mun þetta skéd vera, br. m.? mannsins styrkleika sjá menn ecki, nema hann hafi einhvörn ad reyna orku vid; og svo sem Endurlausnarinn segir í þessu Evangelíó: þegar einn sterkur hervopnadur vardveitir sitt anddyri, þá er allt med mak, hvad hann á, ꝛc. Þad var vorum Herra fyrir minstu, ad þvínga Djöfulinn eptir sinni vild; annad var hans eyrindi meira í heiminn, sem var ad lúka þá sekt, er mannkynid átti Gudi ad gjalda; en svo sem Drottinn í gamla Testamentinu leyfdi Andskotanum ad sýna megn sitt ödruhvörju, mönnunum til eptirtektar, svo leyfdist og þessu illhveli ad vada hvad mest uppi og brúka makt myrkranna, á-medan Guds Sonur umgékst hér á jördunni í mynd eins þjóns, þeim öllum til trúarstyrkíngar, sem á hans nafn trúa vildu, ad þeir sjá mættu ad svo andvirdiligur sem hann var, þá væri hann þó sá, sem af Gudi sendur væri til ad nidurbrjóta Djöfulsins verk, 1 Jóh. 3, og med öllu ad sundurmola höggormsins höfud, Gén. 3. Hefdi og Guds eingétinn Sonur strax sem hann var til himna farinn, bundid svo hendurnar á Djöflinum, ad hann hefdi ecki feingid ödruhvörju ad slá sig sjálfan á munninn, þá kann-ské, ad illþýdid í veröldinni hefdi sagt, eins og þessir sögdu, ad fyrir Belzebub hefdi hann útrekid Djöflana á sínum hérvistar-dögum; því gaf hann honum og nockurn taum um Postulanna daga, sem er ad sjá af þeirra gjörnínga-bók, og á-medal annara þegar Satan mátti til skammar sér medkénna: Jesúm veit eg, og Pál þecki eg, en hvörjir erud þér? Act. 19. Þad er og líkligt, ad fátækum fiskurum, sem héldust fyrir afskúm veraldar, mundi ecki hafa stórum trúad verid í þeim hlutum, sem svo eru gagnstædir holdligri skynsemi, sem Christs Evangelíum er, hefdi hann ei stadfest þeirra prédikun med þessum og ödrum jafnvægum kraptaverkum. Dásamliga hefir Gud uppbygt sína kyrkju hér á jördunni, hvor sem þar ad vill gjæta, ad hann hefir látid hana vaxa fyrir utan allt mannligt yfirlæti, og alleina af þeim hlutum, sem ecki standa í nockurs manns valdi, nema honum sé þad af Gudi gésid; og er hún í þessu lík Salómónis musteri, sem bygt var fyrir utan allt háreysti, svo þar heyrdist ecki axar edur hamars-hljód, 1 Reg. 6. Segid mér, hvört nockur átrúnadur hefir svo byrjast sem þessi? edur svo leingi stödugur stadid, nema honum hafi framfylgt verid af mannligu valdi? en sídan hinn alhagi Smidur hafdi svo fastan grundvöll lagt fyrir Spámennina og Postulana, Eph. 2, og allra helst fyrir hinn sterka Hyrníngar-stein, hvörn Gud hefir sett í Zíon, Esa. 28, ad hann yrdi höfud hirníngar um aldur og æfi, svo ad vel mátti ofan á byggja, þá hefir hann látid spádómunum slota og kraptaverkunum linna. Gud gjörir eingan hlut forgéfins, og svo

sem það var ecki nauðsynligt að Guð talaði framar við mennina, eður opinberaði sig eptir Postulanna daga og Spámannanna, þar allur Guðs vilji er opinber í þeirra bókum og psálmum; svo lagði hann og hapt á Andskotann, eptir það hann ei þurfti framar að auglýsa sína miklu makt á honum. Eg veit eingin rök til, að Guð hafi géfið Satan nockurntíma taum alleina til að kvelja mennina, því hann hefir nóg ráð til að straffa syndir vorar án þess, heldur annaðhvort til að reyna sinna barna trú, eður sjálfum honum til hegníngar; eða segið mér, nær Satan hefir auglýst sína makt, nema sér til svívirðu og sínu ríki til niðurdreps? Síðan Guði hefir nú þóknast að brúka önnur meðöl til að stjórna með sinni kyrkju, sem er hið skjæra ljós Evangelíí, þá vill Guð ecki leika fyrir mannligri forvitni með opinberunum eður kraptaverkum, þar þeir eru ó-affsakanligir, sem eigi vilja Guðs orði trúa. Heródes vænti að hann mundi sjá teikn af Jesú, Lúc. 23; en Jesús var ecki í heiminn kominn til að skémta Heródí; Satan vildi einnin að hann auglýsti sitt almætti á steinunum, Matth. 4, en Christur sýndi honum að hann var sá almáttugi Hyrníngar-steinn, sem hans höfuð hefir í sundur-brotið. Þetta fólk beiddist eptir teikni af himni, og þótti það ecki nóg að þeir sáu Djöfulinn útrekinn, en Herrann sagði þeim skyldi ecki teikn géfast nema Jónæ spámanns, Matth. 12, því eins og Jónas var Niníve, mundi Mannsins Sonur verða þessari kynslóð; en þeir sem nú ecki vilja Guði trúa, nema þeir þykist Djöfulinn sjá, skulu eckert teikn fá, nema Mannsins Sonar, hvörs greftrunar- og upprísu-teikn að Jónas var; og vilji þeir ecki þar með nægjast, munu þeir sjá hans teikn í skýum himins, er hann kémur með makt og miklu veldi, Matth. 24, að fordæma bæði þeirra hjátrú og þeirra vantrú, sem á jörðu byggja.

Í annann máta vil eg taka mér orðsök af þessum mállausa manni til að skoða, á-samt yður, hvört ecki er sumum mönnum í veröldu þessari eins mikið á-fátt í andligri, svo sem honum var í líkhamligri heilsu. Ei þurfum vér lángt að leita að dæmum þar uppá; hvörra kostur var betri, þeirra er sögðu, að Jesús ræki út Djöflana fyrir Belzebub, eður þessa mállevsíngs? Í hinu fyrsta boðorði hefir Drottinn tilreidt sér eitt musteri í manninum, segjandi: þú skalt ecki hafa annarliga Guði fyrir mér, Exód. 20; hvað hann útleggur í öðrum stað, segjandi: elska skalt þú Drottinn Guð þinn af öllu hjarta þínu, og allri öndu þinni, og öllu hugskoti þínu, Devt. 6; en strax í öðru boðorðinu hefir hann skickað kénnimann til þessa musteris, sem er túngan. Þegar kénnimennirnir í gamla Testamentinu fóru til frétta við Drottinn, þá leituðu þeir hans optast í helgidóminum; svo tekur og túngan af hjartanu allt það hún tala skal, og af þess nægð mælir munnurinn; en segið mér: verður nockuð Guðs musteri helgað, þó þar væri hégómlig æfintýr og skröksögur þuldar? enn síður verður hjartað helgað með fánýtum þaunkum, að eg tali ecki um skammarlig orð og fíflsligt hjal, sem kristnum sómir ecki, Eph. 5. Svoddan er undarlig þögn í Guðs eyrum. Davíð býður að menn séu ecki eins og hestar og múlar, hvörjum menn verða bitil og beisl í munn að leggja, Ps. 32; en það er sorgligt að vita hvörsu mállausar sképnur eru fremri mörgum Guð-lausum, sem vanhelga hans h. nafn, forsmá hans orð, hæða að hans þénurum, spotta hans kénníngar og aldrei eður allsjaldan taka sér hans dýrðarfulla nafn í munn, nema þá þeir ljúga eður sverja. Afsnan talaði forðum daga

Núm. 22, þegar Gud sendi sinn Eingil til Balam ad mótstanda honum og hún taladi rétt; en þau ótomdu villidýrin, sem ad nú uppalast í heiminum á Andskotans stalli, hafa lært annad=hvört eckert edur íllt ad tala, þá Gud sendir sína Eingla, Mal. 2, þad er sína kénnimenn til þess ad leida þá til himnaríkis; eru ecki svoddan fráleitar manneskjur haldnar af dausum Djøfli? Eg vil nú ei tala um bænræktarleysid í heiminum. Hvor er sá, er leiti ad Drottni og ákalli hann í neydinni, Ps. 59? Menn látast koma saman í húsi Guds, og menn krjúpa þar nidur til ad fridmælast vid hinn Almáttuga; en Gud gjæfi þad væri med sannri trú, lítilæti og audmjúkum anda. Allt þad sem ecki er af trúnni, þad er synd, Róm. 14; sá sem bidur án trúar, hann bidur ecki einúngis forgéfins, heldur gjørir sína bæn ad synd, svo sem Davíd óskar þeim ógudligu, Ps. 109; og menn lasta Gud meir enn dýrka med svoddan bænum, verandi ecki einasta málhaltir, heldur verr enn mállausir fyrir honum. Ecki þarf mikinn ordafjølda til ad vera málsnjall fyrir Gudi, sem er hjartnanna og nýrnanna rannsakari, Jer. 17; eingin sá Mósis varir bærast, Exód. 14, og sagdi þó Gud vid hann: því hrópar þú þannin til mín? konan sem umgétur, Matth. 9, taladi ecki ord frá munni, heldur sagdi med sjálfri sér: ef ad eg mætti ad eins snerta fald hans klæda, þá munda eg heilbrigd verda; þó vard miskunsemdanna Afgrunn ad birta sig fyrir henni med þessum ordum: vert þú hughraust dóttir! þín trúa gjørdi þig heilbrigda. Hvor kann oss hér=um betur ad undirvísa enn sá eingétni Sonur Fødursins, sem er í hans skauti? þar hann segir til sinna Lærisveina, Matth. 6: þegar þér bidjist fyrir, þá verid ecki margordir svo sem heidíngjar, þeir ed hyggja ad þeir fyrir mælgi sína bænheyrdir verdi. Í anda og sannleika ber oss ad bidja, Jóh. 4; þá tala menn nógu snjalt fyrir Gudi, því þad er sá málsháttur sem honum þóknast. Allir menn kostgjæfa ad tala þeirri túngu, sem konúngurinn talar; svo eiga vor bænar=ord Guds ordi samlík ad vera, um hvört Davíd svo talar: Herra! þín ord eru glóandi; og þar eptir vill hann breyta nær hann segir: Herra! mínar varir skulu þínu lofi útfleyta; svo sem heitt vatn í sudunni yfir=geingur og skúmar, hvört ed ei kann leingur ad halda sér í katlinum fyrir hita; og þad kallar St. Páll, Róm. 12, ad vera glóandi í andanum; en þessar glædur hjartans á=stundar hinn vondi málleysis Djøfull ad útslockva á einhvörn hátt, svo þó vér tolum, þá skuli Gud ecki heyra, og þó vér bidjum, skulum vér ecki bænheyrdir verda, og þó vér útbreidum vorar hendur, þá hylji þó Gud sín augu fyrir oss, Esa. 1; því glepur hann fyrir oss í bæninni med hégómligum þanktum, med vantrú, med eptirlaungun til vorra uxa og búgarda, eda med velgju andans, svo vér ecki medteknir, heldur útskirptir verdum af Guds munni, Apóc. 3. Ó, oss auma! vér erum ei betur á oss komnir enn Lazarus, hvor ed ecki kunni ad gánga fyrr enn Christur skipadi ad leysa af honum bondin, Jóh. 11; svo erum og vér, ad vér meigum ecki tala rétt vid Gud í bæninni, nema hann uppleysi fjøtur vorrar túngu, og útreki málleysisins Djøful, en leggi eldkol síns Anda á vorar saurugar varir, Esa. 6. Þannin erum vér nú vid Gud, enn vid náúngan eingu betri. Hvor kann stærri ad vera túngunnar brestur enn sá, nær menn gjøra stóran róg af því, sem eckert er? hvad kann vidurstyggiligra ad hugsast edur talast, enn ad brúka túnguna, hvor ad er einn hinn besti limur á mannsins líkhama, sem gjørd er til ad lofa

Guð sinn Skapara, til að forsvara sinn náúnga, til að semja frið millum sundurlyndra, að brúka hana, segi eg, til að myrða hinn saklausa, og ljúga líf og æru af sínum náúnga? Lýgin er verri öllum öðrum Andskotans ílsku öndum; því er sá plágaður með vondum Djöfli og þúngu málleysi, er sér hana temur. Öll synd er lýgi, og fyrir hina fyrstu Andskotans lýgi, Gén. 3, er öll synd innkomin í heiminn, og síðan útrunnin til allra manna, og þótt að allir sén ecki að þessu fundnir, þá er þó hér fyrir utan mörg túngunnar vanbrúkan, sem í allan máta er ósæmandi. Þar eru þeir til, er eckert velgjört þykir, utan hvað þeir sjálfir gjöra, og lasta annara gjörðir, jafnvel þær, sem ecki lastverðar eru; falli margvísligir dómar um einn hlut, keppast þeir við að fylla þann flock, er færir á hinn verra veg; þessir eru gjarnan sjálfir hinir síðstu og öðrum lakari, og af því þeir vita að þeir eru sjálfir illa ræmdir, þá ætla þeir að annara óhróður muni þeirra afsökun verða. Þú hræsnari! segir Frelsarinn: drag fyrst bjálkan út úr þínu auga, Lúc. 6. Það væri vel aðgjætandi, að sá væri heilskygn sjálfur, sem dæmir um annars blindni. Eg veit að það er lofligt að segja einum til sinna lasta, því segir Drottinn Guð, Levít. 19.: þú skalt straffa þinn náúnga, svo þú berir ei skuld hans vegna, en það á að vera eptir skynsemi, svo að gaukurinn dæmi ecki um svana-hljóðið, eða hrafninn um sundfuglana. O, Herra Guð! hvör kann að vita hvað opt hann syndgar? Ps. 19. Dæmið ecki, segir Endurlausnarinn, svo þér verðið ecki dæmdir; fordæmið ecki, svo að þér verðið ecki fordæmdir; því með þeim sama mælir, sem þér öðrum mælið, mun yður aptur mælt verða, Matth. 7. Hvað margur dæmir sjálfan sig óvitandi, þegar hann aðra dæmir fyrir sömu lesti, er hann er mest hlaðinn sjálfur? og eckert er tíðara enn það, að menn lýta það á öðrum, er þeir vita með sjálfum sér, viljandi þannin dyljast fyrir mönnunum. Þar eru og svoddan skynlausar manneskjur til, sem lýta sinn náúnga fyrir þá hluti, sem honum er ecki í sjálfs-valdi að gjöra við; svoddan er einn skaðligur ílsku-andi, því hvör hann foraktar fátækan, hann hæðir Skaparan, segir Salómon, Próv. 17; svo er og um hvað annað. Sé einhvör vitgrannur, vesæll, ófríður, málhaltur, eða hefir nockurn þvílíkan brest náttúrunnar, sem hann fær ecki aðgjört, þá finnast þó svoddan vitstola manneskjur, sem ecki skammast sín að hafa þvílíkt að háði. Heyr þú syndugur maður, er hann fátækur, seig mér, í hvörju ert þú auðugri? þar hann vantar fémunina, hvörjum mölur og ryð kann að granda, en þig vantar þeckínguna á Guði og sjálfum þér; er hann vanskapaður og ei svo gjörviligur, þorir þú að segja það ljótt, sem Guð hefir svo vera látið? en lít þig hið innra, ef þú mátt, og skoða hvörnin Djöfullinn hefir afmyndað sálu þína, það þú mátt ecki líta réttu auga til Guðs sképnu; hann er vitgrannur og veit ei hvað gjöra byrjar, hvörju ert þú vitrari? þar þú með sjálfs-þóttanum og hans niðran gjörir þig honum þess fávísari, sem óður maður er heimskum argari. Lúcifer, hvörs að getið er hér í Evangelíó, var af þeim í Samaría, Belzebub kallaður, það er flugna-höfðíngi, og það af því, að ílsku-öndunum í loptinu verður við flugur samlíkt, Eph. 6; en það er þeirra art, að sækja þar mest að öðrum lifandi sképnum, sem þeim er meinsamast, og hvar sem hörundið er af, þar setjast þær á og stínga; þeim eru hinir óguðligu spottarar líkir, sem eru þrótkir

um annars mein, og una sér illa nema einhvør steypti sig, sverja sig svo í ættina ad þeir séu af Fjandanum, um hvørn Páll talar, Eph. 2: ad hann sé einn hofdíngi, sem vald hafi í loptinu, verkandi í þvermódskunnar-børnum. Þessi málhelti drottnar nú svo mjøg í heiminum, ad þótt allir hati hana á ødrum, sem von er, því hún spillir hinum besta hlut, sem er gott mannord og rykti, þá géta svo fáir vanid túngu sína þar-um, og eru þeir af Djoflinum þúngliga plágadir, sem þannin lyndir eru, og væri øllu betra ad þeim væri túngan úr munni skorin, heldur enn ad þeir séu veltalandi til þess ad safna sér þeim syndum, er því valda, ad þeir ecki fá einn vatns-dropa til ad kjæla hana med, nær þeir pínast í helvítis eldi, Lúc. 16, af hvørjum St. Jakob segir, ad þvilíkar túngur séu upptendradar; því ef Endurlausnarinn skipar ad útstínga þad augad, sem hneixlar, Matth. 18, þá er líkligt ad hid sama megi þess heldur um túnguna segja, sem hún er hæfari til ad drýgja fleiri og verri syndir, nær hún misbrúkud er. O, Herra Jesú Christe! þú saklausa Guds-Lamb, sem ecki upplaukst þínum munni, heldur enn saudur til slátrunar leiddur, Esa. 53, virdst þú ad temja vora túngu til ad lofa og dyrka þitt h. nafn á-medan vér hrekjumst í utlegd þessari, svo ad vér þér eylíft lof sýngja megum í dýrd himnanna, med øllum útvøldum Guds børnum, amen!

Sunnudaginn í Mid-føstu.

Gudspjallid, Jóh. 6. Kap.

A þeim tíma; eptir þetta fór Jesús yfir um sjáfar-hafid Galileæ, sem liggur vid stadinn Tiberíadis, og mikill mann-fjøldi fylgdi hønum eptir, þvíad þeir sáu hans jardteikn, sem hann gjordi á þeim sem sjúkir vóru. Jesús géck uppá eitt fjall, og settist þar nidur med sínum lærisveinum; en þá var Páska-hatíd Gydínga nálæg. Og Jesús leit þá upp, og sá ad mikill mannfjøldi kom til hans; þá sagdi hann til Philippum: hvadan kaupum vér braud svo ad þessir neyti? en þetta sagdi hann til ad freista hans þar med, þvíad hann vissi sjálfur hvad hann vildi gjøra. Philippus svaradi hønum: braud fyrir tvø hundrud peninga nægist þeim ecki, svo ad hvør einn fái þá nockud lítid. Einn af hans lærisveinum, sem ad var Andreas bródir Símonar Petri sagdi hønum: eitt úngmenni er hér, sem hefir fimm bygg-braud og tvo fiska; en hvad skal þetta á-medal svo margra? Þá sagdi Jesus: látid mennina setjast nidur ad borda, en þar var í þeim stad gras mikid; og þar settust nidur ad borda, kallmenn ad tølu, nær fimm þúsundir. En Jesús tok braudin, þá hann hafdi þackir gjort, og féck sínum lærisveinum, en þeir feingu þeim sem til bordsins høfdu setst; slíkt hid sama af fiskunum, svo mikid sem hvør vildi hafa. En þá þeir voru mettir, sagdi hann til sinna lærisveina: safnid saman þeim

leifum sem af geingu, svo ad eckert spillist. En þeir sofnudu þeim saman, og fyltu upp tólf karfir medur þessar leifar, af þeim fimm bygg-braudum, hvørjar ad vóru auk þess, sem þeir høfdu neytt. En þá er þessir menn sáu hvørt teikn ad Jesús gjørdi, sogdu þeir: þessi er sannarliga sá Spámadur sem í heimin skal koma. En þá Jesús formerkti þad, ad þeir mundu koma og handtaka hann, og gjøra hann ad konúngi, veik hann einsaman burt, upp aptur á fjallid.

E x o r d i u m.

Einn af þeim gomlu speckíngum sagdi fordum daga, ad náttúran væri ánægd med lítid; en ef vér eigum ad skrifa undir med honum, þá munar nockru hvørnin náttúrunnar þýdíng er tekin, því skiljist fyrir þetta ecki nema sál og líkhami í sjálfum sér, þá er þad satt, ad þau þurfa ecki mikils vid af veraldligum munum sér til vidværis. Þegar líkhaminn er ó-soltinn og ó-frosinn, þá er honum nóg; en þegar sálin girnist ei framar, þá er hún ánægd, og vardar litlu med hvørju þessi naudþurft er uppfyld, því eins vel undi Adam í skinn-kyrtlinum, Gén. 3, og Salómon í allri sinni prýdi, Matth. 6, og Jóhannes ollu betur í úlfalds-feldinum, Matth. 3, heldur en Heródes í sinni purpura-kápu, Act. 12. En sé náttúrunnar glósa tekin fyrir syndum-spilt mannsins edli, þá hefir hún nær því aldrei nóg; hún er eldinum lík, sem þess meir logar sem meir er í hann borid. Blód-sugan sleppir húdinni um sídir, þegar hún er fullordin; en syndum-spilt náttúra sjaldan því er hún legst á; sadníngin er henni ord-sok til æ meira húngurs, og hún verdur aldrei sodd nema med sultinum; vilji nockur sedja hennar sýkn, þá tekst þad ecki med ødru móti, enn ad draga vid hana fódrid, svo hún dragist sjálf upp um sídir. Hvad litils ad náttúran af sjálfri sér vid-þurfi, þad kénnir oss Frelsar-inn hjá Lúc. 12, medal annara, þar hann segir: verid ecki hugsjúkir fyrir ydru lífi, hvad þér skulud eta, eda fyrir ydar líkhama, hvørju þér skulud klædast; er ecki lífid meir enn fædslan, og líkhaminn meir enn klædnadurinn? En þótt ad vor náttúra þurfi ecki margra hluta eda mikillar umsorgunar vid, þá hefir Gud samt tilskickad, ad madurinn skuli med erfidi næra sig af jordunni alla sína líf-daga. Þad gamla løgmál stendur enn-nú í dag óraskad: í sveita þíns andlitis skalt þú þíns brauds neyta, Gén. 3. Gud hefir lofad ad blessa Israels erfidi, Devt. 28, en ecki hans idjuleysi; hann géfur ad sonnu þeim er hann elska sitt braud, þá þeir sofa, Ps. 127; hann lætur himininn rigna, jørdina gróa, fénadinn ávaxtarsaman verda og vøtnin af sér gésa allra handa fiska, þótt madurinn sofi; en samt hefir hann þó ecki hér med leyst ad hann skuli aldrei vaka, eingum hefir hann heitid ad steikt gjæs skuli fljúga í munn honum. Letin er einn lifandi daudi, og vakandi svefn, og vinnur ecki nema til óþocka bædi hjá Gudi og mønnum. Ef nockur réttir einhvørjum ølmusu og hann nennir ecki vid ad taka, hvad kann sá vid því sem géfur? og svo er þad einnvegin, þegar Gud upplýkur sinni mildu hendi, til ad sedja allar lifandi sképnur, og lætur grasid vaxa á jørdunni, fiskin týngast í vøtnunum, fénadinn ávaxtast á landinu, en mennirnir forsóma ad hirda þessar Guds gáfur; er þá nockud skuldin hjá vorum Skapara? lángt frá því. Man lét hann rigna ad sonnu á eydimørkunni, Exód. 16, en sjálfir máttu Israels synir þad saman lesa, og aldrei veit eg ad manninum sé atvinnu sinni lofad, nema hann hafi umsorgun þar fyrir med sinu erfidi, þó ecki med heidíngligri búksorg, med hvørri Gud bannar ad þýngja hjørtun, Lúc. 21. Í einu ordi ad segja, ad leita fyrst Guds-ríkis og hans réttlætis, svo oss allt annad gott tilleggjist, Matth. 6; þad er sá rétti vegur. En þadan frá liggja tvær villi-gøtur, ønnur til leti og ómennsku, ønnur til ofmikillar áhyggju. Bádar verda oss bannadar í upp-lesnu Evangelió; af hvørju eg vil þad alleina tala í þetta sinn: hvørnin vér eigum kristiliga og ærliga ad leita næríngar vorrar. Hjálpa oss hér til gódi miskunsemdanna Fadir fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Í upphafi þessa h. Evangelíí heyrum vér, b. G. e. ad þegar vor Herra fór yfir um sjóinn, sem liggur vid stadinn Tíberías, þá hafi mannfjøldi mikill fylgt hønum eptir, þvíad þeir sáu þær jarteiknir, er hann gjørdi á þeim sjúku. Sannliga hefir þad verid eyrindi þessa fólks, ad heyra Jesúm og hans kénníngar, hvørjar hann stadfesti med kraptaverkunum; þeir telja ecki eptir sér ad fylgja hønum eptir, þó hann geingi á eydímørku, því Jesús géck uppá eitt fjall, segirTextinn, og þeir fást ecki um þad, ad þeir høfdu eckert til matar med sér, og ei heldur var þar ad fá í óbygdinni. Lær hér af, kristinn madur, hvørnin þú átt ad haga dagliga þínu framferdi; þessir vóru 5000 ad tølu, en Gud gæfi ad 5 fyndust í mørgum þúsundum á=medal vor, sem láta sér umhugad vera, ad leita fyrst Guds=ríkis, og hans réttlætis, ádur enn þeir fara ad þýngja sitt hjarta med sorgum þessarar næríngar. Ecki er hér gétid um ad þetta hafi skéd á sabbats=edur hvíldar = degi; þad hefir og ecki verid, því annars mundi Drottinn hafa birtst í samkundunni, og ecki verid á reisu þann sama dag; þú skalt og ecki meina ad þad sé nóg, ad þú hlaupir til kyrkjunnar hvørn helgan dag; hvørn dag áttu ad offra Gudi þackargjørdinni, því hvørn dag er hans miskun ný og fersk yfir þínu høfdi, Thren. 3; þú medtekur á hvørjum degi þitt dagligt braud med þínum munni, því á og þinn munnur dagliga ad lofa og prísa hann, sem þig og allar lifandi sképnur mettar med sinni velþóknan; en þú ert hirdulítill þar=um, og þér þykir þeirri stundu ílla varid vera, sem þú géfur Gudi til ad bidja hann um sína blessan, eins og hønum sé veitt í því ad miskuna þér. Hvørn afgud gjørir þú sjálfan þig? meinar þú ad einnar stundar erfidi dragi þér meira enn hans adstod, sem í einu augnabliki snéri vatni í vín, Jóh. 2; sem med sinni blessan mettadi 5000 manns af 5 bygg=braudum? mun þitt vikuverk med allri þinni áhyggju verka meir enn hann, sem á 6 døgum skapadi hid dásamliga stórvirki himins og jardar? Gén. 1; og þó ert þú svoddan sjálfbyrgíngur, ad þú vilt ecki fá hann í lid med þér, ádur enn þú geingur til þíns erfidis. Veitst þú ecki ad madurinn lifir eigi af einusaman braudi, heldur af sérhvørju ordi, sem framgengur af Guds munni, Devt. 8. Tveir vegir liggja til alls=nægta í heiminum; annar í=gégnum mikil umsvif med Martha, Lúc. 10, en annar med Maríu, ad þvo fætur Jesú med sínum tárum, og þerra þær med hár=lockum sínum, Jóh. 11. Ecki segi eg ad þessar leidir kunni ecki saman ad liggja, og þótt sinn fari hvørja, ad þeir kunni ecki bádir ad hafa sama nætur=stad, því Martha og María kunna vel ad forlíkast í einu húsi, þó svo, ad hin gjøri ecki þessa afskipta edur klagi yfir henni, því hún hefir útvalid þad góda hlutskiptid, Lúc. 10. Luckuligt er þad hús, hvar forsjón og gudrækni haldast í hendur, svo ad María bidur, en Martha stydur; en skuli annars=hvørs án vera, þá er sá lángtum beinni, sem liggur réttlínis til Guds, heldur enn hinn, sem lætur oss flækjast í kríngum hans sképnur. Vor áhyggja og erfidi kann ad bregdast; hvad margur vinnur baki brotnu, og þrífst ecki samt? en gudræknin hefir aldrei nóckrum brugdist, heldur verda þeim allir hlutir ad gódu, jafnvel sjálfur skorturinn, sem ad Gud elska, Rom. 8; séu þeir líkhamliga voladir, þá eru þeir í Gudi ríkir; séu þeir foraktadir í heiminum, þá eru þeir þó mikils metnir í himninum. Skal eg kalla hann ríkan, sem á mørg naut og saudi, og ecki miklu heldur þann, sem á himins og jardar

Skapara? ef Gud blessar ecki sína þjónustu med ríkdómi, þá bregdst þad þó aldrei, ad hann blessi hana med sjálfum sér. Sá er ecki ríkur sem mikid á, heldur hinn sem lætur sér nægja; en hann sem hefir Gud, hann er altíd ánægdur, því þegar hann hefir Drottinn, þá skeytir hann hvorki um himin né jørd, Ps. 73. Mig skal ecki furda, þó Gud láti á-stundum sína elskendur vanta audlegd heims þessa, því hann hefir géfid þeim lángtum betra, sem er sjálfan sig. Þegar nockur hledur sitt skip med nytsamliga voru, þá léttir hann á sér barlestinni; hvad skyldi hann, sem fullur er af Gudi, vilja þýngja sig med mammóna? og mun hann ei alla vegana varast Djøfulsins snørur, sem Gud hefir einusinni veiddan í sínu neti? Sá sem Gud hefir, hann hefir meir enn allt, og hann sem ecki hefir Gud, hann hefir minna enn ecki neitt; svo verdur géfid þeim sem hefir, og tekid frá þeim sem ecki hefir, einnegin þad hann hefir edur meinar sig hafa, Marc. 4. Vér heyrum framvegis í Guds-spjallinu, ad Drottinn segir vid Philippum: hvar kaupum vér braud, svo ad þessir neyti? Allt vald hafdi Jesús á himni og jørdu, Matth. 28, þó rádgast hann um þetta vid sinn lærisvein, hvar þeir kynni fædslu ad kaupa; med hvørju ordi hann bendir þér til, kristinn madur, hvørnin þú átt ad leita þinnar atvinnu, sem er í allan leyfiligan máta; ecki ad Andskotans rádi, því hann stelur øllu því hann rædur til, og ert þú þá hans þjófsnautur, ef þú fyrir hans áeggjan útvegar þér fóstur; ecki med okri, því Drottinn segir: þú skalt ei fá þína penínga þínum bródur til okurs, Devt. 23; ecki med kúgun edur harddrægni, því Gud hefir audstygd á þeim, sem selur lítilmagnan fyrir einn peníng, og hinn fátæka fyrir einn skó, Amos. 2. Næst þessum sitja í Andskotans ríki þjófarnir, sem útrétta sínar hendur til annarligra fjármuna, um hvørja St. Páll segir, 1 Cor. 6, ad þeir ecki eignist eylíft líf; og í sannleika þá er þjófurinn svívirdíng, bædi fyrir Gudi og mønnum; ad sønnu segir Sýrach, kap. 20, ad lídanligri fé þjófurinn enn lygarinn, þó muni bádir til ólucku verda. En þegar einn ódáda-skélmir tvinnar hvørutveggja saman, mun hann ecki flétta óluckunnar snøru handa sínum eiginn hálsi? og þótt hann meigi umflýa þá tím-anligu, þá er eckert vísara, enn ad hønum sálgad verdi med eylífri kirkíngu í helvíti, því eg hafdi nærri því sagt, ad þad væri þjófsins lucka, ef hann yrdi heingdur, ef ské mætti ad gálginn fríadi hann frá helvíti. Heyrid þér, Satans-børn, ef nockrir erud, sem meigid ord mín heyra, edur til þeirra spyrja: erud þér enn nú ecki óþyrstir vordnir af blódi fátæks almúga hér í landi? nær viljid þér láta af ad útsjúga hús þeirra sem ydur forsorgun veita med sínu erfidi? skulu Guds-børn leingi bera ydar svívirdíngar? á Gud oss leingi reidur ad vera fyrir ydar sakir? geingur ydur þad ecki til hjarta, ad hann straffar þá fyrir ydar skuld, sem ydur ala? hafid þér ecki heyrt, hvørsu Gud vard reidur vid Israel fyrir ein-saman Achans þjófnad? Jós. 7; vitid þér ecki hvad Drottinn segir hjá Zach. 5: þad er sú bølvan, sem útgeingur yfir landid, því allir þjófar verda sagdir frómir eptir þessu bréfi, en eg vil þad framkoma láta, segir Drottinn Zebaoth, ad þad skal koma yfir þjófsins hús, og þess hús, sem sver falskliga vid mitt nafn, og þad skal blífa í þeirra húsi og eyda því med þess stockum og steinum. Þeinkid þér þá, fyrst hann lídur ydur ad plága sín børn, medan ydar tími yfirstendur og makt myrkranna, þad Gud muni vera eins og þér, af því hann þegir, Ps. 50, og sér þó þetta, og ecki vitja um sídir ydar ógudligs athæfis,

sinni reidi, sem ad brennur allt til nedsta helvítis? Devt. 32. Þar fyrir látid af illu, ó, þér eytur-ormar og nodrukyn! og lærid gott ad gjøra, Esa. 1; hvør hann hefir stolid, hann steli ei framar, heldur erfidi med høndunum! Eph. 4. Maurinn er einn veikur hópur, þó utvega þeir sína fædslu um sumar-tíman; kúníñinn er og veikur lýdur, þó byggja þeir sitt hús á steinum; gras-hoppurnar hafa eingan konúng, þó gánga þær allar út í hóp; gaungu-rófan vinnur med sínum fótum, og er í konúnganna híbýlum, Próv. 30; þetta gjøra hin vesælustu kvikindi jardar; en hvad gjørid þér, sem Gud hefir géfid skynsemdarfulla sál í heilbrigdum líkhama? O, þér hin hreckvísa kynslód! hvørsu viljid þér umflýa Guds reidi og fyrirdæmínguna? Matth. 23, nema þér ydrist af hjarta. Gudspjallamadurinn segir, ad Jesús hafi talad þessi ord til ad freista hans med, því hann vissi sjálfur hvad hann vildi gjøra; þú skalt og ecki láta þig þad undra, þótt Gud reyni sína, kristinn madur! Gud freistar ad sønnu einkis manns til ílls, segir Jakob, kap. 1; en til góds freistar Gud mannsins, svo ad reynsla vorrar trúar finnist gullinu dýrmætari, 1 Pet. 1, til lofs og dýrdar Christó. Abraham vard freistadur, Gén. 22, svo hann væri fyrirmyndun allra Abrahams sona; sú kananiska, Matth. 15, svo einginn ørvænti, þótt Gud megi þegja um stund vid bænum sinna barna. Merkiligt er þetta, ad Drottinn spyr Philippum ad þessu framar ødrum; sannliga, því hann hefir trúarveikur verid, svo ad, þad dýrdliga kraptaverk, er hann vildi gjøra, mætti þess betur gánga honum til hjarta; eda hvad segir vor Herra, Jóh. 14, vid sama lærisvein, er hann beiddi ad hann sýndi þeim Fødurinn: trúir þú ecki ad Fadirinn er í mér og eg í honum? og varla ødruvísi vóru hinir lærisveinarnir á sig komnir, hvar fyrir Endurlausnarinn straffar þá, Matth. 16, þá þeir høfdu braudid eptirskilid, segjandi: ó, þér lítiltrúadir! enn þá skiljid þér ecki, munid þér ecki þau 5 braudin, þar ed voru 5000 manna? og hvad margar karfir þér upptókud. Svo vill nú vor Jesús med reynslunni og auglýsíngu síns almættis midt í freistíngunni smámsaman innplanta trúna hjá sínum lærisveinum, og sama gjørir hann enn nú í dag, þá hann hjálpina undandregur, edur lætur venjulig lífs-medøl bresta. Gud nádi, þótt menn séu Christí lærisveinum í flestu ólíkir nú í heiminum, þá finnast þó margir þeirra líkar í þessu; braud fyrir 200 penínga nægir þeim ecki. En hvad gjørum vér? strax sem vér høfum ecki fullan maga matar, þá er þar munnurinn fullur ørvæntíngar; ef þar er ecki allt fyrir augunum sem eta skal, þá segir hinn vantrúadi: þótt Gud gjøri glugga á himininn, þá kann þad ecki ad ské ad menn lifi, 2 Reg. 7; en hinn matvandi gétur ecki lifad vid þad léttmeti sem dagliga fellur, hann segir: hvar vill þessi géfa oss kjøt á eydimørku? Núm. 11; sýnist nockud ómøguligt, þá hædir mannlig skynsemi þar ad. Hvørnin skal þessi géfa oss sitt hold ad eta, og sitt blód ad drecka? Jóh. 6; þessi ørvæntíngarinnar- og óþolinmædis-ord byrgja tídt og opt aptur Guds miskunar idur, svo hann lætur hinum gudlausa verda eptir trú sinni. Heyrid þér mér, er þá nockurt ord ó-máttugt fyrir Gudi? hann sem skapad hefir steininn, kann hann ecki ad géfa vatn af honum? Núm. 20; hann sem gjørt hefir vatnid, hvad létt veitir honum ad umhverfa því í vín? Jóh. 2; er honum nockud bágara ad láta mig finna gull í fiskfins munni, heldur enn í filsnum jardar? Er ecki hrafninn grádug sképna; þó lét hann Elíam fá af hans munni kjøt og braud, 1

Reg. 17; pressar nockur oleum út af leir-kérum, og þó fylti Spámannsins bæn og eckjunnar trú svo mørg kér allt á barma, 2 Reg. 4. Þú segir Gud gjori ecki kraptaverk á þessum døgum svo sem Elíæ; eg medkénni þad, því þess gjorist ecki þorf; Gud hefir gjort svo mørg kraptaverk sídan Elíæ-daga, ad sá sem ecki vill Gudi trúa fyrir þau, hann mundi ei heldur trúa, þótt hann sæi Elíæ kraptaverk; þar eru ei heldur margir á vorum døgum, sem þjóna Gudi eins og Elías; væri þar Elíæ trú, hans árvekni og ástundan í Guds þjónustu, þá trú mér til, ad Elíæ Gud er einn og hinn sami, og ecki umbreytist hann. Þú segir: Gud gjorir eingin kraptaverk; en hvort er meira ad gjøra alla hluti af eingu, Gén. 1, eda ad gjøra vatn ad víni, eda steina ad braudum; mér sýnist eckert meira kraptaverk enn þad, ad Gud kann ad forsorga þann vantrúada. Lærisveinarnir gátu ecki útrekid Túnglmeina-djøfulinn fyrir þeirra vantrúar sakir, Matth. 17; en eins mikid vald hefir Gud yfir Djøflinum sem yfir ødrum sínum sképnum; því sýnist mér þad yfir-máta mikid kraptaverk, ad Gud lætur hinum vantrúada og óþackláta nockurn hlut ad nockru gódu verda. Þar fyrir e. G. b. ef mannligur veikleiki kann ad koma inn hjá oss, svo sem Christí lærisveinum, ef vér erum þeim líkir í trúarveikinni, þá verum þeim ecki ólíkir í hlýdninni; þeir gjordu slíkt er þeim var skipad, þeir stódu ecki upp í nøsunum á sínum Herra, eins og ad væri þetta ómedal, svo sem ad gjøra vorir þjónustumenn á þessum døgum; sé þeim skipad nockud óvenjuligt, þá hrópar hinn lati, ad þar sé ljón á veginum, Próv. 22. Gjørum því verk kallanar vorrar í Guds ótta, og vørpum allri vorri áhyggju uppá Gud, hann mun því vel til vegar koma, 1 Pet. 5. Jesús tók braudid í sínar hendur, segir textinn: í þær blessudu hendur tók hann þad, í hvørjar Fadirinn hefir lagt alla hluti, Jóh. 3.

Framar segir Gudspjallid ad hann hafi litid augunum til himins og gjort þackir. Ei þurfti vor Jesús þessarar blessunar vid, til ad gjøra kraptaverk fyrir sjálfan sig; þad vottar hann sjálfur hjá Jóh. 11, segjandi: eg þacka þér Fadir, ad þú bænheyrdir mig; en eg vissi þú mundir mig bænheyra, heldur vegna fólksins sem í-kríngum er, svo ad þeir trúi þad þú hefir sendt mig. Þar fyrir skalt þú vita, syndugur madur, hvørjum Gud géfur dagliga sína blessan, ad þinn Endurlausnari hefir géfid þér eitt blessad dæmi hér med, þad þú trúa skyldir, ad þín fanng og fæda verdur þá helst til blessunar, þegar hún er í hans nafni blessud. Þad er ei minna verdt ad gjæta feingins fjár enn ad afla; sømu atferd skal og kristinn madur hafa til hvørstveggja; eg sagdi fyrir skømmu þess skyldi í Guds ótta leita, svo segi eg enn-nú ad þess skal í Guds ótta neyta. Hvad segir Drottinn um þá sem treysta á mátt sinn og megin, Esa. 8: verid illir þér lýdir, og rennid þó undan; herklædid ydur, og hlaupid þó á flótta; búid ydur út, og flýid þó undan; álýktid eina ráda-gjørd, og þar verdi þó ecki af; hafid samtok, en þad hafi þó eingan stad; og allt eins eru søfn manna og addrættir fyrir utan blessan Drottins. Margur hirdulaus meinar ad þetta sé ecki nema fánýtt hjal, sá ed ecki einasta hleypur sem annar hundur til sinnar fædu, heldur og lætur sér aldrei til hugar koma ad bidja Gud ad blessa sín efni. Øll sképnan er gód, segir Páll, 1 Tím. 4, og eckert burtkastandi, ef hún er med þacklæti medtekin, því hún helgast fyrir ordid og bænina; en Gud nádi hvada þackir hin eylífa Miskunsemi má

fá fyrir sína dagliga blessan hjá mørgum manni. Eg meina það sé sannast, að vér setjumst niður að eta á-stundum, og rísum upp til að dansa, Exód. 32. O, manneskja! er þá Guð leingur að svipta enn að géfa, reiður heldur enn miskunsamur að vera, Sýrach. 5. Láti hann oss nockuð mótdrægt tilfalla, það liggur svo þúngt með oss sem blý; en ef hann opnar sínar miskunar-ríku ørlætis hønd, það er hjá oss léttara enn fis. Framvegis stendur í vorum Texta: að Jesús hafi feingið sínum lærisveinum brauðið, en þeir feingu þeim, sem til borðsins sátu; slíkt hið sama af fiskunum, svo mikið sem hvør vildi hafa. Þetta sýnist mér vera ein ágjæt lífs-regla fyrir kristinn mann, hvørnin hann á að høndla með Guðs gáfur, sem hønum eru í hendur feingnar. Jørðin er Drottins og allt hvað þar inni byggir, Ps. 24; sína ráðsmenn hefir hann sett yfir eigur sínar; hvør er sá trúi ráðsmaður, segir Jesús, Lúc. 12, er hans herra setur yfir sín hjú, það hann géfi þeim í réttan tíma það sem þeim ber? sæll er sá þjón, sem hans herra finnur svo gjøra, þá eð hann kémur. Eins og Jesús fékk sínum lærisveinum í hendur brauðið, til að útskipta því meðal borðsitjandanna; svo hefir hann og þeim, er hønum þóknast, afhendt auðlegð þessa heims, til að útbýta meðal þurftugra. Þú skalt ecki meina, kristinn maður, að það sé allt þitt eigið sem þú meðferðis hefir; það brauð sem afgángs er í þínn húsi, er forsorgun hins volaða; sá møttull er þú þarft ecki að brúka, er klæði hins nakta, Lúc. 3; þau faung sem á annan veg hjá þér skémmast og fúna, eru lífsbjørg hins nauðþurftuga; þar fyrir gjørir þú svo mørgum fátækum órétt, sem þú mættir annars þér að skaðlitlu hjálpa, ef þú því inni-heldur, þá hinn volaði, sem er sannur ølmusu-maður, við þarf. Ei þurfum vér að brjóta niður vorar kornhløður og gjøra aðrar stærri, svo leingi vér høfum fátæka hjá oss; kornið liggur iðjulaust í hløðunni og verður kannské um-síðir af ormum uppétið, en hjá hinum fátæka ber það ávoxt, svo sem á akrinum. Svoddan akurmenn eru næsta þarfir; eg vil heldur sá einu korni í munn hins fátæka, heldur enn tíu í jørðina; eg vil heldur fá hinum volaða tíu penínga, enn kasta hundrað á mángarans borð, hann mun því með þúsundføldum ábata apturskila, ef ecki í þessum heimi, samt í upprisu réttlátra, hvar einn vatnsdrykkur mun ecki ólaunaður verða, Matth. 10. Hinn rángláti ráðsmaður var ófrægður við sinn herra, svo sem hefði hann eydt hans gótzi, Lúc. 16; meinið þér ecki og að hróp hins fátæka og eckjunnar, muni ófrægja þá í himninum fyrir lifanda Guði, sem liggja á Guðsgáfum, svo sem ormur á gulli, og ala ágirndina, en fátækur fellur af húngri í frosti og stórri neyð? Því er illa útsóað, sem ofvel er geymt, því slíkt er elds-matur og orma-fæða, en kémur ecki í Guðs kistuna, svo það verði að himneskum fésjóð, hvørjum mølur og ryð kann ecki að granda, Matth. 6. Fordum daga í gamla Testamentinu, þá hafði Guð skilið sér vissar fórnir fyrir syndirnar; ecki í þeirri meiníngu, að blóð uxanna og hafranna kynni að hreinsa samvitskurnar, heldur vóru þar í fyrirmynduð eptirkomandi gjæði, sem er blóðið Jesú Christí, hvørt eð hreinsar oss af øllum vorum syndum; en þessir tíða-síðir eru fyrir laungu afteknir, þar Guðs eingétinn Sonur er í holdinu opinberaður, og hefir fyrir sitt eigið blóð einusinni inngeingið í það allra-helgasta, að útvegaðri eylífri endurlausn, Ebr. 9; þó eiga vorar fórnir og upplyptíngar-offur dagliga að uppstíga í himininn fyrir Guðs hásæti, ecki einasta með bæn og andvarpan, heldur með ølmusugjørðum við

fátæka. Þínar bænir og ølmusugjørdir eru uppstignar fyrir Gud, sagdi Postulinn vid Cornelíum, Act. 10. Þad er sú fórn sem Gudi líkar framar enn blód uxanna og hafranna, þá þad framkémur af trúudu hjarta, því segir Páll til Hebr. 13: gott ad gjøra og ad útbýta gleymid ecki, þvíad slík offur þóknast Gudi. Hvar fyrir mun Gud láta suma menn vera ríka, suma fátæka í heiminum? møguligt er honum ad láta alla vera jafna, og eingan þursa annars med. Margar eru ordsakir þar til, enn þó ecki hin sízta, ad Gud vill láta sig dýrka af svoddan manneskjum; þad þér gjørdud einum af þessum minstu, þad gjørdud þér mér, segir alls holds dómari á sídasta degi, Matth. 25. Mikid er þad, ad Gud, sem er einkis þurfi, vill þiggja í því, sem hinum fátæku er gott gjørt; þar eigum vér ad sýna vora elsku til Guds; þar er skóli vorrar gudhrædsln; þar er þad altari, sem vér eigum ad leggja vora gásu uppá. Ein brúdur skémtir sér vid mynd síns brúdguma þar til hann kémur. Vor meistari er nú tekinn frá voru høfdi og hafinn yfir alla himna; mig hafid þér ecki alltíd hjá ydur, en fátæka hafid þér hjá ydur, sagdi hann, Jóh. 12. Þeir eru hans lifandi eptirmynd, og hans limir sem fara út og austur, og ecki hafa hvar þeir kunni høfdi sínu ad halla ad; eg meina ecki þá, sem fyrir ómennsku sakir bidja um ølmusu, edur hina drambsømu leti-maga, sem alla hluti heimta af sjálfs-valdi, og gjalda bølvan og formælíng í laun, ef þeirra háls er ecki fyltur, heldur þá, sem annad-hvørt hafa slitid sinni heilsu med ærligu erfidi, eda Gud hefir sinn kross á herdar lagt (því ecki heyri eg minn Herra hafa nockurn hlut med sjálfskyldu útheimt, þó hann hefdi allt vald bædi á himni og jørdu, Matth. 28,) þá byrjar ad medtaka í Jesú nafni, og minnast þess, er Drottinn baud, Devt. 15: alla tíma munu þar verda fátækir í landinu; því býd eg þér og segi, ad þú skulir uppljúka þinni hendi fyrir þínum bródur, sem þurftugur og fátækur er í landinu. En þá þeir vóru nú mettir (segir Textinn,) sagdi hann til sinna lærisveina: safnid saman þeim leifum, sem afgángs eru, svo ad eckert spillist, og ad þeir hafi fylt upp tólf karfir med afgángs-leifar. Hér kénnir vor Endurlausnari þér, syndugur madur, løgmál kristiligrar forsjónar, sem er ad hirda vel Guds gásur. Gud sá allt þad hann hafdi skapad, og sjá þad var allt harla gott, segir Ritníngin, Gén. 1; ef þad var allt gott fyrir honum, í hvørs augliti himnarnir eru ecki hreinir, Job. 15, skyldi þá nockur sképna vera svo audvirdilig í þínum augum, ó, þú sauruga manneskja! ad þú vildir þar ecki um-hirda? Ó, Herra Gud! vorar syndir, vorar syndir, vort óþacklæti og ofmetnadur stendur mér nú fyrir augum. Hvad gjørum vér á þeim gódu tímunum, þegar Drottinn lætur sína blessan án mælíngar falla af himnum ofan í vort skaut? munum vér næsta hirtnir vera í landi þessu ad samanfafna þeim leifum, sem afgángs verda? er ecki allur annar hégómi dyrmæt-ari í vorum augum enn þad, sem Gud géfur oss til fósturs? velgir ecki vora þjónustumenn vid dagligri fædslu? hirda menn stórt um ad nýta Guds gásur svo sem gjøra mætti? Þessar syndir berum vér sídan; kann-ské þad kæmi sér ærid vel í dýrtídinni, sem einginn nýtir þeg-ar allt er nóg. Ó, hvad margann kann þá ad húngra eptir því, sem hann nú fóttredur! Þó kostum vér skuldinni uppá Gud, en einginn gáir ad því, ad oss er þessi hefndin næsta maklig, og ad vér høfum þad og annad þúsundsinnum verra forskuldad. Látum oss þess-

ara synda ydrast, børn mín, og þær til hjarta gánga med gudrækiligum ásetníngi ad breyta forsjálliga framvegis. Gud hefir eingan hlut gjørdan forgéfins; svo vill hann og ecki láta illa né ónaudsynliga þar med fara. Svo er og ei heldur Gudi þæg metordagirnd þeirra, er sóa Guds gáfum til ad útvega sér stórt nafn þar med. Hvad talar Drottinn um þá, er gjøra sínar ølmusur fyrir mønnum? sannliga segi eg ydur, þad þeir hafa sín laun úttekid, segir hann, Matth. 6, þad er hégóma-dýrd og fánýtt hrós mannanna. Frelsarinn lét géfa þessu fólki ad eta, þar til þeir vóru mettir, því er af-géck skipadi hann upp ad safna; þad er kristiligt ad metta maga hins húngrada, en ad sedja auga hins gráduga, er ónaudsynligt. Þar eru margir, sem menn gjøra verri med of-miklu ørlæti og altíd reidubúna til ad gapa eptir sama; þad er gudrækiligt ad safna nægtum, þegar vel geingur, svo þar sé til ad hjálpa af í þeirri vondu tíd; þad er ein góð forsjón ad minnast þess umlidna, hugsa um þad nærveranda, og sjá fyrir því ókomna, þó fyrir utan búksorg og ó-kristiliga áhyggju. Jósephs framsýni er hrósad, ad hann fylti kornhlødur Pharaónis á þeim gódu árum, og frelsadi landid af húngri, þá illa géck, hvar fyrir hann kalladist: Landsins Fadir, Gén. 41. Þad er og hálfu verra ad eyda ónaudsynliga uppá sjálfann sig í ofmetnadi klædnadarins og óhófi matar og dryckjar. Ad sønnu hefir Gud ecki bannad ad hafa inndæli af sínum sképnum, þó svo, ad menn gledji sig med ótta, og gleymi ecki hinum þurftuga. Ecki er víst, ad dómur hins ríka hefdi vordid svo skélfiliga strángur, hefdi ei Lazarus legid vatnandi fyrir hans dyrum, Lúc. 16. Sjálfur Gud hefir géfid eitt løgmál hér um sínu fólki, Devt 16: þú skalt vera gladur fyrir Drottni þínum, þinn sonur og þín dóttir, þinn þénari og þín ambátt, Levítinn, sem er innan þinna portdyra, hinn framandi, hinn fødurlausi, og eckjan, sem er hjá þér í þeim stad, sem Drottinn Gud þinn hefir útvalid þad hans nafn skuli hjá þér búa. Svo hefi eg nú ad nockru leiti sýnt þann rétta veg til ad leita atvinnu sinnar út af þessu h. Evangelió, eptir því sem eg skil af Guds ordi; svo leitid nú fyrst Guds-ríkis og hans réttlætis, Matth. 6; brúkid leyfilig medøl í øllum ydar athøfnum og útréttíngum; treystid Gudi, ad hann muni ydur og ydar forsorga, þá þér svo gjørid; bidjid þann Almáttuga ad blessa ydar faung, ydar karfir og afgángs-leifar; gleymid ecki hinum þurftuga og volada; látid ydar ølmusur framkoma af trúnni og elskunni til Guds og náúngans; høndlid vareygdarsamliga med Guds gjøf, og verid þacklátir bædi í ordi og verki; gjørid þetta, og munud þér aldrei illa fara! En Drottinn Gud, eylífur konúngur og alleina ríkur! hann uppfylli alla ydar naudþurft eptir sínum dýrdar-ríkdómi í Christó Jesú, Phil. 4, og géfi fyrir hans forþénustu, ad þér ad afstadinni armædu þessa lífs, mættud innleiddir verda í føgnud ydvars Herra, til ad sitja til bords med Abraham, Isak og Jakob, Matth. 8, og mettást af nægdar-gjædum Guds húss: þad bænheyri miskunsamur Gud fyrir sinn Son Jesúm Christum, amen!

Sunnudaginn eptir Mid-føstu.

Gudspjallid, Jóh. 8 Kap.

Í þann tíma, Jesús sagdi til Gydínganna og høfdíngja kénni-

mannanna: hvør er sá af ydur, þad hann megi straffa mig um nockra synd? En ef eg segi ydur sannleikan, hvar fyrir trúid þér mér þá ecki? Hvør hann er af Gudi, sá heyrir Guds ord, þar fyrir heyri þér þau eigi, þvíad þér erud ei af Gudi. En Gydíngarnir svørudu, og søgdu til hans: segjum vér ecki vel, þad þú ert samverskur, og hefir Djøfulinn? Jesús svaradi: eg hefi ecki Djøful, heldur heidra eg minn Fødur, og þér vanheidrid mig. Eg leita ei ad minni dýrd, sá er sem leitar og dæmir. Sannliga, sannliga segi eg ydur: hvør hann geymir mín ord, hann mun ecki daudan sjá ad eylífu. Þá søgdu Gydíngarnir til hans: nú þeckjum vér, ad þú hefir Djøfulinn. Abraham er daudur, og spámennirnir, og þú segir: ef ad sá er nockur sem geymir mín ord, hann skal ecki daudan smacka ad eylífu; hvørt ertú meiri fødur vorum Abraham, hvør ed framlidinn er, og spámennirnir eru og framlidnir? hvørn gjørir þú sjálfann þig? Jesús svaradi: ef ad eg vegsama mig sjálfur, þá er mín dýrd eingin. Minn fadir er sá sem mig vegsamar, hvørn þér segid ydar Gud vera, og þér þeckid hann þó ecki; en eg þecki hann, og ef eg segdi þad, eg þeckti hann eigi, þá væri eg einn ljúgari, líkur ydur; heldur þecki eg hann, og eg geymi hans ord. Abraham fadir ydar gladdist, ad hann skyldi sjá minn dag, og hann sá hann, og vard gladur vid. Þá søgdu Gydíngar til hans: þú ert enn ecki fimtugur, og þó sástu Abraham? Jesús sagdi til þeirra: sannliga, sannliga segi eg ydur, ad ádur enn Abraham var, em eg. Þá tóku þeir upp steina, svo ad þeir kostudu á hann; en Jesús fordadi sér, og geck út úr musterinu.

Exordium.

I annarar Kónganna bókar 9 kap. lesum vér, ad þegar sendimadur spámannsins Elisæi hafdi smurt Jehú til konúngs yfir Israel, þá hafi hans herra þénarar sagt vid hann: hvad vildi þessi vitfirríngur til þín? Svo vóru nú Jórams vildar-menn lyndir, af því þeir ecki þektu Drottins rád. Eg er og hræddur um, ad þótt eg í dag, eptir Guds skipan, vilji smyrja þeirra sálir til andligra konúnga og kénnimanna, sem af Gudi eru, med himnesku oleó, sem er Guds heilagt ord, þá muni eg ecki betur út-líta í þeirra augum, sem holdliga sinnadir eru, heldur enn einn vitfirríngur, þegar eg tala um þá hluti, sem Guds anda eru og holdligur madur ecki skynjar, 1 Cor. 2; og er mér þad fyrir minstu, ad eg af mannligum degi dæmdur verdi, 1 Cor. 4, því gott er ad eiga hlutskipti med St. Páli, vid hvørn Festús landsdómari sagdi, þá hann taladi um Christi pínu og upprisu framlidinna, ad hann væri galinn vordinn, Act. 26. En þad ángrar mig framar, ad hold og blód géfur sér ecki stundir til ad rannsaka djúpt og hæd Guds vitsku, og þá specki, sem hann hefir mønnum opinberad. Þegar Felix heyrdi talad um trúna á Christum, um hreinlífid, um réttlætid, um eptirkomandi dóm, þá skélfist hann vid og lætur bída ad hlusta til þess fyrr enn hann hefir tómstund, Act. 24; Agrippa konúngi liggur vid ad verda kristinn, en fyrir því ad hann hefir

annad ad sýsla, þá dregst þad undan, Act. 26; hinn ríki ýnglíngur vil ad sönnu fá ad vita hjá Jesú, hvad hann skuli gjöra svo hann eignist eylíft líf, en þegar hann heyrir ad hann skuli selja allar eignir sínar og géfa fátækum, þá verdur hann hryggur, Matth. 19. Hvad kémur til þessa? þad alleina, ad menn hafa ecki vel smackad hvad sætur ad Gud er, Ps. 34, og ecki komid auga á þá perluna, sem madurinn sá, og seldi allt hvad hann átti fyrir þá somu, Matth. 13; því einginn girnist þad sem hann ecki þeckir. Og þad er ordsökin hvar fyrir ad Guds h. ord verda af svo fáum medtekin. Þad og annad, ad þar er svo mikill óvinskapur á milli holdsins og andans, Gal. 5, ljóssins og myrkursins, réttlætisins og ránglætisins, Christum og Belial, 2 Cor. 6, Guds kyrkju og skúrgodanna, ad einginn kann til Christum ad koma, nema sá himneski Fadirinn dragi hann, segir Endurlausnarinn, Jóh. 6, hvar til hann brúkar sitt h. ord. En þeir ed ei hirda um ad gánga í ljósinu, eda smacka hid góda Guds ord og krapt epiirkomandi aldar, Ebr. 6, hvornin mega þeir umflýa þad, ad myrkurin höndli þá ecki? samt eru þó Guds ord líf og andi, svo sem Endurlausnarinn vottar, Jóh. 6, og gullid er gull, þó þat verdi af svínunum fót-trodid. Svo er og þad ordid af krossinum Christi heimska þeim sem tapadir verda; en oss sem hólpnir verdum, er þad kraptur Guds, segir Paulus, 1 Cor. 1. Eckert stríd átti vor blessadi Endurlausnari meira vid synduga menn hér á jördunni, enn ad gjöra mismun á milli holdsins og andans, svo ad jafnvel Nicódemus, sem var einn meistari í Israel, Jóh. 3, og gudhræddur madur, hann var í þessu næsta tornæmur, ad eg ecki tali um þann ógudliga hóp Pharisæanna og Skriftlærdra, sem aldrei vildu láta telja sér trú hér-um, og ecki létu sér skiljast þad, þó hann segdi: þér dæmid eptir holdinu, Jóh. 8; þér erud hér ad nedan, eg er ad ofan, og enn nú í þessu samtali, sem Drottinn á vid þann ófyrirlátsama flock Gydínga, heyrum vér, ad á milli ber um þessa spurníngu. Eg vil um þad alleina tala í þetta sinn, hvornin þeim háttad sé, sem af Gudi eru, út af þessum heilögu ordum. Hvor hann er af Gudi, hann heyrir Guds ord. Drottinn géf oss þinn Anda hér til fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Af Gudi eru allir hlutir í öndverdu e. G. b. svo sem þar stendur Gén. 1: í upphafi skapadi Gud himin og jörd, og enn nú er þad svo, ad allir hlutir mega af honum segjast, því hann stjórnar og stýrir öllum hlutum, frá því minsta skridkvikendi jardar, allt til þess stærsta dýrs, sem er í náttúrunnar ríki, og í honum erum vér, lifum vér og hrærumst vér, Act. 17. En ecki er þad þó meiníng vors Endurlausnara í greindum ordum; þeir kallast og af Gudi ad vera, sem í hans nádar sáttmála eru innteknir, svo sem Israel var til forna kalladur Guds fólk, af því þeim var Guds sáttmál og hans ord í hendur fengid eptir Guds fyrirheiti til Abraham. Svo erum og allir vér af Gudi, sem höfum í-klædst Jesú Christó í skírninni, Gal. 3, og eigum ad samteingjast honum í dýrdinni, heilagleikanum og óstraffanligu framferdi, Eph. 6. En eins og því háttad er í voru líkamligu edli, ad menn taka ecki altíd vöxt edur afl né adra kosti í arf eptir foreldrana, og margur er sínum ólíkur þó skyldur sé; svo eru þar fleiri Ismael heldur enn Isak í húsi Drottins, sem ad er kristilig kyrkja, og þeir gánga ecki allir í andanum, sem þó eru í öndverdu af andanum endurfæddir; því er og ecki þetta eiginlig meiníng vors Endurlausnara í þessum ordum, heldur meinar hann þá sem fyrst eru af vatni og anda endurfæddir í skírninni, Jóh. 3, og Jesú Christó fyrir sanna og lifandi trú eru innplantadir, vordnir andligir kvistir á því blessada víntré, sem hann umgétur, Jóh. 15, og bera þar fyrir mikin ávöxt; hvorjum hann hefir géfid makt Guds börnum ad verda; þeim sem á hans nafn trúa; sem ecki af blódinu edur holdsins vild edur mannsins vilja, heldur af andanum eru fæddir, Jóh. 1; þeir ed sýna þad í

sínu framferdi, ad þeir séu fluttir frá daudanum til lífsins af því þeir elski brædurnar, 1 Jóh. 3. Ecki segi eg þeir séu einasta af Gudi sem eru án syndar, því þá yrdi eckert hold hólpid. Ef vér segjum þad vér høfum ecki synd, þá tælum vér sjálfa oss, segir Jóhannes, 1 Jóh. 1; øxin er ecki strax sett til rótar trjánna sem nockur blød folna; þó kvisturinn um nockra stund beri ecki ávøxt, þá er hann ecki strax afhøggvinn. Sá himneski urtagards-vørdur bidur sinn Fødur, ad hid visna tré megi enn=nú standa eitt ár, og hann megi bera myki kríngum þad og rækta þad, Lúc. 13; því mun hann ecki kasta því strax í eldinn sem þad ber lítinn ávøxt. Mun hann nockud útslockva þann lítt loganda hør=kveik, eda þann brákada reyr í sundur=brjóta, Esa. 42; nei, einganvegin! hann mun forsjálliga breyta, svó sem Fadirinn talar um sinn Son, Esa. 53, hann mun auka oss trúna, Lúc. 17, og bidja sinn himneska Fødur fyrir oss þad hún þrotni ecki, Lúc. 22. Heldur tala eg hér um þá, sem syndga ad sønnu, en láta þó ecki syndina drottna í sínum daudligum líkhama, Róm. 6, þá sem af mannligum veikleika gjøra hid vonda, er þeir vilja ecki gjøra, en gjøra þó svo mikid gott sem þeir géta, þar ed einn og hinn sami þjónar Guds løgmáli í sínu hugskoti, en þvíngast þó til af ofbeldi náttúrunnar ad þjóna syndarinnar løgmáli, Róm. 7; og í einu ordi ad segja, sá sem er syndugur ad sønnu, en þó fyrir Christí forþénustu jafnan í Guds augliti réttlátur, og þótt hann syndgi, þá hefir hann árnadar=manninn á himnum, Jesúm Christum hinn réttláta, sem er forlíkun fyrir hans syndir, 1 Jóh. 2. Sá sem þannin er nú af Gudi og Gud í hønum, þegar hann hefir Gud, þá hirdir hann hvørki um himin né jørd, Ps. 73. Vei þeim sem er einsaman! segir Prédikarinn, kap. 4, því ef hann fellur, þá er einginn ad reisa hann, en sá er aldrei einsaman sem Gud er med, því Gud er í og med hønum, Róm. 14; fellur hann, þá stendur hann upp aptur, því Gud reisir hann; ratar hann í nockra villu, þá villir þó heimurinn aldrei svo um hann, ad hann rati ecki heim aptur, því Guds nádarfullt tillit ávítar hann. Hinn gudlausi finnur ei til, þó hann syndgi meir enn hinn daudi, þó hann sé barinn; en þad hjarta sem lifir í Gudi, þad er vidkvæmt vid brodd syndarinnar. Ei þurfti Nathan lengi ad telja um fyrir Davíd, 2 Sam. 12. Drottinn leit einasta til Péturs, og hann géck út og grét beiskliga, Matth. 26. Sá sem af Gudi er, hann yfirgéfur alla hluti Guds vegna, hann er í heiminum svo sem fyrir utan heimin, svo sem fátækur, og þó marga audgandi, svo sem eckert hafandi, en eignast þó alla hluti, 2 Cor. 6. Sá sem um hafid siglir, hann hyxar þó jafnan um hvørnin hann megi komast í góda høfn; hann sem út á akurin gengur til ad erfida, hann hefir þó jafnan sitt hús í þánkanum, og til þess gjørir hann alla hluti, ad hann fái þad vel forsorgad; svo er og hann, sem af Gudi er, þótt hann verdi ad flækjast vid sýslanir heimsins eptir naudþurft líkhamans, þá er hans takmark hjá Gudi, hann sleppir sér ecki svo vid nockurn hlut, ad hann haldi ei hønum; falli hans erfidi hønum létt og vel, þad minnir hann á ad þacka Gudi fyrir sína gjæsku og eptirlæti; vilji þad mótdrægt falla, þá yfirgnæfir þó Guds elska hjá hønum; ok Christí er hønum húnáng í munni, og hans byrdi létt á hans herdum, Matth. 11, því Gud hjálpar hønum til ad bera; hann lærir fyrir Guds sakir bædi hár og lágur ad vera, saddur og húngradur, nóg ad hafa og skort ad lída, og alla hluti formár

hann fyrir þann sem hann styrkir, Jesúm Christum, Phil. 4; þótt hann gángi í gégnum myrkann dal og daudans skugga, þá hrædist hann einga ólucku, Ps. 23; beri svo til ad nockur sé í fángelsi byrgdur, hvad vardar um þad? eg sé Paulus og Sílas eru lángtum gladari í fángelsinu heldur enn þeir sem ad dryckju sitja, Act. 16. Sólin uppljómar þennan vorn hórízont edur sjónhverfis-hríng, og gjörir ásýnd heimsins bjarta fyrir vorum augum, þó gétur ský-flókinn byrgt hana fyrir oss; en hver vill byrgja fyrir mér þá sönnu réttlætisins sól, Mal. 4, kann nockur ad útilykja frá mér Födur ljósanna? Jak. 1; hann sem kom ad luktum dyrum, og stód midt á-milli sinna lærisveina, og sagdi: fridur sé med ydur! Jóh. 20. Kunna nockur myrkur, nockrir múrar ad loka hann úti frá mínu hjarta, svo hann géfi mér ecki sinn frid, hvörn veröldin kann ei géfa, og hún ætlar muni vera helvíti allra eymda? Ef eg er landflótta, munu þeir nockud reka mig þángad, hvar ecki er hönd Drottins? Ps. 139. Sé eg foraktadur af heiminum, þad er mér nóg, ad eg verd heidradur af Gudi; af bádum kunna fáir undir eins virdtir ad verda. Sælir erud þér, sagdi Lausnarinn, Matth. 5, nær menirnir hallmæla ydur og tala í-mót ydur alla vond-sku fyrir míns nafns sakir, þó ljúgandi. Hvört skal eg nú heldur útvelja ad lída íllt med Guds fólki, Hebr. 11, eda ad hafa tímanligt eptirlæti syndarinnar? eg hirdi ei mikid um þá ofundar-menn sem Gud hatar. Hvad létt fellur honum ad forsmá heimin, sem for-smádur er af heiminum; hafi eg mist ágjæti veraldar þessarar, hvad rídur mér á því? þad vóru eingin úrtöku-gjædi, sem svo fallvolt vorn, ad þau kunnu ad missast, og þó eg misti allt þad eg á inn ad húdinni, þá hefi eg þó eckert mist, því eckert af þessu var mitt, þá eg kom nakinn í heiminn, en Gud var altíd minn med einhvörju móti, svo eg lifdi ecki fyrr enn eg átti hann fyrir Skapara, og þad eignar-skjal bættist í skírninni, og vard undir-skrifad med Jesú dýrmæta blódi, og innsiglad med h. Anda, svo ad minn vinur er minn og eg em hans, Kant. 6, allt frá módur-lífi eptir sköpunar- endurlausnar- og helgunar-réttinum, honum vil eg aldrei sleppa, fari allt annad sem audid verdur. Taki hann heils-una frá mér, þá er honum þad í sjálfs-valdi, eg á þar einga sök á, eg bý í leigu-húsi, og á sá sjálfsi ad byggja þad og brjóta, sem er húsbóndinn; hvörki sádi eg né plantadi þad heldur enn Jónas lundin, Jón. 4. Þó mín sála kunni um stund ad verda órólig í mér sem Jónæ, þá veit eg ad sú sótt er ecki til dauda, hún stendur upp þegar minn heilsugjaf-ari tekur í hönd hennar og segir: Talítha kúmi, þad er: stúlka, rís upp! og er mér þad nóg þegar minn betri partur er heilbrigdur, þad er sálin. Þad kann ecki stórum ad veikjast, hvörs kraptur ad Gud er, þad sé mér nóg, ad eg veit eg er af Gudi, og hann er mér nádugur, þá hefi eg frelsi í böndunum, födur-land í útlegdinni, heidur í forsmáninni, ríkdóm í skortinum, heilsu í sjúkdóminum, allshátt̄ada farsæld í allskonar eymdum og hörmúngum. Hvörnin kann sá ad klaga, ad hann vanti ljós, sem býr midt í sólunni? kann sá ad berja sér um armód, sem einusinni hefir eignast allrar veraldarinnar Skapara? hvad kann mig þad ad vanta, sem Kristur sé mér ecki? vil eg hafa mat og dryck, þá segir Kristur: mitt hold er sannarlig fæda og mitt blód sannur dryckur, Jóh. 6; vil eg klædnad hafa, í-klædid ydur Herranum Christó, segir Postulinn, Róm. 13; er eg sjúkur og þarf lækninga vid, þá er Kristur lífsins tré, hvörs blod ad þéna til heidíngjanna lækn-

íngar, Apóc. 22; ef eg vil ugglaus búa, þá flytur hann mig út í einn sterkan kastala; mín sál vonar uppá hann alleina, því hann er mín von, mitt traust, Ps. 18, mín hjálp og mín hlíf, svo eg mun ei falla. Hjá Gudi er mitt hjálpræði, mín dýrd, mitt styrktar-bjarg og mitt athvarf er til hans, segir Davíd, Ps. 62; kvídi eg vid daudanum, þá er Kristur upprisan og lífid, Jóh. 11; og þó ad eg deyi, þá mun eg samt lifa, eptir því sem hann lofad hefir; vilji eg hafi alla andliga farsæld, hvörs kann eg ad óska, sem ad Kristur sé mér ecki? þar hann er mér af Gudi gjördur til réttlætis, helgunar og eylífrar sáluhjálpar, 1 Cor. 1. Allt þetta hefir sá hjá sér, sem er af Gudi, ef ecki svo fullkomliga sem vér viljum, þá samt er þar vilji til hins fullkomna, sem er ædri allri tímanligri far-sæld; því ef Guds fullkomin íbúd er eckert annad enn himnaríki, þar Gud er allt í öllu, því skyldi þá ecki hans vistarvera med oss á jördunni, því skyldi hún ecki vera eitt jardneskt himnaríki? sýnist mér því ad þessar tvær sælur muni ecki í sjálfum sér nema því, ad ein er betri enn önnur, og ein algjördari enn önnur, og eingan annan mun gjörir St. Páll þeirra, þegar hann segir, ad nær þad komi sem algjört er, þá afleggist þad sem hálf-verk er, og ad vér sjáum nú svo sem fyrir spegil og í rádgátu, en þá munum vér sjá augliti til auglitis, 1 Cor. 13; framar, e. G. b. hvad sannarligt er, hvad ærligt er, hvad réttvíst er, hvad hreinligt er, hvad ástsamligt er, hvad vel sómir, er þad dygd nockur edur gott rykti, Phil. 4, þad hugsar hann eptir sem af Gudi er, og þad veitir hönum léttara ad upp-ausa af brunni nádarinnar, heldur enn þeim, sem leita eptir svoddan í frædi-bókum heidíngjanna, hvörjir þótt, um dygdir og mannkosti hafi skrifad bædi vel og viturliga eptir mannligum hætti, þá er því altíd svo varid, ad sá sem dreckur úr óhreinum farveg, hann má vel vara sig vid, ad ecki fljóti saurindin í munninn med, og þó vatnid sýnist tært ad vera, þá smackar þad altíd af leirnum, svo er og þetta; vilji menn af heims-spekínganna vatns-rennum drecka vísdómin, þá er altíd hætt vid ad þar fljóti í-bland nockrar agnir holdligrar skynsemi, sem ad er reidi og fjandskapur í gégn Gudi, Róm. 8; því þó þær séu útrunnar í upphafi af þeim sanna vísdóms brunni, þá fer þeim eins og ödru vatni, ad þad dregur dám af þeim farveg er þad rennur um. Trúid mér, svo eru og spekínganna lækir, ad þeir tapa sínum uppruna, þá þeir renna um leirveltu syndumspilltrar náttúru. Þad sem adrir hafa med stóru erfidi, þad vinnur sá, sem Gud elskar, med stóru eptirlæti. Einn rómverskur heidíngi, þar ed hann lá í sínum lysti-gardi med kunníngjum sínum, og þótti vænt um sjálfan sig, hann sagdi: Gud gjæfi þetta væri ad gjöra vel, meinandi svo, ad væri þad svo inndælt, þá vildi hann aldrei annad gjöra. Enn því er ecki svo varid fyrir þeim, sem Gud elska; létt falla lostverkin, segjum vér, og svo er þad fyrir þeim, sem elska Gud, því þótt ad spillíng náttúrunnar strídi á-móti því, sem Guds anda er, Gal. 5; þá verdur hún þó léttar yfirunnin af elskunni til Guds, heldur enn af náttúrunnar kroptum. Þegar madurinn á einn vin og annan kunníngja, og þeir bidja bádir um sama hlut, þá lætur hann þó sinn vin fyrirsitja, og svo gjörir sá sem elskar Gud, þó hönum þyki torvelt ad láta á-móti holdinu, þá metur hann þó Gud meir. Þar vóru nockrir spekíngar í fyrndinni, er kolludust Stóici, þeir vildu dempa eina tilhneigíng med annari, og setja þær svo í lag; en þad er lángsamt nockud og vinst aldrei vel, því hofudin á þeirri

Hydra *), syndumspiltri náttúru, þau spretta jafnfljótt upp aptur, þó þau séu smámsaman afhöggvin. Elskan til Guds er einn andligur Herkúles, sá ed hálsinn á skrímslinu sundurbrýtur, svo þau ná ecki svo fljótt ad vaxa; hún setur tilhneigíngarnar best í lag, ecki ad hún taki þær burt eins og Stóici vildu gjøra, heldur þvíngar hún þær til ad gjøra sína skyldu, og temur þær med frjálsligum og inndælum þrældómi; hún kénnir elskunni ad elska Gud alleina og eckert annad, reidinni ad vandlæta í Guds stad, øfundinni ad képpast sem hærst í Christí skóla, ørvæntíngunni ad vona einkis góds af heiminum, voninni ad þola og bída, gledinni ad hafa sína unadsemd í Drottni, hrygdinni ad ángrast sinna synda vegna, hrædslunni ad óttast Gud, dyrfskunni ad óttast ei mennina, sem ecki kunna nema líkhamann ad deyda; og hvad er hér margt um ad tala, hvørsu ad allar kristiligar dygdir uppspretta af elskunni til Guds og náúngans? hvørjar aldrei kunna ad skilja heldur enn sólin og birtan; þad útmálar eingin betur enn St. Páll, 1 Cor. 13, segjandi: kjærleikurinn er þolinmódur og vingjarnligur, kjærleikurinn er ecki øfundsjúkur, kjærleikurinn gjørir eckert illmannliga, eigi blæs hann sig upp, hann er ecki offstopasamur, eigi leitar hann þess hvad hans er, eigi lætur hann gjøra sig reidan, hann leitar eigi eptir skada, eigi fagnar hann yfir ránglætinu, en fagnar sannleikanum, hann umber alla hluti, hann trúir øllu, hann vonar allt, hann umlídur alla hluti. Hvad gott nú sé med svoddan móti af Gudi ad vera, þad hefir ecki þeirra eyra heyrt né auga séd, og ecki hefir þad í þeirra hug edur hjarta komid, 1 Cor. 2, sem af heiminum eru; en uppá þad sérhvør og einn kunni ad reyna og prófa sjálfan sig, og vita sitt andligt faderni, þá leggur Drottinn hér til eitt kénnimerki þeirra, sem eru af Gudi, sem er þetta, ad þeir heyri Guds ord; en hvørnin á þad ad heyra? ecki svo sem Júdar, þeir ed heyrdu rædu Stephani, og skárust í hjørtum sínum af hatri, Act. 7; ecki svo sem Evtichus, hvørjum vard svo vært undir prédikun St. Páls, ad hann sofnadi og datt daudur ofan úr vindauganu, Act. 20. Drottinn útleggur sína meiníng sjálfur í þessum texta segjandi: hvør sem geymir mín ord, hann mun ecki daudan sjá ad eylífu; en þó allra best í eptirlíkíngunni um sædid, Lúc. 8, segjandi: ad sædid sem féll í góda jørd, séu þeir sem heyra ordid, og vardveita þad í gódu og sidsomu hjarta, og færa þar af ávøxt í þolínmædi. Þetta er nú víst mark á þeim sem ad eru Guds børn; dragi því eingin sjálfan sig á tálar, sem þetta heyrir, og ætli ecki hann muni vera af Gudi, ef hann ecki geymir hans ord; sá saudur er ecki af hjørdinni, sem ecki þeckir raust hirdirsins, Jóh. 10; sú elskar ecki sinn unnusta, sem ecki gétur heyrt hann tala; sá magi er ecki heilbrigdur, sem ad velgir vid fædunni. Hvørsu má þá Gud lifa í þeirri sálu, sem býdur vid Guds ordi? Þar fyrir, syndugur madur, ef þér leidast Guds heiløgu kénníngar; sért þú tregur til ad gánga þángad, sem Guds ord er um hønd haft; þyki þér fyrir, þá komid er vid þín mein og þínar syndir straffadar; virdist þér þad léttvægt, sem af Guds ordi er fyrirheitid, og þú aktar þad ecki mikils; ef þú hefir ecki ástundun ad framkvæma þad í verkunum sem þú heyrir med eyrunum, svo sannarliga sem Gud lifir í himninum, þar er

*) Hydra var einn vatns-ormur med morgum høfdum, svo sem skáldin dykta; þó eitt væri afhøggvid, vox þad aptur, en Herkúles hjó á hálsinn svo þau uxu aldrei sídan.

ecki hans andi í þér, og þú ert daudur í syndum þínum; hér-um er ecki ad villast, eg segi sannleika í Christó, og lýg ecki. Sálin er annadhvört Guds brúd eda Djöfulsins frilla, segir Augústínus, og þó þad þyki gífurliga talad, þá vitnar sjálfur sannleiksins munnur þad satt ad vera hjá Lúc. 11, segjandi: hvör hann er ecki med mér, hann er á-móti mér, og hvör hann ecki samansafnar med mér, hann sundurdreifir, og svo segi eg, sá sem ecki heyrir ordid, og vardveitir þad, hann foraktar þad; en sá sem þad foraktar, þá mun þad fordæma hann á þeim sídarsta degi, Jóh. 12. Eg hafdi nærri því sagt, ad betra væri ad vera kaldur enn volgur í sínum sáluhjálpar-efnum; af hinum stærstu syndurum hafa vordid hinir bestu menn; hvílíkur var Manasses? 2 Paral. 33; hvílíkur Páll? Act. 9; hvílík hin bersynduga? Lúc. 7. En þad er furduverk, ad af einum volgum skuli verda heilagur madur; hvar fyrir? því hann meinar sig ecki ad vera vondan, hann segir: eg em audugur og ríkur vordinn og einkis þurfi, eins og eingillinn af Laódicea; en Gud segir: þú veist ecki þad þú ert aumur og fátækur og blindur og nakinn, Apóc. 3. O, Herra Gud! vert þú oss nádugur! Gái hvör ad sjálfum sér, því vær eigum allir fyrir sálu ad sjá. Hvör á ad hugga þig í þínu andláti, ef þú hefir eckert numid af Guds ordi? þú vilt Presturinn komi til þín, þá þú berst vid öndina; seig mér, á hann þá fyrst ad undirvísa þér? þegar eyrun heyra ecki lengur, túngan talar ecki lengur; seint er ad herklæda sig þegar á hólmin er komid. Sá sem saung med bíflugum veraldar þessarar á sumartíma lífsins, hann má svelta á hinum bitra kulda-degi daudans. O, hvad gott væri þá ad hafa safnad nockru í kornhlödu síns hjarta af því góda Guds orda sædi, svo þar væri nockud til veganestis í-gégnum þann myrkva dal og daudans skugga, sem er vegur allrar veraldar frá þessu auma lífi, Jóh. 20. Svo áminni eg ydur nú í Drottni og grátbæni fyrir lifanda Gud og ydar sáluhjálp: gángid í ljósinu medan þad er hjá ydur, svo myrkurin höndli ydur ecki, Jóh. 12. Þar eru vondir dagar, Djöfulinn er ofan kominn, hafandi brædi mikla, því hann veit hann hefir stuttan tíma, Apóc 12. Afrækid því ecki Guds heilaga ord, hvört ad er sverd andans, svo ad þér getid mótstödu veitt á þeim vonda tíma, Eph. 6. Finni nockur sitt hjarta ecki rétt skickad til ad heyra þad, hann bidji Gud ad skapa í sér nýtt hjarta, því þad tekur einginn af sjálfum sér; verdi hann ecki svo fljótt bænheyrdur, þá bidji hann aptur og aptur, og vilji þad undandragast, þá bidji hann óaflátanliga, Lúc. 18, dag og nótt, og þreyti vid Gud med bæninni, ad þad Lambid af kyni Júda komi, og taki sjálfur þá læstu bók, og virdist henni sjálfur upp ad ljúka, Apóc. 5. Einginn madur skal telja mér þá trú, ad Gud muni ecki géfa þeim heilagan anda, sem hann þar-um bidja. Komid og med audmjúkum anda undir ordsins heyrn, reidubúnir ad medtaka allt þad, sem Gud hefir befalad, eins og Pétur sagdi vid Cornelíum, Act. 10. Fánýtar og veraldligar hugsanir séu lángt í burtu á þeim tíma, því einginn kann tveimur herrum í senn ad þjóna, Matth. 6, sérdeilis svo ólíkum sem Gud og Belíal eru. Þeinkid ecki svo med ydur: eg veit þetta ádur, eg hefi þad ádur heyrt; því þótt svo kunni ad vera, þá hefir Gud sína tíma til ad verka í hjartanu, og hann er í ordinu, því séu eyrun, sem ad eru dyr hjart-

ans, altíd opin fyrir Konúngi dýrdarinnar. Verid ei Gryckjum líkir, um hvørja Demosteues sagdi: ad þá hann taladi um skugga asnans, þá hefdi hann nóga tilheyrendur, en þá hann taladi um Gryckland velferd, þá stíngi allir fíngrunum í eyrun. Látid svida ránglætínganna taka af ydur þann eyrna-kláda, sem Páll umgétur, 2 Tím. 4, ad þeir vilji heyra þad þeim þóknast og hvad nýstárligt er, Esa. 30; heldur verid lærdómunum og strøffunum h. Anda undirgéfnir. Farid og ei í mannvirdíngar um kénnendanna gáfur edur málfæri, því allt Guds ord er gott, og sá er eckert sem talar, heldur Gud sem verkar; Guds kraptur fullkomnast opt í veikleikanum, 1 Cor. 12. Hvad er Páll? eda hvad er Apolló? 1 Cor. 3; þeir eru þénarar hans, á hvørn þér trúid, eptir því sem hann hefir hvørjum einum géfid. Drottinn var ecki í vedrinu, og ecki í jardskjálftanum, og ecki í eldinum, þá hann taladi vid Elíam í hellirnum, heldur í vindblænum, 1 Reg. 19; svo er og Gud ecki bundinn vid stóra málsnilld, og hans ríki er ecki innifalid í ordum, heldur í krapti, 1 Cor. 4. Sá sem alleina tekur eptir falligum ordum og føgrum máls-greinum, hann sleikir nytina, en kjarnan snertir hann ecki. Vær eigum nytina ad brjóta, ef vér viljum rétt fá smackad eptirkomandi aldar sætleik, hvar oss nun sídan án mælíngar frambodin verda í því himneska brúdkaupi, þar hinn fegursti medal mannanna sona, Ps. 45, mun dryckja hana, sem hans hjarta elskar, Kant. 3, med lifandi vatns-straumum, sem framfljóta af stóli Guds og Lambsins, Apóc. 22. Til þeirrar allra-tignarligustu hátídar ad samansafnast, unn þú oss Konúngur eylífrar dýrdar, og þitt vegsamliga nafn þar eylífliga ad prísa. Bænheyr þad gódi Gud, fyrir forþénustu þíns eingétins Sonar, amen!

Á Bodunar-dag Maríu.

Gudspjallid, Lúc. 1 Kap.

En á hinum sjøtta mánudi var Gabríel eingill sendur af Gudi í þá borg í Galílæa, sem nefnist Nazareth, til þeirrar meyar, er føstnud var þeim manni ed Jóseph hét, af húsi Davíds, og heiti meyarinnar var María. Og eingillinn géck inn til hennar, og sagdi: heil sértú, nádarfulla! Drottinn er med þér; blessud ertú á medal kvenna! En þá hún sá hann, vard hún hrædd af hans ordum, og hugleiddi ad hvílík væri þessi kvedja, Og eingillinn sagdi til hennar: óttast þú ecki, María! því ad þú fanst nád hjá Gudi. Sjá, þú munt barn géta í kvidi þínum, og munt son fæda, og hans nafn skaltú kalla: Jesús; hann mun mikill verda, og kallast Sonur hins Hæsta, og Gud Drottinn mun géfa hønum sæti síns fødurs Davíds, og hann mun ríkja yfir húsi Jakobs og eylífu; hans ríkis mun og eingin endir verda. Þá sagdi María til eingilsins; hvørnin skal þad ské, af því ad eg hefi eingan mann ként! Eingillinn svaradi, og sagdi til hennar: heilagur Andi mun koma yfir þig, og kraptur hins Hæsta mun

yfirskyggja þig. Af því, og það hid helga, sem af þér mun fædast, skal nefnast Sonur Guds. Og sjá þú, ad Elizabeth frændkona þín, hefir og son gétid í elli sinni, og þessi er sjötti mánudur hennar, sem kollud var obyrja, þvíad Gudi er eckert ord ómáttugt. En María sagdi: sjá, eg em ambátt Drottins; verdi mér eptir ordi þínu. Og eingillinn veik frá henni.

Exordium.

Svo sem kalt vatn er þyrstri sálu, svo er gódur bodskapur af fjarlægu landi, segir Salómon, Próv. 25; þad má í dag segja, ad vér høfum gódan bodskap heyrt af fjarlægu landi. Hvad er fjarlægra hvørt ødru enn himin og jørd, Gud og madurinn, himnaríki og helvíti? en hvad heyrum vér hér í Gudspjallinu, br. m.? Vér heyrum ad Gabríel eingill hafi sendur verid frá Gudi; til hvørs? til einnar meyar, sem føstnud var þeim manni, er Jóseph hét, þad er til daudligrar manneskju, og ecki var hann einasta til hennar sendur, þótt hann í þad sinn átti alleina tal vid hana, heldur til alls mannkyns; því lýsir eingillinn á fædíngarnóttu Drottins, er hann sagdi vid hirdarana: eg boda ydur mikin fognud, þann er skér øllu fólki, Lúc. 2. Módir Drottins mátti kallast svo sem umbodsmadur alls mannkynsins af Gudi skickadur, til ad taka fyrst allra vid þessari heilsusamligri Guds nád, er sídan var opinberud øllum mønnum, svo sem vor fyrsta módir tók vid því blessada fyrirheiti, ad kvinnunnur sædi skyldi sundurmerja høggormsins høfud, Gén. 3, vegna allra sinna erfíngja; svo tók og Guds módir vid fullkomnan fyrirheitisins, vid hinn fyrirheitna sædinn, vid sjálfum líkhamanum, sem ádur var fyrirmyndadur í skugganum; því kalla eg þetta gódan bodskap af fjarlægu landi og játa þad satt vera, sem einn sagdi um þessa dýrdligu hátíd: ad hún sé blómstur allra hátída; á henni er kvisturinn af rót Jesse tekinn fyrst til ad blómgast, Esa. 11. Veturinn er umlidinn, stórvidrid er horfid og burtuvikid, og blómsturin láta sjá sig í landi voru, segir í Lofkvædinu, 2 kap.; já, sá blessadi ávøxtur, er sig kallar blómstur akursins og eina lilju í dølunum, hann spratt upp í Nazareth, er þýdist hin blómliga. Lítid var þetta blómstur í fyrstunni; hann var eitt fóstur í módur-lífi, sídan eitt barn, og sídast æfi sinnar vard hann hinn fyrirlítligasti og forsmánarligasti, sem Esajas vottar, Esa. 53; já, minstur allra þeirra, sem hann med sínum syndum kvalid hafa; en fyrir þad hefir hann ádreift marga heidíngja, og útbreidt sína dýrd um allar álfur heimsbygdarinnar, svo ad vér jafnvel, sem hér liggjum á þessum hala veraldarinnar, vér búum undir hans skugga, og þótt vér séum af øllum heiminum forsmádir, samt hefir þó hinn gódi Gud virdt oss þess, ad hann hefir breidt yfir oss sinn klædafald, þar vér lágum alls-naktir á vídavánginum í vorn blódi, og sagt, ad vér skyldum lifa, Ezech. 16; því megum vér ei sídur enn hvør ønnur þjód í heiminum kalla þessa hátíd mikla, og hana med gledi og fognudi halda. Væri ei þessi glediligi bodskapur á jørdu sendur, þá væri Kristur ecki fæddur til ad helga vora fædíng, ecki umskorinn til ad taka á sig løgmálsins bølvan, ecki heidíngjunum birtur, ecki dáinn fyrir syndir vorar, ecki upprisinn oss til réttlætis, ecki uppstíginn til ad bidja fyrir oss, og ecki hefdi hann á hvítasunnu døgum sendt sinn Anda yfir sína Postula. Því má eg segja, ad þessi hátíd ber allar hátídir í skauti sínu, og má þeirra módir kallast; hér hefir Gud Fadir tekid til ad halda brúdkaup Sonar síns, Matth. 22; hér hefir Sonurinn trúlofad oss sér í nád og miskunsemi, Hós. 2; hér hefir h. Andi bygt sér eitt musteri, 1 Cor. 6, ecki einasta í hønum, sem er hid allra-helgasta í þessari kyrkju, heldur og í øllum hans limum, øllum þeim andligum steinum, sem hans helgidómur er bygdur af hér á jørdunni, og af hans fyllíng medtekid hafa, og því vil eg kvedja ydur, br. m. med þeim ordum, er hinir líkþráu menn tøludu sín á-milli fordum daga, er Gud hafdi frelsad Samaríam af hendi þeirra sýrlendskn: þessi dagur er dagur góds bodskapar, 2 Kóng. 7. Skyldum vér þegja yfir því? Kunnug má oss vera vor andlig líkþrá, í hvørri vér gétnir og fæddir erum, því skyldum vér þegja yfir þessu mikla hjálprædi Drottins,

heldur enn þeir, þar í dag er Guðs barna borg af valdi myrkranna frelsuð? því skyldum vér draga vora lofgjörð, vora ydran, vora þackargjörð undan til morguns? Gaungum því nær þessu h. Evangelíó í nafni Drottins, og hugleiðum af því um stund, hvorsu háleitur og gagnsamur að sé þessi leyndardómur. O, Drottinn! styrk oss með krapti þíns Anda, svo að þetta eyrindi megi vel luckast í Jesú nafni, amen!

Útleggíngin.

Það er hægra, br. m. að lofa einn hlut, sem ecki er meira enn almenniligt hróss-verdur, heldur enn þann, sem afbrygdi er allra annara hluta; veldur það því, að menn géta prýdt þá hluti með orðunum, sem að í sjálfum sér ecki eru svo prýdiligir; en hvað skulum vér um þá segja, hvörra dýrd og ágjæti einginn kann með orðum að útmála, svo þegar menn hafa sagt um þá allt það sem hjartað fær uppþenkt og munnurinn úttal-að, þá er þó eckert sagt svo sem verdugt er þvílíkri hátign. Á-meðal þessara dýrdligu hluta kalla eg að vera leyndar-dóm holdtekjunnar Drottins vors Jesú Christi. Hvað sendiförinni sjálfri viðvíkur, þá var til hennar valinn Gabríel eingill, ecki einn almenniligur eingill, heldur einn hofuð-eingill. Veraldligir kóngar og höfdíngjar, þegar þeir leita konfángs sonum sínum til annara konúnga, þá velja þeir til þess eyrindis sína vildustu menn; svo var og Gabríel valinn í þessa sendifør, einn Guðs kappi, svo sem hans nafn hljóðar, og hans eingétnum Syni næsta handgenginn, sem ráða má af Daníels spádóms-bókar 9 kap.; hvor og um sig vitnar, Lúc. 1, að hann standi frammi fyrir Guði. Því-líkur sendiboði hæfði vel svo tignarligu eyrindi. En til hvörrar var hann þá sendur? að sönnu til einnar konúngs-dóttur, því hún vár af húsi og kyni Davíðs, en hvörri þá var øll veraldlig konúngs-tign horfin, svo hún var ein umkomulaus fátæk mey, og svo lítils metin af heiminum, að hún féck ecki annað rúm í gésta-herberginu, enn einn stall til að leggja í sinn frumgétinn Son, Lúc. 2, himins og jarðar konúng. O, hvað satt er það sem Postulinn skrifar: það sem ó-gøfugt er fyrir heiminum og það sem einkis metið er, það hefir Guð útvalð, og það sem ecki er, svo hann afmáði það sem er, 1 Cor. 1. Skír-lífi og heiløg fátækt Guðs móður var miklu dýrdligri í augliti hins hæsta Konúngs, sem er alleina vís og alleina ríkur, heldur enn øll ríki veraldarinnar og þeirra dýrd; annars mundi hann hafa látið hann fæðast af keisarans dóttur, sem þá hafði einvalds-ráð í heiminum, en ecki af einni munaðarlausri stúlku. Hvað þá? mun hans tign nockuð mínka við það, að hann hefir lítil-lækkað sinn Son? fjærri sé því, þar fyrir er hún hvað mest vordin; hefði hann ei svo gjört, þá hefði Sonurinn ecki fengið þjóðirnar og endimørk veraldarinnar til arfleifðar, Ps. 2; fyrir sína holdtekju hefir hann herleidínguna að herfángi tekið; allur heimurinn var undir Djøfulsins valdi, nema Guð hefði heitið því blessaða kvinnunnar sæði, er í dag var í meyar-lífi gétið, en með því hefir hans ein-gétinn Sonur brótið stórt skarð í Djøfulsins veldi, svo að Jóhannes, er hann sá himnana opna, þá sá hann þar fjølda svo mikinn að einginn gat talið, Apóc. 7, og hefir margur síðan viðaukist, já, eykst enn-nú í dag, og mun aukast þar til verøld þrýtur. Þackir séu góðum Guði að eylífu! Satt er það, að ecki má við Guðs hátign auka; hún verdur í sjálfu sér hvorki stærri né minni af vorum vøldum; en þó að þessu sé svo háttað, þá verdur

því ecki neitad, ad Christí persónu hefir mikill sómi aukist í þeim sigri, er hann fe'ck yfir Andskotanum, er hann fletti hann sínum herklædum, á hvor hann treysti, Lúc. 11, en tók sínar heilögu þúsundir af hans hendi, og fyrir þennan dýrdliga sigur, hefir Guds Sonur eptir manndóminum ødlast nafn yfir øllum nøfnum, svo ad í nafni Jesú Christí skulu sig øll kne' beygja bædi á himni og á jørdunni, og undir jørdunni, Phil. 2. En hvørnin hefir hann þennan dýra sigur unnid, nema í voru holdi? sem i dag var í meyar=lífi plantad af heiløgum Anda; í því hefir hann lidid, í því hefir hann sigri hrósad, í því situr hann til Kraptarins hægri handar, og í því mun hann aptur koma til ad dæma lifendur og dauda, en innleida oss, sem á hans nafn trúum, í sitt brúdkaup, og því kalla eg nú þessa sendiför mjøg vegsamliga fyrir þeirra skuld, sem þessa bodskapar notid hafa, því Gud auglýsir hvad mest sitt almætti, sinn vísdóm og sína fødurliga gjæsku í því ad gjøra gott af þeim hlutum, sem í sjálfum se'r audvirdiligastir og verstir eru, svo sem var allt mannkyn í synd og dauda fallid. Frá hvørjum er þessi sendiför? frá Gudi, segir Textinn. Þegar eg Gud nefni, þá hefi eg nóg sagt, einginn er þvílíkur og ei kann nockur í samjøfnud vid hann ad koma, þad kann og einginn manna edur eingla skilníngur ad grípa edur íminda se'r, hvad stór munur ad se' milli Skaparans og ske'pnunnar; hann sem er alvís, almáttugur, eylífur, ómælanligur og órannsakanligur, þar hann býr í því ljósi, sem einginn fær tilkomist, 1 Tím. 6; hann sem ecki einasta skóp himin og jørd af eingu efni, stjórnar þeim, vidheldur og vardveitir þau án alls ómaks og erfidis, frá upphafi skøpunar og inn til þessa dags, heldur kann hann, ef hann vill, ad skapa med einu ordi ótal þúsund veraldir adrar eins og þessi sýniligi heimur er; hann sendir af himnum ofan til syndugra manna, er hann stygt høfdu og til reidi reitt. O, minn Gud! hvad er þó madurinn þess, ad þú minnist hans? Ps. 8. Þegar eg hugleidi þetta, þá smeltist mitt hjarta í me'r út af blygdan, ad svoddan ein ske'lfilig hátign, hann gjørir sendiför ofan af sínu hásæti til vor daudra hunda, til vor syndugra orma, þar ve'r skrídum í leyrveltu þessari, og má he'raf þessa sendiför meiri øllum velgjørdum kalla, þótt eckert annad væri. En hvílíkur er nú þessi bodskapurinn? þad sýnir oss fyrst kvedja eingilsins vid Guds módur: heil se'rt þú nádarfulla! Drottinn se' med þe'r! blessud se'rt þú á=medal kvenna! Hún mátti med øllum re'tti kallast hin nádarfulla, því hún vard módir ad hønum, sem er fullur nádar og sannleika, svo sem Jóhannes um hann vottar, Jóh. 1; og ecki einasta hún, heldur allar andligar Christí mædur, sem er hvør ein re'tt=trúud sála, Matth. 12, er af hans fyllíngu medtekid hefir nád fyrir nád. Drottinn er med þe'r, þú hetja! sagdi eingillinn vid Gedeon fordum daga, er hann heilsadi hønum, Dóm. 6; þad rættist og, því fyrir hans hønd sló Drottinn hel Madíaníta, sem láu eins og eingi=sprettur í Jesreels dal, med þrem hundrudum manns, Dóm. 7. En þótt þad væri mikid Guds furduverk, þá var þad lítid hjá þessu, ad María bar í sínum kvidi þann Drottinn himins og jardar, sem ber alla hluti med ordi síns kraptar, Hebr. 1. Blessud var hún á=medal kvenna, því einginn kvennmadur frá upphafi veraldar hefir svoddan tímanliga sæmd hlotid sem hún, er gjørdist þar módir sem hinn Allra=hæsti var fadir ad hinum Allra=hæsta. En ecki hefir ein re'ttkristin sála, er Jesúm andliga ge'tid hefir, minni blessun þegid, því lýsir hann sjálfur, er

hann kallar þá sína módur, systur og brædur, er hans ord heyrdu, Lúc. 8. Fyrir því er þessi andligi gétnadur svo mikln meiri hinum líkhamliga, sem ad allar andligar gáfur eru hinum meiri og betri, því forgéfins hefdi módir Drottins borid heimsins frelsara í sínum kvidi, nema hún hefdi og borid hann í sínu hjarta; kalla eg hana því sælli þar af, ad hún vardveitti øll hans ord, Lúc. 2, heldur enn af því, ad hann mylkti brjóst hennar, því hvad um þad: sælir eru þeir sem heyra Guds ord og vardveita þad, sagdi hann sjálfur fordum vid kvinnuna, er prísadi sælu hans módur, Lúc. 11. Og svo gjørir nú þessi kvedja eingilsins sendiførina mjøg svo fræga og vegliga, ad eckert kann glediligra upp ad hugsast. Kvedjunni fylgir strax á eptir høfud=erindid, þad flytur Guds sendibodi med þessum ordum: sjá, þú munt barn géta í kvidi þínum og munt son fædi, og hans nafn skalt þú kalla Jesús, hann mun kallast Sonur hins Hærsta ɪc. Mikid er í þessum ordum innifalid, og meir enn syndug túnga megi þad útskíra; hid fyrsta er, ad hún skuli barn géta, þad er manneskju eins og hún var og hennar fedur ad øllum edlis=háttum, ad syndinni einni frátekinni, þad skilur eingillinn undan, er hann segir: ad þad heilaga, sem af henni muni fædast, skuli kallast Sonur Guds; svo var þá Kristur hlutakandi holds og blóds eins og smá=børnin, Hebr. 2; svo sem børnin hafi sitt hold og blód, þad er mannliga náttúru, sál og líkhama af foreldrunum; svo hafi Kristur af sinni módur og fedrunum eptir holdinu, bædi sál og líkhama. Nú segir Drottinn sjálfur vid Nicódemum: hvad af holdinu er fædt, þad er hold, Jóh. 3, og teiknadi hann þar med spilta mannsins náttúru. Hvad þá? var manndómurinn Christí syndum=spiltur? fjærri sé því! þar fyrir stendur hér í Gudspjallinu: Heilagur Andi mun koma yfir þig og kraptur hins Hærsta mun yfirskyggja þig. Til hvørs? til þess medal annara, ad helga og tilreida hennar blód, af hvørju Drottni var líkhaminn tilbúinn, svo ad øll fylling gudddómsins kynni ad búa þar í líkhamliga, Cól. 2. Med hvørju móti þad sé skéd, veit Gud einn, sem er meistari þessa furduverks, um hvørt þad má med réttu segja sem skrifad er um Salómónis hásæti, ad þvílíkt hafi ecki gjørt verid í nockru konúngs=ríki, 1 Reg. 10. Og þad sem eg nú sagt hefi um Christí allra=helgasta líkhama, og þad efni, er hann var myndadur af, þad sama er um hans dýru sál ad segja. Líkhaminn er herbergi sálarinnar, ecki mátti í svoddan herbergi, sem af h. Anda var tilreidt fyrir krapt hins Allra=hærsta, ecki mátti þar byggja nema einn hreinn og heilagur géstur. Mannsins sál hafdi framar syndgad enn líkhaminn; hún var og høfundur syndarinnar í manninum, því mátti hans sála ecki sídur óflekkud vera, sem sálir vorar hefir úr helju leyst, heldur enn líkhaminn. Postulinn segir, ad í honum búi allir fjársjódir vitskunnar, Col. 2. Bjuggu þeir í líkhamanum edur sálunni? í sálunni ad vísu, eins og skynsemin hjá oss og þad gott sem henni fylgir; svo er allur Kristur hreinn og heilagur, sem ei kunni annars ad vera, þar hann var gétinn af h. Anda; því eptir þad eingillinn hafdi sagt, ad heilagur Andi mundi yfir hana koma, þá leggur hann þetta til: og þad heilaga, sem af þér mun fædast, skal kallast Sonur Guds. Og ad menn gángi úr skugga um þad, ad Kristur sé gétinn í meyar=lífi, eins og annad fostur, ad því frátekun, ad þar komu eingin manns=vold til, svo sem hún segir hér vid eingilinn: hvørnin kann þetta ad ské, þar eg hefi eingan mann ként? og Guds Andi

samsinnir henni, Matth. 1, segjandi: ad Jóseph hafi ei ként hana þar til hún fæddi sinn frumgétinn Son. Ad menn gángi úr skugga um þad, segi eg, þá vottar Matth. 1, ad hún hafi fundist þúngud af heilögum Anda, og nockru sídar: ad þad sem af henni gétid var, þad hafi verid af h. Anda, og samt er þó ecki h. Andi fadir ad Christó, heldur tilbjó hann og helgadi, sem adur er sagt, þad efni í lífi Jómfrúr Maríu, sem Drottinn myndadist af, og framkvæmdi svo þennan allra-helgasta gétnad med sínum órannsakanliga guddómsins krapti. Þannin byrjadi allt réttlæti upp ad fylla, Matth. 3, br. m. því þad vard af syndlausu holdi ad lúkast, sem af syndugu var tilunnid; þad musterid vard heilagt ad vera, í hvørri þeirri fórn átti ad offra, sem Gudi líka skyldi fyrir allar veraldarinnar syndir; sá kénnimadur hlaut ad vera óstraffanligur, sem inngánga skyldi, ecki einusinni á ari hvørju (eins og Aron og hans eptirkomendur) heldur ølln einusinni í þad allra-helgasta, ad útvegadri eylífri endurlausn, Hebr. 9; því segir Paulus: svoddan biskup heyrdi oss, heilagur, saklaus, óflekkadur, fráskilinn syndurunum, og vordinn himnunum hærri, Hebr. 7, þad er upphafinn yfir alla himna, hvar þad allra-helgasta er, í hvørt hann er inngenginn og seztur Gudi á hægra veg í voru holdi; og sjá menn aptur af þessu, hvad gledilignr ad sé þessi bodskapur, og þessi sendiför vegsamlig. En þad tekur yfir, kristnir menn, ad Gud er hér madur vordinn. Í sama vetfángi sem heilagur Andi tilbjó Jesú manndóm, svo ad hún gat sinn Son, undir eins og í sama augnabliki tók hinn ønnur guddómsins persóna manndómin í samfélag med sér med svo føstu sambandi og ecki samblandi, ad þad hefir sídan aldrei slitnad, og mun ecki um alla eylífd slitna. Já, daudinn gat þad ecki slitid, jafnvel þótt hann adskildi sál og líkhama Drottins, því annars hefdi hann ecki sjálfur sína sálu apturtekid, hvørja hann sjálfur frá sér lét, Jóh. 10; þetta vottar Guds Andi, sem sjálfur var verkmeistarinn, tvisvar í þessu h. Gudspjalli; fyrst þar hann segir: ad barnid sem hún géta muni, skuli kallast Sonur hins Hærsta, þad er Guds, því einginn er hønum hærri; aptur ad þad heilaga sem af henni mun fædast, skuli kallast Sonur Guds. Takid eptir þessu, br. m., þótt eg tali í fáfrædi um svo háa hluti, þann sem hún gat eins og Guds Son, þann fæddi hún eins og Guds Son, svo ad einginn umbreyting hefir vordid frá gétnadinum allt til fædíngarinnar, í einíngu persónunnar, sem ei er von, því hjá Gudi er eingin umbreytíng né skuggi til umbreytíngar, segir Jakob, 1 kap. hvad þá? er Kristur Guds fodurs náttúrligur sonur eptir manndóminum? ad vísu er hann, en ecki eptir náttúrligum hætti, heldur fyrir einíng hinnar guddómligu og manndómligu náttúrunnar, søkum þess, ad hin ønnur persóna guddómsins, Guds eylífur Sonur tók á sig manndómin, svo gétur þad ecki adskilist, ad sá sem er Guds Sonur frá eylífu, en í tímans uppfyllíngu vard madur, hann er í raun og sannleika ad øllu leiti Guds Sonur, og þar fyrir er hann vor fridur, sem hefir gjørt eitt af bádum, Eph. 2. Menn kunna ad segja, ad hér-um sé ei svo naudsynligt ad tala, og ad menn skilji ei þennan leyndardóm, sem satt er; en svo mikid géta menn skilid, sem Gud hefir viljad láta oss skilja, oss til sáluhjálpar.

Þad er ecki lítil huggun fyrir einn syndara, ad Gud er Fadir Christí eptir manndóminum, þar Kristur kallar oss sína brædur, Ebr. 2. Adam var Guds sonur, sem Lúcas

vottar, 3 kap; en í fallinu gjørdist hann Djøfulsins sonur.. Hvornin átti nú Adams sonur aptur ad verda Guds sonur, nema hinn eylífi Sonur Guds, yrdi Adams sonur, sá ed gengist undir sekt brædra sinna? Þad sem brotid var á-móti Gudi, þad vard af Gudi ad gjaldast; þad sem af manninum var brotid, þad vard af manninum ad bætast. Gud kunni ecki einsaman ad lída; madurinn ecki einsaman ad fullnægja Guds réttlæti. Hvornin átti þetta ad ské, nema Gud yrdi madur, og lidi fyrir þad, sem vér med vorum syndum høfdum brotid? Því er þetta ecki lítil huggun, og hvad segi eg lítil? þessi er hin einasta huggun syndugs manns, og eingin er ønnur; sá sem hana ecki hefir, honum er víst helvíti, því eckert nafn er annad géfid mønnunum undir himninum, í hvørju oss byrjar sáluhólpnum ad verda, heldur enn nafnid Jesú, Act. 4, hvørt honum var hér géfid, hvad og kallad var af einglinum, ádur enn hann var getinn í módur kvidi, segir Lúcas, 2 kap., er hann segir oss umskurnar-søgu Drottins. Ó, hvílík dýpt audæfanna og Guds speki! Þetta er ein festi, sem Guds sonur gaf sinni brúdi í trygda-pant, í hvørri eitt furduverk hángir af ødru, eins og einn hleckur af ødrum; Skapari himinsins, er ein sképna vordinn; eylífdin er gétin í tímans uppfyllíngu, Gal. 4; ein Jómfrú verdur ólétt, Esa. 7; hún sem af Gudi er skøpud, verdur Guds módir; hann verdur í módur-lífi innilucktir, sem himnanna himnar ecki tekid fá, 1 Reg. 8; hann sem dunar í himninum, hann grætur í stallinum; sá ed allar lifandi sképnur sedur, Ps. 145, nærist í módur-kvidi; sképnan lætur til þad efni, sem Skaparinn var gjordur af; solin hefir ljós fengid af stjørnunni; módirinn var yngri enn barnid, en barnid stærra enn módurinn. Minn Herra! þú sagdir, er þú vildir sýna þínum lærisveinum ad þú værir hold af voru holdi: andi hefir ecki hold né bein, svo sem þér sjáid mig hafa, Lúc. 24; en hér sé eg ad andinn er vordinn hold, því Gud er einn andi, Jóh. 4, og vard þó hold; svo segir Jóhannes 1 kap.: ordid vard hold og bygdi med oss, og vér sáum hans dýrd, svo sem eingétins Sonar af Fødurnum. Þetta eru stærri undur enn øll undur, og má hér ad fyrstu og sídustu kalla, ad þessi sendiför og þessi bodskapur sé dásamligur, háleitur og yfir allan máta undrunarligur. Gud géfi oss þar ad koma, sem vér megum eylífliga ad honum dást, med þeim fagnadi, sem ecki hefir hér eyra heyrt edur auga séd, og ecki í manns hug edur hjarta komid, 1 Cor. 2. En nú viljum vér skoda hvør ad sé nytsemd þessa bodskapar, og er hún ad vísu svo stór, ad hún verdur aldrei fullþeckud. Eylíf ár skal til þess hafa, ad vegsama Guds eylífa gjæsku. Svo elskadi Gud heiminn, segir Lausnarinn, ad hann gaf út sinn eingétinn Son til þess, ad allir þeir sem á hann trúa, fyrirfarist ecki, heldur hafi eylíft líf, Jóh. 3. Nær gaf hann oss hann fyrst? á hans gétnadar-degi, en fyrst hann hafdi oss hann einusinni géfid, því skyldi hann þá ecki géfa oss alla hluti med honum, Róm. 8. Til hvørs gaf hann Soninn? til þess, ad þeir sem á hann trydu, skyldu ecki fyrirfarast, þad er, ad þeim ecki skyldi verda skipad frá Guds dómstóli í eylífann eld, sem fyrirbúinn er Djøflinum og øllum hans árum. Hefdi Gud gjort oss ad kvikendum jardar og vinnu-dýrum, og látid oss svo út af-slokna eins og fénadarins anda, þá vóru þad gód kjor hjá því ad pínast eylífliga í helvíti, en hann hefir enn þá betur til vor gjort, þar allir þeir sem á hans Son trúa skulu hafa eylíft líf, þad er, óendanliga dýrdar-víst og sælu med honum og í honum, frá einni eylífd til annarar. Hvør

vill þá fá ordum adkomid, hvílík Guds ást oss er veitt í holdtekju Drottins? Vér vitum allir hvílík byrdi ad er Guds h. lögmál, og hvört ad sé straff þeirra, er lögmálid brjóta; þad segir oss Móses, Devt. 27, med svo skélfiligum ordum, ad jafnvel þeim mætti ofbjóda, sem vita ad þeir eru frá lögmálsins bölvan frelsadir, og er þad þó ei nema tímanligt volædi, sem hann uppreiknar, svo eg vil segja, ad sá sem heyrdi lögmálid og þess vidlögur, og ætti sér ecki lausnar-von frá þess bölvan, hann væri ad miklu leiti í helvíti, jafnvel hér á jördunni, og hefdi ei nockra ró um eitt augnablik. En hvad segir Páll? Gal. 4: þegar tímans uppfyllíng kom, sendi Gud Son sinn gjördan af kvinnunni, lögmálinu undirgéfinn, svo hann leysti þá sem undir lögmálinu vóru, uppá þad vér ödludumst barna-réttinn. Nær skédi þad? á hans gétnadar-degi; en hvad mikid oss sé í því veitt, sjáum vér best, ef vér hugleidum hvílíkur munur sé þess, ad vera samarfi Jesú Christí, og svo hins, ad vera þræll lögmálsins hér í lífi, og svo fángi Satans í ödrum heimi; í einu ordi ad segja: allar lífs og sálar heillir, sem Guds börn þiggja af Drottni, þær eru oss í því augnabliki veittar, er Jesús var gétinn í meyar-lífi. Eingin fegri sól hefir yfir heiminn skinid enn sú, þegar sól réttlætisins Mal. 4, upprann oss syndugum mönnum í hennar kvidi. Vér vórum nidursöktir í afgrunn herfiligustu eymda og volædis, oss vantadi þann sem rétti oss einn streing til ad uppkrickja oss úr þessu djúpi; þrí-þættur streingur slitnar torveldliga, segir hinn Vísi, Ecl. 4. Þessi streingur var Drottinn Jesús, af líkhama, sálu og Guddóminum samanspunninn, hann var ofanlátinn í eymdir vors holds, med hönum hefir Guds mektugi armleggur rickt oss út af valdi myrkranna; oss vantadi eina fórn, þá er kynni fyrir Gudi ad gilda, hana var ecki ad fá hjá oss mönnunum, einn bródir kunni ecki annann ad leysa, Ps. 49; og þótt Gud hefdi skapad einn heilagan mann af Adams nidjum, og látid hann lída, þá nádi hann skamt, bædi til ad géta útstadid hinar bitru helvítis-píslir, svo og til ad fullnægja Gudi fyrir syndina; því er Gud madur vordinn, svo Gudddómurinn hjálpadi manndóminum til ad þola píslirnar, og gjöra lausnar-gjaldid dýrmætt í augliti hins stránga Dómara, en manndómurinn Gudi (ef eg má svo ad ordi komast) til ad deya. Vér þurftum einhvörs sáttmála vid, til stadfestíngar þeim fridi, er Gud gjördi vid mannkynid. Sjá! Gud er madur vordinn, hann hefir trúlofad sér vora náttúru í meyarinnar kvidi; med þessum teingdum er fridurinn stadfestur milli himins og jardar, milli Guds og manna, milli réttlætisins og miskunarinnar. Vær þurftum nockurskonar veg til himinsins, hvadan vér útlægir vorum; Gud er madur vordinn, hann er vegurinn, sannleikurinn og lífid, Jóh. 14; hann er Jakobs stigi, sem nær frá jördu allt til himins, Gén. 28, því hann er ofankominn af himni í vort auma hold, en vort hold er uppnumid; fjöllin eru læckud, dalirnir eru uppfyltir, Esa. 40; himininn hefir læckad sig allt til jardar, jördin er upphafin allt til himna, og um þennan Jakobs stiga munu einglar á-sídan bera sálir vorar í Abrahams skaut, til ad fagna þar eylífliga. Vér vórum Gudi mörg tíu þúsund punda skyldugir, Matth. 18; þar lá ecki annad fyrir oss enn ad verda kastadir í hin ytstu myrkur, einginn hafdi þad hann gjalda skyldi; því er Gud madur vordinn; Fadirinn gaf oss einn ríkan bródur, sem einn galt fyrir alla. Ad sídustu vildi Gud

ecki einasta frelsa oss af myrkranna valdi í helvíti, heldur og hefja oss til ríkis í himninum; en oss vantadi røksemd og skjal til þess, ad hann vildi svo gjøra. Hans gjæska var altíd til reidu í frá upphafi veraldar, já, ádur enn grundvøllur veraldarinnar var lagdur; en þad var ad ugga, ad vér mundum gjøra hana ónýta á oss, fyrir vantrúarinnar sakir; þad var ecki líkligt ad einn glæpafullur landráda-madur, einn spillvirki, sem allareidu hafdi snøruna um hálsinn og unnid til gálgans, hann mundi ætla ad konúngurinn mundi hann aptur-kalla frá gálganum til ríkis, úr bøduls høndunum til síns hábords, og gjøra hann ættleidíng af útlaga, sitt barn af Djøfulsins þræl, og sinn þénara af drottins-svikara. Þess vegna er Gud madur vordinn; þar fyrir hefir hann gefid oss þad teikn, er hann hét ad géfa á døgum Achas konúngs, Esa. 7, um hvørt ad gétur í þessa hátídis dags venjuligum pistli, þar svo stendur: fyrir þá skuld mun Drottinn géfa ydur eitt teikn. Sjá þú, ad ein jómfrú mun barn géta, og einn son fæda, og hann mun hún kalla Immanúel, þad er; Gud med oss, Gud í manninum, og ordid í holdinu, þad er Jesús, Lausnari, Frelsari, Sáluhjálpari, því svo kunni einginn ad heita nema Gud byggi í hønum. Þetta er nú fullkomin vissa um sátt vora vid Gud, sá oss reidur var; því hafi hann gefid oss hann, í hvørjum hønum alleina velþóknast, Matth. 3, og offurselt hann í daudans-píslir, til ad forlíka oss vid sjálfan sig, Róm. 5, þegar vér enn þá vórum hans óvinir: hvørnin kunnum vér þá ad efast um uppgjøf vorra synda? mun hann kasta þeim í eylífan eld, sem á hans nafn trúa, er hann tók svo nærri sér ad géfa oss? Mun hann tilreikna þeim syndirnar, hvørra syndir hans eingétinn Sonur hefir burtu borid, Jóh. 1, nær vér ydrumst þeirra af hjarta? Mun hann klaga oss fyrir þá handskriftina sem hann hefir alla-reidu á krossinn neglt? Col. 2; fjærri sé þad Fødur miskunsemdanna! og þessi er nú sá glediligi bodskapurinn er eg í øndverdu hét um ad tala; ó, eitt fagnadarsamligt ord! ó, eitt sannkallad Evangelíum! ó, eitt æskiligt fridar-bod! med hvørju heilsan verdur frambodin hinum veika, uppgjøfin hinum seka, lausnin hinum herteknu, frelsid þrælunum, lífid hinum dauda, og þeim sem einkis von áttu nema eylífra kvala í helvíti, med Djøflinum og øllum hans árum, eylíf sæla, eylífur føgnudur og eylíft samneyti, med hinni háleitu Guddómsins þrenníngu og heiløgum einglum í hinni himnesku Jerúsalem, hvørrar sól og túngl ad Gud er, Apóc. 21, og hvar eingin umskipti eru ljóssins né myrkursins, Jak. 1. Þessarar tignar, þessarar dýrdar og þessarar full-sælu, unn þú oss njótandi ad verda gódi Gud, fyrir árnan og forþénustu þíns eingétins Sonar Jesú Christí vors Frelsara, Amen!

A Pálma-Sunnudag.

Gudspjallid stendur á hinn Fyrsta Sunnudag í Adventu.

Exordium.

Vér høfum eingan konúng nema keisarann, søgdu Gydíngar fordum daga, Jóh. 19, þá þeir vildu ecki láta Konúng dýrdarinnar ríkja yfir sér, Lúc. 19; en eg þykist vita, ad kristnir menn muni ecki samsinna þeim ógudliga flock; því jafnvel þótt vér eigum Gudi ad þacka fyrir konúnga vora, er hann sett hefir til ad stjórna sínu fólki, sérdeilis vér, er hann hefir

milda og réttvísa konúnga géfid einn eptir annann. Þá vitum vér þó, ad Gud hefir sett sinn konúng yfir sitt heilaga fjall Zion, Ps. 2, hvørs ríki ecki er af þessum heimi, Jóh. 18; og þó er hann heimsins Skapari, Hebr. 1, hvørs herradæmi ad brá fyrir syndnga menn um stundar-sakir, til ad uppfylla spádóm Zacharíæ. kap. 9, þegar hann reid inn til Jerúsalem; en hans ríkis-stóll varir þó um aldir alda, Hebr. 1. Vorir høfdingjar stjórna med makt og miklu veldi, verøldin er svo skipud, ad ecki verdur ødru ákomid; en Kristur í sínu nádar-ríki stjórnar med sínu h. ordi og sakramentunum; því segir Páll, 2 Cor. 10: vopn herfarar vorrar eru ecki líkhamlig, heldur kraptur Guds til ad nidurbrjóta girdíngarnar. Veraldligir herrar taka skatt af sínum þegnum, Matth. 17, og er þad réttvíst, því þessi vor konúngur hefir þad skipad, en hann géfur øllum allt, og upplýkur sinni mildu hendi, til ad sedja allar lifandi sképnur, Ps. 145. Drottinn sagdi vid Petrum: veraldligir konúngar: hvørt taka þeir skatt af sínum børnum, ellegar af annarligum? enn Petur svaradi: af annarligum. Og vor Herra sagdi: þá eru børnin frí, Matth. 17. En þad gengur ødruvísi til í Guds-ríki; hér tekur Konúngurinn skatt af sínum børnum, sem þó er ecki gull né silfur, heldur harmþrúnginn og sundurknosadur andi. Fordum daga mátti einginn mæta Persa-konúngi, nema hann offradi honum einhvorri gáfu; og er bóndi nockur vard á vegi fyrir einum af þeim, hafdi hann þad ecki til er hann kynni ad bjóda; en í þessu rádleysi tók hann vatn í lúkum sér og færdi konúnginum, og segja menn þad hafi verid vel þegid. Vér mætum vorum Konúngi dagliga, því allann daginn útbreidir hann sinn fadm til vor, Esa. 65; eckert høfum vér þad vér kunnum ad bjóda þessum allsherjar-Drottni; blód uxanna og hafranna þóknast honum ecki, Ps. 50; allt silfur og gull er hans, jafnvel vor bestu verk eru eins og nidlags-fat, Esa. 64. Gudrækilig tár vorra augna, og þad vatn sem ydrandi manna høfud eru full af, einn audmjúkur andi og lítilátt hjarta er hans offur, Ps. 51. Betur líkar honum fóta-þvottur hinnar bersyndugu, enn heimbod Símónar, Lúc. 7; betur Maríu audmýkt í hjartanu, heldur enn umsorgun Marthæ í húsinu, Lúc. 10; hinn beiski grátur Peturs, Matth. 26, heldur enn offur Vitringanna, Matth. 2, þótt hvorutveggja væri þacknæmiligt. Hin besta þegnskylda Guds af mønnunum er þetta, og trúin, sem verkar fyrir kjærleikann, Gal. 5; en þessi Konúngur, svo máttugur sem hann er, svo prýdiligur sem hann er, svo alvaldur sem hann er, svo gjæskurikur sem hann er, þá er hann þó til vor kominn hógvær, sitjandi á øsnu einni. Hafi nú Konúngur dýrdarinnar verid svo hógvær fyrir vora skuld, þá látum oss gánga nær Gudspjalli þessu, og læra nockud af honum, sem er hógvær og af hjarta lítilátur, Matth. 11; þad er: hina andligu hógværd, sem oss á ad fylgja inn í himnaríki med smá-børnunum, Matth. 18, og um hana vil eg tala fyrir ydrum kjærleika út af þessu h. Evangelió. Hvar til oss styrki hinn nádugi Gud í Jesú nafni, amen!

Utleggingin.

Fari þér í þad kauptún, sem gagnvart ydur er, og strax munud þér finna øsnu bundna og folan hjá henni, segir Drottinn. Af þessu er audséd, ad hann vissi alla hluti, og ef hann var alvitur, þá var hann og almáttugur, alstadar nálægur og ómælanligur, því Guddómsins eiginlígleikar mega ecki adskiljast; hvar fyrir vér sjáum, ad øll fyllíng Guddómsins hefir búid í honum líkhamliga, Cól. 2. Hvad lángt eru nú allir daudligir menn frá svoddan hátign? ad sønnu hefir Gud lagt mikid til margra, og þar verdur ecki á-móti sagt, ad madurinn er hin ypparligasta sképna Guds, sem vér sjáum med vorum augum; en þad hefir Jesús fram yfir alla adra, ad hann er bædi Gud og madur. Hvílíkt er þá þetta óumrædiliga lítilæti, ad hann sem øll dýr á jørdunni skapad hefir, hann virdir sig svo lítils ad sitja á einum asna, sem er eitt hid andvirdiligasta kvikindi medal dýranna. Sjá hér, kristinn madur, hvad lítils-verd ad sé hoffragt veraldarinnar í Guds dýrdarfulla

augliti. Hér er ecki Pharaónis vagn, sem Jóseph var í fluttur, Gén. 41; ecki Mardochei hestur, sem Assverus skipadi honum ad rída, á sínum heidursdegi, Est. 6; ecki hinn eldligi vagn og hestar, sem færdu Elíam til himna, 2 Reg. 2, heldur einn lítilmótligur asni; þó stærir einn syndugur ormur sig af búnínginum, og af því ysirlæti, er hann hledur utan á sig. Pad er allvída ad sjá í æfisoguDrottins, hvad lítils hann hefir metid oflæti veraldarinnar; hann var fæddur í einum stalli, Lúc. 2; hann fór á fæti, þegar hann géck um kríng, gjørdi gott og græddi alla, Act. 10; hann rídur hér einum asna, og hygg eg þad hafi þó verid hid mesta hans ysirlæti hér á jørdunni. Peink nú um, syndugur madur, hvilík fásinna þad sé, ad metnast í hjarta sínu, þó Gud láti einhvorn skína í prýdi veraldar þessarar; ecki segi eg, ad Gudi misþóknist líkhamligt hreinlæti eda fagur búnadur í sjálfum sér, þegar þau sambjóda þess virdíngu, er þvilíkt brúkar, lángt heldur meina eg, ad Gud hafi eingan misþocka á því, þótt hans sképnum sé haldid til prýdis; þad sýnir mér Arónis búníngur, Exód. 28; þad vottar sáttmáls-ørkin og nádarstóllinn, Exód. 25; þad sýnir Jerúsalems musteri, 1 Reg. 6; þad sýnir Salómon med allri sinni dýrd, 1 Reg. 10, hvørri í Ritníngunni hrósad verdur; en hitt segi eg, ad stæra sig þar af, þad er andstygd fyrir Gudi. Ecki trúi eg ad honum hafi illa líkad sú bygging, er Nebúcadnezar lét gjora í Babýlon, en fyrir því hann stærdi sig þar af, þá vard honum géfid villidýrs hjarta, svo hann át gras med kvikindum á mørkinni, Dan. 4; ecki hefir Gud reidst vid Heródem af því hann var málsnjallur, því sjálfur hafdi hann honum málfærid géfid, en sokum þess ad hann gaf ecki Gudi dýrdina, þá var hann sleginn af eingli Drottins, Act. 12; kannské ad Gud hefdi látid hvalfiskinn í Egyptalandi vera kyrran í sínu vatni, hefdi hann ecki sagt: mitt vatn er mitt, og eg hefi gjort mér þad, Ezech. 29; ecki er víst ad hann hefdi sett krókinn í Zenacheribs nasir, hefdi hann ecki lastad nafn Drottins. Pessi er hinn réttláti dómur hins alvalda Konúngs, ad dramblátum hryndir hann af stóli, en lítilátum géfur hann nád, Lúc. 1; betra er ad audmýkjast med hinum hógværn, en ad útskipta herfángi med þeim drambsomu, segir Salómon, Ordskv. 16; hvar af audséd er, ad þó Gud hefdi mikid til hans lagt, og upphafid hann á stól síns fødurs, og gjort hann vegsamligri bædi ad viti og ríkdómi heldur enn adra konúnga í Austurálfunni á hans døgum, 1 Reg. 10, þá hefir hann kannast vid, ad hann hefdi þad allt þegid og ecki tekid af sjálfum sér; svo var og Davíd hans fadir lyndur, hvørs audmýktar merkiligt dæmi vér hofum í annarar Sam. b. 6 kap., þegar drottníngin Michol brixladi honum med þessum ordum: hvørsu vegsamligur var konúngurinn af Jsrael í dag, hvør ed afklæddist fyrir ambáttum þénara sinna, og lék nakinn sem fantar? en hann svaradi: eg vil leika fyrir Drottni þeim sem útvaldi mig, heldur enn þinn Fødur og heldur enn allt hans hús, og hefir skipad mig hofdíngja yfir Drottins fólk, Jsrael, og eg vil enn-nú minni verda, og eg vil lítilæcka mig í mínu augliti, og vegsamast med þeim ambáttunum, sem þú taladir um. Ad eg tali ecki um Abraham, Jakob, Mósen, Jósaphat, Ezechíam og adra fleiri, hvørjir allir vóru af Gudi med mikilli tign sæmdir, og þeirra audmýkt í andanum er þó hrósad í Ritníngunni. Gud nádi oss! hvad hofum vér ad stæra oss af, syndugir menn? er ecki madurinn ein vatns-bóla? hvør þó ad þjóti upp um stundar-sakir af vindi luckunnar, þá

hjadnar hún jafnskjótt aptur, þegar hinn sami á hana blæs. Er ecki allt hold hey? og allur þess heilagleiki, líka svo sem blómstur akursins? grasid visnadi og blómstrid datt af, því ad andi Drottins blés á þad. Sannarliga er allt fólkid hey; grasid visnadi, og blómstrid datt nidur, en ord Drottins varir eylífliga, Esa. 40. Hér er einginn undantekinn, ríkur eda fátækur, gøfugur eda ó-gøfugur, smár edur stór, vitur eda vankunnandi, þræll edur herra, og þetta eru Guds ord, hvør æfinliga vara, er oss þetta segja; láti því einginn ofurdátt ad sjálfum sér, því allt hvad vér høfum, hvad gott edur kostuligt sem þad er, þad er þó alltsaman láns-fé, og ecki vort eigid. Segid mér, hvar af skyldu menn þó stæra sig? af aud og ríkidæmi? því skyldi eg hroka mér upp af því, sem luckan kann eins ad géfa einum nídíngi, svo sem besta manni; sem aflad er med mikilli áhyggju á mørgum árum, en fargast í einu augnabliki, ef til vill. Því skal eg gjøra mig stórann, þótt eg hafi einn ómaga medferdis, sem eg hlýt altíd ad þrælka fyrir, og svo er óþacklátur og óréttvís, ad hann sedur aldrei sína fyrirvinnu? Viljum vér athuga, br. m., af hvørju flestir eru í fyrstunni ríkir vordnir; fæstir munu þeir vera, sem náttúran hefir hjálpad þar til ad øllu leiti, edur þeirra eittsaman erfidi, med hvørju Gud hefir skipad ad næra sig af jørdunni, Gén. 3; eg vænti ad svo hafi flestir audgast, ad þeir, eda þeirra forfedur hafi tekid nockud ránglíga frá ødrum. En segid mér, er þad réttvíst, ad menn stæri sig upp yfir einhvørjum af því, ad hans forfedur hafa tekid nockud frá hins forfedrum? Eingum manni mun þad þykja, þegar menn gá ad hvørnin hluturinn er í sjálfum sér; eda hvad er nú framvegis ad stæra sig af? eru þad vitsmunir? Eg medkénni, ad þeir eru hinn kostuligasti hlutur, sem Gud hefir lagt til syndugra manna, en þó eru þeir fallvaltir eins og annad; og hvad lítid er þad vér vitum, hjá því sem vér ecki vitum? madurinn veit ecki sinn sess edur gaungu, segir Ritníngin, og hvørsu vill hann þá meira vita? og þótt ad þeir séu í sjálfum sér gódir, þá verda þeir þó af vorri misbrúkun optliga níddir, allra mest af drambseminni. Rétt gjørdi Gud, svo sem alla hluti, í því hann gaf Nebúcadnezar villidýrs hjarta, Dan. 4, sem ádur er sagt; og sama ætla eg þá hendi, sem forsmá adra hjá sjálfum sér, og þykjast einirsaman vita alla hluti, hvad þá optast hendir, sem minst vita, og þá þeir þykjast øllum hyggnari, verda þeir skiptíngum heimskari. Margur gortari hefir og stært sig af hreysti líkhamans, gjætandi ecki ad því, ad lítill kvilli kann ad svipta manninn sínu afli. Sumir hrósa sér af fegurd líkhamans, og er hún ad sønnu ágjætur hlutur, þá hún ecki er brúkud til lauslætis edur ofmetnadar, en einsaman er hún ágjætislítil, því madur kann ad mála eitt bílæti fagurt, og er þad þó ecki svo gott, sem hinn ljótasti madur. Hvad er nú framvegis verdt ad stæra sig af? dygdir og mannkostir eru mest verdir af øllum þeim hlutum, sem finnast hjá daudligum mønnum, en þeir verda ad ókostum þegar dramblætid þeim spillir. Því segir Salómon: vanvirdan eptirfylgir hinum stórláta, en hinn sem er lítilátur í anda, mun vegsemdin umfadma, Ordskv. 16. Lítilætid er fegursta skart dygdanna, án þess verdur framsýnin ad undirferli, réttlætid ad hardýdgi, hugprýdin ad ofdyrfsku, sparsemin ad nídsku; eg meina hid kristiliga lítilæti, sem er einn audmjúkur andi fyrir Gudi, og kannast vid og þeckir þad, ad menn eru menn og mannligum tilfellum undirvorpnir. Sjá þinn Konúngur kémur til þín hógvær, segir Textinn. Ef Konúngur

dýrdarinnar Ps. 24, svo lítilækkar sig fyrir oss syndugum mønnum, því skyldum vér synd-ugir menn stæra oss upp yfir vorum brædrum? Drottinn himins og jardar kémur til vor aumra manna, sem eckert tøkum med oss í þennan heim, og munum eckert í burtu bera, 1 Tím. 6; hinn fegursti medal mannanna sona, Ps. 45, kémur til vor, sem frá hvirfli og allt til ilja erum ecki nema sár, benjar og þroti, Esa. 1. Látum oss þad til hjarta gánga, hvad stór munur ad er vor og hans; vér erum þeir ed stygdum, hann er sá sem misgjørt var á-móti; hann þarf ecki vor med, en vér kunnum ecki eitt augnablik ad lifa fyrir utan hans miskun; látum vort hjarta komast vid af því, ad hann er sjúkur af elsku, Ljóðal. 2, ofan til vor kominn, þegar vér hann hotndum. Ef vorar syndir ecki ángra oss, ef vér hrædumst ecki þeirra straff, þá látum þó þann óumrædiliga elskunnar bruna smelta vort hjarta, ad hann kémur med svo mikilli hógværd inn til Jerúsalem, til ad láta sig kvelja og krossfesta fyrir mínar og þínar syndir, kristinn madur. Hann grætur yfir borginni, hvørr-ar innbyggjendur ad ecki þektu sinn vitjunar-tíma, Lúc. 19, af hvørjum hann vissi þó ad hann mundi svo hádugliga útleikinn verda, sem hans píslar-saga vottar. Fyrst hann hefir nú allt þetta unnid fyrir oss synduga jardar-madka, þá látum oss gjøra þad hann oss skipad hefir, sem er, ad læra af honum hina sønnu hógværd, sem Gud álítur, gjørandi eckert af kappi edur fyrir hégóma-dýrd, heldur af lítilæti, hafandi hvør annan sér í vird-íngum ædri, Phil. 2. Audsýnum og vort lítilæti í verkunum, svo ad bædi Gud og menn sjái ad vér leggjum ecki ofmikla virdíng á sjálfa oss. Drottinn sagdi til lærisveinanna í þessu Evangelió, þegar hann skipadi þeim ad taka øsnuna: ef einhvør segir nockud til ydar, þá segid ad Herrann hafi þeirra þørf; allt vald hafdi Jesús, bædi á himni og jørdu, því alla hluti hafdi Fadirinn lagt í Sonarins hendur, Matth. 28; því sýnist ad þad hefdi ecki verid umfram hans rád, þótt hann hefdi tekid þetta dýr ad fornspurdum eigand-anum, þó vildi hann þad ecki gjøra, uppá þad hann sýndi oss hvørnin vér eigum hvør vid annann ad breyta. En hvad gjøra sumir af oss? þykir oss þad mikils-verdt ad gjøra lítilmagnan fornspurdan ad þeim hlutum, er vér eignast viljum? Mun Jessabel virda fyrir sér ad leita ljúgvitna í móti Naboth, og láta grýta hann sídan í hel, þegar Achab vill eignast hans víngard? 1 Reg. 21. Ó, Gud gjæfi ecki væri þvílík dæmi hjá oss, þótt menn rádist þess minna í, sem vér høfum valdid minna, heldur enn Achab hafdi! ad sønnu er skickanliga og lítiláta umgengni ecki ad lasta; hún kann ecki svo ad kallast dygd, svo sem dygdanna førunautur, og margur hefir sá hana til ad bera, sem ecki hefir sjálfar dygdirnar, og med henni hafa sumir tekid allt frá øllum; en þó er ecki hid sanna lítilæti í því innifalid, ad taka hattinn af fyrir mønnum, jafnvel þó þad sé ecki lastandi í sjálfu sér. Utvortis og innvortis lítilæti er ad sønnu hvørutveggja gott, en skuli annars hvørs án vera, þá vilda eg heldur ad hatturinn sæti kyrr á høfdinu, heldur enn ad aumíngjans kjóll væri rifinn af hans kroppi, svo ad Gud klagadi mig ecki sídan, ad eg félli fram í pant-settum klædum í hans húsi, Amos. 2. Vér heyrum í Gudspjallinu, ad margt af fólkinu sem eptir-fylgdi Lausnaranum, hafi breidt sín klædi á veginn, en adrir høggvid kvisti af trjánum; þad var stórt audmýktar-merki af þessu fólki, og eg veit ad þér, kristnir menn, vildud hid sama gjøra, ef þér mættud hans nálægdar njóta; en trú mér til, ad hann er

ecki svo lángt í burtu, sem þú hyggur, því hann hefir sagt: eg vil vera hjá ydur allt til enda veraldar, Matth. 28; og ef þar eckert annad er, þá eru þar nógir klædleysíngjar, sem hann kallar sína limi, þad eru sannir ölmusu-menn; breidum vor klædi á veginn fyrir þá, svo ad þeir ecki í klædleysi út-af deyi, sem ad bera teikn Jesú Christí á sínum líkhama, og eru eptir hans mynd skapadir, svo vel sem vér adrir, sem betri rád hofum, þá offrum vér hinu sannarliga lítilæti, og látum Gud sjá ad vér þykjumst ecki uppyfir þeim, sem hann hefir minna tillagt. Kristur vill ecki láta lúta sér einúngis med ordum, heldur med verki og sannleika, Eph. 2, ecki heldur sínum limum, því hann er safnadarins hofud, Róm. 12, en vér erum hvor annars limur. Þar mun koma sá dagur, ad sagt mun verda til þeirra, sem hafa medtekid Guds volada í hans nafni, þegar Kristur mun í annad sinn innrída til Jerúsalem, þad er til sinnar kristiligrar kyrkju, ecki grátandi, svo sem nú, heldur med makt og miklu veldi, þegar hofud-eingilsins lúdur mun gjalla yfir þeim sem á jordu búa: komid þér blessadir míns Fodur, og eignist þad ríki, sem ydur var tilbúid frá upphafi veraldar; þvíad húngradur var eg, og þér gáfud mér ad eta, þyrstur var eg, og þér gáfud mér ad drecka, géstur var eg, og þér hýstud mig, nakinn var eg, og þér klæddud mig, sjúkur var eg, og þér vitjudud mín, í myrkvastofu var eg, og þér komud til mín; þá munu hinir réttlátu svara honum og segja: Herra! hvenær sáum vér þig húngradan og soddum þig? eda þyrstan og gáfum þér ad drecka? eda hvenær sáum vér þig géstkominn, og hýstum þig? eda nakinn, og klæddum þig? eda hvenær sáum vér þig sjúkan eda í myrkvastofu, og komum til þín? og Konúngurinn mun svara og segja til þeirra: sannliga segi eg ydur, ad hvad þér gjordud einum af þessum mínum minstu brædrum, þad gjordud þér mér, Matth. 25; þá mun þad ecki koma í eptir-þorf ad hafa breidt sín klædi á veginn fyrir Christí limu; þad mun verda stór féssjódur á himnum, ad hafa lítils aktad gull og gersemar og kostuligan búnad, þegar allt þetta stendur í bjortu báli, og dugar til einkis nema ad kveikja eld undir þeim, sem hafa fest sitt hjarta þar vid. Þyki oss vænt um þad fánýta skart, sem vér vefjum í þenna forgengiliga líkhama, og þad svo mjog, ad sumir af oss væri til frids, ad flytja med sér nockud úr þessari veroldu, þá er rád þad vid því, ad klæda fátæka, þeir munu oss þad med ábata aptur-géfa, sem er réttlætisins skrúdi, fágadur í Lambsins blódi. Eckert berum vér í burtu med oss hédan, nema þad sem Guds voludum er géfid, þad mun oss aptur ríkugliga goldid verda í upprisu réttlátra. Svo lærid nú af ydar Frelsara, br. m. ad vera hógværir og af hjarta lítilátir, bædi í ordi og verki; hann hefir ecki sagt til vor: lærid af mér ad skapa allann heiminn, ecki ad gjora kraptaverk í heiminum, ecki ad ráda fyrir velferd allra manna, heldur hefir hann skipad oss ad læra af sér hogværdina. Sá sem vill byggja sitt hús stodugliga, hann þenki um grundvoll lítilætisins, því hvor sá ed sig upphefur, hann skal nidurlægjast, og hvor ed sig nidurlægir, hann skal upphafinn verda, Matth. 23. En þú, ó Herra Jesú Christe! sem ert hid fullkomnasta eptirdæmi lítilætisins og hógværdarinnar, virdst þú ad taka burt frá oss hroka syndumspilltrar náttúru, svo ad vér rata mættum þann rétta veginn inn í þitt ríki; þad veit þú oss, miskunsami Herra! sem hefir lítilækkad sjálfan þig, uppá þad vér vegsamligir yrdum, og bid þinn himneska Fodur fyrir oss, ad hann sendi oss þar til sinn heilaga Anda, amen, í Jesú nafni, amen!

Á Skír-dag.

Pistillinn, 1 Cor. 11 Kap.

Gódir brædur! Því eg medtók þad af Drottni, sem eg hefi ydur géfid. Af því ad Drottinn Jesús, á þeirri nátt, er hann var svikinn, tók hann braudid, gjørdi þackir, braut þad, og sagdi: takid og etid; þetta er minn líkhami, sá fyrir ydur verdur brotinn; gjørid þad í mína minníng. Somuleidis og einnin kaleikinn, eptir þad hann hafdi kvoldmáltídina etid, segjandi: þessi kaleikur er nýtt Testamentum í mínu blódi. Gjørid þetta, svo opt sem þér dreckid þaraf, í mína minníng. Þvíad svo opt sem þér etid af þessu braudi, og dreckid af þessum kaleik, skulud þer kunngjøra dauda Drottins, þángad til hann kémur. Hvør hann etur nú af þessu braudi, og dreckur af þessum kaleik Drottins óverdugur, sá er sekur vid hold og blód Drottins; en hvør madur profi sig sjálfur, og eti svo af þessu braudi, og drecki svo af þessum kaleik. Þvíad hvør hann etur og dreckur óverdugur, sá etur og dreckur sjálfum sér dom, gjørandi ecki greinarmun á Drottins líkhama.

Exordium.

Sæll er sá madur, sem etur braud í Guds ríki, sagdi fordum Gydíngurinn er sat til bords med vorum Frelsara, þá hann var ad heimbodi eins af Pharísæanna hofdíngjum, Lúc. 14. Hann hefir án efa meint hér med alla þá sælu, er þeim búin er, sem sitja til bords med Abraham, Isak og Jakob í ríki himnanna. Þessi madur sagdi ad vísu satt, en forgéfins væuta menn hinnar eylífu sælu, nema vér fáum hér í lífi nockurn forsmeck hennar; en hvar fáum vér hann? í Guds heilogu ordi ad sonnu, en þó allra-helst í þeim heilogu sakramentis. Hvílíkur fognudur er þad einni rétt-trúadri sálu, ad hún veit, ad hún í skírninni er vordin Guds vinur af reidinnar barni, Eph. 2, og hluttakandi allra Jesú Christi velgjorninga, sem hann med sinni beisku kvol og dauda hefir oss afrekad, og til styrkingar trú sinni þar-um, etur hann Guds líkhama og dreckur hans blód, í og med hinum jardnesku hlutum braudi og víni. Í ordinu heyrum vér raust Brúdgumans, Lofkv. 5, en í h. kvoldmáltíd Drottins, kyssir hann hana med kossi síns munns, er hans hjarta elskar, Lofkv. 1. Þar uppvekur hann elskuna til sín; þar styrkir hann trúna; þar lífgar hann vonina; þar eykur hann gledina og géfur oss forsmeck himnaríkis. Davíd gat ecki meiri æru veitt Mephibóseth syni Jónathans vinar síns, 2 Sam. 9, edur vin sínum Barsillai, 2 Sam. 19, enn ad þeir skyldu eta braud vid hans eigid bord. O, hvílík æra er þetta þá! br. m. ad Konúngur dýrdarinnar setur oss vid sitt eigid bord? Hann framreidir þar, ecki einn alinn kálf, eins og fadir hins tínda sonarins, sem gétur um í eptirlíkíngunni, Lúc. 15, heldur sjálfan sig, þad saklausa Guds Lamb, sem frá veraldarinnar upphafi slátrad er, Apóc. 5, húngrudum til sadníngar. Nathan spámadur kunni ecki ad fá annad vigtugra til ad sýna Davíd, hvørsu mjøg hinn fátæki madur hefdi elskad þann saudinn, sem hinn ríki tók frá honum, heldur enn þad, ad hann gaf honum ad eta af sínum braud-bita, og ad drecka af sínu kéri, 2 Sam. 12. O, Jesú! vér erum þínir voladir saudir; þú hefir auglýst þinn brennandi kjærleika í morgum þínum velgjorníngum, en þó hvad mest í því, ad þú hefir géfid oss þitt hold ad eta og þitt blód ad drecka, þad sama hold og blód, sem á krossinum héck og úthelt var, en nú situr til Kraptarins hægri handar, til ad birtast fyrir augliti Guds, til ad afmá syndina

med fórnfæríngu sjálfs þíns, Hebr. 9. Þú hefir til þessa géstabods kallad fátæka, vanada, halta, og blinda, Lúc. 14, þad er: oss aumar syndugar manneskjur, hvorjar syndin og Djøfullinn svo ílla høfdu útleikid, ad frá hvirfli og allt til ilja var þar ei nema sár, benjar og þroti, Esa 1. En eg óttast næsta mjog ad þeirra líkar finnist vor á-medal, er St. Páll svo hardliga átelur fyrir ósidsemi þeirra og vanrækt á þessu himneska bord-haldi, þar hann segir til Corinthlos, 1 Pistl. 11: þessu hrósa eg ecki, ad þér samankomid ecki til hins góda heldur til hins verra eins; því géfur hann þeim og eitt ágjætt bodord, hvornin þeir skulu tilreida sig undir þessa h. nautn í þessum ordum: hvor madur prófi sig sjálfur, og eti svo af þessu braudi og drecki af þessum kaleik; og ecki einasta hefir hann þeim þad géfid, heldur og øllum kristnum mønnum, er med þessum hætti vilja kunngjora dauda Drottins; hvar fyrir eg vil og út af þessum h. Pistli tala um þá sérligustu hluti, er heyra til kristiligs undirbúnings þessarar háleitu Drottins kvøldmáltídar. Hinn gódi Gud virdist ad styrkja oss hér til, med nád síns Anda, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Þad á ad vera oss alkunnugt, br. m. ad í skírninni hefir Gud gjort einn nádar-sáttmála vid oss auma menn, þar vér fædumst í heim þennan daudir í syndunum. Nú er oss þad vitanligt, ad vér dagliga rjúfum þennan samníng, ecki alleinasta af rasandi rádi, heldur og optsinnis med vilja og ásetníngi; en því valda Guds djúpu miskunar-idur, ad vér eigum kost á ad nýu ad forlíka oss vid hann, og til þess hefir hann sett og innstiptad þad h. altarisins sakramentum, í hvorju vor skírnar-sáttmáli verdur ad fullu endurnýadur, Guds nád ad nýu frambodin sannydrandi manni, og hann ávalt skuldbundinn til ad gjora verduga ávoxtu ydraninni, Matth. 3; þad vill Drottinn bodid hafa, er hann segir hjá Lúkam, 22 kap: svo opt sem þér gjorid þetta, dreckid þad í mína minníng, hvad Páll í Textanum kallar ad kunngjora dauda Drottins. En hvílík á þessi minníng ad vera, br. m.? Ecki svo sem þegar vér dreckum konúngsins skál, edur vina vorra og náunga; þad væri ad gjora lítin greinarmun á líkhama Drottins og annari fædu, heldur eigum vér þess ad minnast med hjartans ángri og trega, ad vorar blódugar illgjordir hafa dýrdarinnar hertoga krossfestan, ad oss verdi þær fyrir hans dauda og forþénustu aldeilis tilgéfnar, ef vér ydrumst af hjarta. Svo er nú kristilig ydran, svo ad segja, hin fyrsta trappa sem liggur upp ad þessu hábordi Drottins; en þess er ad gjæta, barn Guds! ad hún sé heit og alvarlig. Kristur gjordi ecki um grun ad lída fyrir syndir þínar; þú átt og ad láta þig af innstu hjartans rótum ángra þad, ad þú hafir hann módgad og módgir dagliga. Hér til heyrir nákvæm og grandgjæfilig þeckíng Guds h. bodorda; hvornin má hann þeckja syndina, sem ecki er sannfródur um Guds vilja? en hvorsu má sá ydrast syndarinnar, er hana ei þeckir? og sá sem ecki ydrast, hann etur og dreckur óverdugur; en hann ed þad gjorir, er sekur vid hold og blód Drottins, segir Páll í upplesnum Texta. O, hvorsu hrædilig mun þessi sekt, kristnir menn! Vér kynnum ad leida oss í hug, ad þeir ed vísvitandi, athugalaust og óverdugir gánga til Guds bords, þeir væru ecki øllu minna sekir í augliti hins réttláta Guds, enn þeir sem hann krossfestu, því þeir hafa Christí vitni þar-um, ad þeir ecki vitad hafi hvad þeir gjordu, Lúc. 23; en þad má hvorjum einum kristnum manni vera vitanligt, ad Gud hefir sendt Son sinn í heimin syndugа menn sáluhólpna ad gjora, og ad hann sjálfur hefir

géfid sitt líf út fyrir sína saudi, Jóh. 10. Hvørju til staðfestu hann gefur oss sitt hold ad eta og blód ad drecka. Edur segid mér, hvad er þad sem Páll til Hebr. 10, kallar ad fóttroda Guds Son? og ad halda sáttmálans-blód almenniligt? med hvørju vér erum endurkeyptir. Mun þad ecki stappa nærri því, sem hér stendur í Textanum, ad gjøra ecki greinarmun á Drottins líkhama? Hvad er þad annad, enn ad halda hann almenniligan? en Páll segir, ad þeir ed þvílíkt gjøra, eti og drecki sjálfum sér dóm, þad er, ad þeir gjøra sig eylífrar fyrirdæmingar seka, nema þeir rádi bót á slíku og ydrist af hjarta. Komi þér því til hugar, syndugur madur, ad þú ecki hafir svo verdugliga gengid til Guds bords, sem þad hefir byrjad, þá ørvænt þér ad sønnu ecki Guds nádar, heldur ydrast, og lát þér ei til hugar koma ad brúka þessa hjálpsamligu nautn, fyrr enn þú hefir lært ad reyna og prófa sjálfan þig, svo sem byrjar, því þú sér hvílíkan háska þú ert vidkomin, nær þú stendur vid Herrans bord, nema þú gjaldir varhuga vid. Drag þó ecki slíkt undan med tómlæti og ødrum umsvifum, því þú sem ert sannfærdur þar um í hjarta þínu, ad þú optliga hefir ónýtt þinn skírnar-sáttmála; þér mætti til hugar koma, sem fljótast og optast ad sorlíka þig vid Gud í h. altarisins sakramenti. Þar fyrir, þótt eingin eigi svo ófródur ad koma í þennan h. stad, þá afsakar þad hann ecki, ad hann hefir ei verid sér út-um þeckíngu Guds bodorda og réttan skilníng á sínum sáluhjálpar efnum, því sá sem án løgmáls syndgar, hann mun án løgmáls tapast, segir Páll, Róm. 2. Í skírninni verdur oss uppá-løgd almennilig hlýdni Guds bodorda. Um hana erum vér skyldugir, þá vér drøgumst á legg, og gétum lært ad kunna nockra grein ills og góds. Sé þér því fyrst umhugad, kristinn madur, hvørt þú ert úngur edur gamall, ad þú gángir smásmugliga í-gégnum øll Guds bodord, med allri athygli, rannsaka hvád í þeim er bodid edur bannad, hvørjar dygdir í hvørju eru bodnar, og hvørjir lestir edur klækir þar eru bannadir. Nockud af þessu er ad sønnu gjørt í þeim bókum, er hlýda til vors barna-lærdóms, jafnvel þótt eg óska vildi, ad þad væri nockud greiniligar brýnt fyrir ungdóminum og sáfródum, heldur enn almenniliga gjørist, svo þeir lærdu ad þeckja edli og háttalag kristiligra dygda, hvar af vanart og ó-edli glæpanna er audþeckt. Þeink og ecki ad vondar hugrenníngar séu ecki fordæmanligar syndir. Til hvørs segir Endurlausnarinn, Matth. 5: ad sá sem lítur eina konu til ad girnast hana, hann hafi alla-reidu drýgt hór med henni í sínu hjarta? hvarfyrir segir hann, sá sem reidist bródur sínum, sé ráds sekur? Því sagdi hann vid Pharisæana: hvar fyrir hyxid þér svo íllt í ydrum hjørtum? Matth. 9. Dragi eingin sjálfan sig á tálar; til þess er hinn alskygni Gud, hjartnanna og nýrnanna rannsakari, Jer. 17, ad hann dæmir allt þvílíkt og fordæmir á oss, nema vér þess ydrumst af hjarta eins vel sem orda og verka; og hvad sem hann hefir bannad ad gjøra og tala, þad hefir hann og bannad ad hugsa. Og uppá þad ydranin kunni ad nockru leiti ad sambjóda stærd syndarinnar, þá athugum grandgjæfiliga misnum þeirra, eptir þeirra háttalagi og atburdum, tilgángi og ordsøkum, er oss drógu þar til, en eingin kann ad játa edur ydrast réttiliga þeirrar syndar, er hann þeckir ecki stærd hennar og ílsku, og traudt kann madurinn ad láta af þeim glæp, sem hann ecki veit hvørja verkan hefir haft í sér, edur hvad sig hefir tildregid ad drýgja hann. Þar eru til óvitanligar syndir, sem ské annadhvørt af því, ad menn vita ecki hvad gjørist, svo sem

Pál, er hann sagdist ei hafa vitad ad þad var hinn ypparsti kénnimadur, til hvørs hann taladi, Act. 23; edur módir þeirra Zebedei sona, er ei vissi hvørs hún beiddi, Matth. 20; þær reiknar Gud ecki endurfæddum manni til syndar, því eingin fordæmíng er á þeim, sem eru í Christó Jesú, Róm. 8. En þó med því móti, ad vanvitskan komi ecki af ásetníngi til ad syndga, svo menn vilji ecki læra Guds vilja til þess, ad ei þurfi eptir hønum ad lifa. Líkar þessum eru þær, er menn gjøra af rasandi rádi, af gleymsku, af brádrædi, svo sem þegar Pétur hjó eyrad af Malchús, Jóh. 18; þegar lærisveinarnir þráttudu um, hvør þeirra mestur væri, Mark. 9: þegar þeir vildu kalla eld af himni, Lúc. 9. Þessum syndum er hinn gódi Gud og svo nádugur, þótt þær í sjálfum sér stórar séu, hvar uppá allstadar dæmi eru; en oss byrjar grandgjæfiliga ad taka vara á lífernis-háttum vorum, og læra ad þeckja bresti vora, annars mun brádrædid og vangjætslan ecki afbata meir þess-háttar syndir, heldur enn vanvitskan hinar. Nú eru þó syndir, sem menn drýgja þvert á-móti samvitskunni, og ad henni naudugri, hafandi ad eingu Guds bod fyrir einhvørs tilgángs sakir; þvílíkar syndir kunna ad verda ad stórum syndum, þótt þær séu smáar í sjálfum sér, og þad sem ecki er synd í sjálfum sér, þad reiknast fyrir synd, nær menn ætla þad muni vera Gudi á-móti, en gjøra þad ei ad sídur, því hann dæmir eptir ásetníngínum, og ecki eptir vitsmunum. Í selskap þessara synda var Aronis og Maríu, er þau møgludu í-gégn Gudi og Mósi, Núm. 12; Davíds, þegar hann tók húsfrú Uríæ Hetithers frillutaki, en sló bonda hennar í hel med sverdi Ammons barna, 2 Sam. 11. Þessar syndir verda ei afþvegnar nema med heitum ydrunar-tárum, því stór sár þurfa mikla grædslu; en hinn réttláti Gud er vandur ad virdíngu sinni, og lætur ei ad sér hæda, Gal. 6. Þess er og ad gjæta, br. m. ad þær syndir, sem oss idugliga henda, þær reita hinn miskunsama Gud næsta mjøg til reidi, því þad mætti sýnast, ad menn med svoddan ógudligu athæfi gjørdu leik til þess ad styggja hann. Oss verda syndirnar med því forordi tilgéfnar, ad vér leggjum af vora ílsku-breytni. Látum af íllu og lærum gott ad gjøra, Esa. 1; því ef vér æfum þannin syndina, jafnvel þótt vér látumst ydrast hennar, þá mætti virdast, ad hin sídasta synd hefdi forbrotid fyrirgéfníngu allra hinna, en einginn veit hvørt hann fær tóm til ad ydrast hennar, edur hvørt Gud vill léna hønum ydran til apturhvarfs (sem Páll ad ordi kémst, 2 Tím. 2) er svo lengi hefir gjørt handverk af syndinni; þar fyrir byrjar øllum þeim er til Guds bords gánga ad athuga, ad þær syndir, er oss henda eptir þad, ad vér høfum lofad Gudi betrun lífernisins, þær eru þýngri og orka meiri hegníngar, enn hinar, er vér ádur gjørdum, þvíad í þessu sakramenti verdur skírnar-sáttmálinn endurnýjadur, sem ádur er sagt, og vér verdum ad nýu tryggrofar vid Gud, nema vér af fremsta megni leggjum allt kapp á ad halda vor færi. Vid þessum syndum er flestøllum nockud hætt, jafnvel þeim sem ecki eru lángt frá Guds vegi, og þær henda Guds-børn á-stundum; en um þá vil eg ecki tala, sem eru svo samdauna vordnir ránglætinu, ad þeir ecki þeckja syndina fyrir synd, þótt þeir viti ad Gud hafi bannad hana; þeir leidréttast ecki vid Guds straff og áløgur; þeir taka syndina í forsvar, og vilja réttlæta hana; reidast Guds þénurum edur og gódum vinum sínum, þá þeir átaldir verda; þeir elska syndina ecki alleina á sjálfum sér, heldur og sam-

sinna þeim er hana gjøra, Róm. 1; það hendir Guðs=børn, að það góða, sem þau vilja gjøra, það gjøra þau ecki, Róm.7; en þessir elska eckert gott og hafa gaman af illu, bæði hjá sjálfum sér og øðrum, lockandi aðra til vondra verka, og eru í því svo sem nockurskonar umboðsmenn Fjandans, því það er hans embætti; þessa nefnir St. Páll, 1 Tím. 4, forbrendar samvitskur, og muni þeir verða íllar apturhvarfs, nema þeim sé í tíma græðslu leitað. Nú er einginn efi á því, að svoddan manneskjur finnast í Guðs kyrkju, fyrir því verð eg hér um að tala, því þá er guðleysið komið á hina efstu troppu, og gétur varla hærra stígið, og einginn hlutur er þeim vísari enn eylíft helvítis=bál, nema þeir láti sig leiðrétta af Guðs Anda. Og er það ecki nóg, kristinn maður, að þú lærir að þeckja syndina af yfirvegan Guðs boðorða, eður hennar háttalag, af því sem nú er sagt; þú átt þar að auki að rannsaka þitt eigið líferni, og gánga ítarliga í rétt við sjálfan þig. Það var ólucka vorra fyrstu foreldra, að þau lærðu að þeckja hið illa, Gén. 3; en Guð er svo hagur, að hann kann að gjøra góða hluti af vondum, og því kann þecking íllskunnar að gagna oss til sáluhjálpar, þó meir á sjálfum oss enn á øðrum. Það er ecki mannvant að þeckja hvað íllt er í annars fari, en sá sem dæmir sjálfan sig, hann verður ecki af Drottni dæmdur; það skéður, nær menn bera líferni sitt, orð, gjørðir og hugrenníngar saman við Guðs løgmál, en þar hlífist margur við; sumir þess vegna, að þeir ætla, að þar muni ecki svo skarprar rannsóknar við þurfa; aðrir hins, að þeir kvíða við að ýfa hin fúnu sárin, því þau svíða magnliga, nær þau rannsøkuð eru með løgmálsins broddi, gjætandi ecki að því, að svoddan verkar þó eptir á friðsamligan ávøxt réttlætisins, Hebr. 12; færa menn því alla hluti sér til umbótar, ecki einasta fyrir øðrum, hvað ecki er svo að lá, heldur og fyrir sjálfum sér og dómi sinnar eigin samvitsku, svo að hann sem lángt er frá því að elska Guð umfram alla hluti, hann kallar sig vel hafa gjørt og aflokið þeirri skyldu, ef hann les bæn sína kvøld og morgna, eður sýngur honum einn Sálm til dýrðar. Sá sem er gjarn á blót og svardaga, nefnir það hreysti=yrði; hann sem afrækir Guðs hvíldardaga, nefnir það ástundan og iðjusemi; ef menn formæla ecki foður og móður, jafnvel þó þeir séu þeim óhlýðugir í øllu því sem þeir þora, og ef foreldrarnir klæða børnin og fæða, þó þau líði að þau alist upp í øllu reiðileysi, og jafnvel sumir í skømmum og ódygðum, þá þykjast menn hafa gjørt mikin part skyldu sinnar; sá sem reiðinn er og heiptrækur, hann kallar það hugprýði; hinn lausláti vill láta óskickanliga umgengni heita mannúðleika og kurteysi; hinn ágjarni nefnir sig framsýnan og forsjálan; þegar menn ecki bera opinberliga falskan vitnisburð eður sverja lýgi uppá sinn náúnga, þykjast menn vera skildir við hið áttunda boðorð, og kanské sumir hræðist þó meir dómaran enn Guð; en ecki eru menn svo ljúfir á það altíð að bera sannleikanum vitni, litla smá=skreytni eður svigurmæli um sinn náúnga, lausmælgi, rógburð á millum góðra vina, eður íllt umtal í høfðíngjanna eyru, það reikna menn sumir að eingu, en sumir að hvørsdags breskum, sem Guð muni auðveldliga stíga framyfir, þótt menn yðrist þess ecki mjøg, eður æfi það að gamni sér, eptir það þeir hafi fengið fyrirgéfníng syndanna, athugandi ei það, að þvílíkt er næst til að fordæma syndarann, sem fyrir litla eður einga synd er haldið; því segir Lausnarinn: sá sem upplevsir eitt af þessum minstu boðorðum, hann skal minstur kallast í himnaríki, Matth. 5, það er:

hann skal þar aldrei innkoma. Þannin byggja menn ódygdunum, Andskotans dætrum, heima=jordina, sem er hjartad, af hvörju framkoma: vondar hugsanir, mannslög, hórdómur, frillulífi, þjófnadur, falsvitni, gudlastanir, Matth. 15; en reka dygdirnar, edur réttara ad segja, mindir dygdanna í hjáleigurnar, sem eru læti vor og útvortis hegdan, til þess ad forsvara heimagardinn, og birtast hvör fyrir ödrum; en menn gjæta ecki ad því, ad hann sem augad hefir skapad, Ps. 94, hann sér hvad í myrkrunum er hulid, því skyldu menn þá vilja fegra sitt mál fyrir hönum? Því dylja menn sjúkdóminn fyrir læknaranum, því strjúka menn purpura=litnum yfir hin súnu sárin? Þad heitir ad færa Krist í eina purpura=kápu, ad dylja fyrir hönum meinsemdir sínar, en ætlast þó til lækníngar af hönum, eins og þeir létu sem hann konúngur væri, en héldu hann þó fyrir illrædis=mann. Guds Sonur má eingann hóru=farfa lída á sinni brúdi, ecki meir enn Gud vildi láta bera skjækju edur hunds=verd inn í sinn helgidóm, Devt. 23. Þar fyrir sé þad ályktan þessa míns máls, ad þegar þú, kristin sála, ætlar ad trúlofast þínum Brúdguma í h. altarisins sakramento, hvar þú átt ad verda einn andi med hönum, og limur hans líkhama, 1 Cor. 6, þá lát alla hræsni fjærri vera. Rannsaka þinn lifnad, sem ádur er sagt, ber eckert í bætiskáka fyrir þér hjá hönum, sem veit hvad med manninum býr, Jóh. 2. Skygnst eptir hvad þér hefir framfarid á Guds vegi, sídan þú seinast lofadir þínum Frelsara trygdum, hvört þú hefir tamid þitt illfúsa hold um nockurn lost, er á þig strídt hefir, og hvörja atburdi þú haft hefir til ad krossfesta hinn gamla manninn Róm. 6. Yfirvega, hvörsu stórHerra þad er, sem þú módgad hefir, ad hann hefir vald til ad kasta lífi og sálu í eylífan eld, Matth. 10; og þó er hann svo þolinmódur og gódgjarn, ad hann hefir sparad þig og látid allt eptir þér midt í syndunum, og kanské valla fengid eitt þacklætis=ord þar fyrir af munni þínum, hvörn þú hefir til alls annars brúkad; hugleid þeirra dæmi, sem ecki hafa meir syndgad en þú, hvörsu Gud hefir hegnt á þeim óvirdíngar sinnar; lát svo þína ílsku kénna þér, og þitt fráhvarf gjöra þig vitrann; þeck og hvörsu ílt og biturt þad er, ad þú hefir yfirgéfid Drottinn Gud þinn, Jer. 2, og þegar þú þannin gjörir, þá gétur þú varla farid á mis vid þad, ad hjarta þitt brádni í þér svo sem annad vax, af íhugan Guds nádar, af þeckíngu syndanna, af eptirbid helvítis písla, sem þér eru búnar, nema þú ydrist af hjarta; en vilji ecki hér med á=orkast, þá lát samt ecki af ad bidja Gud um sinn h. Anda, sá ed skapi hreint hjarta í þér, og géfi þér nýan vissan anda, Ps. 51, hvörs hann má þér ecki synja vegna sinna fyrirheita; því ef madurinn stód upp á náttar=þeli til ad fá vini sínum þad hann vidþurfti, Lúc. 11; ef hinn ránglátí dómari, sem hvörki óttadist Gud né menn, ef hann lét skipast vid þrábeidni eckjunnar, Lúc. 18; ef vér, sem vondir erum, kunnum ad géfa börnum vorum gódar gáfur: hvad miklu framar mun vor himneski Fadir géfa þeim h. Anda, sem hann þar um bidja, Lúc. 11. Þetta stendur æfinliga stödugt, því hann er trúr, sjálfum sér kann hann ecki ad neita, 2 Tím. 2; þess heitara sem þetta ángur er, þess þægra er þad Gudi, allt fram til þess ad þú takir til ad efast um Guds nád, en vid því er ecki hætt, hann mun fljótur verda til ad láta trúna lifna, nær þú ert svo á þig kominn, og sýna þér krapt síns Sonar forþénustu, med öllum hans velgjörníngum, þá heitir þad svo: sælir eru þeir sem húngra og þyrsta eptir réttlætinu, því þeir

munu saddir verda, Matth. 5. Þar fyrir, Guds barn, þú hvørs hjarta hans Andi hefir sundurmarid med þeckíngu syndarinnar og Guds gjæsku, þú skalt þess fullørugur vera, ad hvar sem ad syndin yfirgnæfir, þar yfirgnæfir nádin miklu framar, Róm. 5; fyrir því, nær þú stendur vid Drottins bord, randur af óvirdíngu vegna þinna synda eins, og Ephraim, Jer. 31, þá lít trúarinnar augum á þad saklausa Guds lamb, sem burt hefir borid heimsins syndir, Jóh. 1, hvørn Gud hefir þar fyrir sett til nádarstóls fyrir hans blód, Róm. 3; hann er forlíkun ecki einasta fyrir þeirra syndir, er lifdu á hans døgum, heldur allrar veraldarinnar syndir, 1 Jóh. 3; þar fyrir er hann og fyrir þínar, hvørsu mjøg sem þú ert hinum verstu lýtum hladinn, því harmþrúngin og sundurknosadan anda mun hann ecki fyrirlíta, Ps. 51; og til stadfestu þar=um, gefur hann þér í h. altarisins sacramento, þann sama líkhama, sem brotinn var fyrir þig, segir Páll hér í Textanum; þad skédi þegar þínar syndir, er hann bar uppá tréd, þegar þær mørdu hans allraheilagasta líkhama í=sundur á krossins gálga; þegar ógudligra manna hendur nidurbrutu þad musterid, er hann sjálfur uppbygdi aptur á þridja degi, Jóh. 2, þér til réttlætis. Hafi nú hin eylífa Gjæska sparad þig midt í þeim syndunum, sem krossfestu hann, því mun hann þá ecki nádugur vera, þar þú ert á veginum ad hverfa aptur frá þeim? En þótt ad ydranin og trúin séu fullnógar til ad ødlast kvittun syndanna hjá Gudi, þá kann þó hvørug þeirra ad standast fyrir utan nýa hlýdni, því nema svo sé, ad nockur hafi fastliga ásett ad sporna vid þeim glæpum, hvørra minníng ad honum vard svo beisk í ydraninni, þá á þad heima hjá honum, er Petur segir, 2 Pist. 2: ef ad þeir, eptir þad þeir hafa umflúid saurganir heimsins, fyrir þeckíngu Drottins vors Jesú Christí, flækjast í þeim aptur og verda sigradir, þá eru þeirra hin sídari kjør verri hinum fyrri, því betra hefdi þeim verid aldrei ad hafa þeckt veg réttlætisins, enn ad þecktum honum, ad hverfa frá því helga bodordi, sem þeim er í hendur fengid; en þad hendir þá, sem segir í hinum sanna ordshætti, ad hundurinn gengur aptur til spýunnar, og þvegid svín veltir sér í hinum sama saur. Nú fyrir því ad hér er ecki vid ad dyljast, ad syndumspilt náttúra er eitt ótamid dýr, þá er rádligt ad taka til ad leggja vid hana beitslid, nockru ádur enn menn fara ad forlíka sig vid Gud í sakramentinu, nema menn hafi þad ádur gjort lángvaranliga, sem þó mun sjaldfengid. Eingin vond tilhneigíng, sem ecki er ad nockru leiti deydd, má fylgja oss, kristnir menn, til þessa bords. Ef syndin lifir í oss, þá erum vér daudir í henni, en einginn gefur daudum manni ad eta. Þetta er andlig fæda, og því hlýtur sá andligu lífi ad lifa, er hana medtaka skal. Braudid og vínid medtaka allir og þar med Guds líkhama, en þar hjá er ønnur nautn, um hvørja Drottinn talar, Jóh. 6: sá sem etur mitt hold og dreckur mitt blód, hann skal ecki daudann smacka ad eylífu; hennar verda þeir einir hluttakandi, er sig hafa verdugliga tilreidt, hún skédur opt fyrir utan sakramentid, en þó á hún í sakramentinu helst ad ské; viljir þú hennar njótandi verda, þá sjá til ad þú framkomir skrýddur brúdkaups=klædi, Matth. 22; annars verdur ecki af trúlofuninni vid þann Fegursta medal mannanna sona, Ps. 45. Þad er ei nóg ad hafa um stundar=sakir úthreinsad hjartad med sóplimum ydrunarinnar, heldur byrjar strax ad safna í þad hinum bestu dygdum, svo ef hinn óhreini andi kann aptur ad hverfa med sjø ødrum sér verri, ad hann finni þad þá ecki tómt, og verdi svo þitt

síðara argara hinu fyrra, Lúc. 11. Veit eg að þetta er einn torveldur hlutur, því það er sú barátta milli holdsins og andans, er girnist hvort í móti öðru; Gal. 5; en hvað skulu menn segja? þar sem eingin barátta er, þar er eingin sigurvinníng, þar fyrir, sá sem ætlar sér að uppbyrja nýjann lifnað, hann leggi mest kapp á að brjóta þær girndir, sem hann er mest til-hneigður. Þér er ecki ókunnugt, ef þú leggur nockurn hug á þitt mál, af hvorjum hlutum þú mest verður lockaður til að gjöra illt; varast þá hina sömu, þótt ei séu þeir vondir í sjálfum sér. Einginn hertogi stríðir lengi einsaman, hvorsu vitur eða voldugur sem hann er, og svo eru lestirnir, ef þeir eru einir um sig, þá er hægra að yfir-koma þeim. Um fram alla hluti þá lát Guð sjá, að þér sé alvara að lifa vel, og þá er hans aðstoð vís, sem þér dregur þúsundsinnum meir enn allir þínir atburðir, því án mín megnið þér eckert, sagði Jesús við lærisveinana, Jóh. 15. Sá sem ecki hatar syndina, hann gengur óverðugur til Guðs borðs, en sá sem hana hatar, hann hefir alvarligan ásetníng til að láta af henni, því einginn vill umgengni hafa með þeim, sem hann að hatri hefir. Lát Guð finna þetta hjá þér, nær hann rannsakar hjarta þitt, og svík ei sjálfan þig; hann getur þú ecki svikið. Eg veit það er torveldt að láta allt á-móti holdi og blóði; en hafir þú nockurn tíma af hjarta ydrast og fundið til Guðs reiði og samvitskunnar veiki; hafi þínar syndir gjört þér nockurn tíma helvíti heitt, þá rádgast um við sjálfan þig, nær þú freistaður verður af einhvorri girnd, hvort þú eigir að vinna það til skammvinns mun-aðar, að þola strax á eptir slíka kvöl; mundi Davið hafa viljað leika sér að sömu synd, eptir það hann hafði svo lengi tárast fyrir Guði? mundi Petur ecki heldur hafa í dauðan gengið, enn að afneita Christó, heldur enn að líða að nýu átölur samvitsku sinnar, þegar hann geck út og grét beiskliga? Matth. 26. Ætla þér og ecki það, að láta eptir þér einn brest, en þjóna Guði í hinu, því sá sem brýtur eitt boðorðið, hann er í öllum sekur, segir Postulinn, Jak. 2. Eingin af þínum dygdum kann að standast fyrir Guðs réttlætis dómi, því munu þær þá réttlæta glæpina? sníð því allt ógudligt athæfi burtu, svo mikið sem þú fær orkað, en þar sem þínir kraptar dvína, þá tekur Christí forþénusta við. Meina og ecki það sé nóg, að þú nockra stund gángir á Guðs vegi; því þeim sem er trúr allt til dauðans, mun eg gefa kórónu lífsins, segir Drottinn í Opinberíngar-bókinni, 2 kap. og eg vil enn framar segja: að það vill heldur fordæma þig, enn réttlæta, að þú hefir ein-hvorn-tíma Guði þjónað, ef þú hverfur þar frá aptur, því það er teikn til þess, að Guð hefir lént þér svo mikla krapta, að þú getur gengið hinn rétta veg, sem til lífsins liggur, verður svo skuldin hjá þér, en ecki hjá Guði. Umfram alla hluti sjá til að þú óttist hann og elskir, þá munt þú eingan sáttmála gjöra við hans óvini, sem eru holdið, heimurinn og Djöfullinn, heldur munu allar kristiligar dygðir sjálfkrafa spretta í akri hjarta þíns, eins og kornið vex fyrir utan mannsins ómak, þá sæðinu er í jörðina kastað; og það er sá einasti og beinasti vegur til að lifa guðrækiliga, og sá sem á honum er, fer aldrei villur vegar. Nú hefi eg einfaldliga sagt hið helsta er þeim byrjar að hugleiða, sem vilja verðugliga til Guðs borðs gánga, en eg hefi sagt það börnum og fáfróðum mönnum, hina sem vísari eru og kunna Guðs veg, þá nægir að minna á Christí orð, er hann sagði, Lúc. 12: sá þjón, er veit síns Herra vilja og gjörir hann ecki, hann mun morgum höggum

sleginu verda. En þú sem fórnfærdur ert fyrir vorra synda skuld, Herra Jesú Christe! styrk þú oss bædi í þessu og øllu ødru verki sáluhjálpar vorrar. Bænheyr þad vor Frelsari; hvørjum med Fødur og h. Anda sé makt og veldi, lof, heidur og prís um aldir, amen!

A Føstudaginn Lánga.

Exordium.

Eingri sképnu sinni hefir Guds gjæska meira veitt enn syndugum manni, og varla er þó nockur tregari til ad þeckja hans gjæsku. Þegar Adam hafdi eckert á-móti Gudi gjørt, og ecki af honum þegid nema skøpunina, og svo vald yfir hinum ødrum sképnum á jørdunni, þá er líkligt, ad einginn hlutur hafi honum inndælli verid, enn ad lofa sinn Skapara, og gledja sig í undran hans dásemdarverka; en sídan Gud honum meira veitti í fyrirgéfníngu syndanna, og fyrirheiti þess blessada Kvinnunnar-Sædis, Gén. 3, þá eru Adams nidjar vitnir frá þeim hlutum sem heyra til Guds dýrdar. Heilagir einglar, sem frammi fyrir honum standa, hafa einasta hinn dýrdliga skapnad og sælu-vist med Gudi af hans hendi þegid. Guds Sonur hefir Abrahams sædi en ecki þá uppá sig tekid, Hebr. 2; samt eru þeir þjónustusamir andar, Hebr. 1; en madurinn, hvørn Gud hefir skapad, skapadan endurleyst, endurleystan endurgétid, endurgétinn med Jesú holdi og blódi mettad og dryckjad, og upplýst med sínum ástgjøfum, honum finst lítid þar til, og er næsta tómlátur í sinni Guds þjónustu. Einglar komu og þjónudu Christó í hans manndómi. Matth. 4; en hans fólk vildi ecki þjóna honum; eingillinn bodadi hans gétnad; þeir prísudu hans fædíngu, Lúc. 1 og 2; eingillinn kom af himni og styrkti hann í kvølinni, Lúc. 21; en hans eigin gjørdu hans sálu hryggva allt í daudann; einglarnir bodudu hans upprisu hjá grøfinni; en hans fólk og prestarnir keyptu ljúgvotta til ad mótsegja henni, Matth. 28. Øll sképnan mænir med útréttu høfdi eptir Guds barna auglýsíngu, segir Páll, Róm. 8, og hún stynur til samans, og er til samans svo sem í barnburdi. Fyrir vora skuld er jørdin bølvud; fyrir vora skuld má hún þyrna og þistla bera, Gén. 3; fyrir vora skuld er hún þrældóminum undirokud; enn í øllu þessu auglýsir hún þó dýrd síns Skapara, hvørn madurinn vanvirdir med ópacklæti og vondum verkum. Ef ad þessir þegdu, þá mundu steinarnir brádliga hrópa, sagdi Frelsarinn vid Gydínga, þá børnin súngu hósíanna Matth. 21. O, Herra Gud! høfdu steinarnir ordsøk til ad hrópa, þá Kristur innreid til Jerúsalem; hvad høfdu þeir ecki þegar hann var af Jerúsalem svo sem bølvan útrekinn? Ef daudir hlutir máttu vakna vid þá lífsins Herra kom til sinnar arfleifdar; hvad máttu þeir ecki þegar lífid dó á krossinum? Skyldu musterisins veggir hafa géfid hljód af sér, hefdu børnin þagad; hvad var þá øll veroldin ecki skyldug ad gjøra, þar allir løstudu, hæddu og brixludu, og á krossins gálga negldu hennar Skapara? Þetta hrópar øll náttúran fyrir ópacklátu og ógudligu mann-kyni á pínslar-degi allrar veraldarinnar Lausnara, því sampíníst hún sínum Skapara í hans pínu, svo sem ecki hefdi hún rænu á ad gjøra síns embættis-skyldu, þar manneskjan var svo afsinna, ad hún aflífadi sinn Lífgjafara. Þessi náttúrunnar umbrot hefi eg ásett í dag fyrir ydrum kjærleika ad yfirvega; og viljum vér þar fyrir í þetta sinn hugleida þau sérlígustu furduverk, sem ad skédu í pínu vors Endurlausnara, med þeim lærdómum sem vér oss til huggunar og áminníngar taka megum þar af. Styrk oss til þessa verks ó Gud, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Þar urdu myrkur yfir alla jørdina og sólin misti sína birtu, segir í Textanum. Hvort þessi formyrkvan hafi einasta skéd í Gydíngalandi edur yfir allan heimin, vil eg í þetta sinn ecki fá mér til orda; vér viljum alleinasta færa oss í nyt þetta dásemdarverk, til gud-ræknligrar umþenkíngar, vitandi ad þetta svo vel sem allir Guds gjørníngar eru skédir oss

til lærdóms. Hvørsu mátti hid blessada heimsins ljós lýsa mönnunum, þar mannanna Endurlausnari var kvalinn, og það skjæra ljós, sem upplýsir alla menn, sem koma í þennan heim, Jóh. 1, tók undir ad gánga? Sól réttlætisins, Mal. 4, var sinni undirgaungu nærri, þar daudans skugga tók til ad slá yfir þau allra-helgustu augu, sem ad eru þúsundsinnum skjærari enn sólin, Sýr. 23; því var þess öll von, ad hin náttúrliga skammadist sín ad lýsa. Þegar menn sjá einn vidurstyggiligan hlut, sem allir blygdast vid augunum ad líta, þá snúa menn sér undan edur jafnvel byrgja fyrir augu sér. Sólina kalla spakir menn auga heimsins; hún hefir aldrei svo blygdunarlaust verk yfir-skinid sem þetta, ad gudlausir heidíngjar og hardsvíradir Gydíngar tóku Konúng dýrdarinnar af lífi; þar sjálft lífid var aflífad; þar daudans daudi mátti dauda deya, Os. 13; þar dagurinn vard ad nóttu myrkranna verka; því byrgir náttúran fyrir augu sér, ad hún ei skyldi horfa á, ad náttúrunnar Herra væri þannin af dögum rádinn. Í mikilli sorg og harmkvælum plögudu Júdar ad byrgja sínar ásjánir; Davíd géck med huldu höfdi yfir um lækin Kedron, 2 Sam. 15; svo segir Micheas 3 kap: Sjáendurnir munu til skammar verda, og spásagnararnir blygdast, og þeir munu allir byrgja sínar ásjónur, því þar er ei andsvar frá Drottni. Hér byrgir himininn sitt andlit, og þolir þar ecki yfir, ad hann sem uppfyllir bædi himin og jörd, 1 Reg. 8; hann í hvörs augliti himnanna himnar ecki eru hreinir, Job. 15; já, hvörs hásæti ad himininn er, Esa. 66, hann skuli á sinni fótskör einum madki og ecki manni líkur verda, Ps. 22. Formyrkvun sólarinnar ordsakast þar af, (eptir því sem hinir vísu segja) ad túnglid gengur á-milli sólarinnar og jardarinnar; þó skedi þad ecki í þessari formyrkvan, þar túnglid var í sinni fyllíngu, hvar fyrir hún var á-móti náttúrunni; því gèfur þetta mér ordsök til ad þenkja þar-um, ad vorar daudligar illgjördir settu sig á-milli Christí manndóms í pínunni, og þess blída auglits Födursins, hvör ad er sól þeirrar himnesku Jerúsalem, Apóc. 21, svo ad geislar hans födurligrar elsku nádu ecki ad skína í-gégnum þær, yfir þann elskuligasta Guds, og sú velþóknan, sem hann hefir í sínum eingétna Syni, Matth. 3, umhverfdist, ef svo mætti ad ordi komast, í hinn stóra byrdar-þúnga hans reidi, hvör ed kvaldi Jesú blessadan líkhama og sál allt til daudans. Sjá hér, kristinn madur, þann brennheita kjærleika lifanda Guds, sem hann hefir elskad þig med, þegar þú varst hans óvinur, Róm. 5. Er ecki þetta skéd til þess ad þínar syndir ecki adskilji þinn Gud og þig? Esa. 59; og þegar ad skuggi myrkranna verka og hinir fúlu dampar þinna illgjörda og bodorda-brota stíga upp í himinin fyrir hinn réttláta Dómara, ad Kristur med sinni forþénustu afmái þær þá svo sem annad ský, Esa. 44, og kasti þeim í hafsins djúp, svo þeirra ecki ad eylísu minst verdi, Mich. 7. Um þessa formyrkvan spáir Amos í 8 kap. á þennan hátt: á þeim tíma vil eg láta sólina undirgánga um middegi, og allt landid myrkt verda á deginum. Minn Herra Jesú! því mundi ecki þad blessada ljós veraldarinnar innibyrgja sinn ljóma, þar ljómi Födursins dýrdar, og ímind hans guddómligrar persónu tæmdi sjálfan sig, svo sem Páll ad ordi kémst, Phil. 2, og Guddómurinn (svo ad segja) huldi sitt auglit fyrir manndóminum, þegar Kristur leid? Því skyldi ecki landid myrkt verda, þegar lífsins tré, hvörs blod ad þéna til heidíngjanna lækníngar, Apóc. 22, var af heidinna manna miskunarlausum höndum upprætt af landi lifandi manna? Eptir þad

mikla myrkur, sem skéđi fordum í Egyptalandi, Exód. 10, þá fylgdi Israels sona frelsun og útleidsla af því þrældóms húsinu; en þessum myrkrum hefir fylgt eitt eylíft frelsi frá syndarinnar þrældómi; eptir myrkurin í Egyptalandi kom slátrun páskalambsins, Exód. 12; en í þessum myrkrum verdur þad sanna páskalamb slátrad á krossins altari, sem ber allar veraldarinnar syndir, Jóh. 1. Gydíngar hofdu bedid Krist um teikn af himni, Lúc. 11; sjá hér er eitt teikn sem skéd er í augum allrar veraldarinnar. Hvílíkur mun hann vera í dýrdinni, sem svo er kroptugur í pínunni? hvor mun hann vera lifandi, sem er svo voldugur deyandi? hvad oflugur mun hann drottnandi, er svo drottnar yfir hinum miklu hofudsképnum í mind eins þjóns lídandi? Í Exód. 10 kap. skipadi Drottinn Gud Mósi ad upprétta sína hond til himins, ad þar yrdi myrkur yfir allt landid, og þar vard myrkur og þoka í Egyptalandi um þrjá daga, svo einn madur sá ecki sinn bródur, en ollum Israels sonum var ljóst í þeirra híbýlum; en sjáid, hér er meir enn Mósis, hér er Jesús sonur Guds lifanda, hann útbreidir bádar sínar hendur á=móti himnum á krossins tré; hér verdur myrkur yfir allt landid um þrjár stundir; en í þessu myrkri hefir ollum andligum Israels=sonum upprunnid eitt skjært og sannarligt ljós, svo einn bródir þarf ei odrum ad kénna, heldur verda þeir allir af Gudi lærdir, Jer. 31, og allir þeir ed á Jesúm Christum trúa, hvor ed gaf sitt líf út fyrir sína brædur, þeckja hvor annann fyrir systur og brædur, og eru eitt innbyrdis, svo sem hann og Fadirinn eru eitt, Jóh. 17. O, Herra Gud hvad skal eg hér til segja? Eg vil brúka þad sama orda=tiltæki sem Jeremías í 2 kap., brúkar yfir syndum Israels=fólks, segjandi: himininn skyldi grúa þar yfir, hrædast og skélfast mikiliga. Hér sýnist mér ad himininn og himnanna kraptar gjori af alvorn þessa befalníng Drottins; en þú, kristinn madur, sem ert hin veikasta bóla af flódi þessarar veraldar, kémur þér ecki til hugar ad byrgja þitt andlit, sem er fullt af óvirdíngu, þegar þú heyrir ad sólin sem dagliga upprennur yfir þér ránglátum, Matth. 5, hún sortnar í þíns Skapara herfiligustu nídurlægíngu? Veitst þú ecki hvad St. Páll segir, Eph. 5: þér vórud fordum myrkur, en nú erud þér ljós í Drottni, gángid svo sem ljóssins born. Í þessum miklu myrkrum, sem þú heyrir í dag vera talad um, hefir leónid af kyni Júda, Apóc. 5, myrkranna hofdíngja sigrad og herleidíngunna ad herfángi tekid, Eph. 4, og þig, sem eylífliga áttir ad kveljast í ytstu myrkrum med ópi og tannagnístran, þrifid út af þeirri gryfjunni, hvar eckert vatn var inni, Zach. 9. Páll skrifadi þessi ord til þeirra í Ephesó, sem af heidíngjum hofdu kristnir gjorst; þú ert og kristinn af heidíngjum kominn, hvorjir af Gudi eckert vissu; seig mér! hefir þú aflagt verkin myrkranna, sídan þú heyrdir Jesúm á krossinn fyrir þig upphengdan? þegar þú les ad þú skulir óttast og elska Gud, en fremur þó án umþenkíngar þad honum vest líkar, sem er syndugt athæfi; eru ecki þad myrkranna verk? þegar þú hugsar íllt í þínu hjarta og fremur allar ódádir undir skini meinleysisins og gudhrædslunnar, en veitst þó ad hann sér hvad í myrkrunum er hulid, Sýr. 23; heitir þad ecki ad vilja blinda hann, sem augad hefir skapad? þá þú sér einn vesalíng naud lída, sem eins mikid færdi inn í heiminn og þú, og allt eins mikid mun burtu bera, en þú byrgir þín augu fyrir honum, og stíngur þau heldur út enn ad þú skulir sjá aumur á honum, er þá ecki ærid myrkt fyrir augum þér? þegar einum gengur í vil, og hans lucka er þér þó einginn afdráttur, en þitt

hjarta gremst yfir því, og þú ert rángeygdur af hans velgengni, munt þú þá fyrir myrkri þinnar øfundar géta ratad þann veg, sem Guds børn feta eiga inn til lífsins? þegar þú elskar þín eigin lýti, og bjálkin í þínu auga skyggir á alla þína klæki, en flísin í náúngans auga er þér ávalt fyrir sjónum, Matth. 7; er þad ecki svartnætti eigin-þóttans? þegar einhvør af mannligum veikleika gjørir edur talar þér nockud á-móti, en þú sést ecki fyrir, jafnvel ad voga þinni eigin velferd honum til ólucku, mun þá ecki myrkur fólskunnar aptur-byrgja þín augu, svo þau gái ecki ad, ad skamma stund verdi hønd høggi fegin? þegar Satan hefir þig uppá eitt ofurhátt fjall, og sýnir þér øll ríki veraldarinnar og þeirra dýrd, Matth. 4, en þú veitst upp yfir þér stendur Drottinn Gud þinn, sem þú alleina átt ad tilbidja, munu þá ecki renna á þig tvær grímur, hvørjum heldur þú eigir ad þéna Gudi edur mammon? ecki munu þeir allir vera, sem med gódri samvitsku hrósa kunni, ad ecki hafi vordid myrkt fyrir augum sér í þvílíku tilfelli. Þegar dæma á milli bródur og bródur, á-millum blóds og blóds, en hinn voldugi ber fé í dóminn, eda óttinn kvelur, eda vináttan kitlar þá hønd, sem á sverdinn heldur: mun þá ei Andskotinn setja brillur uppá réttarans nasir, svo hann ecki fái rammad þann høggstad, sem hann ætti. Vildum vér nú renna vorum augum frá gjálífi veraldar þessarar um stundar-sakir, og bera þessi verk saman vid ljós Guds heil. orda, þá þykir mér ecki ólíkligt ad andlit vorrar samvitsku mundi rodna fyrir Gudi. Med hvørjum augum skal eg líta þinn bródur Jóab, sagdi Abner fordum daga, þegar Hasael rann eptir honum í bardaganum, ef ad eg slæ þig í hel? 2 Sam. 2; en hvørju viljum vér Gudi eylífum konúngi og alleina ríkum svara, þar vér høfum hans Son krossfestan? og fyrir vor myrkra-verk er makt myrkranna yfir hann kominn; munum vér þora heldur enn tollheimtumadurinn, Lúc. 18, ad lypta augum vorum upp til himins? munum vér djarfari verda enn vor fadir Adam, sá er faldi sig fyrir Gudi, og þordi ecki ad líta hans auglit? Gén. 3. Þar fyrir, kristinn madur, kannast þar vid, ad þér ber blygdun þíns andlitis, en honum ber dýrdin og heidurinn, Dan. 9. Í annann máta segir píslar-sagan, ad fortjaldid í musterinu hafi í sundurrifnad frá ofanverdu, allt nidur í gégn. Von var ad þad musterid, sem var med høndum gjørt, mundi ei standast þá ógn, ad hid dýrdliga musteri hans líkhama var nidurbrotid, Jóh. 2. Þetta fortjald adskildi þad allra-heilagasta frá sjálfu musterinu, hvar inni var á døgum Salómonis sáttmáls-ørkin, nádar-stóllinn og vøndur Arónis, sem vóru skuggi eptirkomandi gjæda, Hebr. 9. Því sundurrifnar fortjaldid, ad skugginn yrdi burttekinn, þar vér høfum sjálfa hlutina; ørk sáttmálans milli Guds og manna var uppfest á krossins tré; Jesús sem er einn nádar-stóll í sínu blódi, Róm. 3, var hér øllum géfinn; kvisturinn af rót Jesse var blómgadur, Esa. 11; lífsins braud var af himnum ofankomid og øllum frambodid, svo ad hvør sem æti þar af, skyldi ei daudan smacka ad eylífu, Jóh. 6. Inn fyrir fortjaldid í þad allra-helgasta mátti ei gánga nema hinn ædsti kénnimann eitt sinn á ári, en þad rifnar hér í sundur, til ad audsýna þar med, ad hinn ædsti Biskup vorra sálna, er fyrir sitt eigid blód einusinni inngenginn í þad allra-helgasta, ad útvegadri eylífri endurlausn, Hebr. 9; þar fyrir er oss nú þad allra-helgasta opnad, sem er í himninum, svo vér høfum frían tilgáng til þess

himneska nádar=stóls, af hvörs fyllíngu vér höfum allir medtekid nád fyrir nád, Jóh. 1. Ei mátti almúgi manna inngánga fyrir fortjaldid í musterinu, Levít 16; en hér er þad sundur=rifid fyrir hans dauda, sem hefir fullnægt lögmálinu og lidid fyrir þad, sem vér med vorum syndum höfdum forskuldad, svo ad hvör einn rétt=trúadur er Guds kénnimadur í sínu hjarta, Apóc. 1, sem er hans musteri; hann hefir fortjaldid í sundur=rifid, og þar=med í burtu=tekid þann vegginn, sem milli var, og gjört eitt af bádum, Eph. 2, svo þar yrdi eitt sauda=hús og einn hirdir, Jóh. 10, og ei væri framar karl edur kona, þræll né frelsíngi, Gydíngur né Grískur, heldur allir eitt í Christó Jesú, Gal. 3. Kénnimanna=höfdínginn hafdi ádur rifid sín klædi á=móti Guds bodi, er hann kéndi Frelsaranum gudlöstun; en Gud allsherjar, uppá þad hann audsýndi, ad hann og hans selskapur væru sekir í þeirri óhæfu, hann lætur fortjaldid sundur=rifna. Þessi atburdur ætti nú ad kénna oss, mínir elskanligir, ad sundur=rífa ecki vor klædi, heldur hjörtu vor med heitri ydran, Jóel 2. Gjæt ad syndug manneskja, hvad óvidurkvæmiligt þad er, ad þinn Lausnari hángir á hin=um smánarligasta krossins gálga; hans hörund er sundurslitid af höggunum, sundur=rifid af þyrni=broddum, sundur=stúngid af nöglunum, sundurflakandi af sárum og benjum, og loksins sundurkramid, sundurkreist og sundurmarid af Guds eldligum reidi=svipum og óbæriligum þúnga þinna synda, sem hann hefir borid, og hegníngarinnar, sem á honum lá, uppá þad þú hefdir fridinn, Esa. 53. Þegar þú vilt þetta fyrir þér virda, þá mætti þér undir eins til hugar koma, ad draga þá skýluna frá augum sálar þinnar, sem þar lengi hefir fyrirhángid, og glepur svo fyrir þínum innra manni, ad þú þeckir hvörki Gud né sjálfan þig; vilt þú vera Guds andligur kénnimadur í þínu hjarta, sem ad er hans musteri, þá byrjar þér ad athuga í hvada herbergi hann vill búa, sem er í einu sundur=knosudu hjarta, Esa. 57. Fórnir gamla Testamentisins eru ad sönnu fyrir Jesú dýr=mætu fórn á krossins altari afmádar og ad eingu gjördar, en þar fyrir skalt þú ecki meina ad þú eigir einga skuld Gudi ad gjalda. En hvílíkt er þad offrid, sem honum þóknast? Þar segir Davíd frá í Ps. 40: blód uxanna og hafranna þóknast þér ecki, en harmþrúng=inn og sundurknosadan anda munt þú ecki fyrirlíta, Ps. 51. Í þridja máta segja Gud=spjallamennirnir, ad jördin hafi skolfid. Hvad hrædiligur hefir jardskjálfti þessi verid, börn mín! Þar ecki einasta fjallid Golgatha, á hvörju ad stód Drottins kross, heldur öll veröldin hefir leikid á reidiskjálfi. Plinius, einn heidinn madur, segir frá, ad á valdstjórn=ar dögum Tiberíí keisara, um þetta skeid, hafi 14 stadir í Grícklandi og í þeirri minni Asía í grunn nidur=fallid, hvörra nöfn Cornelius Tacitus í annari bók sinna annála öll upptelur. Hefir nú þessi skélfiligi jardskjálfti verid eitt teikn Guds almáttugs heiptar=reidi, þar hans eingétinn Sonur, í hvörjum honum alleina velþóknast, Matth. 3, er fyrir ann=arligar syndir af hinum synduguslu svo hardliga útleikinn? Þad gétur Messías til vitundar í Ps. 18, med þessari harma=klögun: daudans ángist hefir umkríngt mig, og Belíals beckir hafa ógnad mér; eg kalladi til Drottins, og jördin titradi og skalf, og grundvöllur fjallanna hrærdist og umturnadist, því hann vard reidur. Ó, minn Herra Gud! hvad stór er þín þolinmædi yfir syndinni og ógudligu mannanna athæfi? Hér géck svo mikil ógnan á, ad jördin gat ecki stadist undir þeim þúnga, þá hennar Skapari leid; náttúran

tók ad glidna í=sundur, því þær hendurnar vóru á krossinn negldar, sem vega hennar þúnga med einum fíngri og innilykja sjáfar=hafid í sínum hnefa, Esa. 45; hann ber alla hluti med ordi síns kraptar, Ebr. 1; því skyldu þá ecki allir hlutir sundurbresta, þá hann sem hefir ord eylífs lífs, Jóh. 6, mátti deya? Þegar lögmálid var fordum útgéfid, þá skalf jördin og fjöllin bifudust og titrudu eins og eitt strá, Exód. 19; en sjá! hér liggur öll lögmálsins bölvan á þeim, sem lögmálid hafdi útgéfid, en hafdi þó í allan máta uppfylt lögmálid. Því skélfur jördin af ógnan, ad sú handskriftin, sem móti oss var, er borin uppá tréd og á krossinn negld, Cól. 2; en Evangelíum, sem er kraptur Guds til sáluhjálpar, öllum þeim, sem trúa, Róm. 1, er hér undirskrifad med hans blódi, sem vordinn er bölvan fyrir oss, Gal. 3. Córe, Datan og Abíram mögludu móti Gudi, þar fyrir urdu þeir lifandi í jördina nidur ad fara, Núm. 16; en meiri mótmæli hefir þú hér þolad, minn Herra Jesú! því er ei ad furda, þó jördin opni sig og bjódi sig til ad svelgja þá ógudligu skálka, sem þad saklausa Guds Lamb höfdu á krossinn neglt; en hér sjáum vér ad þitt blód er forlíkun fyrir allar veraldarinnar syndir; ad þínum kvölurum hefir þirmt verid fyrir þína bæn í þinni bitru pínu, Lúc. 23; en náttúran má sampínast sínum Gudi. Þeir höfdu hrópad til forna: krossfestú hann, krossfestú hann! en hér opnar jördin sinn munn til ad kunngjöra þitt sakleysi og áklaga Gydínga. Þegar Adam neytti þess forbodna ávaxtar jardarinnar, þá var jördunni bölvad, Gén. 3; en sú bölvan linadist fyrir þess fyrirheitna Sædis skuld. Nú má sýnast ad jördin, þar hinn annar Adam, sem er Drottinn af himni, var píndur á henni, ad hún kvídi vid ad henni verdi ad nýu bölvad med eylífri bölvan. O, Herra himneski Fadir! Fadir allrar nádar og miskunsemi! vér megum játa þad um oss, sem Jeremías segir í 5 kap.: ad vér höfum hardar ásjónur svo sem einn steinn, og viljum ecki umvenda oss; vor hjörtu eru hardari enn klettur, þar björgin í=sundur klofna og jördin skélfur, en oss kémur ei til hugar ad láta oss ógna þær syndir, sem hafa þinn Son krossfestan. Grafir framlidinna lukust upp; en vér erum svo daudir í syndunum, og svo djúpt nidur grafnir í ránglætid, ad vér fáum ei risid upp úr hinni fúlu gröf holds og blóds á=móti vorum Herra. Af þíns eingétins Sonar sídu, sem er hella vors hjálpræðis, útrennur blód og vatn, Jóh. 19; en af vorum augum gétur ei stockid eitt ydranar=tár. Jördin skalf og björgin í=sundur klofnudu á pínu=degi vors Herra. O, hvad mega vor hjörtu vera steinum hardari, þar minníng Drottins dauda, er vér höldum á þessum degi, kann þau ecki ad mýkja til ydranar og apturhvarfs frá ógudligu athæfi! O, hvad stór munur er þó á=millum Guds og manna, ad hans hjarta brestur yfir einum ydrandi syndara, svo hann hlýtur honum miskunsamur ad vera! Jer. 31; en syndarans hjarta er svo óbifanligt, ad Jesú dýrmæta blód, fyrir hvörju öll veröldin lék á reidiskjálfi, þad fær ecki orkad því, ad madurinn gráti sína synd fyrir Gudi! O, þú almáttugi Gud! sem alla hluti kant framar ad gjöra, enn vér kunnum ad hugsa edur mæla, Eph. 3, umskér þú vor eyru og hjörtu med sverdi þinna h. orda, svo ad þau megi finna til synda sinna og Christí bitru kvalar; lát oss medan nádartíminn enn=nú yfirstendur þenkja þar til, ad hann mun aptur koma í skýum himins, med makt og miklu veldi; eldurinn mun brenna fyrir hans augliti, í hvörjum himnarnir munu forgánga med stór=brestum, og höfudsképnurnar af

hita brádna, ádur enn allt þetta skér, 2 Pet. 3. O, Herra Gud! géf oss þá ad vér upphefjum vor høfud, svo ad vér þeckjum vorn vitjunar-tíma, svo vér lærum ad fela oss í bjargskorunum, sem eru blessadar undir þíns eingétins Sonar, og þar í dyljast medan reidin fram hjá gengur, Esa. 26, svo ad vér á þeirri vondu tíd mættum fráskildir þeim ógudligu, er Jesúm ad nýu krossfesta og fót-troda hans blód, Hebr. 10, þvo vorn skrúda í Lambsins blódi, Apóc. 7, og lát oss med því dýrdliga skarti inngánga í hans brúdkaup og þá himnesku Jerúsalem, til ad lofa þig eylífliga, þú háleita Guddómsins þrenníng! Þad veiti oss Gud Fadir, Sonur og h. Andi fyrir Christí blessada forþénustu, amen!

A Páska-daginn.

Gudspjallid, Marc. 16 Kap.

Og þá ed þvott-dagurinn var umlidinn, keyptu þær María Magdalena, og María Jacóbi og Salóme, dýrdlig smyrsl, ad þær kjæmi og smyrdi Jesúm. Og mjøg snemma morguns, einn þvottdaganna, komu þær til grafarinnar um sólar-uppruna, og þær søgdu sín á-milli: hvør mun velta fyrir oss steininum af grafarmunnanum? og sem þær litu þángad, sáu þær ad steinninn var afveltur; en hann var ad sønnu næsta mikill. Og þær gengu inn í grofina, og sáu eitt úngmenni sitja til hægri hlidar, skrýddan sídu-klædi hvítu, og þær urdu óttaslegnar. En hann sagdi til þeirra: eigi skulud þér hrædast; þér leitid ad hinum krossfesta Jesú af Nazareth, hann er upprisinn, og er ecki hér. Sjáid þann stad, hvar þeir løgdu hann; heldur farid þér burt og segid hans Lærisveinum og Petri, ad hann muni gánga fyrir ydur í Galílæam; þar munud þér sjá hann, svo sem hann sagdi ydur.

E x o r d i u m.

Sá steinn, sem uppbyggjendur hafa burtu kastad, hann er vordinn ad høfdi hyrníngar; af Drottni er þessi og er undarligur fyrir mønnum; á þessum degi hefir Drottinn þad gjørt; føgnum og verum gladir á hønum, segir David konúngur, Ps. 118. Ad þetta kvædi sé ordt um mannkynsins Frelsara, vottar sjálfur hann, Matth. 21, er hann þýdir þennan spádóm uppá sig, hvør og svo í hans dauda og upprisu ad øllu leiti framkominn er. Hvørnin þeir hafi hønum burtkastad, þad høfum vér heyrt á umlidnum føstu-tíma. En hefdi Drottinn ad eins vort auma hold og blód uppá sig tekid, og dáid í því sama fyrir allar veraldarinnar syndir, þá hefdi hann ad sønnu ad fullu lokid þá skuld, er vér áttum Gudi ad gjalda; þar fyrir sagdi hann undir sitt andlát, hángandi á krossinum, ad þad fullkomnad væri, Jóh. 19; en ecki vórum vér vísir í því, ad hann hefdi goldid fyrir oss hinn sídarsta penníng, nema hann hefdi af fjøtrum daudans leystur verid, og þad sama kunngjøra látid, og sjálfur sig opinberad; og því kalla eg þad rétt sagt, ad Jesús Christus sé ad høfdi hyrníngar vordinn í sinni dýrdligu upprisu. A þessum degi hefir Drottinn þad gjørt, segir skáldid, føgnum því og verum gladir á hønum; eckert hefir oss þvílíkt til kjæti borid, Guds børn, og eingin sól hefir oss fegri upprunnid enn þessi. Adra daga gjørir hin náttúrliga sólin med sinni upprás, en

þennan, sól réttlætisins sjálf, er hina skapad hefir. Þegar sólin upprennur, formyrkvar hún hin ønnur himintunglin med nálægd sinnar birtu; en þegar hin blessada Sól réttlætisins undirgéck í hinn bitra dauda-stríd, þá gjørdi hún hina myrkva, þegar hún hvad fegurst skein; svo mikid vald hafdi hann bædi á himni og jordu midt í daudanum, hvad mikla birti mun hún þá bera í allra rétt-trúadra hjørtum í sinni upprisu? Þessi hin fagra sól rann oss upp fyrst allra í hans gétnadi; en strax eptir hans fædíngu dróu brádliga fyrir hana ský vors aumа holds veikleika, og sídan daudans, er hann þó ecki forþénad hafdi. Enn á þessum degi er hún svo eitt sinn upprunnin, ad hún mun framar aldrei undirgánga, því Kristur, upprisinn af daudum, deyr ecki meir, og daudinn ríkir ei framar yfir honum, segir Páll, Róm. 6. Þeir slátrudu honum svo sem lambi, en hann reis upp aptur svo sem úngt león. Jóhannes Baptista kallar hann þad saklausa Guds Lamb, sem í burtu-ber veraldarinnar syndir í hans nidurlægíngu, Jóh. 1. Jóhannes Evangelista nefnir hann þad leónid af kyni Júda, sem sigurinn unnid hafi, Apóc. 5, í sinni upprisu. Føgnum því og gladir verum, kristnir menn, sýngjandi og spilandi Drottni í hjørtum vorum. Guds heilagir Einglar, þeir himnesku andar, hvørjum Guds Sonur eckert hafdi útvegad med sínum dauda, þeir fagna sínum Herra í hans upprisu, Jóh. 20; því skyldum þá ecki vér allshugar-fegnir verda, syndugir ormar, sem vorum daudans menn, hefdi ecki Drottinn upprisid oss til réttlætis. Christi postular trúdu ecki upprisu Drottins fyrir fagnadar sakir, Lúc. 24. Þessi brádi føgnudur var meiri enn svo, ad hann leyfdi þeim ad grunda, hvad sannast væri, í skjótu bragdi; en vér sem trúum fyrir þeirra vitnisburd, látum oss þeim samfagna og glada vera; þad býdur oss Guds heiløg módir og hennar selskapur; þad bjóda oss einglar Drottins; þad bjóda oss hans postular; þad bjóda oss himin og jørd; þad býdur oss sjálfur hann, í hvørs nafni vér sigrinum hrósum, segjandi til sinnar kristni. Vaknid upp og sýngid þér sem í duptinu liggid, þegar þér hafid nidurslegid hina andvonu til jardar, Esa. 26. Og uppá þad, brædur mínir, ad vér mættum þad þess betur framkvæma, viljum vér af þessa hátídar-dags Evangelíó nockud gjør yfirvega: upprisu Drottins med þeim ávoxtum og áminníngum sem þar af risa. Í þessu eyrindi hjálpi oss gódur Gud, fyrir forþénustu síns eingétins Sonar, med nád heilags Anda, amen!

Utleggingin.

Þackir og lof sé eylífum Gudi fyrir þá nád, ad Jesú dýrdarfullu upprisu þarf ecki med vitnum ad stadfesta, nú sem stendur, því þar er einginn á-medal kristinna manna, sem þad ecki játi; en á hinum fyrstu døgum kristninnar løgdu Guds heilagir menn ecki svo mikid kapp á nockurn hlut sem þennan, og því sagdi Petur fordum daga, Act. 1: þad byrjar ad einn af þeim mønnum, sem med oss verid hafa alla þá tíd, er Drottinn Jesús géck inn og út á-medal vor, byrjandi á skírn Jóhannis, allt til þess dags, er hann var frá oss uppnuminn, ad einn af þeim verdi vottur hans upprisu medur oss; og enn framar, þá ed Petur taldi um fyrir Júdum, hvørjir Jesúm krossfestan høfdu: þér afneitudud hinum Heilaga og Réttláta, en beiddust eptir ad ydur yrdi mordínginn géfinn, en Høfund lífsins deyddud þér, hvørn Gud hefir uppvakid af daudum, hvørs vér allir vottar erum, Act. 3; og um alla postulana til samans ber Lúcas vitni segjandi, Act. 4: og med miklum krapti vitnudu postularnir um upprisu Drottins vors Jesú Christí. Þetta er ecki af mønnum skéd, br. m. heldur af Gudi, svo ad hans sannleiki stadfestur yrdi á-medal þeirra til miskunar þeim og syndalausnar. Svo segir Petur aptur, Act. 10: þennan uppvakti Gud á þridja degi, og gjørdi þad bert ecki øllu fólki, heldur fyrir vottum þeim, sem af Gudi tilskickadir vóru, oss sem ad átum og druckum med honum. Og uppá þad ad Christí lærisveinar ei kynnu ad fara vilt í þessu, þá hefir hann í heila 40 daga umgengist med þeim hér á jørdunni, ádur enn hann til himna sté, Act. 1, og sýnt þeim klárliga, ecki einasta ad hann upprisinn

væri, heldur med sama líkhama, og þó forklárudum, med mannligum líkhama, og þó dýrdligum, med þeim líkhama sem á krossinum héck, og í grofina var nidur lagdur, og þó er voldugliga upprisinn, ad luktri grofinni og steininum óafveltum; ad hann hafdi náttúrligan manns líkhama vottar hann, Lúc. 24: sjáid og þreifid á, því andi hefir ecki hold né bein, sem þér sjáid mig hafa; ad þad væri sá sami líkhami, auglýsir hann nockru sídar i þessum kap. Lúcæ, segjandi: sjáid mínar hendur og fætur, ad eg em þad sjálfur. Hann taladi vid þá, hann braut braudid, hann át og drack med þeim, eins og til forna, hann lét þá þreifa á því sama holdi, og sýndi þeim þær somu hendur, sem á krossinn negldar vóru, og þá sídu, er med leusinni var í-gégnum stúngin, þar hann þó í sama sinn inngéck til þeirra ad luktum dyrum, svo sem annar andi, ad þeir sjá mættu, ad þad væri hinn sami líkhami sem leid, og þó dýrd óvenjuligri prýddur; já, til þess ad eckert vantadi þeim til trúarstyrkíngar, tók hann til á Móse og ollum spámonnunum, og lagdi út fyrir þeim allar ritníngar, sem af honum vóru, leidandi þeim fyrir sjónir, ad Christó byrjadi þetta ad lída, og inngánga svo í sína dýrd, svo ad þeirra hjarta brann í þeim, er hann taladi vid þá á veginum, Lúc. 24; en svo ad þeir mættu fyrir víst vita, ad hann bædi Gud og madur væri, og ad manndómurinn væri ecki í daudanum vid Guddóminn skilinn, ítrekadi hann eitt af þeim kraptaverkum, er hann ádur gjort hafdi, og upp er teiknad hjá Jóh. 21, þegar hann kom til þeirra, er þeir vóru ad fiskiveidum, og hofdu um nóttina einkis aflad, en hann baud þeim ad varpa út netinu til hægri handar, hvad svo tókst, ad þeir gátu þau valla innibyrgt fyrir mergd fiskanna, er í vóru komnir. Nú, þar ed einglarnir hafa Drottins upprisu bodad, heilagar kvinnur þeim trúad, postularnir hafa hann séd, á honum þreifad, og vid hann talad, Jesús sjálfur sig opinberad, og útlagt ritníngarnar, þær sem af honum vóru, og í hvorjum hans upprisa spád var og fyrirmindud, og Guds heilagir menn hafa þúsundum saman látid sitt líf uppá þennan sannleika: þá er hann vissari, og á fastari rokum bygdur, enn ad honum mótsegja megi. En hvorjar munu ordsakir þær, br. m. hvar fyrir ad svo vandliga er búid um þetta dýrmæta efni? ein er sú, ad Guds Sonur í hans upprisu hrósadi sigri yfir dauda og Djofli, og auglýsti oss syndugum monnum, vegna hvorra hann þennan dýra sigur unnid hefir, ad hann væri daudans daudi, og helvítis ólifjan, Os. 13, herleidingin væri ad herfángi tekin, en hann undir eins hefdi fridad fyrir oss hjá Gudi og Fodur. Þessi er hin helsta nytsemi upprisu Drottins. Hina adra segir oss Páll, Róm. 6, med þessum ordum: vér erum jardadir med honum fyrir skírnina til daudans, ad líka svo sem Kristur er uppvakinn frá daudum fyrir dýrd Fodursins, svo eigum vér ad gánga í endurnýúng lífdaganna. Þar til er Kristur dáinn, ad í oss megi fyrir hans dauda deyddur verda hinn gamli madurinn, þad er uppruna-syndin; ecki ad hún oldúngis út af deyi, heldur deyr hennar ilsku-kraptur; ecki ad hún burttekin verdi, heldur hennar sekt fyrirgéfin; ecki ad madurinn í endurgétníngunni heilagur verdi, heldur medtekur hann heilagan Anda, fyrir hvorn hann framvegis dempad gétur holdsins girndir; ecki réttlátur í sjálfum sér, heldur fyrir Christí réttlæti, fyrir hvort honum veitist sá andakraptur, ad hann gétur upprisid med Christó, og gengid í endurnýúngu lífdaganna; því segir Páll framvegis: vitandi þad ad vor gamli madur er undir eins krossfestur, svo

ad afmáist líkhami syndarinnar, ad ecki þjónum vér syndinni framar, Róm. 6; ecki segir Páll ad vér syndlausir séum, því þess er ecki ad vænta af holdinu undir syndina seldu, heldur segir hann ad vér ecki þjónum syndinni, þad er, látum hana ecki drottna í vorum daudligum líkhama, ad vér hlýdum henni í hennar girndum, svo sem hann ad ordi kémst í sama kap.; þessi er hans meiníng í ordunum, er vér strax heyrdum, því hann svarar því sem hann undverdliga í kap. þeim sjotta framsetur á þennan hátt: skulum vér þá í syndunum dvelja, svo ad nádin yfirgnæfi? fjærri sé því! Tveggja Guds velgjorninga gétur og St. Páll í greindum ordum: endurgétníngarinnar og endurnýúngarinnar. Vér erum jardadir med Christó fyrir skírnina til daudans, þad er endurgétníngin; svo eigum vér ad gánga í endurnýúngu lífdaganna, þad er endurnýúngin; hin fyrri skédur í einu augnabliki í heilagri vatnslaug; hin sídari á ad framkoma um alla æfi vora, og fara dag-vaxandi, svo ad smámsaman afmáist líkhami syndarinnar, og svo sem vér í kristiligum frædum lesum: ad sá gamli madurinn, þad er uppruna-syndin, dagliga dreckist og deydist, fyrir ydran og yfirbót, en framkomi og upp aptur rísi einn nýr madur, sá ed lifi í heilagleika og réttlæti fyrir Gudi æfinliga. Hin fyrri er alleina Guds verk í oss, svo sem Páll segir, Tít. 3: ecki af réttlætis verkunum, sem vér gjordum, heldur af miskun sinni hefir hann oss hólpna gjort fyrir endurgétníngar-laugina; hin sídari stendur ad nockru leiti í voru valdi. Þad vottar St. Páll, Eph. 4: endurnýist í anda ydvars hugskots, og íklædist einum nýum manni, sem eptir Gudi skapadur er, í heilagleika og réttlæti. Hvorttveggja kallast umskurn hjartans í gamla Testamentinu; endurgétníngin, Devt. 30: Gud mun umskéra þitt hjarta. Endurnýúngin, Jer. 4: umskérid ydur fyrir Drottni, og burttakid yfirhúd ydar hugskots, þér menn Júda og Jerúsalems-borgarar, ad ecki frambruni mín grimd svo sem annar eldur, þann einginn slokt fái, sokum ílsku ydar athafna. Hér kunnum vér nú ad sjá skyldu vora, br. m., og hve mikill háski oss búinn er, nema vér gjoldum varhuga vid, og rísum upp med Christó Drottni vórum, í hvors dauda vér skírdir erum, Róm. 6, og fyrir hvorn vér hofum barna réttinn medtekid, Gal. 4. Ef þér erud upprisnir med Christó, þá leitid þess sem þar uppi er, hvar Kristur er sitjandi á hægri hond Gudi. Hugsid um þad sem þar uppi er, og ecki þad sem er á jordunni, segir Páll, Col. 3. O, hvílík er fásinna daudligra manna! þar vér vordnir erum borgar-menn heilagra, og Guds heimilismenn, Eph. 2. Þad menn sockva sér nidur í leirveltu og endemi heims þessa, sem þó mun fyrirfarast med ollu því, sem í honum er, en yfirgéfa síns fodur heimkynni. Gjætum þess, ad vér erum í skírninni vordnir kvistir á hinu audliga vín-tré, Drottni Jesú Christó, til ad bera mikin ávoxt, en hvorn þann kvist, sem ecki ávoxt ber, mun víngards-madurinn, sem er hans fadir, afhoggva og í eldi brenna, Jóh. 15. O, hvad herfilig eru þau umskipti, af einum himneskum vín-vid, ad gjorast helvítis eldibrandur, af Christí þénara, Satans þræll, af Guds óska-barni, reidinnar barn, og þad fyrir stundligt eptirlæti syndarinnar, hvorrar verdlaun eru í þeim pitti, sem rýkur af eldi og brennusteini! Apóc. 21. En framar segir Páll, Col. 2: þér erud greftradir med Christó í skírninni, í hvorri þér og uppvaktir erud fyrir kraptrúarinnar á Gud, sem hann uppvakid hefir. Hvor mun þessi kraptur trúarinnar vera, br. m.? þad segir Páll oss aptur, Gal. 5, er hann svo

að orði kémst, að í Jesú Christó (það er í þeim hlutum, sem Jesú Christó viðkoma) gyldi hvorki umskurn né yfirhúð, heldur trú sú, sem fyrir kjærleikann verkar. En hvörjir eru þá kjærleikans ávextir? Páll kénnir oss það, 1 Cor. 13, segjandi: kjærleikurinn er þolinmóður og góðgjarn, kjærleikurinn øfundar ecki, kjærleikurinn gjørir ei illmannliga, hann þýtur ei upp, hann er ei ósiðsamur, hann leitar ecki eptir því sem hans er, hann er ei þúnglyndur, hann þenkir ecki illt, hann fagnar ecki yfir ránglætinu, en samfagnar sannleikanum. Hér telur Páll upp allar kristiligar dygðir, er af kjærleikanum, svo sem øðrum brunni, framfljóta eins og aðrir hreinir frjófgandi lækir, til allra þeirra, sem vér eigum nockru við að skipta í heiminum, og sá sem temur sér þær og dagliga iðkar, hann má þess fulløruggur vera, að hann hefir með Christó vel upprisið, og er hønum fyrir sanna og lifandi trú innplantaður, þvíað elskan er kraptur trúarinnar og hennar lífs-mark; þar fyrir segir Postulinn afdráttarlaust, að trúin sé dauð án verkanna, Jak. 2, og St. Páll, sem varð (fyrir þeirra skuld, sem forlétu sig uppá løgmálsins verk) að hrósa trúnni svo mjøg, að nockrir hafa steytt sig þar á, þó án orðsakar og meint, að ei þyrfti góðverkin að gjøra; hann segir sjálfur, 1 Cor. 13: þó að eg hefði alla trú, svo að eg megnaði fjøllin úr stað að hræra, og hefði ecki kjærleikann, þá væri eg þó eckert. Viljum vér líta til vors fyrra háttalags áður enn vér endurfæddir vórum, og heyra hvað Páll þar um segir, Eph. 2: Guð sá eð ríkur er af náð fyrir sinn mikla kjærleika, með hvørjum hann elskaði oss, hefir lífgað oss með Christó, þegar vér dauðir vorum í syndunum, og hefir undir eins uppvakið oss, og ásamt Christó Jesú sett oss í himnaríki. Í skírninni rétti Guð oss fyrst allra sína miskunarhønd, þegar vér minna kunnum að hjálpa oss í vorum sáluhjálpar efnum, enn einn brjéstmylkíngur lifi sínu, þá reisti hann oss upp úr sauriðum náttúrligrar spillíngar, þá tók hann oss inn í sinn eylífa sáttmála; þá trúlofaði hann oss sér í náð og miskunsemi, Os. 2; þá setti hann oss í ríki síns Sonar, Col. 1. En hvað er það, br. m., að vér brjótumst úr faðmi hans að nýu með iðkun vondra verka, er Guðs børnum sæma ecki, og forlátum meistara vors úngdóms, sem tók oss upp, þar vér lágum í voru blóði, útkastaðir á víðivángmum, Ezech. 16, en gaungum Djøflinum til handa, hvørjum vér afneitað høfum og øllum hans verkum. Er það ecki að kasta sér aptur í sama saur, þótt vér einusinni uppreistir séum? eður munum vér þess nockur not hafa, að Guð hefir með sínum sterka armlegg handdregið oss af Djøflinum í endurgétníngunni, ef vér leggjum lag vort við Satan aptur? Látum oss til hugar koma; br. m., hvað margt og mikið Jesús þolað hefir, þegar hann mátti þó vel sælu hafa, Hebr. 12, áður enn hann fékk upprisið oss til réttlætis. Sá sem heyrir Guðs Son yfirgéfinn, Matth. 26, Guð blessaðan um aldir, Róm. 9, svo sem bølvan upphengðan, Gal. 3, og hann, sem galt það hann ecki rænti, meðal ræníngja talinn, Mark. 15, og veit að þetta er skéð, fyrir alla þá ílsku, sem að syndarinn hefir unnið til helvítis með, og ecki leitast við að krossfesta sitt hold með þess girndum og tilhneigíngum, svo hønum mætti Christi vegna heimurinn verða krossfestur, eins og Páli, Gal. 6, þeim verður aldrei auðið með Christó upp að rísa í náðinni, svo hann eylífliga með hønum lifi í dýrðinni. Fyrir því áminnir Petur næsta vel, segjandi: með því að Kristur hefir nú fyrir oss liðið í holdinu, þá brynjið yður með sama hugarfari, þvíað hvør á holdinu líður,

hann lætur af syndinni, 1 Pet. 4, svo ad hann þadan í frá, hvad eptir er æfinnar í holdinu lifi, eigi ad mannligum girndum, heldur ad Guds vilja. Hvad er þad ad vér segjumst ýdrast vondra verka, nema vér og uppríſum med Christó? Vér komum hvört ár, og þrjár, fjórar reisur á ári, eptir því sem hvor er lyndur til, fram fyrir kénnimanninn, þar hann situr í Guds stad til ad fyrirgéfa oss syndirnar, ecki þeim sem nálægjast Gud med vorunum alleina, Esa. 29, heldur þeim, hvorra hjarta ad rétt er fyrir Drottni. Vér segjumst bera ángur og trega fyrir syndina (Gud gæfi ad hugur jafnan máli fylgdi, og ad vér vildum af henni láta og vid-sjá framvegis) og er hann hefir svo í Guds umbodi tilsagt oss kvittun vorra afgjörda, meinum vér oss ad fara réttlátari heim aptur í vort hús, Lúc. 18; og þad er í sannleika satt á þeim, sem vel hafa reynt og prófad sjálfa sig, og af alvöru audmýkt sig undir volduga Guds hönd, þvíad Christí loford er fyrir því, ad hvörjum helst Guds þénari fyrirgéfur syndirnar, þeim séu þær fyrirgéfnar, Jóh. 20, þó ecki nema þeim sem elska sinn Lausnara og rækja hans bod, þvíad St. Páll lýsir bölvan yfir þá, sem ecki elska Drottinn Jesúm, 1 Cor. 16, og eru þeir þá lángt frá syndanna fyrirgéfníngu. Hinni bersyndugu fyrirgafst mikid, þvíad hún elskadi mikid, Lúc. 7. Hvornin viljum vér kallast elska Krist edur med honum uppríſa, ef vér afrækjum bod hans? ef hann er vor Fadir, hvar er þá hans heidur? Mal. 1; sá sem ecki tekur sinn kross uppá sig og fylgir honum eptir, Matth. 10, hann er hans ecki verdugur; en kross er varla þvílíkur holdi og blódi, svo sem ad uppfylla Christí lögmál, sem þó er ecki nema í einu bodordi innifalid, sem er, ad bera hvor annars byrdi, edur elska hvor annann innbyrdis, ad vitni St. Páls, Gal. 6. Því dæmi eg svo, br. m., ad sá sem ecki stundar eptir ad vardveita Christí lögmál, hann elskar hann ecki, sá sem ecki elskar hann, nýtur ecki hans forþénustu, sá sem ecki nýtur hans forþénustu, hann er bölvadur, og er enn-þá í sínum syndum, hvörsu opt sem presturinn lýsir þeirra kvittun yfir honum, þvíad hann er madur, og veit ecki á-stundum, hvörjum hann fyrirgéfur syndirnar, þvíad Guds alleina er ad rannsaka hjartad; þar fyrir eigum vér ecki ad taka þad, sem Gud hefir talad ángrádum sálum til trúarstyrkíngar, ílskunni og þrettvísinni til afbotnnar. En gætum ad oss í Jesú nafni! br. m. hvad opt höfum vér syndanna kvittun þegid, en þad mun tilborid hafa, ad vér höfum aptur framkomid ecki einasta med þær sömu, heldur og adrar verri á-stundum? Hvad lítt hefir oss þá verid géfid um ad halda þad loford, er vér gjördum Gudi í játníngu syndanna, ádur enn vér þádum heilaga aflausn af hendi hans þénara? hvörsu tregir höfum vér verid á heyrn hans orda? hvad ófúsir til ad elska vorn náúnga, ad forláta honum hans afbrot, ad gjöra þeim gott, sem vid oss misgjöra, ad forsvara hann og færa alla hluti á betra veg, ad stilla reidina, ad láta hans eigur kyrrar? og í einu ordi ad segja, ad rísa upp med Christó og bera krossinn eptir honum, þad er, ad deyda þann gamla manninn, er sig fordjarfar í girndum villudómsins? Eph. 4. Já, því verr, ad margur mun finnast sá ed strax sem hann er kominn frá prestsins knjám, veltir hann sér í sama saur, og hefir einga vidleitni til þess ad láta af öllu því illa, er hann strax medkéndi og lofadi umbót á, og þad í ofttrausti nádar Guds, og fallvaltri von lángra lífdaga. Ecki er slíkt ad uppríſa med Christó edur bera krossinn eptir hon-

um, heldur ad gabba hinn Krossfesta. En heyrid hvad Páll til Hebr. segir í 10 kap. Sá sem ad eingu hefir Mósis lögmál, hann skal eptir vitni tveggja edur þriggja vægdarlaust deya; hvad þýngra straffs verdugur meinid þér hann reiknast muni, er fóttredur Guds Son, og sáttmálans blód, med hvörju ad hann endurleystur er, almenniligt heldur og vanvirdir Anda nádarinnar? Hvad er þad, ad vér játum alleina vorar syndir fyrir Gudi! mun hönum nockur þóknan í því? hann þarf ei þess vid, hann veit þær betur enn vær, þvíad allir hlutir eru berir og naktir fyrir hans augum, Hebr. 4; þad er nærri því, ad brixla Gudi med Jóna spámanni um sína miskunsemi, Jón. 4, svo sem hann ecki sé undir eins réttlátur, og taki alleina skulda-reikníngin fyrir skulda-luknínguna, hvad oss mundi þykja ljótt á einum dómara; því kunnum vér þá ad ætlast til þess af Gudi, hvörs stránga réttlæti einga þurdu má lída? Pad sé fjærri, ad eg lítid gjöri úr Jesú forþénustu, hans pínu og dauda, hans upprisu og öllu því hann unnid hefir oss til miskunar, þvíad hvad er jafnvægt Guds réttlæti? hjá hvörju himin og jörd eru minna enn eitt sandkorn ad reikna, nema þessar ástgjafir Frelsarans. Hitt segi eg, ad þad heyrir þeim ecki til, sem ætla sér ad lifa í syndunum, uppá þad ad nádin yfirgnæfi; harmþrúnginn og sundurknosadur andi er alleina þad offrid, sem Gudi þóknast, Ps. 51; hvar fyrir? þvíad Christí forþénusta hríu á því, nær því er svo háttad, en ecki annars, svo ad Gud vill ecki tilreikna manninum gjördar syndir; en ecki er þetta aflátsbréf til ad mega framvegis syndina drýgja, því Kristur er kominn til ad uppfylla lögmálid, en ecki ad uppleysa þad, Matth. 5, til ad forlíka fyrir syndina, en ecki til þess madurinn skuli syndga; til ad deyda syndina í voru holdi fyrir sína upprisu, en ei til þess ad hún skuli drottna í vorum daudligum líkhama. Pú segir: eg ángrast af öllu því illa sem eg hefi móti Gudi gjört; en hvar er þad ángur, þegar þú leikur þér ad sömu syndum eins og ödru tafli? þú segir: eg hata syndina; lát þá sjá ad þú elskir Gud, og drýgir ei þad hann bannad hefir; þú segir: eg elska Gud, sem mér hefir svo margar syndir fyrirgéfid; lát þá sjá undir eins, ad þú elskir ecki þad hann hatar, þvíad þessum tveim herrum má ecki í senn þjóna, Matth. 6. Annad er þad, ad syndin hendir manninn, og hann samþyckist henni um stund; annad þad, ad láta hana drottna í sér, hafa lyst af henni, og gjöra handverk þar af; þad fyrra gétur ecki ad öllu leiti skilid vid oss, á-medan vér berum eptir oss líkhama þessa dauda, svo ad jafnvel Páll segist gjöra þad vonda, er hann þó ecki gjöra vilji, Róm. 7; hitt sídara er hjá börnum vantrúarinnar algengt, um hvörja Páll talar, Róm. 1, er hann uppreiknar skammir þær ed medal heidíngjanna tídkudust, og álycktar med þessum ordum: hvörjir ed jafnvel þótt þeir þeckti Guds réttindi (sem er, ad þeir ed þvílíkt gjöra séu dauda verdir), þá gjöri þeir þad ecki ad eins, heldur samsinni þeim er þad gjöra, Róm. 1. Pegar Gud er hvad nádugastur í sínu Evangelió, þá er þad þó aldrei ödruvísi enn svo sem hann segir, Esa. 1: látid af illu og lærid gott ad gjöra; komid sídan og eigumst lög vid; þótt ydar syndir séu raudar sem blód, þá skulu þær verda hvítar sem snjór, og þó þær séu sem purpuri raudar, skulu þær verda hvítar sem ull, og Páll er því samhljóda, Róm. 8, er hann vottar, ad eingin fyrirdæmíng sé framar yfir þeim, sem eru í Christó Jesú, þeim sem ei gánga eptir holdinu, heldur eptir andanum. Petta er eitt æsinligt Evangelíum, sem varad hefir í frá heimsins

uppháfi, og gengid hefir í gégnum bædi Guds Testamenta, og er svo óumbreytanligt sem hann er sjálfur, hjá hvörjum ecki er umbreytíng né skuggi umbreytíngar, Jak. 1; svo þótt ad eingill af himni kjæmi ad prédika annad, sem þó er ómøguligt, þá vilda eg med Páli segja: ad þad bølvad vera skyldi, Gal. 1. Hlýdum þar fyrir rádi St. Peturs, er hann segir: leggid af ílsku alla, og øll svikrædi og smjadur, og øfund og alla bakmælgi, og girnist hinnar skynsamligu og hreinu mjólkur, svo sem nýfædd børn, uppá þad, ad þér þróist fyrir þá sømu, ef þér smackad hafid hvad ljúfur Drottinn er, til hvørs vér komnir erum, svo sem til eins lifanda steins, hvør af mønnum er burtkastadur, en af Gudi er útvalinn og dýrmætur, 1 Pet. 2. Nóttin er umlidin, en dagurinn tekur ad nálgast; leggjum því af verkin myrkranna og í-klædumst herklædum ljóssins, Róm. 13. Jesús Christus er á þessum blessada dags morgni upprisinn; hann er vordinn morgum til falls og upprisu í Israel, eptir því sem hinn gamli Símeon rád fyrir gjørdi, Lúc. 2; rísum því upp med honum, ad ecki falli hann yfir oss og í sundurmerji med hinum ødrum, er honum burtkastad hafa, allra-helst þar vér vitum tímann, ad oss er mál ad rísa upp af svefni syndanna, því nú er hjálprædid oss nær enn vér nockurn tíma trúdum, sagdi Páll, Róm. 13. Vér vitum ecki hvad nálæg ad er vor endurlausn, edur nær høfud-eingilsins lúdur kvedur vid í skýum himins, og þar vort páska-lamb, Kristur, er fyrir oss fórnfærdur, þá høldum hátídina ecki í hinu gamla súrdegi ílskunnar og prettvísinnar, heldur í ósýrdu braudi hreinlyndisins og sannleikans, 1 Cor. 5. Þad saklausa Guds lamb, sem í burtu ber heimsins syndir, Jóh. 1, þad verdur enn-nú fórnfært í himninum, svo opt sem oss verda syndirnar fyrirgéfnar á jørdunni, því segir postulinn, Hebr. 9: hann er í himininn inngenginn, ad hann birtist vor vegna fyrir Guds augliti, sjálfur fórnin, sjálfur kénnimadurinn, og sjálfur Gud, sá ed fórnina þiggur; því ætti kristinna manna líferni ad vera eitt sífelt páskahald, þar til þad fullkomnast í Guds ríki eptir hans lofordi, og vér munum eylífar páskir med honum halda á landi lifandi manna, þar ed verda mun eylífur hvíldar-dagur, Esa. 66, og vér munum med føstu elskunnar bandi tengjast vid hann, sem oss hefir svo heitt elskad, ad hann dó fyrir oss rángláta, Róm. 5, hvør ad er sjálfur upprisan og lífid, Jóh. 11. Honum med Fødur og heiløgum Anda sé ó-endanligt lof og dýrd, nú hédan í frá og ad eylífu, amen!

Annann Dag Páska.

Gudspjallid, Lúc. 24 Kap.

Í þann tíma; og sjá, ad tveir af þeim gengu á þann sama dag til nockurs kauptúns, þad ed var frá Jerúsalem sextíu skeidarúm, ad nafni Emaus; og þeir voru ad tala um alla þá hluti sín á-millum, sem vid høfdu borid. Og þad skédi þá þeir ræddust vid, og spurdust á sín á-millum, ad sjálfur Jesús nálægdist þá, og géck jafnframt þeim; en þeirra augu voru svo haldin, ad þeir þektu hann ecki. Og hann sagdi til þeirra: hvad er þad fyrir rædu, sem þid høndlid yckar á-milli reikandi, og erud hrygg-

vir þar af? þá svaradi einn, er Cleóphas var ad nafni, og sagdi til hans: ertú alleina svo framandi til Jerúsalem, ad þú veitst eigi hvad á þessum døgum þar inni gjørst hefir? En hann sagdi til þeirra: hvad er þad? þeir søgdu til hans: þad, af Jesú af Nazareth, hvør ed var spádóms-madur, máttugur í verkum og ordum fyrir Gudi og øllu folki; hvørnin ad vorir høfud-prestar og høfdíngjar seldu hann í fyrirdæmíngu daudans, og krossfestu hann. En vér vonudum ad hann mundi endurleysa Jsrael. Og yfir allt þetta er nú hinn þridji dagur í dag, er þetta skédi. Svo og hafa skélft oss nockrar kvinnur af oss til, þær ed árla høfdu hjá grøf-inni verid, og fundu ecki hans líkhama, komu og søgdu sig einnin hafa séd einglanna sjónir, þeir sem segja hann lifa. Og nockrir út af oss gengu til grafarinnar, og fundu eins líka og konur-nar høfdu sagt, en hann sáu þeir ecki. Og hann sagdi til þeirra: O, þér heimskir og tregir í hjarta! ad trúa því øllu sem spá-mennirnir hafa talad. Hlaut Kristur ecki þetta ad lída, og inn-gánga svo í sína dýrd! og hann tok til frá Mose og øllum spá-mønnum, og lagdi út fyrir þeim allar ritníngar, þær af hønum voru. Og þeir tóku ad nálgast kaup-túnid þad þeir gengu til, og hann lét þá sem vildi hann lengra gánga, þeir neyddu hann og søgdu: vertú hjá oss, Herra! þvíad kvølda tekur, og á daginn lídur. Hann géck inn og var hjá þeim. Og þad skédi, þá hann sat med þeim til bords, ad hann tók braudid, blessadi þad og braut, og rétti ad þeim; þá opnudust þeirra augu, svo ad þeir þecktu hann, og hann hvarf frá þeirra augum. Og þeir søgdu sín á-milli: brann ecki ockar hjarta í ockur, þá hann taladi vid ockur á veginum og opnadi fyrir ockur ritníngarnar? og þeir stodu upp á somu stundu og snéru aptur til Jerusalem, og fundu þá ellefu samansafnada og þá sem med þeim voru; hvørjir ed søgdu: Drottinn er sannarliga upprisinn, og hefir birst Simoni. Og þeir søgdu hvad gjørst hefdi á veginum, og hvørnin þeir hefdu þekt hann, í því hann braut braudid.

Exordium.

Í þessa hátídis-dags Evangelió heyrum vér, ad tveir af Jesú lærisveinum, gengu frá Je-rúsalem til nockurs kauptúns, er nefndist Emaus, þad þýdir: kastala. Þad gefur mér þá hugleidíng, ad allir viljum vér, brædur minir, láta leida oss út í einn sterkann kastala med David, Ps. 108, svo vér kunnum óhultir búa; en þad er vandséd, hvørt vér erum allir svo fúsir til ad gánga med Jesú lærisveinum út af Jerúsalem, eg meina ecki hana, sem er rétt-kristinna manna samkunda hér á jordunni, Gal. 4, edur hina sem þar uppi er, hvar vor umgengni ætti ad vera, heldur hana sem er í þrælkan med sínum børnum, hvør ed myrdti sinn konúng, og gjørdi hans hús ad ræníngja-bæli, Lúc. 19; þad er, út af hinni vondu Ba-

bylon, Apóc. 17 og 18, hvør ad er líkneskja veraldar þessarar, og ecki lætur af ad krossfesta Drottinn ad nýu, og offæxja hann í sínum limum. Vér heyrum í Gudspjallinu, ad Jesús hafi nálægst þessa sína ástvini á veginum, og gengid jafnframt þeim; sjáum til, brædur mínir, ad vér megum og njóta hans nálægdar á þinni hættu og torveldu leid vorra lífdaga, og ad hann gángi jafnframt oss, þar til vér erum til vors sídarsta herbergis komnir. Vér viljum af dæmi þessara tveggja læra: 1) hvad vér eigum ad gjøra og adhafast, svo Jesús vilji unna oss sinnar nálægdar; 2) hvornin vér eigum honum ad halda svo vér missum hann ecki. Hjálpa oss hér til gódi Jesú, og upplúk vorum augum, ad vér þeckjum þig; bænheyr þad þad Herra, fyrir þína forþénustu, amen!

Utleggíngin.

Og sjá ad tveir af þeim fóru þann sama dag til nockurs kauptúns, segir Textinn. Af hvorjum? af hans lærisveinum, sem umgengust med honum, fylgdu honum eptir, heyrdu hans kénníngar, hlýddu þeim, elskudu hann lifandi og hørmudu hann daudann, en vóru ecki vísir í því, ad hann væri upp aptur risinn. Viljir þú, kristinn madur, ad Jesús unni þér nálægdar sinnar, þá breyt eptir þessum á allar lundir, haf þína umgengni med Jesú, tala vid hann í þínum bænum, í þínu hjarta; þá muntú finna ad sú eylífa spekin Guds hefir lyst af ad búa hjá mannanna sonum, Próv. 8; fylg honum eptir, þad er, tak þinn kross uppá þig, annars ertú ecki hans lærisveinn, Lúc. 14; hafi Gud þirmt þér fyrir útvortis krossburdi, þá gjør þad þess heldur til þacklætis vid hann, er svo vægir þínum breiskleika, og krossfest þitt hold med þess girndum og tilhneigíngum; því svo segir Páll, Gal. 5, ad þeir gjøri sem Christó tilheyra, þad eru þeir sem eru Christí lærisveinar, og nær þú temur þér svoddan krossburd, þá máttu vita ad hann er þér nálægur, því hans kraptur er í breiskum máttugur, 2 Cor. 12. Heyr hans ord, lát þér þad vera sætara enn hunáng og húnángsseim, Ps. 119; gack idugliga þángad sem þad er kénnt og um hønd haft, og ecki fyrir sídasakir, heldur til ad læra nockud þér til trúarstyrkíngar, til huggunar, til sídbóta, og vert viss um, ad hann er þér nálægur, því hvar sem tveir edur þrír eru samankomnir í mínu nafni, þad er til ad prísa mitt nafn, heyra mitt ord og tala vid mig í sínum bænum, þar vil eg vera midt á=millum þeirra, segir Drottinn hjá Matth. 18; en um alla hluti fram, þá kappkosta ad ná því hlutskipti, sem bædi þessir hans lærisveinar og adrir hlutu, sem var ad elska hann; þad mátt þú sjá á þeirra dæmi, því lýsir sjálfur Drottinn, er hann segir: hvad er þad fyrir ræda, er þid høndlid yckar á=milli, reikandi, og erud hryggvir þar af? Hvar fyrir vóru þeir reikandi? því Gud hafdi slegid hirdirinn, og saudir hjardarinnar vóru sundurtvístradir, Matth. 26; hvar fyrir voru þeir hryggvir? þvíad þeirra Meistari var tekinn frá þeirra høfdi. Hér med sýndu þeir elsku þá, er þeir høfdu á honum, og ecki leynir Cleóphas ordsøkinni til sorgarinnar í andsvari sínu uppá spurníngu Drottins. Sjá, hvad kjæran hann hefir haft hann, søgdu Gydíngar er Jesús táradist vid grøf Lazari, Jóh. 11; þessir sýndu hvad kjæran þeir høfdu Jesúm, af þvi þeir syrgdu hann látinn. Gjør sama, kristinn madur, þar þú veitst hann er upprisinn, og situr til Kraptarins hægri handar: Elska Jesúm, þá mun hann þig elska, því svo segir hann, Jóh. 14: hvør hann elskar mig, hann vardveitir mín ord, og Fadir minn mun elska hann, og til hans munum vid koma, og vistarveru hjá honum gjøra. Børn veraldarinnar fást ecki mjøg um, þótt þau vanti

Jesúm, hvar fyrir? því þau elskudu hann aldrei; sá grét ecki fyrir gull, sem ecki átti það, segir orðtækið. Heimurinn brosir smátt að því, þótt Jesús hverfi honum, og þykir svo sem það komi ecki sér við, hvort hann er upprisinn edur ecki, þegar hann hefir sinn gullhnott að treysta á, þá er hann fáttur; þegar hans svín, það eru hans saurug verk og óhreinar girndir, mega vera ómakslaus, þá er hann til=friðs, þótt Jesús víki úr hans landsálfum, Matth. 8; þegar hann hefir sín skurðgoð í Dan og Bethel til að varðveita sín landamerki, og til að halda stjórn yfir fólkinu, að ecki falli það frá honum til Guds þjónustu sem í Jerúsalem, 1 Reg. 12, það er í Guds samkundu tídkast, þá þykist hann hafa vísliga um sig búið, en þessir voru ei svo lyndir. Hvað heyrum vér hér í Gudspjallinu? Þeir vóru að tala á veginum um alla þá hluti, sem til höfðu borið; og framar segir í Textanum: þegar þeir vóru að bera sig saman og spyrjast á, hafi Jesús nálægst þeim. Hvort hið sérligasta inntak rædunnar verið hafi, það má sjá af andsvari Cleóphæ, sem er: að Jesús hafi verið ofurseldur í fyrirdæmingu dauðans, og sé nú allt hinn þridji dagur síðan, en einglarnir hafi sagt kvinnunum, að hann lifði. Þeir hafa án efa verið að bera sig sundur og saman um þetta, hvað hér=um halda skyldi. O! hvað satt er það sem Drottinn segir, Esa. 42, um sinn Son Jesúm: þann brákaða reyr mun hann ecki í=sundurbrjóta, og þann rjúkanda línkveik, mun hann ecki útslöckva. Mikill var þessi veikleiki lærisveinanna, hvar fyrir hann og átaldi þá hardliga, svo sem hér stendur síðar í Gudspjallinu; en meiri var þó hans gjæska, sem vildi samlaga sig þeim, og vera hinn þridji maður á reisunni, til að leiðrétta þá, að ei skyldu þeir gánga framar í þessari villu. Lúkas skrifar, að þeirra augu hafi svo haldin verið, að þeir þekktu hann ecki, það hefir án alls efa af Gudi skéð; hefði Drottinn strax opinberað þeim sig, þá hefði hann ei fengið svo ordsök til að láta þá skammast sín fyrir þeirra vantrúar og þeckíngarleysi á ritníngunum, og ecki til að kveikja þann bruna í hjarta þeirra, sem ordsakaðist af útleggíngu spádómanna; hann hafði áður nógu berliga talað fyrir þeim um sína pínu og upprisu, Matth. 16, en það hafði þó ecki svo mikin stað í þeirra hjarta, að þeir trydu kvinnunum er sögðu hann upprisinn. Mikil var blindni þessi, eins og hann sem uppvakti Lazarum, Jóh. 11, dóttur Jaírí, Mark. 5; og son eckjunnar af Nain, Lúc. 7, hann mundi ei kunna að láta sína sál frá sér, og taka hana aptur, nær honum þóknaðist, Jóh. 10. Nú vildi hann fyrst láta þá þeckja vantrú sína af útleggíngu ritníngarinnar, og síðan auglýsa þeim að hann væri hinn sami, er þær höfðu umspáð; þar var að finna einn trúar=neisti í hjarta þeirra, en hann var svo djúpt falinn í ösku vanþeckíngarinnar, að hann sem vissi hvað með þeim bjó, Jóh. 2, vildi fyrst ryðja henni í burtu með útleggíngu spádómanna, og síðan blása að honum með sínum anda, svo þar kviknaði einn eldur af, hvor ed síðan brann í þeirra hjarta, hvað þeir sjálfir játuðu. Viðlíka atferð brúkar Drottinn enn=nú í dag við sín börn; hvað opt eru vor augu svo haldin, að vér þeckjum hann ecki, þegar vér rötum í einhvörn mótgáng, þá köllum vér að hans hönd sé stutt vorðin, og að hann hafi forgleymt miskunsamur að vera, jafnvel þótt vér í Guds orði höfum svo mörg fyrirheit um hans aðstoð í mótlætinu; þegar oss vantar hans innri hugsvölun, finnum ecki til hans anda, ecki til fyrirgéfníngar syndanna, oss þykja þær stærri vera, enn að þær kunni svo auðveldliga að fyrirgéfast, þá eru vor augu svo haldin, að vér

þeckjum hann ecki. Mörg eru slík tilfelli fyrir þeim, sem Gud elska, og þarf þó ei ad kalla þad tilfelli eins og lærisveinarnir hér kölludu, því þeir þektu ei Guds rád; minna hendir hans börn án hans vilja, heldur er þad reynsla trúarinnar, þegar menn þykjast kaldir í bæninni, kaldir í ydraninni, efast um sína útvalníngu, vantreysta sér ad þeir fái stödugir stadid allt til enda; þegar vér fordæmum öll vor gódverk, ef þau má svo kalla, og ætlum ad Gud muni ei taka þau fyrir ávexti trúarinnar, af því þau séu svo ófullkomin; þegar oss slíkt ad höndum ber, þá eru vor augu svo haldin, ad vér þeckjum hann ecki; já, þegar ein almennilig synd verdur svo stór í þess augum, sem eckert vildi Gudi á-móti gjöra, ad hann ætlar hann muni vera sér reidur, eins og lærisveinarnir, er þeir höfdu gleymt ad taka braudid med sér, Matth. 16, þá þeckjum vér Jesúm ecki; en nær vér höfum þannin yfirgéfid sjálfa oss, þá opnar hann oss fyrst ritníngarnar; í mótlætinu segir hann oss þad sama og lærisveinunum: byrjadi ei Christó þetta ad lída og inngánga svo í sína dýrd? en sá skal med honum lída, sem med honum skal dýrdligur verda, Róm. 8; láti hann hinu ógudliga vada uppi og hafa yfirhöndina, þá skipar hann oss med Davíd, Ps. 73, inn í helgidóminn, þad er hans heilaga ord og ritníngarnar til ad skoda þar, hvörnin hann breytir vid hinn gudlausa; ef vor sála er órólig í oss med Davíd, Ps. 42, af einhvörju því er eg strax upptaldi edur ödru þvílíku, þá skipar hann oss ad bída eptir Drottni, edur vér fáum ad heyra med Páli: lát þér nægja mína nád, minn kraptur fullkomnast í breiskum, 2 Cor. 12; og þegar vér svo höfum leitad ad honum í ritníngunum, þá mun hann vera oss nálægur, þá finnum vér hann, þá blæs hann ad neista vorrar trúar med sínum Anda, svo ad vér þeckjum pant vorrar arfleifdar, Eph. 1, og efumst ecki um Guds vináttu né eylíft líf, svo lengi vér hann höfum, þá brennur vort hjarta í oss, þar kviknar eldur elskunnar, eldur trúarinnar, eldur kjærleikans, sem eru Guds fórnir í hans musteri, sem er vort hjarta: svo er nú Drottinn Jesús nálægur öllum þeim sem á hann trúa, þótt veikir séu. Dumrædilig var gjæska Drottins, í því ad opinbera sig ástvinum sínum strax sem hann var upprisinn af dauda, hvörjir hann þó allir höfdu yfirgéfid og frá honum flúid, Matth. 26, nema hans módir og Jóhannes med fám-einum kvinnum, er stódu vid krossinn, Jóh. 19; já, Petri, sem honum hafdi þrisvar afneitad, skipudu einglarnir sér í lagi ad boda hans upprisu, Mark. 16; María Magdalenu, frá hvörri hann hafdi útrekid sjö Djöfla, Lúc. 8, opinberadi hann sig fyrst allra manna, Jóh. 20; án efa því hún hefir verid sorgbitin og veiktrúud, því eptir Christó spurdi hún svo sem framlidnum manni: þeir hafa burt-tekid Herrann minn, og eg veit ei hvar þeir hafa lagt hann; og af samtali Drottins vid hana má hvad mest ráda, hvörsu honum hefir verid umgéfid ad hugsvala þeirra örmæddum sálum. Snert þú mig ecki sagdi hann, því eg em enn-nú ecki uppstíginn til míns Födurs, heldur far til brædra minna og seig þeim, ad eg fer upp til míns Födur og ydvars födur, 2c. Skilji eg þetta rétt, þá er sú meiníngin: María hefir viljad fagna honum, sem von var, og þreifa á honum; en hann lét sér svo ant um vera, ad hún flytti sínum brædrum strax þennan fögnud því varnadi hann henni þess, ad ecki skyldi hún tefja sig; því eg em enn-nú ecki uppstíginn til míns Födur: þér verdur nógur tími til ad tala vid mig, og þreifa á mér, þar til eg upp-

stíg, far skyndiliga og kungjör mínum brædrum þessa gledi fyrst. Þessi hygg eg sé meiníngin í ordum Drottins; edur því skyldi hann annars banna henni ad snerta sig heldur ennThómæ og hinum lærisveinunum, Jóh. 20. En hvornin sem þessu er varid, (eg læt hvörn einn ráda sinni meiníngu hér=um), þá tek eg þetta til dæmis um födurliga gjæsku Drottins og medaumkun med þeim trúarveiku; þeir höfdu yfirgéfid hann, hann leitar ad þeim ad fyrra bragdi; þeir máttu reiknast burthlaupnir, hann kallar þá sína brædur, Jóh. 20; þessir tveir, sem gengu til Emaus, höfdu ecki nærri verid, þegar hinir adrir fengu bodskapinn um þad, adDrottinn hefdi birzt Símóni, þó vill hann ecki ad þeir skuli fara varhluta af þessari blessan, heldur medtaka hana samdægris og hann uppreis, eins og hinir; hvar af þad má-sjá, ad trúarveikin kann ecki ad hindra nálægd Christí, heldur svo sem gód módir lætur sér mest umhugad vera þad barn, sem veikt er, svo er og Drottinn þeim nákvæmastur, er í trúnni hvad veikastir eru; ein veik trú er og trú; ein vanheil hönd tekur eins vel vid ölmusu og ein fullhraust; ein lítil trú er þó trú; einn vatnsdropi er sömu náttúru og sjórinn; ein lítil perla er þó perla; einn neisti er og eldur; eitt barn er svo vel manneskja, sem einn fullordinn; dvergurinn eins vel og risinn; dóttir hinnar Kananisku, Matth. 15, og hinn túnglsjúki, Matth. 17, bædi vóru þau af Djöflinum plágud, en eins hægt veitti Drottni ad lækna hann, þótt fadir hans væri trúarveikur, svo sem hana, þótt módir hennar væri trú=arsterk; og eins vel hjálpadi Drottinn konúngs=manninum, Jóh. 4, svo sem hundrads=höfdíngjanum, Matth. 8. En hvad skulu þeir nú til marks hafa um þad, sem trúarveikir eru, ad þeir séu í trúnni? hún er svo lítil á=stundum og óljós, ad vér þeckjum hana ecki, þótt hún sé inni hjá oss. Magdalena sá Jesúm og taladi vid hann, en þekti hann þó ecki, Jóh. 20; sama hendir og Guds börn, ad þau ei þeckja Jesúm á=stundum, þótt hann gángi jafnframt þeim, eins og þessum lærisveinum; skodum því dæmi þeirra, og færum þad heim uppá oss; þeir vóru sorgbitnir; hvar af? því þá vantadi Jesúm. Sért þú og hryggur af því, ad þú finnur ecki þinn Lausnara í hjarta þínu, þad er nær þú efast um syndanna fyrirgéfníng, þá leita eptir honum med brúdinni, er gétur um í Lofkvædinu, 5 kap. Þú veitst ecki hvar þeir hafa lagt Herrann þinn eins og María, þá brúka þessa sorg til ad lækna sjálfan þig med; hold og blód vekur hana ecki, þad sorgar fyrir því, sem madurinn á ad eta og drecka, en ecki fyrir Christó. Guds Anda verk er hún í þér, og er Kristur þá ecki lángt í burtu, því hann og heilagur Andi eru eitt, og mun hann koma í leitina þegar minst vonum varir. Þessir Guds vinir vóru ad tala um alla þá hluti, sem til=fallid höfdu, um kraptaverk Drottins, þar þeir sögdu hann hefdi verid spádóms=madur máttugur í ordum og verkum; um hans pínu, um hans upprisu, sem ljóst er af gudspjall=inu. Haf og þetta til merkis, sé þér inndælt ad tala um Gud, um hans dásemdarverk, hans stórmerki, hans velgjörnínga, hafir þú þína lyst í þessu og megir gjarnan heyra adra tala þar um, þá býr Kristur í þér; en hafir þú leida á Guds ordi, þyki þér um allt annad meira gaman ad tala; ef þú venur munn þinn til fúllrar rædu, séu skammarlig ord og fiflsligt hjal þitt eptirlæti; haldir þú Guds dýrkun fyrir eckert; þyki þér lítid koma til þess ad þjóna honum, og metur hans umbun ei ad miklu, heldur forsmáir þá, er til hans vona, þá tak þér vara, því svo sannarliga sem Jesús er þeim nálægur, sem lángar eptir

honum þótt veiktrúadir sé'u, svo vissuliga er hann þér horfinn, þótt einkis meins þykist þú kénna, og fæst ecki aptur nema med heitri bæn og sannri ydran. Nú þótt þad sé heilnæmt og Gudi þóknanligt, ad tala um alla Drottins velgjørnínga, þá er þó eckert huggunarsamligra enn ad tala um hans dauda og upprisu, svo sem þessir gjordu; þeir töludu í fáfrædi og einfaldleika; en Gud gjæfi, ad vér sem betur erum uppfræddir í þessari himnesku speki, heldur enn þeir vóru í þad sinn, vér vildum þess heldur láta oss þessar háleitu Guds dásemdir til hjarta gánga, og oss í nyt færa, sem vér erum saun-fródari hér-um. Eckert er þad í voru sáluhjálpar verki, ad minníng Jesú kvala, hans dauda og upprisu kunni ecki ad útrétta í því hjarta, sem idugliga þar-um hugsar. Þegar eg minnist á syndir mínar, sem opt hafa stygt frá mér Gud, hinn ypparsta Góda, og mér ecki svo hitnar í brjósti, sem eg gjarna vildi, þá mætti þad koma sudunni upp á hjarta mínu, ad Guds Sonur er fyrir mig ránglátan saklaus kvalinn og deyddur, Róm. 5; þykist eg í bæninni kaldur vera, þá mætti þad smelta hjarta mitt, ad Guds eingétinn Sonur sveittist blódinu, er hann badst fyrir, Lúk. 22, undir minni synda-byrda, og vard þó ecki bænheyrdur, svo hann gjordi mína bæn kroptuga fyrir Gudi, þótt hún sé veik; hafi eg óþocka á nockrum manni, og gét ecki svo fljótt drepid þá freistíngu, þá hugsa eg til þess, ad Drottinn minn bad fyrir yfirtrodslumonnunum, þeim er hann kvoldu, Lúc. 23, og mun eg brádliga skammast mín, ad rækja þad lítilrædi, er minn bródir mér til-gjordi; elski eg heiminn edur nockud þad, sem í honum er, þá rekur hans elska þad brádliga út, sem dó fyrir mínar syndir, þegar eg var hans óvinur, Róm. 5, svo eg megi eylífliga lifa, ef eg forsmái heiminn, en elska hann sem mig hefir svo heitt elskad; ofbjódi mér stærd minna synda, þá minnir heilagur Andi mig á, ad Gud er dáinn í mínu holdi, og hafi eg séd hann dáinn fyrir mínar syndir, þá sé eg hann vel upprisinn mér til réttlætis, Róm. 4. Lærisveinarnir þecktu Drottinn í því hann braut braudid; svo þeckja og kristnir menn hann allra-best, nær hann brýtur oss þad helga braud í altarisins sakramenti, sem ad er meddeilíng hans líkhama, og drecka þann blessunarinnar kaleik, er vér blessum, sem og er meddeilíng hans blóds, 1 Cor. 10; þá er hann oss hvad nálægastur; þá sjáum vér hann hvad best med augum trúarinnar; þá þeckjum vér hans guddómligu elsku, og skodum hans miskunar-idur algjørliga, ad hann ecki einasta hefir géfid sitt líf í daudan fyrir oss og úthelt sínu blódi, heldur og fædir sálir vorar á því hinu sama oss til trúarstyrkíngar um alla sína velgjornínga, þar kunngjorum vér hans dauda, þar skodum vér hann upprisinn; því lægi hann enn þá í grofinni, hvornin mætti hann géfa oss sitt hold ad éta, edur sit blód ad drecka? nú hefi eg svo nockud talad um, hvornin vér eigum ad skicka oss svo Jesú vilji oss nálægjast. Eptirfylgir ad minnast á med fáum ordum, hvornin vér eigum ad halda honum, svo vér missum hann ecki. Þad er ecki minna verdt ad gjæta fengins fjár, enn afla þess, og þad má segja um Jesúm; margur hefir ad sönnu fengid hann einusinni inn til sín, er þó hefir mist hann sídan, og sumir aldrei aptur fengid; Júdas seldi hann eitt-sinn fyrir ágirndarsakir, Lúc. 22, og misti hans svo ad eylífu, hann mun sér marga stall-brædur í heiminum eiga; Petur misti hann og, en fékk hann þó aptur med beiskum gráti, Matth. 26; því er þad víst hér-af, ad menn kunna ad

missa Jesúm, þótt menn hafi eitt-sinn notid hans nálægdar. Þar fyrir bannar Páll og ad hryggja heilagann Anda, Eph. 4, já, hann segir: vér skulum ei slöckva Andann, 1 Tess.5. Sömu atburdi skal til þess hafa ad sönnu ad halda Jesú, svo sem ad lada hann ad sér í fyrstunni; hvörugt géta menn án Guds Anda, því einginn kann Jesúm Drottinn ad nefna fyrir utan hann, segir Páll, 1 Cor. 12; en ad mótstanda ecki heilögum Anda þad er í mannsins valdi, sérdeilis þess, sem endurfæddur er med vatni og anda. Eg vil ei ítreka þad aptur, sem ádur er sagt, um þad ad njóta Jesú nálægdar; enn eitt sé eg hér í fari lærisveinanna, sem batt hann svo, ad hann géck inn og var hjá þeim: hann lét sem hann vildi lengra gánga; en þeir neyddu hann og sögdu: vert hjá oss, Herra! þvíad kvölda tekur og á daginn lídur. Hvílík ad hafi verid naudúng þessi, er audséd hér-af, þad var ein audmjúk bæn; svoddan ofríki hefir Drottinn opt lidid; svo neyddi hann konúngs-madurinn, Jóh. 4; svo neyddi hann hin Kananiska, Matth. 15; svo neyddi Abraham Gud, er hann bad fyrir Sódómítum, Gén. 18; svo neyddi Mósis hann, er hönum tókst ecki annad enn miskunna Israel; svo neyddi Jakob hann, er hann sagdi: eg sleppi þér ecki fyrr enn þú blessar mig, Gén. 32. Jesús lætur opt sem vilji hann lengra gánga, þegar hann leggur oss sinn kross á herdar, en vér sjáum ecki, ad hann er oss nálægur, svo sem ádur er sagt. Þegar vor eyrindi luckast ecki, sem vér þó rekum í hans nafni, fyrir mannanna ofbeldis sakir, en vér þeckjum ecki hans tilgáng. Hvad skal hér-til gjora? eigum vér þá ad sleppa hönum og leita ráds hjá heiminum? fjærri sé því! hvad þá? gjörum eins og þessir gjördu; neydum hann med audmjúkri bæn og andvörpum, ad hann vilji hjá oss vera. Eingum af oss hefir þvílík sorg tilfallid, sem þessum Guds vinum, þeir höfdu misst hann, sem þeir höfdu allt sitt traust á, fyrir hvörn þeir kanské höfdu yfirgéfid alla hluti, eins og Petur sagdi um þá tólf, Matth. 19; þeir voru eptir í hers-höndum, og þordu valla ad sjá uppá nockurn mann, þar allir vissu ad þeir höfdu verid hans lærisveinar, er svo mínkunarsamliga var útleikinn fyrir skömmu, og hvörsu uggvænt þeim verid hafi, þad sýnir oss bædi dæmi þeirra, er forlétu hann í grasgard-inum, og St. Peturs, er óttinn þreyngdi hönum til ad kannast ecki vid hann, fyrir hvörn hann þó skömmu ádur vildi lífid láta, Matth. 26, sem og þad, ad þeir lok-udu dyrunum ad sér, fyrir hrædslu-sakir vid Gydínga, Jóh, 20; samt neyddu þeir þennan framandi mann, (því ei vissu þeir þá annars) til ad vera hjá sér: hvar fyrir? af því hann taladi um Jesúm, og opnadi fyrir þeim ritníngarnar, svo þeirra hjarta brann í þeim; þessum manni vildu þeir ecki fyrir hvörn mun sleppa. Enn þú, Guds barn, sem þeckir Jesúm og veitst hann upprisin og seztan til Kraptarins hægri handar, ad hann bidji fyrir þér, Róm. 8; vilt þú ei taka þetta sama ráд, þegar þér sýnist hann vilji fram hjá þér gánga? ó, jú, Guds barn! födurligt hjarta hefir Gud; þann er hægt ad locka, er sjálfur vill dansa; þú tekur aldrei svo feg-ins-hendi vid Guds nádar-hugsvölun, nær þig lángar eptir Drottni á þurrlendinu eins og Davíd, ad hann sé ecki ljúfari til ad veita þér hana. Þegar Alexander hinn stóri hafdi lagst um borgina, Tyrum, med sínum her-flockum, þá skrifar Plút-

archus, ad suma af bæar=mønnum hafi dreymt, ad godin vildu flytja úr borginni og í heibúdir konúngs, en þeir bundu þau med hlekkjum ad ei skyldu þau í burtu komast. O, hvørsu mikid høfum vér, kristnir menn, Gudi ad þacka! grátligt er til þess ad vita, hvørnin Andskotinn hefir blindad vantrúarinnar børn. Vesælings Gudir vóru þad og aunnur átrúnadur, ad trúa á þann, sem þeir ætludu ad þeir mundu fá til fánga tekid; en Drottinn Jesús hefir fengid oss adra festi til ad binda sig med, þad er hans eigin bæn, hvør ed ritud stendur hjá Lúcam í 11 kap. og Matth. 6; og skømmu sídar í sama kap. kénnir hann oss, hvørnin vér skulum leggja þessi bønd á sig, med þessum ordum: bidjid og mun ydur géfast, leitid, og munud þér finna, knýid á, og mun fyrir ydur upplokid verda; og enn þá framar kénnir hann oss, hvørsu ad þessi festi sé sterk og óbilandi, er hann segir: því hvør sem bidur, hann skal medtaka, og hvør sem leitar, hann skal finna, og hvør sem ad á=knýr, fyrir honum skal upplokid verda; en med þessu hefir hann sýnt, ad oss ecki einasta byrjadi óaflátanliga ad bidja, svo sem Lúkas vottar, 18 kap., heldur heitt og ákafliga, eins og Drottinn í grasgardinum, Lúc. 22; eins og Tertúllianus skrifar um kristna í sínum døgum, ad þeir komi saman í eitt, og med nockurskonar fylkíngu og athlaupi taki Gud til fánga. O, hvad ólík er þessi kalda verøld slíku! menn hyggja þad sé nóg, ad falla á knén og halda klútnum fyrir augun, og murra þar eitthvad er þeir ei sjálfir skilja, eins og Esajas skrifar um Phitons andann, og þá sem fóru til frétta vid hina daudu, Esa. 8; er þetta samneyti heilagra? er þetta hin sanna kristiliga kyrkja? mun nockud Andinn bidja fyrir þeim med óumrædiligum andvørpunum? ó, vei! sannliga segi eg ydur, ad betra er aldrei ad bidja, því þeirra bæn verdur ad synd, Ps. 109, og þeirra Guds þjónusta ad offri hins fávísa, Ecl. 5. Þessara lærisveina hjarta brann í þeim, ádur enn þeir neyddu hann med sér inn ad gánga; sjá og til, kristinn madur, ad þú á einhvørn hátt fáir smelt þitt hjarta ádur enn þú krýpur fram fyrir Guds hátign í þínum bænastad: þad er hægt ad gjøra í kyrkjunni undir hans orda heyrn, ef þad er rétt predikad, og þú ljær því eyrun, og þar fyrir utan, strax sem þú augunum upplýkur á morgna, þá íhuga hans gjæsku og þína ílsku, hans tign og þinn óverdugleik, hans velgjørnínga og verud yfir þér, og þitt hirduleysi og vanþacklæti, og nær þú hefir svo gjørt um hríd, þá gack til bænarinnar og bid Andann ad bidja med þér, því þú vitir ei hvørs þú átt ad bidja, Róm. 8; brúka sømu atferd á kvøldum og lát þessa þánka svæfa þig, þá er þad víst, ad þú verdur á einhvørn hátt bænheyrdur, Act. 7. Mósis var eitt fagurt barn álits, sem ritníngin segir, hann predikadi svo vel fyrir dóttur Pharaónis med barns=grátnum, er hann lá í reyr=kistlinum, ad hún komst vid í hjarta sínu, og sá aumur á hønum, Exód. 2; miklu fegri mun sá vera í Guds augliti, sem med Jesú blódi er ádreifdur. O, hvørnin munu hans miskunar=idur fá leynt sér nær hann heyrir þeirra grát, og sér þeirra tár sem út eru helt í hid rauda haf Guds eingétins Sonar dýrmæta blóds, hvørt miklu hærra kallar enn Abels blód! Hebr. 12; þar fyrir, mínir elskuligir, gleymid ecki ad bidja idugliga og alvarliga um návist Jesú; sleppid hønum ecki fyrr enn hann blessar ydur til fulls; þegar hønum er tapad, þá er øllu tapad; medan þér hønum fast haldid, þá er øllu haldid; þótt þér missid alla hluti, og jafnvel sjálft lífid, þá erud þér jafn=ríkir, þegar þér eigid hann, sem allt vald er géfid bædi á himni og á jordu, Matth. 28;

og hafi þar nockurn tíma verid þörf á ad neyda Jesúm til ad gánga inn til sín, og vera hjá sér, þá er þad á þessum sídurstu og verstu dögum. Vert þú hjá oss Herra, þvíad kvölda tekur og á daginn lídur, sögdu þessir Guds menn. Þad má kalla, ad alla=reidu taki mjög svo til ad kvölda í heiminum; myrkur ránglætisins taka til ad byrgja fyrir oss Sól réttlætisins; hin sanna Guds þecking og skilníngur á hans h. ordi, er umsnúinn í kapprædur og þrættanir. Þeir sem eiga ad hafa lykil vitskunnar, stunda þad mest, hvornin þeir megi flækja adra í spurníngum þeim, er þeir ecki sjálfir skilja, og þykjast miklir menn, þegar þeir vel munnhöggvast, en hinni sönnu þeckíngu Guds og hans lærdóms sleppa menn nú um stundir, og þad veldur því, ad nockru leiti, ad lífernid er einganvegin svo sem kristnum sómir, þar menn láta Guds ríki vera fólgid í ordum einum; menn hafa skin gudhrædslunnar en afneita hennar krapti, 2 Tím. 3, svo varla er ad finna trú á jördu, Lúc. 18, eg meina þá trú, sem verki fyrir kjærleikann, Gal. 5, svo þad er stór naudsyn öllum Guds börnum ad neyda Christum ad vera hjá sér, þar allt teiknar til þess, ad dagur Drottins muni ei lángt í burtu vera; og þótt ei væri, þá veit eg ecki nema þad augnablik, sem eg lifi á, sé kvöld minna lífdaga, því vil eg Jesú halda og honum ecki sleppa, svo nær sem eg dey, þá deyi eg med Lausnara minn í fadminum, og ad hvört sem eg lifi edur dey, þá sé eg hans, Róm. 14. Slepp þú mér, sagdi hann fordum vid Jakob, þvíad nú dagar, Gén. 32; minn Herra! eg vil ecki sleppa þér, þvíad nú kvöldar; eg sleppi þér ecki fyrr enn þú blessar mig, því eg veit ecki nær enn myrkur daudans byrgir mín augu. Nóttin er umlidin, en dagurinn tekur ad nálgast, sagdi Páll á sínum dögum, Róm. 13; þad var og satt, þvíad þá var Sól réttlætisins, svo ad segja, nýliga upprunnin, og skein fagurt í heiminum lengi fram eptir öldunum; en nú ætla eg ad þessu megi umhverfa, og segja: dagurinn er hartnær umlidinn, en nóttin er í nánd. Vert því hjá oss, Herra! þvíad kvölda tekur og á daginn lídur. Já, ó, Herra Jesú Christe! þegar dregur ad röckri æfi vorrar, og vor augu taka til ad formyrkvast í daudanum, svo þau sjá ecki lengur, vert þú þá hjá oss, þegar allir hafa forlátid oss, og vér sjálfir höfum yfirgéfid oss, en varpad sálu og lífi í þinn miskunar=fadm; lát oss þá leggja vora trúar=hönd í þína sídu, og hennar fíngur í naglaförin, og géf ad vér þá séum trúadir og ecki vantrúadir! uppljúk þá vorum sálar=augum, ad vér þeckjum þig oss af Gudi géfinn til réttlætis, til helgunar og til eylífrar sáluhjálpar. Bænheyr þad gódi Jesú, fyrir þitt blód og forþénustu, amen, í Jesú nafni, amen!

Þridja Dag Páska.

Gudspjallid, Lúc. 24 Kap.

Í þann tíma, þá lærisveinarnir voru nú enn ad tala um þetta, stód sjálfur Jesús midt í milli þeirra, og sagdi til þeirra: fridur sé med ydur! en þeir skélfdust og urdu hræddir, og meintu ad þeir sæi anda nockurn; og hann sagdi til þeirra: hvar fyrir skélfist þer, og því koma slíkir þánkar í ydar hjörtu? sjáid mínar hendur og mínar fætur, ad eg em þetta sjálfur; þreifid á mér og

skodid, þvíad andi hefir ei hold og bein, svo sem þér sjáid mig hafa. Og þá hann sagdi þad, sýndi hann þeim hendur og fætur; og er þeir trúdu enn eigi fyrir fagnadar sakir, og undrandi þad, þá sagdi hann til þeirra: hafid þér hér nockud matarligt? og þeir lögdu fyrir hann stycki af steiktum fiski, og hunángs seim, og hann tók þad og át fyrir þeirra augum. Og hann sagdi til þeirra: þetta eru þau ord, hvor eg taladi til ydar, þá eg var enn-nú hjá ydur, þvíad þad hlaut allt ad fullkomnast, sem af mér er skrifad í Mósis lögmáli og í Spámannanna bókum og psálmum. Þá opnadi hann þeirra hugskot, svo ad þeir skildu ritníngarnar, og sagdi til þeirra: svo er þad skrifad, og svo byrjadi Christó ad lída, og upp ad rísa á þridja degi frá daudum, og prédikast láta í sínu nafni ydran og fyrirgéfníng syndanna ámedal allra þjóda, upphefjandi í Jerúsalem; en þér erud vottar allra þessara hluta.

Exordium.

Fridur á jordu og mönnum gódur vilji, súngu einglarnir fordum, þegar mannkynsins Endurlausnari var í heiminn borinn, Lúc. 2; þá máttu þeir himnesku andar lýsa þessu fridarbodi í umbodi síns Herra, þar hann lá eitt ómálga barn í stallinum, og átti þó margt eptir ógjört, sem ad þursti til ad semja þennan frid milli Guds og manna. En nú, þar hann fyrir krossins dauda hafdi afmád allan óvinskap, sem hans útvalda mátti frá eylífum fridi hindra, þá lýsir hann sjálfur þessum fridi yfir sínum elskuligum lærisveinum, hvörjir ad sídan fóru med þetta fridar-bod út um allann heiminn eptir hans skipan. En fyrir því, ad vér erum og þessa fridar-bods hluttakandi vordnir, þá viljum vér af gudspjallinu hugleida: 1) hvílíkur ad sé þessi fridur: 2) hvornin vér eigum honum ad taka. Þar til hjálpi oss hinn gódi Gud, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggingin.

Hvílíkur ad þessi fridur sé, br. m., þad sést, nær menn athuga hvílíkt ad var sekt mannkynsins, er þad styggt hafdi hinn almáttuga Gud. Er fridur, Jehú? sagdi fordum Jóram Israels-konúngur, er hann mætti honum á veginum, en Jehú svaradi: hvad gildir þig um frid, þar hórdómar og töfrar módur þinnar vara enn-nú? 2 Reg. 9. Ad vísu er þad satt, ad vor fyrsta módir hafdi ecki þær skammir ad hafst, sem Jessabel, en þó má ecki því neita, ad af hennar fyrstu synd eru komnar allar þær syndir, er í heiminum hafa sídan drýgdar verid; þeirra sekt vardi allt til þess, ad vor Fridar-höfdíngi negldi þá handskriftina á tréd, sem í-gégn oss var, undir eins og hans blessudu hendur og fætur vóru á krossinn negldar. Þar var einginn réttkalladur fridur ádur fyrir syndugt mannkyn, jafnvel þótt ad syndin væri allt þángad til undir Guds þolinmædi, Róm. 3. Nóe bygdi Drottni eitt altari eptir þad hann var frelsadur af vatnsflódinu og fórnfærdi þar á allra-handa hreinum dýrum, svo ad Gud lyktadi einn sætleiks ilm og lýsti fridi yfir mannkyninu, segjandi: ecki vil eg framar bölva jordunni fyrir mannsins sakir, Gén. 8. Þessi fridur nádi þó ecki nema til líkham-

ligs frelsis, en þá vóru sálirnar ókvittar vid Gud, nema hann hefdi vitjad vor upprunninn af hædum í sínum miskunar idrum, med sendíngu síns eingétins Sonar í vort hold, þegar þad saklausa Guds Lamb var á krossinum fórnfært, fyrir allar veraldarinnar syndir, med hvorju ad bædi Nóa og allar adrar gamla Testamentisins fórnir eru helgadar og fullkomnadar, þá lyktadi Gud til fulls einn sætleiks ilm; og þegar hann hafdi hjálpad honum út af daudanum, sem Páll segir, Hebr. 5, út af því reidinnar flódi sem géck inn ad hans sálu í kvölinni, þá hefir þessi mikla hetja, ad uppleystum daudans fjötrum med öllum rétti lýst þessum fridi yfir sínum brædrum. Þegar brædur Jósephs höfdu fundid féd í seckjunum, er þeir ecki áttu von á, þá urdu þeir óttaslegnir, svo þeir vissu ecki hvad þeir skyldu til ráds taka, Gén. 43, þá sagdi rádsmadur hans til þeirra: fridur sé med ydur, óttist þér, ecki, ydar Gud og ydar födurs Gud hefir sendt féd í ydar sjódu. Þeir höfdu í þad sinn eckert illt gjört, samt óttudust þeir og meintu sér mundi ként verda um þessa varmennsku. En hvad hafdi syndugt mannkyn i=móti Gudi gjört? þad hafdi rænt hann sínum heidri, þad hafdi líflátid hans eingétinn Son med sínum illgjördum, og ofan á allt þetta ecki þeckti meir sinn vitjunar=tíma, Lúc. 19, heldur enn Jakobs synir vissu, hvornin féd var apturkomid í secki þeirra. Veraldligir höfdíngjar, er þeir gjöra frid vid annann, þá stadfesta þeir hann med bréfum og ritníngum, edur og seljast gísla á; þess þurfti ei hér af vorri hendi, því vér áttum vid þann einn ad skipta, sem einga vissu þurfti af vorri álfu og á alls kosti vid oss, ef vér ecki höldum hans fridar=sáttmál. En svo hann tæki allann efa frá sínum lærisveinum um þetta fridar=bod, þá sýnir hann þeim þad, sem öllu sterkara og óbrigdulla var, enn nockurs konúngs=hönd edur innsigli, er hann sýndi þeim sínar hendur og fætur. Glediligt var þetta fridar=bod lærisveinunum, br. m.; en ecki höfum vér minna þegid í því, hvorra fedur vóru án Guds í heiminum, Eph. 2. Hvílíkur er hann, sem vér höfdum flúid frá, já, frá hvörjum vér dagliga flýum, og brjótum hans nád af oss med syndunum? þad er Konúngur himins og jardar, Drottinn sterkur vandlætari, vitjandi ránglætis fedranna á sonunum í þridju og fjórdu ættkvísl, Exód. 20; já, mundi vitjad hafa í þúsund lidu allt til enda veraldar, nema ad vér réttlættir fyrir trúna hefdum frid vid Gud, fyrir Drottinn vorn Jesúm Christum, Róm. 5. Nú er þad víst, ad syndin reiknast svo stór sem hann er til, sem hún er á=móti gjörd; en um Guds hátign er kunnugra, enn frá þurfi ad segja. O, Guds barn! hvílík gledi er þad þá ad hafa frid fengid vid svoddan Konúng, og svoddan einn frid, sem aldrei um æfi má rjúfast, nema hann af oss rofinn verdi? hvar fyrir því er ecki ad gleyma, ad skömmu ádur enn Drottinn féck lærisveinunum í hendur lykla=valdid til ad fyrirgéfa og apturhalda syndunum, þá lýsti hann fridi yfir þeim, Jóh. 20; þar fyrir nær þessi fridur til allra þeirra, sem taka kvittun synda sinna af Gudi fyrir hans rádsmanna þjónustu. Hún er eitt afláts=bréf, sem Kristur undirskrifar med þeirra hendi á höfud allra rétt=trúadra, en innsiglar þad sjálfur í þeirra hjarta med heilögum Anda, hvor ad er pantur arfleifdar vorrar, Eph. 1; þess gétur Páll, 2 Cor. 5, segjandi: Gud hefir í Christó sætt heiminn vid sjálfan sig, tilreiknandi þeim ecki þeirra yfirtrodslur, og leggjandi oss uppá ad boda forlíkun þessa; því hvors syndir kvittar eru, hann hefir frid vid Gud, frid vid hans lögmál, og frid vid samvitskuna. O, hvörsu fagrir eru þá fætur þeirra, sem

fridinn boda! Esa. 52; og hvad kunni glediligra þeim ad bodast, er sátu í myrkrunum enn þessi fridur, Nah. 1; svo vér megum því fagna er Zach. skrifar, kap. 9: hann mun fyrir Testamentisins blód útleida hina bundnu af þeirri grifjunni, hvar eckert vatn var inni, og boda heidíngjunum fridinn; og hefir hin eylífa Gjæska ecki látid þar med búid, ad hann hefir géfid oss syndirnar kvittar og gjørt frid vid oss í sínum Syni; þad dýra gjald, sem hin eylífa Hátign lauk í voru holdi á krossinum, mátti enn þá meiri blessan, meiri sælu, og meiri føgnud afreka; þad var, ad hann setti oss í síns Sonar ríki, Col. 1, hvort ad ecki er matur né dryckur, heldur fridur og føgnudur í heiløgum Anda, Róm. 14. Þegar veraldligir høfdíngjar géfa einhvørjum grid, þá þykjast þeir vel gjøra, ef þeir láta hann halda lífi og landsvist. Davíd gaf Símei líf, 2 Sam. 16, og þótti vel gjørt úr því sem ráda var; Salómon gaf hønum landsvist, þó med því móti, ad hann færi ecki út af Jerúsalem, 1 Reg. 2; Jósúa gaf Gíbeonítunum frid, og þad til ad halda loford sitt er hann vildi ecki bregda, og lagdi hann þeim þó nockurskonar þrældóm uppá, ad høggva tré og bera vatn til þjónustu-gjørdarinnar, Jós. 9; en hvad er Gud skyldugur ad halda vid oss, mennína, sem dagliga brjótum þann eid, er vér unnum hønum í skírninni, nær hann trúlofadi oss sínum Syni fyrir hans blód med heiløgum Anda? Já, hvad opt høfum vér rofid þad heit, er vér svo tídt høfum gjørt hønum í skrifta-stólnum, ad afláta og sjá vid syndunum? og samt hefir hann ecki einasta uppgéfid oss, og dagliga uppgéfur øllum þeim, sem vid hann fridmælast, alla skuldina, og þau mørg tíu þúsund punda, er vér svo tídt verdum hønum skyldugir, Matth. 18, heldur lofar oss ómælanligrar dýrdar eylífri þýngd, fyrir munn síns þénara St. Páls, 2 Cor. 4, øllum þeim, sem bera vilja hid sæta ok Christí og hans léttu byrdi; já, øllum þeim ed sér til hans snúa vilja frá sínu illu athæfi og vondri breytni, allt fram undir daudastundina. Hvílíkur er þá þessi fridur? edur hvør fær hann nógliga prísad. Ecki hefir Drottinn heitid sínum børnum veraldarinnar fridi, miklu heldur segir hann, þeir skuli hafa ángist í heiminum, Jóh. 16; en því hefir hann lofad, ad þeir skyldu hafa frid í sér, Jóh. 15; já, þann frid, sem verøldin kann ei ad géfa, og þann frid, sem einginn kann af oss ad taka, Jóh. 16, svo lengi vér høfum frid vid hann, sem oss þennan frid alleina géfid hefir og géfa kann, en einginn annar. Þar verdur aldrei svo tryggiliga búid um nockra veraldarinnar sátt edur fridar-gjøríng, ad menn kunni ad segja ad hann skuli lengi stad-fastur vera, hann kann ad vara í tveggja konúnga tíd þeirra á-milli, medan þeir lifa bádir, og þó ecki altíd; hvad lengi hélst sættin á-milli Sýrlands og Samaríam, er Achab og Benhadad gjørdu? 1 Reg. 20; hvørsu vel efndi Ptólómeus þad hann heitid hafdi dóttur-manni sínum Alexandró? edur Rómverjar Gydíngum? 1 Macc. 10 og 11. En uppá þann frid má reida sig, er Gud heitir oss syndugum mønnum, þar er aldrei lýgi fundin í hans munni. Eckert er tídara enn þad í heiminum, ad þegar tveir hafa ósáttir verid, og þeir látast þó sættast heilum sáttum og jafnvel sverjast eida á, ad sá bregdur af, er sídan fær valdid meira, og finnur sér allt til ordsaka heldur enn ad hann ecki hefni síns vansa, sérdeil-is ef hann þykist hafa vordid undir í sættinni; því er þessi málsháttur heimsins: vakta þig fyrir þeim vin, er þú hefir sæzt vid; en þetta er ecki ad óttast hjá Gudi, øll hans verk eru

miskun og sannleiki, Ps. 25; hann er trúr, sjálfum sér kann hann ecki ad neita, 2 Tím. 2; nema ef vér viljum kalla þad brigdmælgi, ad þær hefndir koma ecki strax yfir vondar gjørdir, sem hann hefir hótad þeim; en vér bregdum dagliga af, og ecki gétum vér um eitt augnablik haldid vor særi; þó hefir hann ecki útskúfad oss, ecki hefir hann enn=nú brotid þann frid vid oss, sem hann gjørt hefir vid annt mannkyn fyrir síns Sonar dauda, Róm. 8, jafnvel þótt þad játa megi, ad á þessum tímum hafi allt hold fordjarfad sinn veg, ei sídur enn á døgum Nóa, Gén. 6, svo menn kunna einga ordsøk til þess ad færa, ad hinn strángi og réttláti Dómari ecki kollsteypi þessari vantrúndu verøld, nema þá, ad hann er Gud og ecki madur, Hós. 11. Þetta munu øfgar þykja er eg tala, en gjætum ad, hvørsu fleiri mannesskjur þar eru nú í heiminum enn á døgum Nóa; hvørsu lítill ad er kristindómurinn hjá heidíngjunum; hvad fáir af kristindóminum, sem játa þá réttu trú, og hvad fáir af þeim, sem hana játa, er færa verduga ávøxtu henni. Hvørnin á þessu stendur, veit Gud einn, þad er ei mønnunum unnt ad vita. Verda má ad þar séu fleiri Guds børn enn menn hyggja, því Elías vissi jafnvel ecki ad þar vóru svo mørg þúsund í Israels=ríki, sem ecki høfdu beygt sín kné fyrir Bal, 1 Reg. 19; en ættu menn eptir ytra áliti edur mannligri skynsemi ad dæma, þá kynni einhvør ad vísu ad ætla, ad í óøld þessari mundu ecki øllu fleiri vera réttlátir, eptir því sem tala rennur til, heldur enn fyrir flódid. Þetta skrifa eg alleina til þess, ad menn þecki Guds óumrædiligu gjæsku og trúfesti, ad hann heldur vid oss enn=nú í dag þad sáttmál, er hann gjørdi vid Nóa; hvad miklu framar mun hann þá halda þá sátt, er hann gjørt hefir vid sína útvalda í Christó? Þess er og ad gjæta, br. m., ad þótt vér gjørum frid vid mennina, sem oss voldugri, gøfugri og sterkari eru, þá er ecki trútt um ad þeir kunni ad duga oss, þótt þeir vildu, nær adrir þeim sterkari rísa á=móti oss, því allt hold er hey, segir rødd hrópandans, Esa. 40; lítid gagnadi þad Júda og Ephraim, ad þeir sendu til konúngsins af Assyría og Egyptalandi, því Drottinn sagdi: hann skal ecki kunna ad græda ydur, og ecki ad lækna ydar sár, því eg em svo sem grimt león á=móti Ephraim, og svo sem úngt león á=móti Júda, Os. 6. Svoddan munur er nú á þeim fridi, sem verøldin géfur, og þeim er Gud géfur; séu þeir svo máttugir, svo vinsterkir, svo frændmargir sem þeir vera vilja; eg á einn vin, sem aldrei skal bregdast; eg em hans, og hann er minn, Lofkv. 6; hann er megnugur um ad setja krók í Zenacheribs nasir, Esa. 37; hann gétur dreckt Pharaó og hans vøgnum, og reidmønnum, Exód. 14; hann kann ad slá Jeróbóams her, þótt hann hafi umkríngt Abíam. 2 Paral. 13; og þókníst honum ad láta vonda menn hafa yfirhøndina, þá vil eg segja med Davíd: gjøri hann vid mig hvad gott er í hans augliti, 2 Sam. 15; þad nægir mér ad eg hefi frid vid hann, sem er Gud fridarins, 2 Cor. 13; hann géfur mér frid í ofsóknunum, ríkdóm í armódnum, virdíngu í forsmáninni, heilbrigdi í sjúkdóminum, sadníng í húngrinu, gledi í sorginni; þad nægir mér ad hann er minn vinur, þegar allir mínir vinir hafa mig yfirgéfid. Segid mér, hvad vill verøldin gjøra þeim, er Gud hefir gjørt svo lynda? ecki meir enn eitt barn einum risa, edur skollahvelpurinn leóninu. Ef eg er í landi einhvørju, þar sem herskátt er, en veit þó ad þar er fridur í mínu landi, hvar eg hefi bú mitt, mína vini og frændur og allann líkhamligan varnad, þá er eg þó betur til=frids, þótt eg sé medal óvina staddur, eg er

ei nema ein manneskja, eg vil segja med spekíngunum: eg ber allt mitt med mér, eg vil á einhvørn hátt sjá til, hvørnin eg lífs afkomist og nái mínu føðurlandi. Guds børn eru ad sønnu í hers-høndum í útlegd þessari, en þeirra umgengni og þeirra borgar-réttur er á himnum, Phil. 3; allt hvad þau hafa í verøldinni, þad er ecki þeirra, Gud gaf þad ad sønnu þeim til brúkunar og medferdar, en þau hafa ecki fest hjarta sitt þar vid, heldur hafa þau þad Gudi aptur-géfid; eru þad góts edur gardar, metord og virdíngar, gull edur silfur, þad er ecki þeirra eigid, þad er krists-fé alltsaman, og jafnvel sjálft lífid; en þeirra fasta-eign er á landi lifandi manna. Eg vil sjá til hvørnin eg kunni ad ná þángad lífs, hvar einginn skal lífid frá mér taka, hvad mér aldrei mun bregdast, svo lengi sem eg hefi frid vid hann, sem er fridarins Gud, sem er lífsins høfdíngi, Act. 3, Jesús Christus, hvør ed daudur var, og sjá, hann lifir, Apóc. 1; svo lengi eg veit minn Endurlausnari lifir, svo óttast eg eckert stríd; hønum er ecki um megn ad leidsegja mér í-gégnum minna fjandmanna hendur; já, í-gégnum sjálfan daudan inn til lífsins, og ad láta mig lifa þótt eg deyi, því hvørt eg lifi edur dey, þá er eg þó hans, Róm. 14; því vil eg segja: daudi! hvar er þinn broddur, helvíti! hvar er þinn sigur? 1 Cor. 15; Gud er sá sem oss hefir sigurinn géfid, fyrir Drottinn vorn Jesúm Christum; hønum sé lof, dýrd og heidur ad eylífu, amen! Og er nú þetta sagt þar-um, hvílíkur ad þessi fridur sé; eptirfylgir ad tala um, hvørnin vér eigum hønum ad taka.

Þad er ecki nóg, Guds børn, ad þiggja grid af einum konúngi, nema menn haldi þau; Zedechías konúngur tók grid af Nebúkadnezar, hvør ed gaf hønum konúngs-ríki í Júda eptir frænda sinn Jóachim, 2 Reg. 24; en hann gjørdi uppreist á-móti hønum og hélt ecki sáttina, hvar fyrir hann tók hann fánginn, stack hans augu út og flutti til Babylon, 2 Reg. 25; margur hefir sá tekid grid af Gudi í skírninni fyrir Christi blód, sem skýzt undan hønum aptur og gjørist Satans madur med vantrú og syndsamligu athæfi, og verdur þá hin seinni villan argari hinni fyrri, Matth. 27. Hvar med gétum vér þá vid hinn Almáttuga frid haldid? Ef vér erum hans þegnar vordnir, þá eigum vér hønum skyldur ad gjalda; hin fyrsta þegnskylda vor vid hann er audmjúkt þacklæti hjarta vors, fyrir þennan háleita velgjorníng; offrid Drottni lofgjørdinni, segir Davíd. Varla má minna vera, br. m., enn ad vér offrum hønum kálfum vara vorra, Os. 14, þad er lofgjørdinni, er sínum eingétna Syni, því saklausa Guds lambi lét slátra á krossins altari, til ad forlíka heiminn vid sjálfan sig. Margur þykist ad sønnu þennan skatt lúka Gudi, ef hann sýngur hønum eitt sálm-vers med munninum alleina, en hvørt ad hugur fylgi máli, þad athuga menn ecki svo gjarna; svo hann mun hafa ordsøk til ad segja vid marga þá, sem látast þacka hønum hér fyrir: þetta fólk nálægist mig med vørunum, en þeirra hjarta er lángt þar-frá, Esa. 29. En hvørsu mjøg ad menn brjóti Guds frid af sér med þessu óþacklæti, þad sjáum vér, medal annara, á þeim tíu líkþráu er Jesús hreinsadi, um hvørja hann sagdi: voru ecki tíu hreinsadir, en hvar eru hinir níu? Lúc. 17; fanst einginn sá ed aptur snéri og gæfi Gudi dýrdina, nema þessi útlendíngur? og hann sagdi til hans: statt upp og gack burt, þín trú gjørdi þig hólpinn. Hinir vóru alleina á líkhamanum hreinsadir, þessi bædi á sálu og

líkhama, því eckert taladi Drottinn um trú þeirra, og mun sálarinnar heilbrigdi hafa farid þar eptir. Eg er og næsta mjøg uggandi um, ad þar finnist varla einn á-medal tíu, sem þetta hjálpræði, þennan mikla frid, sem oss er í Christí dauda og upprisu bodadur, svo þecki, sem byrjar; flestir láta sér nægja med þad, ad sýna sig kénnimanninum, í kyrkjunni, í skrifta-stólnum, í útvortis játníngu trúar sinnar einusinni edur tvisvar á ári, en hvort ad samvitskan kémst vid af tilfinníngu syndanna, hvort elskan til Guds er svo mjøg heit, þar um mætti efast hjá allmørgum, því annars mundu menn hafa meiri vidleitni á ad hafna syndunum, og elskan til Guds mundi framar spretta út med verkunum, svo hann þar med yrdi dýrkadur; þad er ad snúa aptur og géfa Gudi dýrdina, ad snúa sér frá sínu ógudligu athæfi, og taka sína ílsku-breytni frá hans augliti, Esa. 1. Ef hann er vor Fadir, hvar er þá hans heidur? ef hann er vor Herra, hvar er þá hans virdíng? Mal. 1. Þad er minst verdt ad lofa Gud og þacka honum med munninum, þad gjøra og hrafns-úngarnir, segir Davíd, Ps. 147, og eru þeir ecki med hans Sonar blódi afkeyptir; ecki kostadi þad Gud nema eitt ord ad skapa þá og allann heiminn, Gén. 1; en hvad segir Páll vid oss, 1 Cor. 6: þér erud verdi keyptir, þar-fyrir dýrkid Gud í ydar líkhama, og í ydar anda, hvørjir ad eru Guds. Hvørnin skulum vér hann dýrka í vorum líkhama? hvad segir hann enn aptur, Col. 3: Deydid ydar jardnesku limu, saurlífi, óhreinleika, lauslæti, vonda girnd, ágirni, sem er skúrgoda dýrkan, fyrir hvørt ad kémur reidi Guds yfir børn vantrúarinnar; leggid af allt þvílíkt, reidi, girnd, ílsku, gudlostun, nídyrdi frá ydar munni; þad er ad dyrka Gud í sínum líkhama, ad afsníða þessa limu hins gamla mannsins. Postulinn segir, ad fyrir þvílíkt komi Guds reidi yfir børn vantrúarinnar; sjáid hvad ómøguligt þad er, ad hafa frid vid Gud, nema menn afleggi þessi verk myrkranna, sem von er á, því ecki hefir Gud látid kvelja sinn Son til þess, ad vér þjónum syndinni í hennar girndum, edur látum hana drottna í vorum daudligum líkhama, Róm. 6; því hann hefir ecki kallad oss til óhreinleika, heldur til helgunar, segir Postulinn, 1 Tess. 4. En hvørnin megum vér Gud vegsama í vorum anda? þad er í sálum vorum; þad er, ef vér færum andans ávexti; hvørjir eru þeir? þad segir oss Páll, Gal. 5: þad er kjærleiki, fognudur, fridur, þolinmædi, gódgirni, gódfýsi, trú, hógværd, bindindi; og endar hann svo þetta tal med annari máls-grein, sem alla Guds þjónustu í sér innibindur, segjandi: en þeir sem Christí eru, krossfesta sitt hold med þess girndum og tilhneigíngum. Hvør sem þad dagliga gjørir eptir því sem Guds andi fær í hans breiskleika verkad, hann má vera fullviss um Guds vináttu, jafnvel þótt enginn géti fullkominn verid í þessu daudliga holdi, því ef vér gaungum í andanum, þá erum vér ecki undir løgmálinu, Gal. 5; en þetta frelsi eigum vér ecki ad brúka til þess ad láta eptir oss smá-syndirnar, er vér svo køllum, og ætla þad sé nóg ad varast stór-glæpina. Þad er eingin svo lítil synd til, ad ei sé hún nóg til ad fordæma manninn, ef Gud vill í dóm vid oss gánga. Davíd bad Gud forláts á sínum heimugligum syndum, Ps. 19; því mun þad ecki óhult ad drýgja hinar smáu vísvitandi. St. Páll sagdist jafnvel ecki skyldi kjøt eta, ef hann vissi sinn bródir hneixladist, 1 Cor. 8, og mun margur halda þad fyrir litla synd; þad er aldrei lítil synd, sem Guds réttlæti fordæmir, en hann fordæmir allar þær, sem vér litlar edur eingar

kollum. Það er allt synd sem helvíti forþénar, en þær forþéna allar það, sem madurinn lætur vís-vitandi eptir sér, og liggur í þeim viljandi, jafnvel þótt ei sé þvílíkt af mönnunum kallað nema Guðs barna brestir; smá-regnið vætir eins mjög og stór-droparnir; þær smáu syndirnar kunna að verða hvað skaðvænastar, því vér reiknum þær ecki, og verða því flestar, og þótt þær séu smáar í vorum augum, þá verða þær þó stórar, nær vér byggjum þeim lengi heima. Einn lítill ormur, þegar hann er svólginn í magann, þá etur hann svo lengi um sig, að hann verður stór, nema hann annaðhvort sé drepinn, eða honum sé upp-selt; einn lítill púki, þegar hann er einusinni innkominn í hjarta mannsins, getur vordið að stórum djöfli, ef hann er látinn hindrunarlaus, og þegar hann er svo vaxinn, gétur hann tekið sjö anda sér verri, Lúc. 11; menn taka einn lítinn dreing til fósturs, ef hann er skálkur, sem margir eru, þá gjörir hann sig að húsbónda, nær hann er fullorðinn, og ræður sína líka inn í húsið, þar til hann með sínum félögum drepur húsbóndann, ef hann þorir, og gjörir sig herra af gótzinu. Svo eru hinar litlu syndirnar; þau dálitlu börn Satans, er vér leikum oss að, meðan þau úng eru, þau verða vor ofmenni um síðir, og taka vort andligt líf frá oss, og eyða þeim féssjóð úr voru hjarta, sem með Guðs blóði keyptur er; sumt gaman og gleðskapur, sem heitir kurteysi í fyrstunni, kann að verða að hæðni og spéskap, svo þegar menn hafa lengi vanið sig á að hæða mennina, og því er hrósað af þeirra líkum, er leita sér forðildar í slíku, þá fer þeim svo fram í kunstinni, að þeir fara að hæða að Guði og hans heilaga nafni; það þykir hjá oss saklítið að leggja Guðs nafn við hégóma og gamni sér í dagligu tali, eður kalla á Andskotann; en sá sem þetta hefir lengi tamið sér, honum mun ecki þykja mikið fyrir að brúka það sama til að ljúga líf og æru af sínum náúnga; hann sem reiknar það fyrir einga synd, að hann forsómi að gánga til kyrkjunnar, og leikur sér að hégómanum á Guðs helgum dögum, hann kann að verða yfirgéfinn í svo fráleitt sinni, að hann þenki, að það sé ecki nema fyrir siða-sakir að menn brúki helgar tíðir. Eg segi þetta til dæmis um allt það, er menn gjöra á-móti hinum boðorðunum, sem hvör einn kann að skilja, ef hann vill géfa nockurn gaum að framferði sínu, og taka vara á sálu sinni. Fyrir því, ef þér viljið hafa frið við Guð, br. m., þá drepið þessa smá-púka, eður að vísu gjörið þá svo vanmeta, að þeir ecki verði yðar ofur-efli, annars munuð þér ecki frið við Guð hafa. En sokum þess, að einginn af oss er svo aðgjætinn eður varkár, að ecki falli blettur á vort skírnar-fat á hvörri stundu, jafnvel þeirra, sem bestir eru, þá eigum vér í hvört sinn, sem vér af nockurri hrösun verðum yfirstígnir, að þvo hann af með beiskum yðrunartárum, ef vér viljum frið við Guð hafa; já, vér eigum að gánga streingiliga í dóm við sjálfa oss, og ecki láta vora yðran stíga fram yfir almenniligar syndir, því þær fordæma eins manninn og hinar stóru, nema menn þeirra af hjarta yðrist; gjætum þess, að Guð er réttlátur, hann er eptirgángssamur og strángur sóknari, hann heimtir ecki alleina stór-summurnar, heldur vill hann láta gjalda hinn síðasta peníng, Matth. 5. Hvar með fáum vér þessa sekt lokið, nema með Christí forþénustu, sem er óendanlig; en hún verður eingum tilreiknuð, nema þeim, sem yðrast af hjarta syndanna. Að sönnu kunna menn ecki allra að yðrast sér í lagi; hvör veit hvað opt hann fellur Ps. 19; gétur þú uppreiknað alla þína úngdóms bresti? hvör má telja alla saurunga þánka og ónytju-orð? það er að vilja telja

sandinn og bylgjur sjáfarins; en þar vér erum oss þess samvitandi, ad vér svo opt hrösum, svo ad öll vor reisa frá vögguuni til grafarinnar, er varla annad enn einn sífeldur blód-vadall, þá eigum vér ad láta oss þad af hjarta ángra, ad vér erum svo undir syndina seldir, Róm. 7. Já, í samtali vid vora vini og náunga, edur og nær vér sleppum oss í gaman og gledskap, þá byrjar rétt-kristnum manni ecki einasta adgjætnum ad vera, ad ei styggi hann Gud med munni sínum, heldur og í hvört sinn, nær hann kémur til sjálfs síns aptur, ad hugleida hvört ecki hafi hann rasad med sinni túngu, og finni hann þad, sem án efa opt-liga finna má, ad láta sig þess af hjarta ydra og bidja Gud um nád, ef vér viljum vera full-vissir um hans vináttu; og ecki einasta eigum vér þær syndir ad fordast, sem eru réttlínis á-móti Guds skélfiligri hátign, heldur og, ef vér viljum hans vinir vera, þá eigum vér ad kappkosta ad halda frid vid vora brædur í heiminum, Róm. 12. Hvad er þad fyrir frid-ur, er Drottinn spáir um, ad verda muni í ríki Christi? Esa. 2: Ad þeir muni gjora sverdin ad plóg-járnum, og sínar stángir ad ljáum, og ein þjód skuli ecki rickja sverdi á-móti annari, og þeir skuli ei framar læra strids-atferd. Hvad sýnist ydur, börn mín? mun þetta vera sá fridur, sem veröldin gefur? ecki teiknar til þess nú um stundir, þar ein þjód rís upp í-móti annari, og frændur og náúngar berast bana-spjót eptir, heldur er þad fridurGuds sá ædri er öllum skilníngi, Phil. 4; þad er öll andlig farsæld, sem Guds postular, Paulus, Petrus, Júdas og Jóhannes í sínum Opinberunum jafnan óska Guds söfnudum; en ecki er þad sízt eindrægni andans, sem öllGuds börn hafa á-milli sín, hvar helst þau eru í heimin-um; sá sem ecki er í þessum fridar-sáttmála innibundinn, hann er ecki limur hinnar sönnu og ósýniligu Guds kyrkju; vakti sig því hvör og einn, sá er vill Christi limur heita, ad ei ali hann nockurt hatur til síns náúnga; og er þad ecki nóg ad vér höldum frid vid vini og frændur; tollheimtumenn og pútur gjora og þad hid sama, Lúc. 6; heldur býdur Endurlausn-arinn oss, ad vér elskum óvini vora, Matth. 5; þad lögmál er þúngt ad sönnu holdi og blódi, en ecki svo mjög þeim, sem eptir Gudi er skapadur, og leitast vid ad breyta eptir sín-um Lausnara, hvör ed beiddi fyrir þeim er hann kvöldu, Lúc. 23. Eigir þú nockurn óvin, kristinn madur, þá gjæt þess, ad Gud er þinn besti vinur, og Andskotinn hinn argasti óvin-ur; gjör því ecki þad hinum til styggdar, en þessum til þægdar, ad hatast vid þann, sem er þinn bródir eptir náttúrunni, fyrir hvörn Guds Sonur hefir kvöl og dauda lidid eins og þig; ef þú hatar þinn óvin og þad svo mjög, ad þú vildir hans dauda, þá gjör honum gott, sjá til ad þú fáir gjort þér hann ad vin med gódu atlæti; fáir eru svo hreckvísir ad þad takist ecki; en ef þú fær því til vegar komid, þá hefir þú drepid óvininn, en frelsad þinn bródur og gefid honum lífid, 1 Jóh. 5, og afrekad sálu eina Gudi til handa, sem er stærri sigur enn þótt nockur hefdi kóngaríkin undir sig brotid, því hún hefir Guds Sonar blód kostad, hjá hvörju öll veröldin er fis ad reikna; svoddan hefnd er ecki einasta saklaus, heldur og Gudi kjær, og af öllum hans börnum vel álitin. Gud gjæfi ad kristnir menn vildu temja sér þetta hugarfar, þá mundi fridur og eindrægni haldast betur manna á-medal, heldur enn skéd-ur nú um stundir, þá mundu menn frid hafa vid sjálfa sig og samvitsku sína, frid fyrir heim-inum, því sá ed þvílíkt gjörir, hann er af Gudi fæddur og yfirvinnur heiminn, 1 Jóh. 5, frid fyrir Djöflinum; því hann er Christi barn, sem Djöflinum hefir útsnarad, og trodid

hann undir sinna barna fætur, Róm. 16; já, frid vid hinn lifanda Gud, sem øllu rædur bædi á himni og jordu, í hvors ríki ad fridurinn og réttlætid kyssa hvort annad, Ps. 85, hér í tímanum, en í eylífdinni mun á fridnum einginn endir verda, Esa. 9. Þeirrar sæluvistar njótandi ad verda unn þú oss þínum børnum, ó, þú stóri Gud fridarins! Róm. 16, fyrir hinn sanna fridarins Høfdíngja Jesúm Christum, Esa. 9, amen!

Fyrsta Sunnudag eptir Páska.

Gudspjallid, Jóh. 20 Kap.

Og ad kvøldi þess sama þvott-dags, þá ed lærisveinarnir voru samankomnir ad luktum dyrum fyrir hrædslu-sakir vid Gydínga, kom Jesús þar, og stód í midid, og sagdi til þeirra: fridur sé med ydur! Og þá hann sagdi þetta, syndi hann þeim hendurnar og sína sídu. En lærisveinarnir glødduzt vid, ad þeir sáu Herrann. Jesús sagdi þá enn aptur til þeirra: fridur sé med ydur! Líka sem Fadirinn sendi mig, svo sendi eg ydur. En sem hann sagdi þetta, blés hann á þá og sagdi til þeirra: medtakid þér heilagan Anda; hvørjum helst þér fyrirgéfid syndirnar, þeim eru þær fyrirgéfnar, og hvørjum helst þér aptur-haldid þær, þá eru þær þeim aptur-haldnar. En Thómas, einn af þeim tolf, sem kalladist Tvíburi, var eigi med þeim, þá Jesús kom; en hinir adrir lærisveinarnir søgdu til hans: vér høfum séd Herrann. En hann sagdi til þeirra: nema ad eg sjái naglaførin í hans høndum, og ad eg láti minn fíngur í naglaførin, og leggi mína hønd í hans sídu, þá trúi eg ecki. Og eptir átta daga voru enn aptur hans lærisveinar þar inni, og Thómas med þeim, kom Jesús ad luktum dyrum, stód í midid, og sagdi: fridur sé med ydur! Sídan sagdi hann til Thómam: réttu þinn fíngur híngad og skoda mínar hendur; lypt upp þinni hendi og legg í mína sídu, og vert ecki vantrúadur, heldur trúadur. Thomas svaradi og sagdi til hans: Drottinn minn og Gud minn! Jesús sagdi til hans: af því þú sást mig, Thoma! trúdir þú; sælir eru þeir sem ecki sjá og trúa þó. Mørg ønnur teikn gjørdi Jesús í augsyn sinna lærisveina, hvør ad eigi eru skrifud í þessari bók; en þetta er því skrifad, svo ad þér trúid þad, ad Jesús sé Christus Sonur Guds, og ad þér svo trúadir, hefdud lífid í hans nafni.

Exordium.

Þegar Jesús hafdi læknad hinn limafalssjúka med því ordi, ad hann sagdi til hans: þér eru þínar syndir fyrirgéfnar, Matth. 9, þá prísadi fólkid Gud, er þvílíka makt hefdi monn-

unum géfid. Ecki hefir þetta fólk svo undrast yfir sjálfu kraptaverkinu, því þeir vóru þessu alvanir af Frelsaranum, annars mundu þeir ecki hafa fært þenna veika mann til hans, heldur yfir því, ad hann læknadi med orda-tiltæki þessu, því þad hafdi á þeim døgum ecki heyrst, ad nockur madur hefdi vald til ad fyrirgéfa syndirnar, hvar-af Pharísæi tóku ordsøk til ad bera sér þá óhæfu í munn, ad hann gudlastadi. En hann sem auglýsti sitt vald til ad fyrirgéfa syndirnar med þessu kraptaverki, svo ad þeir, ed þad sáu, undrudust og prísudu Gud, er þvílíka makt hefdi mønnunum géfid, hann sami hefir og þetta vald i hendur fengid syndugum mønnum, sínum Postulum, svo sem vér strax heyrdum af Gudspjallinu, og ecki einasta þeim, heldur og øllum þeirra eptirkomendum, allt til veraldarinnar enda, Matth. 28, ad þeir í hans nafni fyrirgéfa syndirnar, ecki svo sem af sjálfum sér, heldur svo sem Christi þénarar, og rádsmenn Guds leyndardóma sem Páll vottar, 1 Cor. 4; en svo mikid, svo háleitt og svo guddómligt sem þetta vald er, svo vandfarid er og med þad, bædi fyrir þá, sem þad í hendi hafa, og svo hina, er undir því eru, ad hvørugir forgrípi sig á hans dýrdligri og ógnarligri hátign, sem ad er hofundur þessa mikla umbods; og fyrir því ad á þessu rídur øll velferd kristinna manna, (sem er ad fá kvittun syndanna), þá vil eg nú ad þessu sinni tala um þetta tvent, sem er: 1) hvør ad sé skylda þeirra, er ødrum eiga ad boda þeirra fyrirgéfníng, og 2) hinna, sem hana þiggja eiga. Gud styrki oss í þessu verki med nád síns góda Anda, í Jesú nafni, amen!

Utleggingin.

Tvent er þad, sem Christí þénarar eiga í þessu Guds eyrindi ad athuga, sem er: 1) ad ecki bodi þeir kvittun syndanna þeim, sem hennar eru óverdugir: 2) ad þeir haldi henni ecki fyrir hinum, er hún med réttu tilheyrir; hinir fyrri eru med tvennu móti; annadhvørt eru þeir fáfródir, edur og ógudligir og hardsvíradir; hverigum af þessum á rádsmadur Christí ad boda syndanna kvittun; ecki þeim fyrri, því sá sem etur og dreckur óverdugur, hann er sekur vid hold og blód Drottins, segir Páll, 1 Cor. 11; en sá étur og dreckur óverdugur, sem ecki reynir og prófar sjálfan sig, en hvørnin má sá reyna sjálfan sig, er ei þeckir syndina? en hvørnin má hann syndina þeckja án løgmálsins þeckíngar? án hvørs ad jafnvel St. Páll ecki þeckti ad girndin var synd, Róm. 7. Þad er øllum mønnum kunnugt, ad einginn fær kvitta syndina í himninum, utan hann beri ángur og trega fyrir hana; en hvernig má hann láta sig ángra þá synd, er hann þeckir ecki? og er þetta þó ecki nema helftin af skyldu vorri. Ecki er þad nóg ad þeckja syndina og ángrast af henni; litlu gagnadi þad Kain og Júdas þótt hinn segdi: mín synd er meiri enn ad hún fyrirgéfin verdi, Gén. 4; en þessi: eg hefi illa gjørt þad eg sveik saklaust blód, Matth. 27. St. Peturs, Matth. 26, Davíds, 2 Sam. 12, hinnar bersyndugu, Lúc. 7, og annarra svoddan manna þeckíngu, skal hafa, til þess ad fá syndina kvitta; þar fyrir, søkum þess ad blódid Jesú Christí hreinsar oss af øllum vorum syndum, 1 Jóh. 1, og ad í eingum ødrum er sáluhjálpin, Act. 4, þá kann einginn ad fá hjá Gudi lausn syndanna fyrir utan hans þeckíngu; og er þad ad sønnu ecki nóg ad menn viti, ad hann sé fyrir syndirnar dáinn, Róm. 4, heldur og ad tileinka sér hans forþénustu, og trúa því fastliga ad þad saklausa Guds Lamb hafi einnig sínar syndir í burtu-tekid, Jóh. 1. Þeim sem ecki er um þetta hvørutveggja aldeilis sannfærdur í hjarta sínn, hønum á Guds þénari ecki ad boda kvittun syndanna, heldur ad undirvísa hønum med allri kostgjæfni veg sáluhjálparinnar, og leida hann til Christum med heilsusamligri kénníngu. O, Gud gjæfi ad þessu vildu gjæta ecki einúngis

kénnimennirnir, heldur og þeir ed bornum og hjúum eiga ad undirvísa og uppala í aga og umvøndun Drottins, Eph. 6; þá væri eg viss um, ad ecki mundu svo optliga verda helgidómarnir hundum géfnir, Matth. 7, né perlum fyrir svín kastad, sem mig uggir ad á-stundum ské muni, fyrir vanræktar-sakir þeirra, er Gud hefir umbodid ad taka vara á slíku. Hvørju vill einn gálaus og tómlátur leigulidi svara hinum alvalda Konúngi á sídasta degi, þegar hann krefur sinna sauda blóds af hans hendi? en hann hefir forsómad ad undirvísa þeim, og ad géfa Guds hjúum í réttann tíma þad hønum byrjad hefir; hann hefir talad fyrir þeim þad sem var hégómi, haft fyrir þeim nockrar fánýtar spurníngar, sem lítt til sáluhjálpar gagna, til þess ad sýnast vid ad gjøra eitthvad, og ad fyrra sig vítum, en aldrei lagt hinn rétta grundvoll sáluhjálparinnar í mannanna hjarta, ei kénnt þeim syndina ad þeckja, ecki útlistad fyrir þeim hennar greinir og tegundir, ecki útmálad hvørsu ad hún er vidurstyggilig fyrir Gudi, ei sýnt þeim veginn til ad fá hennar kvittun, edur vakid ángur og trega fyrir sín afbrot í þeirra hjarta, né krapt hinnar sonnu trúar, er verkar fyrir kjærleikann, Gal. 5; og í þessari fákjænsku hleypur vesælíngurinn inn ad skrifta-stólnum og þiggur kvittun syndanna af prestinum, jafnvel þótt ecki sé hann henni nær, heldur enn einn heidíngi, sem eckert af Gudi veit né hans Christó, og í þessu uppelst hann, í þessu lifir hann, og í þessu deyr hann, og uppvaknar í helvíti og kvolunum, nema Gud vilji meiri miskun á gjøra, og ætlar sig þó ad vera full-kristinn, og ad sála sín muni strax í himininn uppfljúga, sem hún skreppur út af líkhamanum, af því einginn sagdi hønum þad, og einginn ad því fann, hvørsu sem hann var ófródur í sínum kristinndómi; þetta hid sama vil eg sagt hafa foreldrum og húsbændum, hvørjir í þessu vera eiga svo sem prestanna ønnur hønd; því ef satt skal segja, þá er þad ofætlun fyrir einn Guds ords þénara, ad hann géti lagt hvørt barn sér á kné, og øllum allt þad kénnt, sem þeir vid þurfa, sérdeilis í þessu fátæka landi; en ad hafa alvarliga umsjón hér-um, rannsaka hvernig þad tilgeingur, áminna þá sem eru hirdulausir, leidrétta þá sem villt fara, straffa þá sem móti mæla, vísa þeim út af Guds kyrkju og samneyti kristinna manna, er ecki láta sig leidrétta med hógværum anda, Gal. 6, þad á þeim ecki ad vorkynnast; en Gud nádi hvørja adstod þeir fá í slíku hjá allmørgum; óskandi væri ad ecki findust þeir ed reidast, ef ad slíku er fundid, og leggja hatur á Guds þénara, nær þeir vilja forda sálum þeirra vid eylífum helvítis píslum; þeir hafa þeirra gudrækiligar áminníngar í skimpi, og kalla þad presta-firrur og hlutsemi; hvar fyrir? af því þeir sjálfir eckert kunna, en skammast sín ad læra þad gamlir, er þeir nenntu ecki úngir ad nema, og vilja heldur steypa sér og børnum sínum og hjúum í afgrunn helvítis, enn ad láta sig leidrétta; og er þad allt ofkunnugt af fáfrædi hinna úngu í þessu auma landi, hvad lítid ad hinir gømlu kunna muni. O, þér skynlausar manneskjur! kallid þér ecki þad hid argasta mord, ef nockur fargar sínu lífs-afkvæmi vísvitandi, og þó er þad kjærleiks-dygd, hjá því, ad spara þeim þad, er þeim megi verdi til sálar-gagns, því þad er ad myrda sálina, hvør ad er med Guds blódi endurkeypt, Act. 20; og er miklu minni synd ad bera út born sín nýfædd, sem þó er hinn versti glæpur, því þá eru þau undir Guds miskunsemi, heldur enn ad klekja þeim upp Fjandanum til þjónustu. Hafid þér ecki heyrt, hvørsu ad Drottinn

vard reidur þeim, er offrudu børnum sínum Mólóch fordum daga, Levít. 20, og létu þau gánga í gégnum eldinn þeim andskota til dýrkunar? Devt. 18; en hvad gjøra þeir betur sem láta sín børn uppalast í øllu reidileysi? vitid þér ecki ad þér hafid þau í syndinni gétid og fædt? Ps. 51; hvad liggur þá annad fyrir hønum sem af náttúrunni er reidinnar-barn, Eph. 2, heldur enn eylífliga ad fyrirfarast, nema hann læri hinn sanna kristindóm, svo ad hann megi umflýa tilkomandi reidi? Þér segid vel, þau eru í skírninni endurfædd og Guds børn vordin; þad er vel, en hvørsu illa kénnid þér þeim ad halda sinn skírnar-sáttmála, nær þau aldrei fá ad vita hvad skírnin er, edur hvad þeim er veitt í henni, hvørju þau hafi þar Gudi lofad, edur hvernig þau eigi ad bera sig ad halda þad, edur fá þess kvittun, er þau afbrjóta? O, vei! ó, vei! hvørsu aumur er þessi kristinndómur; bæriligra mun einum Tyrkja verda á dómsins degi, enn slíkum foreldrum; og eg vil hafa þetta sagt til þeirra einúngis, sem hirdulausir eru um velferd sína og sinna, og meina ad Gud hafi géfid sér børnin, alleina til ad leika sér ad, en ecki til hinna sem leggja nockra rækt hér vid, er Gud gjæfi ad sem flestir væri. Hinir adrir sem Guds þénarar eiga syndunum aptur ad halda, eru þeir, sem kannské hafa nóg vit á því er þeir eiga ad trúa og gjøra, en lifa aldeilis ecki þar eptir, heldur gánga fram í allskonar syndum og glæpum ydrunarlaust, forsmáandi Gud og hans dýrmæta ord, og hafandi ad eingu þad þeim sagt verdur í Guds stad. Slíkir eiga med réttu eckert samneyti ad hafa med ødrum Guds børnum, hvørjir helzt sem þeir eru, ríkir edur fátækir, vesælir edur voldugir; því ef Páll segir, 1 Cor. 5, ad ef nockur sá er bródir (þad er kristinn) kallast, sé frillulífis-madur, lastmáll, ágjarn, skúrgoda-dýrkari edur þess-háttar, þá skuli menn einga umgeingni med þvílíkum hafa, þá er þad augljóst, ad þvílíkum á ecki synda-kvittun ad boda, nema þeir ydrist af hjarta og afláti glæpunum; og sá kénnimadur, er segir þeim sínar syndir kvittar í Guds stad, hann lýgur uppá Gud, er hann leysir þad, sem Gud hafdi hønum aldrei umbodid, hann tekur fram fyrir hendur á Krist, sem menn plaga ad segja, og gjørir hann ad þeim Gudi, sem ad þóknast ógudligt athæfi, Ps. 5. Stór vandi liggur á einum kénnimanni í slíku, ef hann vill finnast trúr. Ecki segi eg, ad þeim skuli frávísa aflausn synda sinna, sem misgrunadur er um einhvørn glæp; þad má hinum besta manni gjøra; ein skjæd túnga kann snarliga ad ljósta upp einhvørjum óhródri um gódan mann, hvar til þúsund dæmi eru; slíkt á ad eingu ad hafa, heldur ad afstýra svoddan vondu umtali um náúngan. Einn Guds þénari á ad vera vandlætíngasamur, en þó med skynsemi, og ecki byggja svo viktugan hlut, sem ad er lyklavaldsins brúkun, á hvørjum þvættíngi, Róm. 10; en þessa þarf ecki vid, br. m., þar eru opinberir lestir og skammir, sem ad eingu eru aktadir, hverki ad þeim ed þær fremja, og kanské ecki heldur svo sem vera ætti af sumum, sem þad ættu ad straffa. Hvernig mun þad tilgánga med Guds heilaga nafns vanbrúkun medal óhlutvandra manna? med idkun hans heilaga ords? munu ei finnast þeir ed hafa þann dýrgrip ad athlátri og í fíflskapar-málum? Hvad er tídara enn óhlýdni og ótrú barna og hjúa vid foreldra og húsbændur, vond forlíkun milli hjóna, hardýdgi yfirbodaranna vid hina aumu og vesælu, sem undir þeirra valdi eru, svo menn láta vargana hlaupa frí, en straffa dúfurnar. Hatur og úlfbúd eru ordin ad kallmennsku og hugprýdi, menn bera þad ecki einúngis heimugliga med sér í hjartanu,

hvar um kénnimadurinn ei kann ad dæma, heldur sýna þad dagliga í verkunum, í ordunum, í umgeingninni, okur og ásælni, miskunarleysi vid hinn volada og naudstadda, bakmælgi og illur munnsöfnudur vid náúngan: allt þetta eru daudligar syndir og má øllum kunnugt vera, ad þær ei verda fyrirgéfnar í himninum, nema menn ydrist þeirra á jørdunni, og þad vita Guds þénarar, ad fyrir slíkt kémur hans reidi yfir þá ed þad fremja, Eph. 5. Nú segi eg þad ecki, ad menn skuli strax framvísa þeim, er í þessu kunna sekir ad finnast, ef þeir sýna á sér nockur ydranar merki, jafnvel-þótt betrunin verdi ecki í einu svo merkilig, hitt segi eg, ad þeir eiga þvílíka syndara med allri alúd og kostgæfni ad áminna, og leidrétta þá med hógværum anda, er fundnir verda í nockurri hrøsun, Gal. 6; fyrst í ein=rúmi; vilji þeir ecki þar=vid skipast, þá í tveggja gudhræddra manna vidurvist; láti þeir enn þá ecki af, né leitist vid ad betra sig, þá veit eg ei betur enn svoddan þverbrotnum manneskjum eigi syndirnar aptur ad haldast; þad kénnir oss ecki einasta Drottinn Jesús, Matth. 18, med þessum ordum: ef þinn bródir syndgar á=móti þér, þá far þú og átel hann á=milli þín og hans; ef hann heyrir þér, þá hefir þú áunnid þinn bródur; en ef hann heyrir þér ecki, þá tak med þér einn edur tvo, svo ad í munni tveggja edur þriggja verdi øll ord stadfest; en vilji hann ecki þeim heyra, þá seig þad søfnudinum, en vilji hann ecki søfnudinum heyra, þá halt hann svo sem heidíngja og tollheimtumann; heldur er og þessu aldeilis samhljóda konúngligt lögmál í þessum løndum og ríkjum um þau afbrot, sem ecki verda svo hentugliga med veraldligum rétti strøffud; og ef Drottinn skipar einum af søfnudinum þannig ad breyta vid þann, er hønum á=móti brýtur, hvad miklu heldur mun þetta sagt vera kénnimønnunum, sem í Guds stad vandlæta eiga; taki því ecki einn Drottins þjón vara á slíku, þá er næsta hætt vid, ad hann gjøri sig hluttakara í annarligum syndum, og hafi samfélag vid ófrjóssøm verk myrkranna, þvert á=móti Postulans bodi, Róm. 1. Og er þetta nú sagt um þá, sem Guds þénarar eiga ad apturhalda syndina; en þar fyrir hefi eg um kénnimannanna skyldu talad í þessum stad, ad einginn hati þá edur óvirdi, þótt þeir gjøri skyldu síns embættis í slíku, þar þeim er svo mikill vandi á hendi.

Hvørjir ad hinir séu, er syndina skal leysa hjá, er audsært af því sem allareidu er sagt um hina, sem er alla syndugа menn, hvørsu herfiliga edur stórkostliga sem þeir syndgast hafa móti Gudi; já, hvørsu lengi sem þeir hafa velt sér í syndunum, þá sem ad fulla grein hafa á ad reyna og prófa sjálfa sig, og láta sig af hjarta syndirnar ángra, og lofa umbót med sannri trú á Christí forþénustu; því hinn nádugi Gjæskunnar=Brunnur vill eingan þann frá sér reka, sem til hans kémur, Jóh. 6; því kalladi hann hárri raustu fordum daga og sagdi: komid til mín allir þér sem erfidid og þúnga erud þjádir, eg vil endurnæra ydur, Matth. 11; og gyldir þetta ecki einasta um þá, sem enn=þá eru fullhraustir og kunna framvegis ad betra sig, heldur og um hina, sem fyrir daudanum liggja, og jafnvel þá, sem málinu tapad hafa, ef þeir eru med rænu, og einn adgjætinn Drottins þénari merkir þeirra hjartanliga eptirlaungun, ángur og trega fyrir syndirnar; þvíad á hvørjum tíma, sem

hinn ógudligi snýr sér frá sínu ógudligu athæfi, þá skal hann lifa og ecki deya; allra hans synda skal ecki ad eylífu minst verda, segir Drottinn, fyrir munn Ezechíelis í 18 kap.; og þótt hinn nádugi Gud, sem allann daginn útbreidir sínar hendur til óhlýdugs fólks, Esa. 65, sé jafnan reidubúinn ad taka vid syndaranum, nær hann ydrast af hjarta, þá eru hans djúpu miskunar idur þó aldrei nákvæmari enn í daudanum, því þá veit hin eylífa Gjæska, sem ecki vill syndugs manns dauda, ad ecki er tími til ad draga nádina undan. Og er þetta nú þannig sagt um þad helsta, sem ad Guds ords þénarar eiga ad taka vara á í þessu háleita efni; en fyrir því ad margur einfaldur, edur og svo hirdulaus kann ad steyta sig á þessu nádarinnar frelsi, þótt aldrei gjøri kénnimadurinn sitt embætti svo athugasamliga, þá verd eg og nockud hér=um ad tala, og þad þess heldur, ad Andskotinn er þúsund véla smidur; vinni hann eckert á þá einu síduna, þá leitar hann á hina: þessir eru og med tvennu móti; annadhvørt eru þad þeir, sem af hirduleysi og oftrausti meina, ad þeir fái kvittun syndanna, ef presturinn þeim hana alleina tilsegir í Guds nafni; edur og hinir, sem vegna fjølda og stærdar sinna misgjørda fá því varla trúad, ad Guds þénari hafi vald hér til, þótt þeir ydrist. Hvad vidvíkur hinum fyrra hópnum, sem vera mun øllu stærri, þá viti þad sérhvør einn, ad líka sem Kristur sagdi vid lærisveinana fordum, Lúc. 10: hvør ydur heyrir, hann heyrir mér, og meinti þó alleina í þeim hlutum, sem þér bodid í mínu nafni og eptir minni skickan; svo er því og varid, ad ef nockur Guds ords þénari, bodar þeim kvittun syndanna, sem ecki ydrast og ecki trúa á Guds Son og hans forþénustu, þá er hans þjónusta ónýt, og verdur bádum þeim til dóms=áfellis; prestinum, ef hann þad veit, en hinum, þótt presturinn þad ecki viti; því má hvørs eins samvitska bera honum ljósast vitni hér=um; en ef presturinn afleysir ógudligan, án vitundar sinnar, þá er hans þjónustu háttad eins og einum dómara, þeim ed gengur rángan dóm eptir følsku vitni, samt er ecki dómurinn réttur, þótt hinn, er dæmdi, sé saklaus; svo er og þess blód yfir hans høfdi, Ezech. 33, sem játar syndir sínar fyrir prestinum, en þó ecki af hjarta edur med verdugri ydran; en Guds þénari er syknsaka, jafnvel þótt hans þjónusta sé ógild í himninum, søkum þess ydrunarleysis, er hana þiggur. Þad er næsta fávísligt, ad einn syndari meinar, ad sér verdi sínar yfirtrodslur fyrirgéfnar, þótt ecki ydrist hann þeirra, edur hafi nockurn ásetníng edur vidleitni til ad betra sinn lifnad, ef kénnimadurinn alleina leggur honum hønd í høfud, og bodar þeirra kvittun. Gjæt þess, ó, aumur madur! ad einginn hefir meiri myndugleika enn sá vill, er honum gaf hann. Nú er þad víst, ad Gud tekur ecki vid syndaranum, nema hann láti sig ángra syndirnar og lofi ad betra sig; þad skal aldrei finnast í allri ritníngunni, ad Gud lofi nád sinni nema ydrandi manni; hvernig villt þú þá vænta þess af kénnimannsins hendi, sem Gud hefir honum aldrei í hendur fengid, og hann ecki sjálfur vill edur kann gjøra vegna síns stránga réttlætis, sem honum eins skyldt er og miskunsemin; og má þad þér ecki gagna, þótt ad presturinn sé þér samvitandi í hirduleysinu; lát hann ei draga þig á tálar, þótt hann eigi ad vita betur enn þú, því hann gjørir í því And=

skotans og ecki Guds verk, ad boda þeim kvittun syndanna, sem hennar er óverdugur. Þad er Djöfulsins slægd, ad gjöra lítid úr syndinni fyrir manninum, og kalla ad menn megi komast af vid Gud, med eintómri játníngu edur útvortis hegdan líkhamans. Vara þig í Guds nafni! vara þig! slíkt vill þér lítid gagna á þinni dauda-stundu; því hinn ógudligi skal deya fyrir sínar syndir segir Drottinn, Ezech. 13, jafnvel þó hinn réttláti Gud vilji krefja hans blóds af þess kénnimanns hendi, er forsómar ad segja hönum til syndarinnar.

Þad er merkiligt, sem hér stendur í gudspjallinu, ad ádur enn Drottinn fékk lærisveinunum í hendur lykla-valdid, þá blés hann á þá og sagdi: medtakid heilagann Anda! Nú þótt Andans gáfa sé ecki svo rík á þessum dögum hjá Guds kénnurum svo sem hún þá var, þar vitnisburdurinn Jesú Christí er vidtekinn af öllum þeim, er kristnir kallast, og jafnvel af þeim medkéndur, sem ecki eptir hönum lifa, samt er einginn efi á því ad Guds Andi er í þeim og verkar med þeim, sem hann þar um bidja af hjarta, og rækja sitt embætti. En hver sem ad bodar ydrunarlausum kvittun syndanna, og hann veit þad, hann talar ecki af Guds Anda, því Andans embætti er ad straffa heiminn um syndina, Jóh. 16; en eckert er stjórnleysi meira, enn ad segja þá synd kvitta sem ei er, og sá þad gjörir, hann stjórnast ecki af heilögum Anda, heldur dregur bædi sjálfan sig og adra á tálar. Nú kann einhver ad þeinkja: fyrst ad kvittun syndanna er þar í fólgin, ad madur ydrist þeirra og trúi Krists forþénustu, hvad þarf eg þá prestsins þjónustu vid? mér nægir þad, ad eg ydrast og trúi. Eigi er hún þar fyrir gagnlaus, kristinn madur, heldur ómissandi, því fyrir utan þad, ad margur er veikur, margur trúarlítill, margur sturladur, margur freistadur, margur efasamur, þá eru þetta Guds ord og fyrirheit. Hver ert þú þá, sem forsmáir Christí skickan? veitst þú betur hvad syndugum manni gagnar til sáluhjálpar, heldur enn hann sem þér hefir hana afrekad med sínum dauda? Þad er víst, ad Gud bædi vill og kann ad gjöra þann hólpinn, sem ecki nær heilagri skírn, en hvör sem hana forsmáir, þad verdur hönum til fordæmíngar, og vidlíkt er í þessu: sá sem ei kann ad ná prests fundi, þá er hönum þad fullt, ad Guds Andi uppvekur í hönum sanna ydran fyrir syndirnar og trúna á Jesúm, og hann hefir nóg í hinni audligu nautn, er Drottinn um-talar hjá Jóhannem, kap. 6, segjandi: hvör sem etur mitt hold, og dreckur mitt blód, hann skal ecki daudann smacka ad eylífu, undir hvörja ad Andi Drottins afleysir hann med þeim vitnisburdi ad hann sé Guds barn, Róm. 8; en sá sem forsmáir þau medöl er Guds Sonur hefir skickad og innsett hér til, edur þykist þeirra ei vid-þurfa, hann má ei kristinn mann nefna; en þad munu þeir einir þykjast gjöra mega, er syndin ecki mjög til hjarta gengur, og heitir þad þá svo, ad heilir þurfa ecki læknarans vid, Matth. 9. Hinir sem ad hún er ofþúng byrdi vordin, svo ad þeir hafa ecki frid í beinum sínum fyrir henni, Ps. 38, þeir munu alls-hugar fegnir verda þessum miskunar ordum: hvad þér leysid á jördu, þad skal á himnum leyst verda, Matth. 16; þeir þyggja med allri hjartans audmýkt eina huggunar-grein af

munni Guds ords þénara, svo sem einn svala-dryck af Guds nádar-brunni uppausinn. En hvorjir eru hinir? eg óttast þad muni meir vera dofi samvitskunnar, heldur enn heilbrigdi, er þeir reida sig uppá. Eg hefi talad vid suma menn, sem hafa látid sér um munn fara, ad þau ord er standa í vorum skriftagángi: eg er hin syndugasta og svívirdiligasta manneskja, sem verda má, bædi fyrir Gudi og mönnum, þau vildu þeir ecki svo vidkannast, því ad þeir væru fríir fyrir sumum glæpum, sem adrir drýgja, og sýnist þess-vegna ad þad sé nockurskonar hræsni fyrir Gudi ad játa sig ad vera hinn stærsta syndara; en eg óttast ad slíkt komi nockud af rannsóknarleysi sjálfs síns; hver þeckir mannanna hjörtu nema sá sem þau skapad hefir? hver kann ad vita hversu mikla krapta einn hefir til ad mótstanda syndinni, nema hann sem þá géfid hefir? hvör veit nema eg sé stærri syndari, sem hann meira lánad hefir, heldur enn hinn, sem ad verr lifir fyrir mönnunum? Eg sé margan drýgja þær syndir, sem eg vil bidja Gud ad vardveita mig frá, en kanské ad minn skapnadur sé þannig, ad eg hafi vidbjód á þeim, og er þad ecki mér ad þacka, en lifi þó eptir girndum mínum í ödru, sem eg er lundlaginn á, og hann er ecki géfinn fyrir; verda má og ad hann hafi ecki þegid svo mikla Andans nád til ad strída í gégn syndinni sem eg. En hvörsu opt mótstend eg nú Guds Anda, þegar hann minnir mig á ad gjöra þad ecki, sem eg kalla litla synd, edur láta af því sem eg er vanur til, en þykir ecki stórt í-spunnid vera? Þegar eg þetta skoda, þá vil eg sjá til hvört þessi synd kann ecki ad verda svo fordæmanlig í Guds augliti, svo sem hid versta mord hjá þeim, sem ad Gud kanské ecki enn þá svo alvarliga tuktad hefir med stroffum síns Anda; og hvernig sem þessu er varid, þá veit eg eitt, ad einginn veit betur hvar skórinn ad hönum kreppir, heldur enn sá, sem hann ber á fætinum. Svo þecki eg og hjá eingum fleiri syndir enn hjá mér, því eg er eingum svo margra samvitandi, og þad munu allir segja, er rannsaka hjarta sitt ítarliga; en séu þar adrir syndugri, þad veit Gud, eg veit þad ecki, og fell eg þá í forundran yfir hans gjæsku og þolinmædi yfir þeim, því mér þykir varla mega á þad auka ad hann mig sparar. Hér segist og ecki: eg hefi allar syndir drýgt, heldur: allskyns. Margur er sá ed ecki hefir mann vegid, ecki kreinkt síns náúnga hús-frú, ecki stólid med leynd, ecki fals-vitni borid; en sá sem vill segja, ad hann ei hafi drýgt neitt þvílíkt, hann segir undir eins, ad hann hafi þessi bodord haldid, sem eg þori ad segja valla muni nockur vera; og því er þessi játníng rétt, og ecki einasta rétt, heldur þarflig hvörjum kristnum manni; og hafi menn ecki annad til dæmis hér-um, þá hafa menn ord Páls, er hann segir: þad er sannarligt ord og í allan máta verd-ugt ad medtakast, ad Jesús Christus er kominn í þenna heim syndugar menn sálu-hólpna ad gjöra, á-medal hvörra eg em hinn mesti, 1 Tím. 1. Og er þetta nú sagt um þá, sem ad kald-sinnadir eru í þeirra játníngu og ydran fyrir Gudi; en þótt ad hinir, sem ad ofbýdur stærd sinna illgjörda, og Guds reidi, er þeir forþénad hafa, þótt þeir, segi eg, séu nær Guds ríki, þá er þeim samt næsta hætt, nema þeir stjórnist af Anda Drottins, sem býr í hans ordi, því Djöfullinn er slægur; svo sem hann kann ad minka syndina fyrir hinum tómláta og hirdulausa, svo gétur hann

og stækkad hana fyrir hinum ángráda og hugsjúka. En lát þér til hugar koma, Guds barn! ad þad eru ecki kraptar þinnar náttúru, sem ad uppvekja í þér svoddan trega, heldur er þad Andi Guds, sem ad straffar syndina þér til leidréttingar, hann sem ad sært hefir hjarta þitt med broddi lögmálsins, Os. 6, hönum er ecki um megn ad græda þig med smyrslum Evangelií. Sá sem vill gjöra einhvörn kostuligan grip af gullinu, hann smeltir þad ádur med eldinum; svo lætur Guds Andi þitt hjarta brádna í þér svo sem annad vax med þeckingu syndarinnar, svo þú verdir þess kostuligri í Guds augliti, nær hann svalar þér aptur med huggun sinni. Sá sem meir er fyrirgéfid, hann elskar meir, sagdi Drottinn fordum vid Símon, Lúc. 7; enn þú veitst ecki hvad mikid þér er fyrirgéfid, nema þér hitni alvarliga um hjartaræturnar, út af tilfinníngu eylífra písla, sem þú hefir forþénad. Vert því efalaus um kvittun synda þinna, nær þú ert svo á þig kominn; ad sönnu er þad satt, ad stór sár þurfa mikla grædslu, og ad syndir vorar séu hin verstu sár, þad verdur ei útskafid; en Davíd segir: forlát mér synd mína fyrir þíns nafns skuld, því hún er mikil; séu þær nú miklar, þá er þó hans nafn meira, hvörjum Gud hefir géfid nafn yfir öllum nöfnum, Phil. 2; hvört er hans nafn? eylífur Fadir og Fridar-höfdíngi, Esa. 9. Þar fyrir, svo sem fadirinn er börnunum líknsamur, svo vill hann vera oss miskunsamur. Hans nád yfirgnæfir allan skilníng; þar fyrir kann syndin aldrei ad vekja svo mikla styrjöld í ángrádu hjarta, ad hvar sem ad hún yfirgnæfir, þar yfirgnæfi þó nádin miklu framar, Róm. 5. Gud dó ecki til þess, ad þú skyldir örvænta, heldur trúa. Meira kostadi hann ad gjalda fyrir þínar syndir heldur enn fyrirgéfa sídan. Væt þess vegna ecki því ofan á allar þínar syndir, ad þú gjörir hönum þann órétt, ad hann sem þoldi hinn smánarliga dauda og bitrustu helvítis-píslir fyrir hinar verstu og hrópligustu skammir sinna óvina, hann muni burtu reka frá sér einn ydrandi syndara sem til hans kémur í nafni hans forþénustu. Hverki ydranina né trúna tekur þú af sjálfum þér; hann sem kveikti í þér ydranina, hann mun ei láta trúna vanta, því hann veit ad hin er ónýt án þessarar. Þar fyrir, nær þú hefir hinn mesta óþocka á sjálfum þér, þá ert þú Gudi hvad þeckastur, því meiri gledi er í himninum yfir einum syndugum, sem ydran gjörir, heldur enn yfir 99 réttlátum, Lúc. 15. Nú þecki eg suma menn, og hefi þeckt, sem ad sönnu ecki efast um krapt og verdugleika Jesú forþénustu, né Guds ómælanliga miskunsemi, ad þeim muni syndirnar fyrirgéfast, ef þeir gjöra verduga ydran, en þad liggur þeim yfirmáta þúngt í skapi, ad þeir fái ei svo heita ydran gjört, ad hún sambjódi stærd og fjölda syndanna, af því þeir eru sér hinna verstu glæpa og bodorda-brota medvitandi, en þeir fái ecki svo hjarta sitt í-sundurmarid med lögmálsins hamri, sem hönum líki, er ecki býr nema í sundurknosudum hjörtum, Esa. 57; og er þetta ad sönnu ecki ófyrirsynju, því eiga svoddan manneskjur ad kosta öllum sálar og lífs kröptum til ad sundurslíta og plága hjarta sitt med idugligri minníngu þeirra glæpa er þeir drýgt hafa, og ecki sídur gjæsku Drottins, er þeir hafa styggt, heldur enn hans reidi, og mun þess-háttar manneskja fyrir idugliga bæn og vana, án alls efa fá girnd

síns hjarta af hønum, er þessi fórn alleina líkar, Ps. 51. En þótt ad tárin renni ecki af augunum, þá er þad á stundum náttúrunnar brestur, og heimtar Gud þad af eingum, sem hann hefir ecki géfid hønum. Nóg er þad, ef hinn innri madurinn klagar sig, ásakár, sakfellir og straffar; enn ef þér virdast þínar syndir enn þá stærri, enn ad þér líki vid sjálfan þig, þá vit ad þetta er hin þægiligasta og mesta yfirbót hjá Gudi, sem af þinni hendi má framkoma, og munt þú heyra med St. Páli: lát þér nægjast mína nád, minn kraptur er í breiskum máttugur, 2 Cor. 12; og er ei ólíkt, ad hinn alvísi Gud gjøri þér slíkt til góda, því ef þú þættist hafa ad fullu ydran gjørt fyrir syndirnar, þá má ské, ad þér væri hætt vid ad falla til þeirra aptur. Halt þér þess vegna vid hans miskunar fætur, og slepp hønum ecki fyrr enn hann hefir blessad þig! Hér er oss gott ad vera, sagdi Petur, þegar Jesús forkláradist á fjallinu helga; vér viljum gjøra hér þrjár tjaldbúdir, þér eina, Mósi eina og Elíæ eina, sagdi hann, Matth. 17. Eg gledst ad sønnu med Petri af þessari dýrdar-sjón, 2 Petr. 1, og dáist ad henni í allan máta, en þori þó ecki ad óska mér hinnar sømu, á-medan eg ber eptir mér líkhama þessa dauda, þenna fúla synda-seck, þenna vonda ham, fullan allra girnda og lasta, því eg kvídi vid ad mín syndug augu, er svo margt ílt hafa séd og vænt um þótt, ad þau mundu ecki standast þann himneska dýrdar-ljóma; mér mundi hid sama í hug koma og Manóha sagdi fordum daga vid kvinnu sína: vid høfum séd eingil Drottins, því munum vid eflaust deya, Júd. 13. En mætti mér þad heppnast, ó, Herra Jesú! sem hinni bersyndugu fordum, ad skrída ad þínum blessudu fótum, og þvo þær í tárum míns hjarta, og smyrja med oleó minnar ydranar, Lúc. 7, þá vilda eg segja: hér er mér gott ad vera, þar vil eg flatur liggja, þadan skal mig einginn draga, þar skal mig einginn fordæma, þar skal einginn mér um mínar syndir bríxla, heldur mun eg heyra þau fagnadar-ord: hønum fyrirgafst mikid, því hann elskadi mikid; far í fridi, þín trúa gjørdi þig hólpinn. O, Herra! þegar vér køstum oss flatir til skarar fóta þinna, Ps. 110, ecki med óvinum þínum, heldur med þessari saka-konu, þá lát þinn góda Anda mæla þessi huggunar-ord í vorum hjørtum. Bænheyr þad nádar-fulli Gud, fyrir Jesú þíns Sonar forþénustu, og géf oss þar til þessa þíns sama Anda styrk, og adstod í hans nafni, amen!

Annann Sunnudag eptir Páska.

Gudspjallid, Jóh. 10 Kap.

Jesús sagdi til Gydínganna: eg em gódur hirdir. Gódur hirdir gefur sitt líf út fyrir sína saudi, en leigulidinn og hann sem ecki er hirdir, hvørs ad saudirnir eru ecki eiginligir, nær hann sér úlfinn koma, þá yfirgéfur hann saudina, og flýr í burt. Og úlfurinn grípur saudina, og sundurdreifir, þeim; en leigulidinn flýr, af því hann er leigulidi, og gjætir ecki saudanna. Eg em gódur hirdir, og eg þecki mína saudi, og eg þeckist af mínum; svo sem Fadirinn þeckir mig, og eg þecki Fødurinn, og eg legg mitt líf út

fyrir mína saudi. Eg hefi og adra saudi, sem ei eru af þessu sauda-húsi, þá byrjar mér og hér til ad leida, og þeir munu heyra mína rødd. Og þar mun verda eitt sauda-hús, og einn hirdir.

Exordium.

Í fyrra pistli til Tím. 3, segir Postulinn. ad þad sé mikill leyndardómur gudhrædslunnar, ad Kristur sé heidíngjunum prédikadur. Gudhrædslu nefnir hann hér kristindóminn, svo sem vídar annarstadar í sínum pistlum, þad er hinn sanna lærdóm um Frelsara heimsins. Þad er sú glediliga hirdirsins raust, er Drottinn talar um hér í Gudspjallinu, hvør og hefir fagurt látid á medal vor, því segir hann: eg hefi og adra saudi, sem ecki eru af þessu sauda-húsi; í hvørjum hann bendir til spádóms Ezechielis, 37 kap., hvar Drottinn svo talar: minn þjón David skal vera konúngur yfir þeim, og þeir skulu allir hafa einn hirdir, ad þeir gángi í mínum réttindum. Glediligt er þetta ad heyra, br. m., fyrir þad fólk er sat í myrkrunum, Esa. 9, og fyrir þeirra eptirkomendur, sem erum vér; en svo glediligt sem þad er, svo hryggiligt er til þess ad vita, ad þeir eru svo fáir, sem þad vill rætast á, nú á þessum verstu og sídurstu døgum, því svo fegins hendi sem ad margir af heidíngjum tóku á-móti hinu fyrsta kristni-bodi, svo fáir eru nú þeir vordnir, sem ecki drepi hendinni vid þessari Guds nád; og svo sem ad Kristur fann varla þann, er hann þeckti í sinni fyrri tilkomu, svo er ad ugga, ad hvad sem hann tefur úr þessu ad koma, þá muni hann valla finna trú á jørdu, Lúc. 18, edur þá, er hann þecki fyrir sína. Og fyrir þad, ad þad er svo almennt vordid, ad daufheyrast vid raustu hins góda Hirdirs, þá vil eg út af Evangelíó tala um þá hluti, er kunna ad uppvekja oss til ad ljá henni vor eyru, svo ad vér ecki út af sofnum í daudanum. Géf oss þar til þinn Anda, himneski Fadir! fyrir Jesú forþénustu, amen!

Utleggíngin.

Vakna upp þú sem sefur, og rís upp af daudanum, segir Postulinn, Eph. 5, svo mun Kristur upplýsa þig. En hvar vid skyldi sá vakna, er sefur í syndunum? hvar vid skyldi hann upprísa, sem er daudur í þeim? nema vid raust hins góda Hirdirs, er sagdi fordum daga, þá hann framsetti eptirlíkínguna um sædid, Matth. 13, hvørt ad er Guds ord: hvør eyru hefir ad heyra, hann heyri. Guds rødd er þetta en ecki manna, sagdi fólkid, þad er heyrdi á tal Heródes, af því hann taladi svo snjalt, Act. 12; en eg má þad øllu heldur færa heim til þessa góda Hirdirs saudanna, þess Biskupsins med þá vellærdu túnguna, Esa. 50, þad eru Guds ord, en ecki manna er hann talar, og þykist eg nóg hafa sagt, þegar eg segi, ad þad Guds ord sé'n. Þú syndugur madur, er þetta heyrir, lát þér þad til hjarta gánga, og hugsa hvør sá er, sem vid þig talar; þad er eingin jardneskur høfdíngi, ecki konúngur edur keisari, og mundir þú þó heyra þá med hinni mestu athygli, en þad er Drottinn himins og jardar, sá ed hefir konúnganna hjørtu sér í hendi, og øll veroldin leikur fyrir honum á reidi-skjálfi, þegar hann talar, Ordskv. 21. Mikill má vera munur Abrahams forfødurs og þín, ad þegar hann taladi vid Drottinn og þó í manns-líki, þá vard hann svo audmjúkur, ad hann sagdi: nú vilda eg þó tala vid Drottinn þótt ad eg sé mold og aska, Gén. 18; og rak sá Guds madur þó annara eyrindi og ecki sitt í þad sinn; en þú, sem ad liggur hrasadur medal ræníngja, Lúc. 10, og gétur þér einga bjørg veitt, já, þú, sem veltir þér í syndunum dagliga, eins og einn madur í

sinni hvílu, þú villt ecki heyra þegar Drottinn kallar í sínu heilaga ordi. Hugleid, ad ef þú ættir ad taka eyrindi nockru af höfdíngja einhvörjum, og þú svaradir honum öllu ödru enn því sem til þess heyrdi, edur þú létist þad ecki heyra, mundi hann ecki brádliga reidur verda og reka þig á dyr, edur láta í fjötur kasta? O, hvad mikid skilur þá Gud og mennina? hvörsu opt kallar hann oss fyrir sig í sínu heilaga ordi? hvörsu opt verda oss hans eyrindi á hendur falin? hvad tídt býdur hann oss hvad vér gjöra skulum og ógjört láta? en þad gengur eins fyrir mörgum af oss, eins og Sýrach skrifar um hinn heimska, ad þad er eins vid hann ad tala og þann ed sefur, nær þú hafdir lokid rædunni, spyr hann eptir hvad þú sagdir, Sýr. 22. Eins gengur þad mörgum þeim ed ordid heyra edur lesa; menn muna þad varla medan þad heyrt edur lesid er, auk heldur ad þeir færi þess nockurn ávöxt, rétt eins og St. Jakob talar hér=um, ad ef nockur er ordsins heyrari og ecki gjörari, hann sé líkur þeim manni, er sinn náttúrligan ysirlit í speigli skodar, Jak. 1; því hann skodadi sig, géck burt og gleymdi hvílíkur hann var; svo sjáum vér (ef vér þó sumir ad því gjætum) í heilögu Guds ordi, hans gjæsku og vora ílsku, hans þolinmædi og vora þvermódsku, hans óútsegjanligan kjærleika og vort hatur og leida, sem vér berum til hans réttinda, en vér gleymum því svo fljótt, ad þad hefir lítinn stad hjá oss til aptur=hvarfs frá syndunum, né lifnadarins leidréttíngar. Gjætum þó ad því í Jesú nafni, gjætum ad hvörsu dýrmætt ad þetta ordid er, og hvad mikid þad hefir kostad oss ad birta; þad er ecki eins og þad ordid, er Gud taladi í upphafi, og skóp þar med himin og jörd, Gén. 1; ecki eins og þad hann taladi til vorra fyrstu foreldra, er hann straffadi þau fyrir syndina, og rak þau út af Paradís, Gén. 3; ecki eins og þad hann taladi til Israels sona í eydimörkinni, og þeir beiddust undan ad heyra þad, Exód. 20: heldur er þad lífsins ord, Jóh. 6, fyrir hvört ad Guds Sonur hefir uppá sig tekid vort auma hold og blód, og í þessu sama holdi lidid allar eymdir mannligs holds, húngur, þorsta, klædleysi, útlegd, örbyrgd, hádúngar og brixli ógudligra manna, ofsóknir, fjötur, hráka, húdstrokur, högg og slög, og ad sídurstu hinn smánarliga dauda á krossins gálga. „Allt þetta vann hin eylífa Hátign til þess ad opinbera þetta lífsins ord sínum fjandmönnum, er gengid höfdu í sveit med Andskotanum; og þó skammast sín ecki einn gjálífur og þverbrot=inn syndari ad troda þessa Guds gáfu undir fótunum, lætur naudga sér til ad heyra þad og læra, og kallar þeim veitt í, sem Guds Sonar umbod á hendi hafa, ef þeir fá þrýst honum til ad sýna sig undir heyrn Guds orda; seig mér, þú sem ekur þér vid ad sitja undir einni predikun, hvert mun Guds Son hafa kostad meira ad fá sitt ord þér opinberad, edur þig ad heyra þad? þú munt nærri géta, er þú les hans píslar=sögu, hitt veit eg, ad hann lángadi til ad lída allar þær kvalir, sem þar í ritadar eru, þinna vegna, en hvert þig lángar svo til ad heyra þad ordid af krossinum, þad bid eg sjálfan þig ad hugleida. Segid mér enn aptur, hvers vegna mun hinn gódi Gud hafa unnid svo mikid til annra manna sáluhjálpar? þurfti hann þess sjálfur vid? fjærri sé því! himnarnir útskíra hans dýrd, og festíngin verk hans handa, Ps. 19; mundi hann hafa lidid nockurn skort á dýrd sinni, þótt manneskjan hefdi eylífliga kvalist í helvíti? nei! eins vegsamligt hefdi verid hans réttlæti, svo sem nú er hans gjæska, þótt eingum hefdi hann misk=

unad; er honum nockud veitt í vorri þjónustu? lángt frá! þar standa frammi fyrir honum ótal þúsund himneskra herskara, sem lofa hann og prísa án afláts nótt og dag, hverra dýrdligar raddir og lofsaungvar lángt yfir=gáuga vort syndugt kvak, er vér látumst vegsama Gud med hér á jordunni. Hvar fyrir lætur hann þá sitt dýrmæta ord prédika? hverjum til gagns og góda? þér, þér! ó, þú rænulaus og þverbrotinn syndari! og þad út af einskjærri nád sinni; og þó leggja syndugir menn þenna himneska leyndardóm ad svo litlu, ad menn vilja nálægt allt annad heyra. Sé þad ei annad sem kunni ad þvínga oss til ad hafa mætur á Guds heilaga ordi, þá lítum til vorrar saurugrar fædíngar; hvad vórum vér nær vér fæddumst í heim þenna af módur=lífi? reidinnar born, Eph. 2, eintómis hold og blód, Jóh. 3, sem ei kann Guds ríki ad erfa, 1 Cor. 15; en hvad erum vér nú? Guds born og erfíngjar eylífs lífs, Gal. 4, ef vér trúum á Guds Son og vardveitum hans ord; en hvar fyrir er þad skéd? mun ecki fyrir Guds heilagt ord, hvort ad er í vatninu og med vatninu, nær vér gjorumst Guds born af reidinnar bornum í heilagri vatns=laug? Svo er þá Guds heilagt ord hin fyrsta mjólk, hvorja vér inndreckum strax med módur=mjólkinni, fyrir hvorja vér odlumst hid andliga líf, án hvors hid líkhamliga er eckert annad enn daudi. En Gud nádi oss auma og synduga, ad þegar vér drogumst á legg, þá velgir oss vid þessari barna=fædu, án hvorrar einginn spekíngur, einginn meistari, einginn doctor hefir þó fullordinn gjorst í Guds þeckíngu. En hvad veldur því, br. m.? þad medal annara, ad margir óvitrir og hirdulausir foreldrar, er sjálfir kannské lítid edur eckert vita sér til sáluhjálpar, þeir leyfa bornunum fyrr ad venjast á brjóst hinnar gjálífu hóru veraldarinnar, heldur enn á hina skynsamligu og ósviknu mjólk, er St. Petur dreckur þeim til af, 1 Pet. 2, ad þau vaxi í henni. Gjætid þó ad sálum ydar, kristnir menn, þótt þér ecki mikid hirdid um sálir barna ydar, því Gud mun eflaust krefja þeirra af ydar hendi, Ezech. 33, sem vegna ydar forsómunar eylífliga glatadar verda. En þótt ad þad hafi verid foreldranna skuld ad þau hafi ei uppfrædt nockurn á hans úngmennis=aldri, þá viti hann samt, ad þad verdur hans eigin skuld, þegar hann kémur til vits og ára, ef hann fer áfram í slíku óviti og hirduleysi; þar fyrir ef nockur er sá, ad hann vanti þad er hann vita þarf til sinnar sáluhjálpar, sem eg dylst ecki vid, ad fleiri enn færri vera muni, þá láti hann sér um alla hluti fram vera annt um, ad fá þess leidréttíng hjá þeim sem betur vita, ef hann elskar sálu sína, og skammist sín ecki, því fyrir hvorjum vill hann skammast sín? ecki fyrir sínum sálusorgara, því ef þar er nockur Guds Anda neisti í honum, þá mun hann fagna því, ad einn fáfródur vesælíngur vill leita ráds til hans í sínum sáluhjálpar=efnum; ecki fyrir neinum gudhræddum edur vitrum manni, því svo lángt er frá því, ad nockur sá sem Gud elskar muni hlæa ad því, ad þeir mundu kalla þad lofs=verdt, og vera eins lyndir og þeir sem í himninum eru, hvar meiri fognudur er yfir einum syndara, sem ydran gjorir, heldur enn yfir 99 réttlátum, Lúc. 15; fyrir hvorjum skyldi hann þá skammast sín? fyrir gárúngum veraldarinnar, sem jafnvel hlæa ad Gudi og ollu því honum tilheyrir. En þess er stór munur, ad taka á=móti því spotti, sem einkis er verdt, og ad standa med kinnroda fyrir

Guds dómi á sídasta degi; og hvernig svo øllu þessu er varid, þá hyggid ad, hvørt ad sé minni mínkun ad allir viti þad einn verdi ad fara til helvítis fyrir vanvitsku sakir, elleg-ar ad leidréttast af ødrum sem betur vita, svo menn kunni ad verda erfíngjar eylífs lífs. Nú er þad ecki nóg, Guds barn, ad þú kunnir þinn barna-lærdóm, og vitir hvad þú átt ad trúa, og nockurn-veginn ad gjøra; þar eru svo mørg tilfelli sem ad oss mæta á hinni hættusømu reisu frá vøggunni til grafarinnar, bædi í andligan og líkhamligan máta, ad sá sem vill fara hina réttu leid, hann getur ecki verid án leidarvísirs Guds heilagra orda, hvørt Davíd segir ad sé ljós á sínum vegum og lampi fóta sinna, Ps. 119, hann sem þó var einn vitur konúngur. Med Guds ordi verdum vér endurfæddir, med Guds ordi uppfræddir; þau temja vorn úngdóm, styrkja fullordins árin, hugga ellina. Hvad er einn únglíngur sá ed ecki hefir Gud sér fyrir augum? hann er eitt rádlaust villi-dýr, einn galinn foli; því segir Davíd: hvernig kann æsku-madurinn ad gánga sinn veg óstraffan-liga? ef hann heldur sér vid þín ord, Ps. 119. Því verdur mørgum þeim, er Guds ord og gódar mentir forsmá í úngdóminum, ad þeir eldast aldrei, þótt þeir áttrædir verdi; en hvar eiga þeir Gud ad finna? hvar eiga þeir hann ad sjá, nema í hans ordi? Hvad er madurinn þá hann er fullordinn án Guds orda? látum hønum ríkdóm hlotnast, hann er Satans og mammons þénari, nema hann læri í gódum verkum ríkur ad vera, sem Páll býdur, 1 Tím. 6; en hvar skal hann þad læra nema í Guds ordi? látum hann setjast í metord og virdíngar, hvad er hann fyrir utan leidsøgn Guds orda? eitt skip fyrir utan stýri, nockurskonar ryk, sem vindurinn upp í loptid feykir; þad sjáum vér (því verr) á mørgum afglapa, sem ad luckan tyllir upp í háan sess, sjálfum sér á-stundum til spotts og og mínkunar, en ødrum til skada og meinsemdar. Ellin er ad sønnu í sjálfri sér heidarlig, jafnvel eptir Guds bodi, Levít. 19; óskandi væri ad hinir úngu hefdi þar eptir vilja edur vit á, ad sýna henni tilbæriligan heidur; en einn gamall madur fyrir utan ótta Drottins, er vidundur veraldar, því Guds ótti er þad, sem hann átti framar øllu ad læra á sínum æfi-stundum og kunna ødrum ad kénna sem yngri eru, má því sýnast ad hann hafi lítinn ávøxt æfi sinnar, ef hann er úngum verri í þeckíngu Guds og hans heiløgu orda. Segid mér, í hvørju er vor kristindómur mest fólginn? í þeim þremur hlutum, ad eg meina, ad ydrast syndanna, ad trúa þær verdi sér fyrir Christum fyrirgéfnar, og svo ad láta af þeim framvegis. En hvernig viltú þeckja syndina, nema Guds ord sýni þér hana? þad er einn spegill í hvørjum madurinn kann ad skoda hvílíkur hann sé; arid edur agnirnar í loptinu fáum vér ecki séd, nema í sólar-geislanum. Gjætum þess, br. m., ad þótt oss sé í bod-ordunum sagt, hvad vér eigum ad gjøra og ógjørt láta, þá er þad margt smátt í fari voru, sem bodordunum er mótstædiligt, og vér mundum ecki skynja, nema oss væri þad framar sýnt af Guds heilaga ordi, sem ad er hinn fegursti geisli þeirrar blessudu réttlætis Sólar. En einginn er affsakadur, þótt eigi viti hann Guds vilja, því sá sem án løgmáls syndgar, hann skal án løgmáls fyrirfarast, segir Postulinn, Róm. 2. Hvad eigum vér um sjálfan Gud ad tala? lítid til hinna fyrri daganna, sagdi Móses vid Israel; lítum til heidíng-janna, fedra vorra, hverjir ad gengu til mállausra skúrgoda og þjónudu þeim, 1 Cor. 12. O, hvørsu mættum vér þá hinum allsvaldanda Gudi þackir kunna med grátandi

tárum, ad hann hefir oss sína hátign, sína gjæsku, sitt réttlæti, sína þolinmædi og sína guddómliga speki opinberad í sínu heilaga ordi, svo ad nær vér berum vort saurugt líferni, er vér skodum í speigli løgmálsins, saman vid hans guddómligan tignar=ljóma, þá fáum vér vit á ad skammast vor, ad ydrast, ad audmýkja oss undir volduga Guds hønd, og offra hønum þeirri fórninni er hønum alleina líkar af vorri hendi, sem er harmþrúnginn og sundurknosadur andi, Ps. 51. Nú þegar vér høfum svo þeckt syndina, og sjáum oss ecki annad búid enn eylífar helvítis píslir, hvar vildum vér fá bót vid þessu, væri oss þad ecki opinberad í Guds ordi, ad hans Sonur væri í heiminn kominn, til ad kalla synduga og ecki réttláta til ydranar? Matth. 9. Þegar Andskotinn lætur einum glæpa=manni, sem allann sinn aldur hefir í vondskunni alid, ofbjóda þær syndirnar, sem hann hefir lockad hann til, svo hann á skamt til ad ørvænta sér Guds nádar, hvar vill hann fá bót vid þessu, ef ei hefdi hann þau lýknar=ord Guds, ad svo sannarliga sem hann lifi, vilji hann ecki syndarans dauda, Ezech. 33, og ønnur þvílík? Nú þegar þú átt ad uppbyrja hina nýu hlýdni, og sýna ad þú sért Guds barn vordinn af þræl syndarinnar, en Andskotinn, heimurinn og holdid freista þín, hvar vilt þú fá rád til ad útslöckva øll eldlig skeyti hins prettvísa, Eph. 6, nema í Guds ordi? hver kénnir þér ad krossfesta holdid med þess girndum og tilhneigíngum, Gal. 5, nema Guds ord? hvør yfirvinnur heiminn, nema sá, sem fæddur er af Gudi? 1 Jóh. 5; hvar fyrir? því hans sædi er í hønum, segir Jóhannes, 1 Pist. 3; hvørt er þad sædid? þad er Guds ord, segir Drottinn í eptirlíkíngunni hjá Lúkam, kap. 8.

Hér verd eg og ad minnast nockud á vora kyrkjugaungu, og heyrn Guds orda í hans húsi. Þad er oss øllum vitanligt, ad í sínu musteri hefir Gud sett minníng síns nafns, þar vill hann dýrkast og tilbidjast, Exód. 20; þar eigum vér ad tala vid hann í vorum bænum, og heyra hann aptur til vor talandi í sínu heilaga ordi; þar eigum vér ad taka réttindin af kénnimannsins munni, því hann er eingill Drottins, Malach. 2. Ritníngin er ad sønnu brunnur hins lifanda vatns, er Kristur vill oss géfa, hver sem af því dreckur, hann mun ecki þyrsta ad eylífu, Jóh. 4; en vér megum flestir segja eins og hin fávísa samariska kvinna sagdi vid Jesúm fordum, þad er djúpt ofan í brunninn, en vér høfum eckert ad ausa med. Guds ords þénarar eiga ad vera oss í þessu, svo sem Rebecha var Eleazar, Abrahams sendimanni, ad hún jós vatnid upp af brunninum fyrir hann og hans úlfalda, Gén. 24; eins og Jakob var Rachel, er hann velti hinum mikla steini af brunninum, svo hennar ødur=hjørd kunni ad drecka, Gén. 29; þeir eiga ad sundurkljúfa ord sannleiksins fyrir oss, 2 Tím. 2, og géfa Guds hjúum í réttan tíma þad þeim byrjar, Lúc. 12; því hvernig mega þeir trúa, nema þeim sé prédikad, segir Páll, Róm. 10. Haf því rád Salómons, er hann segir, Préd. 5: vakta þínar fætur, nær þú gengur í Guds hús, og vert heldur búinn til ad heyra, enn til ad géfa offur hinna heimsku. Svoddan offur má kalla þeirra Guds þjónustu er birtast í hans húsi, alleina fyrir sida sakir, en hugsa allt annad enn um þad sem talad er. Nú veit eg þó, kristinn madur, ad þú segir: þótt mínir þánkar kunni ad hvarfla híngad edur þángad, jafnvel undir prédikuninni, þá fæ eg ecki vid því gjørt, hvørsu vel sem eg vildi. Eg veit þad er

satt, og þad má hvør madur ødrum játa, því mannsins þánkar eru vondir frá barndómi, Gén. 8, en hitt géta menn vid=gjørt, ad þeir séu ei lángdvølum í burtu nær menn undir Guds orda heyrn sitja; því rád eru nockur vid því, br. m., ad minna verdi af þessu heldur enn kannské almenniliga skédur; eg vil ecki hér tala um ógudligar mann=eskjur, er setja sig til ad hugsa allt annad, enn þad sem af Guds ordi talad er, til ad stytta sér med þær stundir, er þeir ættu Gudi ad géfa; um svoddan Andskotans musteri vil eg ecki tala, hinum vil eg rádleggja er gjarna vilja ordid heyra, en fá þad ecki gjørt sem vildu þeir, fyrir náttúrunnar breiskleika sakir. Hid fyrsta er, ad nær þú gengur í Guds hús, þá gjør þad ecki af yfirdrepskap, heldur alvøru; en fyrir því ad svoddan hugarfar tøkum vér ecki af sjálfum oss, þá bidjum Gud inniliga um ad géfa oss ástundan og eptir=tekt sinna heiløgu orda, nær vér inngaungum í hans hús, hvad nær vér gjørum af hjarta, þá er einginn efi á því, ad hans Andi bidur fyrir oss med óumrædiligum and=vørpunum, Róm. 8, og framkvæmir í oss þad góda verkid. Hid annad er elskan til Guds, hvørja vér ødlumst bædi med bæninni, ef hún er alvarlig og iduglig, svo og med sífeldri íhugan Guds tignar og vors óverdugleika, hans ørlætis og vorrar þarfar, hans gæsku og vorrar ilsku, hans þolinmædi og vorrar þvermódsku, og kann oss aldrei ad bresta orsøk til þessa, því á hvørju augnabliki medtøkum vér hans nádar=velgjørnínga, og á hvørju augnabliki syndgumst vér á=móti honum, svo þegar vér berum þetta saman í hjarta voru, þótt ei sé nema kvøld og morgna, þá kunnum vér ecki ad fara á mis vid þad, ad fá eina brennandi elsku til hans, sem oss ógudliga og synduga orma sparar í nád sinni, og gjørir oss ei ad sídur allt til góda, þótt vér hann vísvitandi til reidi reit=um. Nú er þad vitanligt, ad ef vér elskum nockurn og virdum, þá vigtum vér hvørt ord er hann talar, og þykir vænt um þad, og þótt þad sé heimska á=stundum, þá er vor breiskleiki svo mikill, ad vér høldum þad gullvægt, hvad sem út af hans munni kémur; og því skyldum vér þá ecki elska Guds ord, ef vér hann elskum, þar þau eru í sjálfum sér dýrmætari enn hid besta gull, og sætari enn hunáng og hunángsseimur, sem Davíd segir, Ps. 119. Enn=þá framar, høfum vér ecki yndi og gaman af ad heyra talad um þá hluti er oss þykir vænt um? sjó=madurinn talar gjarna um siglíngar, strídsmadurinn um ørlog, hinum ágjarna leidist aldrei ad heyra rædt um fjáraflan, vísinda=manninum um heims=speki, løgvitríngunum um þess=háttar hyggindi, því hvar ydar fjársjódur er, þar er ydar hjarta, sagdi Jesús, Matth. 6. Allir erum vér ónæmir á hid góda í fyrstunni. Einn úng=língur, þá hann er fyrst settur til menta, þá er honum leid sú idja, en eptir á fær hann svo mikla lyst þar til, ad hann gétur varla annad gjørt; svo skal sá vita, ad sér er vel fram=farid á Guds vegi, sem elskar hans ord; fái menn fyrst elskuna, þá er ecki ad ugga um eptirtektina, því mínir saudir heyra mína raust, segir Guds Sonur hér í Evangelíó. Og segid mér, br. m.! um hvad ætti oss vænna ad þykja, enn um sálir vorar, sem vér þó ecki vitum nema frá oss teknar verdi á hvørju augnabliki; því skyldum vér þá ecki géfa hinn mesta gaum ad því er þeim hjálpa kann, ecki til nockurs stundargagns, heldur til eylífra nota? En þessa elsku og rækt til vorra eigin sálna munum vér ødlast, ef vér venjum oss, á ad bera saman þá dýrdligu vist, sem øllum Guds børnum er fyrirbúin med

Christó í hans ríki, og svo fordæmdra píslir í helvíti, hvar þeir eta sínar túngur út af pínu og ofraun kvalanna, Apóc. 16. Í þridja máta, barn Guds, nær þér annarligir edur synd ugir þánkar í hug fljúga undir Guds orda heyrn, þá lát þá sömu verda þér til uppvakníngar, ad þú skammist þín, ad þú hafir þannig saurgad Guds musteri, og slá þannig Andskotann med sínu eiginn sverdi; því ad vísu mun þig ángra þad, ef þú ert Guds barn, ad þú ert svo undir syndina seldur, Róm. 7, ad þú gétur ecki eina stund vakad med Drottni, Matth. 26; og nær þig þad ángrar, þá munt þú brádliga leita aptur, til ad finna hugsvölun sálu þinni í því, sem fyrir þér er talad af helgum stad. Vildu menn nú þetta þrent gaumgjæfiliga athuga, þá er eg fullkomliga viss um, ad margur færi betri heim aptur í sitt hús, Lúc. 18, undan Guds orda heyrn, heldur enn mig uggir ad menn almenniliga gjöri, hvad Gud nádi! Nú er þad þó ecki nóg, br. m., ad menn heyri Guds ord med athygli, nema menn færi þar af ávöxt í þolinmædi, Lúc. 8; vér eigum ad rótfesta þad svo, og gródursetja í hjartanu, ad nær vér freistumst af einhvörri synd, ad vér þá strax höfum örugt vígi, á-móti henni, í því sem vér höfum numid af Guds heilagri kénníngu. Hvad gjördi vor gódi Meistari nær hann var freistadur, þótt ecki væri honum hætt vid ad sigrast af Djöflinum, þá sló hann samt þann óvin med Guds ordi í heilar þrjár reisur, svo ad hann skammadist sín, og forlét hann, segir Gudspjallamadurinn, Matth. 4. Gjör þú eins kristinn madur; en hvernig vilt þú fá þad gjört, nema þú hafir numid þad og geymt í hjarta þínu? og kunnir þú af einhvörri freistíngu yfirstíginn ad verda, hvernig villt þú fá lækníng þar vid, nema af því sem þú kant af Guds ordi? Í sama máta, nær þú fær orsök edur tækifæri til ad gjöra nockud gott, þá eiga heilög Guds ord, er þú hefir safnad í féssjód hjarta þíns, ad minna þig þar-á, og gjörir þú ecki þetta, þá má þér þad ad litlu gagna, hvörsu bænheitur, hvörsu gudrækinn sem ad þú situr undir einni prédikun, því þad vill eins til gánga og um sædid, Lúc. 8, þad er féll í grýtta jörd og á-medal þyrna, ad svoddan manneskjur annadhvört medtaka ordid med fagnadi, en hafa þó ecki nockra rót, því um stundar-sakir trúa þeir, og falla frá á tíma freistíngarinnar, edur og ad þyrnin, þad eru sorg, audæfi og girndir heims þessa, vaxa upp med því og kefja þad, svo ad þad færir eingan ávöxt. Eg efast ecki um, ad þar muni nockrir vera, sem ásetja sér gudrækiligan lifnad nær þeirra syndir eru straffadar í Guds ordi; en hvad fáir þeir séu, er fylli þad med verkinu, er audsært af ógudligu framferdi mannanna í heiminum; Gud gjæfi þar væri einn Samarítan á-milli tíu Gydínga, Lúc. 17, einn Abraham í Gerar, Gén. 20, og tíu gudhræddir í Sódóma, Gén. 18. Þig ydrar af hjarta þess er þú hefir Gudi á-móti brotid, og þú lofar ad syndga ecki vísvitandi framvegis. En seig mér, kjæri! nær ætlar þú til þess ad taka ad lifa betur? munu þeir ei fáir er hlaupa strax úr tollbúdinni med Leví, og fylgja Christó eptir? Lúc. 5; nær ætlum vér ad taka til ad elska Gud og hans heilaga ord, ad virda og óttast hans nafn, sem oss byrjar, ad heidra foreldra og yfirbodna, Exód. 20, ad aga börn sín og uppala þau í ótta Drottins, Eph. 6; nær ætlar hinn heiptræki ad taka til ad elska sinn óvin, Matth. 6, hinn lausláti ad gjöra sáttmála vid sín augu, Job. 31, hinn ágjarni ad láta af ad stela, ræna og svíkja, Eph. 4, lygarinn ad rægja og baktala, 1 Pet. 2; nær ætlum vér

ad hreinsa hjörtu vor af þessum daudligum verkum og svívirdíngum? kanské nær vér gét-um ecki lengur, edur nockru eptir þad vér erum daudir. En Davíd segir, Ps. 115: ad þeir prísi ecki Gud, sem ofan fara í helvítid, og mun þad þá verda nockud um seinna, ad gjalda honum þá skuld, er honum átti hver ad lúka. O, þú nádugi Gud! skapa þú í oss hreint hjarta og géf oss einn nýjan vissan anda, Ps. 51; snú þú oss, Drottinn, þá er oss snúid! Jer. 31; lát oss hafa lystíng vora í þínu lögmáli, og tala um þad daga og nætur! Ps. 1; séu þín heilögu ord eptirlæti vorra sálna, og þín réttindi framar af oss metin, enn gnægd allra audæfa! Israel sagdi fordum daga vid Mósen, er Guds reidir slógu í Hóreb: vér viljum ecki framar heyra raustina Drottins. Guds vors; tala þú til vor! Exód. 20; en Móses hefir ecki forgéfins sagt til þeirra: einn spámann mun Drottinn Gud ydar uppvekja ydur af brædrum ydar, líkan mér, honum skulud þér hlýda, Devt. 18; líkan ad sönnu, ó, Móses! en þó miklu betri, miklu ædri, miklu fullkomnarí, hver ed einn líttlogandi hör-kveik mun ecki útslockva, edur brákadan reyr í-sundur brjóta, Esa. 42; þad ert þú, ó, Herra Jesú Christe! sannur Gud og sannur madur, þar fyrir segjum vér med fullu trausti, ecki med Israel, heldur med Samúel: tala þú, Drottinn! þínir þénarar heyra, 1 Sam. 3; vér viljum hans röddu heyra, er lætur oss segja: gjörid ydran, þvíad Guds ríki er nálægt, Matth. 3; en ecki ofmjög óttast rödd hans er segir: bölvadur sé sá sem ecki heldur allt þad sem skrifad stendur í lögmálinu, Devt. 27. Vér aumir og vesælir jardar-madkar, viljum honum heyra, er segir: komid til mín allir þér sem erfidi drýgid, og þúnga erud þjádir, eg vil endurnæra ydur, Matth. 11; en vér skélfumst ad heyra hans raust, er segir: hver sem gjörir þetta hann mun lifa í því, Levít. 18. Þar-fyrir tala þú til vor, Drottinn! hvort heldur þad skédur med þrumu lögmálsins til ad straffa í oss syndina, edur í blídvidri Evangelíí til ad hugga oss aptur, þá viljum vér allshugar fegnir segja: blessadur sé sá sem kémur í nafni Drottins! Matth. 21. Géf oss þad hjartalag, ó, Herra Jesú! fyrir þína forþénustu, amen!

Þridja Sunnudag eptir Páska.

Gudspjallid, Jóh. 16 Kap.

Í þann tíma, sagdi Jesús til sinna lærisveina: innan lítils tíma munu þér ecki sjá mig, og þá enn innan lítils tíma munud þér enn sjá mig aptur, því eg fer til Fødursins; þá sögdu sumir af hans lærisveinum sín á-milli: hvad er þad ad hann segir til vor: innan lítils tíma þá munu þér ecki sjá mig, og þá enn innan lítils tíma munud þér sjá mig aptur, því eg fer til Fødursins? þá sögdu þeir, hvad er þad hann segir oss: innan lítils tíma? vér vitum ecki hvad hann segir. En Jesús formerkti, ad þeir vildu spyrja hann ad, og sagdi til þeirra: þér spyrjid ad þessu ydar á-milli, þad eg sagdi ydur: innan lítils tíma munu þér ecki sjá mig, og þá aptur innan lítils tíma munu þér sjá

mig; sannliga segi eg ydur: Þér munud sýta og gráta, en heimurinn mun fagna, og þér munud hryggvir verda, en ydar hrygd skal snúast í fögnud. Ein kona, nær hún skal fæda, þá hefir hun hrygd, því hennar stund er komin; en þá hún hefir barnid fædt, minnist hún ecki þess harmkvælis fyrir fagnadar sakir, þvíad madur er í heiminn borinn. Og þér hafid nú ad sönnu hrygd; en eg vil sjá ydur aptur, og ydvart hjarta skal fagna, og ydvarn fögnud skal eingìnn frá ydur taka. Á þeim degi munud þér mig og einskis spyrja.

Exordium.

Þad verdi mér ecki ad eg hrósi mér af nockrum hlut, nema af krossi Drottins vors Jesú Christi, segir St. Páll, Gal. 6; adrir hrósa sér af andlegd sinni og nægtum, eins og hinn ríki dári, Lúc. 12; nockrir af metordum sínum, eins og Nebúkadnezar, Dan. 4; sumir af afli og kallmennsku, eins og Golíath, 1 Sam. 17; Heródes af sinni málsnilli, Act. 12, og gaf eigi Gudi dýrdina; Pílatus af makt sinni, Jóh. 19, er hann þóktist hafa vald til ad krossfesta Jesúm og ad láta hann lausan; hinir af stórum ættum eins og Gydíngar, er sögdust hafa Abraham fyrir födur, Matth. 3; og hvad er þad, sem ad drambsemi þessarar gjálífu veraldar telur sér ecki til gildis, jafnvel vonda hluti. Hinn ógudligi Lamech hrósadi sér af fólskunni fyrir kvinnum sínum, Gén. 4, og eru hönum allir þeir líkir, er stæra sig af ódygdunum; þá hefir Andskotinn sýnt meistarastycki sitt í hjarta syndarans, hann fyrst kémur hönum til ad drýgja glæpinn, og sídan ad láta sér vænt um hann þykja; því ef ad hrósunin gjörir jafnvel hina bestu hluti ecki einúngis ónýta, heldur og ad synd, svo sem Lausnarinn vottar, Matth. 6, um þá er gjördu gódverk til fordildar sér, ad þeir hafa sín laun út-tekid, hvad mun þad vera þá ad stæra sig af klækjunum? en Páll er ecki svo lyndur; hann hrósar sér af því, sem veröldin kallar einkis hóls vert, af því sem hún forsmáir, því sem hún undan flýr med seglum og árum, og skal heldur fremja allar ódygdir, enn ad hún verdi fyrir því, þad er krossinn Drottins Jesú Christi; og því segir Postulinn hér strax eptir: fyrir hvörn mér er heimurinn krossfestur, og eg heiminum. Þad er alkunnugt, ad krossinn var hid smánarligasta píslarfæri í þá daga, og því var þad hönum valid, sem er Konúngur dýrdarinnar, til þess ad bera þar uppá vorar syndir. En svo háduligt sem þad var, svo mikla andstygd segist Páll hafa á heiminum, og slíkan vidbjód hafi hann á sér. Lítid hér, kristnir menn, hvörnig þeir eru skapi farnir, sem vordnir eru eitt med Christó, og hverra kosta þeir eiga ad vænta sér í heimi þessum. Einga mun hann hafa kjærari haft af mönnunum, enn sína elskuliga lærisveina, sem höfdu yfirgéfid alla hluti fyrir hans skuld, Matth. 19; og þó segir hann þeim fyrir í þessu heilaga Evangelíó, ad þeir muni sýta og gráta, en heimurinn muni fagna; sama vill hann hafa sagt enn-nú þeim, er hann af hjarta elska. Og vil eg því alleinasta út af Gudspjallinu tala um þá hluti, sem oss megi leida til ad bera hans ok þolinmódliga. O, þú krossfesti Jesú! hjálpa oss þar til med nád þíns Anda; bænheyr þad ó, Herra! fyrir þína forþénustu, amen!

Utleggíngin.

Þótt eckert annad væri sem kynni ad verka hjá oss þolinmædina í mótlætinu, þá mættum vér þó hugleida, hvadan þad kémur, sem er frá Gudi; hvort villt þú fyrir hönum flýa? segir nockud leirkérid til þess, er þad gjört hefir: hvar fyrir gjördir þú mig svo? Róm. 9. Og fyrst ad vér erum í Guds hendi svo sem leir, þá er þad óviturligt ad mogla á-móti hönum, hvad helst sem hann vid oss gjörir; hann typtar oss

sem oss gjørt hefir, hann sem oss gjørt hefir, hann hefir gjört himin og jørd, stjórnar þeim, rædur þeim, og kann ad eydileggja þau, nær sem hann vill, því mun eg keppa vid þvílíkan Herra? því vil eg glíma vid sjálfan mig, og gjøra mína mædu enn þá stærri med óþolinmædi? øll veraldarinnar rád duga ecki á=móti hans vilja Próv. 21, og allir helvítis kraptar mega ecki auka hinu minsta vid mína plágu, fram yfir þad, sem hann ásett hefir; því vil eg þá kífa vid svoddan Hátign, svoddan Speki, svoddan Almætti, sem varir, rædur og stjórnar? þegar ótal hundrud þúsund (þvílíkir ormar sem eg), eru ad moldu vordnir, því mun eg þá berja høfdinu vid þann stein, sem á mig er kastadur af svo voldugri hendi? Þar fyrir, br. m., nær mótlætid oss ad høndum ber, þá hugsum til þeirrar skyldu er vér eigum Gudi ad gjalda, sem er ad audmýkja oss undir hans volduga hønd, 1 Pet. 5, hvad ecki er svo stór kunst í medlætinu, jafnvel þótt vér gleymum því optligana; en í mótgánginum sést þad, hvørja virdíng vér høfum á hønum, og hvad mikid vér viljum fyrir hann vinna. Lítum til Jobs, því hans þolinmædi verdur oss af Postulanum sett til eptirdæmis, Jak. 5; þegar Guds hønd hafdi svipt hann øllum sínum børnum, allri sinni aleigu, þrælum og ambáttum, þá sagdi hann: Gud gaf og Gud aftók; sé nafn Drottins vegsamad ad eylífu! Job. 1; hønum var Davíd líkur, þá hann flúdi fyrir Absalon og sagdi, 2 Sam. 15: segi hann svo, eg hef ecki þóknan á þér, sjá hér em eg, gjøri hann vid mig hvad gott þykir í hans augliti; hvar=fyrir hann og segir, Ps. 39: eg var mállaus og opnadi ecki minn munn, af því þú gjørdir þad. Eins eigum vér skapi farnir ad vera, br. m., ef vér út af grunni hjartans viljum tjá vora audmýkt fyrir Gudi; og ef vér erum nú skyldugir til þessa alleina fyrir því, ad hann er vor Gud og Herra og vor Skapari, hvad miklu framar erum vér þá skuldbundnir, þar ed hann typtar oss aldrei, nema sjálfum oss til hins besta. Segid mér, mun nockud Gud, sá ad er brunnur allrar gjæsku, mun hann nockud hafa yndi af ad plága sín børn, og ecki gjøra þad miklu heldur þeim sjálfum til góda? Látum oss ecki eigna Fødur miskunsemdanna, 2 Cor. 1, þá hardýdgi, sem vér køllum hid versta og grimmligasta á Fjandanum og hans limum, sem er, ad hafa gaman af eymdum og mótgángi syndugra manna; Hvad þá? mundi oss þykja þad stefnligt barn, sem flýgi í hárid á fødur sínum, nær hann agar þad? og er því verr og midur, ad vér strøffum optliga vor børn og þénara alleina til ad skeita skapi voru á þeim; en hann plágar ecki af hjarta edur straffar mannanna børn, Harmagr. 3, þar=fyrir er þad hid mesta rænuleysi fyrir oss ad mogla undir hans fødurligri hirtíngu. Segid mér enn aptur! þegar einn læknir byrlar oss súran dryck til ad gjøra vorn líkhama heilbrigdann, edur hann skér upp sárin, svo ad þau skuli gréa þess fljótara, styggjumst vér nockud vid hann, edur mót=mælum því er hann vill gjørt hafa vid oss? þad gjørir einginn sá, sem heilvita er, og elskar heilsu sína, heldur þøckum vér hønum þar fyrir, og gjøldum hønum laun þar á ofan, jafnvel þótt hønum mistakist, sem optliga skédur. O, Guds barn! skyldir þú þá espast vid hinn góda Læknir, hvers mjúka grædirs=hønd ad ýfir þín daudlig sár, til hverra þú ecki kénnir, fyrr enn hann lífgar þau med beiskju krossburdarins, og ecki miklu heldur taka fegins hendi þar á=mót, og gjalda hønum allar þackir þar fyrir? Ef

einn fadir sæi sitt barn framfara í allri vondsku og illu athæfi, og hann ecki straffadi þad, ef ské mætti ad þad leidréttist þar vid, mundi honum ecki á hálsi legid vera af øllum mönnum? í sannleika, því hann væri þess verdur, hann væri bødull og ecki fadir, er þannig breytti vid sitt eigid hold og blód; og þó viljum vér heimta af Gudi, ad hann láti oss bada í rósum og lifa ad munudum vorum, já, fara fram í allskonar girndum og glæpum, og heita samt vor Fadir, þar hann er þó sá Gud, er ecki þóknast ógudligt athæfi, Ps. 5; værum vér án typtunar, þá værum vér hjá-børn og ecki synir, Hebr. 12. Dæmid því sjálfir br. m., hvert heldur þér viljid eiga Gud fyrir nádugan Fødur og þola hirtínguna, edur ad hann kanníst ecki vid ydur, og láti ydur lifa ad eigin vild ydar, og verdi ydur svo einn stráugur og ógnarligur dómari, þegar þér eigid hønum reikníngskap ad standa af ordum og gjørdum, sem ad er hin allra herfiligasta og skélfiligasta ólucka. Hvad sýníst ydur þá, kristnir menn, mun þad ecki vera tilvinnandi ad þiggja eina náduga refsíng af síns fødur hendi? og þótt hún ætti ad vara um allann vorn aldur, sem mjøg sjaldan er, til þess ad verda kvittur vid øll þau óskøp, sem ad dynja munu yfir sælkéra veraldar þessarar í helvíti og kvølunum, frá einni eylífd til annarar. Gud nádi oss auma og synduga! vér berum opt og tídum eina vanheila sál í heilbrigdum líkhama; þegar líkhamanum lídur vel, þá hirdum vér á-stundum lítt um sálina, hvor þó ætti ad sjá bædi fyrir sér og hønum, því bædi skulu þau hin sømu kjør hafa um alla eylífd; en ef hún lætur eptir hønum, þad hann vill, þá veltist hún mjøg úr tign sinni, bádum þeim til óbætanligs skada. Hver veit nema þroti drambseminnar, edur vatns-sýki ágyrndarinnar, edur kalda óhófseminnar, edur brjóst-veiki øfundarinnar, edur dofi letinnar, edur ædi reidinnar og heiptrækninnar plági sálu þína, og þú finnir þar ecki til. Varla er nockur sú sál á-medal vor, sem ecki hafi snert af einhvørju þessu, en krossinn er sú eina heilsubót, sem á vid øllu þvílíku; vid líkhamans sjúkdómum eiga adskiljanligir dryckir, eptir því sem hvørjum er háttad; en vid sálarinnar meinum á alleina kross-bikar Drottins Jesú; þótt hann sé beiskur nockud, þad ætti oss einu ad gilda, þegar hann gjørir oss heilbrigda, nema vér elskum meir daudann enn lífid, sóttina meir enn heilsuna, kroppinn meir enn sálina, og er þad þó ecki ad elska hann, ad láta þad eptir hønum, sem henni má til skada verda, því hann skal þess eylífliga gjøld hafa, sem hann í þessu frá henni dregur sér til tímanligs og fáfengiligs munadar; þar fyrir, ef vér elskum vora líkhami, og þad svo mjøg, sem ad sýniligt er á flestum, þá gjørum þad þó fyrir þeirra skuld, ef eigi annars vegna, ad vér þøckum Gudi fyrir þad, hann tiptar þá hér, svo þeir ecki sídan mæti eylífum plágum í helvíti, 1 Cor. 11. Þar fyrir, Guds barn, nær Drottins milda hønd slær þig á einhvørn hátt til ad græda sálu þína þar med, þá tak ecki alleinasta þar á-mót med þolinmædi, heldur og þacka hønum fyrir þann nádargjørníng, ad hann ecki vill yfirgéfa þig í fráleitt sinni edur í girndir þíns hjarta, Ps. 18; og ef þú vilt þacklátur vera fyrir svo stóran velgjørning, þá sýn þad í verkunum, er þú játar med munninum. Vér høfum allareidu heyrt nockud um þad, hvar til ad Gud sendir oss krossinn, sem er til þess, ad

vér eigi skulum halda oss saklausa, heldur betra vort líferni; sviptum því ecki Gud sínum ásetníngi, edur sjálfa oss þeirri nád, er hann hugdi oss ad veita. O! hvorsu illa er þá farid med þessa heilsusamligu Guds nád, og hvad lítil not munt þú þá hafa þess, syndugur madur, er þú lidid hefir; já, stór gjöld; því þad er ad gjöra Drottins kross ad ræníngjans krossi; þad er rétt svo sem Petur segir, 1 Pet. 4: ad lída svo sem þjófur og illvirki, og svo sem hann, ed fellur inn í annars embætti. Halt þad og ecki nóg ad þú látir af ad syndga þess vegna, ad þú gétir ecki syndgad, annad hvert fyrir heilsubresti, vegna fátæktar, edur fyrir ótta-sakir vid mennina; þjófurinn stelur ecki heldur, þegar hann er bundinn, og ecki fremur hórkallinn sína girnd nær hann er útilokadur, hvad ecki er þeirra dygdum ad þacka; heldur rannsaka sjálfan þig, hvad þér muni hafa áfátt ordid, hvers vegna Gud muni hafa lagt þenna kross á þig, og munt þú þad skjótt finna, þegar þú stíngur hendinni í þinn eiginn barm, Exód. 4; og nær þú þad finnur, þá rád bót á því, ydrast þess af hjarta, og frem þad aldrei optar, heldur bid Gud ad géfa þér nád sína til ad standa á-móti þvílíkri synd; med svoddan móti verdur þessum himneska læknir launad, annad heimtar hann ecki af oss. Þegar Jesús sá þann mann gángandi í musterinu, er hann skömmu ádur hafdi læknad hjá vatninu Bethesda, þá krafdi hann einkis af hönum, heldur sagdi alleina: sjá, nú ert þú heill vordinn, syndga ecki framar, ad ecki hendi þig annad verra, Jóh. 5. Þar fyrir, kristinn madur, hafir þú sjúkur verid, hafir þú ratad í armód og fjármissu, hafir þú vordid fyrir árásum og ofsóknum veraldar-manna, en ert aptur vordinn fullhraustur, fullríkur, og hefir fengid makt yfir óvinum þínum, þá gjald eigi þá vanþöck aptur á-móti Gudi þínum, hver ed sendi þér krossinn til ad betra þig, og létta hönum af þér, til ad sýna þér gjæsku sína, gjald hönum ecki svo illa, (segi eg) ad þú brúkir heilsuna til ad drýgja sömu syndir med hverjum þú vanst til sjukdómsins, audlegdina til óhófs og metnadar, valdid til ad hefna á þeim, sem vid þig ofgjört hafa, því ef vér slíkt gjörum, þá hefdi þad verid betra fyrir oss, ad vér hefdum legid í kör, og lifad í armód og forsmán alla vora daga, svo ad sálin hefdi kunnad hólpinn ad verda á degi Drottins, 1 Cor. 5. Nú eigum vér ecki alleina ad líta til Guds födurligrar gjæsku, í því ad lída þolinmódliga allt þad sem hann lætur oss til handa bera, heldur og til hans óraskanligu speki og vísdóms, sem ad yfirgnæfir allann skilníng. Einn fadir kann ad vilja barni sínu vel, en brestur kanské vitsmuni til ad sjá hvad því gagnar, og þó hann beri skyn þar á, þá blindast vor skynsemi optliga af holdligri elsku, en vid þessu er ecki hætt hjá hinum alvísa Gudi. Þar-fyrir látum oss þad sagt vera, ad þótt vér eigi skynjum né sjáum Guds tilgáng, þegar hann neitar oss um þá hluti, er vér óskum eptir, þá er þad oss til hins besta, og eckert kann fyrir oss gagnligra ad vera edur upp ad hugsast, enn þad, sem hann lætur vid oss framkoma, ef vér géfum oss öldúngis á hans vald, og látum hann ráda. Israel beiddi Gud um kjöt í eydimörkinni, Núm. 14, og hann gaf þeim þad til hegníngar þeim; þeir beiddu hann og um konúng, 1 Sam. 8, er þeim leiddist ad vera undir hans allra-vísustu og nádugustu stjórnan, og hann gaf þeim einn konúng í reidi sinni, Os. 13. Þar er einginn efi á, ad ef barnid mætti sjálft ráda, þá færi þad sér optliga ad voda; og eins erum vér fávísir

eins og born í vorum andligum efnum; vér óskum oss heilbrigdi, audæfa, metorda; allt þetta eru ad sonnu Guds gódur gáfur, en skadsamar þeim, sem ecki kunna med ad fara, svo ad Endurlausnarinn segir: jafnvel ef þín hond edur þinn fótur hneixlar þig, þá sníd þad af og snara því frá þér, því betra er þér haltur og handarvani inn ad gánga til lífsins, enn ad þú hafir tvær hendur og tvo fætur, og verdir í eylífan eld kastadur, Matth. 5. Ad sonnu heimtar eigi Drottinn af oss, ad vér svo stórt írádumst vid hvorja þá tilhneigíng, er vér freistumst af, því hann hefir géfid oss onnur medol til þess, ad krossfesta holdid med, ádur enn til þessa komi; en þad er hans meiníng, heldur enn ad vér skyldum í eylífum eldi pínast, þá væri oss þarfara ad láta líf og limu. Hversu vís og hversu nádugur er þá hinn gódi Gud, ad hann agar oss í máta, og svo sem oss ad minstum skada verda megi, til þess ad vér kunnum ad umflýa helvítis píslir, en verda hluttakandi Guds barna sælu á himnum med honum eylífliga? og í þessum Guds órannsakanliga vísdómi hofum vér jafnan eina stadfasta huggun, því hans gjæska og medaumkan verdur hann aldrei vidskila; fyrir því, þótt ad mótlætid ofbjódi oss á-stundum, og vér fáum varla undir því risid, þá látum oss til hugar koma, ad þad er oss af honum uppá-lagt, sem veit hve mikils ad vér vid-þurfum og þolum. Stór sár þurfa mikla grædslu; en hann er trúr og freistar einkis yfir megn fram, 1 Cor. 10; ecki eitt hár fellur af voru hofdi án hans vilja, Matth. 10; og miklu sídur hefdum vér vid svo margar þrautir ad berjast, nema þad væri eptir hans skamti og eptir hans velþóknan. Vér þurfum og ecki ad efast um, ad vér fáum mótlætid stadist, þótt aldrei þyki oss svo óvænliga áhorfast, þegar vér kostum oss í hans miskunarfadm, og undir hans blessada umsjón og fyrirhyggju. Þar fyrir sagdi Davíd: þó eg ráfi í myrkvum dal og daudans skugga, þá hrædist eg einga ólucku, því þú ert hjá mér, þinn vondur og stafur hugga mig, Ps. 23; og Drottinn segir vid hann: þótt þúsund falli þér til annarar handar, og tíu þúsund til hinnar hægri, þá skulu þeir ecki nær þér koma, Ps. 91. Svo oruggur kastali er Drottinn þeim er hann óttast, jafnvel midt í hormúngunum, og þad gengur til eins og hann sagdi vid lærisveinana hér í Gudspjallinu: innan lítils tíma munud þér ecki sjá mig, og aptur innan lítils tíma munud þér sjá mig; og svo sem lærisveinarnir skildu ecki í þad sinn hvad hann sagdi, heldur uppfyltist þeirra hjarta af hrygd, af því ad hann sagdi þad, svo gengur þad og til fyrir Guds bornum optliga í mótlætinu, ad þau meina ad þau séu yfirgéfin, en samt heyrir hann þeirra grátbeidni, og þeirra bæn er þóknanlig fyrir honum, en hans tími er enn þá ecki kominn, Jóh. 2. Hvort heldur ad eg lít þenna fagra heim, sem ad er harla gódur, svo sem oll Guds sképna, edur eg þeinki um hinn ógudliga, sem Djofullinn hefir tilbúid og nidursokt í hid vonda, þá kann eg hvorki ad orvænta í mótgánginum, eigi heldur ad efast um kvittun minna synda, sem eru orsok til mótlætisins, þvíad í himnum og jafnvel á hinu minsta skrid-kvikindi, sé eg augljóst dæmi hins guddómliga almættis, speki og gjæsku, ad því er ollu af honum svo vísliga stjórnad og nidurskickad, ad hann því ollu vid makt heldur, hvorju í sinni tegund frá heimsins upphafi í svo morg þúsund ar, ad þar er ecki ein enn-nú undirgengin, og svo veit eg

þá fyrir víst, að honum er ecki um megn að varðveita mig syndugan orm, sem að eptir hans mind var í Adam skapaður, Gén. 1, og með hans Sonar dýrmætu blóði endurleystur, 1 Pet. 1, jafnvel midt í sorgunum, midt í árásunum, midt í sálar og lífs sterkasta ofboði, ef hann vill láta það yfir mig koma; en nær eg þenna fyrir mér virði og allar þær ódáðir, sem af honum í frammi eru hafðar, villur, meinsæri, guðlastanir, manndráp, hórdóma, lýgi, þjófnað, ofbeldi, rángsleitni, og alla þá óhæfu, er Satan fær plantað í hjörtum vantrúarinnar barna, þá tek eg mér þar af huggun og fullnaðar-traust um hins miskunsama Guðs föðurliga gjæsku, að hann ecki kollsteypir þessari vondu veröldu, heldur með ríkdómi síns lánglundar-geðs, Róm. 2, vill leiða svo marga til yfirbótar sem aptur snúa vilja. Því veit eg, að hann muni ecki útskúfa mér óverðugum synda-þræl, eður láta mig einan í mótlætinu, þótt það sé straff minna synda og illgjörða, þar eg læt mig fyrir krapt hans Anda út af hjarta yðra synda minna, og á dagliga baráttu við eitt óstýrilátt hold, sem keppir í-gégn andanum, Gal. 5; því hafi hann veitt mér hið meira, sem er að yðrast syndanna, þegar eg var enn þá Satans barn, þá mun hann ecki synja mér hins minna, sem er að varðveita mig í mótgánginum, þá eg er hans þénari vorðinn fyrir hans náð, hverja hann ecki hefir géfið mér til þess, að hún skyldi á mér ónýt verða, heldur til lofs og dýrðar sjálfum sér, en mér til eylífs sálar fagnaðar. Drottinn sagði lærisveinunum fyrifram þessar hörmúngar, af hverju meðal annara sjá má hans guðdómligan vísdóm og gjæsku ecki minni. Heimurinn segir aldrei nema ógjæfu fyrifram, jafnvel þótt hún sé honum vís svo vel sem öllum þeim, er hann elska, hann prédikar eins og hinir óguðligu, Orðskv. 1, sem von er á, því hann er ecki annað enn samkunda, Apóc. 2, Andskotans, er hann hefir safnað sér af Guðs útlögum og óguðligum synda-þrælum; þeir segja: far þú með oss, vér viljum finna mikið herfáng, og allir einn sjóð hafa, Orðskv. 1, en ecki leggja þeir til hins, að þeir skulu og allir eitt hlutskipti hafa í því díkinu, sem vellur af eldi og brennusteini, Apóc. 21; það vill ecki Drottinn, hann sagði fyrifram bæði hér og optliga annarstaðar lærisveinunum hvað á þeirra daga drífa mundi, og hið sama hefir hann öllum þeim sagt, er honum vilja eptirfylgja með þessum orðum: hver sem vill minn lærisveinn vera, hann taki sinn kross uppá sig og fylgi mér eptir, Matth. 16. Eckert er þvílíkt ráð við mótgánginum svo sem að búast við honum; sá sem það gjörir dagliga, hann hefir miklu létt af byrðinni, nær hún dettur á. Búumst við illu, því hið góða skaðar oss ecki, segja menn í gömlu orðtæki; í dag em eg heilbrigður: eg vil þeinkja með mér hvernig eg verða mundi, ef eg vanheill yrði; eg vil venja mig á að láta eigi allt eptir mér það mig girnir, svo mér bregði síður við, ef það kynni mér að höndum koma, sem eg gjæti ecki af mér kastað, þótt eg vildi; í dag em eg full-ríkur; eg vil þó brúka heiminn svo að eg ecki vanbrúki hann, og svo mikið af því sem Guð hefir lánað, sem mér nægir og mér sómir að brúka, þá skal fátæktin aldrei kasta mér í neitt hugar-víl, ef eg kann í hana að rata; eg vil hyrða það Guð géfur, en ecki festa þar við hjarta mitt, þá mun mér þykja minna fyrir að missa það; í dag ræð eg fyrir öðrum, svo að allir hlýða mínu boði og banni, sem eg er yfirskipaður; það vald vil eg brúka í hófi

og ecki med ossa neinum, því þar kann ad koma, ad þeir rádi fyrir mér, og kunni eg af þeim nockurn ójöfnud ad þola, þá líd eg hann med betri samvitsku, hafi eg ecki ádur til hans unnid. Svo skal madur búa sér í haginn, á=medan allt leikur í lyndi; komi þad ecki uppá, er vér rád fyrir gjörum, þá er því ómaki vel spilt; aldrei vissi eg ábata=meiri skada, því ad minsta kosti hugsum vér eigi svo íllt á=medan, og líkligt er ad vér munum ecki stæra oss svo mjög af velmaktinni, þegar vér búumst vid hvorutveggju. Nú þótt ad allt þetta, sem eg hefi sagt, eigi ad fýsa oss á, ad lída þolinmódliga þann kross, er Gud oss á herdar leggur, þá er þó ad hrósa þeirra kjörum fram yfir alla Drottins krossberendur, sem ecki einasta taka á=móti hans ögun án möglunar, heldur og hafa gledi og yndi af því, ad lída nockud fyrir Christí sakir. Eg vændist í upphafi St. Páls ordum, ad hann skrifar, Gal. 6: þad verdi mér ecki ad eg hrósi mér af nockrum hlut, utan af krossi Drottins vors Jesú Christí. Þegar Páll brúkar þetta ord, sem her stendur, ad hrósa, þá merkir þad ecki svo ad stæra sig af einhverju, svo sem ad fagna og gledjast af því, og ad hafa yndi þar=af; sama orda=tiltæki brúkar hann, Róm. 5, segjandi: og ecki einasta þad, heldur hrósum vér oss einnig edur gledjum oss af hörmúngunum, vitandi ad hörmúngin verkar þolinmædina, en þolinmædin reinsluna, en reynslan vonina, en vonin lætur aldrei til skammar verda, þvíad elska Guds er úthelt í hjörtum vorum fyrir heilagan Anda, sem oss er géfinn; þetta eru merkilig og gullvæg ord, séu þau rétt yfirvegud. Hvar fyrir gledur hann sig í hörmúngunum? þvíad elska Guds var úthelt í hans hjarta fyrir heilagan Anda, sem honum var géfinn. Heyrum þad Endurlausnarinn sagdi vid sína lærisveina: eg skal ecki láta ydur munadarlausa, heldur skal eg sjá ydur aptur, Jóh. 14; þad gjördi sá blessadi Herra ad sönnu eptir sína upprisu, en hans sýnilig vist med þeim, dró þá ecki lángt á veg, hefdi hann ecki sendt þeim h. Anda af sínum Födur; því sagdi hann: þad batar ydur, ad eg fari í burt hédan, því, nema eg fari í burtu hédan, kémur ecki Huggarinn til ydar. Þessi er hinn sami h. Andi, fyrir hvorn ad Páll segir ad elska Guds sé úthelt í sitt hjarta, hún gjörir Christí ok sætt, og hans byrdi létta, Matth. 11; hún veldur því, ad hans bodord eru ecki þúng, 1 Jóh. 5; hún deyfir alla kvöl, alla hrygd, alla armædu veraldar þessarar; sá ed hana hefir fyrst ödlast, hann þarf ecki mótlætinn ad kvída; hann fóttredur allar hörmúngar; honum er heimurinn krossfestur og hann heiminum; þad sé eg bersýniliga á Christí postulum, er þeir voru gladir af því, ad þeir máttu lída fyrir Jesú nafns skuld, Act. 5. Þad sé eg á hans h. píslarvottum lángt frameptir æfi kristninnar, ad þeir gengu til herfiligustu kvala og písla, miklu gladari heldur enn adrir til géstabods. Ó, Herra Gud! fagurt má þeim vera himnaríki á sídan, hvorjum Gud er svo sætur midt í hörmúngunum, ad þeir finna ecki til þeirra fyrir elskunni til hans sem tiptar þá. Ad þetta séu ecki ýkjur, heldur ad þvílíkir Guds vinir séu til, þad votta eg med Páls ordum, er hann segir, 2 Cor. 12: eg em vel til frids í veikleikanum, í forsmáninni, í naudunum, í ofsóknunum, í ángistinni fyrir Christum; því þá eg em veikur, þá em eg máttugur; og þad er þad sama sem Drottinn heitir hér lærisveinunum, er hann sagdi: ydar hrygd skal snúast í fögnud. Ecki meinti hann einasta þá sælu=von, er þeir áttu vísa med honum eylífliga í hans dýrdar=ríki, heldur og huggun

Guds Anda í mannraununum, því aldrei vóru þeir án mótlætis hér á jördunni, og samt skrifar Páll, ad þeir séu svo sem hryggvir og þó jafnan gladir, 2 Cor. 6. Nú þótt oss vanti mikid á, ad vera svo algjördir í elskunni til Guds, sem þessar Drottins hetjur vóru, þá eigum vér samt ad keppast eptir þeirra fullkomnu dæmi, svo mikid sem oss er mögugligt, og hugga oss í öllum mannraunum vorum vid eptirkomandi sælu, vitandi þad, ad hin létta byrdi hörmúngarinnar, sem varir um augnablik, hún aflar oss yfirgnæfanligrar dyrdar eylífrar þýngdar, 2 Cor. 4. Og þetta er þad Páll segir, Róm. 5, er eg strax áminntist, ad þolinmædin verki reynsluna, reynslan vonina, en vonin láti eigi til skammar verda; hvar fyrir? þvíad trúin, er voninni jafnan fylgir, hún er vera þeirra hluta sem koma skulu, Hebr. 11. Hvors vegna þeir ed bera Christí ok, þeir eiga víst himnaríki, þad er pantur eptirkomandi farsældar, vid hvörn hans brúdur gledur sig, þar til hann kémur, og innleidir hana í Lambsins brúdkaup, svo þegar hún hryggist af mótlætinu, þá gledst hún eins mikid edur meira af þeirri dýrd, sem vid oss mun framkoma í eylífu lífi, hvörrar eigi eru verdar mótlætíngar þessara tíma, Róm. 8. Þetta útmálar vor Lausnari med næsta fögru dæmi hér í Gudspjallinu, þar ed hann segir: ein kona nær hún skal fæda, þá hefir hún hrygd, þvíad hennar stund er komin, en þá hún hefir barnid fædt, minnist hún ecki þess harmkvælis fyrir fagnadar sakir, þvíad madur er í heiminn borinn. Hvad vinna menn ecki í þessum heimi fyrir veraldar höfdíngja, og þad fyrir lítil og óviss laun? já, margur vogar lífinu og kanské sinni eylífri velferd á=stundum, og endist ecki til ad njóta þess, er hann ætlar sér til launa. O, Guds börn! því skyldum vér þá telja eptir oss ad lída nockud fyrir himnaríki, fyrir hin eylífu launin, fyrir þad dýrmæta hnossid, af hvörju þeir aldrei sleppa kunna sem réttiliga skeidid hlaupa? 1 Cor. 9; fyrir hina kostuligu réttlætisins kórónu, 2 Tím. 4, sem þeim er afsídis lögd, er hafa barist gódri baráttu, haldid trúnni og gódri samvitsku? Einn madur, sá ed situr í tign og heidri, mun hann ecki þacka sínum födur, ad hann hefir hann svo vísliga uppalid, ad hann má reiknast þeirrar ærn verdur á sínum fullordins aldri? mun hann nockud telja þau vandar höggin, er hann hefir fleiginn verid? Og hvörsu ættum vér þá allar þackir ad kunna vorum himneska Födur, sá ed tugtar sín börn upp til eylífs lífs, til himneskrar konúngs tignar, til ad lifa og ríkja med honum eylífliga? hvör mun þá minnast þeirra táranna, sem hann hefir fellt í þessum eymdar=dal, nema hann, sem ad hefir helt þeim í sinn sjód, Ps. 56, og þá allareidu þerrad þau af sinna barna augum, Apóc. 7; þá mun þad verda uppskorid í dýrdinni, sem hér var sád í hörmúnginni, Ps. 126; þá mun þeirra gledi=saungur fagurt láta í hinni björtu Jerúsalem, er Guds dýrd uppljómar, Apóc. 21; hvörra óp og veinan ad heimsins börnum var til spotts og athláturs hjá sorgar=vötnunum í hinni dimmu Babýlon, Ps. 137, veröldu þessari. Hvörrar ærn og vegsemdar oss unni ad njóta hin blessada Guddómsins þrenníng, fyrir Jesú Christí blóds krapt og forþénustu, amen!

A þann Almenniliga Bæna-Dag.

Pistillinn, Esajæ 55 Kap.

Leitid Drottins, á-medan hann er ad finna, kallid á hann á-medan hann er nálægur. Sá hinn ógudligi láti af sínum vegi, og illvirkinn af sinni hugan, og snúi sér til Drottins, þá mun hann miskuna hønum; og til Guds vors, þvíad í hjá hønum er mikil fyrirgéfning.

Exordium.

I gamla Testamentinu tilsetti Drottinn eina hátíd sem haldast skyldi árliga í hinum sjøunda mánadi, og á tíunda degi sama mánadar, er menn sídan kallad hafa Hreinsunar-hátíd. A þeim degi var bodid, ad Israel skyldi þvínga sálir sínar, þad er sjálfa sig, svo sem þar-um má lesa, Levít. 16. Þessi hátíd er ad sønnu aftekin í nýa Testamentinu med øllum sínum fórnum; oss nægir sú eina og algjørda fórn, sem einusinni er innborin í þad allra-helgasta af hinum ypparsta Biskupi sálna vorra, Ebr. 9; en samt er þó ydranin fyrir syndirnar ecki aftekin; svo lengi sem vér ecki leggjum af ad syndga, svo lengi megum vér ecki leggja af ad ydrast, en þad mun ei verda fyrr enn líkhami syndarinnar verdur med ølln afmádur, Róm. 6. Því ætti med réttu allt kristins manns líf ad vera ein hreinsunar-hátíd, edur ad minsta kosti ættum vér ad géfa oss nockra stund á hvørjum degi til ad ydrast og játa syndir vorar; sá sem ætlar sér ad syndga nær syndin flýgur hønum í hug og ydrast sídan, hann er ecki betri enn sá, sem ætlar ad draga ydranina undan til daudans, því hann veit ei nær hann deya muni. Nú erum vér oss medvitandi þess, br. m., ad þar falla svo margir dagar úr hjá oss, og kanské, því verr, ad nockrir þeinkja hér allsjaldan til; því er nú þessi dagur af Konúnginum tilsettur, ad hann sé vor føstu og bæna-dagur. Gud gjæfi, ad hann væri þar eptir haldinn af oss med allri gudrækni, svo sem hann er naudsynligur, og ad ecki syndust þeir, sem gjøra hád úr føstunni, med hverri þó Guds heilagir menn hafa þreyngt bænum sínum í-gégnum skýin fordum daga, medan Guds fólk hét Guds fólk og kristnin kristni; en sídan hún hét Loamí, þad er: ecki mitt fólk, og menn yfirgáfu hinn lifanda Gud, margur hver, en gjørdu magan ad sínum Gudi, þá er fastan vordin ad athlátri, svo vel sem øll alvørugéfni í Guds þjónkan; menn halda eptir blodunum, en hafa sleppt ávextinum, svo David mundi segja, ef hann nú lifdi: eg huldi mína sálu í føstum, og þad vard mér ad brixli, Ps. 69. O, oss aumar og rænulausar manneskjur! mun hønum fastan mislíka, er segir hjá Jóel, kap. 2: snúist til mín af ølln hjarta med føstum og gráti og harmi? Og svo ad þér vitid ad þad ecki er ødruvís í hinu nýa Testamentinu, þá vil eg spyrja ydur ad, hvert Gudi muni ecki hafa þóknast fasta Cornelii, sem var heidinn madur? er hann sagdi vid Petur, Act. 10: nú er alla-reidu hinn fjórdi dagur ad eg hefi fastad, og er eg beiddist fyrir um hina níundu stund i minn húsi, þá stód hjá mér einn madur í hvítu klædi, er sagdi vid mig: Cornelí, þinna bæna og ølmusugjørda er minnst í Guds augliti. Mun Endurlausnaranum hafa þótt fastan ónýt, er hann sagdi vid lærisveinana, þegar þeir gátu ecki útrekid túnglmeina-djøfulinn: þetta djøfla-kyn verdur ecki útrekid nema med føstum og bænahaldi. Verdi Djøfullinn útrekinn af ødrum med føstum og bænahaldi, Matth. 17, því skyldu menn ei kunna ad reka hann út frá sjálfum sér? verdi Djøfullinn útrekinn med føstunni, því skyldu menn þá ei kunna ad fá Gudi innbygt med henni? því þad er víst, ad hvadan sem Satan er útrekinn, þar vill Gud byggja; þetta segi eg ei þess vegna, ad fastan vinni til nockurs í sjálfri sér, en þad vitnar allt Guds ord, ad bænin verdi krøptugri fyrir hana; fastan má eckert án bænarinnar, bænin verkar optliga án føstunnar; fastan hjálpar til ad drepa hinn gamla manninn, sem er andskoti bænarinnar og alls gudrækiligs framferdis, sé hún ecki í þeirri veru gjørd, þá er hún hræsni. Heyrum hinn gamla Sýrach hér-um: sá sem þvær sig eptir hinn

dauda og snertir aptur daudan mann, til hvers gagnar hans þvottur? Sýr. 35. Svo er og sá madur, er fastar í sínum syndum, og gjörir aptur þær sömu; hvad vann hann med því, ad hann audmýkti sig? hvör mun heyra hans bæn? Esajas kénnir oss í upplesnum Pistli hvernig þeirri sönnu föstu eigi háttad ad vera, sem er: ad hinn ógudligi fasti fyrir sín vond verk og illvirkinn fyrir sína hugsan, og þannig skipar hann Drottins ad leita. Vil eg því út af þessum Esajæ ordum hugleida ad þessu sinni: hvernig vér eigum ad leita Guds, hvern vér svo margfaldliga styggt höfum; hjálpa oss ó, Herra! til ad gjöra svo þetta þitt verk, ad vér þig fundid, og fundnum haldid gétum. Bænheyr þad gódi Gud, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Hvernig vér eigum Drottins ad leita, þarf ecki lángt eptir ad leita; þad segir sjálfur Drottinn oss, Jer. 50, med þessum ordum: á þeim dögum skulu Israels synir koma med börnum Júda, þeir skulu gánga án afláts grátandi og leita Drottins Guds síns. Gydíngar leitudu hans á hinni sídurstu kvalanna nóttu med sverdum og staungum, med lyktum og logbröndum, Matth. 26; vér skulum ei þannin leita Drottins, sem medkénnum ad vorar syndir hafa kvalid hann, sem var fráskilinn syndurunum, Ebr. 7; hvernig skulum vér hans þá leita? med harmþrúngnum og sundurknosudum anda, þad er med sannri ydran. Veginn vitum vér ad sönnu allir til Christum, en þad fellur ecki öllum svo létt ad gánga hann; eina kristiliga ydran er hægt ad nefna, en þad veitir mörgum bágt ad gjöra hana, jafnvel þótt oss bresti aldrei efni þar til, sem eru syndir vorar og ránglætíngar, er dagliga stíga upp í himininn fyrir Gud. Margur lægt ydrast og játa sínar syndir fyrir Gudi; en eg óttast ad þegar Gud lítur af himnum ofan yfir mannanna sonu, þá muni hann finna svo marga Pharaós, Exód. 20, Sauls, 1 Sam. 24, Jeróbóams, 1 Reg. 13, og Achabs, 1 Reg. 21, ydran, þad er, nytur fyrir utan kjarna, ský fyrir utan vatn, visnadar eikur ávaxtarlausar, tvisvarsinnum upprættar, svo sem Júdas postuli ad ordi kémst í sínum pistli; en Davíds, 2 Sam. 12, Jósúæ, Jós. 7, Ezechíæ, Esa. 38, og Peturs, Matth. 26, líkar munu færri vera, hvad Gud nádarsamliga betri. Hvad er þad þá, br. m., sem eins kristins manns ydran á ad hafa til ad bera? tvent er þad sérdeilis; 1) ad hún sé heit og alvarlig, 2) ad hún sé ecki ossein. Hvad hinu fyrsta vidvíkur, þá veit eg ad sönnu ad hinn nádugi Gud þiggur opt af oss viljan fyrir verkid, því hann þeckir vorn vanmátt og ófullkomligleika; en í ydranar-verkinu heimtar hann af oss, ad vér framleggjum allt þad vér tilhöfum og drögum ecki af. Sá sem kémur fram fyrir Gud til ad játa sínar syndir, og ad bidja um kvittun á þeim, og ecki úthellir sínu hjarta af fremsta megni fyrir honum, ecki lætur sálar- og líkhamans-krapta verda samtaka í því, ad sundurmerja sitt hjarta med íhugan sinna illgjörda og Guds gjæsku, síns tómlætis og hans réttlætis, sinna lýta og helvítis elds, sem þau hafa forþénad, eg veit ecki segi eg, hvad miklu hann er betri enn Ananías og Saphíra sem leyndu af verdi akursins, Act. 5; því eins og þau lugu ad heilögum Anda, er skynbarliga bjó í postulunum, svo mátt þú og vita, ad nær þú kémur í þinn bænastad, þá stendur þú í Guds augliti, sem alla hluti sér, og jafnvel hin innstu fylsni þíns hjarta rannsakar. Gabba því ecki Gud med eintómri útvortis hegdan, því hann lætur ecki ad sér hæda, Gal. 6;

og hafi þig sá glæpur nockrum sinnum hendt, þá vit, ad það er ein hróplig synd í Guds augliti, já, stærri enn allar þínar syndir, því hún apturheldur øllum hinum, er þú áttir ad afþvo med heitum ydranar tárum. Gjør því ydran í nafni Drottins, gjør ydran, segi eg, og lát þig ángra það af hjarta, ad þú hafir kastad høndunum til svo vegligrar Guds þjónustu. Vilt þú vita hvad mikla ydran ad Gud heimtar af þér fyrir syndina, þá vill hann, ad beiskja ydranarinnar skuli sambjóda stærd syndarinnar; þar fyrir, nær þú med sjálfum þér les þitt synda registur fyrir Gudi, þá hugleid, hve mikid gaman edur gledi þú hafdir af sérhvørri stór=synd, sem þig rekur minni til, og bid Gud ad slá á hjarta þitt med Móses sprota, ad þú megir hryggjast svo mikid sem þú gladdist ádur, og verdir þú hér=um bænheyrdur, sem án alls efa verdur, ef þú bidur heitt, bidur idugliga, Jóh. 16, og bidur í Jesú nafni, þá munt þú einkis ímissa, því sú gledi, er þú af syndsamligu athæfi hafdir, og afladi þér hrygdar í Guds augliti sídan, hún mun þér med einum ædri og meiri fagnudi endurgoldin verda, nær þú finnur, ad þú ert kvittur vid Gud, en sloppinn úr Djøfulsins neti. Þess gétur Páll, 2 Cor. 7: þér erud eptir Gudi hryggvir vordnir, svo þér hafid eingan skada af oss fengid, því sú hrygd, sem eptir Gudi er, hún verkar ydran til hjálprædis, hverrar ei þarf ad ydrast. Þegar þér viljid ydrast, br. m., og þér setjid ydur uppá dóm=stól ydar hjarta, til ad dæma sjálfa ydur, svo þér verdid ecki af Drottni dæmdir, 1 Cor. 11, þá álítid ecki syndina eptir mannligum þánka. Vér fyrirgéfum oss altíd nockud sjálfir, og finnum eitthvad til affsøkunar; konan bar søkina uppá orminn, en madurinn gaf konunni skuldina, Gén. 3; Aron segir: eg kastadi gullinu í eldinn og þar af vard þessi kálfur, Exód. 32; eins erum vér allir skapi farnir enn=nú í dag, ef vér látum oss sjálfráda, og viljum ecki láta Guds Anda vid oss ráda. Metum því ecki syndir vorar eptir vorum þótta, heldur eptir hans heilagleika, hans réttlæti, móti hverjum þær gjordar eru; metum þær eptir Jesú sáru píslum, eptir því lausnargjaldi, sem Gud hefir lokid í voru holdi, þá munum vér sjá hvad reidur Gud er þeim syndunum, sem oss jafnvel þykir lítid í spunnid á=stundum; þótt allur heimurinn flyti í tárum um allan sinn aldur, þá megnadi hann ecki hina minstu synd ad hreinsa í Guds augliti, nema hans Sonar forþénusta gjørdi þau gild. Svo stór, svo affskræmislig er syndin fyrir hans dómi, en Krists forþénusta verdur eingum til lids, nema þeim, sem af hjarta lætur sig ángra syndina; ætla því ecki, ad þú munir komast af vid Gud med eintómis játníngu munnsins, nema hugur fylgi máli; sá sem alleina játar syndina med munninum, en ángrar hana ecki í hjartanu, hann er eins og sá, er tekur umbúdirnar af sárinu, en leggur ecki plásturinn þar=vid. Guds Sonur er ad sønnu í heiminn kominn til ad lækna það sundurknosada, Esa. 61; en hvernig á hann ad lækna þig, barn mitt, ef hjarta þitt er heilt og óbrotid. Þar er einn gull=kálfur nærri því í hvørs manns hjarta, það er verøld þessi, sem ad sérhvor af oss hefir einhvern átrúnad á, eptir því sem hver er lyndur til; og jafnvel þeir, sem Gud elska vilja, þeim er eins háttad og þeim, er ad sønnu tilbádu Gud í Jerúsalem, en offrudu þó á Hædunum, 1 Reg. 22; svo er það fyrir oss aumum mønnum, vær seigjumst láta Gud gánga fyrir,

en flestir af oss hafa þó einhverja hjá=trú; sumir ríkdóm, sumir metord og sumir munadi sína, og á=medan vér höfum þá fram=hjá Gudi, þá er hætt vid, ad vér ecki af hjarta ydrumst; því eigum vér ad breyta vid þá eins og Móses gjördi vid kálfinn, hann brendi hann til ösku, kastadi hönum í vatn, og lét allan Ísrael drecka hann í sig til blygdunar sjálfum þeim, ad þeir höfdu tekid Egyptalands svívirdíngar fram=hjá hinum lifanda Gudi, Exód. 32; svo eigum vér ad höndla vid Rachels skúrgod, þeim er hún situr á, og leynir, Gén. 31, þad eru heimugligar girndir sálna vorra, sem ecki eru audsénar öllum. Vér eigum ad láta Mósen brenna þær til ösku med eldíngunum af Sýnaí, og kasta þeim í flód vorra ydranar=tára, og drecka þær sjálfir upp, svo þær hverfi, Exód. 32, aldeilis, og verdi ad eingu; þad vardar ad litlu, þótt vér stöndum raudir af óvirdíngu í Guds augliti med Ephraim, Jer. 31, því hann sér þær hvört sem er; Laban og Jakob kunnum vér ad pretta, Gén. 31, en ecki Jakobs Gud, Ps. 94, því hann er hjartnanna og nýrnanna rannsakari, og sér hvad í myrkrunum er hulid. Sundur=rífid ydar hjörtu, og ecki ydar klædi, segir Drottinn, Jóel. 2; Gydíngar plögudu á þeim dögum ad rífa sín klædi nær þeim rann í skap, annadhvert þegar þeim bar nockur sorg til handa, edur þeir vandlættu í Guds stad, eins og hræsnarinn Kaíphas lézt gjöra, Matth. 26; en hver sorg skyldi oss meiri tilfalla enn sú, ad vér höfum hinn góda Gud styggdan? um hvern skyldum vér meir vandlæta enn um sjálfa oss? því eingum erum vér svo margs ílls medvitandi, ef ecki í verkunum og ordunum, þá samt í hugrenníngunum. Eitt sundur=rifid fat gagnar til lítils; sundurrífum vor hjörtu med ydraninni, og þá munum vér finna, ad jafnvel vort réttlæti er ecki betra enn nidlags fat sem Esajas vottar í 64 kap., þá munum vér hvad best útlíta í Guds augliti; þegar vér athugum hvar frá vér erum fallnir, þá mun hann gefa oss einn nýan klædnad, svo ad mínkun vors fatleysis ecki sjáist. Nú er þad ecki nóg, ad hjarta vort klockni fyrir Gudi um stundar=sakir; ef vér hverfum þó aptur til sömu synda, þá vill þad lítid gagna, ad vér höfum audmýkt oss fyrir Gudi. Þeirri ydran er illa varid, sem leggur manninum alleina uppá hrygdina en ecki burt tekur sektina. En vid þad er ecki ad dyljast, br. m., ad þeirri ydran er svo háttad sem leyfir manninum ad velta sér aptur í sama saur. Sá hinn ógudligi láti af sínum vondum vegi, og illvirkinn af sinni hugsan, og snúi sér til Drottins, segir Textinn: hér er þad ad merkja, börn mín, ad Spámadurinn kallar ecki ad menn hafi snúid sér til Drottins, nema vér tökum vora illsku=breytni frá hans augliti. Þad er alkunnugt, hversu ad hinn gudlausi Amnon, sonur Davíds konúngs, breytti skammarliga vid systur sína, Thamar, ad hann rak hana út af húsinu, er hann hafdi vanbrúkad hennar líkhama, 2 Sam. 13; en þó eigum vér eins vid syndina ad breyta, því hún er ecki betra verd; vér þeckjum ecki hennar lýti fyrir blindu holdsins, fyrr enn Guds Andi rydur smyrslum ydranarinnar á augu vors innra manns, Apóc. 3; en nær hann svo gjört hefir, og vér fyrir nád Guds, þeckjum vora blygdan, þá eigum vér med öllu ad rydja glæpunum burt úr hjörtum vorum, og eingu ad leyna af því Satans herfángi, sem Gud hefir bölvad, Jós. 6, heldur brenna þad upp til kaldra kola, ad svo miklu leiti sem moguligt er í þessum daudliga líkhama, og Guds gjæska fær í oss verkad; og fyrir því ad þessu er svo varid,

þá eigum vér dagliga ad endurnýa vora ydran, því dagliga á hinn gamli Adam í oss ad dreckjast og deydast. Ecki segi eg þad, ad menn géti syndlaust lifad, þad er Guds eins ad syndga ecki; en þad er gudhræddsmanns ad ydrast syndarinnar, og ráda bót á henni; en Gud tilreiknar ecki þeim sem eru í Christó þær syndirnar, sem ad óvilja edur mannligum breiskleika kunna ad henda oss; hitt vill hann, ad menn skuli dagliga ydrast, því dagliga syndgum vér og forþénum ecki annad enn straff. Gud hjálpi oss! ef vér segdum, ad vér hefdum ei synd, segir Jóhannes, 1 Pist. 1, þá drøgum vér oss sjálfir á tálar, og Guds sannleiki er ecki í oss; já, allt vort líf er ei nema synd, væri þad ecki bætt fyrir Guds Sonar dauda; þegar vér hugdum ad lifa einn tíma syndlaust áfram, og vér lítum aptur nær hann lidinn er, þá mætti oss hrylla vid því, sem vér hugdum best ad gjøra, og svo margt augnablik sem er þar í, svo margur þyrni-broddur mundi stínga sálu vora, nema Drottins forþénusta hefdi gjørt athafnir vorar gildar í augliti hins stránga Dómara. Gud nádi oss fárádar manneskjur! hversu ad vér erum undir syndina seldir; sá sem vill skoda stjørnu nockra í einni sjónar-pípu, hann skal leita lengi ad henni, ádur enn hann fær komid auga á hana, og nær hønum hefir þad tekist, er hann svo skjálfhendtur ad hann varla fær vidhaldist, svo ad hann ecki missi hennar aptur; svo erum vér í andligum efnum, vér skulum fyrst lengi þvínga hinn gamla manninn ádur enn vér fáum hina blessudu Jakobs stjørnu, Núm. 24, Jesúm rétt séna, og nær vér þad ødlast høfum, þá eru vorar trúar-hendur svo óstyrkvar, ad þar er næsta hætt vid, ad hún kunni ad hverfa oss aptur, nema Gud styrki vora armleggi. Já, hinir bestu af oss eru eins og fylgispakur hundur, hann rennur ad sønnu veginn eptir sínum húsbónda nockra stund, en ef hann sér eitt dýr, einn saud, einn hest, einn titlíng, þá hleypur hann eptir því; svo eru og vorar hugrenníngar, vér rennum þeim til Guds í vorum bænum undir hans orda heyrn, á vorum ydrunar-tímum, og kanské nockrir optliga þar fyrir utan, en strax sem þar flýgur fyrir oss eitthvert glis veraldarinnar, einhver ábata-von, eitthvert reidi-efni, eitthvert brosligt, sem oss þykir skémtan ad, jafnvel þótt þad á-stundum sé náúnganum til hneisu og óhródurs, þegar þetta edur annad þvílíkt, sem verøldin er full af, bregdur fyrir oss, þá bregdum vér opt af veginum, og hlaupum eptir þessu, og gjætum vér þá lítt undanfarinna synda, er oss urdu svo beiskar í ydraninni, ad þar var ecki fridur í vorum beinum fyrir Guds ógnan, Ps. 38, ef vér látum oss villa oflángt eptir slíkum hégóma. Nú er þar þó eingin, sem kunni ad vardveita svo vel sitt hjarta, já, eg má segja munn og hendur, ad ecki verdi á fyrir hønum í þesshattar hlutum, og þad dagliga; fyrir því sjáum vér og, ad vér hvern dag, já, á hverri stundu høfum nóg ydranar-efni, og er þess betur þess optar, því sá er sér temur þad hugarfar, hann lærir bædi ad sjá gjørr eptir athøfnum sínum, svo og er líkligt, ad hann muni ecki hverfa aptur til stórglæpanna, því ef hann svo lærir ad ydrast dagliga þeirra bresta, sem hann fær varla edur ecki vidgjørt, þá mun hønum í hug koma, hvad sárt þad muni kvelja hans samvitsku, ef hann skyldi rata í nockurn ógjørníng; svo eigum vér nú ad leitast vid ad afmá líkhama syndarinnar, Róm. 6. Þad er illa bygt, ad brjóta eitt gamalt hús nidur, og tylla því upp aptur af sømu røfum; menn skulu ecki einasta deyda hinn gamla manninn,

er sig fordjarfar í girndum villudómsins, heldur á þar að upprísa einn nýr maður, sá ed lifi í heilagleika og réttlæti fyrir Gudi æfinliga, annars geingur hinn aptur, og einn Djöfull, sem einusinni er útrekinn, hann tekur sjö adra anda sér verri, Lúk. 11, og hverfur aptur í það hús, hvaðan hann út fór. Gjætum að hvernig þeir hafa breytt sem af hjarta hafa ydrast; Petur var miklu trúarsterkari eptir það hann hafdi til fulls grátid það hann hafdi trúna mist, Matth. 26, og fékk svo meiri náð enn hann mist hafdi, Act. 2; einn stór syndari, sem af hjarta ydrast hefir, hann er miklu líkligri til að standa stödugur, heldur enn einn sem meinar að sér hafa eckert áordid, og er af mönnum gódur haldinn. Gudi er og miklu þægri svoddan stórbrota-manns ydran og elska til Guds, sem optast mikil er, af því honum fyrigafst mikid, Lúk. 7, heldur enn ydrunarlaust meinleysi þess, er litid edur eckert finnur til synda sinna; þar fyrir sé ydranin svo heit, svo kroptug og svo alvarlig, að það beiskist í vorri sálu, sem ádur þótti sætt í lífernina, og að það kvelji oss í hjartanu, er ádur gladdi í holdinu, svo opt sem vér minnumst á vorar eigin syndir, edur heyrum þær af ödrum drýgdar, og þá munum vér sídur aptur á-ný samþyckjast þeim glæpunum, er Drottinn hefir oss eitt-sinn kvitta géfid. Í Exód. 29, stendur ritad um brennifórnirnar, sem og vóru syndafórnir, að þær ættu med heilu líki að uppbrennast; í Levít. 1, er kénnimönnunum skipad, að þvo innibli soddan brennifórna og svo fæturnar; nú býdur St. Páll oss Róm. 12, að vér skulum offra Gudi líkhami vora, eina lifandi fórn heilaga, Gudi þægiliga, það er sú brennifórn, er honum líkar í hinu nýa Testamentinu; þvoum því inniblin, þvoum hjarta vort, bleytum það út í heitum ydrunar-tárum; þvoum fætur vorar af þeim saurindum, er þær hafa atast í á hinum breida veginum, sem liggur til glötunarinnar, Matth. 7. Drottinn sagdi vid Petur Jóh. 13: sá sem þveginn er, hann þarf ecki að þvo nema fæturnar; Frelsarinn dró hér dæmi af þeim, sem laug edur bad taka, þeir þvo fæturnar sídarst, þegar líkhaminn er allur þveginn. Ó, Guds börn! vér erum að sönnu allir þvegnir í skírnarlauginni, í hverja Jesú dýrmæta blód er útrunnid, en vorar fætur hafa sídan gengid á vondum vegi, og dagliga eigum vér leid í-gégnum fen og óvegi þessarar veraldar. Eingin er svo vel skófatadur, Eph. 6, svo reidubúinn að framfylgja Evangelió fridarins, að ei slettist nockud uppá; forgéfins erum vér í skírninni afþvegnir, nema vor innri madur skírist dagliga í tára-flódi vorrar ydranar; það er ecki nóg að vera skírdur í Jórdan, vær skulum og skírast í Mara, Exód. 15; þvoum því hjartad, sem er brunnur illskunnar, af hverju fram-koma vondar hugsanir, Matth. 15, med kristiligri ydran, hreinsum fæturnar med sama hætti, og hinn ógudligi láti af sínum vegi, leggjum svo þessa fórn uppá Drottins altari. Þegar Aron hafdi helgad samkundu tjaldbúdina og verkfæri þjónustugjördarinnar og lagt brennifórnina uppá altarid, þá géck eldur út frá Drottni og fortærdi því, Levít. 9; þegar hin nýa tjaldbúd Guds, sem er hjarta eins ángrads syndara, þegar hún er hreinsud og helgud med ydraninni, þá mun h. Andi í því birtast í einum elds-loga, og uppkveikja í þess manns hjarta, eina brennandi elsku til Guds, er honum svo margar syndir hefir tilgéfid; sá sem henni hefir eitt sinn nád, hann hefir nád því góda hlutskiptinu, honum mun hægra að mótstanda syndinni, svo lengi hún ecki

slocknar, þá er ecki hætt vid ad hann láti syndina í sér drottna; hún uppbrennir allt sorp veraldligra girnda í hjartanu. Þegar Gedeon hafdi lagt brennifórnina uppá klettinn, eptir því sem eingill Drottins baud honum, þá rétti eingillinn sinn staf út, er var í hans hendi, og snerti fórnina, og þar spratt eldur upp af bjarginu, og fortærdi kjötinu og hinum ósýrdu braudunum, Júd. 6; legg þína fórn, kristinn madur, uppá þann stein, sem uppbyggendur forsmádu, Ps. 118, þann útvalda hyrníngar=stein, er Gud hefir sett í Zíon, Jesúm Christum, Esa. 28; þar mun eldur út frá honum gánga, já, einn brennandi elskunnar og trúarinnar eldur, sem upptendrar þína fórn, svo Gud sem býr í hædunum lukti einn sætleiks ilm þar af; og hefi eg nú svo um þad nockud talad, hversu ad ydranin eigi kroptug ad vera til apturhvarfs frá syndunum, og til mótstödu þeim. Nú þótt ad menn séu um þad sannfærdir í hjarta sínu, ad einginn kunni ad eignast eylíft líf nema sá, sem af hjarta ydrast syndanna og lætur af þeim, þá erum vér svo tregir til þessa verks, og vér látum oss allt annad meir umhugad vera. Segid mér, hver er sá ed segi: þar er nógur tími til ad verda ríkur, til ad taka veitslur og virdíngar, til ad reisa til géstabods; segir ein Jómfrú? þar er nógur tími til ad giptast, ef henni býdst þad rád, sem henni líkar; edur sá, hvers asni edur naut ad fellur í pitt, ad þad sé nógur tími til ad draga þad upp? eda ef eldur kviknar í eins manns húsi, ad nógur tími sé til ad slockva hann? en til þess ad kveikja vora lampa, til ad fagna brúdgumannum Christó, Matth. 25, til ad draga sjálfa oss upp úr feni syndanna, til ad slockva bál girndanna, sem Djöfullinn hefir upptendrad í hjarta vorn, til þess kollum vér ad altíd sé nógur tími, eins og hefdum vér festi=bréf, af Gudi uppá lífdagana. Þér vitid hvad St. Páll segir, Gal. 5: holdsins verk eru opinber, sem eru: hórdómur, saurlífi, óhreinleiki, lausúng, skurdgoda dýrkan, fjölkýngi, fjandskapur, þrætur, kappgirni, þráttan, sundurþyckja, flockadráttur, öfund, manndráp, ofdryckja, ofneytsla, og þessu líkt, hvad eg segi ydur fyrir, og hefi ádur sagt, ad þeir ed þvílíkt gjöra erfa ecki Guds ríki, segir hann. Nú hafa allir af oss framid eitthvert af þessu edur þvílíku, kanské lengst aldurs síns, og sumir ecki enn=nú aflátid; en vér vitum ecki nær sagt verdur: þú dári! á þessari nóttu munu þeir þína sál frá þér taka, Lúk. 12, og sumir fá einga advorun; ecki kastar daudinn öllum fyrst í bana=sængina; margur deyr svo hann sér ecki daudan fyrir augum sér; í einu augna=bragdi, í svefni, midt í syndunum kippir hann sumum í burtu; en þú veizt ecki hvad helst af þessu ad þér muni ætlad. Seig mér þá í Guds nafni, seig mér, er þar altíd nógur tími til ad ydrast? er þad viturligt, ad draga sína umbót undan í trausti lángra lífdaga, eins og hefdum vér gjört sáttmála vid daudann? vor dauda=stund er altíd, því skyldi vor ydrunar=stund altíd vera; þú segir: þad tekst mér ecki, því medan eg syndga gét eg ecki ydrast; þad er satt, því ydranin kémur ecki fyrr enn eptir syndina; Gud gjæfi ad hún kjæmi þó jafnan strax ad henni drýgdri, og mundum vér sjaldnar syndga, fyrst því verdur ecki ákomid, ad vér hugsum til þess, nær syndin grípur oss, hvad beiskt ydran þar verdi á eptir ad fylgja, ef syndin á ad verda oss fyrirgéfin. Gud gjæfi vér vildum gjöra eins og dúfa Nóa, Gén. 8: hún flaug út, og kom aptur strax med einn olíu=kvist í munninum, sem var fridar=

merki. Gud gjæfi, segi eg, ad vér vildum eins gjøra þegar vér fljúgum út af Guds ørk med syndsamligu athæfi, ad vér vildum þá hverfa strax aptur í ørkina, og fridmælast vid Gud, og ecki líkjast hrafninum, er aldrei kom aptur, Gén. 8. Br. m., svo lengi sem vér erum í syndunum, svo lengi erum vér undir Guds reidi, Jóh. 3; svo lengi vér án ydrunar lifum, erum vér undir Satans valdi, Act. 26. Vitstola má sá vera, sem þetta vill eiga yfir høfdi sér! en Gud frambýdur sína miskunsemi med þeim skilmála: í dag, í dag medan þú heyrir mína rødd, þá forherd ecki þitt hjarta, Ps. 95. Djøfullinn heitir oss og Guds miskunsemi med þessu skilyrdi: á morgun, á morgun, en ádur enn þessi morgun kémur, þá kannt þú ad vera uppvaknadur í helvíti og kvølunum; Esaú kom seint med brádina, því fór hann á mis vid blessanina, Gén. 27; Pharaó þusti eptir Israel út í Hafid Rauda, Exód. 14, en vildi flýta sér aptur til sama lands er sjórinn gein yfir høfdi honum, en þad var þá allt um seinna. O, þú syndug manneskja! þú sem meinar ad þar sé altíd nógur tími til ad ydrast, þeink á þetta dæmi, ef þú gengur óttalaust áfram í hinu rauda hafi blódugra synda og illgjørda, og þeinkir aldrei til apturhvarfs, hvad veizt þú nær Guds reidi-flód steypist yfir þig, ad þér óvørum, svo þú gétir ecki aptur-snúid. Sparid tímann, segir Páll, Eph. 5. Þegar vér høfum mikid ad sýsla, br. m., er oss þykir á-liggja, þá kollum vér hvern tíma, hvert augnablik ad vera dýrmætt; ó, segid mér, liggur oss á nockrum hlut svo mjøg sem ad komast í sátt vid hinn Almáttuga, þó látum vér oss svo lítid þar-um ant vera; ef nockur sleppir gódu tækifæri til ad framkvæma einhvern hlut sér til gagnsmuna, þá hlæum vér ad honum, ef vér ecki hyrdum um hann, aumkum hann og áteljum, ef hann er vor vinur; hendi þad oss sjálfa, þá ydrumst vér eptir; en Djøfullinn hlær ad oss, ad vér forsómum ad taka á-móti Guds gjøf, medan hún er fyrir høndum. Margt kalla menn heimsku í veroldinni, og hver af oss hlær ad ødrum, en einginn er þvílíkur dáraskapur sem sá, er oss marga hendir, þad er ad skjóta ydraninni á frest; hann er syndgar í því trausti, ad hann muni gamall verda, hann er líkur þeim, er brýtur skip sitt í þeirri von, ad hann muni komast til lands á flaka einum. Eg hefi ádur sagt, ad syndin verdi ecki fyrirgéfin, nema ad ydranin ad nockru leiti sambjódi henni; hverjum degi nægir sín þjáníng, segir Endurlausnarinn, Matth. 6; mundi þad ecki verda oss nógu þúngt ad ydrast á hverju kvøldi fyrir hvers dags syndir, ef vér hefdum þeirra registur vel uppskrifad í hjartanu; þétt ecki skjótum vér því á frest dag eptir dag, ár eptir ár? mun ecki þessi byrdi verda nockud þúng um sídir? sá sem er ødrum hádur og á ad vinna dags-verk, ef hann forsómar framan af deginum, mun hann ecki þess betur mega herda á sér þegar hann tekur til verksins? sá sem hefir í úngdóminum lítils aktad syndina, mun ecki ydranin verda honum þess þýngri í ellinni, ef hann á Guds ríki ad erfa? Vér vitum ecki hvad gamall Davíd var, þegar hann sagdi ad syndirnar væru sér of-þúng byrdi vordnar; hvad mundu þær ecki vordid hafa, hefdi hann dregid þær undan allt til daudans? Eínginn er sá af oss, ad hann leggi hinar þýngstu klyfjar á hinn veikasta eik, og þó viljum vér kasta allra vorra lífdaga syndum uppá vorn hrygg, þegar vér erum svo ellimódir, ad vér høfum nóg ad bera sjálfa oss. O, hversu vísliga var þad því gjørt af Davíd, er hann

beiddi Gud ad láta sig ecki gjalda sinna úngdóms synda; Ps. 25. Eitt sár er hægast ad græda medan þad er nýtt; svo er og syndin, hún verdur best læknud ad ferskum gjörníngi. Á morgnana taka menn læknisdóm inn á tóman maga; ydranin er lækníng syndarinnar, tem þér hana, barn mitt, á morgni þíns aldurs, medan þú fullhraustur ert; þeink á þinn Skapara í úngdómi þínum, ádur enn þeir vondu dagarnir koma og þú segir: þad líkar mér ecki, Eccl. 12. Páll skipar oss ad krossfesta holdid, Gal. 5; en þad er lítill kross fyrir hinn gamla Adam ad banna honum þad sem hann gétur ecki haft skémtan af lengur; þad er ad vísu ad offra Gudi því halta og lamada, Mal. 1, og mæla hönum med mælir hins framanda, en Fjandanum med Israels mælir; þirm elli þinni, ef þú kant hennar ad bída, og bídir þú ecki, þá munt þú finna, ad þú hefir eingan skada, nær kvöld þinnar æfi kémur, þótt þad sé um middegi þíns aldurs edur jafnvel fyrr. Veit eg ad Gud hefir mörgum snúid á sínum gömlum aldri, en undir því er ecki ad eiga, þótt hann sé miskunsamur, hann hefir aldrei lofad ad láta þann kasta ellibelgnum til ad ydrast, sem aldrei þeinkir til ad afklædast hinum gamla Adam medan hann fullhraustur var. Þú gjörir mig úngann aptur svo sem einn örn, segir Davíd, Ps. 103; þad er án efa þess vegna, ad Davíd endurnýadi sína ydran dagliga. Eru ecki tólf stundir í deginum? segir Endurlausnarinn, Jóh. 11; eg heyri víngarðs-Herrann lét verkamenn leigja um elleftu stund, Matth. 20, en sídar ecki. Veit eg, ad Gud hefir mörgum í andlátinu miskunad, og hann miskunar öllum, sem hans nádar leita; en þau munu dæmin færri vera, ad sá hafi snúid sér af hjarta til Guds í andlátinu, sem hann forsmád hefir alla æfi sína. Spámadurinn segir í Textanum: leitid Drottins, medan hann er ad finna, kallid á hann, medan hann er nálægur, svo sem gjöri hann rád fyrir því, ad sú tíd kunni ad koma, ad hann láti sig ei lengur finna, ad hann vilji ecki framar vera nálægur, ad hann vilji ecki heyra, þótt vér margtaladir séum, og útbreidum bádar hendur vorar, Esa. 1, ad hann inniloki sig í einu skýi, sem eingin bæn kémst í gégnum, svo sem Jeremías ad ordi kémst, Harmagr. 3. O, Guds börn! látum oss, látum oss ecki bída eptir þeirri tíd, hver veit nær hún er? hver veit nær mælir syndanna er uppfyltur? hver veit nær höfud-eingilsins lúdur kvedur vid í skýum himins? snúid ydur því til Drottins úngir og gamlir, ríkir og fátækir, voldugir og vesælir, þá mun hann miskuna oss, og til Guds vors, því hjá honum er mikil fyrirgéfníng. Eingiun hlutur er honum ómáttugur, Lúk. 1, svo er og einginn mælir hans miskunar; frá hans knjám hefir einginn synjandi farid, sem hans leitad hefir med ángri og trega; svo fljótt sem Davíd játadi afgjörd sína, svo fljótt lét Drottinn segja honum: Gud hefir þína synd í burttekid, 2 Sam. 12; Manasses stynur ecki fyrr í böndunum, 2 Par. 33, enn ad hans misgjördir eru fyrirgéfnar í himninum. Minn Herra Jesú! þú sagdir fordum vid Símon, Lúk. 7: þeim sem lítid er fyrirgéfid, hann elskar lítid. Herra! þar er einginn af oss, sem hér liggjum á þinni fótskör, sem lítid er fyrirgéfid. Mörg tíu þúsund punda eru oss uppgéfin hinum versta skulda-þrjótum. Herra! ef þad er möguligt, þá géf oss ad vér elskum svo mikid, sem oss er tilgéfid. Vér erum fortapadir synir,

sem høfum sóad vorri fodurleifd, en leitum þó aptur til fodur-húsa, Lúc. 15. Drottinn! þú hefir runnid á veg fyrir oss, og breidt út þinn fadm á-móti oss, þú hefir mætt oss á midri leid og tekid fagnandi í-móti oss; lát oss því aldrei gleyma, og aldrei verda í svo fráleitt sinni yfirge'fna, ad ve'r hverfum burt aptur til ad eta draf med svínunum, heldur ad oss smackist svo þínar vistir, þínir uxar og alid fe', Lúk. 14, er þú tilreidir oss he'r í nádinni, ad ve'r megum sitja til bords med Abraham, Isak og Jakob í dýrdinni, Matth. 8. Bænheyr þad gódi Gud, fyrir Jesú Christí forþe'nustu, amen!

Fjórda Sunnudag eptir Páska.

Gudspjallid, Jóh. 16 Kap.

Jesús sagdi til sinna lærisveina: nú fer eg til hans, sem mig sendi, og einginn af ydur spyr mig ad, hvørt fer þú? heldur af því ad eg taladi þetta til ydar, þá uppfyltist ydar hjarta af hrygd. En eg segi ydur þó sannleikann, ad þad batar ydur, ad eg fari he'dan. Því ef ad eg fer ei í burt he'dan, þá ke'mur eigi Huggarinn til ydar; en ef eg fer í burt he'dan, mun eg senda hann til ydar; og þá ed hann ke'mur, straffar hann heiminn um syndina, og um re'ttlætid, og um dóminn; um syndina, af því þeir trúdu ecki á mig; en um re'ttlætid, þvíad eg fer til Fødursins, og eptir þad sjáid þe'r mig ecki; en um dóminn, þvíad høfdíngi þessa heims er dœmdur. Eg hefi enn-nú margt ad segja ydur, en þe'r kunnid ecki ad sinni ad bera þad; en nær ed sá sannleikssins Andinn ke'mur, þá mun hann ke'nna ydur allann sannleik, þvíad hann talar ecki af sjálfum se'r, heldur hvad hann heyrdi, þad talar hann, og hvad eptirkomandi er, þad kunngjørir hann ydur; hann sami mun og auglýsa mig, þvíad af mínu mun hann þad taka og kunngjøra ydur. Allt hvad helst Fadirinn hefir, þad er mitt; þar fyrir sagda eg ydur, ad af mínu mun hann þad taka, og kunngjøra ydur.

Exordíum.

Eg mun bidja minn Fødur, segir Endurlausnarinn, Jóh. 14, og hann mun senda ydur einn annann talsmann, þann er blífi hjá ydur eylífliga, Anda sannleikssins, hvern heimurinn fær eigi medtekid, því hann sér hann ecki, og þeckir hann ecki, en þér þeckid hann, því hann mun blífa hjá ydur og í ydur vera. Lærisveinar Herrans vóru sorgbitnir af því ad hann sagdi þeim fyrir sína burtfør til Fødursins, Jóh. 16, svo sem vér strax heyrdum af Evangelíó. En til þess ad þeir skyldu ecki allt ofmjøg sturlast þar-af, þá gaf hann þeim þetta blessada fyrirheit, hvert hann efndi strax eptir sína himnafør, þar hann sendi heilagan Anda yfir þá med miklum krapti og undrunum, Act. 2, er fylgdi þeim æ sídan í øllum þeirra embættis-útréttingum, og kann hinni þridju Guddómsins persónu eckert huggunarsamligra nafn ad gefast enn þetta, ad hann sé vor talsmadur, Róm 8; því ef Gud er med oss, hver er þá á-móti oss? segir Postulinn. En ad h. Andi sé Gud, ber skírnin vor ljósast vitni um,

þótt eigi væri þar til önnur rök, þar vér verdum í hans nafni skírdir ásamt Födur og Sonar, Matth. 28; hann er vor talsmadur í hörmúngunum, því hann kénnir oss ad fyrir þær byrji oss inn ad gánga í Guds-ríki, Act. 14; vor talsmadur í vorum veikleika, því hann ber vorum anda vitni um, ad vér séum Guds börn, Róm. 8; vor talsmadur hjá Gudi, því hann bidur fyrir oss med ómrædiligum andvörpunum; vor talsmadur í því ad undirvísa oss, því hann leidir oss í allann sannleika; vor tals-madur í efasemdinni, er oss optliga hendir, sökum vors óverdugleika, því hann er pantur vorrar árfleifdar, Eph. 1. En svo sem þad, ad einum talsmanni heyrir ecki alleina til ad forsvara og afsaka þann, er hann ad sér tekur, og hughreysta hann og undirvísa, hvernig hann skuli haga sér fyrir dómaranum edur sínum herra, heldur og er þad hans embætti, ad mótstanda hans óvinum, og ad sannfæra þá sem á-móti mæla; svo er þad og heilags Anda verk, ecki alleinasta ad hugga Guds börn, og leida þau í allann sannleika, heldur og ad straffa og byrgja munninn á þeirra óvinum. Þetta embætti h. Anda er innifalid í þeim ordum, er Guds Sonur talar hér í Evangelió, ad hann muni straffa heiminn um syndina og um réttlætid og um dóminn; og fyrir því, ad þau þykja ecki svo audskilin, þá vil eg láta þad vera inntak minnar einfaldrar rædu í þetta sinn, ad útskíra þau. Drottinn hjálpi þar til med nád síns Anda, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Nær hann kémur, mun hann straffa edur sannfæra heiminn um syndina, segir Endurlausnarinn. Eínginn efi er á því, br. m., ad þetta á ad skiljast um hina stóru vantrúarinnar synd, hver ed drottnadi í heiminum framar venju á hérvistar-dögum vors lausnara; eg segi í heiminum, þad er í vantrúarinnar börnum, Eph. 2, svo ad bædi Gydíngar og heidíngjar vóru undir þessari synd, þar Gydíngar óskudu teikns, segir Páll, 1 Cor. 1, en Grickir (þad eru heidíngjar) leitudu ad speki; hinir vildu ecki trúa nema þeir sæi teikn og stórmerki, og þótt þeir mörg sæi, óskudu þeir samt teikns af himni; þessir leitudu ad speki og meintu ad þeir med náttúrunnar skilníngi fengi gripid hinn órannsakanliga Guddómsins dýrdar ljóma, sem uppfyllir bædi himin og jörd, hvern Guds Sonur var sendur til ad opinbera. En fyrir því ad hann vard Gydíngum ad hneixlan, en Grickjum ad heimsku fyrir þeirra vantrúar sakir, þá var heilagur Andi útsendur til ad sannfæra heiminn um þennan Guds sannleika. Ad þetta svo eigi ad skiljast, er deginum ljósara af orsökinni, er Drottinn færir hér til, sem er þessi: af því þeir trúdu ecki á mig. Hann talar um þetta svo sem einn undan-farinn hlut, en þá var allareidu komid ad hans burtför til Fodursins. Nú er þad kunnugt hversu ljósir ad vóru spádómarnir og ritníngarnar, sem af honum vóru, hverjar hann baud þeim ad rannsaka, Jóh. 5, samt vildu þeir ecki láta hann drottna yfir sér. Þeirra eigin sendi-menn báru vitni um, ad aldrei hefdi nockur madur talad svo sem þessi taladi, Jóh. 7, þó sögdu þeir ad hann gudlastadi; þeir sáu hans kraptaverk, og játudu ad einginn kynni þvílíkt ad gjöra, nema Gud væri med honum, Jóh. 3, samt báru þeir sér þá óhæfu í munn, ad hann væri Samverskur og hefdi Djöfulinn, Jóh. 8. Þeir höfdu fyrir augunum hans allra-heilagasta líferni; þó kölludu þeir hann ofneytslu-mann og vínsvelgjara, vin tollheimtumanna og bersyndugra, Matth. 11. Þeir kunnu ecki ad straffa hann um nockra synd, Jóh. 8; þó klögudu þeir hann, svo sem þann ed fráfnéri fólkinu og bannadi ad géfa keisaranum skatt, Lúk. 23; þessi var sú gudlausa vantrúarinnar synd, sem Jesús hér um talar; hún verdur og

á=stundum kølluð synd í ritníngunni framar ødrum syndum. Um Jeróbóam stendur víða í Kónganna bókum, að hann hafi komið Ísrael til að syndga, 1 Reg. 12, það er til vantrúar og afguða=dýrkunar; ef þér værud blindir (segir Lausnarinn við Gydínga) þá hefðuð þér ekki synd, en nú þar þér segið: vér sjáum, þá blífur ydar synd, Jóh. 9. Hvar eigi kann annað meint að vera enn synd vantrúarinnar, því fyrir utan hana høfðu þeir þó margar syndir; já, þessi er sú hræðiliga synd, er hann umtalar, Jóh. 15, 22, 24 kap.: hefði eg ekki komið og talað til þeirra, þá hefðu þeir ekki synd, en nú hafa þeir ekki það þeir kunni að skýla synd sinni með; hvar fyrir? minn Herra! því hefði þessi eina synd í burtu verið, þá hefðu allar hinar afmáðar orðið. Já, enn aptur, hefða eg ekki gjørt þau verk á=meðal þeirra, sem einginn kann að gjøra, þá hefðu þeir ekki synd, en nú hafa þeir séð þau, og hata bæði mig og minn Føður, og þetta er sú stóra vantrúarinnar synd, sem øllum ødrum framar synd kallast í ritníngunni; hvar fyrir? þvíað meðan hún blífur, blífa allar aðrar. Lækníng sálarinnar og allra vorra meina er alleina sú forlíkun sem Jesús gjørt hefir, er hann bar vorar syndir uppá tréð, 1 Pet. 2. Hver sem því ekki trúir, þann vill Drottinn að h. Andi sannfæri, þvíað með því að trúa réttiliga á hann verða allar aðrar syndir í burtu=teknar; vill hann því að heimurinn verði sannfærður um þessa einu synd, þvíað fyrir hana eina verða allar hinar bundnar og aptur haldnar; það gjørir Jesús bert, Jóh. 3, segjandi: sá sem ekki trúir, hann er þegar dæmdur; og aptur segir hann í sama kap.: sá sem ekki trúir Syninum, hann mun ekki sjá lífið, heldur blífur Guðs reiði yfir hønum; já, enn framar: ef þér ekki trúið því að eg sé, þá munuð þér deya í ydar syndum, það er, að eg sé ljós heimsins, svo sem hann hafði skømmu áður um sig vitnað, Jóh. 8. Sjáið hér, br. m., að vantrúin er ein høfuð=synd, og øllum ødrum meiri, og er nú auðsært hér af, að hún er sú synd, er Drottinn umtalar hér í Evangelíó; og þótt ekki væri annað til vitnis hér um, þá eru þau undur og stórmerki, er h. Andi birti með sinn guðdóms = krapt undir eins og sakleysi, almætti og guðdóm Christí, strax eptir hans himnaför, til að sannfæra heiminn um þessa skélfiligu vantrúarinnar synd; eður hvað sýnist ydur um hina miklu raust, er kom af himni svo sem þjótandi stormviðris, og fyllti upp húsið, þar postularnir inni vóru; um þær eldligu túngur, er settu sig yfir sérhvørn þeirra; um þau aðskiljanligu túngumál, er þeir tøluðu, eptir því sem h. Andi gaf þeim út að tala? Act. 2; segir ekki Lúkas, að þeir eð það heyrðu, hafi vorðið frá sér numdir og tvílráðir, segjandi hver við annan: hvað er þetta? Hvað virðist ydur um hina fyrstu prédikun St. Peturs, er hann gjørði í sama sinni? hvernig hann sagði þeim, að Jesús af Nazareth hefði ødlast anda fyrirheitisins af Føðurnum og úthelt því, er þeir þá sáu og heyrðu, og hvernig að þeir skárust í sínum hjørtum, er þeir heyrðu þetta og søgðu: góðir bræður, hvað skulum vér gjøra. Segið mér, var ekki þetta að sannfæra þá um hina hræðiligu synd, að þeir høfðu ekki trúað hønum, heldur krossfestu Høfdíngja lífsins? að eg tali ekki um øll þau undur og jarðteiknir, er fylgdu kristni=boðinu í þá daga, svo að hinir grimmu heiðíngjar, sem vóru án Guðs í heiminum, Eph. 2, gengu Drottni til handa og meðtóku hans vitnisburð; því hrósar Páll, segjandi: eg hefi allt frá Jerúsalem og þar um=kríng

allt til Illyríkum fullkomnad Evangelíum Christí, Róm. 15. Nú þótt ad þetta sé eiginlig meining Lausnarans í þessum ordum, sem nú hefi eg sagt og sýnt med nockrum rökum, þá eigum vér þó ad vita, br. m. ad þetta embætti h. Anda nær einnig til vor, því Frelsarinn sagdi vid þá, ad þessi h. Andi skyldi vera hjá þeim æfinliga, Jóh. 14; en þeir eru fyrir laungu komnir til hvíldar Drottins, samt hefir Gud ecki yfirgéfid sína kristni; því eigum vér enn=nú ad leita ad hønum í hans h. ordi, sem í fyrstunni var prédikad ad hønum samverkanda og styrkjanda med eptir=fylgjandi táknum, segir Markus, 16 kap., hvert hann er enn=nú ecki vidskila ordinu. O, hversu værum vér fávísir ad þeckja syndina, nema h. Andi sannfærdi oss þar um í Guds ordi! já, enn þá eptir þad vér høfum lært vorn kristindóm í barna=lærdóminum, þá køllum vér margt þad syndlaust ad vera, sem þó er ein fordæmanlig synd fyrir Gudi, ef hann vill í dóm vid oss gánga; og þar ad auki, þá má þad kunnugt vera, hversu ad kristinndóminum er almenniliga háttad manna á=medal, þad sumir kalla sig vel kristna, ef þeir trúa á Gud, og því ad Kristur hafi píust fyrir syndir heimsins. En St. Jakob heldur þad lángtum ødruvísi, þar hann segir: ad trúin sé daud án verkanna, Jak. 2. Nú ef sú trú er daud, sem ad ecki verkar fyrir kjærleikann, Gal. 5, svo sem Páll gjørir rád fyrir hinni sømu trú, er þad þá ecki vantrú? já, í sannleika, hún er vantrúnni verri, því sú trú, af hverri madurinn alleina þeckir Gud, og veit ad hann er bædi gódur, og þó undir eins réttlátur, en forsmáir þó hans vilja og ecki á=stundar ad læra hann, svo hann ad minsta kosti þeckja megi hvad lángt ad hann sé frá því, ad hann géti hønum fullnægju gjørt, hún hjálpar meir til ad fordæma einn heldur enn sáluhólpinn ad gjøra, þvíad Djøflarnir trúa því einnig og skélfast þar=af, segir St. Jakob, 2 kap. En segid mér, hvar á hold=ligur madur ad fá slíka þeckíngu nema hann sannfærdur sé þar=um af h. Anda? Petur segir til safnadanna í Asía: þér fórud allir vilit sem saudir, en nú erud þér umhverfdir til Hirdirs og Biskups sálna ydar, 1 Pet. 2; med hønum tekur Páll undir, segjandi: þér vórud myrkur til forna, en nú erud þér ljós í Drottni, Eph. 5; hvar fyrir mundi þad ské, nema fyrir verkan h. Anda, sem bjó í ordinu og straffadi heiminn um syndina. Hold og blód hefir ecki opinberad þér þetta, sagdi Drottinn vid Petur, heldur minn Fadir, sem er á himnum, Matth. 15; og hid sama má eg segja um þeckíngu syndarinnar. Fyrir Guds Anda erum vér endurfæddir í skírninni, Jóh. 3, endurnýadir í hugskotum vorum. Hann skapar í oss nýtt hjarta, Ps. 51. Hann leidir oss til Jesúm Christum, án hvers vér fengjum ecki til hans komist, svo sem vér medkénnum í hinni þridju grein vorrar trúarjátníngar; en hvar=med gjørir hann þetta? án efa í fyrst=unni med þeckíngu syndarinnar. Segid mér, hvert er þad offrid, sem Gudi þóknast? er þad ecki harmþrúnginn og sundurknosadur andi? sem David segir, Ps. 51; sú sála, sem ad hrygg er út af stærd íllskunnar og gengur bogin og veik? þau augu sem þreytt eru; ein húngrud sál mun géfa þér dýrdina og réttlætid, Drottinn, segir Baruch, kap. 2. En hvar viljum vér fá þessa hrygd, hver vekur í oss þetta andliga húngur? þad gjørir Andi Drottins med þeckíngu syndarinnar, bædi í Guds h. ordi og svo med sínum kroptugu innvortis hræríngum, þegar hann dregur þá skýluna frá augum sálarinnar, sem

Andskotinn hefir heingt þar-fyrir, og vér sjáum hversu vér höfum hinn góda Gud til reidi reitt med margra ára óhlýdni, og sýnir oss undir eins Guds óumrædiliga gjæsku og þolinmædi yfir öllu þessu, sem mörgum þeim hefir ad skyndíngu í burtu kipt, sem kanské ecki hafa meir syndgad enn vær. Hvad meinid þér, br. m.? munum vér taka þessar hugrenníngar af sjálfum oss? ó, nei! því vér erum ecki megnugir um af sjálfum oss til neitt gott ad hugleida, 2 Cor. 3, auk-heldur ad framkvæma; hvadan þá, nema af h. Anda; hver ed sannfærir oss um syndina? Gydíngar höfdu lögmálid, af því þecktu þeir þó ecki syndina; eigi meintu þeir sumirhverjir ad illar hugsanir væru synd, jafnvel þótt lögmálid segdi þeim: þú skalt eigi girnast, Exód. 20. Þar fyrir líkir Drottinn þeim vid grafir framlidinna, sem utan vóru prýdiligar, en innan fullar af allra handa óþekt, Matth. 23; þeim mundi hafa þótt þad undarligt, ad sá sem reiddist bródur sínum, skyldi vera ráds-sekur; sá sem liti eina kvinnu til ad girnast hana, hann hefdi alla-reidu drýgt hór med henni í sínu hjarta, Matth. 5; edur ad madurinn væri skyldugur til ad gjöra þeim gott, sem vid hann misgjörir. Svo mikill er nú munur bókstafsins og andans; hinn deydir, ef hann er einsaman; þessi lífgar, en brúkar lögmálid fyrst til ad deyda, þad er ad sundurmerja, og kénna syndaranum, ad hann sé dauda-sekur, og þannig innilykur Gud alla undir óhlýdninni, uppá þad hann miskuni öllum, Róm. 11. Vitid þér ecki, ad þér erud musteri Guds? segir Páll, 1 Cor. 3. Eg ætla ad svo fari best Guds þjónustan í þessari kyrkju, ad Móses hafi bassann í lögmálinu, en Kristur tenórinn í Evangelió, því hins góda Hirdirs raust mun þó yfirtaka og hærra láta enn Móses reidarþruma. Þad er einn glediligur tvísaungur í eyrum mæddrar samvitsku, og þá rætist þad med fullu og öllu, er Drottinn sagdi fordum daga: Guds ríki er inni hjá ydur, Lúc. 17. Jafnvel ángrid fyrir syndina er Guds börnum þeckara, enn öll heimsins kjæti hans sonum, og þau tárin, er einn syndari fellir í Guds sjód, þau smacka honum betur enn vín hinnar flárádu Dalílæ, veraldarinnar, hennar fylgjumönnum. Og því segir Lausnarinn hér strax eptir: ad h. Andi muni sannfæra heiminn um réttlætid, af því hann fari til Fødursins. Kristur meinar hér í fyrstu sitt eigid réttlæti og sakleysi; þad hlaut á eptir ad fylgja, þegar Guds Andi hafdi straffad heiminn um þá skélfiligu synd, ad þeir trúdu honum ecki, heldur festu hann uppá gálgann, er þeir kunnu þó ecki ad straffa um nockra synd, þá hlaut þad á eptir ad fylgja (segi eg), ad hann sannfærdi þann sama heim um hans réttlæti, ad þeir höfdu lífsins Hertoga krossfest, svo sem Petur sagdi þeim, Act. 3; þá kunnu þeir ad segja, ad hann væri timburmannsins sonur, Matth. 13; ad þeir þecktu födur hans og módur; ad hann væri Samverskur og hefdi Djöfulinn, Jóh. 8; ad hann fyrir Belzebub Djöfla-höfdíngja ræki út Djöflana, Lúc. 11; þá kunnu þeir ad géfa honum þad ad dauda-sök, ad hann kalladi sig Konúnginn Christum, Lúc. 23; já, ef hann væri Guds Sonur, ad hann skyldi stíga ofan af krossinum, Matth. 27; þá var þad tími fyrir þig ó, þú hinn gudlausi Biskup Caípha! ad rífa þín klædi, af því hann játadi sig Guds Son ad vera, Matth. 26; þá var tími til alls þessa, þegar hann ad sigrudum dauda, Djöfli og helvíti, upphafinn yfir alla himna, hafdi sett sig til Kraptarins hægri handar, og til vitnisburdar

um sitt almætti, sitt réttlæti og dýrdarfullu hátign, sendi hinn h. Anda yfir sína þjóna og ambáttir med stórum undrunum og táknum, já, yfir sína sjandmenn og ofsóknara, svo ad margir af kénnimönnunum hlýdnudust trúnni, segir Lúkas, Act. 6; þegar umkomulausir fiskimenn ráku út djöflana, læknudu sjúkdóma, opinberudu leynda hluti, sem einginn manna kunni ad vita, svo sem Ananíæ og Zaphíræ dæmi vitna, Act. 5, og þetta skédi allt í hans nafni, sem hinir ádur höfdu kvalid, húdstrýkt og á gálgann uppheingt milli tveggja spillvirkja. Med öllum þessum guddómligu furdu-verkum sannfærdi nú h. Andi veröldina í þá daga. Því eg fer til Födursins, segir Herrann; þetta hid sama brúkadi h. Andi fyrir munn Péturs til ad sannsæra þá um Christí réttlæti, er heyrdu á tal hans, Act. 2, er hann vitnar af spádómi Davíds konúngs um upprisu og uppstigníng Drottins Jesú, segjandi: ecki er Davíd uppfarinn í himininn, er hann segir sjálfur: Drottinn sagdi mínum Drottni: sit þú mér til hægri handar, þar til eg legg óvini þína til skarar fóta þér; viti því allt Ísraels hús fyrir víst, ad Gud hefir gjört hann ad Krist og Herra, þenna sama Jesúm, er þér krossfestud; og ad þessi sé meiníngin í ordum Drottins, vottar þad sem hér eptirfylgir: og eptir þad sjáid þér mig ecki. Ad sonum sáu hann lærisveinarnir eptir hans upprisu, en ecki med somu ásýnd og ádur; ecki í þjóns-mind, heldur svo sem einn sigurvegara; ecki svo sem þeir sáu hann í grasgardinum bundinn og fjötradann, heldur einglunum líkann, þar hann géck inn ad luktum dyrum til þeirra, Jóh. 20; ecki svo sem eina bölvan á krossinn uppheingdann, Devt. 21, heldur upprisinn af daudum, ad daudans pínu uppleystri. Allt þetta vottadi hans réttlæti og sakleysi, því þad var ómöguligt, svo sem Pétur sagdi, ad hann kynni af daudanum haldinn ad verda, Act. 2. En allra-helst meinar Drottinn hér sína himnaför, ad þeir mundu hann ecki sjá úr því, ad hann gjördist fyrir þeim ósýniligur, og ský tók hann burt frá þeirra augum, Act. 1. Og er nú af þessu öllu réttlæti Drottins sannbevísad, fyrir vitnisburd h. Anda, sem fám dögum þar eptir kom yfir postulana med sýniligum Guds krapti, svo ad þeir túngur töludu, Djöfla útráku, lögdu hendur yfir sjúka og þeim batnadi, sögdu fyrir óvordna hluti, svo sem hann ádur fyrir sagdi og segir berliga hér í gudspjallinu med þessum ordum: nær ed sá sannleiksins Andi kémur, þá mun hann kénna ydur allann sannleik, því hann talar ecki af sjálfum sér, heldur hvad hann heyrdi, þad talar hann, og hvad eptirkomandi er, þad kunngjörir hann ydur; hann sami mun og vegsama mig, því af mínu mun hann þad taka og kunngjöra ydur. Hvad sýnist ydur br. m.? er ecki þvílíkt ad sannfæra heiminn um réttlæti Drottins Jesú? og af þessu Jesú Christí allra-helgasta réttlæti hángir vort réttlæti, eg meina þad oss tilreiknad verdur, því þad er raunar hans réttlæti; og þar fyrir heyrir oss og svo til þetta embætti h. Anda eigi sídur enn þeim, sem lifdu á postulanna dögum; og byrjar oss hér fyrst ad athuga þau ord, er hann taladi til lærisveinanna skömmu sídar, Jóh. 16: innan lítils tíma munud þér ecki sjá mig, og aptur innan lítils tíma munud þér sjá mig aptur, því eg fer til Födursins; af hverjum ordum þad audsfært er, ad Drottinn kallar sína pínu, sinn dauda, sína greftran og upprisu í þessum stad, sína burtför til Födursins ásamt himnaförinni.

Nú er það öllum mönnum augljóst, að réttlæti syndugs manns er í því fólgið, að Kristur er fyrir oss dáinn, upprisinn og til himna farinn; því segir og Páll, að hann sé dáinn fyrir vorar syndir, og upprisinn oss til réttlætis, Róm: 4. En forgéfins væri hann dáinn og upprisinn, væri hann ecki til himna farinn og seztur til Kraptarins hægri handar, til að biðja fyrir oss, hvaðan hann og hefir sendt oss sinn Anda, sá ed trúna í oss verkar, fyrir hvörja maðurinn alleina verður réttlátur fyrir Guði, Róm. 3. Allt þetta kénnir hann best sjálfur med fám orðum, Lúc. 24, er hann sagði við lærisveinana undir sína himna-för: svo er það skrifað og svo byrjaði Christó að líða og upprísa af dauðum á þriðja degi, og prédika láta í sínu nafni yðran og syndanna fyrirgéfníng hjá öllum þjóðum; og kémur þessi partur embættis h. Anda mjög vel saman við hinn fyrra, þvíað í þeckíngu syndarinnar er yðranin fólgin, en réttlætið í fyrirgéfníngu syndanna, og því vil eg taka mér hin gledilígu St. Páls orð í munn um þetta efni, er hann segir, Róm. 8: hver vill ásaka Guðs útvalda? Guð er sá sem réttlætir; hver er sá ed fordæmi? Kristur er sá sem dáinn er, já, en framar, upprisinn, hver einnig er á hægri hönd Guði, sá einnig er meðalgángari fyrir oss. Sé því mitt réttlæti ecki betra enn niðlags-fat, Esa. 64. Guðs heilagur Andi hefir sannfært heiminn, sannfært lögmálið, sannfært Djöfulinn, já, sannfært mína ángráða og sturlaða samvitsku, sem klagar mig um fjölda minna synda dagliga, hann hefir sannfært þau, segi eg, um Jesú Christí réttlæti, sem vordið er mitt, því hann er Jehóva vort réttlæti, Jer. 23, og bæði mér og öllum stór-syndurum af Guði géfinn til réttlætis, til helgunar og eilífrar endurlausnar, 1 Cor. 1. Hafi Adam forþénað med hinni fyrstu synd að verða útrekinn úr Paradís med sinn ránglæti, hafi hann lokað henni aptur eptir sér og öllu sínu afkvæmi, hafi eg hans syndugur niðji fylgt hönum eptir í ránglætinu, svo þar er eckert nema fordæmanligt í mér, það eg hefi af hinum fyrra Adam meðtekið, hvern Lúkas kallar Guðs Son, Lúk. 3, en gjörði bæði sig og mig og allt sitt hyski að Djöfulsins börnum fyrir yfirtroðsluna: þá sannfærir þó Guðs góður Andi mig um það, að hinn eilífi Guðs Sonur, hinn annar Adam, sem er Drottinn af himni, 1 Cor. 15, hver að hefir Davíðs lykil, og upplýkur svo einginn kann aptur að láta, Apóc. 3, hann hefir bæði mér og öllum þeim upplokið ríki himnanna, sem med ángri síns hjarta skríða að fótum hans og segja: Faðir, eg hefi syndgast í himininn og fyrir þér, eg em ei verður að kallast þinn Sonur, gjör mig svo sem einn af þínum leigu-mönnum, Lúk. 15. Hverjir eru mínir óvinir? hvar eru mínir áklagendur? það er lögmálið, það er heimurinn, það er Djöfullinn, það er mín eigin samvitska; eg óttast þá ecki, þegar Drottinn er mér náðugur fyrir míns Endurlausnara réttlæti; þeir eru böðlar Guðs, nær hann er reiður, en þeim sem í Jesú Christó er við hann sáttur og kvittur, géta þeir eckert mein unnið; ecki lögmálið, því hann er kominn lögmálið upp að fylla, Matth. 5; ecki heimurinn, því hann segist hafa heiminn sigrað, Jóh. 16; ecki Djöfullinn, þvíað höfðíngi þessa heims er dæmdur, Jóh. 14; ecki mín samvitska, því Jóhannes segir: ef yðar hjarta fordæmir yður, þá er þó Guð meiri yðar hjarta, 1 Jóh. 3; og Pétur segir um skírnina, að hún sé sáttmáli góðrar samvitsku, 1 Pet. 3; þótt eg hafi hann yfirtroðið, þá veit

og þó ad hans blód er útrunnid í skírnar=sáinn, sem mig óverduganu þræl hefir elskad meir enn sjálfan sig. Jesús er bædi Gud og madur, Guds eingétinn Sonur og þó Davíds sonur, Matth. 1; þar sé eg Gud hefir straffad á Gudi mínar syndir, og þann mann og minn bródur eptir holdinu, í hvørjum ad býr øll fylling Guddómsins líkhamliga, Col. 2, hefir hann ad afrekadri minni endurlausn, sett sér til hægri handar; þar fyrir getur hann ecki straffad hans réttlæti á mér, hvers ránglæti hann straffadi á hønum, þegar hann gjørdist bølvan fyrir mínar syndir, Gal. 3, sem eylífa bølvan forþénad hefi. Gud hefir aldrei unnid meira frægdar=verk, heldur enn þá hann leysti oss synduga orma úr eylífu banni. Ødrum sinnum hefir hann átt ad skipta vid þad sem eckert var, svo sem þegar hann gjørdi himin og jørd af eingu efni, Gén. 1; edur vid skepnur sínar, svo sem þegar hann lét sólina standa kyrra, Jós. 10, klauf hafid í sundur, Exód. 14, sendi plágur yfir Egyptaland, og annad þvílíkt; en í vorri endurlausn átti hann ad býta vid sjálfan sig og sitt réttlæti, hverju eigi má raska; því er eg þess fulløruggur, ad hann lætur ecki svoddan stórvirki til ó=nýtis verda á þeim, sem treysta á forþénustu hans eingétins Sonar þótt ad syndugir séu, þvíad synduga og ecki réttláta er hann kominn ad kalla til ydranar, Matth. 9. Hvad skulum vér þá hér=til segja, segir Páll, Róm. 6; skulum vér dvelja í syndunum, svo ad nádin yfirgnæfi? fjærri sé því. Drottinn segir hér í gudspjallinu, ad heilagur Andi muni sannfæra heiminn um dóminn, af því ad høfdíngi þessa heims sé dæmdur. Hver ad sé þessi høfdíngi er audvitad, þad er Satan, hver hinn sami kallast Djøfla=høfdíngi, Matth. 12; en þar=fyrir kallast hann svo, ad heimurinn liggur í hinu vonda, 1 Jóh. 5, en hann er alls ílls høfundur; hønum þjónar mikill herskari í heiminum, allra=helst manneskjan, med adskiljanligum syndum og glæpum, svo ad hann er mektugur í børnum vantrúarinnar, segir Páll, Eph. 2, þad er í heimsins børnum; hann er dæmdur; tønn fyrir tønn, auga fyrir auga, segir løgmálid, Levít. 24. Satan var øll ordsøk í því ad Kristur var deyddur, kvalinn, húdstrýktur og mátti helvítis píslir þola, er syndin hafdi tilunnid; þar=fyrir er hann dæmdur til myrkranna hlekkja eylífliga í helvíti, 2 Pet. 2, hann er dæmdur, þad er sígradur og útrekinn; svo segir Drottinn hjá Jóh. 12, undir sína pínu: nú er dómur heimsins, nú mun høfdíngi þessa heims verda útsnaradur. Þad er alkunnugt, hversu ad Satan drottnadi í verøldinni ádur enn Jesús kom í heiminn, já, ádur enn hann sígradi Djøfulinn á krossinum, hversu ad øll lønd voru full af hinni verstu afgudadýrkan, og sjálfri Guds þjónustu á=medal Israels barna hafdi hann svo spilt, ad þegar hann, sem løgmálid hafdi útgéfid kom í heiminn, hann þeckti ecki Guds løgmál hjá sínu fólki; þar yfir klagar hann, Mark. 7, segjandi eptir Esaja: þeir dýrka mig forgéfins, er þeir kénna þann lærdóm sem eru manna setníngar, því þér gángid fram hjá Guds bodordum, og haldid manna setníngar; þvott bikara og kéra, og margt annad þvílíkt gjørid þér. En þegar Guds Andi var úthelltur yfir allt hold, svo sem Jóel hafdi fyrir spád, Jóel, 2, þá urdu hér á snøgg umskipti, svo sem Lúkas skrifar í postulanna=gjørníngum, 2; svo hefir nú Drottinn Jesús útrekid Djøfulinn úr sínu ríki med Guds fíngri, Lúk. 11, sem er h. Andi, vordinn sjálfur høfud alls høfd=

íngjadæmis, og hefir flett hinn sterka hervopnada øllum sínum herklædum á hver hann treysti, Matth. 12, svo Djøfullinn hefir sjálfur naudugur borid vitni um hans almætti og Guddóms krapt; því lýsti hann medal annara af munni stúlkunnar, sem rann eptir þeim Páli og hans førunautum í marga daga, og hrópadi: þessir menn eru þjónar Guds hins hæsta, sem boda ydur veg velferdarinnar, Act. 16; þannig át Djøfullinn sjálfur ofan í sig allar gudlastanir sinna verkfæra; og þegar þeir flettu hinn Heilaga og Réttláta sínum klædum, og heingdu hann nakinn uppá tréd, þá hefir hann undir eins afklædt høfdíngja-dæmin og maktar-voldin, og þau opinberliga til skodunar framleidt, Col. 2, hrósandi sigri yfir þeim á krossinum. Og um þennan dóm sem nú þannig er yfir Djøflinum genginn, sannfærdi Guds h. Andi heiminn, ecki einasta þá ógudligu, sem máttu þreifa á slíku, heldur og alla þá, sem hann umsnéri til hlýdnis Christó, og gjørdi honum þjónustu-bundna, og þad sama verkar hann enn nú í dag í Guds h. ordi, þegar þad er hreint og klárt, og med alvøru nockurri og roksemi kénnt og prédikad, því jafnvel þótt adDjøfullinn sé bundinn, þá lætur hann þó ecki af ad skjóta sínum ørvum á Guds hér. Þar-fyrir kristnir menn, fyrst ad vorKonúngur hefir svo mikinn sigur unnid á Djøflinum, og svo vegsamligan dóm yfir honum fengid, þá látum oss ecki þá skømm henda, ad vér yfirgéfum Hertoga lífsins, en gaungum í lid med Fjandanum aptur, edur þjónum honum framvegis í syndinni og ógudligu athæfi, á-móti samvitskunni; verum minnugir þess eids, er vér sórum hinum lifanda Gudi í skírninni, ad vér játudum honum og øllum hans stórmerkjum, en afneit-udum Fjandanum og øllum hans svikum og vélum. Ecki hefir Guds Sonur þenna dýra sigur unnid fyrir sjálfan sig; þeirrar háleitu Guddómsins þrenníngar óraskanliga réttlæti var fullnægt fyrir hina fyrstu synd Djøfulsins; þegar hann var útsnaradur af himni; Gud tók rétt sinn af honum fyrir sjálfan sig í eylífum kvølum; fyrir oss synduga orma og Guds óvini, er þessi frægi sigur unninn; sínu lífi, sinni bitru kvøl og dauda hefir hin eylífa Gjæska til þess kostad ad fá herleidínguna ad herfángi tekid, Eph. 4, og oss sig-urinn géfid; med þessu dýrmæta lausnar-gjaldi hefir hann oss heil. Anda afrekad, til ad kénna oss ad þeckja syndina, ad þeckja hid sanna réttlæti sem er af trúnni, og til ad endurnýja vor hugskot, svo ad vér gétum, ef viljum Gudi þjónad. Verum því eigi svo óþacklátir edur sjálfum oss vondir, ad vér sløckvum h. Anda, 1 Tess. 5, med vísvitandi glæpum og illgjørdum í-gégn vorum Frelsara, sem oss hefir svo dýru verdi keypta, og þar hann hefir úthelt honum í vor hjørtu fyrst í skírninni, sídan dagliga nálægt í sínu h. ordi, ef vér forsmáum þad ecki, þá segjum ecki ad þad sé oss ómøguligt Gudi ad þóknast, 1 Cor. 3, því hann kann alla hluti framar ad gjøra, enn vér kunnum ad hugsa edur mæla, þar sem hann finnur gódan vilja. Þad er slægd Djøfulsins, ad hann breytir vid oss eins og þeir, sem Móses gjørdi frá sér inn í Kanaans-land, þeir søgdu illa af landinu, Núm. 13; svo breytir og Satan, hvar sem hann hefir vanid holdid á sínar kræsíngar, þad eru skammir og lestir, ad hann kallar þad ómøguligt Gudi ad þóknast, þar hann sé einn strángur herra, sem ad uppskéri þar hann ecki sádi, Lúk. 19. Þad lýgur þú, Satan, því fyrir utan þad ad allt hvad vér gjørum er ecki utan hálfverk, sem Postulinn vottar, 1 Cor. 13, og verdur þad svo af Gudi þegid, þá styrkir Andinn vorn vanmátt,

segir Páll, Róm. 8, og hann bregdst aldrei þessum, sem bidja um hans adstod, og allt hvad vér gjorum gott, ef svo má nockurt heita, af því vér gjorum, þad er hans verk í oss; hann verkar þad ad Guds bodord eru eigi þúng, 1 Jóh. 5; hvar fyrir? þvíad elska Guds er úthelt í vorum hjortum fyrir h. Anda, sem oss er géfinn, Róm. 5; hann gjorir Christí ok sætt, og hans byrdi létta, Matth. 11; hvar fyrir? þvíad elskan til Jesúm yfirvinnur alla hluti, og þad er eins og St. Páll segir: eg forsmá alla hluti fyrir hann, sem mig máttugan gjorir, Christum, Phil. 4. Í kristiliga líferni er miklu meiri gledi og unadsemd, jafnvel í þessum heimi, heldur enn í allskyns fullsælu veraldarinnar; en ef vér eigi til þessa finnum, þá veldur þad því, ad vani syndarinnar er allt ofríkur í oss vordinn; reynum til fyrst og tokum til ad berjast kallmannliga, sjáum til hvert vér ei finnum adstod h. Anda, og þegar vér fyrir Guds nád hofum yfirunnid, hvad án alls efa skédur, ef vér leggjum nockurn hug á vort mál, þá munum vér ecki vilja umskipta þótt allur heimurinn í bodi væri, og kalla strídid lítilsverdt hjá þeirri gledi er vér finnum í vináttu Guds og í gódri samvitsku; en þad má eigi undandraga, kristinn madur! Tef ecki ad snúa um til Drottins, segir hinn gamli Sýrach. 5 kap., og skjót því ecki á frest dag frá degi. Gjorum oss vidskila ógudliga verold þessa og hennar athæfi, strax sem Andinn kallar til vor af opinberíngar bókinni, segjandi: gángid út af henni mitt fólk, ad þér verdid ecki hluttakandi í hennar syndum, og medtakid af hennar plágum, Apóc. 18; og þetta lætur Gud á hverjum helgum degi klíngja fyrir vorum eyrum. Þegar Loth fordum daga tafdi ad gánga út af Sódóma, þá tók eingillinn í hond honum, og dró hann hálfvegis naudugan út þadan, svo ad hann ecki týndist í bálinu med odrum, Gén. 19. O, hversu opt tekur hinn nádugi Gud í hond vora med krossinum, med eptirdæmunum, med hinum strangu logmálsins hótunum, og dregur oss nauduga út af vondri veroldu þessari, ad vér ecki fyrirforumst med henni! Loth beiddi leyfis ad hann mætti búa í Zóar, sem var nálæg Sódóma, Gén. 19; en hann tafdi þar ecki lengi, hefir og ecki þorad sokum þess hrædiliga straffs, er kom yfir hinar borgirnar. Gjor slíkt hid sama, barn Guds, þegar þú ert einusinni fyrir Guds nád útgenginn frá heiminum, sem er rétt ein Sódóma, þá stadnæmst ecki í nágrenninu, þad er, kappkosta ad deyda aldeilis hinar fornu girndir; rek út ambáttina, Gal. 4, þad er syndumspilta náttúru med syni hennar, vondum vana, ad svo miklu leiti sem þér er moguligt; drep hinn gamla manninn, svo ad Kristur megi í þér lifa, annars er hætt vid, ad þótt Zóar sé lítil, þá kunni hún ad verda ad Sódóma fyrir nágrennis sakir, og þig megi aptur lánga til kjot-katlanna í Egyptalandi. Og hefi eg nú svo talad um þetta þrefalda embætti h. Anda, hvad eg hygg Guds ordi samhljóda vera, og undir því er falinn allur vor kristinndómur, sem er í fyrstu, ad þeckja syndina til ad ydrast, Jesú Christí fullkomna réttlæti til þess ad trúa ad oss verdi hún fyrirgéfin, og dóm Andskotans til þess ad afneita honum og ollu hans athæfi; og hángir þetta svo hvert af odru, ad eckert má annars missa, ef vor kristinndómur á fullkominn ad vera. En þú vor Gud sem ríkur ert af nád, kenn þú oss ad þeckja syndir vorar, og ad ydrast

þeirra af øllu hjarta, og nær þú reisir oss á fætur aptur úr vorn dupti og øsku, med trúnni á þinn eingétinn Son, þá gjor oss hinar fyrri syndir svo leidar, ad vér stuggum vid þeim, svo sem annari óþeckt, en kénn oss ad lifa sparsamliga, gudrækiliga og réttferdugliga í heimi þessum, ad vér mættum óstraffanligir finnast í tilkomu Jesú Christí vors Frelsara, og af hønum innleiddir verda í hid fagnadarsæla Lambsins brúdkaup. Géf oss þar til þinn h. Anda, nádugi Fadir! fyrir þann sama þinn eingétinn Son Jesúm Christum, amen!

Fimta Sunnudag eptir Páska.

Gudspjallid, Jóh. 16 Kap.

Og Jesús sagdi til sinna lærisveina: sannliga, sannliga segi eg ydur, hvørs þér bidjid Fødurinn í mínu nafni, þad mun hann géfa ydur. Híngad til hafi þér einskis bedid í mínu nafni; biddjid, þá munu þér medtaka, svo ad ydar fognudur sé fullkomligur; þetta hefi eg talad í ordskvidum til ydar; sá tími kémur, ad eg tala eigi lengur í ordskvidum til ydar, heldur mun eg kunngjøra ydur opinberliga af mínum Fødur. Á þeim degi munu þér og bidja í mínu nafni. Og eigi segi eg ydur, ad eg muni bidja Fødurinn fyrir ydur, þvíad sjálfur Fadirinn elskar ydur, af því þér elskid mig, og trúid þad, ad eg sé af Gudi útgenginn. Eg em af Fødurnum útgenginn, og kominn í þennan heim; eg fyrirlæt og aptur þennan heim, og fer til Fødursins. Og hans lærisveinar segja þá til hans: sjá, nú talar þú berliga, og mælir einga ordskvidu; nú vitum vér, ad þú veitst alla hluti, og þú þarft eigi ad nockur spyrji þig. Fyrir þad trúum vér, ad þú sért af Gudi útgenginn.

E x o r d i u m.

Drottinn Gud þinn er einn fortærandi eldur, sagdi Móses fordum daga vid Israels sonu, Devt. 4. Kvída mætti einn aumur syndari fyrir, sem eckert annad gjørir enn ad forþéna daudan, ad koma fram fyrir svo dýrdarfullan, svo ógnarligan Gud, hvers reidi ad brennur, yfir þeim sem hann hatar, allt til nedsta helvítis, Devt. 32. Hvernig mun eitt hálm-strá, ein vatns-bóla kunna ad búa vid svoddan einn fortærandi eld; þó skulum vér fram fyrir hann koma, því hver vill dyljast fyrir hans augliti? Nú þótt ad þad vitanligt sé, ad vorar syndir adskilji millum vors Guds og vor, Esa. 59, þá hrópadi þó Fadir miskunsemdanna: komid til mín allir þér sem erfidid og þúnga erud þjádir, eg vil endurnæra ydur, Matth. 11. Hvar fyrir þótt ad Gud sé einn fortærandi eldur, sem Páll ad ordi kémst, Hebr. 12, þá megum vér játa þad um oss satt ad vera, er hann skrifar Gydíngum til í sama bréfi og sama kap.: þér erud komnir til fjallsins Zion, og borgar Guds lifanda, Jerúsalem hinnar himnesku, og til margra þúsunda einglanna; af hverju vér sjáum hvad mikid oss er veitt í Christó Jesú Drottni vorum, ad vér sem fjærri vorum, hverra fedur ad voru án Guds í heiminum, Eph. 2. Vér erum fyrir hann vordnir Guds heima-menn, og vor borgar-réttur er á himnum, svo sem Páll segir, Phil. 3; en med hverju móti fáum vér þá, saurugar

manneskjur, helst nærri komid þessum Guddómsins dýrdar-ljóma, sem ad býr í því ljósi, sem einginn fær til komist? 1 Tím. 6; þad skédur í hans h. ordi og sakramentunum, en ecki sízt í einni audmjúkri kristins manns bæn, þar hinn vesæli talar vid hinn volduga, hinn lífláust vid Dómarann, þrællinn vid Herrann, einn syndugur ormur vid himins og jardar Skapara, svo sem þá madur vid mann talar, og einn vinur vid annann, Exód. 33, hvar einn harmþrúnginn og sundurkraminn andi, þreyngir sér í gégnum skýin med óumrædiligum andvörpunum, fram fyrir Guds tignar-stól í himninum, og verdur af hönum bænheyrdur, svo ad himnaríki lídur ofríki, Matth. 11; og til þessa samtals býdur oss nú hér í dag Eingill hins mikla ráds, þar hann segir hér í gudspjallinu: sannliga segi eg ydur, hvers þér bidjid Födurinn í mínu nafni, þad mun hann géfa ydur. En hér er nockur vandi á, br. m., sem er, ad vér högum svo bæninni, ad vér séum vissir um bænheyrsluna, og finnum til hennar, (því hans fyrirheit bregdast aldrei). Og því vil eg nú tala nockud þar um á þessu stundarkorni, hvernig bæninni eigi háttad ad vera, og er sérdeilis í því tvent ad athuga, sem er, 1) ad hún sé heit og alvarlig, 2) ad hún framkomi af trúudu hjarta. En hann, sem alla hluti kann framar ad veita, enn eg kann fyrir ad mæla, hann styrki oss hér-til med nád síns Anda, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggingin.

Þegar vér viljum offra Gudi bænum vorum og þackargjördum, þá hugleidum fyrst allra, hversu skélfilig hátign þad er, sem vér komum fyrir, sem er Konúngur konúnganna og Drottinn drottnanna, 1 Tím. 6, sá ad er allrar veraldarinnar Dómari, Gén. 18, og í hvers augum ad himnanna himnar eru ecki hreinir, Job. 15. Svo lángt er frá því, ad nockurt saurugt megi nærri hönum koma, þegar hann reidur er; en vér erum allir svo sem sá óhreini, segir Esajas, 64 kap., og jafnvel vort réttlæti er svo sem nidlags fat. Hvad helst sem ad snertir þetta fjall, þad skal dauda deya, þar skal eingin hönd snerta þad, annars skal þad grýtast edur í hel skotid verda, hvert heldur þad er madur edur kvikindi, sagdi Drottinn fordum vid Mósen, undir þad hann útgaf sitt h. lögmál á fjallinu Sínaí, Exód. 14; svo hrædiligt, svo ógnarligt er hans tignarveldi, þegar hann vill þad sýna. Nú viljum vér segja, ad hann sé blídkadur fyrir Sonarins forþénustu, sem satt er; en þess er ad gjæta br. m., ad þeim einum mun hann blídliga taka, sem fyrir Christí blód fram-koma; en þeim einum mun Christí blód og hans forþénusta þar til gagna, sem hennar leita med ángrádu og sundurknosudu hjarta. Lát þér því til hugar koma, syndugur madur, þegar þú fellur fram fyrir Gud í þínum bænastad, hvílíkur háski þad sé ad koma nærri þessum brennanda eldi, nema þú ádur svo tilreiddur sért, ad þú fáir hann slöcktan med tárum þíns hjarta. Þegar þú hefir nú íhugad hvílíkur ad Gud sé, og hversu reidur syndsamligu athæfi, þá athuga hvílíkur ad ert sjálfur þú, mold og aska, svo sem Abraham sagdi, Gén. 18, gétinn og fæddur í syndinni, Ps. 51, og af náttúrunni til reidinnar barn, Eph. 2; ad sönnu endurfæddur í skírninni fyrir Christí blód, og Guds vinur kalladur. En hversu opt hefir þú nú rofid þinn skírnar-sáttmála, og ecki lokid þín heit hinum allra Hæsta? þú hefir verid búinn til ad gjöra allt þad, sem hann hefir bannad, og næsta tregur til ad framkvæma þad hann bodid hefir, og hafi Guds nád verkad nockud gott med þér, þá hefir þad þó af þinni hendi verid ófullkomid, og gétur eingan-veginn stadist í hans augliti, sem er fullkominn og heilagur; svo lángt er frá því, ad þad megi sambjóda því illa sem þú gjört hefir, edur afplána þad, því þú gjördir þó eckert

annad enn þad þú áttir ad gjøra, Lúc. 17, og er þó vel ef þad svo er, þegar þú hefir hvad bestur verid; en reikna nú upp med sjálfum þér, allt ydjuleysi í Guds víngardi, alla hégóma=þánka, øll ónytju ord, fyrir utan stórglæpina, ógudligan verknad, ord og hugsanir; og þótt ad Guds reidi og hans dómur sé enn=nú ecki feldur yfir þínar vidurstyggiligar og klækjafullar athafnir, þá er hann ecki þér líkur, þótt hann sjái þad og þegi, Ps. 50, heldur er þad annadhvert ad hann med þolinmædi sinni vill draga þig til ydranar, Róm. 2, ellegar og ad hann lætur þig vaxa til kornskérutímans, þar til þú ásamt hinu illgresinu verdur upphøggvinn og í eld kastadur, Matth. 13, til ad gjalda honum þar, med eylífum píslum, þad sem þú ecki vildir lúka honum hér í nádinni, med ángri þíns hjarta og afláti vondra verka, á=medan þar sagdist enn þá í dag, Ebr. 3. Ber nú allt þetta saman vid hans guddómliga hátign, nær þú villt bidjast fyrir, hversu hann er voldugur en þú vesæll, hann heilagur, enn þú allur í synd, hann hreinn, enn þú hefir saurugar varir; og þegar þú þetta gjørir med athygli nockurri, þá er líkligt ad þér muni heldur enn ecki, renna í skap vid sjálfan þig, ad þú syndugur ormur hefir svo módgad hann, á hvers fótskør þú liggur, og vald hefir til ad spyrna þér med lífi og sálu ofan í eylífan eld, Matth. 10. Og framar þessu, þá hugleid hans gjæsku vid þig framkomna, því, ad þú óttast alleina hans makt og veldi, þad er þræls ótti einn, er jafnvel djøflarnir hafa og skélfast þar af, Jak. 2; en þótt hann sé ecki ónýtur manninum, sem alltíd á apturkvæmt til Guds, ef hann ydrast, og er í því øllu betur varid enn djøflunum, þá er hann þó ecki einhlýtur til sáluhjálpar, því menn eiga ecki einúngis ad óttast Gud, heldur ad elska hann einnig, og kémur óttinn helst af íhugan hans máttar og réttlætis, en elskan af tilfinníngu hans gjæsku. Viljir þú því audmýkja þig fyrir honum út af hjarta í bæninni, þá lát þér í hug koma, hvílíkur þú varst, þegar þér var kastad inn í heiminn svo sem ødru hræi, í andligan máta daudum í uppruna syndinni, og hvernig hann hefir þig med vatni og anda endurgétid í skírninni, Jóh. 3, til einnar lifandi vonar, 1 Pet. 1, og gjørt þar vid þig sáttmála gódrar samvitsku, 1 Pet. 3; eg vil eigi fá mér þad til orda, hversu ad hann gódur er, og ad hans miskunsemi varir eylífliga, Ps. 118; og ecki einasta fædir allar lifandi sképnur, Ps. 145, heldur og manninn, hvør ed af sjálfum sér til, er hinn allra versti og óþacklátasti af øllum Guds handaverkum, sem hann er yfir skipadur. Og þótt ad vér allt þetta heimtum af honum, svo sem med sjálf=skyldu, og møglum þegar nockud kann ad bresta, þá minnist hann ecki á vorar illgjørdir, ecki á þá glæpina, sem ad hans eingétinn Son kvalid hafa, heldur á sína miklu miskunsemi, sem verid hefir í frá upphafi, Ps. 25, og álítur forþénustu Sonarins, hverja syndarinn þó marg opt forsmáir, og sviptir oss ecki í burtu midt í voru ógudligu athæfi, til þess ad hann fái dregid oss til ydranar, já, sparar margan þann, sem hefdi forþénad ad eiga sálu=félag med Kóre, Datan og Abíram, hverja jørdin svalg í sig lifandi, Núm. 16, af því þeir forsmádu hans bodord. Lát þessa ómrædiliga gjæsku þíns Skapara, smelta þitt hjarta, nær þú kémur fram fyrir hann, ad bidja þér fridar af honum, er þú svo stórkostliga hefir til reidi reitt, og dagliga módgar, og halt þad fyrir víst, ad þú munir eyrindislaus fara, um hvad helst sem þú bidur, nema

þú fyrst af alvøru bidjir um kvittun syndanna; því hér um má eg segja það, sem hann sagdi, er blindur var borinn og Jesús læknadi, Jóh. 9: eg veit ad Gud bænheyrir ecki synduga, og meinti hann þar med: heidíngja og ógudliga menn. En hvad skulum vér segja? þar er einginn kristinn svo heilagur, ad hann sé ecki heidíngjum verri, nema hann þiggi kvittun syndanna af Gudi med sannri ydran, því hann veit veginn til lífsins og gengur hann ecki, Lúc. 12. Drottinn hafdi þann formála fyrir þeim hálfvisna er þádi heilbrigdi líkhamans af hønum: þér eru þínar syndir fyrirgéfnar, Matth. 9; en miklu sídur megum vér ødlast lækníng sálarinnar, nema vorar syndir verdi í burtu-teknar; og þessar hugrenníngar ættu nú ad bleyta vor hjørtu fyrir Gudi, þegar vér offrum hønum vorum bænum, svo ad ecki hendi oss það, sem Davíd bidur hinum ógudliga, Ps. 109: ad hans bæn verdi ad synd; hvad þó án efa skédur, nær vorar bænir eru eigi nema flapur munnsins, og ecki af rót hjartans. Eg vil eigi um það tala hvada þørf ad syndarinn hefir á ad bidja Gud; vitum vér ecki ad allar vorar lífs og sálar heillir hánga alleina af hans miskunsemi? Hvad er madurinn? ein vatns-bóla, ein gufa, er sést um stundarsakir og hjadnar sídan, Jak. 4; en hve miklum háska er þessi vatns-bóla, þessi reykur undirorpinn? þar er ecki svo vesæl sképna í heiminum, ad eigi kunni hún ad vinna oss mein, nema Gud sæi fyrir rádi voru; ein mýfluga kann ad taka af oss lífid; það vér etum og dreckum kann ad sálga oss, ef til vill; en hvad viljum vér þá tala um hina mektugu óvini sálna vorra, Djøfulinn, sem er þúsund véla smidur, heiminn, sem er hans eyrinds-reki, og vort eigid hold, hvers girndir ad í-móti sálunni strída, 1 Pet. 2; hvernig kunnum vér þessum ad verjast nema med bæninni? Vér sjáum það á hinum bænarlausu, hverja Gud hefir yfirgéfid í fráleitt sinni, og einskis svífast ad gjøra Gudi á-móti, sleppandi taumunum vid Andskotann, heiminn, og sitt eigid hold, leyfandi því sínar girndir ad rækja, Róm. 13, þar til þeir munu um sídir af því skadsemd, já, eylífa fyrirdæmíng uppskéra, Gal. 6; og því mundi Endurlausnarinn leggja svo ríkt á vid sína lærisveina um þenna hlut, hefdi hann eigi vitad, ad þeir mættu ecki þess án vera ad bidja? vakid og bidjid, svo ad þér fallid ecki í freistni, Matth. 26; og aptur: vakid og bidjid, því þér vitid ecki nær tíminn er, Mark. 13. Nú kann einhver ad þeinkja: eg gét ecki ydrast syndanna, og ecki ræk-iliga eda heitt bedid, nema Gud géfi mér það, og verd eg það af hønum med bæn ad þiggja í fyrstu, en þá er eg syndugur, kaldur og hardur, og í allann máta illa skickadur til ad bidja Gud; allt kann þetta satt ad vera, en seig mér, kristinn madur, gétur þú ydrast þess er þú tilgjørir mønnunum? víst gétur þú, það sjá menn, jafnvel á mørgum skálk, ad hann ydrast eptir, þegar hann er búinn ad fremja glæpinn; því skyldir þú þá ecki láta þig ángra það, þú hefir Gudi á-móti brotid, ef þú nentir einhvørn tíma ad hugsa um framferdi þitt og Guds réttlæti. Gétur stórbrota-madurinn bedid konúnginn um líf sitt? edur sá húngradi um mat? það géta bádir þeir, og það af alvøru, jafnvel med grátandi tárum; hvad mun því valda, ad þú gétur ecki bedid hinn almáttuga Gud þannig? það gátu þó heidíngjar, þeir tárudust fyrir sínum afgudum, þegar húngur edur drepsótt þrísti þeim þar til; svo ad Livius skrifar, ad jafnvel þeirra høfdíngs-kvinnur hafi

sópad godahofin med sínum hárlockum, med vidlíkri atferd, þótt ólíku sé saman ad jafna, svo sem þegar hin bersyndugu kraup ad Jesú fótum, og þvodi þær med tárum sínum, og þerradi þær med hárlockunum, Lúk. 7. Nú er oss kristnum mønnum í slíku øllu betur varid, þar vér høfum medtekid heilagan Anda í skírninni; svo ad eg þori ad segja, ad þar er einginn til vits og ára kominn, hvers hjarta ad Guds Andi hafi ecki einhvern=tíma, já, optliga snert og skorid med þeckíngu syndanna, og síns eiginn óverdug=leika; en hvad veldur því, ad hér er ecki meira af vordid hjá sumum? þad ad vér hirdum ecki um, ad fóstra andan med bæninni, miklu heldur sløckvum hann med ógudligum þaunk=um, svo hann fær ecki rúm í oss, þeirra hluta vegna, sem hønum eru svo gagnstædir, og hann hefir andstygd á, ágirnd, øfund, heipt, hatur, losti, drambsemi, elskan til þessa fallvalta heims, og þvílíkir géstir, sem hann vill ecki eiga samsæti med, en vér høfum einga vidleitni á ad rýma út úr hjarta voru, hvad þó mørgum heidíngja hefir tekist ad miklu leiti. Ecki var hundrads=høfdínginn umskorinn svo menn viti, og þó verkadi Gud audmýktina og trúna í hans hjarta, já, þvílíka trú, sem ad Høfundur trúarinnar hafdi ecki fundid í Israel; en hvern vitnisburd hafdi þessi madur af øldúngum Gydínga? þad segir oss Lúkas, kap. 7: verdur er hann þess, (søgdu þeir), ad þú veitir hønum þad, því hann elskar þjód vora, og hefir vora samkundu uppbygt; ecki var Cornelíus skírdur, þegar hans bænir og ølmusugjørdir stigu upp fyrir Gud, Act. 10. Sjá hér, hversu reidubúinn ad Gud er til ad hjálpa gódum vilja; lát vera ad þín bæn sé køld í fyrst=unni, meinar þú ecki ad Gud þecki, ad mannsins þánkar eru vondir í frá barndómi, Gén. 8; en lát hann finna viljan hjá þér, sýn hønum ad þú hafir ástundan til ad bidja, og vert þess fullørugur ad hann muni hjálpa þér med nád síns Anda. Heid=in var hin Kananiska, Matth. 15, samt þreytti hún med bæninni vid Jesúm; eigi hefir hún tekid þad af sjálfri sér, en þad ord stendur stødugt, segir Postulinn, 2 Tím. 2: Gud þeckir sína; hann þeckti hjartans girnd hennar og eptirlángan, og því hefir hann hjálpad henni til ad stríða vid sig; ørvænt þér ecki slíkrar miskunar af hønum, þar þú ert hans barn vordinn og Christó innplantadur í skírninni. Þú segir, eg vildi gjarna af alvøru bedid géta; seig mér, hefir þú bedid Gud um ad hjálpa þér til ad bidja? þú segir: já, eg hefi bedid; en eg má spyrja, hvad opt? hvad marga daga? vikur? mánudi? ár? edur hversu opt á degi hefir þú bedid? hefir þú þreytt vidGud med bæninni? hefir þú kostad til þess øllum sálar og lífs kroptum ad bidja? vera má ad svo sé; en eigi trúi eg því, ad þú sért þá ecki bænheyrdur, og finnir þú ecki til þess, þá er ad vísu nockurs ábóta=vant, af því sem þú átt til ad leggja; þvíad ef hinn rángláti dómari, sem Jesús tekur dæmi af hjá Lúkam, kap. 18, ef hann lét þó sigrast af eckjunnar bæn til ad gjøra henni rétt, þá gjør þú ecki Fødur miskunsemdanna, 2 Cor. 1, þann órétt, þad þú ætlir ad hann sé hardúdigri, enn þessi gudlausi madur var. Minn tími er enn þá ecki kominn, en ydar tími er jafnan til reidu, sagdi Lausnarinn, Jóh. 7. Madurinn er nockud grunnsær til þess ad skygnast í undirdjúp Guds leyndar=ráds, edur ad þeckja tíma og hentugleika, sem Fadirinn hefir í sinni hendi, Act. 1. Þú segir: Drottinn bannadi sínum lærisvein=um ad bidja mørgum ordum, eins og heidíngjar, Matth. 6; þad gjørdi hann blessadur

til ad vorkynna þér og mér, því hann vissi ad hjarta mannsins er frasnúid Gudi, en fúst á hégóman; en ecki misþóknast honum lángar bænir, þær sem af trúndu hjarta framkoma; þess vegna var hann og sjálfur allar nætur á bænum, Lúk. 6; þar fyrir segir og Lúkas 18, ad hann hafi framsett þessa eptirlíkíngu um dómaran til þess, ad þeim byrjadi idugliga ad bidja og ecki tómlátum ad vera. Eg segi ecki heldur, ad þú skulir svo mjøg lengi í einu bidja, því ilska mannligs hjarta þolir þad ecki; en bid þá þess optar, og heitir þad samt idugliga ad bidja. Þú segir: eg fæ eigi vid því gjørt, ad mér fljúga í hug margir annarligir þánkar nær eg bid; þad er íllt; bid Gud ad taka slíkt frá þér, ad ecki verdi þín bæn ad synd, því svoddan er ad vanhelga hina bestu Guds þjónustu. En seig mér, þegar þú lídur húngur og þorsta, edur hefir brest á líkamligum munum, gétur þú þá ecki bedid svo, ad þú ecki um annad hugsir? ad vísu gétur þú; en trú þú mér, ad hid sama mundi verda, ef þú létir þig húngra og þyrsta eptir réttlætinu, Matth. 5, hvad þú munt brádliga ødlast, ef þú af hjarta rannsakar hversu stóran skort þú hafir á þeirri hrósan, sem fyrir Gudi gildir, Róm. 3; og hver sem ad þessum veikleika er undirorpinn, hønum vil eg ráda til ad bidja heldur optar enn lengi í einu, því nockud af slíku kann ad orsakast af skapsmunum, sem ecki er svo hægt vid ad gjøra, jafnvel þótt Guds kraptur kunni alla hluti ad verka í þeirra breiskleika, sem hann af hjarta óttast; og einginn efi er á því, ad sá sem elskar Gud umfram alla hluti, hann hefir yndi af því ad tala vid hann í sínum bænum, og þarf ecki stórum ad þvínga náttúruna þar til, þegar hann hefir fyrst eignast elskuna á Gudi; og hann kann aldrei ad vanta orsøk til ad bidja Gud; elskan minnir hann á sérhvern Guds velgjørníng til þacklætis, á sinn eiginn vanmátt til ad bidja um hjálp, á sínar syndir til ad ydrast þeirra, og á Guds dásemdarverk hønum til lofgjørdar; svo ad þótt ecki hafi hann lángar bænagjørdir, sem og kanské eigi leyfi sumra manna umsvif og annríki, jafnvel þótt eitt ætti ad vera naudsynligt, Lúk. 10, þá samt bidur hann óaflátanliga, og er þolugur í bæninni eptir bodi Postulans, Róm. 12, hver þegar hann íklædir rétt-trúadan mann Guds herskrúda, Eph. 6, þá gefur hann hønum þessa yfirhøfn ad endíngu, segjandi: med allri bæn og fyrirbeidslu, bidjandi á hvørjum tíma í anda, og verandi árvakrir til þess sama med øllu þolgjædi. Og er nú svo út-talad um þad fyrra, er eg hét á ad minnast; en þad sídara eptirfylgir med fám ordum af ad segja.

Ecki þyrfti rétt-kristinn madur annad til þess ad taka frá sálu sinni allan efa um bænheyrsluna, heldur enn þessi blessud ord, er vor Endurlausnari hér taladi til sinna lærisveina: hvers þér bidjid Fødurinn í mínu nafni, þad mun hann veita ydur; en fyrir því ad Jesús taladi þetta til sinna ástvina, hverjum hann gaf þann vitnisburd, ad Fadirinn elskadi þá, af því þeir elskudu sig, Jóh. 16, þá kynni syndaranum, sem dagliga reitir Gud til reidi, ad fljúga í hug, ad þetta blessada fyrirheit nái ecki til sín, þvíad hann sé þess óverdugur; en eg mun framvegis sýna, ad þad øllum þeim tilheyrir er hans leita med ángrádu hjarta, øllum þeim er hann bidja í anda og sannleika, Jóh. 4, øllum þeim, sem eru stadfastir í bæninni, Róm. 12, svo sem eg nockud umtaladi í

hinum fyrra parti rædu minnar. Það kénnir Jesús sjálfur oss, er hann sagdi í bæninni til síns himneska Födur fyrir lærisveinunum: eg bid ecki einasta fyrir þeim, heldur og fyrir þeim, sem fyrir þeirra ord munu á mig trúa, Jóh. 17. Guds Sonur kom ecki í heiminn til þess ad kalla réttláta, heldur synduga til ydrunar, Matth. 9; því vill hann allar ydraudi manneskjur bænheyra, og hvad meira er, ad þar er meiri gledi í himninum yfir einum syndara sem ydran gjörir, heldur enn yfir níu og níutíu réttlátum, Lúk. 15. Ecki hömludu syndirnar hór-konunni, sem Júdar vildu grýtt hafa, ad fá þeirra kvittun hjá Guds Syni fordum, er hann sagdi vid hana: svo fordæmi eg þig eigi, far burt og syndga eigi framar, Jóh. 8; ecki bægdu syndirnar tollheimtumanninum frá, ad gánga réttlátari heim aptur í sitt hús, heldur enn Phariseinn, Lúk. 18; ecki leit Jesús til synda hinna annara tollheimtumannanna og bersyndugra, ad hann ecki þar-fyrir æti og drycki med þeim, Matth. 9; hvar fyrir? af því þeir ydrudust syndanna; svo er þad nú víst, ad syndin gétur ecki hindrad bænheyrsluna, þegar hún er játud fyrir ydranina, og afþvegin fyrir forþénustuna; því þad ord blífur æfinliga stödugt: hvern þann sem til mín kémur, vil eg ecki frá mér reka, Jóh. 6. Nú þótt ad þessu sé svo varid, br. m., þá eigum vér ad gjæta ad, hvar um vér bidjum, ef vér viljum ad trúin sé bygd á hinum rétta grundvelli, og ad vér ecki bidjum af Gudi þeirra hluta, sem annadhvert í sjálfum sér eru óleyfiligir edur oss skadsamligir, svo ad vér ecki reyngjum sannsögli Guds, þótt vér ecki bænheyrdir verdum, nær vér þannig bidjum. Það sem vér eigum um ad bidja, er annadhvert líkhamligt edur andligt. Um líkhamliga hluti eigum vér med forordi ad bidja, svo sem vér optliga heyrt höfum; þad ber til þess, ad vér ecki vitum hvers vér eigum ad bidja; vér megum og ecki alls þess bidja af líkhamligum hlutum sem holdid edur líkhaminn heimtar; rétt er ad bidja um heilsu og heilbrigdi, föt og fædi, vernd og vardveitslu fyrir líkhamligum óvinum vorum, lucku og framgáng í voru erfidi, þvíad allt þetta á ad skiljast undir dagligu braudi í Drottinnligri bæn; en um allt þetta á med forordi ad bidja, því jafnvel þótt ad ecki sé þad lagt til hinnar fjórdu bænarinnar, þá stendur þar þó strax fyrir framan: verdi þinn vilji svo á jördu sem á himni; svo ad ef hinum góda Gudi, sem veit hvad oss er fyrir bestu, ef honum þóknast ad vér skulum hafa nockurn brest á þessu, á heilsunni, á dagligri atvinnu, ef vér hljótum órétt ad lída og vera forsvarslausir í heiminum, þá eigum vér samt einganveginn ad efast um Guds trúfesti, því hann hefir án efa heyrt vorar bænir, þar eckert hendir oss án hans vilja, og komandi mun hann koma og ecki tefja, Hab. 2; og þetta á ad vera grundvöllur trúar vorrar, þegar á-móti blæs; því ef vér viljum í því bænheyrdir verda, ad hans vilji verdi á oss svo sem í öllu ödru, þá eigum vér ecki ad vantreysta því, ad vér séum bænheyrdir, þótt oss nockud vanti; og þad þess sídur ad værum vér án tiptunar, hverrar allir eru hluttakandi vordnir, svo sem Páll segir, Hebr. 12, (hann meinar Guds vinir) þá hefdum vér orsök til ad efast um, hvert vér værum af honum elskadir edur eigi; því hvern þann son sem hann elskar þann agar hann. Páll segir enn aptur, ad vér værum aumastir allra manna, ef vér trydum alleina á Christum í þessu lífi, 1 Cor. 15; en eg vil því vid bæta, ad

vér værum og allra manna heimskastir, ef vér elskudum Gud alleina fyrir þessa heims velgeingni, eins og hann hafi ecki þúsundsinnum betra tilbúid þeim sem hann elska, 1 Cor. 2. Þar er ecki nema svikrædi á þeim hædunum, sagdi Jeremías vid Júda, kap. 3, talandi um skúrgoda-hofin; og svo er því varid um velgeingni þessara tíma; þegar hún geingur sem hærst, þá er hún á-stundum eigi nema svik og prettir, hverja þó margur dári gjörir ad sínum Gudi, edur ad minsta kosti þeir, sem gudhræddir þykjast vera, elska hinn sanna Gud alleina fyrir þá hluti, sem hann jafnvel gefur óvinum sínum, og verda þeim orsök til eylífrar glötunar, sem þad misbrúka; þar-fyrir óttast eg, ad þeir, sem alleina elska Gud fyrir slíka hluti, ad þeir elski hann ecki réttiliga, jafnvel þótt hann eigi fyrir allar sínar gáfur ad elska; eg veit og hvergi í Ritníngunni bodid, ad menn skuli bidja um mikinn veraldar aud, edur metord, og allra sízt um fall edur slis óvina sinna, er margur heiptrækur virdir þó meir enn stóra féssjódu, já, kostar öllu því hann á til ad svala gédi sínu á þeim, hann hatar. Miklu heldur sé eg, adGudi féll vel í géd bæn Salómons, er hann beiddi hann um speki til ad dæma fólkid med. Svo veit eg nú hverki leyst né bodid í Guds ordi, ad bidja um þvílíkt, og ecki er þad í hinni stuttu en þó fullkomnu bæn, sem Drottinn hefir oss eptirlátid: géf oss í dag vort dagligt braud; þad er hans atkvædi, hvad Páll best útleggur, 1 Tím. 6: nær vér höfum fædi og klædi, þá verum ánægdir þar med. Miklu heldur sé eg hitt bodid, ad menn eigi skuli vera hugsjúkir um hvad þeir skuli eta edur drecka, edur hverju vér skulum klædast, þvíad vor himneskur Fadir veit, ad vér höfum alls þessa þörf, Matth. 6; já, ad vér skulum leita fyrst Guds ríkis og hans réttlætis, þá muni oss allt gott til-leggjast; því eigum vér ad trúa, því Gud kann ecki ad ljúga, og girnast eigi framar; vilji Gud veita oss meira, þá tökum þad med þacklæti, og brúkum svo, ad vér séum ríkir í gódum verkum eptir Postul-ans bodi, 1 Tím. 6; og sá sem nú bidur Gud um tímanliga muni, hann hafi þetta fyrir grundvöll trúar sinnar, og þeinki undir eins til þess, er Jakob skrifar: þér girnist og þér hafid þó ecki; þér öfundid og metist, og megnid þó ecki ad hreppa; þér strídid og berjist, og hafid þó ecki, af því þér bidjid ecki; þér bidjid, og fáid þó ecki, af því þér bidjid illa, til þess ad þér hafid til ad kosta uppá ydvarn munad, Jak. 4. Hvad hin-um andligu gáfunum vidvíkur, trúnni, voninni, þolinmædinni, kjærleikanum og ödrum gódum dygdum, sem þar af spretta, þá eigum vér þeirra ad bidia án forords; hvar fyrir? þvíad þar-af má allan efa draga, ad þær eru Gudi þacknæmiligar; þad er vilji Guds, ydar helgan, segir Páll, 1 Tess. 4; en vor helgun gétur ecki framkvæmst nema fyrir h. Anda; þar fyrir hver sem vill heilagliga og kristiliga lifa, hann bidji Gud af öllu hjarta um sinn Anda, og trúi ordum Frelsarans án allrar efasemi, er hann sagdi: ef ad þér, sem vondir erud, kunnid ad géfa börnum ydar gódar gáfur, því mun ecki Fadir minn himneskur géfa þeim heilagan Anda, er hann þar um bidja, Lúk. 11; hér um talar svo Jakob postuli, kap. 1: en ef nockur af ydur þarf skynsemdar vid, þá bidji hann Gud, hver ed géfur öllum einlægliga, og telur ecki eptir, og mun hönum géfid verda, en bidji hann í trúnni, efandi um eckert. Hver er þessi skynsemi, er Jakob talar hér um?

þad er á þeim hlutum, er hann framan til í sama kap. eggjar kristna menn á, segjandi medal annara, v. 2: haldid þad fyrir hinn mesta fögnud, br. m., þegar þér fallid í ad=skiljanligar freistíngar; og þótt hann meini hér sérdeilis, útvortis mótlætíngar, þá verdur þó Guds börnum hid mesta mótlæti ad þeirra eigin holds og blóds freistíngum og tilteig=íngum; en guddómliga speki h. Anda skal til þess hafa ad yfirvinna slíkt, og til ad skynja hvílíkt gagn ad freistíngin eptir sig leidir, nær hún er sigrud; en þá skynsemi er ecki ad finna hjá holdligum manni, því hann skynjar ecki þad, sem Guds Anda er, segir Páll, 1 Cor. 2, og eigi verdur hún fengin nema med bæn af Gudi; og er þad nú án alls efa víst, ad sá sem bidur Gud um h. Anda þar til, hann getur ecki hjá því sneidt ad verda bænheyrdur, því hann, sem því lofad hefir er Jehóva, Mal. 3, og umbreytist ecki, og eckert hans ord mun á jordu falla. Hvad veldur þá því, br. m., ad þar finnst skortur hjá allmörgum á slíkum ástgjöfum Andans? hvar er hin forna trú? elskan til Guds, kjærleikinn, þolinmædin og adrar kristiligar dygdir? menn verda svo lítt varir vid þær í heiminum, svo ad hætt er vid ad Mannsins Sonur muni eigi finna trú á jordu, Lúk. 18, nær hann kémur hvad af hverju. En hvad mun því valda b. G.? nema ad menn eru svo almenniliga tómlátir í því, ad bidja Gud um hinn heilaga Anda, sá ed planti þessi himnesku aldini í akri vors hjarta. Svo sem þad ad gudhrædslan (þad er hinn sanni kristindómur) er einn hlutur, sem er til allra hluta nytsamligur, 1 Tím. 4, svo verdur hún ecki fengin nema med rétt=trúadri bæn af Gudi. Þetta djöfla=kyn verdur ecki útrekid nema med föstum og bænum, sagdi Drottinn, Matth. 17, um mein hins túngl=sjúka, hvern hans lærisveinar gátu ecki læknad, sökum vantrúar sinnar, v. 20; og svo er því háttad um þvermódskunnar djöful, er syndugir menn eru plágadir med, hann verdur ecki útrekinn nema med bæn og andvarpan. Þú læst vel bidja Gud, en hve mikil alvara því fylgi, er af bænheyrslunni audséd, því ecki eru Guds fyrirheit ónýt vordin, segir Páll. Pharísæarnir vildu hafa grýtt Herrann, er hann sagdi þeim sannleikann, Jóh. 8; en hversu opt segir hann þér satt í sínu h. ordi, um sína reidi, sitt réttlæti, sitt vandlæti yfir syndinni, og aptur um sína gjæsku, sína elsku og miskunsemi vid þá, sem ydran gjora; sjá til, ad þú ecki grýtir Krist Drottins er þú tekur á=móti öllu þessu med einu stein=hjarta; edur hvernig vilt þú bænheyrdur verda ef þú svo gjörir? Hvad veldur þessu, nema ad menn rannsaka ecki lifnad sinn, svo þeir megi ydrast; ecki rótfesta Guds ord í hjarta sínu, svo þeir megi trúa, og ecki keppast vid ad lifa þar eptir svo menn færi ávöxt í þolinmædi, og þó undrast menn ad þeir ecki bænheyrdir verda, Jóh. 4. Jesús kom til hinnar Samarisku fordum daga vid Jakobs brunn, og beiddi hana um ad drecka, Jóh. 4; hann kémur enn=nú til sálar þinnar í dag, hann þyrstir eptir hennar velferd, og girnist ad dryckjast af tárum þíns hjarta, svo hann megi gefa þér lifandi vatn, ad þig eigi þyrsti eylífliga. Vid Mósen ad velta steininum af brunninum med hendi lög=málsins, og mun höfudid verda brádliga fullt af vatni, og þig lánga eptir Drottni sem er þinna meina grædari; því betra er þér ad ormur samvitskunnar stíngi sálu þína hér í nádinni, svo hún vakni vid og fái litid uppá hann, sem fyrirmindadur var í eyr=orminum, er Móses heingdi uppá tréd, þeim til lækníngar, sem af eitur=ormunum bitnir vóru, Num.

21, heldur enn ad hinn eylífi ormur kvelji þig, sá ed aldrei deyr, og sá eldurinn píni þig, sem aldrei slocknar um aldir alda, Esa. 66. Gjær þessa, barn Guds, og hreinsa hjarta þitt af daudligum verkum med sannri ydran, ef þú villt bænheyrdur verda, því nema þú leitist hér vid af ollu hjarta, þá hefir þú eckert fyrirheit um bænheyrsluna í andligum efnum, sem þú kunnir ad styrkja trú þína vid, verdur svo bænin forgéfins, því án trúarinnar er ómoguligt Gudi ad þóknast, Ebr. 11; og hér sjáum vér orsokina hvar fyrir menn ecki um andliga hluti bænheyrdir verda. Þar fyrir, nær þú kémur í Guds hús, edur hvern annann bæna-stad, til ad færa Gudi þitt offur, þá sjá til ad þú flytjir eigi þángad med þér nockurt þad, sem Gudi mislíkar; syndlaus gétur þú eigi framkomid, og þad er þar fyrir ad þú kémur til Guds, ad þú ert syndugur, en lát eckert gróm ilskunnar drottna í þínu hjarta; rannsaka þau instu fylsni þinnar samvitsku, hvert þar er eingin girnd, einginn syndsamligur ásetníngur, og einginn sá géstur, sem h. Andi ecki vilji búa vid, og finnir þú nockurn, þá rek Djofulinn frá þér med reidi-svip, svo ad þú Guds vinur verdir. Og nær þú svo gjorir, mátt þú vera fulltrúa um ord Drottins, er hann sagdi, Matth. 21: hvad helst sem þér umbidjid, ef þér trúid, þá skulud þér þad odlast; og er þad mála sannast, br m., ad þetta eru ecki lítil fyrirheit, ad hafa svoddan frelsi hjá honum, sem ollum hlutum stjórnar bædi á himni og jordu; en svo sem þad er mikid, svo skal og mikid til þess vinna; himininn er hærri enn svo, ad þar sé svo audstockid upp-í hann; Guds Jerúsalem er rambygdari enn svo, og hennar port þreyngri enn ad einn veraldar asni, klyfjadur af gyrndum og sorgum þessa heims, géti brotist þar inn; og því er þad óska-ráð er Sýrach géfur, kap. 18 segjandi: ádur enn þú bidst fyrir, þá tilbú þitt hugskot, ad ecki sért þú eins og sá madur sem freistar Drottins; og þad med því móti sem nú strax sagdi eg, því svo sem Gud géfur einlægliga, svo vill hann og bedinn vera af einlægu hjarta. Edur segid mér í Guds nafni, segid mér! hvad er þad, ad menn bidja Gud ad taka frá sér hinar vondu gyrndir, ofund, drambsemi, ágyrni, reidi, heiptrækni, en bera kanské hjartad fullt fram fyrir hann af ollu þessu? þad er ad gabba Gud, og rétt ad freista Drottins svo sem Sýrach segir; aldrei hefir Gud heitid þvílíku skapi neinni bænheyrslu, þar er ecki vid ad dyljast. Páll skipar oss ad bidjast fyrir í ollum stodum, upphefjandi heilagar hendur án reidi og efasemi, 1 Tím. 2; Postulinn fráskilur þad tvennt, sem hann vissi ad mest hindrar bænina, sem er reidina og vantrúna; og er sjálfsagt um reidina, því þad er vor gamall skilmáli vid Gud, sem á hverjum degi endurnýast, ad Gud fyrirgéfi oss vorar skuldir, eins og vér fyrirgéfum vorum skuldunautum, og vil eg ráda hinum hefnigjörnu, ad hann aldrei lesi Drottinnliga bæn, á-medan hann er þannig skapi farinn, því einginn af ollum hans bænum mun verda heyrd, nema sú eina, og hans syndir med svoddan móti ecki ad eylífu fyrirgéfnar. Vér bidjum Gud fyrir allan þann órétt, sem hans eingétinn Sonur saklaus þoldi, ad hann ecki vilji minnast vors ránglætis, en vér látum oss aldrei úr minni falla þad lítilrædi, sem vor bródir oss tilgjordi; er ecki þetta ad heimta af sínum samlags-þjón þad, sem miklu minna er, enn Drottinn hafdi oss uppgéfid, Matth. 18; hvílíkt ránglæti er þetta? Því er einsætt fyrir þann, sem vill þiggja bæn sína af Gudi, ad hreinsa vel hjarta sitt af slíku;

því ef vér eigum að biðja fyrir óvinum vorum, Matth. 5, undir eins og vér biðjum fyrir sjálfum oss, ef vér viljum kallast börn vors Föður sem á himnum er, þá er líkast að vér munum ecki eiga að ala hatur til þeirra í hjarta voru; og er þeim best sem hætt er við slíku, að hann snúi þessu hatri á sjálfan sig og metnað sinn, það hann syndugur ormur dyrfist að koma fram fyrir hið hræðiliga tignarveldi hins lifanda Guðs með þvílíku skapi. Að sönnu er efasemin til mikillar hindrunar í bæninni, en þó er líkligt, að hinn góði Guð vorkynni henni meir og hjálpi henni, sérdeilis ef hún framkémur af hugleidíngu vors óverðugleika, því honum er vor vanmáttur kunnur; ecki rak Drottinn frá sér föður hins túnglsjúka er sagði: eg trúi, Herra! en hjálpa þú vantrú minni, Mark. 9; ecki lærisveinana er þeir báðu: auk þú oss trúna, Lúk. 17; ecki konúngs-manninn, þótt hann ávítaði hann um vantrúna, Jóh. 4. Ein veik trú, hún er þó trú, en hann vill ecki brákaðan reyr í sundurbrjóta, né líttlogandi hör-kveik útslöckva, Esa. 42. Svo heyrið nú þetta, br. m., og látið yður mál mitt í eyrum loða. En þú, fyrir hvern að allar vorar bænir eru já og amen, Herra Jesú Christe! bið þú þinn himneska Föður fyrir oss, að vor trúa þrotni ecki, Lúk. 22, og veit oss eptir afstaðna baráttu þessa heims, að ödlast verðlaun vorrar trúar, 1 Pet. 1! Þér með Föðurnum og h. Anda sé lof, prís, heiður og þackargjörð, nú héðan í frá um alla eylífð, amen!

Á Uppstigníngar Dag.

Guðspjallið, Mark. 16 Kap.

En seinast er þeir ellefu sátu til borðs, opinberaði hann sig, og ávítaði þeirra vantrú, og hjartans harðúð, það þeir hefðu eigi trúað þeim, sem hann höfðu séð upprisinn. Og hann sagði til þeirra: farið út um allan heiminn, og predikið Evangelíum allri sképnu. Hvør hann trúir og verður skírður, skal hólpinn verða; en hvør eigi trúir, sá skal fordæmdur verða. En teiknin, er þeim munu fylgja er trúa, eru þessi: í mínu nafni skulu þeir Djöfla útreka, nýar túngur tala, höggorma upptaka, og ef þeir drecka nockuð banvænligt, þá skal það þeim ecki granda, yfir sjúka munu þeir hendur leggja, og þá mun þeim batna. Og eptir það, að Drottinn Jesús hafði talað við þá, varð hann uppnuminn til himins, og situr til Guðs hægri handar. En þeir gengu út, og prédikuðu allstaðar, Drottni samverkanda, og orðið styrkjanda, með eptirfylgjandi teiknum.

Exordium.

Það er réttvíst hjá Drottni segir Páll, 2 Tess. 1, að endurgjalda þvingunina þeim sem yður þvínga, en yður sem þvíngaðir eruð, endurnæring meður oss í ópinberan Drottins vors Jesú Christí af himnum með hans mektugum einglum. En ef það er réttvíst hjá Guði að

endurgjalda oss þannig sem þó til einkis unnid høfum, nema fyrir hans forþénustu, sem hefir ervidad í vorum syndum, Esa. 43, hversu var þad þá makligt og réttvíst, ad Kristur inngengi í sína dýrd eptir þad hann hafdi lidid þad, sem vér med vorum syndum høfdum forþénad? Ef þér elskudud mig, þá mundud þér gledjast af því, ad eg segi ydur þad: eg fer til Fødursins segir Drottinn, Jóh. 14. Vér høfum heyrt, br. m., á fyrirfarandi hátídum og helgum døgum, hversu Drottinn var í fátækt alinn, Lúc. 2; ad hann var landflótta fyrir ofríki Heródes, Matth. 2; ad hann var lastadur, þá hann gott gjørdi, Matth. 12, ofsóktur, þá hann taladi sannleikan, Jóh. 8; hvernig hann var bundinn, húdstrýktur, þyrnum krýndur, hrakinn út af Jerúsalem berandi sinn kross, og ad sídustu á gálgan uppfestur svo sem annar illrædis-madur, og midt í þessum bitru píslum hæddur, og med galli og ediki dryckjadur, og øll þessi hegníng lá á hønum til þess ad vér hefdum fridinn, Esa. 53. O, hversu byrjadi oss þá ad fagna og glødum ad vera, þar vér heyrum í dag, ad hann er inngenginn í sína dýrd, vordinn himnum ædri, og seztur á hægra veg Gudi Fødur; sérdeilis þar hann ecki einasta er í hædirnar uppstíginn, Ps. 68, heldur og gáfur ødlast handa mønnunum, Eph. 4, hvers vér høfum notid, yfir hverja líkligt er ad heims endirinn sé kominn, 1 Cor. 10; hverjum hann ecki sídur enn nockrum ødrum hefir búid braut til himnaríkis og eylífrar Guds barna sælu, med sinni himnafør. Og þar oss verdur nú slíkur føgnudur bodadur á þessari dýrdligu hátíd, þá látum oss gánga nær Evangelíó, og af því hugleida: hina sérligustu velgjørninga og ávexti Drottins uppstigníngar. Hjálpa oss til þessa gudhrædslunnar eyrindis, nádugi Fadir! med krapti þíns Anda, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggingin.

Þessir dýrmætu ávextir uppstigníngarinnar vors Drottins, eru med tvennu móti; adrir koma mest hønum vid, en adrir oss alleina. Hvad vidvíkur þeim fyrri, þá er þad ecki mín meiníng ad Drottinn Jesús hafi sjálfum sér nockud forþénad med sinni kvøl og annari þjáníngu hér á jørdunni; oss er hann fæddur, oss er hann géfinn, segir Esajas, kap. 9; fyrir oss er hann bundinn, húdstrýktur og á krossinn negldur; hans eyrindi á jardríki var ecki ad afreka sjálfum sér nockurt ágjæti, því hann kunni ecki ágjætari ad verda enn hann var í upphafi sinna vega, heldur ad leysa mannkynid úr eylífum þrældómi. Þá vegsemd, er hann auglýsti í sinni dýrdarfullu himnafør, hana meddeildi hann manndóminum strax sem hann var gétinn í módur-lífi, þótt hann sýndi hana mjøg sjaldan á sínum hérvistar-døgum, svo hann yrdi oss ad øllu samlíkur, ad frátekinni syndinni. Því er hann þá med dýrd og heidri kórónadur? Ebr. 2; því þad var ómøguligt ad hann kynni af daudanum haldinn ad vera, Act. 2. Þegar Gud blessadur um aldir, hafdi aflokid hinn stóra þrekvirki mannkynsins endurlausnar í voru holdi, þá var allt fullkomnad, þá þóknadist Gudi ad upphefja vort hold, er hans Sonur í-klæddist, á sinn tignar-stól sér til hægri handar. Hverjir eru þá ávextir þessir, er Kristur eptir manndóminum hefir ødlast í sinni himnafør? Þad segir oss Markus í Gudspjallinu, ad hann hafi verid uppnuminn til himins og sitji til Guds hægri handar. Þetta er ei svo ad skilja børn mín, ad Drottinn sé uppfarinn í þenna sýniliga himin, er vér lítum med augum vorum, jafnvel þótt hann eptir alvísri rádstøfun Guds, sýniliga uppnuminn væri frá jørdunni allt þar til skýid tók hann, frá augum lærisveinanna, Act. 1; vor lausnari er uppfarinn yfir alla himna, sem Páll skrifar, Eph. 4, þad er í þann dýrdliga himin, hvar Guds ómrædilig hátign ljómar, hverja einginn madur kann ad sjá og lifa, Exód. 33, því er hann ecki í þenna sýniliga himin uppstíginn; hann er uppfarinn í þann

himin, hvar hann uppfyllir alla hluti sem Páll vottar, Eph. 4; en allir hlutir eru ecki í hinnum sýniliga himni; því skulum vér ecki meina ad hann sé vid hann bundinn, jafnvel þótt hann uppfylli hann, svo sem allt annad. Hann er seztur til Guds hægri handar sem hér stendur. Nú er Guds hægri hönd allstadar, því þad er hans dýrd og hans almætti, þad er hann sjálfur, sem ecki er nema máttur og dýrd; en himnanna himnar taka hann ecki, svo sem Salómon vottar, 1 Reg. 8. Nú fyrst Drottinn Jesús er upphafinn til Guds hægri handar, þá er hann ecki svo í þenna sýniliga himin uppfarinn, ad hann ecki undir eins sé allstadar; í þann himin hvar Gud bjó ádur enn himininn var skapadur, þángad er Kristur upphafinn; hvernin kann hann þá ad vera innilucktur í þeim skapada himni? Í þann himin hvar Gud mun um aldur og eylífd stjórna, ráda og skína, þegar hinir sköpudu himnar forgánga, og hann hefir þá eins og annad fat saman brotid, Hebr. 1, í þann sama himin er Guds Sonur uppstíginn; því er þad of-smátt ad hugsa um þá tign sem Gud hefir sinn eingétinn Son prýddan med, ad ætla ad hinn skapadi himin sé alleina hans hásæti. Vér skulum og ecki þad meina, ad þótt svo kvedi ad hér í Textanum ad vor Frelsari sitji til hægri handar Guds, ad Gud hafi hendur, edur ad hann sitji, svo sem madur, ad vér ei föllum í þá villu sem Páll ber uppá heidíngjana, Róm. 1, ad þeir hafi breytt dýrd óforgengiligs Guds í mynd forgengiligrar manneskju; því jafnvel þótt Ritníngin tali þannig á-stundum, þá talar hún svo ad manna plagsid; og þótt ad Gud hafi sig í manns-líkan opinberad, svo sem Esajæ 6, og í opinberunum Jóhannes og vídar, þá eru þad ókvædi ad hugsa, ad hann svo í raun og sannleika sé, heldur er Gud einn Andi, svo sem Jóhannes vottar, 4 kap. Hvernig viljum vér þá íminda oss nockud hægra edur vinstra hjá honum, sem uppfyllir himin og jörd, og er allt í öllu ómælanligur, ósýniligur og órannsakanligur; heldur er þetta sagt til ad útmála þá tign, sem Guds eingétinn Sonur hlaut í uppstigníngunni eptir manndóminum; hin hægri hlid var hjá öllum þjódum virdugligri á þeim dögum enn sú vinstri; þegar Bersabe gék inn til Salómons konúngs, fagnadi hann módur sinni, og setti hana á hægra veg sér, 1 Reg. 2, án efa þess vegna, ad hann hefir viljad veita henni hinn mesta heidur næst sjálfum sér; drottníngin stendur þér á hægri hönd, segir Davíd, Ps. 45, er hann kvedur um brúdkaup Christí og hans unnustu kristninnar. Svo er nú med þessu meint, ad Frelsarinn eptir manndóminum sé Gudi næstur ad allri tign, makt og veldi; Gud Fadir og Guds Sonur eru jafnir eptir Guddóminum ad allri tign, þeirra hásæti, þad er þeirra dýrd, hún er ein, því Fadirinn er í Syninum, og Sonurinn í Födurnum, Jóh. 14. Því næst er Guds Sonur eptir manndóminum, er situr honum á hægra veg, sjálfum Gudi næstur, sjálfur sjálfum sér næstur; hann er sjálfum sér ædri og sjálfum sér lægri, því hann er bædi Gud og madur, og er þó hans manndómur öllum sképnum ædri; því hverjum af einglunum hefir hann nockurn-tíma sagt? sit þú mér til hægri handar, segir Páll, Ebr. 1; og þessa tign manndómligrar náttúru Christí útmálar hann greiniliga med fögrum ordum, Eph. 1 segjandi: Gud Fadir hefir sett Christum á hægri hönd sér í himninum, lángt fyrir ofan allan höfdíngsskap, vald, makt og herradæmi, og öll þau nöfn sem nefnast, ecki einasta í þessari öld, heldur og í hinni sem verda mun. Svo er þá Drottinn

Jesús sitjandi til Fodursins hægri handar, afklæddur ollum þeim eymdum og harmkvælum, er hann bar í voru holdi, vordinn konúngur og kénnimadur ad eylífu, svo ad í hans nafni skulu oll kné sig beigja, bædi á himni og jord og undir jordunni, Phil. 2; þad er ad hann lifir og ríkir ad eylífu; því þad sem Davíd kallar ad sitja á hægra veg Gudi, Ps. 110, þad kallar Páll ad ríkja, segjandi, 1 Cor. 15: honum byrjar ad ríkja, þar til hann leggur alla óvini til skarar fóta hans. Og er nú þetta sá ávoxtur og nytsemi, er Drottni sjálfum tilheyrir, jafnvel þótt ad ei séum vér heldur hlutlausir af henni, sem sídar mun sagt verda.

En hvad vidvíkur þeim ávoxtum, sem oss syndugum monnum til gagns og nytsemi spretta af Drottins himnafor, þá er hinn fyrsti, sendíng h. Anda; svo segir hann sjálfur: nema eg í burtu fari, þá kémur ecki sá Huggarinn til ydar, Jóh. 16. Þetta sitt fyrirheit efndi Drottinn á Hvítasunnudogum, svo sem alkunnugt er, og er þad ecki lítill velgjorníngur br. m., ad hann sendi sinn h. Anda yfir sína postula; hann leiddi þá í allann sannleika, svo ad þeir skyldu leyndardóma Guds ríkis, ad oss yrdu þeir sídan opinberadir; hann gjordi kraptaverkin fyrir þá, og styrkti þar med kristni-bodid, svo ad þad hjálprædid sem fyrst var bodad af Jesú Christó, yrdi og stadfest hjá þeirra eptirkomendum sem Páll vottar, Hebr. 2; hann kéndi þeim ad forsmá alla hluti hjá Drottins krossi, og halda þá fyrir þreck ad vera til ad ávinna Christum, oss til eptirdæmis, svo ad þeir uppfyldu leyfar Jesú Christí písla á sínum líkhama, sem er hans kristni, Col. 1. Nú þó ad þetta sé einn háleitur velgjorníngur, ad hann úthelti sínum Anda svo ríkugliga yfir postulana, þá hofum vér eingu minna þegid ef vér rétt adgjætum. Hid mesta erfidi skal til þess hafa, ad leggja grundvollinn undir eitt hús, svo var og ad Krists kyrkju; hinn fyrsta stein lagdi Gud í pínu síns Sonar, þegar hinn dýrmæti hyrníngarsteinninn var af uppbyggendum útkastadur, 1 Pet. 2; þar uppá bygdu postularnir og adrir helgir menn, er vordu lífi sínu og allri tímanligri velferd sinni til þessarar byggíngar. Þess gétur Páll, Eph. 2, segjandi: ad vér séum bygdir uppá grundvoll postulanna og spámannanna, þar Kristur er sjálfur hyrníngar steinninn. Gjætid ad þessu er eg segi, br. m., þess meira sem lídur á bygginguna, þess minni þúnga hefir þad ad bera sem ofarliga er lagt. Þótt vér eigum dagliga ad þjá vorn eiginn líkhama fyrir Guds ríki, hvad er þad hjá því, sem postular Guds og adrir helgir menn urdu ad lída oss til eptirdæmis; þeir báru hita og þúnga dagsins, Matth. 20, medan heitast var, medan hádegi var kristninnar; vér erum um ellefta stundu kalladir; Gud úthelti yfir þá sýniligum ástgjofum Andans, til ad styrkja kénnínguna, til ad styrkja þá, svo þeir gjæti ossóknirnar þoíad; þú hefir ecki minni ástgjof þegid kristinn madur. Fagnid ecki yfir því, sagdi Jesús, ad andarnir eru ydur undirgéfnir, heldur hinu, ad ydar nofn eru skrifud á himnum, Lúk. 10; Bíleam, Núm 22, Saul, 1 Sam. 10, og Júdas, Matth. 10, hofdu og svoddan gáfur um hríd, þar-fyrir vóru þeir þó ecki fullsælir. Sú var hin ædsta gáfa Drottins, ad hann gaf sínum þénurum ad vera eitt med sér, eins og Fadirinn og hann eru eitt, ad hann vardveitti þá fyrir heiminum, þótt hann tæki þá ecki burt úr heiminum,

Jóh. 17; og þessa gáfu hefir hann þér og sendt, kristinn madur, ef þú vilt móti taka; hann hefir svo endurgétid þig í skírnar-lauginni med heilögum Anda, ad þú gétur samsint hans ordi; hann endurnýar þig dagliga med hinum sama Anda, (nema þú mótstandir hönum) svo þú gétur trúad á Gud, heyrt hans ord, tamid þitt hold, borid hans kross og elskad náúngan. Mér virdist Drottinn hafi sömu atferd vid sín börn í sendíngu heilags Anda enn-nú í dag, svo sem hann hafdi vid sína lærisveina, sem von er til, því Drottinn hét þeim því, þar hann segir hjá Jóh. 14: eg mun bidja Fodurinn ad hann sendi ydur einn annann Huggara, ad hann blífi hjá ydur eylífliga. Þegar hann kom til þeirra ad luktum dyrum og opinberadist þeim, þá blés hann á þá og sagdi: medtakid þér h. Anda, Jóh. 20. Ecki var þessi blástur heilagur Andi, heldur hefir hann búid í hönum, eins og í hinum mikla stormi á Hvítasunnunni, þó var mannligur veikleiki svo mikill hjá þeim, ad þeir ecki trúdu fyrir fagnadar sakir; já, þótt hann opinberadi sig fyrir þeim nín-sinnum eptir upprisuna, þá trúdu þeir varla, svo ad Matthæus segir, ad þegar hann taladi vid þá á fjallinu í Galílea, þá hafi sumir efast, Matth. 28; og undir hans uppstigníngu vóru þeir svo ófródir í þessu, ad þeir spurdu hann: hvert hann þá vildi upprétta Israels ríki, Act. 1; en er hann hafdi meddeilt þeim ad nýu heilagann Anda, og blessad þá, og þeir sáu hann til himins faranda, þá jókst þeim svo kraptur, ad þeir gengu gladir heim og prísudu Gud, segir Lúkas, Act. 2; en eptir 10 daga úthelti hann yfir þá hinum sama Anda med miklum undrunum og táknum, svo þeir efudust aldrei sídan. Svo fer madurinn enn-nú ad vaxa, þar til hann verdur fullordinn eptir máta fullkomins aldurs Jesú Christi, sem Páll adkvedur, Eph. 4; í skírninni medtökum vér heilagann Anda; ecki er vatnid Andi, heldur býr hann í ordinu, hvert ed samlagast vatninu; hans gjætir ecki mikid í hjarta úngbarnsins, þó vita menn ad hann býr þar, þvíad slíkra er Guds ríki, segir Jesús, Lúk. 18. Þegar vér drögumst á legg, verdur hann jafnan samfara ordinu, hjá þeim sem þad læra, þótt ei þecki börnin Jesúm grant, heldur enn lærisveinarnir hér; þegar oss aukast vitsmunir, og vér fáum eptirtekt nockra, þá samverkar hann jafnan Guds ordi. O, börn mín! er ecki þetta ein stór ástgjöf h. Anda, ad eitt úngmenni lætur sér skiljast þad, sem ei gátu skilid edur vildu skilja hinir vísu heims-spekíngar, Phíló, Celsus, Phorphyríus, Lúcianus, og adrir miklu fleiri? og þótt þad ecki skilji svo grant, þá temur Guds Andi svo mannliga skynsemi, og verkar svo í einfeldni barnsins, ad þad géfur sinn skilníng fánginn undir hlýdni trúarinnar, 2 Cor. 10, svo því dugar til sáluhjálpar. Er þad ecki ein stór Guds gjöf, ad vér sem fæddumst reidinnar börn, Eph. 2, vér sjáum þó hvílíkan kjærleika Fadirinn hefir oss géfid, ad vér megum Guds börn kallast? 1 Jóh. 3; hver kénnir oss þad? mun ecki heilagur Andi sá, ed ber vitni vorum anda hér-um!? Róm. 8; er þad ecki ein ómrædilig Guds gáfa, ad þegar vér syndgumst, og höfum forbrotid vora arfleifd, jafnvel med stórglæpum, sem vorri sálu verda á-stundum ofur þúng byrdi, ad vér höfum þá tals-manninn á himnum, manninn Jesúm Christum, hinn réttláta, 1 Jóh. 2, sem oss sendir sinn h. Anda af sínum Fodur, til ad straffa í oss syndina svo vér ydrumst, til ad kénna oss ad hann sé forlíkun fyrir allar veraldarinnar syndir

svo vér trúum, til ad endurnýa oss í anda vors hugskots, svo vér gétum lifad nýum lifnadi? Þegar tveir konúngar sættast, þá seljast þeir gisla á, svo ad vinátta þeirra skuli tryggvari vera, edur sá meiri tekur af þeim minna til þess ad treysta sér hann; en Gud nádi oss fárádar manneskjur, hvad þurfti Gud ad taka pant af oss þrælunum, útlögunum, óbótamönnunum? hvad þurfti hann oss pant ad setja? og þó hefir hann svo gjört; hann hefir tekid af oss einn pant, sem er vort hold og blód, og sett þad á hægra veg sjálfum sér, ecki til þess ad hann trydi oss betur, því hann vissi ad vér dagliga mundum rjúfa vor særi, heldur ad vér kynnum honum þess betur ad trúa. Einginn hefir um aldur sitt eigid hold hatad, heldur fóstrar hann þad og nærir, segir Páll um mann og konu, Eph. 5; fyrst Guds eingétinn Sonur hefir gjört vort hold ad sínu holdi, fyrst hann hefir trúlofad sér kristnina svo sem adra brúdi, þá er þad víst, ad hann elskar þá, sem eru hold af hans holdi og bein af hans beinum, er svo heitt elskadi oss, ad hann gaf sitt líf í daudan fyrir sína óvini, Róm. 5. Hann mun ei forsmá sína brúdi, sem skipar fyrir munn St. Páls, syndugum mönnum ad elska sínar ekta-kvinnur eins og Kristur söfnudinn, Eph. 5, heldur láta drottnínguna standa sér á hægri hönd ískrýdda hinu besta gulli, Ps. 45; og til frekari stadfestu hér-um, hefir hann, upphafinn á sinn tignar-stól, sendt oss einn pant af sinni hendi, þad er heilagur Andi, sem er pantur vorrar arfleifdar, Eph. 1, hver og bidur fyrir oss med ómrædiligum andvörpunum, segir Páll, Róm. 8; ó, hvílík er ástgjöf þessi! hver vill skipta henni vid læknisdómana? vid túngumálin? vid jardteiknagjördina? og sjáum vér af þessu, ad Guds Sonur hefir eingu minna veitt oss í sinni uppstigníngu enn postulun-um, honum sé dýrd og prís ad eylífu, amen!

Hin önnur nytsemi sem vér höfum af Christí uppstigníngu, er sú, ad hann situr til Födursins hægri handar og bidur fyrir oss. Drottinn baud í gamla Testament-inu Aróni og hans sonum, ad þeir skyldu blessa fólkid, Núm. 6; þeirra embætti var og ad bidja fyrir því. Lúkas skrifar, kap. 24, ad þessi vor ædsti Kénnimadur, (hvers fyrirmind ad var Aron í mörgum hlutum) ad í því hann var ad blessa þá, hafi hann verid numinn frá þeim. O, einn glediligan vidskilnad! ó, eina elskuríka kvedju! ó, eina kröptuga blessan! þessi dýrmæta blessan liggur enn-nú í dag yfir hinum andliga Ísrael, þegar hann tilbidur Gud í anda og sannleika, Jóh. 4, svo ad hvers vér bidjum Födurinn í hans nafni, þad vill hann gjöra, Jóh. 16. Drottinn sté upp af fjallinu Olíveti, Act. 1, því hann hafdi þá út til Bethanía (segir Lúkas kap. 24) er stód á sama fjalli; frá þessu fjalli reid Drottinn sídarst inn til Jerúsalem, ad hann offradi sinni dýrmætu fórn síns líkhama, med hverri hann veröldina endurkeypti, fridstilti Gud, en braut undir sig Djöfulinn og allann hans her, og tród hann undir sínna barna fætur. Med þá sömu fórn uppstígur hann hér, vordinn kénnimadur ad eylífu, Ebr. 7, ecki eptir skickan Arónis, heldur Melchisedechs, og birtist med henni fyrir Guds augliti jafnadarliga, svo opt sem einn ydrandi syndari vid-þarf. Þess gétur St. Páll, Hebr. 9, segjandi: ei er Kristur inngenginn í þad heilaga sem med höndum er gjört,

hvert að er fyrirmyndan þess sannarliga, heldur í sjálfan himininn til að birtast nú augliti Guðs fyrir oss; hann birtist nú Guðs augliti, segir Postulinn, og var það nockru eptir hans uppstigníngu, teiknandi þar með, að þetta sé eitt sífelt offur, ólíkt því sem umgétur, Núm. 28, hverju Israels synir á=stundum ræntir voru af sínum óvinum, 2 Paral. 36; en þetta kann einginn að hindra, einginn frá oss að taka, Djøfullinn með allri sinni makt fær því ecki spilt svo lengi vér trúum á Guðs Son. Nøfn Israels sona vóru ritnð á brjóst=skjøld Arónis, Exód. 28, með hvern hann inngéck í það allra=helgasta, svo sem til eins minnis=teikns fyrir Gudi. Minn Herra Jesú! þú eylífi Kénnimaður! þú blessaðir þína elskuliga lærisveina með kénnimannligri blessan, áður enn þú inngéckst í himininn; þú barst þá ecki á þínu, heldur fyrir og í þínu brjósti til eylífrar minníngar fyrir þínum himneska Føður; já, ecki einasta þá, Herra! heldur og alla þá sem á þig síðan trúað hafa og trúa munu allt til enda veraldarinnar, þar þú ert einn kénnimaður freistaður á allann hátt líka sem vér, þó án syndar, Ebr. 5, uppá það þú kunnir að samp'nast vorum eymdum. O, hversu er þessi Guðs gjøf æskilig! hvað má glediligra veitast einum syndara, sem eckert hefir annað enn dauðan og helvítis píslir forþénað, þegar hann á að mæta fyrir þeim hræðiliga dómi, hvar eð tebla er um hans eylífu sáluhjálp, hvað má hønum, segi eg, glediligra veitast enn það, að hann hefir dómaran fyrir føður, og sinn bróður fyrir tals=mann? hver vill láta sér þar hug=fallast, hver vill mistreysta søk sinni; því vil eg álykta þetta með Páls orðum: hver er sá eð fordæmir? Kristur er sá sem dáinn er, já, hver eð upprisinn er, hver og situr á hægri hønd Gudi og biður fyrir oss, Róm. 8. Hin þriðja gagnsemi er vér syndugir menn høfum af uppstigníngu vors Frelsara er sú, að hann þar með hefir afrekað og tilbúið oss eylífa dýrðar=vist í himninum; svo segir Drottinn sjálfur hjá Jóhann=em, kap. 14: í míns Føðurs húsi eru margar verur, annars segða eg yður: eg fer burt og tilbý yður stað, en eg mun koma aptur og taka yður til mín sjálfs, að þér séuð þar sem eg er; það er merkilegt að hann segir: að þér séuð þar sem eg er; nú er það vitanligt, að hann er í Guðs himin uppfarinn, og situr til Krapt=arins hægri handar; það er að sønnu hønum einum ætlað að sitja á hægra veg Gudi, samt erum vér þess fullvissir, að hver og einn af oss hefir sína deild í Christí líkhama, 1 Cor. 12; hvar fyrir þar sem mitt hold ríkir, þar kalla eg mig ríkja, þar sem mitt høfuð drottnar, þar drottna eg sem er limur þess sama líkhama. Það er einn undrun=arligur hlutur, og ein stór dýpt auðæfanna og Guðs speki, að manneskjan gétin og fædd í syndinni, já, sú eð aldrei kann syndlaust að lifa hér í líkhamanum, já, margur sá eð veltir sér í endemi syndanna hinn mesta hluta æfi sinnar, hún skal þó ef hún yðrast og trúir á Christum, verða einglunum jøfn, segir Postulinn, þeim himnesku øndum, er sinn Skapara ecki hafa í hinu minsta styggðann, og sjá hans auglit án afláts, Matth. 18; já, hvað meira er, að vér skulum samlíkir verða Christí dýrðligum líkhama, Phil. 3, sem án efa ber lángt af einglanna dýrð. Hverju sætir þetta br. m.? hver fær það skilið? Drottníngin stendur þér til hægri handar, skrýdd hinu besta gulli, segir Davíð í brúðkaups vísunni, Ps. 45; Kristur eptir manndóminum situr á hægra veg Guði, það merkir að hann sé hønum næstur að tign og heiðri, en hønum til hægri hand=

ar stendur og ecki situr brúdurin, Ps. 45, kristilig kyrkja; svo miklu er hún ó=ædri sem von er til, og þó næst honum ad tign og heidri, svo ad hér má sjá ad manneskjan í dýrdinni verdur einglunum jöfn ad vísu. Hvad ætti kristinn madur um þetta ad hugleida? mætti ecki hjartad brádna af audmýkt svo sem annad vax, nær hann þetta heyrir? mun honum ecki til hugar koma med Abraham þad hann sé dúpt og aska, Gen. 18, og ecki þess verdur, ad sjá inn fyrir himnaríkis dyr, auk heldur ad standa á hægra veg Guds Syni í hans dýrd. En hvar fyrir er syndugum jardar=leyr þvílíkur sómi veittur? fyrir Drottins uppstigníngu til himins, fyrir þá dýrmætu fórnina er hann hefir einusinni innborid í þad allra=helgasta. Br. m.! kollum vér ecki einn hlut svo mikils verdan sem hann kostad hefir? nú er Guds blód med hverju syndarinn er endurkeypt=ur, Act. 20, þess miklu ædra og kostuligra einglunum, sem hann hefir þeim ædra nafn, þad er heidur og virdíngu ödlast sem Páll ávíkur, Hebr. 1; en nú hefir hann ecki einglanna heldur Abrahams sædi uppá sig tekid, í því hefir hann lidid, í því er hann upprisinn, uppstiginn og seztur til hægri handar Gudi Födur; er þá ad undra born mín, þótt hann gjöri oss einglunum jafna, þar hann hefir oss med sínu eigin blódi end=urleyst? Act. 20, hverjum hann og gefur sitt hold og blód til ad eta og drecka, Jóh. 6, hvert nú situr á hægra veg Gudi í dýrdinni. Plaga ecki konúngarnir ad hefja ættmenn sína til virdínga, alla þá sem í hlýdni vid þá standa, og sjá ei gjarna adrir séu þeim fremri? því mun ei Drottinn Jesús hverjum allt vald er gefid bædi á himni og jördu, Matth. 28, vera eins lyndur vid oss, sem erum limir hans líkhama, 1 Cor. 12, hverja hann skammast sín ecki brædur ad kalla, Ebr. 2. Þannig hefir nú Gud upplokid oss himninum í síns Sonar uppstigníngu, og gefid oss ad sitja ásamt med Christó á honum, segir Páll, Eph. 2. O, hversu eru allar heimsins virdíngar, audur og eptirlæti, hé=gómi ad reikna hjá þessari tign, þessari sælu, þessum himneska féssjód, og þó er manneskjan svo dárlig, ad hún tekur allt þetta fram fyrir þessa dýrdar=vist med Gudi og hans út=völdum! Þar er í flestra manna náttúru nockurskonar hugprýdi, ef eg má svo kalla, jafnvel þótt flestir hana vanbrúki, þad er ad komast sem hærst, og eru þad sérdeilis tvö fjöll, sem menn eru ad klyfrast uppá alla sína æfi, þad er maktarinnar og vitskunn=ar; en þar eru svo fáir sem leitast vid ad komast uppá Zíons=fjall, Ebr. 12, og ná þéu=ustu hjá hinum alvalda Konúngi, sem Gud hefir þar yfir sett, Ps. 2. Hversu aud=hælis gengur þetta br. m., jafnvel fyrir þeim, sem eru kóngbornir í skírninni? þeir taka ecki betur vara á tign sinni enn svo, ad þeir selja hana fyrir glis veraldarinnar, eins og born þau, er kaupa vilja þad er þeim vænt um þykir fyrir dýra dóma. O, hversu vísari og voldugri munu þá hins eylífa Konúngs synir og brædur verda í hans ríki, því þeir munu einglana dæma segir Páll, 1 Cor. 6, þad er djöflana, þeir munu Gud þeckja svo sem þeir verda af honum þecktir, og sjá hann og hans dýrd, ecki svo sem í speigli edur rádgátu eins og hér, heldur augliti til auglitis, 1 Cor. 13; og er þó hin minsta þeckíng sem einn einfaldur Guds dýrkari hefir á Christó hér í lífi, miklu vísari enn allt mann=vit heims=spekínganna, því Páll segir, 1 Cor. 1: ad Gud hafi gjört speki verald=ar þessarar ad heimsku, og ad heimska Guds sé mönnum hygnari, og veikleiki Guds, mönnum öflugri. Þegar makt heidinna manna geck sem hærst, og vísdómur

Gydínga stód í bloma sínum ad þeirra hyggju, þá voru hinir svo voldugir, og þessir svo vísir, ad þeir heingdu Konúng dýrdarinnar uppá gálgan, hverirtveggju sér til skammar og, síns hofdíngja, Fjandans ríki til nidurdreps, svo hann hefir aldrei vidrétt sídan. Þannig er makt myrkranna og skynsemi holdsins, þau eru volædi hjá Guds barna veikleika, og heimska hjá þeirra einfeldni í Guds augum, sem einn er vís og alleina voldugur, Róm. 16; og þótt nockur væri einvalds Drottinn yfir öllum heimi þessum, og vissi alla náttúru hlutanna, hvad mundi þad vera hjá þeirri dýrd, þeirri speki og þeirri sælu, sem hinn minsti í himnaríki er prýddur med? því ef hann er meiri enn Jóhannes Baptista, hvers líki ei var af konu fæddur, Matth. 11, þá munu hinir ná skamt til þess, jafnvel í hádeigi maktar sinnar. Og hefi eg nú svo talad fyrir ydur, br. m., um hina sérlegustu ávexti Drottins uppstigníngar, hverrar hinn fyrsti heyrir honum sjálfum til, sem er, ad hann er inngenginn í sína dýrd; og eigum vér ad gledjast þar-af, ad hann er farinn í burtu hédan, ef vér elskum hann svo sem hann sagdi fordum vid lærisveinana, sérdeilis þar vér erum ecki hlutlausir þessarar dýrdar; hann svo sem frumgétinn og eingétinn Sonur hins Hæsta, hefir tekid hinn mesta arf, má oss ei nægja þad ættleidíngunum, ad vér erum samarfar Christí og erfíngjar eylífs lífs? Róm. 8; má þad ei duga oss landráda-monnunum, ad vér hofum arfs-von í ómælanligrar dýrdar eylífri þýngd? 2 Cor. 4. Gud hefir géfid sínum Syni endimork veraldarinnar til arfleifdar, Ps. 2, ecki svo fjoll og dali, jord og skóga, votn og sjó, og allt hvad þar inni byggir, svo sem hans elskuliga brúdur sem hann hefir útvalid af ollum þjódum og túngumálum, ádur enn grundvollur veraldarinnar var lagdur, Eph. 1; þess hofum vér notid aumíngjarnir, sem liggjum undir hinu ytsta heims-skauti þessu; vér erum hans arfur, og hofum vér sjálfum oss aldrei betur varid. Hinir adrir ávextirnir heyra oss monnunum til; hann hefir ríkugliga úthelt yfir oss heilogum Anda, svo vér réttlættir fyrir hans nád yrdum erfíngjar eylífs lífs, Tít. 3; hann situr til Guds hægri handar, og bidur fyrir oss, Róm. 8, svo ad allar vorar bænir eru Já og Amen; hann hefir opnad oss himininn, og tilbúid oss þá sælu-vist er eg fyrir skommu umtaladi. Nú þar Gud Fadir í sínum Syni, Guds Sonur af Fodurnum sendur, og heilagur Andi, sem af bádum þeim framgengur, þad er oll heilog Guddómsins þrenníng, hefir audsýnt oss þvílíkan kjærleika, sem ádur er sagt, í Drottins uppstigníngu, þá stígum nú upp aptur á-móti honum í vorum hugskotum; hann hefir vort hold upp-hafid; látum hann ecki forgéfins hafa sendt ofan sinn Anda til vor aptur; ef vér erum uppri snir med Christó, þá leitum þess sem þar uppi er, hvar Kristur situr til hægri handar Fodursins, Col. 3. Þar sem ydar féhirsla er, þar er ydar hjarta sagdi End-urlausnarinn, Matth. 6. Ef vér hofum medtekid heilagan Anda, sem hann hefir ríkug-liga úthelt yfir oss í endurgétníngar vatns sánum, hvar skyldi þá vor féhirsla vera? nema í honum, í hverjum ad byggja allir fésjódir vitskunnar, Col. 2. Postular Drott-ins horfdu upp í himininn eptir honum, Act. 1. Lyptum og augum vorum upp frá þessum jardneska hégóma, og skynjum þad sem þar uppi er, lyptum þeim til hædanna hvadan oss kémur hjálpin; forsmáum heim þenna med ollu því sem í honum er, því

hann mun fyrirfaraſt; gaungum því út af heiminum, ad ecki tortínumſt vér med honum.

Drottinn hafdi læriſveinana út til Bethanía, þegar hann ſté til himins, Lúk. 24; hvert hann er farinn, þad vitid þér og veginn þeckid þér, Jóh. 14. Bethanía merkir fátæks manns hús; ef þér viljid eptir honum uppſtíga, þá gjöriſt andliga voladir, þvíad ſlíkra er himnaríki, Matth. 5; falli ydur ríkdómur til, þá feſtid ei hjarta ydar vid hann; gjörid fátækum gott, ſvo þér ſéud í Gudi ríkir, og þeir medtaki ydur í eylífar tjaldbúdir, Lúk. 16. Elías fór nakinn til himna, 2 Reg. 2. Svo megid þér og ſlíta frá hjarta ydar allt veraldligt yfirlæti, ef þér viljid honum fylgja. Drottinn var nakinn kroſſfeſtur, nakinn var hann í lífblæunni vafinn, hana ſkildi hann eptir í gröfinni, nakinn hefir hann uppriſid, nakinn uppſtígid, jafnvel þótt hann hafi klæddur ſýnſt fyrir læriſveinunum; þú átt og ad kroſſfeſta hinn gamla manninn, þú átt ad greptraſt med Chriſtó, og uppríſa med honum, Róm. 6, ádur enn þú fær uppſtígid. Afklæd þig og ſvo med honum; lát ecki eina ſlík veraldligra muna þýngja hjarta þitt, ſvo þú megir fljúga upp í hædirnar eins og annar ern eptir þínum Frelſara; brúka ſvo heiminn, ad þú ecki vanbrúkir hann; ſlít frá þér alla elſku til veraldarinnar; lát ecki hennar púnga-vöru draga þig nidur þegar þú átt ad ſtíga til himins, hvar vor borgar-réttur er, hvadan vér og væntum Drottins Jeſú Chriſtí, Phil. 3; honum med födurnum og h. Anda ſé lof, prís og heidur um aldir alda, amen!

Sjötta Sunnudag eptir Páſka.

Gudſpjallid, Jóh. 15 og 16 Kap.

Jeſús ſagdi til ſinna læriſveina: en þá ed ſá Huggarinn kémur, hvörn eg mun ſenda ydur af mínum Födur, ſem ad er ſannleiksins Andi, hvör af Födurnum framgeingur, hann mun bera vitni af mér, og þér munud mér vitni bera, þvíad þér hafid í frá upphafi hjá mér verid. En þetta tala eg því til ydar ſvo ad þér hneixliſt ecki, því þeir munu forboda ydur, og ſá tími kémur, ad hvör hann líflætur ydur, ſá meinar ſig ad gjöra Gudi þægt verk. Og þetta gjöra þeir ydur, af því þeir þeckja hvörki Födurinn né mig. En þetta tala eg því til ydar, ad nær ſú ſtund kémur, ad þér minniſt þeſs, ad eg ſagdi ydur þad. En þetta ſagda eg ydur eigi í upphafi, því eg var hjá ydur.

E x o r d i u m.

Einginn kann tveimur herrum ad þjóna; því annadhvert hatar hann þann eina, og elſkar hinn annann, edur ad hann adhylliſt þann eina og forſmáir hinn annann; þér gétid ecki undir eins Gudi þjónad og mammóna, ſegir Endurlauſnarinn, Matth. 6. En þad ſem hann hér ſégir um mammon, hver ad er Gud þeſſa heims og hans barna, þad vill hann ſagt hafa um ſjálfan heiminn. Omöguligt er undir eins Gudi ad þjóna og ſvo heimi þeſſum; þad eru

tveir svo ólíkir húsbændur, ad hvør þeirra rekur annars þénara í burtu frá sér, og þad þess vegna, ad þeir svo ólíkir eru; þar fyrir ávarpar St. Jakob Postuli veraldarinnar páfugla þannig, 4 kap. 1 þér hór-kallar og hór-konur! vitid þér ecki, ad heimsins vinátta er Guds óvinátta? fyrir því, sá sem vill vera vinur heimsins, hann gjørist Guds óvinur. Og fyrir því ad þessu er nú svo varid, þá hljóta Guds børn adskiljanlig mótlæti og hørmúngar ad lída, um hvert efni eg hefi nockud fyrir skommu talad, er eg óska ad gódan stad fundid hafi í ydar hjortum. En sokum þess, ad margur sá ed vill Gudi þóknast, hann þolir ljúfliga þad sem Gud leggur sjálfur á, svo sem eru sjúkdómar, fátækt, ástvina-missir og annad þvílíkt; en þad sem af mannanna hendi kémur, þad er oss bágara ad þola, og optliga upptendrast vort hjarta af reidi og hatri til þeirra, af hverjum vér megum nockurn óþoknud lída, sérdeilis nær þad fram vid oss kémur fyrir sakleysi, edur og í stadinn þess, er vér gott hugdumst gjora; slíkt er ad sonnu mannligt, og einginn láir þad ødrum, manna á-medal, hvíad flestir eru svo lyndir; en ef vér adgjætum, ad þad kémur eckert fram vid Guds børn, sem ad ecki sé eptir hans forsjá og tilllátsemi, þá eigum vér því eins vel ad taka, sem kémur af mannanna hendi, svo sem hinu, er hann sjálfur á oss leggur, því ecki einn titlíngur fellur á jordu án vors himneska Fødurs vilja, Matth. 10; því mun oss þá nockurt þad henda, sem ad hann ecki vill ad vid oss framkomi? Og þetta er þad sem ad Drottinn Jesús fyrirsegir sínum lærisveinum í þessu heilaga Evangelíó, um ofsóknir vondra manna, og segist þess vegna tala þad til þeirra, ad þeir hneixlist ecki, og ad nær sú stund kæmi, ad þeir þá minntust þess, ad hann sagdi þeim þad; og vill hann þad sama sagt hafa ollum sínum børnum um allan heiminn. Því vil eg út af þessum spádómi Drottins sérdeilis tvent hugleida í þetta sinn, sem er: 1) ad vér séum skyldugir til ad gégna því med þolinmædi, er vér lídum af vondum monnum sakleysisins og Guds vegna; 2) ad vér eckert rángt gjørum til ad umflýa þeirra ofbeldi. Hér-til hjálpi oss gódur Gud, fyrir sinn Son Jesúm Christum, amen!

Utleggingin.

Þeir munu forboda ydur, segir Drottinn, og sá tími kémur, ad hver hann líflætur ydur, hann meinar sig ad gjora Gudi þægt verk. Vid hverja sagdi Frelsarinn þetta? vid sína elskuliga lærisveina, hverjir honum án efa hafa af monnum kjærastir verid, hverjir ad hofdu hans vitni um þad, ad Fadirinn elskadi þá, af því þeir elskudu sig, og allt þetta rættist á þeim, sem vonligt var. Hver sem athugar húdstrokur St. Páls, 2 Cor. 11, fángelsi Peturs; Act. 12, líflát hins eldra Jakobs, Act. 12, og beinbrot hins ýngra, já, hversu ad allir Guds heilagir menn og vottar Jesú píslar eru hérfiliga útleiknir, svo sem ljóst er af kristindóms-søgunum, hann mun þad játa, ad eckert ord Drottins sé á jordu fallid. Nú fyrst honum þóknast hefir ad láta sína kjærustu vini þetta lída af vondum monnum, því skyldir þú og ecki fyrir Guds sakir lída vilja, þad-sem einhvør óhlutvandur vid þig aflaga gjørir, og taka því svo sem ødrum krossi af Drottins hendi? Ad sonnu reynir ecki á þad fyrir oss í þessu fátæka landi, ad þola ofsóknir edur líflát fyrir Evangelíí lærdóm edur Christí vidurkénníngu, samt eiga menn þó Gud ad dýrka med gódum verkum, med því ad hjálpa hinum saklausa, og þeim sem óréttinn lídur til réttarins, mótstanda þeim sem illa gjøra; og margur lídur órétt fyrir sakleysi, og fyrir þad sem hann med svoddan hætti gott gjørir, en allir þeir ed þann veg lída, þeir lída fyrir Guds sakir. Gud hefir bodíd ad hjálpa þeim sem rángindin lída, og undir-þrycktir eru af ofríkis monnum; villt þú ecki frelsa hinn fángada sem til dauda er dæmdur og þann sem ad liggur vid lífláti, þar þú segir: sjá, vér þeckjum ecki þenna; meinar þú ecki, ad hann, sem rannsakar hjartad, hann merki þad? og hann sem tekur

vara á sálu þinni, hann þecki það? mun hann ecki gjalda hverjum manni eptir verkum sínum, segir Salómon, Orðskv. 24. Þetta vill nú hinn æðsti Dómari hafa sagt þeim, sem meiri máttar eru og kunna að hjálpa þeim sem órétt líða; segið mér, mun hann sýknsaka vera, ef hann gjörir það ecki? nei, litlu betri enn hinn sem óréttinn gjörði; en þótt hann megi áráfum mæta þar=fyrir, þá á hann það að líða með þolinmæði fyrir Guðs sakir. Guð hefir boðið að elska náúngann, og það ecki einasta með orði og túngu, segir Postulinn, heldur með verki og sannleika, 1 Jóh. 3; en hvað er tíðara í heiminum, heldur enn vanþacklæti fyrir góðgjörðirnar? Drambsemi óhlutvandra manna er svo há=vør og svo ríklunduð, að hún þykist eingum vera um neitt skyldug, hversu miklar velgjörðir sem hún þiggur, og alla hluti vill hún með sjálf=skyldu hafa, en géldur hin verstu laun fyrir allt undanfarið, ef ecki er græðgi hennar fullnægt í hverjum þeim hlut, er hún hafa vill; full er veröldin af slíkum sjálfbyrgíngum. Þeir sem nú fyrir slíku verða, sem margur er, þeir líða Guðs vegna, því þeir líða fyrir það sem Guð hefir boðið, hvert þeir mega ecki ógjört láta, ef þeir vilja kristnir menn heita og Guðs vinir, því hver sem sér sinn bróður nauð líða og apturlýkur sitt hjarta fyrir honum, hvernig má Guðs kjærleiki í honum vera? segir Jóhannes, 1 Pist. 3; og mega þeir það ecki reikna, þótt að heimurinn gjaldi illu á=móti góðu; því Páll segir, Róm. 12: ef óvin þinn húngrar, þá géf honum að eta, og þyrsti hann, þá géf honum að drecka; og megum vér ecki vera vandari hér um, enn Faðir miskunsemdanna, hver að í gégn sinni óútsegjanligri góðgirni þolir hina mestu óþock af syndugum mønnum, og lætur þó rigna yfir vonda og góða, og sína sól upprenna yfir rángláta og réttláta, Matth. 5. Því skulum vér ecki meina, br. m., að þetta sé alleina sagt til postulanna, eður þeirra sem lifðu á þeim døgum, því einginn er sú stétt sem að nockur maður lifir í, að eigi mæti hann andstreymi og aðkasti veraldar, ef hann leggur kapp á að gjøra verk Drottins Guðs síns trúliga. Því er æ verr og miður, að þeir eru flestir, sem skjóta þessu ómakinu hjá sér, uppá það þeir megi í friði vera; hvað er ecki einn Guðs orðs þénari, ef hann er vandlætíngasamur í sínu embætti? mun honum ecki óvild og mannhatur búið vera? en segið mér, mun hann þar=fyrir mega láta af að straffa, ógna og áminna? eður elska þá og þeirra velferð, er honum svo illa launa hinn mesta velgjørníng, er af syndugum manni kann við annann gjørður að vera? mun hann ecki mega þeinkja hið sama og Páll? er hann sagði, Gal. 1: hefði eg híngað til mønnum þóknast, þá væri eg ecki Krists þénari; og þetta er rétt að taka sinn kross uppá sig og fylgja Jesú eptir, Matth. 10. Sá gjørir vel sem líður með þolinmæði það Guð á hann leggur, og hann gétur ecki af sér kastað, en sá gjørir enn þá betur, sem með fúsum huga gengur í bardagan á=móti Fjandanum og hans verkfærum, þar hann kynni þó að skjóta sér undan, sem margir gjøra; hann er einn Guðs kappi, og má vænta sér þeirrar kveðju sem Gedeon fékk af einglinum forðum: Drottinn er með þér, þú hetja! Júd. 6. Hvað skulu menn tala um einn réttvísann dómara, ef menn eiga þó fyrir morgum þvílíkum ráð að gjøra í hreckvísri og skynlausri øld þessari. En ef nockur er sá, er vanda vill sitt embætti

med rœksemd og stjórnsemi nockurri, og halda uppi kristiligum réttindum, þá er honum ecki einasta á hálsi legid af þeim er því mœta, sem ecki er svo ad undra, því blindur er hver í sjálfs síns søk, heldur og af þeim, er þad eckert vidkémur og eigi skynja hvar um þeir dœma; já, mœtir árásum af þeim er sjálfir ættu hvad mest réttinum fram ad fylgja, hverjir ad brúka login eins og reikni=peninga, þá er menn láta merkja svo mikla edur litla tølu, sem menn sjálfir vilja. Allir þeir ed nockrum óskunda fyrir verda af svo hreckvísum og heimskum mønnum, þeir lída fyrir Guds sakir, því hann er sá, ed sagt hefir fyrir munn hins vísasta konúngs: sá sem réttlætir hinn ógudliga og sakfellir hinn réttláta, þeir eru bádir eins svívirdíng fyrir Gudi, Ordskv. 17; og eru ecki alleina þeir, ed í Guds stad vandlæta eiga med ordum, edur þeir sem yfir réttinu skipadir eru, þessum mótgángi vondra manna undirorpnir, heldur hefir Djøfulinn sín verkfæri nærri því í hverju húsi, til ad spilla kristninni og gódum sidum; einn vandlátur húsbóndi má slíku mœta af sínum hjúum, af sínum børnum á=stundum, já, af ødrum út í frá, sem ecki hirda um ad vanda ráð sitt, og ámœla þeim, er adra vilja hafa aptur af illu, géfa þeim stýfin ord, og kalla ad þeir eigi eckert med sig, þeir muni brúka sína sidu þeim ad þackarlausu. Þetta er ecki lítil skap=raun, børn m., fyrir þá, sem óttast Drottinn og ángrast af ad sjá ógudligt framferdi, og sjá fyrir þeirra tímanligar og eylífar ó=farir, en fá þó eigi vid þeim gjørt søkum þvermódsku og strákskapar hinna, er þeir vildu leidrétt hafa, já, þad er þeim meira ángur heldur enn margt þad, er á sjálfum þeim liggur. En allir þeir, ed fyrir þvílíkt lída mega nockurt adkast, illyrdi edur annad verra, þeir lída fyrir Christi sakir, því Gud hefir skipad ad uppala sín børn í lærdómi og umvøndun Drottins, Eph. 6; hann hefir bodid ad vér skulum leidrétta þá, er villir fara, med hógværum anda, Gal. 6; já, sá ed þad ecki gjørir nær hann sér sinn bródur vilt fara, hann samþyckist hønum, og gjørir sig hluttakara í annarligum syndum, 1 Tím. 5. Og hefi eg nú þannig sýnt br. m., ad sérhver einn af oss gétur átt hlut í þessum alvísa spádómi Drottins, ef vér viljum þyckja fyrir Gud edur vandlæta í hans stad, því aldrei þrýtur þar Andskotans børn þau, er géfi þeim orsøk þar til, er Drottinn óttast, og eyra því illa, ad hans dýrdarfulla nafn sé vanvirdt, hans ord forsmád og hans setníngar vísvitandi undir fótum trodnar; og þótt ad mønnum sé óhætt uppá líf og landsvist, þá er þad eigi þeirra gjæsku ad þacka, sem allt gudligt skick og réttindi forsmá, því hann, sem ad hatar einn Guds ords þénara fyrir heilsusamliga kénníngu, edur einn yfirvalds=mann fyrir réttann dóm, já, hann sem bølvar fødur og módur, húsbændum edur ødrum þeim, sem hann leidrétta vill, hann er ecki lángt frá því ad taka lífid af hønum, edur reka hann úr landi, ef hann þad þyrdi vegna hefndarinnar. Nú er þessu svo varid sem eg sagt hefi, br. m., og því verdur eigi mótsagt, en allt þetta eigum vér þolinmódliga ad lída fyrir Guds sakir, og ecki hatast vid þá, er vér megum þola þad af, heldur gjøra skyldu vora med þolinmædi. Gjætum þess, er Frelsarinn segir hér í Gudspjallinu: ad þeir ed gjøri þetta, meini sig ad gjøra Gudi þægt verk; svo kunna og hinir skynlausir ad vera, ad þeir ætli sér sé órèttur gjør, og þeir ed þeim vel vilja, gjøri þetta af øfsa og illgirni; lát þér þó til hugar koma, syndugur madur, ad þad er órétt fyrir Gudi þ'nun, hverjum

þú þjónar, ad hatast vid svo fárádar manneskjur, því þeir eru ecki haturs, heldur med-aumkunar verdir; hversu voldugir edur vísir, hversu ríkir edur sterkir sem þeir eru, þá eru þeir allra sképna vesælastir, er svo hafa gleymt Gudi og sinni velferd, ad þeir skynja ecki hvad þeim er til gagns edur ógagns. Þetta gjøra þeir, segir Frelsarinn, af því ad þeir þeckja hverki Fódurinn né mig. Ef ad hundur bítur nockurn, edur hestur slær hann, honum kann madur ecki svo ad reidast svo sem einum manni, sem Gud hefir vit og skyn géfid; en hinn ógudligi, sá ed segir í sínu hjarta, þar er eingin Gud, Ps. 14, hann er argari enn hestar og múlar, hverjum menn hljóta beitsli og bitil í munn ad leggja, Ps. 32; og því skylda eg þá vilja hefna míns vansa á svoddan Audskotans vinnu-dýri, sem ei veit hvad þad gjørir? Menn láta óds manns verk vera saklaust vid kónginn eptir løgunum, og því skyldu menn þá ecki hafa vidlíka miskun vid hann, sem svo er yfirgéfinn í fráleitt sinni, ad hann hverki þeckir Gud né hans Krist, og ecki miklu heldur leitast vid ad leidrétta hann, heldur enn vilja hans ólucku? Lít til þíns Endurlausnara, þar ed hann héck á krossinum, og beiddi fyrrir yfirtrodslu-mønnum, já, þeim, er gjørdu á-móti hønum þá allra-stærstu svívirding, sem nockurn-tíma hefir fram-in verid á-milli himins og jardar, og þó vildi Brunnur Gjæskunnar láta þetta fyrir afbøtun gilda: þeir vita eigi hvad þeir gjøra, Matth. 27; og hversu lítid er þad nú, sem þú mátt lída af þeim, sem ecki eru kanské øllu syndugri enn þú, fyrir hans skuld, hjá því sem hann leid saklaus þinna vegna. Þar-fyrir, nær sem einhver veraldarinnar son-ur mótmælir oss, þegar vér gjørum Guds verk, þá hugleidum hvílík vegsemd þad er, ad líkjast hans eingétnum Syni í þvíliku, og spillum ecki þeim heidri med óþolinmædinni, því ef vér gjørum þad viljugir, þá høfum vér laun, en gjørum vér þad naudugir, þá er oss þad þó uppálagt, segir Páll um sig, 1 Cor. 9; og þeinkjum ecki ad læri-sveinninn sé yfir Meistaranum; hafi þeir Húss-fódurinn Belzebub kallad, hvad munu þeir gjøra vid hans heima-menn? Matth. 10. Og þessa íhugan munum vér láta spekja hjarta vort, ef vér meir ángrumst af því, sem Gudi er í þessu á-móti gjørt, heldur enn sjálfum oss, og blöndudum ecki hverutveggju þessu saman; og má þad ecki letja oss, þótt ad lítid vilji áorkast vid vora tilhlutan í Guds stad. Heyrum hvad sjálfur Kristur segir, Esa. 49: en eg sagdi, eg erfidadi forgéfins, og fyrirkæmi svo mínum styrkleika fyrir eckert og til ónýtis, þó ad mitt málefni sé Drottins, og mitt embætti míns Guds; en þar um ber raun vitni, hvernig hann blessadur, holdinu íklæddur, lagdi allan hug á Guds eyrindi; hver hefir þvílík mótmæli, hádúngar, bríxlanir, og allra handa óvirdíngar þolad fyrir Guds verk sem hann? Eckert er tídara í heiminum, enn þad, ad hann skipast ecki vid þeirra adgjørdir, sem Guds eyrindi reka, samt vill Gud þad þó gjøra láta sínu nafni til dýrdar, og þeim til nota er þad medtaka, en hinum til þess stærri fordæmíngar, og má þig einn gilda, syndugann mann, med hverju móti þú Gud dýrkar. Drottinn Jesús vissi ad Júdas var glotunarinnar sonur, samt taladi hann Guds eyrindi fyrir hønum, advaradi hann þad sama kvøld og hann sveik hann um nóttina, Jóh. 13, áminnti hann í því hann sveik hann, Matth. 26. Þú

verdur fyrir óverdíngu af heiminum, en seig mér: er nockur virdíng stærri? nockur nafnbót svo føgur, svo sem Guds barn ad heita? nú segir Endurlausnarinn, Matth. 5: blessid þá er ydur bølva, gjørid þeim gott sem ydur offækja, svo ad þér séud børn ydar Føđur, sem á himnum er; þar-fyrir, hver sem hugleidir eylífa himnaríkis gledi og føgnud Guds barna, og ecki reyngir sannsøgli Christí, hønum mun lítid þykja fyrir ad líða nockur hallmæli og árásir af vitlausum mønnum hér í heimi, fyrir þad dýrdliga verdkaupid, sem er nógligt á himnum, Matth. 5; hér til lítur Davíd, er hann segir, Ps. 27: eg mundi snart hafa yfirgéfid mig, ef eg eigi trýdi, ad eg sjá mundi gjæsku Drottins á landi lifandi manna. Og viljum vér þeirra dæmum fylgja, er Jesús taladi þetta vid og þeirra sampjóna, þá skulum vér ecki finna, ad þeir hafi stórum óþolinmódir edur reidir vordid, nær þeir vóru falskliga áklagadir fyrir herrum og landsdómurum. Hvad skal eg tala um hid saklausa Lambid, Guds eingétinn Son? þegar þeir søgdu hann væri Samverskur og hefdi Djøfulinn, Jóh. 8, svaradi hann alleina þessu: ecki hefi eg Djøful, heldur vegsama eg minn Føđur; þegar Júdas sveik hann: vinur! hvar til komst þú híngad? Matth. 26; þvodi svikarans fætur, Jóh. 13, skømmu ádur enn Djøfulinn fór í hann; þegar biskups þénarinn sló hann, Jóh. 18: hafi eg illa talad, þá bevísa þad, og hafi eg satt sagt, hvar fyrir slær þú mig? O, þér allir hans vinir! øll hans børn! allir hans lærisveinar! allir sem viljid hønum í dýrdinni eptirfylgja! komid híngad og lærid af hønum, því hann er hógvær og af hjarta lítilátur, Matth. 11; svo var hann þolinmódur, sem ecki vissi af synd, 2 Cor. 5, og átti þó alls vald, bædi á himni og jordu, Matth. 28; en þú sem dagliga syndgar og ecki forþénar annad enn straff, munt þú ecki játa, ad Gud hafi allan rétt til ad straffa þig? já, þad munt þú ad vísu játa; en seig mér, mun hann þá ecki frjálst eiga med hverju móti ad hann typtar þig? mun barnid nockud sýsla um vid fødurinn, hvert heldur ad hann straffar þad med hendi edur vendi? þad heyrdist ecki á Job., kap. 1, hver oss er settur fyrir þolinmædinnar eptirdæmi, hvert heldur ad Gud lét eldinn falla af himni og brenna hans eigur, ellegar ad þeir af Kaldea og Saba ræntu hans gótzi; í øllu þessu syndgadi ecki Job segir Ritníngin, heldur sagdi hann: Gud gaf og Gud aftók, sé nafnid Drottins lofad ad eylífu. Pad er ein hræsnisfull þolinmædi, ad segjast vilja þola allt þad, sem Gud leggur á, en vilja eckert mønnunum líða, eins og þeir gjøri nockurt þad, er hann leyfir þeim ecki; sá sem líflátast á, hann fyrirgéfur bødlinum, en slær allri skuldinni uppá dómarann; nú gétum vér ecki géfid Gudi skuldina, því vér játum, ad vér høfum til alls þessa unnid, sem hann á oss leggur, og því skyldum vér þá reidast hans bødlum, sem eru vondir menn, þótt hann leyfi ad þad á oss framkomi, sem hann vissi ad þeir af sjálfs dádum mundu órétt gjøra, sérdeilis þar vér erum sjálfir vondir? þar fyrir, hversu sem þad er óréttvíst af þeirra hendi, þá er þad af Guds álfu rétt, og eckert annad enn vor forþént laun; og vilji einhver því ecki trúa, ad Gud stjórni á þann máta verkum ómildra manna sínu nafni til dýrdar, en sínum børnum til leidréttíngar (því allt verdur þeim til góda er Gud elska, Róm. 8), hann lesi þad er stendur í bæn postulanna, Act. 4: í sannleika komu þeir saman yfir þinn h. Son Jesúm, hvern þú smurt hefir,

Heródes og Pontíus Pilatus med heidíngjunum og Israels fólki, til ad gjora allt þad, er hond þín og þitt rád hafdi ásett ad ské skyldi. Hafi nú Guds voldugа hond, eptir sínu alvísa rádi, stjórnad ógudligra manna verknadi og athofnum í fordæmíngu síns eingétins Sonar þér til sáluhjálpar og miskunar, kristinn madur, þá lát þig ecki undra þótt hann stýri þeim, til ad aga þitt lausláta og drambsama hold, til ad temja þig lífadan kálf, eins og Ephraim, Jer. 31, þér til andligrar heilsubótar, heldur minnst þess, nær ed vondir menn þér rángt tilgjora, ad þú hafir þad med þínum syndum forskuldad, og munt þú brádliga snúa því hatrinu, er þú fær til hans, er vid þig afgjordi, á þína eigin synd, med harmþrúngnum og sundurknosudum anda, þad er þad offrid, sem Gudi líkar, Ps. 51; svo gjordi Davíd konúngur, 2 Sam. 16, er Simeí bolvadi honum, og kastadi steinum á hann, en Abísai sagdi: því skyldi þessi daudur hundur bolva mínum herra, konúnginum? eg vil fara og taka hans hofud af; en konúngurinn svaradi: hvad hefi eg med ydur, þér born Zerúja? hafi Drottinn skipad honum: bolva þú Davíd! hver vill segja: því gjorir þú þannig? Og er nú svo úttalad um hinn fyrra partinn.

Hvad hinum sídari partinum viðvíkur, þá á oss þad sagt ad vera, ad vér eigum fyrir eingum manni svoddan virdíngu ad bera, edur ad nockurs manns elsku edur ótta svo mikid ad láta, ad vér þess vegna styggjum vorn Gud á=móti samvitskunni. Þad er oss vitanligt, br. m., ad nógu eru margar syndir vorar, sem oss henda af vors eigin holds og blóds tilteigíngu til ad fordæma oss, þótt ad ecki styggjum vér hinn góda Gud med því ad taka synduga menn fram fyrir hann. Gud býdur í sínu h. logmáli: þú skalt ecki hafa annarliga Gudi fyrir mér, þad er hid fyrsta og hid ædsta bodord, Matth. 22, og þegar þad er brotid, þá eru oll brotin; en hvad gjora menn, þegar þeir gjora alla hluti ad mannanna vild, hversu ógudligir sem þeir eru, en kasta Guds bodordum á bak sér aptur? er þad ecki ad dýrka eitt lifanda skúrgod? já, þann sem er verri enn eitt skúrgod, því einn tré=stobbi er saklaus, þótt hann sé dýrkadur, hjá=trú mannanna gjorir hann ad svívirdíngu; en sá sem óttar odrum til ad gjora ódygdir og sérhvad þad, sem Gud hefir bannad, hann er Djofull, og sá ed hann dýrkar, hann dýrkar Djofulinn. Þú segist ecki dýrka hann þótt þú gjorir þad sem hann býdur, þú vitir ad Gud sé ædri og ollu betri, og hann einn eigi ad dýrka; þad er íllt ad þú veizt þad, þad vill fordæma þig enn=þá meir, heldur enn ef þú þad ecki vissir. En seig mér, í hverju er nú Guds dýrkun innifalin? í því ad trúa á hann, elska hann og óttast, og gjora eptir hans bodordum; en seig mér aptur, hvern óttast þú meir, Gud edur manninn, nær þú hræðist hann, sem ecki kann ad deyda nema líkhamann, en forsmáir Gud, sem lífi og sálu gétur kastad í eylífan eld? Matth. 10; á hvern trúir þú meir, nær þú þykist einkis=þurfi, er þú hefir mannsins vináttu, á=medan þú hræsnar fyrir hans bordi, en svo lítid reidir þú þig uppá Gud, sem þig skapad hefir, fædt og forsorgad, ad þú vinnur þad til ad missa hana ecki, ad þú gjorir alla hluti, sem Gud bannad hefir? hvern elskar þú meir, er þú villt jafnvel fara til helvítis fyrir manninn, en fyrir Guds sakir stendst þú ecki ad sjá hans reidi=svip, er þú meinar

ad hafi nockud af þinni tímanligri velferd í hendi sér? O, vei! ó, vei! er ecki þvílíkt ein hrædilig afguda-dýrkun, og miklu verri enn øll svívirdíng heidíngjanna, þeirra er af Gudi eckert vissu? Páll segir, 1 Cor. 8: ad skúrgodid sé eckert, og hrædd-ust þeir þó skúrgodin, er þau dýrkudu; en kristnir menn, hverjum Gud er í holdinu opinberadur, þeir óttast mennina meir enn Gud, jafnvel þótt hann sé allt í øllu, og þykjast vel hafa komid kaupi súnu, ef þeir fá selt Guds vináttu fyrir mannsins kjærleika; edur til ad umflýa hans óblídu. Drottinn segir fyrir munn Hóseæ spámanns, kap. 2, um Gydínganna samkundu: hún þeckir ecki ad eg er sá, sem gef henni kornid og mustina og olíuna, og eg fæ þeim ánægjanliga silfrid og gullid, af hverju þeir gjøra Bal; hversu vel á þetta heima hjá þeim, er hinn gódi Gud veitir alla hluti yfirfljótanliga til notkunar, en þeir ecki einasta útsjúga hús eckna og fødurlausra, Matth. 23, og selja hinn volada fyrir einn skó, Amos. 2, heldur og gjøra sér einn afgud af þessu í hjarta sínu, hvert ed vera ætti musteri h. Anda? 1 Cor. 6; þad er svívirding foreydslunnar í helgum stad; og þad er þeim ecki nóg, ad þeir dýrki hann einsamlir, heldur eins og Nebúkadnezar lét úthrópa, ad hver madur undir lífs-straff skyldi dýrka Bel, svo vilja þeir fyrir þessa svívirdíngu af øllum heidradir verda, og ad allir hlýdi þeirra bodi og banni, hversu sem þad er órétt og ógudligt, og þessi varmenni óttast menn framar enn Gud og hans sannleika; edur hvad er tídara enn þad, ad nær einn lítilmagni á vid einn maktar-mann, þorir einginn munninum upp ad ljúka, einginn sannleikann ad vitna; þeir hlaupa í felur, og hafa adskiljanlig undanbrøgd til þess ad ódygdin verdi ecki strøffud, en sannleikurinn í ljós leiddur, já, gefa sig heldur Fjandan-um sínum fødur, heldur enn ad þeir styggi hinn voldugа, og jafnvel á-stundum þann, sem þeim kann eckert mein ad vinna. Ecki er þetta kristindómur; bæriligra mun einum ærligum heidíngja verda á dómsins degi, Matth. 11, heldur enn þvílíkum Djøfulsins hamhleypum. Hvad kunna menn þó ad sjá þad, á einum daudligum manni, hversu voldugur sem hann er, ad menn óttist hann meir enn Gud? hann kann ad firra þig allri þinni aleigu, þad getur og Gud á augabragdi; hann kann ad steypa þér úr heidri þínum, mun Gudi nockud bágt um þad vera? hann getur sett þig í fjøtur og járn, Gud getur slegid þig med skjædum sjúkdómi; hann getur tekid lífid af þér, og er þó ecki hætt vid því í landi voru, en Gud kann ad deyda eylífum dauda, og setja þá er hann forsmá, í þad fángelsi hvadan eingin endurlausn er, Matth. 18; hvert er nú meira? eg vil taka til þess mesta skadrædis, er menuirnir kunna ad gjøra, þad er daud-inn; en hvad er hann hjá helvíti? þad er svo ógnarligt, ad eg er viss um, ad ef nockur mætti sjá píslir fordæmdra, mundi hann hlaupa út í þúsund daudans hættur, til þess hann sæi þær aldrei optar; og þó flýa menn med seglum og árum undan einni vatus-bólu, sem þó kann ecki ad skada oss nema á líkhamligri velferd, og þad þó ecki framar enn Gud leyfir honum. Nú ef þú ættir allt þad, er þú kjærast hefir, ad missa; fyrir hvern er þér skyldara ad missa þad, fyrir Gud edur hinn ógudliga? mun madurinn hafa skapad þig? hefir hann gefid þér lífid? hefir hann forsorgad þig frá módur-lífi? hefir hann gefid þér gótz og peninga? hefir hann upphafid þig til heid-

urs? hefir hann verndad þig og allt þad þér vidkémur? mun eigi likara ad þú missir þad hans vegna, ef missast skal, sem gaf þér þad í fyrstunni, og því hefir öllu vid makt haldid allt til þessa dags, heldur enn hins, sem þér gaf ekkert af þessu? því þad hann kanské gaf þér, þad tók hann af Guds, og jafnvel þótt hann hafi stolid því frá náúnganum, og er vísastur til ad taka þad frá þér aptur og lángtum meira, þad fyrsta honum rennur í skap vid þig, því svo er vinátta heimsins. Eg vil eigi þar um tala, ad sá sem hrædir einn til ad gjöra órétt einnsinni, hann hefir hann fyrir skuldbundinn þræl í öllum skömmum og ódygdum sídan, og vilji hann ekki, þá er honum ólukkan búin, því svo plagar heimur þessi ad launa sínum þénurum; já, hann skal ekki vinna sér hinn minsta óhagnad til ad forsvara hann, ef hann yrdi af ödrum þar um sóktur, heldur mun hann svara eins og Gydíngar Júdas: hvad kémur þad vid oss? sjá þú fyrir því, Matth. 27; og kunna þeir sér ekki betri sidi, heldur enn þeirra foríngi Djöfulinn, því svo breytir hann vid þá, er honum ljást til þjónustu, hann teigir þá fyrst til syndarinnar, og launar þeim sídan med eylífu helvítis báli; og þannig er þad, ad óttast menniua framar enn Gud. En hvernig launar nú Gud aptur þeim, er stödugir standa í hans þjónustu, og ekki óttast manninn? þad má oss af dæmunum kunnugt vera; hann launar öllum gódum launum bædi hér og eylífliga; satt er þad, ad mörg eru til þess dæmi, ad hann hefir géfid sína ástvini í mannanna vald, þó aldrei svo, ad hann ekki hafi verid þeim til annarar handar. Eg er viss um ad St. Páll, er hann stód fyrir Festó og Agrippa, Act. 26, hefir unad miklu betur hag sínum, heldur enn hver af hans áklagendum, hverja reidin og hatrid svo plágadi, ad þeir eyrdu eingu, nema þeir fengju honum í hel komid, annars hefdi hann ekki óskad þeim ad þeir væru þvílíkir sem hann; þegar hann hafdi í 14 daga hrakist í sjáfar-ölgunni, og allir örvæntu sér lifs, sendi Drottinn sinn eingil til hans, Act. 27, og lét segja honum: óttast ekki, Páll! þér byrjar ad koma fyrir keisarann; og hversu ad hinn máttugi Gud hafi máttugur í honum verid fyrir keisarans dómi, því lýsir hann, 2 Tím. 4, segjandi: í minu fyrsta forsvari var einginn hjá mér, heldur yfirgáfu mig allir, eg óska ad þad verdi þeim ekki tilreiknad, en Drottinn var hjá mér og styrkti mig, svo ad Evangelii bodskapur yrdi fullkomnadur fyrir mig, og þad heyrdu allar þjódir, og eg vard frelsadur af munni leónsins. Og þótt ad Gud tali ekki svo bersýniliga vid oss á þessum dögum, svo sem hann þá taladi vid Pál, þá talar hann samt í sínu h. ordi, og dregur allan efa af því, ad sá sem honum treystir í öllu ærligu, öllu réttvísu, öllu Guds eyrindi, hann mun aldrei til skammar verda, þótt hann sýnist ad hafa oss í mannanna vald géfid um stundar-sakir; því þad ord stendur stödugt: Gud þekkir þá, sem hans eru, segir Postulinn, 2 Tím. 2. Drottinn er minn styrkur, eg óttast ekki, hvad mun mér madurinn gjöra? segir Davíd, Ps. 117. Einn gódur fadir, þegar hann hefir strýkt barnid, þá kastar hann á-stundum vendinum í eldinn og brennir hann, og svo breytir Gud vid skálkana, hverja hann brúkar optliga til ad hirta sín börn med; því skyldu menn þó óttast þá, nær menn hafa svo sterkan, svo réttvísan og svo gjæskuríkan forsvars-mann sem Gud er? Þad mun gánga þeim eins og St. Páll spáir, 1 Tím. 3, um villu-mennina á sínum

dögunt hverneg hann samlíkir þeim Jannes og Jambres er mótstódu Móse, svo standa þessir í=gégn sannleikanum (segir hann) fordjarfadir menn í hugskotum, fráhverfir trúnni; en þeir munu eigi meiru framkoma, þvíad þeirra fásinna mun öllum opinber verda svo sem og hinna vard. Og þótt ad Guds ástvinir ecki eigi ad fagna yfir ólucku fjandmanna sinna, miklu heldur bidja Gud ad géfa þeim leidréttíng til ydranar, sem Páll býdur, 2 Tím. 2, og segja: verdi þinn vilji, þá samt er þetta ein óbrygdul huggun fyrir þá, sem reka Guds erindi, nær þeim mótmælt verdur, ad hann er þeirra styrkur, sem ad jafnvel segir til sjáfar=hafsins: híngad skalt þó komast og ecki lengra, hér skulu þínar stoltar bylgjur leggja sig, Job. 38. Nær vér erum í vináttu vid hann, þá kann einginn óvinur ad granda oss, og nær hann er óvinur, kann einginn vinur ad hjálpa oss, því skyldi einginn voga hid minsta móti Gudi ad gjöra fyrir ótta edur elsku sakir vid hans óvini, þeir vega allir minna enn eckert, Ps. 39. Í mér hafid þér frid, en í heiminum hafid þér ángist, verid óhraudir! eg hefi heiminn yfirunnid, segir Frelsarinn, Jóh. 16. Hvad kunna oss menninir ad gjöra? ofsækja oss, féfletta, hallmæla, brixla og vanvirda; eg vil þad allt þúsundsinnum heldur lída, enn ad vita mér í minsta máta von hans óblídu, því ad flýa undan mannsins valdi undir Guds reidi, þad er ad hlaupa undan snæ=ljósinu til ad verda fyrir reidarslaginu; hversu miklu betra er, já, miklu glediligra alla hluti ad þola fyrir Christí nafns sakir, eptir þeirri mælíngu sem hann veit ad sérhver einn borid gétur, og oss mun þarfligast, já, dýrdarsamligast og fagnadarsælast verda, þá vér munum í hans ríki med hönum eylífum sigri hrósa; því hver sem hitt útvelur, hann má ad þessu tvennu vísu gánga, annadhvert eylífliga ad fyrirfarast med heiminum, edur ad taka svo mikla ydran fyrir þad, sem hann lét eptir heiminum á=móti Guds vilja, sem kann ad sambjóda þeirri óhamíngju er hann hugdist ad umflýa. Þad sé fjærri, ad eg selji þér mína fódurleifd, sagdi Naboth vid Achab fordum, 1 Reg. 21, er hann faladi hans víngard til kaups; þad forbjódi Gud, minn Herra Jesú, ad eg selji þann himneska arf, sem þú hefir mér afrekad med þínu allra=helgasta blódi, fyrir veraldarinnar frid, hver ad er reidi og fjandskapur í=gégn Gudi. Hvad er einn vatns=dropi hjá sjáfar=hafinu? hvad er eitt sandkorn hjá allri heims=bygdinni? hvad eru mótlætíngar þessara tíma hjá þeirri dýrd, sem vid Guds börn mun opinber verda? Róm. 8; hvad er hin létta byrdi þessarar stundligu armædu hjá eylífri þýngd dýrdarinnar? Gud gjæfi menn vildu hér um þeinkja, þá mundi þeim sídur ofbjóda allt yfirlæti og skarkali veraldarinnar sona, hverjir ad eru ein gufa, er sést um stundar=sakir, segir Jakob, kap. 4, og hverfur sídan; en sá einn er stadfastur sem varpar allri sinni áhyggju uppá hann, sem altíd er hinn sami, og hvers ár ad þrotna ecki, Ps. 102; þar=fyrir vil eg segja med Postulanum: eg em vel til frids í veikleikanum, í forsmáninni, í naudununt, í ofsóknunum, í ángistinni fyrir Christum, því þá eg em veikur, þá em eg máttugur. Þetta sinni og hjartalag virzt þú ó, Gud! ad veita öllum þínum börnum sem á þig vona, og berjast undir merkjum þíns Sonar í útlegd þessari, þar til þú innleidir oss í eylífa himnaríkis vist til ad medtaka þín nádar=fyrirheit med öllum Guds börnum. Veit oss þad og géf himneski Fadir, fyrir árnan og forþénustu þíns eingétins Sonar Jesú Christí, amen!

Á Hvítasunnu-Hátíd.

Gudspjallid, Jóh. 14 Kap.

Og Jesús sagdi til sinna lærisveina: hvør hann elskar mig, sá mun vardveita min ord, og Fadir minn mun elska hann, og til hans munum vid koma og hjá honum vistar-veru gjøra. En hvør hann elskar mig eigi, sá vardveitir ecki min ord, og þad ordid, sem þér heyrdud, er ecki mitt, heldur Fødursins, þess sem mig sendi. Þetta taladi eg fyrir ydur, á medan eg var hjá ydur. En huggarinn, sem er hinn heilagi Andi, þann er minn Fadir mun senda ydur i minu nafni, hann sjálfur mun kénna ydur alla hluti, og minna ydur á allt þad, sem eg sagdi ydur. Minn frid læt eg hjá ydur, minn frid géf eg ydur, eigi svo sem heimurinn géfur, þá géf eg ydur. Ydvart hjarta hryggist ei né skélfist. Þér heyrdud þad eg sagda ydur: eg fer burt og kém aptur til ydar; ef þér elskudud mig, þá gleddust þér vid þad, ad eg sagda ydur, ad eg fer til Fødursins, þvíad Fadirinn er mér meiri. Og nú sagdi eg ydur þad, ádur fyrri enn þad skédur, svo ad þér trydud því, þá ed þad væri skéd. Hédan i frá mun eg ecki tala margt vid ydur; þvíad þessa heims høfdingi kémur, og med mig hefir hann eckert. Heldur svo ad heimurinn þecki þad eg elska Fødurinn, og þad eg gjøri svo sem Fadirinn hefir mér bodid.

Exordium.

Í Exódi-bókar 25 kap. talar Drottinn þannig um sína vist medal Israels sona: þeir skulu gjøra mér einn helgidóm, og eg skal búa á-medal þeirra. O, minn Gud! hvílikir eru þessir þínir velgjørníngar? Þad mætti nóg þykja ad øll náttúran ber vitni um Guds ó-útsegjanliga gjæsku, ad himnarnir framtelja hans dýrd, og ad festíngin kunngjørir hans vegsemd, Ps. 19, svo ad menn kynnu ad leita ad honum af hans sképnum, og ad hann hefir ecki látid sig vera án síns vitnisburdar, þar hann veitir oss góda hluti, géfandi oss regn af himni ofan, og hagkvæma tíma til ad bera ávoxt, uppfyllandi hjørtu vor med fædslu og føgnudi sem Páll segir, Act. 14; nóg mætti allt þetta þykja, segi eg, þótt ecki hefdi hin ógrípanliga Hátign sett bólfestu sína medal syndugra jardar-madka, sem eru dupt og aska. Nú þykir oss þessi vegsemd Israels sona forkunnar-væn og veglig, br. m. svo sem hún og í raun og sannleika er; en vér høfum þó í Christó øllu meira þegid, því dýrd hins sídara musterisins, sem er hans kristni hér á jørdunni, hún er vordin miklu meiri enn hins fyrra, svo sem Drottinn spádi fyrir munn síns þénara Haggæi, kap. 2; edur hver hlutur má þar vid jafnast, ad ordid vard hold og bygdi med oss? Jóh. 1; ad í einum Adams Syni býr øll fylling Gud-dómsins líkhamliga? Col. 2; ad Guds eingétinn Sonur er hluttakandi vordinn holds og blóds, eins og smá-børnin? Ebr. 2. En þótt ad þetta sé upphaf og grundvøllur heilsugjafarinnar, þá mundi oss ecki ad fullu stoda holdtekja Drottins, nema hans fødurlig gjæska hefdi gjørt enn framar vid oss, og efnt þad, er hann lofadi hjá Zach. kap. 6, segjandi: sjá einn mann, hvers heiti ad er grænn kvistur, hann mun blómgast í sínum stad og uppbyggja Drottni eitt

musteri, 1 Cor. 3; þad er Guds kyrkja í mannanna hjörtum, í hverjum Kristur býr fyrir trúna, Eph. 3, og hann er þar sjálfur kénnimadur í sínu hásæti og ród fridarins á=milli beggja, Zach. 6. Nú þótt ad þessi návist Guds sé öllum mönnum frambodin, þá nádi þad Drottinn, ad svo fáir verda hennar hluttakandi; en hvad veldur því, nema ad menn leggja ei mjög kapp þar á ad innbjóda þessum gésti? vér höfum hans óvini inni hjá oss, med hverjum hann vill ecki samsæti eiga, þeim vilja menn ecki úthýsa, og því missa þeir hans nálægdar og velgjörnínga, er svo lyndir eru; en svo ad allir þeir ed leggja nockurn hug á þetta, megi vita med hverjum kostum honum megi innbjóda, þá hefir Jesús þad sagt med berum ordum í upplesinn gudspjalli, þar hann segir: *hvor hann elskar mig, sá mun vardveita mín ord, og Fadir minn mun elska hann, og til hans munum vid koma, og hjá honum vistarveru gjöra.* Þessi dýrmætu ord vil eg nockud framar yfirvéga fyrir ydrum kjærleika, og af þeim framtelja þá helstu hluti, er eiga ad locka hjörtu vor til ad elska Gud, hinn yppærsta góda, fram yfir allt annad. Hann virdist ad kveikja í oss sína elsku, svo vér þetta eyrindi svo framkvæmt gétum, ad honum sjálfum líki, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Tvær eru veraldir br. m., önnur sýnilig, í hverri vér lifum, önnur er þar uppi, hvadan vér væntum Frelsarans Jesú Christí, um hverja St. Petur talar, ad í henni muni réttlætid byggja, 2 Pet. 3. Hina sjáum vér med líkhamligum augum, þessa med trúarinnar, því trúin er vera þeirra hluta, sem koma munu, Hebr. 11, og hún sýnir þad sem ecki er sýniligt. Hvert sem vér nú heldur rennum sálarinnar edur líkhamans augum, og lítum í kríng oss med athygli nockurri og gaumgjæfni þeirra hluta, er fyrir oss bera, þá gétur kristinn madur ecki hjá því sneidt, ad elska Gud allra hluta skapara fram yfir alla hluti. Lít, kristinn madur! á hinn fagra skapnad heims þessa, hversu kostuligur hann er, hann hafa heidnir menn á látínu kallad mundum, fyrir hans fegurdar sakir, og Griskir í sama máta cosmon, sökum hans prýdi. Athuga hin fögru himinsins ljós, hversu þeim er vísliga nidurskipad, þau hafa sínn afmarkadan gáng allt frá veraldarinnar upphafi, allt til þessa dags, svo aldrei hefir enn=nú þrotid nótt né dag, vetur né sumar, hita edur kulda í hagkvæman tíma, Gén. 8; vird fyrir þér náttúru dýranna, fuglanna, fiskanna, grasanna, hver svo eru prýdilig, ad Salómon í allri sinni dýrd var eigi svo skrýddur sem eitt af þeim, Lúk. 12; en segid mér, fyrir hvern hefir Gud allt þetta skapad? segir ecki Davíd, Ps. 8: þú hefir sett hann (manninn meinar hann) yfir þín handaverk, og lagt alla hluti undir hans fætur; sagdi ei Drottinn Gud í upphafi sköpunar: drottnid yfir fuglum loptsins og fiskum sjáfarins, Gén. 1; ítrekadi hann ecki hid sama eptir flódid vid Nóa og hans eptirkomendur? Gén. 9; sagdi ei St. Páll, ad hann hefdi af einu blódi gjört allt mannkyn? Act. 17, ad þad bygdi alla jardar=kringluna, og hann hafi afmarkad tímana med sínu blódi og sett endimörk bygdum manna? Seig mér, kristinn madur, hvern skyldir þú heldur elska enn þann, er svo vel hefir til þín gjört út af einskjærri gjæsku sinni, en eingri þinni förþénan? Þykir þér nú nockud inndælt edur elskuverdt á þessum Guds sképnum, sem hann hefir lagt undir þínar fætur, til nota og eptirlætis, þá gleym ecki ad elska hann þó um fram alla hluti, sem þetta hefir þér géfid, þad heitir ad fara aptan ad sídunum, ad þacka þénaranum, sem færir þad sem húsbóndinn géfur, edur ad virda ambáttina meir enn

drottnínguna; en stærri óréttur er Gudi gjør í því, ad elska hans sképnur fyrir þad góda, sem hann hefir sæmt þær med, fram yfir hann, sem er brunnur og uppspretta alls hins góda. Lát því sjá, kristinn madur, ad þú temjir þér lunderni St. Páls, er hann sagdi, Phil. 3: ad sønnu reikna eg alla hluti skada ad vera fyrir yfirburdi þeckíngarinnar Jesú Christí míns Drottins, vegna hvers eg hefi alls á=mis farid, og reikna þreck ad vera, svo eg ávinni Christum. Þegar þú hefir nú þannig hinn meira heim í=gégnum skodad, og þú sér eckert í honum þad er ei dragi þig jafnvel naudugan, til ad elska hinn góda Gud fram yfir alla hluti, þá skoda og hinn minni, sem er madurinn, þad ert sjálfur þú, hann er og med tvennu móti andligur og líkhamligur. Lít fyrst til þess líkhamliga; hver hefir mindad þig í módur=lífi? hver hleypti þér þar saman eins og ødrum osti? Job. 10; þad gjørdir ecki sjálfur þú, ecki foreldrar þínir; þínar hendur hafa gjørt mig og tilbúid mig, segir Davíd, Ps. 119; hver hefir leidt þig út þadan svo dásamliga í ljós þessa heims? hver hefir géfid þér heilbrigda sál í heilbrigdum líkhama? álít hversu þinn skapnadur er vegsamligri enn allra annara dýra á jørdunni, hver þó ecki hafa Gud á neinn veg stygdan, en þú reitir hann til reidi dagliga. Þóknist þér nú nockud á sjálfum þér, og þyki þad vænt og vegligt sem Gud hefir til þín lagt, svo sem þad og er í allan máta, þá lát hann þó fyrir gánga, er gjørdi þig svo vegligan, og sæmdi drottnara allra hluta undir himninum, med sinni eigin mind í fyrstu skøpun. Athuga hvad hann hefir þér meira gjørt; hann hefir ecki slept þér forstødulausum inn í veroldina; í honum lifir þú, ert þú og hrærist þú, Act. 17; hann hefir géfid þér alla hluti ánægjanliga til notkunar, Act. 14; hann lætur sína h. eingla, Ps. 91, þá himnesku anda þjóna þér og vardveita frá øllu vondu, øllum slisum, allri ógjæfu, jafnvel midt í syndinni, hverja þú gétur ecki vid þig skilid allt svo lengi ad þú ert í holdinu; eru þeir ecki allir þjónustusamir andar, segir Postulinn til Hebr. 1, útsendir þeim til þjónustu er sáluhjálpina erfa skulu? já, Andskotinn sjálfur sagdi eptir Davíds munni vid vorn Frelsara, Matth. 4, þad sem satt var, og þó í illri meiníngu; skrifad er, sagdi hann, ad hann muni bjóda einglum sínum um þig, ad þeir beri þig á høndum sér, ad ecki steytir þú fót þinn vid steini. Seig mér, hver þinna vina edur vandamanna tekur svo vara á þér? hverjum er svo mjøg um þig hugad? skyldir þú ecki hata fødur og módur, syni og dætur fyrir hans skuld, Lúk. 14, ad þú mættir verda hans verdugur? Elska því ecki jafnvel þitt líf allt í daudan hans vegna, sem þér hefir líf og líkhama géfid, og vert minnugur þess er Kristur segir, Matth. 10: sá sem finnur sína sálu, hann mun tapa henni, og sá sem tapar sálu sinni minna vegna, hann mun finna hana. Eg vil ei margt tala um sálina, sem er hinn ædri partur vors skapnadar; minnst á kristinn madur, hvadan þú ert, líkhaminn er ad sønnu af leir jardar, en sálin af Gudi, (med hverju móti, veit hann best sjálfur) og mest fyrir þá skuld segir Lúkas 3 kap., ad Adam hafi Guds sonur verid, því sjálfur Gud blés lifandi anda í mannsins nasir, Gen. 2. Ef vér erum nú skyldugir ad elska fødur og módur, af því þau hafa oss gétid og fædt í heim þenna, hvad miklu framar er þad skyldugt, ad vér leggjum alla ást á hann, af

hvers dýrdar-ljóma vér og vor andi í fyrstunni kveiktur er? Vel talar St. Páll hér um, Act. 17, segjandi: nú, þar vér erum Guds afsprengi, þá byrjar ad vér ei þeinkjum, ad Gud líkur sé gulli og silfri edur steinum, né vel smídadri líkneskju edur manna þaunkum. En svo sem þad er óvidurkvæmiligt, sem Postulinn hér um talar, svo er þad og afgudadýrkan stór og merkilig gudlöstun, ad elska nockud af þessu jafnframt honum, og má þad öllum heilvita mönnum sjálfsagt vera, hvílíkur glæpur þad sé ad ljá svo göfugan hlut sem sálin er til þrælkunar syndinni, edur veraldarinnar munum, hver ed mun fyrirfarast med öllu því sem í henni er; þar-fyrir áminnir Jóhannes næsta heilnæmliga, segjandi: elskid ecki heiminn, né þad sem í heiminum er; ef nockur heiminn elskar, þá er ecki kjærleiki Fodursins í honum, 1 Jóh. 2; en Gud, af hverjum sála vor innblásin er, hann blífur og hans ár þrotna ecki, Ebr. 1. Athuga hin skynlausu dýrin, þótt þau séu dásamliga skopud, þá hafa þau ecki skyn á þeim hlutum, er fyrir þau bera, ei rannsaka þau sitt edli, ecki er framsýni hjá þeim mikil, eingin hæverska, sidsemi, adgreiníng góds edur ílls, og allra-sízt þecking Skaparans; skyldir þú nú ecki syndugur madur! elska hann fram yfir allar sképnur, er svo mikid meira hefir lagt til þín heldur enn annara sképna, sem ad sólin er saurnum bjartari, þar madurinn er eitt dýr fullt af rádi og skilníngi, hann kann grein á illu og gódu, hann gétur útvalid hvert hann vill, hann veit hvad sómir edur ei, hann einn kann ad læra ad þeckja vilja síns Herra, hann hefir uppfundid allan hagleik, allar kunstir og listir í heiminum, hann hefir útreiknad himinsins hlaup, og veit tíma og stundir fyrirfram, hann skygnist inn í leyndadóma náttúrunnar, svo ad Guds óútsegjanlig vitska, sem náttúrunna hefir skapad, útbrýtur sig í skynsemi mannsins um allt náttúrunnar ríki, eptir þeim máta, sem hún fær vidtekid í þessum daudliga líkhama, en þó er þad fyrir öllu, ad hún þeckir Gud sinn skapara, og á þann kost ad trúa á hann sér til miskunar og sáluhjálpar, í hverju ad er innifalin endurskopun hins innra edur andliga mannsins. Þeink til þess, kristinn madur, ad þú fæddist í þenna heim reidinnar barn, og daudur í syndunum, Eph. 2, því hvad sem af holdi er fædt, þad er hold, Jóh. 3, en hold og blód erfa ecki Guds ríki, 1 Cor. 15; en Gud hefir af ómrædiligri elsku til þín, endurgétid þig til einnar lifandi vonar, 1 Pet. 1, og sett þig í síns Sonar ríki, Col. 1, svo þú megir Guds barn kalladur verda og samarfi Jesú Christí, og til þessa hefir hann ecki varid gulli né silfri, heldur síns eingétins Sonar dýrmætu blódi, því svo segir Páll, Act. 20: ad Gud hafi med sínu eigin blódi hjördina endurleyst, og þetta gjordi hann þegar þú enn varst hans óvinur, Róm. 5. Madurinn mátti segjast án Guds í heiminum eptir fallid, svo sem Páll um heidíngjana talar, Eph. 2, ádur enn Gud tók Adam í sátt aptur, allt hans hyski mátti kvída vid ad deya, en skammast sín ad lifa; en hans óútsegjanligu gjæsku, og hinum djúpu miskunar idrum, í hverjum hann vitjadi vor upprunninn af hædum, Lúc. 2, þeim er ad þacka, ad vér hofum frían tilgáng til há-stóls Miskunarinnar, Act. 5, og skommumst vor ecki, því hann skammast sín ecki ad kalla oss sína brædur, Ebr. 2; vér kvídum ecki vid daudanum, því hvert sem vér lifum eda deyum þá erum vér Drottins, Róm. 14, og þótt vér deyum

sem á hans nafn trúum, þá skulum vér samt lifa; svo vér erum þess fullvruggir, ad hverki daudi né líf, hverki einglar né hvfdíngja-stétt, né veldi, hverki hæd né dýpt eda nockur vnnur skepnd sképna fær oss skilid vid þann kjærleika sem er í Christó Jesú Drottni vorum, Róm. 8. Hvad sýnist ydur, br. m., skyldum vér ei bjóda honum allar ástir, er vér hvfum svo óteljandi velgjordir þegid af? hann ed fyrirgéfur oss dagliga svo margar syndir, hann ed ecki vill gleyma oss, þótt ad módirin gleymi sínu einasta barni, Esa. 49, hvers hjarta ad brestur svo hann hlýtur oss miskunsamur ad vera, Jer. 31, þad fyrsta vér snúum oss til hans af vllu hjarta. Þannig breytir hann vid vorn innra mann, og svo sem hann forsorgar þann ytra edur líkhaman, svo lætur hann ecki heldur hinn án forsorgunar. Þad kénnir Jesús oss í Textanum er hann segir: hvvr sem elskar mig, hann vardveitir mín ord. Matur er mannsins megin, segir ordtæki gamalt; en svo sem líkhaminn ecki þrífast kann án fædslunnar, svo kann og ecki sálin án Guds orda, því þau eru hennar fódur; þar-fyrir segir Endurlausnarinn ad þau séu líf og andi, Jóh. 6. Er sá nockur, er elskar einhvern ad hann hati hans mál? fjærri er því, heldur képpumst vér vid ad eiga sem optast tal vid þá, er vér unnum vel; þar-fyrir, ef vér segjumst Gud elska, þá afrækjum ecki hans ord. Menn halda ad sá líkhami sé ecki heilbrigdur, sem velgir vid matnum, og hverjum hann verdur ecki til notkunar; dylst og ecki þar vid kristinn madur, ad þín sála er ecki heilbrigd, og ecki elskar þú Gud, svo sem byrjar, ef þú hefir leida á hans ordi, og þykja þeir tímar lengstir, er þú átt ad hlýda því; en hvad segir Páll hér um? 1 Cor. 16: bvlvadur veri sá, sem ecki elskar Drottinn vorn Jesúm Christum, þad er, hann mun eylífliga fyrirfarast; og ecki einasta er þad merki þeirra, er Gud elska, ad þeir vardveita hans ord, heldur er þad ávvxtur hans elsku; en hvad er ad vardveita hans ord? þad er ad gjvra eptir þeim, ef ecki ad fullu, því þad er syndugum manni ómvguligt, samt eigum vér ad leggja allt kapp þar á, en elskan til Guds er ecki idjulaus, hún orkar því, ad Guds bodord verda ecki þúng svo sem Jóhannes segir, 1 Pist. 5, svo ad hver sem Gud elskar, hann hefir sína lystíng í lvgmáli Drottins og talar um hans vegu daga og nætur, Ps. 1; verdur svo ídkanin ad náttúru fyrir þeim sama manni; og hann um sídir einn andi med Gudi, 1 Cor. 6, endurnýadur eptir mind þess er hann skapad hefir, Col. 3; en því veldur elskan til Guds, ad oss þykir fæda þessi sætari enn hunáng og hunángs-seimur, Ps. 19, sem von er til, þar vér finnum í því krapt eptirkomandi aldar, Hebr. 6, nær vér tínum þá molana er detta af því himneska bordi, med trúarinnar munni; því skyldum vér þá ecki um alla hluti fram stunda elskuna til Guds, er svo margt gott med sér færir.

Eg vil ei tala um þad, er hér stendur í Gudspjallinu: og Fadir minn mun elska hann. Einginn kann ad segja þad, hvad gott þad sé ad vera elskadur af Gudi, nema hann, sem Gud elskar; því ef nockur elskar Gud, hann er fæddur af honum, segir Páll, 1 Cor. 8; og þegar rétt-trúnd manneskja hefir sína unadsemd í Drottni og gledur sig í hans elsku meir enn í nockru géstabodi, þá finnur hún hversu

gott er ad vera af Gudi elskadur, því ad vor elska á Gudi, er ávöxtur hans elsku til vor, þær kunna ecki ad skilja heldur en sólin og birtan, þad vottar sá lærisveinn sem Jesús elskadi, 1 Eph. 4: vér elskum hann þess vegna, ad hann elskadi oss fyrri. Hver sem þenkir med sér, hversu vís, hve máttugur, hve gjæskufullur, hvad óbrigdull, hversu trúr ad Gud er, hann mun segja ad Abraham hafi gódur hlutur í skaut fallid, þegar hann var Guds vinur kalladur, Jak. 2; en ecki átti Abraham, ecki Lazarus, Jóh. 11, ecki postular Christi, Jóh. 15, alleina þetta nafn, heldur allir Abrahams synir eptir andanum, Róm. 4, þad eru allir rétt-trúadir sem elska Gud, þeir eru eins vel til þess bornir, þeim tilheyrir um aldur og æfi þad fyrirheit er Gud gaf Abraham, Gén. 17, ad hann vildi vera hans Gud og hans sædis eptir hann; þann vantar fátt sem konúngurinn elskar, hann gétur sæmt hann med tign og heidri, hann gétur veitt hönum fullsælu fjár, hann gétur látid hann lifa ad munudum sínum, eptir því sem hann er lyndur til, en þó gétur hann ecki gjört hann fullsælann, ei megnar hann ad fá hönum altíd heilsuna aptur ef hún missist, ei gétur hann géfid hönum samvitskunnar frid, og allra-sízt má hann hönum himnaríkid veita; en hvad vill hann vanta sem Gud hefir til vinar, hann rædur einn fyrir öllu þessu. Eg veit menn segja, ad Guds vinir séu optliga vesælir, sjúkir, sárir, ofsóktir, undirþryktir, og á alla vegu adþreyngdir; en þad er eckert stórmerki fyrir Gud, ad hann láti vini sína una vel hag sínum, nær þeim ad óskum geingur eins og Abraham, Isak, Jakob, Davíd, Salómon og adrir fleiri, en þegar hann lætur postulana gánga glada út frá rádinu, nær þeir húdstrýktir vóru, Act. 5; þá Daníel sýngur Gudi lof í leona-grofinni, Dan. 7; þá Páll og Sýlas eru kátir í myrkva-stofunni, Act. 16; þá sjá menn hversu gódur hann er, hversu hans elska vinnur alla hluti, hvílíkur sá fridurinn er sem veröldin má ei géfa, og hvad máttugur hans kraptur er í breiskleikanum. Gud nádi oss auma syndugа menn! hvad vinnum vær ecki fyrir hégóman í veröldinni, sem oss lystir til? hvad sparar hinn stórláti fyrir metord? hinn ágjarni fyrir aud? hinn heiptræki fyrir töpun óvina sinna? og sinn er vid hverja heimskuna bundinn, og þegar menn eru svo med miklu erfidi komnir til annars meira, þá géta þeir þó ecki sagt: et og dreck sála mín, Lúk. 11; og dýrid á mörkinni sem hefir sitt fóstur, er sællra enn þeir, því þad ber ei áhyggju fyrir morgun-deginum; en ad ná Guds vináttu, hirda svo fáir um, jafnvel þótt þá sé allt feingid, þá hún er fengin, því hann elur önn fyrir sínum og veit hvers ad þeir vid-þurfa. Allt þetta færir Guds elska med sér; en uppá þad ad Frelsarinn láti oss vita, hversu heitt hann elskar þá ed hann elska og vardveita hans ord, þá segir hann hér: og til hans munum vid koma og vistarveru hjá hönum gjöra. Er ei svo, br. m. ad vér heimsækjum þá gjarna er vér kjæra höfum? eptir þessum mannliga plagsid talar Kristur, hann þarf ecki ad ferdast lánga vegu til ad heimsækja oss, því hann er Gud, hann er allstadar, hann er ecki lángt frá sérhverjum einum af oss; en Frelsarinn kallar hér ad koma til vor, þegar hann kémur med sínu verkan og ástgjöfum í hjartad; hann hafdi skömmu ádur sagt í þessum kapitula: eg mun bidja minn Fodur ad hann sendi ydur anda sann-

leiksins, sá ed blífi hjá ydur ad eylífu, Jóh. 14; en hér segist hann á=samt Födurn=um vilja sjálfur koma, svo sem von er til, því hvar Fadir og Sonur er, af hverjum Andinn framgengur, þar er og sjálfur Andinn. Kristur segist vilja sýna sig þeim ed sig elska, en hann sýnir sig ecki nema fyrir h. Anda, því hann er þad, er vitnar um hann og leidir oss í allan sannleika. Þegar þú nú, kristinn madur, situr undir heyrn Guds orda, og þú fellst á þad sem þar er af Guds álfu talad; þegar þú ydrast þinna synda sem þér verda þar=fyrir augum leiddar, þegar þú trúir þó, ad hvar sem syndin yfirgnæfir, þá muni nádin yfirgnæfa miklu framar, Róm. 5; þegar þú fær leida á syndinni og kappkostar ad lifa nýjum lifnadi; þegar þú í mannraununum fær huggun nockra af þeirri sælu=von, sem þeim er heitin, er bera krossinn eptir Christó; þegar þú hrærist til medaumkunar yfir hinum volada, og til vandlætíngar móti hinum ógudliga, nær þitt hjarta brennur í þér, Lúk. 24, er hann talar vid þig í sínu ordi, og þú vid hann í þínum bænum, þegar þú úteys þínu hjarta fyrir honum, og hann eys þar inn aptur hugsvölun síns Anda; og í einu ordi ad segja, þegar þú finnur í hjarta þínu elskuna til Guds og náúngans, sem aldrei kunna ad skilja, þegar þú allt þetta finnur, þá mátt þú fullviss um þad vera, ad öll heilög Guddómsins þrenníng er ad vistum med þér, og þú kant ecki ad fara á mis vid þad, ad þú sért Guds barn, Róm. 8. Ecki einasta segist Endurlausnarinn ásamt sínum Födur vilja koma til vor, heldur vistarveru hjá oss gjöra; ó, hvílíkt er þetta! br. m. Hvadan kémur mér þad ad módir Drottins míns kémur til min? sagdi Elizabeth fordum vid Maríam, Lúk. 1; en meir er þad ad sjálfur Drottinn drottnanna vill til vor koma; ecki svo sem hann kom í holdid med þræls=mind, heldur med sínum Guddóms krapti í vor hjörtu; en þad er enn þá mest ad hann vill vistarveru hjá oss gjöra. Þegar vorir vinir heimsækja oss, þá tefja þeir sjaldan lengi, og þess kjærari sem þeir eru oss, þess meira ángur láta þeir oss eptir ad skilnadi, en Kristur hefir lofad, ad hann vilji ecki láta oss eptir eina, heldur vera hjá oss allt til veraldarinnar enda, Matth. 28; ef vér yfirgéfum hann ecki, þá mun hann oss aldrei yfirgéfa, nema vér slöckvum andann, 1 Tess. 5, þá mun hans ljós í oss æfinliga brenna, og vér í vorum anda glóandi verda. Vorir vinir gjöra oss kostnad, þá þeir vitja vor, jafnvel þótt þad telji einginn eptir þeim sem hann elskar; en hinn almáttugi og alleina ríki Konúngur dýrdarinnar er ecki kost=nadarsamur þar sem hann er ad heimbodi; hann færir alls nægtir med sér, því allt silfur og gull er hans, og öll dýrin á mörkinni, Ps. 50; ecki vill hann neinum tilsegja ef hann húngrar, en ef hann lætur sína elskendur vanta þetta svo sem hann opt gjörir, þá géfur hann þeim í stadin allsnægta þad sinni er lætur sér sína luku nægja, hvad St. Páll kallar ávinníng gudhrædslunnar, Tím. 6, og þau þiggja eins vel af honum einn bita brauds, svo sem full hús andæfa. Þegar Kristur umgékst hér á jördunni, kom hann aldrei svo í nockurs rétt=trúads manns hús, ad hann ei kjæmi med blessan; hann var enn ecki í heiminn borinn, þá hann kom í hús Zacharíæ og Elizabethar, og þau ásamt barninu í módurkvidi fyltust af heilögum Anda, Lúk. 1; hann kom í hús Peturs, og færdi módur hans heilsu sína, Matth. 8; hann kom í Kapernaum, og gaf hinum

limafallssjúka sínar syndir kvittar, svo hann spratt upp og gékk, Matth. 9; hann kom í Jaírí hús, og færdi hans dóttur lífid aptur; hann kom í landsálfur Tyrí og Sidónis, og rak Djøfulinn út af dóttur hinnar kananisku, Matth. 15; hann kom í hús Zachæí, og gaf því húsi velferd á þeim sama degi, Lúk. 19; svo þad má satt um hann játa sem Petur sagdi, ad hann hafi gengid um=kríng, gjørt gott og grædt alla sem undir=þrycktir voru af Djøflinum, Act. 10. En ef hann þvílikt gjørdi þegar hann bar vorar syndir og erfidadi í þeim, Esa. 43; hvad miklu stærri hluti mun hann nú gjøra, þar hann situr til Kraptarins hægri handar, og er þó ad vistum med oss ásamt Fødur sínum og h. Anda? hér um má eg segja eins og Páll, Róm. 5: ef vér erum sættir vid Gud þegar vér vórum hans óvinir, fyrir dauda hans Sonar, þá munum vér enn framar nú í sátt komnir hólpnir verda fyrir hans líf. Gud blessadi ObedEdom, medan ørk Drottins var í hans húsi, 2 Sam. 6; hér er ørk sáttmálans á=millum Guds og manna, Jesús Christus, sem er nádarstóll fyrir hans blód, Róm. 3. Hvada blessan mun honum ecki fylgja? mig skal þad ecki undra þótt ad Guds børnum, í hverjum hann byggir, þyki litid koma til yfirlætis veraldarinnar, þar hann sem býr í himnin=um, hverjum ad þjóna þúsund og túsinnum hundrad þúsund h. eingla, hann hefir búid sér vist í þeirra hjarta hér á jørdunni, sem hann elska og hans ord vardveita. Þessi er sú ønnur verøld, er eg í upphafi taladi um, hver ed uppbyrjast hér í nádinni, en fullkomnast sídar í dýrdinni, þá Gud verdur allt í øllu, um hverja Esajas spámad=ur kap. 64, og Páll postuli samsaga verda, 1 Cor. 2, ad þad hafi ecki auga séd og ecki eyra heyrt, og ei hafi þad í nockurs manns hug edur hjarta komid, hvad Gud hafi þeim fyrirbúid er hann elska. Hana ad byggja, hennar njótandi ad verda, og í henni eylíft lof ad syngja vorum Gudi, sem oss hefir sigurinn géfid, unni oss sjálfur hann fyrir Son sinn Jesúm, amen!

Annann Dag Hvítasunnu.

Gudspjallid, Jóh. 3 Kap.

Jesús sagdi til Nikodemum: Svo elskadi Gud heiminn, ad hann gaf út sinn eingétinn Son, til þess ad allir þeir sem á hann trua, fyrifarist ecki, heldur ad þeir hafi eylíft líf. Því eigi sendi Gud Son sinn í heiminn, ad hann fyridæmdi heiminn, heldur ad heimurinn frelsist fyrir hann. Hvør á hann trúir, fyridæmist eigi; en hvør hann trúir eigi, hann er nú þegar dæmdur, því hann trúir ecki á nafn eingétins Sonar Guds. En þessi er dómurinn, ad ljósid kom í heiminn, og mennirnir elskudu meir myrkrid en ljósid þvíad þeirra verk voru vond. Hvør sem illa gjørir, hann hatar ljósid, hann kémur og eigi til ljossins, ad eigi straffist hans verk. En hvør sem sannleikan gjørir, hann kémur til ljossins, svo hans gjørdir verdi kunnar, því þær eru í Gudi gjørdar.

Exordium.

Trúudum er allt møguligt, segir Ritníngin, Marc. 9. Þad hefir kristindómurinn fram yfir adra speki, ad hann verkar alla hluti med Guds krapti. Sýnast mætti ad Abraham, fadir trúadra, hafi verid nockud holdliga sinnadur, þegar hann sagdi vid Gud, er hann hét hønum sinni gjæsku: hvad villt þú gefa mér? eg em barnlaus, Gén. 15; þvíad í þad sinn hefir Guds vinur ecki litid nema eptir tímanligri farsæld, en Gud gjørdi betur vid hann, því hann þekti hans hjarta, og gaf hønum ecki einasta einn son vid einni aldradri kvinnu, Gén. 21, heldur og þar ad auki einn Son af hans lendum, í hverjum ad blessadar eru allar þjódir, Gén. 22; þad er Jesús Christus, Matth. 1, Gud blessadur um aldir, en þó fæddur af fedrunum eptir holdinu, Róm. 9; sá sem hann á, hann er aldrei barnlaus, aldrei arflaus, aldrei hjálparlaus, því hann á þann, hver ad er Drottinn, sem er máttugur til ad hjálpa, hverjum Gud hefir gefid endimørk veraldarinnar til arfleifdar, Ps. 2; þad barn, sem oss er fædt og þann Son, sem oss er gefinn, á hvers herdum ad er høfdíngja dómurinn, hvers nafn hann kallar, undarligur, rád, hetja, sterkur, fadir eylífdarinnar, fridar-høfdíngi, Esa. 9, þenna sinn eingetinn Son, segir sjálfur Sonurinn, ad Fadirinn hafi útgefid fyrir heiminn í þessa dags Evangelió, til þess ad allir þeir, sem á hann trúa, skuli ei fyrirfarast, heldur hafa eylíft líf; af hverjum dýrmætu ordum eg vil tvent hugleida: 1) hvørsu veglig ad sé þessi gáfa; 2) hvar til hún gagni oss. Þú gódi Gud, sem oss hefir hann sjálfur óverdugum gefid, styrk oss med nád þíns Anda, ad vér mættum þetta dýrmæta eyrindi svo framkvæma ad þér líki, fyrir Jesú Christi forþénustu, amen!

Utleggíngin.

Menn plaga ecki alleina ad virda eina gáfu af því, hversu dýrmæt hún er í sjálfri sér, heldur og hinu, af hverjum hún er gefin, og med hverju gedi ad hún er útilátin; eg virdi meir þann skeink, sem gefinn er af kongínginum, heldur enn af mínum líka, og sá er mér hvad kjærastur, er eg þigg af fødur mínum edur vin þeim, sem er eins og sjálfur eg. Nú heyrum vér í Textanum, ad þessi ástgjøf sé frá Gudi komin; eckert kann þvílíkt ad segjast edur nefnast; svo miklu ædri sem Gud er øllum sínum skepnum, svo miklu er þessi skeinkur dýrdligri øllu því er adrir gefa, eigi sízt fyrir hans skuld, sem gefid hefir. Landstjórnarinn í Ephesó, er hann vildi stilla til frids borgar-múginn, sem Demetríus hafdi uppæst á-móti þeim St. Páli, Act. 19, hann fann eckert gyldara til ad sefa þá med enn þad, ad hann sagdi, ad bílæti hinar miklu Díanæ í Ephesó væri af himnum ofanfallid; svo var nú Andskotinn kroptugur í børnum vantrúarinnar, ad heidíngjar skipudust alleina vid þad, sem ádur vóru svo ólmir ad ærslum gegndi, af því þeim þótti þad sómi svo mikill, ad þeirra fulltrúi skyldi frá himnum kominn vera. Ættum vér þá ecki, kristnir menn, ad leggja hina mestu virdíngu, ást og elsku á þad, sem vér vitum komid vera frá himm sanna Gudi, hver ed øllu stjórnar bædi á himni og jørdu, og jafnvel þad, sem vér køllum hans minstu gáfur, sem þó eingar litlar eru, auk-heldur þad, ad hann hefir gefid oss sinn Son. Jakob segir, ad øll góð gjøf og øll fullkomin gjøf komi ad ofan frá Fødurnum ljósanna, Jak. 1. En af hverju gedi ad Fadir ljósanna hafi oss gefid þessa gjøf, sem er øllum meiri, þad segir hann oss sjálfur í Gudspjallinu med þessum ordum: svo elskadi Gud heiminn. Lángt

vórum vér frá því syndugir ormar, útlægir frá Gudi og hans helgidómi, ad þad væri nockurt hjá oss nema eymdin ein, er mætti hræra Gud til medaumkunar, auk-heldur hann kynni ad elska oss fyrir nockra vora verdskuldan edur ágjæti. Mann-eskjan var svo á sig komin eptir synda-fallid, ad Ritníngin talar þar svo um eptir mannligum plagsid, Gén. 6: Gud ydradi þess, ad hann hafdi manninn skapad; og samt elskadi hann oss þó svo, ad hann gaf oss ecki nockra almenniliga gáfu, svo sem þegar hann lætur rigna yfir vonda og góda, og sólina upprenna yfir ráng-láta og réttláta, Matth. 5, heldur sinn eingétinn Son, og þad ad fyrra bragdi, ádur enn vér höfdum vit á, edur nockra atburdi til ad elska hann. Í því er kjær-leikurinn, segir Jóhannes, 1 Pist. 4 kap., ecki ad vér elskudum Gud, heldur ad hann elskadi oss og útsendi sinn Son til forlíkunar fyrir syndir vorar. Eg ætla ad vorum fyrstu foreldrum yrdi næsta rádfátt í Paradís, þegar þau höfdu Gud stygdan; mundu þau hafa nockra vidleitni ad blídka hann? mundu þau géta hitt uppá þetta guddómliga vísdóms rád, ad Gud skyldi madur verda til þess ad forlíka heiminn vid sjálfan sig? fávís vóru þau til þess, atburdirnir vóru þeir einir ad fela sig, því þau vóru nakin, Gén. 3, og ad bera skuldina af sér hvert um sig, þessi vóru úrræd-in einasta. O, hvílík dýpt audæfanna og Guds speki, Róm. 11! Snemma braust út hin guddómliga elska af hans hjarta, strax er hann hafdi lagt hinn réttvísa dóm á manninn, ad hann skyldi deya, lagdi hann þá líknarfullu bót med, ad kvinnunnar sædi skyldi í-sundur-merja höggormsins höfud, Gén. 3. Þetta sitt miskunarríka fyrir-heit hefir hann efnt í sendíngu síns eingétins Sonar híngad í vort auma hold, fædd-ann af kvinnunni, enn-þá þegar vér vórum hans óvinir, Róm. 5. Þegar vér enn þá vórum daudir í vorum syndum; þessi er hin guddómliga elska, er Drottinn prísar hér í Gudspjallinu, og þad ecki um skor fram, því Páll talar hér um, Róm. 8: ad Gud hafi ecki þirmt sínum eingétnum Syni, heldur géfid hann út fyrir oss alla; hann sparadi hann ecki til ad fædast í armód, ecki til ad verda landflótta, ecki til ad þola skammir og háduúngar af þeim, sem hann tók undan eylífri skömm og hádúng, ecki til ad lída krossins dauda fyrir þá, er hann deyddu, og ecki til ad þola helvítis píslir fyrir þá, sem höfdu gjört samband vid daudann og sáttmála vid helvíti, Esa. 28; hann sparadi hann ecki fyrir syndina, sem Gudi alleina illa líkar, Ps. 5, heldur gjördi hann, í hverjum honum alleina vel þóknast, ad synd, jafnvel þótt ecki vissi hann af synd, 2 Cor. 5. Einginn elskar nockurn meir enn þad, ad hann géfur sitt líf út fyrir hann, segir Lausnarinn; en Gud elskar sinn Son eins og sitt eigid líf, þvíad hann er ljómi hans dýrdar, Hebr. 1; hann er sá sem er í hans skauti; en fyrir því, ad Gud kunni ecki einsaman ad deya, lét hann sinn Son deya í mannligu holdi, í mannligri náttúru, er hann af fedrunum hafdi, hver fyrir því ad í honum býr öll fylling Guddómsins líkhamliga, Col. 2, þá heitir hann sá madur, sem hon-um er næstur, Zach. 13; já, hans sonur, jafnvel eptir manndóminum, ecki einn sonur, er sé ættleidíngur, svo sem vér erum fyrir hans skuld, heldur Guds himneska Födur náttúrligur Sonur fyrir íbúd Guddómsins, því Textinn segir, ad hann hafi útgéfid

sinn eingétinn Son; hvad ecki á ad skiljast eptir Guddóminum alleina, heldur og eptir manndóminum eingu sídur, þvíad í honum hefir hann kvøl og dauda lídid, og allt þad, er hann vann til árnadar og miskunar syndugu mannkyni. Einginn vill missa sinn son; Jakob vildi ei voga sínum ýngsta syni í þá hættu, ad láta hann fara med sínum brædrum ofan til Egyptalands, þótt þeir neyddu hann þar um, Gén. 42, og þeim lægi lífid á; en Gud gaf oss sinn Son óbedinn, og ofurseldi hann í daudans kvøl fyrir oss, sem ecki vorum synir, heldur reidinnar børn, og af náttúrunni til Satans þrælar, Eph. 2. Kvinnan sú sem umgétur, 1 Reg. 3, hún vildi heldur ad sú, sem ecki var módir skyldi eignast sinn son, heldur enn lífid væri af honum tekid, svo mjøg elskadi hún sitt lífs-afkvæmi, hún vildi vinna þad til, ad óvina sín mætti hafa gledi af barninu, svo þad mætti þó lífi halda, því hennar idur tendrudust upp síns sonar vegna, segir Ritníngin. En hinn eylífi Brunnur Gjæskunnar vitjadi vor fyrir sín miskunar idur, og elskadi svo heiminn ad hann útgaf sinn eingétinn Son í daudann, uppá þad, ad allir þeir sem á hann trúa hefdu eylíft líf. Þegar Drottinn spáir um gjæsku sína, er hann vilji audsýna sínu fólki fyrir Christum og í Christó, þá tekur hann svo til orda, Malach. 3: eg skal tjá þeim miskunsemi, svo sem einn tjáir miskun sínum syni, þeim er stundar hann. Minn Herra og minn Gud! vér megum þad med kinnroda medkénna, ad þú hefir sýnt oss meiri miskun enn þínum eingétna Syni á hans dauda-degi; hann vard ecki bænheyrdur, er hann beiddi ad reidinnar kaleikur mætti frá sér takast, Matth. 26, já, ecki þótt hann beiddi, í heilar þrjár reisur; en hvørs vér bidjum þig í hans nafni, þad vilt þú veita oss, Jóh. 16; þad skal ské, (þad eru þín eigin ord) ad ádur enn vér bidjum þá vilt þú bænheyra, Esa. 65; þinn eingétinn Sonur fékk einga vægd, jafnvel þótt einginn kynni ad straffa hann um nockra synd, Jóh. 8; en vér høfum miskun ødlast sem til alls ills høfdum unnid; þinn Sonur fékk eckert ad svala sér med í hinni bitru pínu nema gall og edik, Matth. 27; látir þú oss nockud til handa bera, til þess ad líkjast honum, látir þú oss drecka hans kaleik, Ps. 119, hér í nádinni, þá kryddar þú hann med svølun þíns h. Anda, þú dreypir á oss med sætleik eptirkomandi aldar, og leidir oss fram ad ferskum vøtnum; svo miklu betri kosti høfum vér nú þrælarnir ad búa vid, enn þinn eingétinn Sonur; hver er sá af oss, ad hann ecki hafi þar, hann megi høfdi sínu ad-halla? Matth. 8; hver er svo ofsóktur, píndur og kvalinn sem hann var? á hverjum hefir þvílík hegníng legid? Satt er þad, ad hann er inngenginn í sína dýrd, Lúk. 24, ad øllu þessu afloknu; en vér sem ad varla drepum hinu minsta vors fíngurs í þinnar reidi-flód, Lúk. 16, sem géck yfir høfud honum, vér skulum og inngánga í hans dýrd, ef vér trúum á hann; og er þad mála sannast, ad vér vinnum svo lítid sem eckert til þeirrar dýrdar, sem hann hefir oss med sinni kvøl afrekad, þótt vér bærum Jobs kaun, Job. 2, og Gihési líkþrá allt frá vøggunni til grafarinnar, hjá því sem hann þolad hefir fyrir vorar syndir; honum sé lof, dýrd og heidur um aldir, amen! Svo hefi eg nú allt

híngad til nockud talad um ágjæti þessarar himnesku gáfu; eptirfylgir ad tala um hennar gagnsemi.

Nytsemi eins hlutar metum vér af tvennu, annadhvert ad hann gagnar oss til ad umflýa hid vonda, edur til ad ødlast hid góda; hverttveggja finnum vér í útsendíngu Guds eingétins Sonar; þad fyrra kénnir hann oss í Gudspjallinu med þessum ordum: ad allir þeir sem á hann trúa fyrirfarist ecki. Tvent hefir og Drottinn til þess gjørt, ad þeir skuli ecki fyrirfarast sem á hann trúa. Fyrst þad, ad hann hefir lidid þeim til eptirdæmis; þad annad, ad hann hefir lidid þeim til forlíkunar; um hid fyrra talar St. Petur, 1 Pist. 2, segjandi: Kristur er dáinn fyrir oss, og hefir oss eptirlátid þad dæmi, ad þér gángid í hans fótspor. Þegar hinn gamli Adam, sem býr í oss, á ad leggja út þau dýrmætu ord, sem Páll skrifar, Róm. 8, ad sá sem ecki þirmdi sínum eiginn syni, heldur gaf hann út fyrir oss alla, hvar fyrir skyldi hann ecki géfins veita oss alla hluti med hønum? þá skilur hann þau um þad sem hønum líkar; hønum þykir ecki mikid koma til þess lífsins brauds, sem af himnum er ofan komid, Jóh. 6; hann vill kjøt hafa, Núm. 11, og er ecki til frids ella, þad er sælgjæti holdsins og þess munadur, hann etur sig fullann þar af, þar til þad gengur út um hans nasir og sálgar þeim, er ala hann svo kappsamliga, svo þeir drepast þúsundum saman, og verda helvítis elds = matur ad síburstunni; en þegar Páll nefnir hér alla hluti, þá meinar hann þá, ed sálunni gagna; þad er audsært af øllum þessum sama kapitula, hvadan ordin tekin eru; hvar af vér sjáum, br. m. ad ecki er Guds Sonur oss til þess sendur, ad vér skulum láta eptir holdinu þess girndir ad rækja, Róm. 13, ef vér viljum á Guds Son trúa, svo vér fyrirførunst ecki, heldur svo sem hann er eunsinni dáinn syndinni, segir Páll, Róm. 6, þad er fyrir syndina, og deyr ecki framar, svo eigum vér henni dagliga ad deya, og med hønum dagliga ad upprísa, ad vér ei framar lifum í henni; svo sem hann hefir sígrad heiminn, svo eigum vér ad forsmá heiminn, og svo sem hann hefir útsnarad Djøflinum og trodid hann undir sínna barna fætur, Róm. 16, svo eigum vér ad reka hann út úr hjarta voru, med øllu hans hyski; vér eigum ecki ad hafa eina klauf eptir á Egyptalandi, Exód. 10, heldur brenna upp þann Amalechíta med øllu hans gótzi, kviku og daudu, 1 Sam. 15, med sannri ydran og afláti syndanna, svo ei verdi Israels ríki frá oss tekid. Þad kénnir oss Páll, 1 Cor. 11: ef vér dæmdum sjálfa oss, þá yrdum vér ecki dæmdir, en þegar vér dæmumst af Drottni, þá verdum vér leidréttir, svo ad vér ecki fordæmumst med heiminum. Þannig er oss nú Kristur sendur til eptirdæmis, bædi í lifnadinum og svo í krossburdinum; hverutveggja er ómissandi til þess ad umflýa tøpunina; en forgéfins hefdi hann lidid oss til eptirdæmis, nema hann og hefdi lidid oss til forlíkunar; hvar fyrir til forlíkunar? því vér vorum missáttir vid Gud; hvers vegna? fyrir syndina; hvad hafdi syndin forþénad? eylífan eld med Djøflinum og øllum hans árum; hver hefir syndina burttekid? þad hefir Guds Sonur gjørt, er hann bar hana uppá tréd, segir Petur, 1 Petr. 2; því sagdi Jóhannes skírari, er hann leit Christum koma til sín: sjáid þad Guds Lamb, sem í burtu ber heimsins syndir,

Jóh. 1. Til þessa þykir heiminum lítid koma; eg trúi hann dyljist vid ad þar muni svo heitt í Satans badstofu, sem prestarnir segja, annars mundu menn ecki bidja sér og ødrum svo optliga helvítis, sem menn gjøra; en viljid þér ecki trúa þeim, þá trúid Guds ordi, trúid Ritníngunni. Eg veit ad ydur þykir þad lítid heimsins børnum, ad þér skulud aldrei um æfi Gud sjá í dýrdinni, því þér hafid aldrei séd hann né hirdt um ad sjá í nádinni; en svo þykir Páli þad mikid, ad hann segir: ógudligir munu straffast med eylífri gløtun, fjarlægir augliti Guds og mætti hans dýrdar, 2 Tess. 1; en hlustid til hins, ad þar mun verda óp og tanna-gnístran, Lúk. 13, þeir munu eta sínar tungur út af pínu, Apóc. 16; þessar píslir eru vægdarlausar, Jak. 2, og ecki svo sem þessa heims mótlæti, hvar menn fá nockra linun á-stundum; þeirra ormur mun ecki deya, og þeirra eldur ecki útsløckna, Esa. 66, þad er eylíf smán, Dan. 12, eylíf hegníng, Matth. 25, og þoka myrkranna, Júd. v. 13, sem um eylífd er tilbúin hinum ógudligu, 2 Pet. 2. Ef þér nú hafid nockra líkamliga tilsinníng, ef þér varla lifad getid, þá ydur vantar sælgjæti ydar og venjuligan adbúnad, ef þér getid ecki af ydur borid, nær þér fáid høfudverk edur sídu-stíng; hvad mun þá verda í elds-dýkinu sem vellur af eldi og brennusteini, Apóc. 21; ef ein lítil vanvirda, er þér svo kallid í þessu lífi, kvelur svo ydar hjarta, ad þér svífist einkis til ad hefna ydar, hvad mun þa verda hin eylífa skømm? þér munud þeinkja ad einginn hafi yfir ødrum ad stæra sig á þessu forsmánarinnar landi, en gjætid þess ad þér munud kveljast í augsýn h. eíngla, Apóc. 14, hverra lagsmenn ad eru Guds útvaldir, er þér fót-trodid hafid í ydar velmakt. Þér munud sjá alla heilaga í Guds ríki, Lúk. 13, en ydur útkastada, já, margan þann, sem þér órétt gjørt og uppsvelgt hafid, og ecki reiknad verdugan ad þurka ydar skó, þá munud þér sjá til bords sitja med Abraham, Isak, og Jakob í ríki himnanna; þegar hinir fordæmdu gløtunarinnar synir sjá þetta fyrst, þá mun øfundar ormurinn taka til ad bíta af alvøru, þá mun ecki duga ad sefa hann med lífláti Abels, Gén. 4, né mansali Jósephs, Gén. 37, edur drápi Naboths, 1 Reg. 21, því hann mun aldrei deya, Esa. 66; og viljid þér ecki ødrum Guds mønnum trúa hér til, og segid, ad hverki Esajas, Jakob, Petur né Júdas hafi verid í helvíti, ad þeir kunni þar frá ad segja, svo sem margur glópur lætur sér um munn fara, þá trúid þó Guds Syni. O, þér hin vantrúada kynslód! hann var í helvíti, þegar hann kvaldist fyrir ydar syndir, svo þér skyldud ecki fyrirfarast, heldur hafa eylíft líf. Einginn kann betur ad segja oss hvernig þar er háttad, heldur enn hann, sem þad hefir tilbúid handa Djøflinum, hann ed sjálfur hefir þolad helvítis píslir, hann ed sjálfur er þángad ofanfarinn til ad predika øndunum í fángelsinu, 1 Pet. 3, þad er til ad straffa þá; hann er Guds Sonur, hann ber alla hluti med ordi síns kraptar, Ebr. 1; allt vald er hønum gefid bædi á himni og jørdu, Matth. 28, og vard helvíti hønum þó svo heitt, ad hann sveittist blódinu, Lúk. 22, og hrópadi á krossinum: Gud minn! Gud minn! því hefir þú yfirgefid mig? Matth. 27. O, vatns-bóla! ó, hey-strá! munt þú þá géta búid vid þennan fortærandi eld? og þú skallt þar þó eylífliga búa, nema þú ydrist og trúir á Soninn, Jóh. 3. Viljid

þér nú ecki Guds Syni trúa, því þad er svo gamalt, ad honum er lítt trúad af heiminum, þá trúid þó Djoflunum, þér erud vanir þeim ad trúa, þótt þeir ljúgi, gjorid þeim ecki þann órétt ad trúa þeim ecki, nær þeir satt segja. Þegar Drottinn rak hina morgu djofla út af hinum óda Gadareno, Marc. 5, þá bádu þeir hann ad skipa sér ecki í undirdjúpin, Lúk. 8, þad er, í helvíti, því svo kallast þad, Apóc. 9, og vídar, svo kvidu þeir vid þeim loga, sem alvanir voru kvolunum. Seig mér, mun þér ecki bregda vid, ef þér yrdi ad skyndíngu burt kippt úr ollu þínu sælgjæti og steypt í helvíti og kvalirnar eins og hinum ríka? Lúk. 16. Í þetta sinn toludu djoflarnir alvoru, því þeir ráku sitt eigid eyrindi; en ad þér ljúga þeir, syndugur madur, og mála upp fyrir þér helvíti eins og adra konúngs-holl; trú þeim ecki, því fadir þeirra er lygari í frá upphafi, hann stód ecki í sannleikanum, ei heldur þeir, þar-fyrir eru þeir í helvíti ofan steyptir, og bundnir myrkranna hleckjum, 2 Pet. 2. Til ad frelsa oss frá þessum óskopum er nú Guds Sonur útgéfinn, til þess er hann fæddur, húdstrýktur og á krossinn negldur; en gudspjallid segir oss enn nú meira: heldur ad hann hefdi eylíft líf, stendur hér. Þad er vitanligt af St. Páls ordum, Eph. 2, ad vér fædumst daudir í syndinni; þad náttúrliga líf færir med sér andligann dauda. Nær tokum vér til ad deya? þegar vér lifnum í skírninni, finnur módir vor kristilig kyrkja med oss fyrst eitt andligt lífs-mark; fyrir hvern? fyrir hann, sem af Gudi er útgéfinn til þess ad heimurinn skyldi hafa eylíft líf; svo segir Páll, Tít. 3: ad Gud hafi ríkugliga úthelt yfir oss heilogum Anda fyrir Jesúm Christum vorn heilsugjafara, svo ad vér réttlátir fyrir hans nád yrdum erfíngjar eylífs lífs; en sá, sem skal eylífs lífs njóta, hann verdur hér í lífi fyrst ad lifa andligu lífi; þad hljótum vér í skírninni, sem sagt er. Þess gétur St. Petur, er hann segir, ad Gud hafi endurgétid oss til lifandi vonar, 1 Pet. 1; en þad kann audveldliga aptur ad missast, svo vel sem þad líkhamliga, nema hinn innri madurinn, sem í fyrstunni er eins og brjóstmylkíngur á sig kominn, nema hann sé dagliga nærdur og endurnýadur; því lætur Páll þetta fylgja hvort odru segjandi, Tít. 3: ad Gud hafi oss hólpna gjort fyrir endurgétníngar laugina og endurnýúngar heilags Anda. Þennan andliga voxt og þroska odlumst vér eins vel fyrir Christum, svo vel sem hid andliga líf í fyrstunni; þad kénnir oss Páll, Eph. 2, segjandi: vér erum Guds verk skapadir í Jesú Christó til gódra verka, hvor Gud hefir tilbúid ad vér gaungum í þeim. Sálin veldur því ad líkhaminn vex, ecki gjorir þad fædslan alleina, heldur er hún svo sem nockurskonar medal, í hverju ad verkar mannsins andi honum til þroska, þar til hann fullvaxinn er. Kristur er vort andligt líf, hann er líf hins innra mannsins. Fædan er Guds ord, í því verkar hann med sínum Anda, þar til vér náum ad vaxa eptir fullkomnum mælir Christí aldurs, sem Páll ad ordi kémst, Eph. 4; og þetta andliga líf, er mest fólgid í deydíngu holdsins; þau tvo eru hvort á-móti odru; eins líf er annars daudi; hinn gamli madurinn og hinn nýi, sem eptir Gudi er skapadur, þeir berast bana-spjót eptir, en sá er munurinn, ad hinn gamli fær sálgad hinum nýa í einu, svo hann á-stundum aldrei vidraknar aptur, en hinn nýi fær aldrei svo drepid hinn gamla, ad hann ecki aptur-gángi; til fánga verdur hann tekinn fyrir Guds

krapt, en aldrei verdur honum svo fyrirkomid, ad ei brjótist hann um, svo lengi vér erum í holdinu. Vel sé þeim er géta lagt hin sterkustu fjötur á hann, og því kallast hann daudur, þegar hann náir ecki ad framkvæma sínar girndir; þegar menn hepta reidina og girndina og adrar tilhneigíngar, sem af þeim vaxa, med Christí Anda, þá heitir hinn gamli Adam daudur; því lýsir Páll er hann segir, Col. 3: þér erud daudir og ydar líf er fólgid med Christó í Gudi. Hver hefir nú afrekad oss þetta líf? þad hefir Kristur, sem ad er vort líf, en var útgéfinn í daudan fyrir oss, svo vér hefdum eylíft líf; þad vottar Páll enn aptur, Gal. 2, segjandi: eg em krossfestur med Christó, en lifi þó samt, ecki eg nú, heldur lifir Kristur í mér, en þad eg lifi í holdinu, þad lifi eg fyrir trú Guds Sonar, er mig elskad hefir og útgéfid sjálfan sig fyrir mig. Af þessu lifi framkémur hid eylífa líf, sem ádur er sagt. Menn bjóda ecki daudum mönnum til bords, heldur lifandi, svo mun og einginn bordsettur verda med Abraham, Isak og Jakob, nema daudinn, hver ad er sendibodi, hitti hann lifandi í Christó. Hér segir í Gudspjallinu, ad Gud hafi svo elskad heiminn, þad er alla menn, því allir vill hann ad hólpnir verdi, og komist til sannleiksins vidurkénníngar, 1 Tím. 2; en því veldur fjandmadurinn sem er mordíngi sálnanna, ad hans guddómligi kjærleiki fær því ei til vegar komid, ad allir hólpnir verdi. Því stendur hér, ad þetta eylífa líf hlotnist þeim alleina sem á Guds Son trúa; en hvílík gáfa er þetta líf born mín? vér kunnum ecki ad leida oss í hug né hjarta hvílíkt þad sé, nema hvad vér af Guds ordi heyrum, nema hvad Guds Andi sýnir oss svo sem fyrir spegil og í rádgátu, 1 Cor. 13, þegar hann lætur oss þad smacka, og vekur í oss sætleik eptirkomandi aldar, þad er gnógt fagnadarins og glediligt líferni til Födursins hægri handar, Ps. 16; vorir líkhamir verda einglunum jafnir, Lúk. 20, já, samlíkir Christí dýrdligum líkhama, Phil. 3; þeir munu einkis vidþurfa, ei fædslu, ei fatnadar, því Guds ríki er ecki matur né dryckur, heldur fridur og fögnudur í h. Anda, Róm. 14; þeir munu dýrdinni íklæddir verda, og skína eins og sól í ríki síns Födur, Matth. 13; vorar sálir munu í ómræddiligum fögnudi lifa, 1 Pet. 1. Dýrdligir hlutir verda í þér taladir, þú borg Drottins, segir Davíd, Ps. 87, er hann spáir um kristnina, en Páll segist hafa heyrt í hinum þridja himni ómrædilig ord, sem einginn fær út-talad, 2 Cor. 12. Veraldarinnar sælgjæti er aldrei svo mikid, aldrei svo margvísligt ad ei fái menn leida á því; þeir sem hafa sína unadsemd þar í, verda þó ad krydda þad med afláti nockru; einn skal húngra, ádur enn maturinn smackar vel, hann skal þyrsta, ádur enn dryckurinn þykir honum gódur, en í sælu himnanna er eckert aflát, einginn bid eptir nockru; því svo sem einglarnir sjá jafnan Guds Födur andlit, Matth. 18, svo munum vér og gjöra, þar vér erum einglunum jafnir, í hverju öll sæla er fólgin. Job í öllum sínum mannraunum huggar sig þar vid einasta, ad hann muni sinn Endurlausnara sjá med þessum augum (segir hann) Job. 19, þad er med sínum líkhamligum augum; þegar Páll hafdi eitt sinn verid í himninum og séd Guds dýrd, þad var honum svo minnisstædt, ad hann úr því vildi alla hluti lída fyrir Christí sakir; og þannig eru þeir lyndir, sem Gud opinberar sína dýrd í hjartanu med von eptirkomandi dýrdar. En ef þannig er vort fángelsi, br. m., hvílíkt mun þá kóngs-ríkid verda? Þad er ecki ad undra,

þótt hin sanna Guds kyrkja stynji og andvarpi í himininn eptir Guds barna sælu, Róm. 8, þar Guds andlit lýsir yfir henni, þótt ei sjáum vér hann hér augliti til auglitis, heldur svo sem í spegli og í ráð=gátu, 1 Cor. 13. Arístóteles var eitt sinn spurdur ad, hvad frídleikinn væri? en hann svaradi, ad þad væri fyrir blindann mann ad spyrja ad. O, oss auma! þótt oss af öllu hjarta lángi eptir ad sjá hinn lifanda Gud, þá fá menn þad ecki fyrir blindu holdsins, og er þó eptirlaungun þessi miklu inndælli enn allur fögnudur veraldarinnar. Gud hafdi lagt mikid til Mósen, og prýdt hann med kostulig=um gáfum fram yfir adra menn, og þó var hann ecki ánægdur, nema hann mætti sjá Gud; þad var hönum ecki nóg ad tala vid hann, eins og madur vid mann, Exód. 33, heldur vildi hann og sjá hans dýrdar ljóma, hefdi hann þad mátt, og lifa. Hvílík er nú Guds barna sæla í eylífu lífi, og miklu meiri, ædri og dýrdligri, en ad nockur syndug túnga fái út=talad. Hugleidid nú kristnir menn, hvílíka ástgjöf menn þegid hafa í útsend=íngu Guds eingétins Sonar; hann er útgéfinn til þess ad ei skyldud þér fyrirfarast, ecki brenna í hinum glóanda helvítis ofni, ecki verda lagsmenn djöflanna í myrkranna fángelsi, ecki bera eylífa skömm og forsmán, sem þér med ydar syndum hafid forþénad; hann er útgéfinn til þess, ad þér hafid eylíft líf, eylífa sælu, eylífan fögnud og unadsemd um aldir alda, hvar þér sjámunud svo sem þér erud sénir, og þeckja svo sem þér fræddir verdid, 1 Cor. 13; þér munud sjá Guds hátign, er ydur hefir skapad, gledja ydur í hans elsku, er knúdi hann til ad géfa ydur þenna sinn Son. Þér munud sjá ydar Frelsara, er ydur hefir leyst med sínum dauda úr eylífu banni; þér munud sjá ydar hold og blód upphafid á Guds tignar=stól hönum til hægri handar; þér munud sjá h. Anda framgángandi af Födur og Syni, þann góda Anda Guds, sem ydur hefir endurgétid, endurnýad, leidt í allan sannleika, straffad í ydur syndina, huggad ydur aptur, styrkt ydur í mótgánginum, og þá munud þér fyrst sjá ad harmkvæli þessara tíma vóru ecki verd þeirrar dýrdar sem ydur er þá auglýst, Róm. 8. Börn mín! hverju viljid þér nú gjalda fyrir þessa stóru elsku? hvers krefur hann af ydur? einkis nema ad þér elskid hann aptur í=mót; hvar med verdur þad gjört? ecki med ordi og túngu, heldur enn náúngann, heldur med verki og sannleika, 1 Jóh. 3. Gudi var alvara ad géfa oss sinn Son; látum oss vera þad alvöru ad elska hann aptur. Ef þér elskid mig, þá vardveitid mín bodord, segir Kristur, Jóh. 14; gjörum svo, þá látum vér hann sjá, ad vér elskum hann, edur ef rétt skal segja, vér sjáum þad sjálfir og finnum þad; því ecki þarf hann ad leitast eptir hvert vér elskum, hann sem rannsakar hjörtun og nýrun, en ef vér viljum vita sjálfir hvert vér elskum Gud edur ei, þá spörum eckert fyrir hans skuld, eins og hann þirmdi ecki sínum eingétnum Syni fyrir vora skuld, þvíad í því auglýsti hann sína elsku. Brennum upp allar vorar tilhneigíngar med elskunni til hans, hún er einn eldur; ef vér erum Abrahams synir, Jóh. 8, ef vér höfum trú Abrahams, þá gjörum Abrahams verk, Jak. 2; hann vildi fórnfæra sínum eigin syni og trúdi Gudi ad hann mundi kunna ad gjöra hann lifandi af daudum, Róm. 4; gjörum eins, offrum Gudi því sem oss kjærast er, þad er viljinn vor; látum ecki eptir hönum eins og Davíd syni sínum Adóníæ, þegar hann sá ad hann vildi ríkja, hann var svo barnsár ad hann nenti ecki ad ángra hann; breytum í ödru eptir

David, en ecki í þessu, heldur drepum vorn vilja þegar hann vill gjora uppreist á=móti Guds vilja, og segjum: verdi þinn vilji, þá mun Gud hann aptur lifandi gjora med sínum vilja, svo ad vér viljum þad, sem hann vill, og ad hans vilji fram=kvæmist á oss, sem er sá, ad vér eignumst eylíft líf; þad veiti oss Gud Fadir af nád sinni og miskun, í Jesú nafni, amen!

Þridja Dag Hvítasunnu.

Gudspjallid, Jóh. 10 Kap.

Jesús sagdi til Pharíseanna: sannliga, sannliga segi eg ydur: hvør hann geingur ei inn um dyrnar í sauda-húsid, heldur stigur hann inn med ødrum hætti, sá er þjófur og spillvirki; en sá sem geingur inn um dyrnar, hann er hirdir saudanna; fyrir hønum lýkur dyravørdurinn upp, og saudirnir heyra hans rødd; og hann kallar sína saudi med nafni og leidir þá út; og þá hann hefir sína saudi útlátid, geingur hann frammi fyrir þeim, og saudirnir fylgja hønum eptir, þvíad þeir heyra hans rødd; en ødrum ann=arligum fylgja þeir ecki eptir, heldur flýa þeir frá hønum, þvíad þeir kénna ei annarliga rødd. Þessa máls=grein taladi Jesus til þeirra, en þeir vissu eigi hvad hann sagdi þeim. Þá sagdi Jesus enn aptur til þeirra: sannliga, sannliga, segi eg ydur, ad eg em dyr saudanna; og allir hverjir helst sem fyrir mér komu, þeir voru þjofar og spillvirkjar, og saudirnir hlýddu þeim eigi. Eg em dyrnar, ef nockur geingur inn um mig, sá mun frelsast, hann mun og gánga ut og inn, hann skal og finna sitt fodur. En þjofur=inn kémur ei til annars, enn hann steli, drepi og fordjarfi; en eg er kominn til þess, ad þeir hafi líf og fulla nægd.

Exordium.

Ert þú sá sem koma mun, edur eigum vér ad vænta eins annars? søgdu Jóhannes læri=sveinar vid Christum, Matth. 11, er þeir vóru sendir frá sínum Meistara til ad spyrja ad, hver hann væri; í hverjum ordum þad er ad athuga, ad Messias hefir nefndur verid á þeim døgum: sá sem koma mun; annars hefdi þessi spurning verid nockud myrk og óskiljan=lig. Þú ert Kristur Sonur Guds, hann sem koma skal í heiminn, sagdi Martha fordum vid Lausnarann, Jóh. 11; og mundi hún ecki hafa ávarpad hann þannig, hvern hún þekti kom=inn ad vera, nema Messias hefdi svo almenniliga kalladur verid. Þetta má vídar sjá í nýa Testamentisins bókum; og hafa vísir menn Gydínga í þessu litid til spádómanna í gamla Testamentinu, hvar ed svo adkvedur um Messiam: ad hann muni koma; svo segir Esajas: sjá ad Gud ydar hefnd kémur, ydar endurgjald, hann kémur til ad frelsa ydur, þá munu og augu hinna blindu uppljúkast, og eyru hinna dausu opnast, þá mun hinn halti dansa svo sem hiørtur, og túnga hins mállausa sýngja, Esa. 35; til hvers spádóms medal annara Frelsarinn bendir Jóhannes lærisveinum, er þeir fréttu hann ad: hvert hann væri sá sem koma mundi. Þetta upplýsir þau ord, er vor Endurlausnari talar í þessa dags Evangelió, er hann segir:

ad allir þeir, sem fyrir hann komu, hafi verid þjófar og spillvirkjar; hvar hann meinar, eptir mínum fáfródum skilníngi, þá, sem fyrir hann komu og eignudu sér nafn hins mikla Hirdis og vildu frelsa Gydínga af valdi Rómverja, en bönnudu ad géfa keisaranum skatt; þvílíkir vóru Tevdas og Júdas Galilæus, um hverja Gamaliel talar í postulanna Gjörnínga-bók. 5 kap. En hvernig sem því er varid, þá talar Drottinn hér ecki um spámennina, er vóru réttlætisins predikarar og spádu um hans tilkomu, og töludu af hans Anda, heldur annadhvert um þessa, sem nú hefi eg nefnt, edur einhverja þeirra líka, þótt sögurnar greini ecki um þá; en fyrir því ad Drottinn vissi fyrir, ad eptir sína hérvist á jördunni mundu upprísa fals-spámenn, ecki sídur enn fyrir sína tilkomu í heiminn, þeir ed koma mundu til Guds barna í sauda-klædum, en innra vóru þeir glepsandi vargar, Matth. 7, þá segir hann hér í Gudspjallinu, hvert ad sé merki hins sanna og mikla Hirdis saudanna, eptir hverjum adrir hirdarar eiga ad breyta, er hann sett hefir yfir hjardirnar, Act. 20, svo og á sína saudi, er hans raust alleina eptirfylgja. Vér viljum af Gudspjallinu þetta tvent hugleida: 1) hvernig kénnendunum eigi háttad ad vera, 2) hvernig tilheyrendurnir eigi ad skicka sér. O, þú sem ert hinn mikli Hirdir saudanna, fyrir blód þess eylífa Testamentis, Herra Jesú Christe! styrk oss hér til, med fulltíng þíns góda Anda; bænheyr oss fyrir þína forþénustu, amen!

Utleggingin.

Þar vor Endurlausnari nefnir hirdir í Gudspjallinu, þá meinar hann í fyrstu sjálfan sig, því hann er Höfdíngi hirdaranna, sem Pétur vottar, 1 Pet. 2; allir adrir hirdarar hafa sitt embætti af honum, þeir sem ad hans vilja eru settir yfir hjördina, því byrjar öllum þeim hans blessudu dæmi ad fylgja; og er þad sérdeilis þrent, sem þetta heilaga Gudspjall vísar oss til, sem er: 1) ad þeir séu inn um dyrnar gengnir, þad er réttiliga kalladir, 2) ad þeir láti saudina heyra sína raust, 3) ad þeir gángi undan þeim. Hvad hinu fyrsta vidvíkur, þá segir Páll ad sönnu, Hebr. 5: einginn taki sér þennan heidur til, heldur sá sem kalladur verdur af Gudi, svo sem Aron. Þvílík kallan brúkast ad sönnu ecki nú, og jafnvel ecki í gamla Testamentinu eptir þad Gud skipadi konúngana yfir sitt fólk; spámennina kalladi hann ad sönnu, en kénnimennirnir vóru af konúngunum settir; svo skickadi Salómon kóngur Zadoch kénnimann í stad Abiathars, 1 Reg. 2, og Jósaphat tilsetti prestana í húsi Drottins, 2 Chron. 17; olli þad því, ad á-medan Gud hafdi sjálfur stjórnina í Israel, þá skipadi hann öllum hlutum fyrir medalgaungu Móses og annara sinna þénara, sídan hefir hann fengid konúngunum þvílíkt í hendur og ödrum valdstéttum, eptir því sem hverju landi hagar; svo var og Aron bædi kalladur og vígdur fyrir medalgaungu Móses, Exód. 28. Drottinn Jesús kalladi ad sönnu sína postula sjálfur, Matth. 10, en eptir hans dýrdarfullu himnaför voru hans kyrkju-þénarar af mönnum kalladir, því Matthíam og Barnabam útvöldu postularnir, jafnvel þótt hluturinn ad Guds vilja félli yfir Matthíam, Act. 1; biskuparnir í Ephesó voru af mönnum kalladir, ecki sídur enn þeir, sem Títus Krítar biskup nidurskipadi um borgirnar, Tít. 1, og kallar St. Páll ad þeir séu af h. Anda settir yfir hjardirnar, Act. 20; svo skickudu þeir Páll og Barnabas öldúngana í Lystris og Icónió, Act. 14, og þessi skickan hélst allt þángad til Gud gaf sínum söfnudum kristin yfirvöld. Þetta segi eg til þess, ad einginn Guds þénari efist um sína kallan, þegar hann er af kristiligu yfirvaldi kalladur, sem Gud hefir þetta umbodid, nema hann hafi med svikum og prettum, gáfum og mútum stolist

inn í sauda=húsid, þá er hann eingu betri enn þjófur og spillvirki, og hefir sér eingrar Guds adstodar ad vænta í sínu kalli og embætti, hversu vel sem hann þykist ad sér vera. Svo eru þeir nú af Gudi kalladir, sem eru af konúnginum kalladir, edur þeim, sem hann hefir þad vald í hendur feingid, því hann er Guds umbods=madur á jordunni, en þeir hans, sem af honum settir eru, þó med því móti, ad þeir ecki brúki nein óleyfi= lig medol hér til; og er þad ecki lítil huggun fyrir þann, sem á dagliga mótstodu ad veita Satan og vondum monnum hans þénurum, ad hann er af Gudi kalladur í þá h. stétt, því máttugur er Gud ad vardveita sína þénara, er honum treysta, og ei brest= ur hann viljann til þess, þeir eru skrifadir í hans hondum, Esa. 49; hver vill þeim granda fram yfir þad hann leyfir? Eg vil um þá segja eins og Bíleam sagdi um Israel fordum: því skyldi eg bolva honum? hinn sterki Gud bolvar honum ecki, því skylda eg stugga vid honum? Jehóva stuggar ecki vid honum, Núm. 23. Enn hann leyfir eckert, nema þad sem er til hans mikla nafns dýrdar, og þeim fyrir bestu, er honum af trú og dygd þjóna, og er sæmd ad taka því af hans hendi, hverjum sem hon= um líkar því ad skipa; þeir mega ad vísu tilreikna sér þad, sem Páll um sig skrifar, er hann segir: eg veit hverjum eg hefi trúad, og eg em fulltrúa, ad hann er máttugur ad vardveita þad, sem eg hefi honum til=trúad, 2 Tím. 1. Nú er þá ecki nóg, br. m., ad menn séu kalladir, nema menn gjori og Guds verk med allri athygli; Júdas var kalladur, Matth. 10, og géck í fyrstu inn um dyrnar, því hann hafdi medtekid þetta embætti med þeim, sagdi Petur, Act. 1, en hans setur vard í eydi, og hans biskups= dóm medtók einn annar; og því vil eg tala um í odru lagi, hvernig oss byrji ad fóstra Guds saudi. Saudirnir heyra hans rodd, segir í Textanum; Drottinn talar hér eptir sidvenju Gydíngalands og annara landa, þar ed hirdararnir brúkudu og enn=nú brúka í dag eina hljód=pípu til ad kalla saman saudina, svo ad þótt margar hjardir séu á beit í einu haglendi, samt þeckir hver ein hjord síns hirdirs raust, og skilur sig úr odrum sauda=flock nær hún lætur. Ef roddin skal heyrast, þá skulu menn hrópa; þetta ord, rodd, þýdir optliga kénníngu í Ritníngunni; þar er rodd eins hrópanda í eydimorku, segir Esajas 40, hvad Jóhannes Baptista þýdir uppá sig og sína kénn= íngu, Jóh. 1; því skipar og Gud kénnimonnunum ad upphefja sínar raddir svo sem adrar básúnur, Esa. 58. Þad er hin andliga hirdirs pípa, hverja ad hann, sem er hinn mikli Hirdir saudanna, Hebr. 13, hefir oss sínum smala=monnum í hendur fengid, hvers eign ad saudirnir eru, en til þessa heyrir mikil kostgæfni og ástundan, br. m.! ætlid ecki ad þad muni einu gilda, hvad þér hrópid; nóg háreysti mega menn heyra á=stundum, þad þýtur um eyrun eins og annad stórvidri; en því er ecki svo háttad sem þytnum, er kom yfir postulana, Act. 2, í hverjum ad bjó h. Andi, því þad er ecki Guds ord sem sumir menn tala í helgum stad; en hann byggir altíd sínu ordi er hann í fyrstu innblés í hjortu postulanna og annara Guds manna; þad er eins og sterkvidrid sem Elías fann í hellrinum á Guds fjalli Hóreb, 1 Reg. 19, þad klauf í sundur fjollin og braut klettana, en Gud var þó ecki í vedrinu; svo eru kénníngar sumra

manna, þær skafa innan eyrun á fólkinu, en ekkert kémst í hjartad, því þar er ekkert af skynsemi, ekkert af rádi og ekkert af Guds ordi; þad er ský fyrir utan regn, svo sem Júdas postuli talar um Guds dýrkun sumra manna. Hvad mun valda þessu, br. m.? því menn hirda svo lítid um, ad safna því í kornhlödu hjarta síns, er Guds hjúum byrjar ad géfa. Drottinn kallar þann þjón sælann, Lúk. 12, er géfur þeim sinn verd í réttan tíma; hér af má sjá, hvad stór framsýni og árvekni ad heimtast af einum Guds ords þénara; sá sem á ad géfa hverjum einum í réttan tíma þad honum ber, hann má adgjætinn og ecki tómlátur vera; sé nockur sturladur, sé hann ófródur, sé hann hirdulaus, sé hann þverbrotinn, sé hann efasamur, ad öllu þessu á einn Guds þjón ad gjæta, og láta eckert verk, einga sýslan edur umsvif tímanligra hluta sig hindra frá, ad géfa sérhverjum af þessum í réttan tíma þad sem þeim ber, ef hann vill gjöra verk Drottins Guds síns trúliga; og nema vér svo gjörum, þá er ecki ad dyljast þar vid, ad vér munum ecki einasta launin missa, heldur og þar á ofan straffadir verda, svo sem hinn vondi þjón, er gróf sitt pund í jördu, Matth. 25. Verid því kostgæfnir, og ætlid ecki ad þad sé nóg ad vér höfum hrós af mönnum, því ef vér leitum eptir því, þá erum vér ecki Christí þénarar, Gal. 1; og um allt fram, þá lærum sjálfir Guds vilja ad þeckja, af hans ordi; þar í á eins Guds þénara kénníng fólgin ad vera, ad kénna mönnunum ad þeckja syndina, ad fá hana kvitta og ad fordast hana. Höldum vér ecki svo í búskap vorum, ad þótt fódrid sé gott, þá vardi mikid um, hvernig því sé hagtært? ætlum ecki ad þad muni vera ödruvís í andligum hlutum. Menn segja, ad fólkid skuli ecki syndga, en þó gjöra menn á-stundum ecki svo skilmerkiliga grein á-millum góds og ílls, svo hinn fáfródi læri ad þeckja syndina, og þad veldur því, ad margt þad, sem ljótt er verdur dygd haldid, edur ad minsta kosti einginn ókostur. Menn segja þeir skuli ecki syndga, en ei segja menn svo glögt hvernig þeir skuli varast syndina, edur leggja þeim rád af Guds ordi, hvernig þeir skuli sjá sig vid þeirri edur þeirri synd, er einhver kann ad vera hneigdur til; menn segja ad þeir skuli ecki syndga, en tala næsta dausliga þar-um, hvad hver synd eptir sig leidir; Guds reidi nefna menn ad sönnu, en ræda ecki svo skilmerkiliga um þad, fyrir hver verk hún opinberast af himnum ofan yfir mannanna börn, jafnvel þótt menn sjái þau dagliga fyrir augum sér; og nær menn þannig breyta, ætla sumir ad sé vel predikad Guds ord, og ad þeir séu gódir verka-menn í Christí akri, eins og hann hafi ecki sjálfur merki sett uppá sín ord, þar ed hann segir: ad þau séu líf og andi, Jóh. 6; en sumra manna kénníngar eru daudt hégóma-rugl, og aflar meir bana enn lífs. Þegar St. Páll er ad tala máli voru, 1 Cor. 9, ad menn skuli hafa uppheldi af þjónustunni, þá færir hann til síns máls þá lögmáls-grein, er stendur Devt. 25: þú skalt ecki múlbinda þad naut sem þreskir; en eg ætla ad ei þurfi ad múlbinda oss suma, þegar Guds eyrindi á ad tala, vær gjörum þad sjálfir á-stundum, edur og óttinn edur fé-girndin, en þegar eta skal, rífum vér múlinn af, og uppfyllum svo þad sem Drottinn segir, fyrir munn Ezechíelis, um vöku-mennina í Júda: allir eru þeir mállausir hundar og kunna ecki ad gélta, Ezech.

56; en þessir grádugu hundar verda þó aldrei saddir. Þetta vil eg hafa sagt þeim ed brúka nafn Evangelíi til ábata alleina, og það er þó allt annað enn Evangelíum er þeir tala. Ecki þannig br. m., heldur fylgid bodi Peturs er hann segir, 1 Pet. 5: fóstrid Guds hjörd sem ydur er á hendur falin, og gefid gjætur ad henni, ecki af naudúng heldur fúsliga, verandi ecki skémmiligs ávinnings gírugir, heldur med fúsum huga, og ecki svo sem drottnandi yfir sofnudunum, heldur svo sem þeir ed séu fyrirmindan hjardarinnar. Gud hefir sett oss yfir hjord sína, því eigum vér hirdarar ad vera og ecki drottnar, því einn er vor Drottinn Jesús Christus hinn mikli hirdir saudanna; það má og eingin afsökun vera þótt sumir hafi lítil laun; hvad hafdi Páll og Barnabas, og hinir postularnir? sá sem þjónar Christó fyrir lítid, hann hefir stærra lén af Gudi þegid enn hinn sem hefir yfirfljótanligt, svo eg þori ad segja, ad hann mun fegur skína í dýrd síns Herra enn hinn, þótt bádir gjöri þeir eins vel skyldu sína. Gjætum og í þridja máta þess, sem Petur minnir oss á, ad vér séum fyrirmindan hjardanna. Það er almenniliga haldid, ad af óheilum foreldrum kunni ecki heilbrigdt afkvæmi gétid ad verda; nú eru kénnimennirnir andligir fedur allra þeirra sem þeim til-trúad er, en ef þeir eru lítt vandir ad hlut sínum, og hirda ecki um hvernig þeir lifa, og eru í þann máta andliga vanheilir, hvernig, mega þeir Gudi andlig börn fæda. Sona-korn mín, segir Páll vid þá í Galatía, med hverja eg aptur ad nýu þúngbúinn er, þar til Kristur mindadist í ydur, Gal. 4; en hvernig gétur Kristur vordid í þeim mindadur, hverra módir, það er kénnimannsins sál, afneitar öllu kristiligu athæfi, en hlýdir Djöflinum í ógudligu framferdi, og þótt ad Gud kunni ad framkvæma sitt verk í sumra tilheyrenda hjörtum fyrir nád síns Anda, sem ad verkar í ordinu, þá er það ecki hinum rángsnúna kénni-födur ad þacka; ad sönnu hefir hann med sinni þjónustu verid medal til, ad hún er í skírninni endurfædd; verda má og ad hann tali það eitthvad af predikunarstólnum, er heyrir til sálnhjálpar og lifnadarins betrunar, en hvad gagnar það? þegar hann hvad mest áminnir og eggjar á hinar andligu dygdir, kjærleikann, miskunsemina, hógværdina, og í einu ordi ad segja, á deydíngu síns holds og blóds, þá sýnir hann þó í verkunum, ad þeim hlutum sé ómöguligt af stad ad koma, er hann býdur af predikunarstólnum, leggjandi svo það ok á herdar lærisveinanna, er hann ecki snertir med hinum minsta fíngri, Matth. 23. O, vei! ó, vei! hvílík gudlöstun er það, nær embætti forlíkunarinnar er þannig brúkad Andskotanum til þjónustu? þetta er hin mesta landráda-sök í-gégn Gudi, því það er ecki einasta hans þegna undan honum ad ráda, heldur brúka þá á-móti honum, en géfa sig í lid med Satan, hver ad er svarinn óvinur hins alvalda Kongúngs. O, hversu skélfilig mun þeirra pína verda um alla eylífd, er þannig vanbrúkad hafa myndugleika síns embættis! svo eg er viss um, ad hver sem kynni ad leggja eyrad vid helvítis munna, og mætti heyra óp og tanna-gnístran hinna fordæmdu, þá mundu þó kénnimannanna hljód yfirtaka, eg meina þeirra sem hafa leidt hans hjörd, sem med Guds eigin blódi er endurkeypt, Act. 20, á veg glötunarinnar, bannandi svo mönnum inn í himnaríki, og sjálfir koma þeir þar ecki inn, Matth. 23. Fyrir því Drottins

kénnimenn, verum ecki eins og vordur þær ed standa á heidum uppi, og vísa ad sonnu veginn, en ecki fara þær úr stad svo þær leidi hinn vegfarandi til híbýla; ecki eins og klucka, sú er hángir fyrir kyrkju=dyrum, hún kallar fólkid til samans til Guds orda heyrnar, en sjálf heyrir hún eckert; treysti og einginn þar uppá, ad hans embætti sé heidarligt, edur ad hann hafi Guds umbod á hendi, nema hann gángi verdugliga þeirri kallan, hvar inni hann er kalladur, Eph. 4. Málmurinn í einni brostinni klucku kann gódur ad vera, en samt er hún ecki mjøg hæf til þjónustugjørdarinnar; svo er og embættid jafnan heidarligt, en þad lídur vanvirdu á=stundum fyrir óskickun og illa breytni þess, sem þad starf er á hendur falid. Edur segid mér! hvad kunna tilheyrendurnir ad þeinkja annad um hann, sem ei gjørir nema bendir med fíngrinum til Guds vegar, en sjálfur geingur hann ecki, heldur enn þad, ad annadhvert meini þessi madur eckert af því hann talar, edur og ad sá Gud, er hann kénnir, muni ei vera svo mjøg vandur ad lífernis háttum syndugra manna sem hann segir? Láti menn sér því ecki nægja þar med, ad þeirra kénníngu er hrósad, já, ecki þótt hún sé mikillar hrósunar verd í sjálfri sér, nema menn framkvæmi þad í verkunum er menn tala med munninum. Eg vil hér um vidlíkt segja, og Endurlausnarinn fordum vid lærisveinana, Lúk. 10: fagnid ecki af því ad andarnir eru ydur undirgéfnir, heldur af því, ad ydar nøfn eru skrifud á himnum. Svo vil eg segja: gledjist ecki svo þar af, ad þér hafid af Gudi þegid gódar gáfur til ad kénna, heldur meir af því, ef ydar søfnudur leidréttist, geingur á Guds vegi, elskar Gud og hans ord, ef hans ríki uppbyggist á=medal ydar, en Audskotans verdur nidurdrepid. Gledjist af þessu br. m. og leggid allt kapp þar á, hvad ydur audveldliga takast mun, ef þér fylgid bodi St. Páls, er hann skrifar til Tímotheum: vert fyrirmindan hinna trúudu í ordinu, í umgeugninni, í kjærleikanum, í andanum, í hreinlífinu, 1 Tím. 4; og hefi eg nú nockud talad um skyldu kénnimannanna, eptirfylgir med fám ordum ad segja um tilheyrendanna skyldu, hún er tvøfold, ein vid Gud, og ønnur vid hans þénara, hin sídari hángir af hinni fyrri; og því vil eg fyrst þar um tala.

Hér stendur í Gudspjallinu: saudirnir fylgja hønum eptir, því þeir þeckja hans raust. Eg hefi nockrum sinnum þar um talad í bók þessari, mínir elskanligir, hvad oss eigi ad knýa til þess ad heyra raust Drottins, sem er hans ord, því vil eg þess færra þar um tala í þessum stad, jafnvel þótt aldrei sé gód vísa of opt kvedin. Hér stendur ad saudirnir fylgi hirdirnum eptir, af því ad þeir heyra hans raust; hvad er þad, hønum eptir ad fylgja? Hirdirinn er Kristur, þad er ad fylgja hønum eptir, ad lifa kristiliga. Hvad er ad lifa kristiliga? þad er ad halda Guds bodord, ef ecki fullkomliga, sem ómøguligt er, þá þó ad því leiti sem oss er møguligt; hans matur og dryckur var ad gjøra hans vilja sem hann sendi; svo á oss eckert svo kjært ad vera sem ad gjøra hans vilja, Jóh. 4: elska skalt þú Drottinn Gud þinn, þad er hid ædsta og mesta bodord, Matth. 22; en hvad segir Kristur? Jóh. 14: ef þér elskid mig þá vardveitid mín bodord; hann vegsamadi Guds h. nafn fyrir mønnunum; ef vér viljum hønum eptir fylgja, þá látum oss þad fjarlægt vera ad misbrúka hans nafn

til ad leggja þad vid hégóma, en þó miklu sídur ad ljúga vid þad, sverja edur fjølkýngi fremja; í einu ordi ad segja, Kristur sem ecki var lögmálinu undirgéfinn, hann uppfylti allt lögmálid; svo eigum vér af fremsta megni ad æfa oss í hlýdni allra Guds bodorda, og ecki skamta oss sjálfir hvad mikid edur lítid vér viljum halda þar af; ecki ad elska alleinasta fødur og módur, en hata alla adra, ecki ad vera einasta meinlaus í umgengni, og gódvikinn vid náúngann, en kreinkja hans húsfrú edur frændkonur; ecki alleina ad vakta sín augu fyrir lauslæti, en stela þó náúngans gózi og svíkja hann í kaupum og sølum. Ecki er þad nóg ad láta hans fémuni kyrra, en baktala hann þó og ófrægja, já, ljúga uppá hann lýtum og skømmum, bera falsvitni á-móti honum, edur neita honum sannleikans vitnis, sem er allt hid sama. Ecki dugir þetta br. m., ecki er þad Christó eptir ad fylgja, því sá sem er sekur í einu af bodordunum, hann er brotligur í øllum, Jak. 2; þar-fyrir, er ad því vísu ad gánga, ad sá sem lætur eptir sér nockud af þessu, og drýgir þad vísvitandi á-móti samvitskunni, hann er ecki af Christí sauda-húsi. Hvad er hann þá? hann er brád úlfssins, sem er Andskotinn, og mun honum ad eylífu hérfángi verda, nema hann snúi aptur, en hvernig vill hann fá þad gjørt, nema hann heyri raust hins góda Hirdirs, nær hann kallar: þvoid ydur, hreinsid ydur, takid ydar illsku breytni frá mínu augliti, látid af illu og lærid gott ad gjøra, Esa. 1. Þessi er hans raust, og ef þér af hjarta ydrist ydar vondra verka, og látid ydur ángra ad þér hafid Gud styggdan, þá lætur hún enn þá hærra, er hann segir: komid til mín allir þér sem erfidid og þúnga erud þjádir, eg vil endurnæra ydur; takid á ydur mitt ok og lærid af mér, þvíad eg em hógvær og af hjarta lítilátur, og munud þér finna hvíld sálum ydrum, Matth. 11; þessi er raust hins góda Hirdirs í allri ritníngunni, í øllu Guds ordi, og þannig á eins hrópanda, eins predikara raust ad vera í eydimørku veraldar þessarar. Þér vitid, br. m. ad vér dagliga syndgumst; lastanna greinir spretta idugliga út úr þeirri mold, sem vér erum gjørdir af, sídan Fjandmadurinn sádi þar illskunnar sædi, þær verdur af ad høggva, svo ódt sem þær vaxa; med hverju þá? med Guds ordi sem er eitt tvíeggjad sverd og framgéck af hans múnni, er Jóhannes sá gánga á-milli ljósastjakanna, Apoc. 1. Guds ord er einn eldur, sá ed brennir upp øll saurindi girnda og lasta, sem oss eru medfædd, þad er einn hamar, er sundurmer hjørtu vor, svo þau verdi bústadur Guds, og sundurknosar vorn anda, svo hann verdi þad offrid sem Drottni líkar, Ps. 51; hér um talar hann svo hjá Jeremíam, 23: er ecki mitt ord svo sem eldur, segir Drottinn, og svo sem einn hamar sá ed klettinn í-sundurmolar? Guds ord er einn eldur sem sagt er. Aron sagdi fordum sér til afbøtunar: minn herra, eg kastadi gullinu í eldinn, og vard þar af þessi Kálfur, Exód. 32. Rétt-trúads manns hjarta er hverju gulli dýrmætara, køstum því í þennan eld, þar af mun sjálfkrafa vaxa einn kálfur, ecki svívirdíng Egyptalands, svo sem Arons kálfur, heldur ein lifandi fórn og Gudi þacknæmilig, sem eru kálfar vara vorra, Os. 14; þessi er sú skyldan, er vér eigum Gudi ad gjalda, og gjøldum vér, ef satt skal segja, br. m. ecki í hans, heldur í vorar þarfir. Jardneskir hirdarar fæda saudina fyrir ullina og mjólkina,

en Drottinn fædir sína saudi fyrir alls eckert; einkis krefur hann af þeim, nema ad þeir skuli óttast sig og elska, og ætti þad ecki ad vanta, kristnir menn, því ef vér elskum vora lánar-drottna fyrir þad þeir géfa oss föt og fædi, og vinnum þeim altíd þó nockud til þarfa. O, því skyldum vér þá ecki elska hinn góda allsherjar Drottinn, er ecki einasta fædir og fóstrar líkhama vora, heldur og elur sálir vorar á þessu himnesku manna, já, á síns eingétins Sonar holdi og blódi, sem er lífsins braud af himnum ofan komid, Jóh. 6. Verum því ecki svo illgjarnir á-móti sjálfum oss, ad vér daufheyrumst vid þessa góda Hirdirs raust, hver ed fóstrar oss í lystiligum grashaga, og leidir oss ad ferskum vötnum, Ps. 23. Öll syndugs manns ólucka kémur þar af, ad hann ljær ecki Guds raustu eyru; hvernig mega þeir trúa, nema þeim sé predikad? segir Páll, Róm. 10; en eg má spyrja, til hvers skulu þeir predika, nær einginn vill heyra? og hvernig á Guds ord ad verka í hjartanu, nær þad kémst ecki í gégnum eyrun, sem eru dyr hjartans. Lamparnir vóru fyrst kveiktir í gamla Testamentinu ádur enn reykelsid var tendrad, Exód. 27, og svo verdur skilníngurinn fyrst ad upplýsast, ad manneskjan þecki Gud og sjálfan sig ádur enn girndin kviknar, og audmýktin lifnar til ad afneyta sjálfum sér, en elska Gud; en hvar er slíka Guds gjöf ad fá, nema í hans h. ordi, þau eru lampar þeir, Ps. 119, sem reykelsi vorrar ydranar, vorrar trúar, vorrar bænar, reykelsi elskunnar til Guds og náúngans skal tendrast med, svo þeirra ilmur stígi upp fyrir Guds hásæti og samtengist þar Drottins forþénustu oss til forlíkunar; og er nú svo út-talad um skyldu vora á-móti Gudi vorum í þessu. En hvad vora skyldu áhrærir vid kénnendurnar, sem oss eru í Guds stad settir, þá er hún næsta mikil. Eg mun þykja bermæltur verid hafa um þeirra skyldu í hinum fyrra parti rædu minnar, og vil eg því vikid hafa til þeirra, sem ecki taka vara á sínu embætti, og lítid hirda um hvernig þeir kénna edur lifa; en Gudi eru þackir ad kunna, ad hann hefir géfid oss marga síns ords kénnendur, þá ed bædi predika þad hreint og klárt, og svo prýda kénnínguna med lastvöru framferdi; þessir hafa stóran mindugleika af Gudi, börn mín! hjá þeim á þad heima, sem Drottinn segir, Lúk. 10: hver hann forsmáir ydur, hann forsmáir mig! Ecki er oss ad þeim ad leita, sem ecki finnist mannligur breiskleiki hjá. Gud hefir næsta vægdarsamliga höndlad vid oss í því, svo sem öllu ödru, ad hann hefir ecki sendt oss eingla af himnum til ad kénna oss, því vér mundum ecki standast þeirra nálægd, heldur syndugа menn eins og vér erum, og hefir prýdt þá med einglanna nafni, Malach. 2, til ad láta oss vita, ad þeir séu hans sendibodar til vor, hverja hann vill láta medtaka í sínu nafni. Hverki Petur né Páll edur nockur annar af postulunum vóru án mannligs veikleika. O, hvad munum vér þá vera, sem eingan-vegin erum þeirrar líkar? Kénnimennirnir í gamla Testamentinu áttu ad forlíka fyrir sínar eigin, ádur enn þeir offrudu fyrir fólksins syndir, Hebr. 7; en ei ad sídur vildi Drottinn ad fólkid skyldi þeim hlýdid og undirgéfid vera, svo ad hann segir: hver sem ecki vill kénnimanninum hlýda, hann skal deya, Devt. 16. Nú þótt ad þetta lögmál sé af-tekid, ad svo miklu leiti sem líkhamans straffi vidvíkur, þá er þad samt og ádur víst,

ad hver sem ecki hlýdir einum Drottins kénnimanni, í øllu því sem hann honum í Guds nafni réttiliga býdur, hann deyr andligum dauda, hann er ecki kristiligrar kyrkju lifandi limur, hann er daudur í synd þeirri, er hann vill ecki ráda bót á, og nema hann hlýdnist Drottins þénara og ydrist af hjarta, ádur enn hann deyr, mun hann eylífum dauda deya. Þér vitid hvad Drottinn sagdi fordum daga um Pharísæos og Skriftlærda, Matth. 23: ad menn skyldu gjøra eptir því sem þeir segdu, en ecki eptir því sem þeir gjørdu, af því þeir sæti á Móses stóli; hversu miklu framar byrjar oss þá ad hlýda rádvøndum kénnimønnum, er undan oss gánga í ótta Drottins, og eru óstraffanligir, sem Páll ad ordi kémst, 1 Tím. 3, þad er, hverja menn ei kunna ad straffa fyrir nockurn glæp edur hneixlissama umgeingni, þótt ei séu þeir fyrir Gudi syndlausir; svo eigum vér nú vorum kénni-fedrum ad hlýda, í því þeir oss bjóda Guds og síns embættis vegna, eins og sjálfum Gudi, því þeir eru verkamenn Christí, og rádsmenn hans leyndardóma, sem Páll vottar, 1 Cor. 4; þarfyrir segir og sjálfur Kristur, Lúc. 10: hver ydur heyrir hann heyrir mér. Í ødru lagi eigum vér ad heidra og ad elska vora kénni-fedur; þad býdur Páll oss, 1 Tím. 5, segjandi: þeir øldúngar, sem vel forstanda, haldist tvøfaldligs (þad er mikils) heidurs verdugir, allra helst þeir, sem erfida í ordinu og lærdóminum, svo sem eru trúlyndir kénni-fedur medal vor, br. m.; og því skyldum vér ecki heydra Guds sendiboda, ef vér hann heydrum? Hvílíkt er þá ræmuleysi sumra manna, er þeir hatast vid sína kénni-fédur, af því þeir straffa hjá þeim syndir og lesti, og vilja hafa sálum þeirra hólpid úr glotuninni? þar finnast ógudligir skálkar, er ecki svífast ad leggja hendur á sinn sáluforgara, þeir ed skémma hann út í ordum sínum leynt og ljóst. Hvad er ad gjalda illu gott ef þvílíkt er ecki? hvad er ad gjøra uppreist á-móti Gudi, ef ecki er þetta? og eru þeir eingu betri, sem maktina hafa og svoddan glæpi ecki einasta óhegnda láta, heldur og taka slíka óhæfu í forsvar, sem dæmi munu til géfast. Vel er þad satt, ad Guds þénari á alla hluti ad lída fyrir hans sakir, en þó má hann beidast réttar síns nær svo vid ber, því ecki einasta hann, heldur og hans Herra er í slíku vanvirdtur. Ó, hvílíkt nidurdrep er þad Christí ríki, þegar svoddan gudleysi er ecki straffad af þeim, sem þar til vald hafa af Gudi og konúnginum. Egyptskir strøffudu þann á lífinu, sem ecki hjálpadi einum ferdamanni úr ræníngjans høndum ef hann kynni; gjæti þeir ad því, sem makt hafa til ad straffa þá, sem Guds þénurum ofbjóda med ordi edur verki, hvílík Guds reidi yfir þeim hángir, í hverju fári þeirra líf og sál vera muni, þegar hans hefnd vaknar einhvern tíma, nær þeir ecki hjálpa þeim í réttri søk, sem af Gudi eru settir til ad hjálpa sálum óhlutvandra manna úr kverkum Satans, sem er ræníngi sálnanna. Svo eru þeir og nockrir, sem Andskotinn hefir svo blindad med fólskunni, ad nær einn Christí þénari segir þeim til syndanna, vilja þeir ecki þiggja Guds líkhama af hans hendi, þeir gjøra sér þúsund mein fyrr enn þad skuli á þá gánga, og sæta gjarna þeim tíma, nær einhver annar flytur Guds þjónustu í kyrkjunni. Þessa eru mørg dæmi, því verr, og þetta gjøra

sumir af þeim, ed segjast vera nockud, þótt ei kunni þeir prestinn um nockra sok ad klaga, og nefna þetta samvitsku-veiki sína, hvar í þeir fara ei mjøg villt, því Djøfullinn plágar sálir þeirra med heiptinni, sem þeir leggja á þann, er þeir ættu nærst Gudi og konúnginum ad elska. Segid mér, mun ecki Satan hlæa ad slíkum dára-skap? og mun ecki Drottins líkhami fordæma þá merkiliga, nær þeir stelast til ad medtaka hann med svoddan hjartalagi móti sínum kénni-fødur? mun ecki hans dýra blód, med hverju syndarinn er endurkeyptur, hrópa bølvan í himininn yfir þeim? Þad auga, sem spottar sinn fødur, edur forsmáir hlýdni módur sinnar, þad munu hrafnarnir útkroppa, segir Salómon; en segid mér, eru ecki réttsinnadir kénnendur fedur vorir? Próv. 30; segir ecki Páll, 1 Cor. 4: eg hefi gétid ydur í Jesú Christó fyrir Evangelíum. Þeir eru og rétt-kalladir þessu nafni, sem góda forstødu veita, því svo sem vorir líkhamligir foreldrar eru medal til ad framkvæma náttúrunnar verk, svo eru og hinir andligu, sem eru réttsinnadir ordsins þénarar, medal til þess ad framkvæma Guds verk í oss, sem er øllu ædra, því á þá eingu sídur ad elska og virda; en þad kalla eg ad hinn grádugi hrafn, Djøfullinn, hafi alla-reidu þeirra sálar-augu útkroppad, sem hata svo nockurn Guds ords þénara, sem er hans fadir, ad hann vill ecki þiggja af hønum þá Guds þjónustu, er hann á øllum Christí limum ad veita, og gjørir sig þannig Guds ríkis óverdugan. Heyrid því St. Páls ord, af pistlinum til Hebr. kap. 13: hlýdid ydar leidtogurum og heyrid þeim, þeir ed vaka yfir ydar sálum, svo sem þeir ed þar-fyrir eiga reikníngskap ad gjøra, svo þeir gjøri þad med føgnudi og ecki med andvarpan, því þad er ydur óþarfligt. Þad er hinn ædsti føgnudur Guds ords þénara, sem vilja trúir finnast, ad þeir fái nockud áorkad med sínu ervidi, og því kallar Páll þá í Philippis sinn føgnud og sína kórónu, Phil. 4, því segist hann ecki þurfa hóls-bréfanna vid, er hann skrifar Korinthíís til, þvíad þeir séu sitt bréf skrifad í hjarta sínu, sem skilid og lesid verdi af øllum mønnum, 2 Cor. 3. Aptur er þad hin mesta sorg, nær þeir fá eingu til leidar komid vid suma menn, nær þeir sjá fyrir fram, ad þeirra saudir vegna þvermódsku sinnar deya út af frá því heilnæma fódri Guds orda, ecki tímanligum, heldur eylífum dauda. Augústus keisari sagdi um børn sín, er skickudu sér illa, og midur enn hans tign sómdi, ad þau væri sínar þrjár ákomur; svo mega trúir Guds þénarar segja um þad illgresid, er Djøfullinn sáir nidur í Guds akri, sem þeir eru yfirsettir; þad eru þeirra ákomur, þeirra meinsemdir, þad eru illsku-kýli og graftrar-mein, sem eta í kríngum sig med vondum dæmum, og eitt súr-deig, sem spillir øllu deiginu ef til vill, nema þau læknud séu. Í þridja máta eigum vér sálusorgurum vorum ærligt uppheldi ad veita; þad baud sjálfur Drottinn hjá Matth. kap. 10, er hann sendi þá út ad predika: verdur er verka-madurinn sinna launa, sagdi hann; þad hefir hann ítrekad fyrir munni St. Páls, hver þó ervidadi sjálfur med sínum eigin høndum, svo hann ecki legdi þýngsli á søfnudinn í Korinthó; hann segir í hinu fyrra sendi-bréfi til þeirra, kap. 9: hver fer nockurn tíma í hernad uppá sinn eiginn kostnad? hver plantar víngard og etur ecki af hans ávexti? hver fædir hjørdina og etur ecki af mjólk hjardarinnar? Þér

segid vel br. m., vér gjørum svo, vér gjøldum kénnifedrunum þad løgin oss tilsegja; þad er satt, mørgum fer vel í því, þeir eru og sumir er meira gjøra enn løg-skyldan býdur, og hafa þeir hjá Gudi launa ad vænta, sem ecki vill láta einn vatns-dryck ólaunadan vera sem géfinn er í lærisveins nafni, Matth. 10, þad er, jafnvel hid minsta, sem hans þénurum er til góda gjørt, um hverja hann sér-í-lagi talar í þess-um stad, þótt þad og megi til fátækra heimfærast; en svo munu aptur á-mót finnast þeir, sem ecki eru svo mjøg adgjætnir í slíku, þeir ed greida þad þeim greida byrjar med illu, med eptirtølum, med rángsleitni, í því er sízt hagar, og á hinum óhentugasta tíma, og þykir þad nærri því verst allra skulda lokid, sem goldid er Drottins þén-urum, og kalla ad prestur hafi ecki mikid fyrir sínu braudi. Ecki gét eg sagt ad þvílíkar manneskjur elski mjøg sálir sínar, því annars mundu þeir hirda meir um sinn sálusorgara; lítid vita þeir af hvad kénnimanligu embætti fylgir, hver mæda, hver umhyggja, hver ástundan, ef þad af alvøru nockurri gjørt er. Segid mér, mun þad lítil mæda ad þeir vaka yfir ydar sálum med bæninni til Guds, med kostgæfni í hans heiløgu ordi sem ydur skal prédikast? munu þeir hrista þad fódur út af erminni, er sérhverjum ydar géfa skal í réttan tíma? mun ei þurfa ómak og ad-gætni til ad þeckja svo hvern einn af þeim, sem Guds þénara er tiltrúad, ad hann gjæti bodid þad hverjum einum sem honum er haganligast? leggja ydar kénnifedur ecki optliga sitt líf í hættu fyrir ydar velferdar skuld? mega þeir ecki taka á sig þá þyckju og óvild vondra manna, nær þeir segja þeim til syndanna? byrjar þeim ecki ad þvínga sinn eiginn líkhama ad ecki prédiki þeir øðrum, og verdi sjálfir rækir? 1 Cor. 9; og hvad allra þýngst er, ad þeir skulu gjøra hinum alvalda Dómara himins og jardar reikníngsskap fyrir sálir ydar á degi alls holds, og svara til ef nockur tapast, hvert þad er af hans sjálfs vǫ́tum edur kénnimannsins vanrækt. Viljid þér segja mér þá, ad einn prestur vinni ecki fyrir sínu braudi? edur honum sé ofgéfid þad hann nýtur? Þér segist gjalda þad þér erud skyldugir; svo er þad fyrir mønnum, einginn kann meira út ad heimta. Eg segi ecki heldur ad þér skulud géfa þeim fram yfir skyld-urnar, sem nóg uppheldi hafa, og sjálfir ættu heldur ad leggja af vid adra enn taka frá þeim; en hina er vinna þurfa baki brotnu, þeir og þeirra børn og kvinnur fyrir lífs-næríngu sinni, søkum lítils uppheldis, sem vída er, þá ættu menn ad þeckja framar ødrum, svo sem Páll býdur, 1 Tess. 5, segjandi: eg bid ad þér þeckid þá, sem erfida á-medal ydar, og ydur forstødu veita, og kénna ydur, og ad þér hafid þá yfir máta kjæra fyrir þeirra verks skuld. Ad þeckja, merkir hér ad elska, svo sem Postul-inn leggur þad sjálfur út, ecki einasta med ordi og túngu, heldur med verki og sann-leika, 1 Jóh. 3; eg þecki mína saudi, og eg þeckist af mínum, segir Jesús, Jóh. 10. Svo sem Gud þeckir oss, þad er elskar, svo eigum vér ad þeckja vora kénni-fedur; en hvernig þeckir Gud oss? þannig ad hann géfur oss alla hluta ánægjanliga til not-kunar, 1 Tím. 6; svo eigum vér ad meddeila þeim øllum gjædum, sem oss uppfræda í ordinu, Gal. 6. Hvad medtøkum vér af Guds hendi fyrir þeirra medalgaungu? and-ligt fódur sálna vorra. Heyrid þá hvad Páll segir hér-um, 1 Cor. 9: ef vér høfum

sád ydur hid andliga, er þad þá mikid, ad vér uppskérum ydvart hid líkhamliga? Þú géldur allar skyldur prestinum, þad er gott, hann kann ei meira ad heimta; en ef þú sér þinn sálusorgara naud líða, húngra, þyrsta edur klædlítinn vera, og þú hjálpar honum ecki, ef þú hefir rád þar til, þá hefir þú eingan-veginn lokid þína skyldu Gudi, sem er bædi þinn og hans Drottinn; því ef Postulinn segir, ad Guds kjærleiki sé ecki í þeim, ed svo breytir, vid einhvern annann sem naudstaddur er, 1 Jóh. 3, hvernig má hann vera í þeim, er svo gjørir, vid sinn kénni-fødur, sem honum er framar ødrum vanda-bundinn? Hugsa því ecki med þér, ef þú átt fátækan sálusorgara, þann er rækir sitt embætti: hvad er mér vandara enn þeim, sem lifa í ødrum søfnudum? þegar eg géld og géf eins og þeir, þá hefi eg aflokid skyldu minni, því Gud hefir gjørt betur til þín en hans, sem eckert þarf af ad leggja vid sinn kénni-fødur, þar hann hefir géfid þér orsøk til ad leggja skuld inn hjá sjálfum sér, ecki þess vegna, ad hann kunni nockrum skyldugur ad verda, heldur sakir sinna fyrirheita. Eg Páll hefi skrifad med minni eigin hendi, eg skal betala, sagdi hann fordum í sendi-bréfinu til Phílemónem; en eg er Gud alleina ríkur, eg hefi talad fyrir munn míns eingétins Sonar, ad einn vatns-dryckur í lærisveins nafni skuli ei ólaunadur vera, segir Drottinn, Matth. 10. Sá sem vill sjálfum sér vel, hann gjøri vel vid sinn kénni-fødur; sá sem sjálfan sig elskar, hann elskar sálu sína; hver ed sína sálu elskar, hann elskar Gud, sem hana skapad og frelsad hefir; sá ed Gud elskar, hann elskar hans þénara; sá ed hans þénara elskar, hann sér ógjarna ad þeir naud lídi, ef hann fær vid því gjørt; þar-fyrir, sá sem vill sjálfum sér vel, hann vilji undir eins sínum sálusorgara, sem honum er í Guds stad settur. En Gud allsherjar, sá ad er Fadir vor allra, hann stjórni oss svo hér í nádinni, bædi yfirbodnum og undirgéfnum, ad vér þeckjum svo hver annann, ad vér um sídir af hinum ædsta Biskupi og Hirdir sálna vorra mættum þecktir verda og innleiddir á land lifandi manna, svo þar verdi eitt sauda-hús og einn hirdir. Þad bænheyri hinn nádugi Gud, fyrir Jesúm Christum, amen!